Hæstaréttardómar 1983 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar galli á bls. 2206 á prenteintaki.
Á milli bls. 2080 og 2081 er einnar bls. uppdráttur ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1983

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.

Ábúðarlög 1802
Aðför 2252
Áfengislög 1096, 1698
Áfrýjun 1531
Afsláttur 2148
Ákæra 1644, 1948, 2166
Arkitektastörf, þóknun 2237
Atvinnuréttindi, vörubifreiðarstjórar 1327, 1342
Ávana- og fíkniefni 1048, 1168, 1257, 1736, 1818, 1847, 1997, 2026, 2035
Barnalög 1280
Barnsfaðernismál 1204
Bifreiðar:
a) einkamál .. 1036, 1310, 1423, 1730, 1779, 1811, 1905, 2099, 2247
b) opinber mál 1044, 1092, 1212, 1245, 1847, 1958, 1988, 2166, 2205
Bílaleiga 2099
Blóðrannsókn:
a) bifreiðastjórn 1044, 1092, 1212, 1245, 1847, 1958, 1988, 2166, 2205
b) barnsfaðerni 1204
Bráðabirgðaökuleyfissvipting felld niður 1467
Búskipti, skilnaður 1967, 2134
Dómarar 1677
Dómssátt úr gildi felld 1576
Eignarnámsbætur 1538
Eignarupptaka 1021, 1048, 1168, 1257, 1736, 1997, 2026, 2035
Endurgreiðsla, meðlag 1280
Erfðafjárskattur 2225
Erfðamál 2219
Fasteign, fasteignaviðskipti 1110, 1508, 1867, 1938, 2148, 2174
Firma 1458
Fiskveiðabrot, ákæra 1943
Fjárdráttur 1679
Fjarskipti 1021, 1063
Fjársvik 1096, 1350
Flugfarmbréf 1787
Forgangsröð kröfu 1751
Frávísun:
a) frá héraðsdómi: 1055, 1096, 1220, 2130, 2200

Bls.
b) frá Hæstarétti 1204, 1288, 1293, 1591, 1605, 1913, 1948
c) frávísunardómur úr gildi felldur 1644, 1935
Frestur 1307, 1308, 1309
Fyllingareiður 1204
Fyrning 1469
Fyrning sakar 1350
Fæðingarorlof 2059
Gagnaöflun 2246
Gáleysi 1811
Gallar 1110, 1469, 1508, 2174, 2211
Gerðardómsstörf, þóknun 1196
Gjaldþrotaskipti 1288, 1293, 1751
Gæsluvarðhald 1031, 1034, 1232, 1464, 1572, 1578, 1785, 1807, 1915, 2202, 2260, 2264
Hald á munum 1568
Hefð 2076
Heimvísun 1390, 1766, 1935
Hjón 1967, 2134
Hjúskapur, krafa um ógildingu 2130
Húftrygging 2099
Hundahald, bann við 1318, 1322
Hylming 1847
Höfundalög 1974
Hönnun 2174
Innsetningargerð 1071
Ítrekun 1092, 1958, 1988
Kaupmáli 2134
Krafa, forgangsröð 1751
Kröfugerð 1055, 1063
Kvikmynd, leikstjórn 1974
Kvörtun 1469
Kærumál:
1) Ákæra 1644
2) Bráðabirgðaökuleyfissvipting felld niður 1467
3) Dómarar 1677
4) Dómssátt úr gildi felld 1576
5) Erfðafjárskattur 2225
6) Erfðamál 2219
7) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 1220, 2130, 2200
b) frá Hæstarétti 1605, 1913
c) frávísunardómur úr gildi felldur 1644, 1935
8) Gæsluvarðhald 1031, 1034, 1232, 1464, 1572, 1578, 1785, 1807, 1915, 2202, 2260, 2264
9) Hald á munum 1568
10) Heimvísun 1935

Bls.
11) Hjúskapur, krafa um ógildingu 2130
12) Lausafjármunir, mat 2225
13) Leiðrétting 1913
14) Mat á lausafjármunum 2225
15) Munir, hald á 1568
16) Ómerking 1573
17) Réttarfar 1573
18) Ríkisábyrgð 1226
19) Sératkvæði 1568, 2225
20) Skipti 1226, 2219, 2225
21) Uppboðsafsal, útgáfa 1605
Lausafjárkaup 1469, 1599, 1683, 2194, 2211
Lausafjármunir, mat á 2225
Leiðrétting 1913
Leikstjórn 1974
Líkamsárás 1608
Líkamsmeiðingar 1399
Lóðarleiga 1179, 1664
Lögbann, lögbannsgerð 1327, 1342
Löghald, löghaldsgerð 1297, 1399, 2231
Lögmannsþóknun 1754
Lögræði 1584
Lögtak 977, 1002, 1775, 2183, 2187, 2191
Málskostnaður 2231
Manndráp ..... 1234, 1608 (tilraun, sýkna), 1811 (gáleysi)
Mat á lausafjármunum 2225
Matsgerð 2148
Meðlag, endurgreiðsla 1280
Munir, hald á 1568
Nauðgun, tilraun 1608
Nytjastuldur 1044
Ómaksbætur 1276
Ómerking 1055, 1063, 1390, 1573, 1766
Opinberir starfsmenn 1021, 1074, 1297
Opinbert starf, brot í 1021, 1074
Orlofssjóðsiðgjald 1775
Réttarfar 1071, 1573, 1943
Reynslulausn 1581, 1958
Riftun 1683
Ríkisábyrgð 2226
Sakarkostnaður 1096
Samningar 2194
Sératkvæði 1021, 1036, 1055, 1096, 1196, 1288, 1293, 1318, 1322, 1327, 1342, 1350, 1390, 1399, 1423, 1447, 1458, 1469, 1499, 1568, 1584, 1664, 1707, 1730, 1826, 1894, 1938, 1958, 1967, 1997, 2076, 2111, 2148, 2225, 2237, 2252

Bls.
Sjálfræði 1584
Sjómannalög 1129, 1142, 1156, 1707, 2111
Skaðabótamál 1036, 1110, 1129, 1142, 1156, 1297, 1399, 1423, 1508, 1718, 1730, 1779, 1802, 1826, 1867, 1905, 2174, 2211, 2247
Skattamál 977, 1002
Skilorð 1958, 2088, 2093
Skilorðsrof 1581
Skip 1374
Skipti 1226, 1967, 2134, 2219, 2225
Skjalafals 1350, 1954, 2088, 2093
Skuldamál 1277, 1447, 1591, 1918, 2099
Stjórnsýsla 1280, 1655
Söluskattur 1002
Tékkar, tékkamál 1350, 1963
Tilraun 1608
Tollagabrot 1021
Tómlæti 1655
Umboð 1867
Umboðssvik 2088
Umferðarlög 1036, 1044, 1092, 1212, 1245, 1310, 1423, 1730, 1811, 1847, 1905, 1958, 1988, 2166, 2205
Umsýsla 1740
Uppboð, uppboðsgerð 1499, 1559
Uppboðsafsal, útgáfa 1605
Uppboðsandvirði, úthlutun 1374
Útburðargerð 2252
Úthlutun uppboðsandvirðis 1374
Útivistardómar 1276, 1277, 1652, 1653, 1654, 1655
Veðréttur, gildi 1559
Veðskuld, vísitölutryggð 1938
Vegalög 1538
Vegaskattur 2183, 2187, 2191
Verðlagsbrot 1714
Verksamningar 1277, 2111
Vextir 1447, 1599, 1826, 1963, 2231
Vinnusamningar 1129, 1142, 1156, 1707, 2059
Vinnuslys 1718, 1826
Vísitölutryggð veðskuldabréf 1938
Vörubifreiðarstjórar, atvinnuréttindi 1327, 1342
Vörumerki 1458, 1894
Þinglýsing 1374
Þjófnaður 1021, 1044, 1234, 1581, 1608, 1847

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIV. árgangur. 2. hefti. 1983

Miðvikudaginn 4. maí 1983.

Nr. 145/1980. **Magnús Þorleifsson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
innheimtumanni ríkisins
í Garðakaupstað
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. ágúst s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang lögtaksins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í rökstuðningi héraðsdómara segir m. a. svo: „Rökstuðningur í kærum gerðarþola þykir eigi hafa uppfyllt skilyrði 37. gr. laga nr. 68/1971 þess efnis, að skattur yrði á lagður samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, eins og haldið er fram af hálfu gerðarþola". Við lagatilvitnun þessa ætti að vísa einnig til 7. gr. laga nr. 60/1973. Þá segir einnig í rökstuðningi héraðsdómara: „Þó er það ágalli á úrskurðum ríkisskattstjóra að telja sannaða happadrættisvinninga lægri en upplýst var. . .". Þessi athugasemd á ekki

rétt á sér. Á héraðsdómskjali nr. 28 segir í bréfi frá Happdrætti Háskóla Íslands til ríkisskattstjóra frá tveimur 10.000 gkr. vinningum 1974 á miða, sem áfrýjandi er talinn hafa átt. Á héraðsdómskjali nr. 29 er skýrt frá 145.000 gkr. vinningum á árinu 1975, sem skiptust á fimmtán miða, sem áfrýjandi er talinn hafa átt, en ekki kemur fram, hve marga miða hann hafi átt alls. Þessi vottorð Happdrættis Háskóla Íslands eru frá árinu 1976. Í bréfi Happdrættis Háskóla Íslands frá 9. maí 1980, eða nærfellt 3 árum eftir uppkvaðningu úrskurðar ríkisskattstjóra í skattamáli því, sem hér er fjallað um, kemur fram, að vinningar áfrýjanda hafi á árinu 1975 numið 550.000 gkr., en ekki 145.000 gkr., eins og í fyrra vottorði stóð, líklega vegna svokallaðra trompmiða. Þessar síðari upplýsingar geta ekki réttlætt ofangreinda fullyrðingu um ágalla á úrskurði ríkisskattstjóra.

Sá munur, sem fram hefur komið á happdrættisvinningum áfrýjanda samkvæmt vottorðum Happdrættis Háskóla Íslands frá 1976 annars vegar og vottorðinu frá 9. maí 1980 hins vegar, skiptir ekki sköpum um lífeyri áfrýjanda, enda ber þá jafnframt að taka tillit til tilkostnaðar við öflun happdrættisvinninga þessara. Þegar til þessa er litið og þess, að úrskurður ríkisskattanefndar um áætlun skattgjaldsstofna er byggður á fleiri þáttum en lágum lífeyri áfrýjanda, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, ber með skírskotun til forsendna að öðru leyti og með framangreindum athugasemdum að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð um framgang lögtaksins, en fjárhæðir hafa eigi sætt reikningslegum andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Þorleifsson, greiði stefnda, innheimtumanni ríkisins í Garðakaupstað, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar 2. júní 1980.

Mál þetta var þingfest 7. júlí 1979 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. maí 1980.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær réttarkröfur, að úrskurðað verði, að lögtak megi framkvæma hjá gerðarþola, Magnúsi Þorleifssyni, Mávanesi 21, Garðakaupstað (nafnnúmer 6293-5626), til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum, samtals að fjárhæð kr. 1.930.015 ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 30. apríl 1978 til 31. maí 1979, 4% dráttarvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum frá 1. september 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að álagning umkrafinna þinggjalda verði metin ólögmæt, synjað verði með öllu um, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðaþola málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Umkrafin gjöld lagði ríkisskattanefnd á gerðarþola með úrskurði sínum, dags. 19. mars 1979, að undangenginni athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á skattframtölum gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 (skattárin 1974 og 1975) og bókhaldi hans rekstrarárin 1974 og 1975 og söluskattsskýrslum sömu rekstrarár. Skýrsla rannsóknardeildarinnar er dagsett 27. desember 1976. Skýrslunni fylgja endurrit úr gerðabók rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um skýrslutöku af gerðarþola 13. ágúst 1976 og 10. nóvember 1976, sbr. 36. gr. laga nr. 68/1971. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 10. janúar 1977, var skýrslan send gerðarþola. Tekið er fram, að athugunin hafi leitt í ljós mikla annmarka á framtölum gerðarþola, bókhaldi og söluskattsskilum. Með hliðsjón af því, sem fram komi í skýrslunni, hafi ríkisskattstjóri í hyggju, eins og málið liggi fyrir, að áætla gerðaþola gjaldstofna þessi ár og hækka áður álögð opinber gjöld hans gjaldárin 1975 og 1976 í samræmi við þá áætlun. Einnig hafi ríkisskattstjóri í hyggju að áætla gerðarþola söluskattsskylda veltu fyrir rekstrarárin 1974 og 1975 og ákvarða söluskatt í samræmi við það. Var gerðarþola ákveðinn frestur til 25. sama mán. til að koma að þeim mótmælum, gögnum og skriflegum skýringum, er hann kynni að óska að leggja fram.

Eftir ósk umboðsmanns gerðarþola í bréfi, dags. 24. sama mán., var gerðarþola ákveðinn viðbótarfrestur til 9. febrúar 1977 með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 26. janúar sama ár. Með bréfi umboðsmanns gerðarþola, dags. 9. febrúar 1977, er óskað eftir greinargerðarfresti til 1. apríl 1977. Segir í bréfinu, að ekki hafi reynst unnt að fá reikningslega hlið málsins kannaða á tilgreindum fresti vegna anna endurskoðanda gerðarþola og gerðarþoli sé sannfærður um, að leiðrétta megi augljósar villur í framtölum, ef nógu vel væri skoðað. Ljóst sé, að könnun taki talsverðan tíma, auk þess sem sérstakar annir næstu vikur valdi því, að bið verði á, að verkið geti hafist. Gerðarþoli vekur sérstaka athygli á því, að af hálfu skattstofu Reykjanesumdæmis hafi farið fram skoðun á bókhaldi hans árið 1975, án

þess nokkrar athugasemdir væru gerðar. Kveðist hann því hafa verið í góðri trú um, að frekari kröfur væru ekki gerðar, en hafi nú af gefnu tilefni endurskipulagt bókhald sitt og sé það fært í samræmi við góða bókhaldsvenju. Gerðarþoli áskildi sér fullan rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins, yrði ekki á frestbeiðnina fallist. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 10. febrúar 1977, var gerðarþola veittur frestur til 1. mars sama ár.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra segir, að á þeim árum, sem athugun náði til, hafi gerðarþoli rekið bókaverslunina Grímu að Garðaflöt 16—18 í Garðakaupstað. Jafnframt rekstri verslunarinnar hafi gerðarþoli haft umboð fyrir HHÍ og SÍBS í Garðakaupstað. Þá var gerðarþoli í fullu starfi sem framkvæmdastjóri iðnskóla á Íslandi.

Skattframtöl gerðarþola umrædd gjaldár séu undirrituð af gerðarþola og eiginkonu hans. Með framtölunum fylgi óundirritaðir rekstrar- og efnahagsreikningar ásamt sundurliðun á skuldum við viðskiptamenn pr. 31/12 1974 og pr. 31/12 1975.

Í tilefni af athugun rannsóknardeildarinnar lagði gerðarþoli fram gögn þessi vegna verslunarrekstrarins: vegna rekstrarársins 1974: viðskiptamannabók, fylgiskjalamöppur, hlaupareikningsstofnmiða og hlutamiðabók vegna HHÍ. Vegna rekstrarársins 1975: sömu gögn auk strimla úr sjóðvél, vörutalningarbókar pr. 31/12 1975 og frumbókar vegna sölu til Garðakaupstaðar. Annað bókhald hafði gerðarþoli ekki haldið vegna rekstrarins. Ekki sjóðbók, dagbók eða aðal- og efnahagsbók. Kveður skýrslan, að gerðarþoli hafi ekki haldið annars konar skráningu á sölu og gjöldum vegna rekstrar verslunarinnar. Hafi því reynst útilokað að rekja viðskiptin og notkun fjármuna. Ekki sé ljóst, á hverju rekstrar- og efnahagsreikningar séu byggðir. Tilfærð sala hvers mánaðar á söluskattsskýrslum 1975 sé í samræmi við sölu skv. framlögðum kassastrimlum. Samræmi sé með söluskattsskýrslum 1974 og tilfærðri sölu á rekstrarreikningi fyrir það ár, en sala skv. söluskattsskýrslum 1975 5.000 kr. lægri en tilfærð sala í rekstrarreikningi fyrir það ár. Þar sem gerðarþoli hafi ekkert bókhald haldið, hafi ekki reynst unnt að sannreyna einstaka liði á rekstrar- og efnahagsreikningum meðfylgjandi framtölum 1975 og 1976.

Niðurstaða athugunar á heildarvörukaupum verslunarinnar árin 1974 og 1975 skv. framlögðum gögnum í samanburði við tilfærð vörukaup á rekstrarreikningum var sú, að vörukaup á rekstrarreikningi 1974 voru vanfærð um kr. 1.087.008 (4.517.973 ÷ 3.430.965) og 1975 um kr. 1.721.293 (5.476.279 ÷ 3.754.986).

Af fyrirliggjandi gögnum verði eigi séð, að vörusala til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, sem skv. upplýsingum þaðan hafi numið kr. 356.542 árið 1974 og kr. 779.888 árið 1975, sé innifalin í tilfærðri vörusölu á söluskatts-

skýrslum og rekstrarreikningum. Fyrir liggi, að um nokkra aðra sölu gegn gjaldfresti hafi verið að ræða.

Gerðarþoli hafi skilað undirrituðum söluskattsskýrslum fyrir öll söluskattstímabil árin 1974 og 1975. Þess er getið, að söluskattsskýrslurnar styðjist ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970 um tilhögun bókhalds. Tilfærð sala á skýrslunum sé sala í versluninni skv. strimlum úr lokaðri sjóðvél. Um annmarka á söluskattsskýrslum er að öðru leyti vísað til þess, sem greint hefur verið hér að framan.

Þá segir, að við samanburð á skattframtölum gerðarþola umrædd ár auk rekstrar- og efnahagsreikninga, er þeim fylgdu, og öðrum fyrirliggjandi gögnum komi í ljós ýmsir frekari annmarkar:

1. Vanframtalin sé inneign hjá bæjarsjóði Garðakaupstaðar kr. 116.553 pr. 31/12 1974 og kr. 423.583 pr. 31/12 1979.

2. Á árinu 1975 hafi gerðarþoli fengið úthlutað byggingarlóð nr. 2—6 við Eddufell í Reykjavík undir verslunarhúsnæði og greitt kr. 450.000 upp í gatnagerðargjöld til borgarverkfræðings ásamt kr. 6.345 í vaxtagjöld. Ekki sé getið um úthlutunina eða greiðslu gatnagerðargjaldanna, en vaxtagjöldin talin fram.

3. Könnuð hafi verið bankaviðskipti gerðarþola og verslunar hans á árunum 1974 og 1975 í tveimur lánastofnunum. Ekki sé getið við Verzlunarbanka Íslands h/f víxilskulda verslunarinnar kr. 122.722 pr. 31/12 1974 og kr. 63.884 pr. 31/12 1975, sparisjóðsreiknings nr. 671819 á nafni verslunarinnar með innstæðu kr. 17.181 pr. 31/12 1974 og kr. 19.415 pr. 31/12 1975, víxilskuldar gerðarþola sjálfs kr. 100.000 í árslok 1975 og hlaupareiknings nr. 18198 á nafni verslunarinnar með innstæðu kr. 233.911 pr. 31/12 1974 og kr. 509.292 pr. 31/12 1975 og vaxtatekna af þeim reikningi kr. 1.165 árið 1974 og kr. 4.204. Samkvæmt reikningsyfirliti hafi heildarfjárhreyfingar á reikningi nr. 18198 verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974 (frá 1. apríl)	kr. 7.686.222	kr. 7.940.139
1975	— 12.441.619	— 12.717.000

Samkvæmt bankayfirliti hafi heildarfjárhreyfingar á hlaupareikningi nr. 418 á nafni verslunarinnar við Sparisjóð Kópavogs verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974	kr. 1.965.466	kr. 1.933.928
1975	— 61.140	— 34.526

Ekki sé getið inneigna á þessum reikningi kr. 27.095 pr. 31/12 1974 og kr. 481 pr. 31/12 1975 og vaxtatekna kr. 794 árið 1974 og kr. 475.

Heildarfjárhreyfingar á bankareikningi nr. 5793 á nafni verslunarinnar við Sparisjóð Kópavogs hafi skv. bankayfirliti verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974	kr. 1.113.000	kr. 332.223
1975	— 0	— 2.161

Ekki sé getið inneigna á þessum reikningi kr. 16.627.50 pr. 31/12 1974 og kr. 18.789 pr. 31/12 1975 eða vaxtatekna kr. 15.435.60 árið 1974 og kr. 2.161 árið 1975.

4. Inneignar hjá Innkaupasambandi bóksala kr. 37.563 pr. 31/12 1974 skv. viðskiptamannabók verslunarinnar sé ekki getið.

5. Gerðarþoli tilfæri vinninga í HHÍ að fjárhæð kr. 1.550.000 á framtali 1975 og kr. 1.100.000 á framtali 1976. Samkvæmt beiðni hafi hann lagt skriflega fram 15 númer, sem tilgreind eru, með þeim fyrirvara, að ekki þyrfti að vera um tæmandi upptalningu að ræða. Af hlutamiðabók, sem gerðarþoli hafi lagt fram og færð sé af eiginkonu hans, megi sjá, að hann og aðrir í fjölskyldu hans séu skráðir fyrir þeim miðum, sem gerðarþoli taldi sig hafa unnið á árið 1975. Þess beri að geta, að svokallaða trompmiða hafi happdrættið byrjað með í ársbyrjun 1975, sem auðkenndir séu með bókstafnum B. Aðalskrifstofa HHÍ hafi staðfest dagsetningar og vinningsfjárhæðir eftirtalinna vinningsnúmera:

„Aðalskrifstofan hefur ekki getað staðfest nema einn 10.000 kr. vinning á númer 54452 á árinu 1974. Skv. hlutamiðabók gjaldanda er þetta númer skráð, en gjaldandi virðist ekki vera skráður eigandi þessa vinningsnúmers á árinu 1974.

Varðandi árið 1975 hefur aðalskrifstofan staðfest eftirtalin vinningsnúmer og fjárhæðir vinninga:

Dags. vinnings	*Fjárhæð*	*Nr. vinningsmiða*	*Nafn skráðs eiganda skv. hl.m.bók gjaldanda.*
Desember	10.000	B-54452	Magnús Þorleifsson
Desember	50.000	B-54453	Magnús Þorleifsson
Nóvember	5.000	B-54461	Magnús Þorleifsson
Október	5.000	B-54458	Magnús Þorleifsson
Apríl	5.000	B-54465	Magnús Þorleifsson
Apríl	5.000	B-55670	Magnús Þorleifsson
Júní	5.000	B-55654	Magnús Þorleifsson

Júní	5.000	B-55656	Magnús Þorleifsson
Desember	10.000	B-55661	Magnús Þorleifsson
Júlí	10.000	B-55664	Magnús Þorleifsson
Ágúst	5.000	B-45720	Birgir, Einar, Þórir (synir gjaldanda)
Júlí	10.000	B-45721	Birgir, Einar,Þórir
Október	5.000	B-25077	Birgir, Einar, Þórir
Júlí	5.000	B-29974	Minný Bóasdóttir
Ágúst	10.000	B-29974	Minný Bóasdóttir.“

Þess er getið, að endurnýjunarkostnaður á hugsanlegum keyptum happdrættismiðum gerðarþola mundi nema verulegum fjárhæðum, en gerðarþoli sé skv. hlutamiðabók skráður eigandi mikils fjölda happdrættismiða.

Einnig segir í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, að svk. skattframtali gerðarþola gjaldárið 1975 hafi lífeyrir hans verið kr. 55.605 árið 1974 og kr. 215.287 árið 1975 og hafi þá ekki verið tekið tillit til greiðslu á söluskatti vegna desember 1973, desember 1974 og desember 1975.

Meginniðurstöður skýrslu rannsóknardeildarinnar eru svohljóðandi:

„Gjaldandi er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 51/1968 um bókhald.

Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, er ljóst, að skattframtöl gjaldanda, ársreikningar þeir, sem þeim skattframtölum fylgja, og söluskattsskýrslur fyrir þau ár, sem rannsökuð voru, eru háð miklum annmörkum, og verða hér raktir þeir helstu, en að öðru leyti er vísað til þess, sem rakið er í skýrslunni hér að framan og til annarra gagn málsins:

1. Gjaldandi hefur ekkert bókhald fært rekstrarárin 1974 og 1975. Ársreikningar þeir, sem fylgja skattframtölum gjaldárin 1975 og 1976, og söluskattsskýrslur rekstrarárin 1974 og 1975 styðjast því ekki við tilskilið bókhald, sbr. lög nr. 51/1968 og IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt. Þá hefur gjaldandi eigi haldið annars konar skráningu á seldum vörum í verslun sinni og greiddum kostnaði. Er því útilokað að rekja einstaka liði á ársreikningum og sölu skv. söluskattsskýrslum til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram, enda veita framlögð gögn og upplýsingar ófullnægjandi fræðslu um rekstur og fjárreiður verslunar gjaldanda á nefndum árum.
2. Eins og rakið er í skýrslunni, eru vörukaup verulega vanframtalin á rekstrarreikningum fyrir árin 1974 og 1975, er fylgja framtölum gjaldárin 1975 og 1976. Reiknuð álagning samkvæmt þeim ársreikningum, þegar búið er að taka tillit til birgðabreytinga án söluskatts, er 31% fyrir árið 1974 og 42% fyrir árið 1975. Af verulega vanframtöldum

vörukaupum hlýtur því að leiða, að vörusala á sömu ársreikningum og á öllum söluskattsskýrslum fyrir rekstrarárin 1974 og 1975 sé verulega vanframtalin. Í þessu sambandi má einnig benda á fjárhreyfingar á bankareikningum gjaldanda.

3. Ýmsir annmarkar aðrir eru á skattframtölum gjaldanda gjaldárin 1975 og 1976. Má í því sambandi benda á, að bæði eru skuldir og eignir vanframtaldar og eignabreytinga ekki getið, eins og rakið er í skýrslunni. Þá eru og m. a. vaxtatekjur vanframtaldar. Loks má benda á, að lífeyrir gjaldanda skv. þeim skattframtölum er afbrigðilega lágur. Þá fá tilfærðar happdrættisvinningsfjárhæðir ekki staðist.

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að skattframtöl, ársreikningar og söluskattsskýrslur eru háð veigamiklum annmörkum og verða ekki lögð til grundvallar álagningu opinberra gjalda."

Í skýrslum gerðarþola hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra kemur m. a. fram, að hann geti ekki með öðrum hætti fært sönnur fyrir fengnum happdrættisvinningum en með fyrrnefndum númerum, sem hann telji ekki tæmandi. Hann taldi líklegast, að brúttóvelta hjá sér varðandi HHÍ hafi líklega verið um það bil 2.5 milljónir árið 1975. Hann kvað strimla úr stjóðvélinni hafa verið merkta viðkomandi mánuði og ári, er þeir væru teknir úr sjóðvélinni. Hann kvaðst semja skuldalista upp úr viðskiptamannabók um hver áramót. Hann kvað öll vörukaup verslunarinnar hafa verið skráð í viðskiptamannabók eftir bestu vitund. Í síðari skýrslunni kvað gerðarþoli endurskoðanda sinn, Gústaf A. Ágústsson, vera löggiltan og vinna reikningsskil að öllu leyti. Einu persónulegu viðskiptin í viðskiptamannabók vera viðskipti við BYKO. Staðgreiðsluvörukaup frá bókaútgefendum væru ekki færð í bækur, vegna þess að mjög lítil brögð væru að þess konar vörukaupum. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar námu þessi vörukaup kr. 218.881 árið 1974 og kr. 167.663 árið 1975. Hann kvaðst færa frumbók yfir vörusölu út í reikning til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, en taldi litla aðra lánastarfsmei eiga sér stað. Allar greiðslur, sem kæmu frá bæjarsjóði, væru slegnar inn á sjóðstrimla sjóðvélar, en gjöld gerðarþola til bæjarsjóðs millifærð að öðru leyti og koma til frádráttar skuld. Hann kvað reikning nr. 5793 í Sparisjóði Kópavogs fyrst og fremst hafa verið notaðan fyrir heimilið og mikinn hluta happdrættisvinninga lagðan þar inn. (Í fyrri skýrslunni kvaðst hann á umræddum árum hafa notað hlaupareikning nr. 418 í Sparisjóði Kópavogs, en opnað reikning nr. 18198 í Verzlunarbankanum, sennilega á árinu 1974. Á þá reikninga hafi farið allt hans fjármagn og rekstri ekki haldið aðskildum frá einkaúttekt.). Hann kvaðst ætla að koma upp verslun að Eddufelli 2—6 í Reykjavík og hafa greitt kr. 250.000 þann 16. júní 1975 inn á gatnagerðargjöld til skrifstofu borgarverkfræð-

ings. Hann kvað sjóðstrimlum fyrir rekstrarárið 1974 hafa verið komið á skattstofu Reykjanesumdæmis og í vörslu þar. Þá tók gerðarþoli fram, að skattstofa Reykjanesumdæmis hafi rannsakað fengin bókhaldsgögn fyrir tvö ár, þ. e. rekstrarárin 1973 og 1974, fyrir utan fyrirspurnir varðandi ýmsa þætti reksturs. Öllu hafi verið svarað og gögn sýnd, en engin ábending, óskir eða fyrirmæli um að færa bókhald á annan hátt hafi komið fram.

Í úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 25. júlí 1977, segir, að skv. heimild í 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972, hafi ríkisskattstjóri tekið til ákvörðunar að nýju álagðan tekjuskatt gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og skyldusparnað gjaldárið 1976. Að því er málavexti og rökstuðning varðar er vísað til skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og framangreindra bréfaskipta ríkisskattstjóra og lögmanns gerðarþola. Tekið er fram, að greinargerð af hálfu gerðarþola hafi enn ekki borist. Síðan segir í úrskurðinum:

„Rétt þykir að drepa stuttlega á nokkur atriði, sem fram koma í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, og þær ályktanir, sem virðist verða að draga af þeim.

Ekki er í ljós leitt, að gjaldandinn hafi unnið í happdrætti á árinu 1974, og sannaðir happdrættisvinningar hans á árinu 1975 nema aðeins 145.000 kr. Verður því að ætla, að kostnaður gjaldandans við endurnýjun happdrættismiða á árunum 1974 og 1975 hafi a. m. k. numið jafn háum fjárhæðum og happdrættisvinningar námu. Geta þeir því ekki útskýrt framfærslueyri gjaldandans. Með hliðsjón af þessu, vantöldum vörukaupum og ýmsum inneignum gjaldandans í lok ársins 1974, sem ekki er getið um í framtali hans, virðist framfærslueyrir gjaldandans og fjölskyldu hans vera um 2.874.000 kr. minni en ekki neitt á árinu 1974, en um 3.466.000 kr. minni en ekki neitt á árinu 1975 með hliðsjón af sömu atriðum og greiðslu á gatnagerðargjöldum 450.000 kr. Af þessu svo og innlögum gjaldandans á ýmsa reikninga sína (10.206.290 kr. á árinu 1974, en 12.753.687 kr. á árinu 1975) er ljóst, að gjaldandinn hefur á árunum 1974 og 1975 haft mjög verulegt fjármagn til ráðstöfunar, sem ekki er gerð grein fyrir í framtölum hans.

Fyrir liggur, að rekstrarreikningar 1974 og 1975 gefa ekki rétta mynd af hreinum tekjum verslunar gjaldandans. Heildarvörukaup svk. rekstrarreikningunum eru t. d. verulega vantalin skv. þeim gögnum, sem gjaldandinn lagði fram. Er þó alls engin vissa fyrir því, að þau gögn hafi sýnt öll vörukaup. Ætla verður, að sala sé vantalin til tekna, a. m. k. hlutfallslega við vörukaup.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að framtöl gjaldandans 1975 og 1976 geta ekki talist lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun hreinna tekna hans árin 1974 og 1975. Ber því að ákveða þær með áætlun í sam-

ræmi við ákvæði 37. gr. skattalaganna. Við áætlun fjárhæða verður höfð hliðsjón af því, sem áður greinir um framfærslueyri gjaldandans og innlög á reikninga hans svo og viðurlögum.

Gjaldár 1975.

Hreinar tekjur þykja hæfilega ákveðnar 6.000.000 kr., en voru áður 1.281.269 kr. Skattgjaldstekjur verða 6.000.000 kr. Persónuafsláttur er 145.000 kr. Tekjuskattur verður 2.105.850 kr.

Gjaldár 1976.

Hreinar tekjur þykja hæfilega ákveðnar 7.500.000 kr., en voru áður 1.625.211 kr. Skattgjaldstekjur verða 7.500.000 kr. Persónuafsláttur er 181.250 kr. Tekjuskattur verður 2.632.312 kr.

Með tilliti til þeirra breytinga á opinberum gjöldum gjaldandans, sem af úrskurðum ríkisskattstjóra leiðir, þykir ekki ástæða til að breyta eignarskatti gjaldandans til hækkunar.

Skyldusparnaðarstofn gjaldárið 1976 verður 5.617.000 kr. og skyldusparnaður 280.000 kr.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1975 hækkar um 1.906.396 kr., eða úr 199.454 kr. í 2.105.850 kr.

Tekjuskattur gjaldárið 1976 hækkar um 2.373.419 kr., eða úr 258.893 kr. í 2.632.312 kr.

Skyldusparnaður gjaldárið 1976 verður 280.000 kr., en var enginn áður. Kærufrestur til ríkisskattstjóra vegna breytingaatriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Með bréfi lögmanns gerðarþola, dags. 12. ágúst 1977, var þessi úrskurður kærður svo og úrskurðir ríkisskattstjóra varðandi hækkun á söluskatti gerðarþola rekstrarárin 1974 og 1975 ásamt viðurlögum og gjöldum gerðarþola til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar gjaldárin 1975 og 1976. Í bréfinu segir, að Árni Björn Birgisson, löggiltur endurskoðandi, hafi nú tekið að sér að yfirfara umrætt bókhald og muni skila álitsgerð innan fárra vikna. Rökstuðningur endurskoðandans fyrir kærunni er dags. 11. janúar 1978. Þar segir m. a., að gerðarþoli hafi við rannsókn málsins ekki á neinn hátt reynt að tálma rannsóknina eða skjóta undan gögnum. Ein af ástæðum þess, að gerðarþoli hafi ekki haldið frekara bókhald, væri m. a. sú, að í tvígang hafi hann verið heimsóttur af starfsmönnum skattstjóra Reykjanesumdæmis. Við þær heimsóknir hafi hann óskað eftir, að sér yrði bent á, á hvern hátt bókhald sitt væri ófullnægjandi, en nefndir starfsmenn ekki

getað leyst úr því og hljóti gerðarþoli því að vera í góðri trú um sín mál. Bókhaldi og ársreikningum gerðarþola hafi því verið haldið í sama formi öll þau ár, er hann hafi verið með rekstur. Rannsóknardeildin hafi leitt fram, hver væru vörukaup gerðarþola umrædd ár. Á sama hátt hefði rannsóknardeildin mátt sannreyna alla aðra liði í rekstrarreikningi gerðarþola, en öll fylgiskjöl hafi verið lögð fram og þeim raðað í fylgiskjalamöppur eftir stafrófsröð á seljendum aðfanga. Bent er á viðskiptamannabók, sem færð sé mjög ítarlega umrædd ár. Með því að greiða nær allt með ávísunum og nota til þess tvo veltufjárreikninga sé bundin meðferð á sjóði og þar af leiðandi gerlegra að rekja viðskiptin. Í versluninni sé sérstök lokuð sjóðvél, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt, og afrit úr þeirri sjóðvél ætíð geymd. Af stofnmiðum með ávísunum megi sjá, að ætíð sé rituð dagsetning og texti greiðslunnar. Varðandi lánsölu, sem eingöngu sé til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, er tekið fram, að hún sé talin fram til söluskatts, þegar hún sé greidd. Á þann hátt myndist hugsanlega 1—2 mánaða dráttur á söluskattsskilum, en þessari lánsölu sé alfarið ekki skotið undan, eins og skýrsla rannsóknardeildarinnar beri með sér. Í máli þessu virðist endurskoðandanum þungamiðjan vera þau frávik, sem fram hafi komið varðandi gjaldfærð vörukaup og vörukaup samkvæmt framlögðum gögnum. Út frá því verði að reikna ætlað undanskot gerðarþola. Þau frávik, sem hér um ræði, séu kr. 1.087.008 árið 1974 og kr. 1.721.293 árið 1975. Samkvæmt þeim vörukaupum, sem reiknuð væru eftir framlögðum gögnum og hlutdeild vöruflokka út frá kr. 4.517.973 árið 1974 og kr. 5.476.279 árið 1975, yrði vegin meðalálagning sem næst 28.90% árið 1974 og 29.93% árið 1975, en samkvæmt skattframtölum reiknist meðalálagning 31.0% árið 1974 og 42.2% árið 1975. Af því megi ljóst vera, að ekki sé skotið undan sölu að öllu leyti í hlutfalli við vanfærð vörukaup, en samkvæmt reiknaðri veginni meðalálagningu hefði vörusala átt að vera kr. 5.790.568 árið 1974 og kr. 7.611.570 árið 1975, en þá hafi verið bætt við söluskatti. Samkvæmt gögnum málsins var söluskattsskyld velta gerðarþola samkvæmt undirrituðum söluskattsskýrslum og óundirrituðum rekstrarreikningum kr. 4.213.124 árið 1974 og kr. 5.381.388 árið 1975, þó kr. 5.000 lægri síðara árið á söluskattsskýrslum en rekstrarreikningi. Með tölulegum útreikningi kemur fram hjá endurskoðandanum, að birgðir hafi í ársreikningum verið ofreiknaðar um 30.0% álagningu árið 1974 og 31.6% álagningu árið 1975. Um sé að ræða sem næst 2% frávik reiknaðrar veginnar meðalálagningar milli ára, en eðlilegt sé að taka tillit til a. m. k. 3.5% rýrnunar. Af þessu megi ljóst vera, að gerðarþoli geti með fullum rökum sýnt fram á, hvert sé sennilegast söluverðmæti í verslun hans á umræddum árum. Fyrir liggi, hver séu vantalin vörukaup í versluninni og meðalálagning verði eigi tortryggð, þegar þessi atriði öll séu virt. Í forsendum með

úrskurði ríkisskattstjóra varðandi tekjuskatt komi fram, að ætla megi, að sala sé vantalin til tekna, a. m. k. hlutfallslega við vörukaup. Ljóst sé af úrskurðinum, að þessi setning hafi ekki verið virt, og virðist endurskoðandanum hækkun á tekjum gerðarþola algerlega út í hött.

Þá er í rökstuðningi endurskoðandans vikið að þætti happdrættisvinninga í skýrslu rannsóknardeildarinnar og sagt, að hún hafi í engu hnekkt tilfærðum vinningsfjárhæðum gerðarþola.

Um byggingarlóðina við Eddufell í Reykjavík hafi mikil óvissa ríkt strax um úthlutunina. Enn þann dag í dag séu engar byggingarframkvæmdir hafnar þar og gerðarþoli m. a. fengið bréf frá borgaryfirvöldum, þar sem nefnd úthlutun hafi verið afturkölluð.

Samkvæmt veltufjárreikningum gerðarþola við nefndar lánastofnanir í skýrslu rannsóknardeildarinnar hafi inn- og útgreiðslur á umræddum árum numið eftirtöldum fjárhæðum:

Ár:	Innlagt:	Úttekið:
1974	kr. 9.874.067	kr. 9.651.688
1975	— 12.751.526	— 12.502.759

Bæði í skýrslu rannsóknardeildarinnar og í forsendum með úrskurði ríkisskattstjóra varðandi tekjuskatt sé látið að því liggja, að þessi háa velta hljóti að vera til komin vegna undandreginnar sölu. Hér sé um mikinn misskilning að ræða. Mjög auðvelt sé að ná upp hárri veltu á slíkum reikningum, m. a. með millifærslum. Gerðarþoli hafi einnig tekið fram, að allir fjármunir vegna umboðsstarfa hans hafi runnið í gegnum þessa reikninga, og nefnt sem dæmi, að á árinu 1975 hafi sú velta numið sem næst kr. 2.500.000. Samkvæmt yfirliti HHÍ hafi veltan numið kr. 2.411.600 það ár. Þá hafi auk þess runnið í gegnum þessa reikninga vinningsfjárhæðir gerðarþola. Á umræddum árum hafi gerðarþoli verið í byggingarframkvæmdum að Mávanesi 21 í Garðakaupstað. Veltufjárreikningana hafi hann notað að öllu leyti vegna þeirra framkvæmda, sem numið hafi kr. 5.582.697 á árinu 1974 og kr. 1.192.910 á árinu 1975. Þegar einnig sé tekið tillit til ætlaðrar heildarsölu skv. framangreindum útreikningum auk vinnulauna, megi sjá, að áðurnefndar fjárhæðir, sem velt hafi verið á þessum bankareikningum, séu að fullu skýrðar.

Í skýrslu rannsóknardeildarinnar komi fram, að samkvæmt skattframtölum hafi gerðarþoli haft til lífeyris kr. 55.605 árið 1974 og kr. 215.287 árið 1975. Þessar lífeyrisfjárhæðir séu rangar, enda útreikningur þeirra ekki sýndur. Samkvæmt skattframtölum hafi gerðarþoli haft í lífeyri kr. 172.601 árið 1974 og kr. 342.348 árið 1975. Gerir endurskoðandinn grein fyrir þeim útreiningi. Inni í þeim útreikningi fyrir árið 1974 eru m. a. tilfærðir happ-

drættisvinningar kr. 1.550.000, aukning skulda kr. 1.575.269 og söluskattur vegna ársins 1974 kr. 169.554 og vegna ársins 1973 kr. 72.906 og fyrir árið 1975 m. a. tilfærðir happdrættisvinningar kr. 1.100.000, lækkun skulda kr. 603.016 og söluskattur vegna ársins 1974 kr. 169.554 og vegna ársins 1975 kr. 221.672. Í lífeyrisútreikningi endurskoðandans er eingöngu stuðst við framtöl, en tekið fram, að lífeyrir gerðarþola geti að fullu staðist, er tekið væri tillit til annarra atriða, svo sem viðbótarsölu auk tekna barna, enda þótt tekið sé tillit til byggingarlóðar og innstæðna í bönkum. Víxlar verslunarinnar á nafni verslunarinnar í Verzlunarbanka Íslands h/f séu taldir sem skuld við viðskiptamenn í ársreikningum gerðarþola. Eigin víxilskuld kr. 100.000 í árslok 1975 hafi fallið niður af vangá. Lífeyrir gerðarþola fái því staðist, þegar tekið sé tillit til reglusemi og sparnaðar, en ekki hafi á nefndum árum verið um að ræða neinar siglingar eða annan stórmunað. Rannsóknardeildin hafi ekki sýnt fram á, hver væri eðlilegur eða raunhæfur lífeyrir, þannig að fullyrðing hennar um tortryggilegan lífeyri sé órökstudd.

Að lokum segir svo í rökstuðningi endurskoðandans:

„Af því, sem að framan hefur verið rakið, þykir mér sýnt, að hækkun tekna umbjóðanda míns, samanber úrskurði ríkisskattstjóra, sé ekki byggð á neinum rökstuddum niðurstöðum, t. d. úr skýrslum rannsóknardeildarinnar. Ég hefi hér að framan sýnt fram á, hver væri ætluð vörusala umbjóðanda míns, og fyrir liggja vantalin vörukaup. Samkvæmt þeim niðurstöðum tel ég eðlilegast að reikna hækkun áður álagðra opinberra gjalda umbjóðanda míns. Álagningar ríkisskattstjóra eru órökstuddar og að mínu mati ekki byggðar á neinum niðurstöðum. Er þeim úrskurðum því algerlega mótmælt og þess krafist, að þeir verði stórlega lækkaðir eða felldir niður. Umbjóðandi minn hefur á allan hátt reynt að auðvelda rannsókn málsins og alls ekki reynt að skjóta undan gögnum. Ber að taka tillit til þess við úrskurð málsins auk þess sem hann hefur verið í góðri trú um réttmæti reikningsskila sinna og hnökralaust bókhald, samanber lýsingu hér að framan.

Varðandi reiknaða sölu hér að framan geri ég þá kröfu, að tekið verði tillit til eðlilegrar rýrnunar í versluninni. Ég vil því fyrir hönd umbjóðanda míns gera þá kröfu, að úrskurður ríkisskattstjóra verði alfarið byggður á þeim vörukaupum, sem fram koma í skýrslunni, og ætluð sala reiknuð eftir þeim. Ég fullyrði, að hér sé um tæmandi vörukaup að ræða, enda er rannsóknardeildinni auðvelt að sannreyna það. Önnur atriði, sem rakin eru í skýrslu rannsóknardeildarinnar og úrskurðum ríkisskattstjóra, tel ég, að umbjóðandi minn hafi fyllilega gert grein fyrir og séu þau á engan hátt tortryggileg.“

Í síðari úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 31. mars 1978, segir svo:

„Kröfur umboðsmanns kæranda:

Að hækkun ríkisskattstjóra á tekjuskatti kærandans gjaldárin 1975 og 1976 verði stórlega lækkuð eða felld niður.

Forsendur ríkisskattstjóra:

Að því er málavexti varðar er vísað til úrskurðar ríkisskattstjóra um hækkun á þinggjöldum gjaldandans gjaldárin 1975 og 1976, merkts Mál 2-1-536, uppkveðins 25. júlí 1977. Einnig er vísað til kæru án rökstuðnings, dags. 12. ágúst 1977, og rökstuðnings, dags. 11. janúar 1978, er barst ríkisskattstjóra 16. janúar 1978.

Fram skal tekið, að í hinum kærða úrskurði var hækkun hreinna tekna ákveðin með hliðsjón af meintum sennilegum framfærslueyri kærandans. Hækkun sölugjalds og aðstöðugjalds var við það miðuð, að sú hækkun hreinna tekna, sem ákveðin var skv. áður tilgreindum úrskurði, væru tekjur, sem runnar væru frá atvinnurekstri kærandans.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fram koma í rökstuðningi umboðsmanns kæranda, þykir ekki rétt að byggja á þeirri forsendu við ákvörðun hækkunar á sölugjaldi og aðstöðugjaldi kærandans. Einnig skal tekið fram, að framfærslueyrir kærandans á árunum 1974 og 1975 skv. framtölum hans er nokkru hærri en fram kemur í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, og kom það í ljós við gerð hins kærða úrskurðar. Útreikningi umboðsmanns kæranda á framfærslueyri kærandans skv. skattframtölum hans er því ekki mótmælt að öðru leyti en því, að í honum er ekki tekið tillit til frádráttarliðarins „rekstrarkostnaður bifreiðar sbr. bifreiðaskýrslu", sem nemur 60.000 kr. í framtali kærandans 1975, en 90.000 kr. í framtali hans 1976, og hafði þá skattstjóri lækkað þennan frádráttarlið í framtali 1976 um 60.000 kr. Þar sem þessi frádráttarliður á að samsvara þeim kostnaði, sem kærandinn verður fyrir vegna afnota vinnuveitanda hans af bifreið kærandans, verður að draga hann frá peningatekjum við útreikning framfærslueyris kærandans, enda hefur skýrslu um bifreiðastyrk og bifreiðarekstur ekki verið skilað, og sést því ekki, hvort telja beri fyrningu að einhverju leyti innifalda í þessum frádráttarlið.

Í útreikningi umboðsmanns kæranda á framfærslueyri kærandans er hins vegar ekki tekið tillit til ýmissa atriða, sem fram koma í skýrslu rannsóknardeildarinnar, en ekki í framtölum kærandans. Þegar það hefur verið gert, en ekki verið tekið tillit til happdrættisvinninga skv. framtölunum, kemur sá framfærslueyrir, sem getið er um í hinum kærða úrskurði, fram án umtalsverðs mismunar.

Skýringar í rökstuðningi umboðsmanns kæranda þykja ekki gefa tilefni til að breyta forsendum ríkisskattstjóra í hinum kærða úrskurði varðandi happdrættisvinninga. Þykir því á þessu stigi málsins verða að telja, að útreikningi ríkisskattstjóra á framfærslueyri kærandans hafi ekki verið

hrundið. Hins vegar hafa alvarleg mistök orðið við endanlega ákvörðun hreinna tekna, og er beðist afsökunar á þeim. Mistökin liggja í því, að við útreikning á framfærslueyri kærandans er tekið tillit til vantalinna vörukaupa skv. skýrslu rannsóknardeildarinnar. Þegar búið var að áætla tekjur gjaldandans með hliðsjón af sennilegum framfærslueyri hans, þurfti því að taka tillit til vantalinna rekstrargjalda, þ. e. vantalinna vörukaupa, við ákvörðun hækkunar á hreinum tekjum, en láðst hefur að gera það. Með hliðstjón af þessu, beitingu viðurlaga svo og því, að fallist er á nokkra lækkun á áætluðum framfærslueyri kærandans og fjölskyldu hans, þykir nú hæfilegt að lækka hreinar tekjur í framtali 1975 um 1.700.000 kr., en um 2.500.000 kr. í framtali 1976.

Hreinar tekjur skv. framtali 1975 verða 4.300.000 kr. Tekjuskattur verður 1.419.050 kr.

Hreinar tekjur skv. framtali 1976 verða 5.000.000 kr. Tekjuskattur verður 1.622.312 kr.

Skyldusparnaðarstofn verður 3.117.000 kr. Skyldusparnaður verður 155.000 kr.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1975 lækkar um 686.800 kr., eða úr 2.105. 850 kr. í 1.419.050 kr.

Tekjuskattur gjaldárið 1976 lækkar um 1.010.000 kr., eða úr 2.632. 312 kr. í 1.622.312 kr.

Skyldusparnaður gjaldárið 1976 lækkar um 125.000 kr., eða úr 280.000 kr. í 155.000 kr.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar vegna breytingaatriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Með bréfi endurskoðandans, dags. 12. apríl 1978, var þessi úrskurður kærður til ríkisskattanefndar svo og úrskurðir ríkisskattstjóra varðandi söluskattinn og gjöld til bæjarsjóðs, sem kveðnir voru upp sama dag. Varðandi söluskattsúrskurðinn skal þess getið, að ríkisskattstjóra þótti rétt að verða í aðalatriðum við þeirri kröfu, „að hækkun ríkisskattstjóra á sölugjaldi kærandans árin 1974 og 1975 verði lækkuð stórlega og ákveðin með hliðsjón af vantöldum vörukaupum og sennilegri álagningu." Var stofn til hækkunar ákvarðaður kr. 1.500.000 fyrir árið 1974 og kr. 2.100.000 fyrir árið 1975. Í kærunni til ríkisskattanefndar er nánari rökstuðningur boðaður innan tíðar. Sá rökstuðningur er ódagsettur. Þar er alfarið vísað til fyrri rökstuðnings og ítrekaðar þar gerðar kröfur. Þá segir, að ekki verði séð af úrskurði ríkisskattstjóra, að hann taki tillit til þeirra atriða, sem rakin séu í rökstuðningi hans, að öðru leyti en því, að ætluð vantalin velta sé

lækkuð. Hann líti svo á, að skattayfirvöld geti á engan hátt refsað gerðaþola fyrir brot á bókhaldslögum, enda hafi þau jafnframt bent honum á, að bókhaldi hans væri ekki ábótavant samkvæmt heimsókn skattstjórans í Reykjanesumdæmi. Varðandi happdrættisvinninga er fyrri rökstuðningur ítrekaður og bent á, að ríkisskattstjóri hafi ekki hnekkt þeim, en sönnunarbyrðin sé laus í máli þessu. Ríkisskattstjóri hafi í úrskurði sínum viðurkennt rangan útreikning framfærslueyris og meðhöndlun á ætluðu undanskoti hans. Hljóti sú staðreynd að veikja hans stöðu og beri því að líta svo á, að málið sé af hendi rannsóknardeildarinnar svo illa úr garði gert, að það verði ekki lagt til grundvallar hækkun áður álagðra gjalda. Af þessu megi ætla, að rannsóknardeildin hafi kannað framtalda happdrættisvinninga á sama máta og ekki tíundað staðreyndir til hins ýtrasta. Gerir endurskoðandinn þær kröfur, að allar viðbótarálögur á gerðarþola verði felldar niður, þar sem málið hafi af hálfu ríkisskattstjóra ekki verið stutt nægilegum rökum. Til vara, að framtölin verði látin standa í sinni upprunalegu mynd að viðbættri þeirri vantöldu veltu og vörukaupum, sem leitt sé í ljós í rökstuðningi hans og ekki hafi verið á móti mælt.

Úrskuður ríkisskattanefndar er dags. 19. mars 1979. Í þeim úrskurði eru teknir fyrir allir þrír úrskurðir ríkisskattstjóra. Í upphafi úrskurðarins segir, að ríkisskattanefnd hafi úrskurðað kæru gerðarþola yfir neðangreindum gjöldum á þessa leið:

	Gjaldár	*Var*	*Verður*	
„Hreinar tekjur .	1975	4.300.000	3.300.000	1.000.000
Hrein eign				
Tekjur til útsvars	1975	4.581.257	3.581.257	1.000.000
Tekjuskattur	1975	1.419.050	1.015.050	404.000
Eignaskattur				
Útsvar	1975	488.900	378.900	110.000
Hreinar tekjur	1976	5.000.000	4.000.000	1.000.000
Tekjur til útsvars	1976	5.530.986	4.530.986	1.000.000
Tekjuskattur	1976	1.622.312	1.218.312	404.000
Útsvar	1976	589.600	479.600	110.000
Sjúkratr. gjald	1976	55.300	45.300	10.000.“

Þá segir, að kærð séu álögð gjöld gjaldárin 1975 og 1976. Tildrög málsins séu þau, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi tekið framtal gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 til athugunar. Gerðarþoli hafi rekið bókaverslun umrædd ár og verið með umboð fyrir Happddrætti Háskóla Íslands og Happdrætti SÍBS. Eiginkona gerðarþola hafi unnið í versluninni, en gerðar-

þoli verið fastur starfsmaður hjá Sambandi iðnskóla á Íslandi. Þá eru teknar upp í úrskurðinn meginniðurstöður skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, en þeirra hefur þegar verið getið, er gerð var grein fyrir skýrslunni. Síðar segir svo:

„Í framhaldi af þessu hefur ríkisskattstjóri tekið framtöl kæranda gjaldárin 1975 og 1976 til endurálagningar og áætlað viðbótartekjur. Jafnframt lagði ríkisskattstjóri á kæranda viðbótarsöluskatt og viðurlög vegna áætlaðra vanframtaldrar sölu.

Í kæru til ríkisskattanefndar gerir umboðsmaður kæranda þá aðalkröfu, að allar viðbótarálögur á kæranda verði felldar niður, þar sem málið hafi af hálfu ríkisskattstjóra ekki verið stutt nægilegum rökum.

Til vara er gerð sú krafa, að framtölin verði látin standa í sinni upprunalegu mynd að viðbættum þeirri vantöldu veltu og vörukaupum, sem leitt er í ljós í rökstuðningi hans og hefur ekki verið á móti mælt.

Af hálfu ríkisskattstjóra er krafist staðfestingar á gengnum úrskurðum.

Umboðsmaður kæranda hefur ekki mótmælt því, að vörukaup kæranda hafi verið vantalin um kr. 1.087.008 á árinu 1974 og kr. 1.726.293 á árinu 1975. Þegar litið er til þessa og þeirra vörukaupa, sem fram koma umrædd ár, er ljóst, að rekstrarreikningar kæranda eru ekki marktækir. Jafnframt hefur ekki komið fram nægileg skýring á lágum lífeyri, þar eð kærandi hefur ekki fært sönnur á umdeilda happdrættisvinninga.

Með tilvísun til ofanritaðs verða framtöl kæranda gjaldárin 1975 og 1976 ekki lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda. Hinsvegar er teknaáætlun ríkisskattstjóra hærri en efni standa til, og þykir mega lækka hana um kr. 1.000.000 hvort ár.

Að öðru leyti eru úrskurðir ríkisskattstjóra staðfestir."

Í öðru máli hefur gerðarþoli mótmælt framgangi lögtaks fyrir viðbótarsöluskattinum ásamt viðurlögum. Af hálfu gerðarþola hefur verið lagt fram skjal, þar sem fram kemur, að hinn 11. desember 1979 kom saman til fundar nefnd sú, sem starfar samkvæmt 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 18. gr. laga nr. 71/1972. Fyrir var tekið að ákveða sekt gerðarþola vegna meints undandráttar á tekjuskatti, tekjuútsvari og söluskatti. Fram kemur, að skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra ásamt gögnum málsins hafi legið fyrir til athugunar. Sagt er, að gerðarþoli hafi ekki tekið til varna fyrir nefndinni. Tekið er fram, að ríkisskattanefnd hafi með úrskurði, uppkveðnum 19. mars 1979, hækkað tekjuskatt gjaldþegnsins gjaldárin 1975 og 1976 um kr. 1.775.015 og söluskatt árin 1974 og 1975 um kr. 664.000. Síðan segir:

„Af því, sem fram hefur komið í málinu, má telja sannað, að gjaldþegn hafi á gjaldárunum 1975 og 1976 dregið tekjur undan skattlagningu, og þykir brot hans varða við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971. Þá hefur gjald-

andi dregið undan tekjur til tekjuútsvars á gjaldárunum 1975 og 1976. Þykir það varða við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971. Ennfremur hefur gjaldþegn dregið undan söluskatt árin 1974 og 1975, og þykir það brot varða við 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 14. gr. laga nr. 10/1974. Fyrir brot þessi telst sekt hæfilega ákveðin kr. 2.500.000."

Sektin skiptist þannig, að kr. 2.000.000 skulu greiðast í ríkissjóð og kr. 500.000 til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar.

Meðal gagna málsins annars eru skattframtöl gerðarþola árin 1975 og 1976 með fylgiskjölum og bréf rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, dags. 25. maí 1979, ásamt yfirliti „um útreikning á framfærslukostnaði á árunum 1973—1978, sem komið getur að notum við yfirferð skattframtala, sbr. fyrri bréf, dags. 17. des. 1974 og 31. mars 1978." Í bréfinu er áhersla lögð á það, að niðurstöðurnar sýni meðaltal almennra neysluútgjalda 100 fjölskyldna með 3.98 einstaklinga að meðaltali eða hjóna með 1.98 barn og hafi þá verið felldir út úr vísitölugrundvellinum nokkrir útgjaldaflokkar, svo sem vegna bifreiðar, húsnæðis o. fl. Niðurstöðurnar sýni vel útgjaldabreytingar frá ári til árs, en við áætlun á neysluútgjöldum tiltekinna fjölskyldna verði að sjálfsögðu að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Útreikningur framfæruslukostnaðarins er byggður á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1968 og fylgir þeim vísitölugrundvelli, sbr. yfirlit um hann og skiptingu hans, eins og hann var í janúar 1968. Yfirlit yfir „almenn neysluútgjöld" vísitölufjölskyldunnar er þannig:

„ „Almenn neysluútgjöld" vísitölufjölskyldunnar.

Janúar 1968	*100 stig*	*Kr.*	*196.512*
Árið 1973	227 stig	—	446.083
Árið 1974	320 stig	—	628.839
Árið 1975	480 stig	—	943.503
Árið 1976	642 stig	—	1.261.363
Árið 1977	838 stig	—	1.646.654
Árið 1978	1200 stig	—	2.358.719"

Af hálfu gerðarþola hefur verið lögð fram eftirfarandi yfirlýsing, dags. 9. maí 1980, sem undirrituð er af Árna Steinssyni f. h. happdrættis Háskóla Íslands.:

„Það staðfestist hér með, að eftirfarandi nr., sem eru í umboði Happdrættis Háskóla Íslands í versluninni Grímu í Garðabæ, hlutu vinninga árið 1975 sem hér greinir:

B 54452	kr.	10.000.-	× 5	=	50.000.-
B 54453	—	50.000.-	× 5	=	250.000.-
B 54458	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
B 54461	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
B 54465	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
B 55654	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
B 55656	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
B 55661	—	10.000.-	× 5	=	50.000.-
B 55664	—	10.000.-	× 5	=	50.000.-
B 55670	—	5.000.-	× 5	=	25.000.-
			Samtals	kr.	550.000.-.“

Gjöld þau, sem lögtakskrafa málsins nær til, eru þessi:

Gjaldárið 1975 tekjuskattur	kr.	815.596
Gjaldárið 1976	—	959.419
Gjaldárið 1976 skyldusparnaður	—	155.000
Samtals	kr.	1.930.015

Með bréfi umboðsmanns gerðarþola, dags. 24. apríl 1978, tilkynnti hann innheimtumanni, að gerðarþoli væri staðráðinn í að bera lögmæti úrskurða ríkisskattsjóra undir dómstóla og taka til varna í lögtaksmáli.

Við þingfestingu, þar sem mætt var af hálfu gerðarþola, var lögtakskrafan sundurliðuð þannig skriflega í lögtaksbeiðni:

Þinggjald 1975 hækkun	kr.	815.596
Þinggjald 1976 hækkun	—	1.104.419
Dráttarvextir til 3/7 1979	—	691.546
Samtals	kr.	2.611.561

Óskað var þegar lögtaks hjá gerðarþola til tryggingar skuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar. Við þingfestinguna var bókað, að lögtaks væri krafist til tryggingar þeim fjárhæðum, er í lögtaksbeiðni greinir, auk 4% dráttarvaxta frá 3. júlí 1979 til greiðsludags svo og áfallins og áfallandi kostnaðar, m. a. við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Gerðarþoli hefur gefið skýrslu fyrir dóminum. Hann kvaðst hafa haldið því nokkuð reglulega saman, hvaða vinninga hann hafi hlotið á árunum 1974 og 1975. Því séu framtaldir vinningar á skattframtölum samanlögð fjárhæð þeirra vinninga. Hann kvaðst hafa skráð þetta allt hjá sér, en þá

minnismiða glataða. Hann kvaðst ætíð gera þetta, en láta nú vinninganna ógetið eftir þessa uppákomu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að skattahækkanirnar séu réttmætar, og er um það vísað til ákvæða 38. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er einnig þessu til rökstuðnings vísað til þeirra skjala, sem lögð hafi verið fram undir rekstri málsins. Á það er bent, að grundvöllur skattframtala gerðarþola árin 1975 og 1976 hafi verið háður formlegum annmörkum, með því að hann hafi ekki fullnægt ákvæðum laga nr. 51/1968 um tilhögun bókhalds. Þá hafi bókhaldið verið háð verulegum efnislegum annmörkum, m. a. að því leyti, að vörukaup áranna 1974 og 1975 séu verulega vanfærð, og hafi gerðarþoli engar fullnægjandi skýringar gefið á því. Af þessum sökum hafi ekki verið byggt á ársreikningum gerðarþola rekstrarárin 1974 og 1975 um það, hverjar tekjur hans hafi verið af rekstri hans þau árin. Séu skattframtöl hans árin 1975 og 1976 ófullnægjandi og tortryggileg af framangreindum ástæðum.

Þá er á það bent, að skattframtöl gerðarþola nefnd ár hafi að öðru leyti verið tortryggileg og efnislega röng. Þau séu tortryggileg vegna þess, að lífeyrir gerðarþola samkvæmt þeim framtölum óbreyttum sé afbrigðilega lágur, sbr. nefnt bréf rannsóknardeildar ríkisskattstjóra 25. maí 1979, og tilfærðar tekjur á skattframtali 1975 og framtali 1976 sem skattfrjálsir vinningar í Happdrætti Háskóla Íslands fái ekki staðist svo og séu m. a. vaxtatekjur vanframtaldar. Gerðarþoli hafi ekki fært rök að því, að hann hafi hlotið þá vinninga, sem hann tilfærði á framtölin, en vefengdir séu á grundvelli rannsóknarinnar, að hann hafi hlotið fram yfir það, sem upplýst er. Ætti það að hafa verið gerðarþola auðvelt, þar eð um verulegar fjárhæðir var að ræða, sem hljóti að hafa skipt hann verulega fjárhagslegu máli.

Af öllu framansögðu megi ljóst vera, að skattayfirvöldum hafi borið að endurupptaka áður álögð gjöld á gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og áætla honum gjaldstofna að nýju. Séu áætlaðar fjárhæðir í úrskurði ríkisskattanefndar á engan hátt óhóflegar, enda við ákvörðun fjárhæða tekið tillit til beitingar viðurlaga samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt. Séu úrskurðir skattayfirvalda ítarlega rökstuddir, m. a. með skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Er mótmælt málsástæðum og lagarökum gerðarþola í greinargerð hans.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi aðeins fært viðskiptamannabók, en ekki aðrar bækur, sem bókhaldslög bjóði. Gerðarþoli hafi ekki afhent rannsóknardeild ríkisskattstjóra bókhald, heldur efni í bókhald. Varðandi lífeyrisútreikning gerðarþola beri að líta til þess, að hann hafi haft fyrir 5 manna fjölskyldu að sjá og verið með 2 bíla og einbýlishús. Þótt ekki væru bornar

brigður á útreikning hins löggilta endurskoðanda gerðarþola út frá framtölum, þá fái lífeyrir gerðarþola ekki staðist. Gerðarþoli hafi ekki fært sönnur á allar vinningsfjárhæðir samkvæmt framtölum. Fram hafi komið gögn um einhverja vinninga, en ekki sé fullkomnlega ljóst, hve miklir þeir voru í raun. Gerðarþoli beri sönnunarbyrði um réttmæti allra vinninga, þannig að sannreyna megi þann þátt framtals. Lífeyrir gerðarþola umrædd ár sé neikvæður, svo um muni, þar sem happdrættisvinningar séu ekki sannaðir. Þó svo vinningar að fjárhæða kr. 725.000 væru sannaðir, þá væri lífeyrir gerðarþola samt öfugur. Samt vanti nokkur hundruð þúsund upp á þann útreikning, sem endurskoðandi gerðarþola nái. Framtaldir happdrættisvinningar séu verulegur hluti fjármagns gerðarþola árin 1974 og 1975. Gerðarþoli hafi átt að halda skrá yfir þær tekjur og gjöld, sem leiddi af þátttöku í happdrættinu, og halda skipulega til haga öllum miðum, þ. á m. vinningsmiðum nema desembermiðum. Bent var á heimildir skattayfirvalda í 36. gr. - 38. gr. laga nr. 68/1971 og ákvæði 55. gr. sömu laga og 83. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Gerðarþoli væri skattskyldur, framtalsskyldur og upplýsingaskyldur, en skattayfirvöld eftirlitsskyld. Í 37. gr. laga nr. 68/1971 væri um að ræða skyldu skattstjóra. Álagning mætti ekki vera of lág og dómstóla ekki geta hnekkt álagningu, nema hún væri úr hófi eða út í hött. Engir formgallar séu á málinu og því aðeins spurning um, hvort álagning sé hófleg. Því var mótmælt, að starfsmenn skattstofu hefðu leiðbeiningarskyldu um bókhald. Þeir hefðu aðeins fyrirmæli um eftirlit þess, að bókhald sé haldið samkvæmt lögum. Dráttarvaxtakrafa gerðarbeiðanda, eins og hún er sett fram í greinargerð hans, var ítrekuð og lýst heimil. Þá var því loks haldið fram, að gjalddagi lögtakskröfunnar væri réttur, enda frestaði kæra til ríkisskattanefndar ekki greiðslu.

Af hálfu gerðarþola er gerður samanburður á tölulegum niðurstöðum úrskurða ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar, þannig:

„1975	*Hreinar tekjur*	*Tekjuskattur*
Úrskurður 25.7. 77:	6.000.000.-	2.105.850.-
Úrskurður 31.3. 78:	4.300.000.-	1.419.050.-
Úrskurður 19.3. 79:	3.300.000.-	1.015.050.-
1976		
Úrskurður 25.7. 77:	7.500.000.-	2.632.312.-
Úrskurður 31.3. 78:	5.000.000.-	1.622.312.-
Úrskurður 19.3. 79:	4.000.000.-	1.218.312.-
Lækkun 1975	2.700.000.-	1.090.800.-
Lækkun 1976	3.500.000.-	1.414.000.-
Lækkun samtals	6.200.000.-	2.504.800.-“

Fram eru færðar þær málsástæður og lagarök, að ein af grunnreglum íslenskra skattlagningarákvæða birtist í upphafi 37. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar litið sé til efnis skýrslu hins löggilta endurskoðanda, verði eigi um það efast, að gerðarþoli hafi rækilega uppfyllt hina lögmæltu upplýsingaskyldu sína. Því hafi skattayfirvöldum borið að leggja umrædd framtöl hans ásamt skýringum til grundvallar álagningu í hvívetna. Meðferð málsins hjá skattayfirvöldum hafi hins vegar verið með þeim hætti, að eigi fái staðist að lögum, og komi þar margt til athugunar. Í fyrsta lagi hið geysilega ósamræmi í greindum úrskurðum, þ. e. lækkun um kr. 6.200.000, eða 45.925%, sem sýni, svo ekki verði um villst, á hversu handahófskenndum og ótraustum grunni þeir byggist. Í öðru lagi sé rökstuðningur í téðum úrskurðum í hreinu lágmarki og byggist jafnvel á algerum misskilningi, svo sem best komi fram í áður tilfærðri afsökunarbeiðni úrskurðanda. Í þriðja lagi virðist sönnunarbyrði algerlega snúið við og úrskurður á því byggður, að ekki hafi komið fram skýring á of lágum lífeyri gerðarþola, þar eð hann hafi ekki fært sönnur á umdeilda happdrættisvinninga. Varðandi bókhaldsþátt úrskurðanna er vísað til skýrslu hins löggilta endurskoðanda, sem óskast skoðuð í heild sem hluti greinargerðar gerðarþola.

Við munnlegan flutning málsins var á því byggt af hálfu gerðarþola, að hann hafi rekið bókaverslunina Grímu frá árinu 1969. Um sé að ræða leiðbeiningar- og eftirlitsskyldu skattstofu Reykjanesumdæmis, sem telja verði ötult yfirvald. Gerðarþoli hafi fært sitt bókhald eins og skattstofan hafi unað við. Skattstofan hafi talið þar allt í lagi. Þá hafi vanur endurskoðandi séð um uppgjör og framtöl fyrir gerðarþola. Því var harðlega mótmælt, að gerðarþoli hafi ekkert bókhald haldið, og vitnað til skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um þau gögn, sem gerðarþoli afhenti rannsóknardeildinni í sambandi við rannsókn hennar. Í skýrslunni væri ekki getið um strimla úr sjóðvél og vörutalningabók vegna rekstrarársins 1974, sem verið hafi þá þegar í vörslu skattstofu Reykjanesumdæmis. Það, sem vanti upp á, að uppfyllt séu ákvæði laga nr. 51/1968 um bókhald, sé aðeins formið, skrifa inn í dagbók eða e. t. v. sjóðbók. Þegar nýbúið sé í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra að telja upp verulegt magn af efnivið í bókhald, sé í niðurstöðum hennar sagt, að gerðarþoli hafi ekkert bókhald haldið rekstrarárin 1974 og 1975. Svona vinnubrögð dæmi sig sjálf. Þá var og haldið fram, að hin lokaða sjóðvél væri stórkostleg framför frá því fyrirkomulagi, sem lög nr. 51/1968 um bókhald geri ráð fyrir, og taki hinu lögbundna fram. Gerðarþoli hafi skilað ítarlega útfylltum framtölum og síðan komi rannsóknin 1976. Gerðarþoli hafi þá gert grein fyrir skekkju, sem orðið hafi vegna mistaka. Samkvæmt skýrslu hins löggilta endurskoðanda hafi vanframtaldar tekjur gerðarþola gjaldárið 1975 numið veginni

meðalálagningu 28.90% á vantalin vörukaup kr.1.087.008 rekstrarárið 1974, eða kr. 314.145, og gjaldárið 1976 veginni meðalálagningu 29.92% á vantalin vörukaup kr. 1.721.293 rekstrarárið 1975, eða kr. 515.183. Því hefði átt að bæta þessum tekjum við framtaldar tekjur gerðarþola og reikna skattinn út frá því skv. 37. gr. og 1. mgr. 47. gr. laga nr. 68/1971, en þess í stað hafi verið lagt þannig á, að gerðarþoli hafi ekki átt eignir til að borga álagninguna og því í raun „rúineraður", ef látið hefði verið kyrrt liggja. Varðandi dráttarvaxtakröfuna var því haldið fram, að hún væri ódómhæf, eins og hún væri sett fram í lögtaksbeiðni, og of seint hafi verið að bæta þar úr í greinargerð gerðarbeiðanda og gjalddagi eigi að vera 19. mars 1979 við uppkvaðningu úrskurðar ríkisskattanefndar. Þeirri málsástæðu gerðarbeiðanda, að grundvöllur framtals hafi verið háður formlegum annmörkum samkvæmt lögum nr. 51/1968 um bókhald, var vísað á bug. Aðeins hafi vantað smámuni upp á, að fært væri samkvæmt þeim lögum, og ekki sé hægt að fella gerðarþola á því. Með skýrslu hins löggilta endurskoðanda hafi gerðarþoli komið fram viðamikilli leiðréttingu á svo litlu og það kostað stórfé. Með því sé gerðarþoli búinn að gera fyllilega hreint fyrir sínum dyrum varðandi það, sem haldið væri fram af hálfu gerðarbeiðanda um efnislega annmarka bókhalds, og því eigi að leggja skýrslu endurskoðandans til grundvallar. Varðandi þá málsástæðu gerðarbeiðanda, að framtöl væru tortryggileg og lífeyrir afbrigðilega lágur, var vísað til útreiknings í skýrslu endurskoðandans, en í þann útreikning vanti framangreindar fjárhæðir vanframtalinna tekna af verslunarálagningu og auk þess vangoldinn söluskatt. Komi þá út nægur lífeyrir. Fram hafi komið í málinu nýtt gagn um happdrættisvinninga gerðarþola, þ. e. bréf Happdrættis Háskóla Íslands 9. maí 1980, sem geri athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra ómarktæka og sýni um leið fram á nægan lífeyri. Athugunin sé því byggð á alröngum forsendum. Þá eigi gerðarþoli 3 syni, sem lagt hafi til heimilisins. Því var mótmælt, að unnt væri að miða lífeyrisútreikning við viðmiðun Hagstofu Íslands. Um þá málsástæðu gerðarbeiðanda, að framtöl væru efnislega röng og vinningar í Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) fengju ekki staðist, var það sagt furðulegt, gerði maður sér upp vinninga í happdrætti. Til væru önnur brögð til að leika á skattayfirvöld, hygðust menn gera það. Þá væri það skýlaus regla 37. gr. skattalaga og í samræmi við grundvallarreglu réttarfarslega (dubio pro reo) að alla vefengingu beri skattayfirvöldum að sanna. Væru happdrættisvinningarnir tortryggðir, hvíldi sönnunarbyrði þess á gerðarbeiðanda.

Af hálfu gerðarþola var því loks haldið fram og áréttað, að gerðarþoli hafi fullnægt upplýsingaskyldu samkvæmt 37. gr. skattalaga með skýrslu hins löggilta endurskoðanda og skattayfirvöldum því borið að leggja hana til grundvallar, sbr. úrræði skattayfirvalda í 40. gr. og 5. mgr. 41. gr.

skattalaga, og spurt í því sambandi, hvort því skilyrði hefði verið fullnægt, að úrskurðir væru rökstuddir. Finna mætti að ýmsu hjá gerðarþola, en það hafi hann allt lagað með ærnum kostnaði. Þá var því harðlega mótmælt, sem fram kom í málflutningi gerðarbeiðanda úr dönskum og norskum fræðiritum og ritgerð álagningarstjórans norska um sönnunarbyrði gjaldþegna. Með fyrri úrskurði ríkisskattstjóra hefði gerðarþoli verið sviptur aleigu sinni og getað lent á vergangi. Var valdníðsla nefnd í því sambandi. Í síðari úrskurðinum sjái úrskurðandi að sér og leiðrétti söluskattsþáttinn, en leiðrétti ekki málið í heild. Úrskurður ríkisskattanefndar, sem í raun eigi að vera skattadómstóll, eigi að vera endir allrar þrætu. Skýr ákvæði skattalaga séu þverbrotin vegna skorts á rökstuðningi, sbr. 41. gr. laga nr. 68/1971. Að því er og fundið, að ríkisskattanefnd taki orðrétt upp meginniðurstöður skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Öll meðferð skattayfirvalda frá upphafi til enda sé andstæð lögum. Skattayfirvöld byggi á ótraustum grundvelli og gögnum, þannig að ekki sé viðhlítandi.

Í fógetamáli þessu er deilt um þau álögðu gjöld, sem gerðarþola hefur verið gert að greiða af áætluðum hreinum tekjum, svo sem að framan er rakið, og dráttarvexti af þeim, en gerðarbeiðandi hefur talið dráttarvexti frá 30. apríl 1978, eða mánuði eftir að hann beindi þeirri áskorun til gerðarþola að greiða gjöldin eða semja um greiðslu þeirra.

Gerðarþoli var bókhaldsskyldur samkvæmt 1. tl. B 2. gr. laga nr. 51/1968. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. sömu laga skyldi gerðarþoli sjá um, að ákvæðum laganna væri fullnægt. Af gögnum málsins kemur skýrt fram, að bókhald gerðarþola var mjög ófullkomið og eigi viðhlítandi grundvöllur undir skattframtölum hans, sem voru tortryggileg og haldin ýmsum annmörkum, sem hann hefur ekki gefið viðhlítandi skýringar á. Var ríkisskattstjóra því heimilt, eins og á stóð, að víkja skattframtölum gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 til hliðar og áætla tekjur gerðarþola og gera honum að greiða gjöld samkvæmt því, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 7/1972. Með rökstuddri ályktun var það og niðurstaða ríkisskattanefndar, að framtöl gerðarþola yrðu eigi lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda. Rökstuðningur í kærum gerðarþola þykir eigi hafa uppfyllt skilyrði 37. gr. laga nr. 68/1971 þess efnis, að skattur yrði á lagður samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, eins og haldið er fram af hálfu gerðarþola. Eigi er á það fallist, að rökstuðning skorti í úrskurði ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar, þannig að ógildi álagningarinnar valdi.

Það er fram komið í málinu, að sannaðir happdrættisvinningar gerðarþola á árinu 1975 nema hærri fjárhæð en fram kemur í fyrri úrskurði ríkisskattstjóra. Í þeim úrskurði er sett fram álit ríkisskattstjóra á verulega

neikvæðum framfærslueyri gerðarþola og fjölskyldu hans og ekki viðurkenndir framtaldir happdrættisvinningar við þann útreikning. Í síðari úrskurði ríkisskattstjóra segir, að í rökstuðningi endurskoðandans sé ekki tekið tillit til ýmissa atriða, sem fram komi í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Þegar það hafi verið gert, en ekki tekið tillit til happdrættisvinninga skv. framtölum, komi sá framfærslueyrir, sem getið sé um í hinum kærða úrskurði, fram án umtalsverðs munar. Hreinar tekjur gerðarþola áætlar ríkisskattstjóri út frá ætluðum framfærslueyri gerðarþola að viðbættum viðurlögum. Með úrskurði ríkisskattanefndar voru gerðarþola endanlega áætlaðar hreinar tekjur til skatts gjaldárin 1975 og 1976. Þar segir, að teknaáætlun ríkisskattstjóra sé hærri en efni standa til, án þess að ástæðna sé getið, en áður er fram komið í úrskurðinum, að ekki hafi komið fram nægileg skýring á lágum lífeyri, þar eð gerðarþoli hafi ekki fært sönnur á umdeilda happdrættisvinninga. Af úrskurði ríkisskattanefndar þykir verða að draga þá ályktun, að endanleg áætlun hreinna tekna sé eigi byggð alfarið á ætluðum framfærslueyri gerðarþola og fjölskyldu hans, eins og í úrskurðum ríkisskattsjóra, heldur á þeirri staðreynd, að framtöl hans yrðu ekki lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda umrædd ár. Óumdeilt er, að gjaldahækkanirnar séu í samræmi við tekjuhækkanirnar.

Margnefndir happdrættisvinningar eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla, sbr. 4. gr. laga nr. 13/1973. Það er álit dómsins, að gerðarþola hafi borið að gæta þess, að fyrir hendi væru upplýsingar og gögn til sannprófunar framtöldum happdrættisvinningum, sbr. 83. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, og þá sérstaklega eins og hér stóð á. Þó er það ágalli á úrskurðum ríkisskattstjóra að telja sannaða happdrættisvinninga lægri en upplýst var, en í því sambandi ber þess þó að geta, að gerðarþoli hefur enga grein gert fyrir kostnaði af þátttöku í happdrættinu. Það þykir eigi sýnt, að teknaáætlun ríkisskattanefndar sé úr hófi af þessari ástæðu eða öðrum, en í áætluðum tekjustofnum eru með talin viðurlög samkvæmt 47. gr. laga nr. 68/1971. Eigi þykir að öðru leyti sýnt fram á efnislega ágalla á áætlunum ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar, sem hér skipti máli. Með vísan til þessa verða áætlanir ríkisskattanefndar lagðar til grundvallar skattaákvörðunum þeim, sem hér er fjallað um, en lækka ber kröfufjárhæð um kr. 155.000, sem var ákvarðaður skyldusparnaður gjaldárið 1976 samkvæmt síðari úrskurði ríkisskattstjóra, enda er hann ekki meðal þeirra gjalda, sem greinir í úrskurði ríkisskattanefndar, og gjaldstofnar voru auk þess lækkaðir í þeim úrskurði, þannig að staðfestingarákvæði hans þykir eigi verða virt sem staðfesting úrskurðar ríkisskattstjóra að þessu leyti.

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 68/1971 frestaði kæran til ríkisskattanefndar ekki eindaga álagðra gjalda né leysti undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra.

Þegar litið er til upphaflegrar kröfugerðar og nánari útfærslu hennar í greinargerð gerðarbeiðanda, sem eigi var mótmælt af hálfu gerðarþola fyrr en við munnlegan flutning málsins, þykir með vísan til framanritaðs hið umbeðna lögtak eiga að fara fram fyrir kr. 1.775.015 (1.930.015 ÷ 155.000) ásamt dráttarvöxtum, svo sem krafist er, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp úrskurð þennan.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðarins, stafar af öðrum önnum dómarans við embættið.

Úrskurðarorð:

Lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Magnúsi Þorleifssyni, til tryggingar 1.775.015 krónum ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 30. apríl 1978 til 31. maí 1979, 4% dráttarvöxtum frá 1. júní 1979 til 31. ágúst 1979 og 4½% dráttarvöxtum frá 1. september 1979 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. maí 1983.

Nr. 146/1980. **Magnús Þorleifsson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
innheimtumanni ríkisins
í Garðakaupstað
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Söluskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. ágúst s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang lögtaksins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í lögtaksbeiðni 15. júní 1979 er gerð krafa um lögtak hjá áfrýjanda fyrir söluskattshækkun 1974 að fjárhæð gkr. 394.664 og fyrir söluskattshækkun 1975 að fjárhæð gkr. 598.456. Lögtakskrafan er í samræmi við úrskurð ríkisskattstjóra frá 31. mars 1978, sem staðfestur var með úrskurði ríkisskattanefndar 19. mars 1979. Sundurliðun gjaldanna er þannig, að hækkun sölugjalds 1974 er 247.500 gkr. og viðurlög 147.164 gr., eða samtals 394.664 gkr., en hækkun sölugjalds 1975 er 416.500 gkr. og viðurlög 181.956 gkr., eða samtals 598.456 gkr. Kröfugerð í lögtaksbeiðni er því í samræmi við úrskurð ríkisskattstjóra frá 31. mars 1978. Fær því ekki staðist sú málsástæða áfrýjanda í héraði, að grundvöllur málsins sé rangur vegna ósamræmis í kröfugerð í lögtaksbeiðni og úrskurðum skattayfirvalda.

Í rökstuðningi héraðsdómara segir m. a. svo: „Var ríkisskattstjóra því heimilt, eins og á stóð, að áætla gerðarþola viðbótarsöluskatt og leggja á viðurlög, sbr. 42. gr. laga nr. 68/1971. . .“ Þar ætti að bætast við svohljóðandi lagatilvitnun: sbr. 16. gr. laga nr. 7/1972.

Með þessum athugasemdum og að öðrum leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann um framgang lögtaksins, en fjárhæðir hafa eigi sætt reikningslegum andmælum.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Þorleifsson, greiði stefnda, innheimtu-

manni ríkisins í Garðakaupstað, 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar 2. júní 1980.

Mál þeatta var þingfest 3. júlí 1979 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. maí 1980.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þess endanlega krafist, að lögtak megi framkvæma hjá gerðarþola, Magnúsi Þorleifssyni (6293-5626), Mávanesi 21, Garðakaupstað, til tryggingar söluskattsskuld að fjárhæð kr. 664.000 ásamt viðurlögum til 16. júlí 1977, alls kr. 329.120, svo og viðurlögum 1.5% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 664.000 frá og með 16. júlí 1974 til 15. maí 1978, 3% viðurlögum fyrir hvern vanskilamánuð af sömu upphæð frá 16. maí 1978 til 15. júní 1979, 4% viðurlögum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu upphæð frá 16. júní 1979 til 31. ágúst 1979 og með 4.5% viðurlögum fyrir hvrn byrjaðan vanskilamánuð af sömu upphæð frá 1. september 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist aðallega, að álagning umkrafins söluskatts verði metin ólögmæt, synjað verði með öllu um, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga, og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað skv. gjáldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að gerðin nái aðeins til þess hluta sköluskattsins, sem sannanlega liggur fyrir, að vangoldin er, og jafnframt er krafist málskostnaðar svo sem í aðalkröfu.

Með fullnaðarúrskurði ríkisskattanefndar hinn 19. mars 1979, sem staðfesti um það efni síðari úrskurð ríkisskattstjóra frá 31. mars 1978, voru gjöld þau, sem krafin eru í máli þessu, lögð á gerðarþola. Um er að ræða áætlun á söluskattsskyldri veltu gerðarþola rekstrarárin 1974 og 1975 og ákvarðaðan söluskatt af þeirri hækkun veltunnar svo og viðurlög. Fram hafði farið athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á skattframtölum gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og bókhaldi hans og söluskattsskýrslum rekstrarárin 1974 og 1975. Skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um athugunina er undirrituð af Haraldi Haraldssyni og dags. 27. desember 1976. Henni fylgja m. a. endurrit úr gerðabók rannsóknardeildar ríkisskattstjóra varðandi skýrslutöku af gerðarþola 13. ágúst 1976 og 10. nóvember 1976, sbr. 36. gr. laga nr. 68/1971. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 10. janúar 1977, var skýrslan send gerðarþola. Í bréfinu segir, að athugunin hafi leitt í ljós mikla annmarka á framtölum gerðarþola, bókhaldi og söluskattsskilum. Með hliðsjón af því, sem fram komi í skýrslunni, hafi ríkisskattstjóri í hyggju, eins og mál geðarþola liggi fyrir, að áætla honum gjaldstofna þessi ár og hækka áður álögð opinber gjöld hans gjaldárin 1975 og

1976 í samræmi við þá áætlun. Einnig hafi ríkisskattstjóri í hyggju að áætla gerðarþola söluskattsskylda veltu fyrir rekstrarárin 1974 og 1975 og ákvarða söluskatt í samræmi við það. Var gerðarþola gefinn frestur til 25. sama mán. til að koma að þeim mótmælum, gögnum og skriflegum skýringum, sem hann kynni að óska að leggja fram.

Eftir ósk umboðsmanns gerðarþola í bréfi, dags. 24. sama mán., var gerðarþola ákveðinn viðbótarfrestur til 9. febrúar 1977 með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 26. janúar. Með bréfi umboðsmanns gerðarþola, dags. 9. febrúar 1977, er óskað eftir greinargerðarfresti til 1. apríl 1977. Segir í bréfinu, að ekki hafi reynst unnt að fá reikningslega hlið málsins kannaða á tilgreindum fresti vegna anna endurskoðanda gerðarþola og gerðarþoli sé sannfærður um, að leiðrétta megi augljósar villur í framtölum, ef nógu vel væri skoðað. Ljóst sé, að könnun taki talsverðan tíma, auk þess sem sérstakar annir næstu vikur valdi því, að bið verði á, að verkið geti hafist. Geðarþoli vekur sérstaka athygli á því, að af hálfu skattstofu Reykjanesumdæmis hafi farið fram skoðun á bókhaldi hans árið 1975, án þess nokkrar athugasemdir væru gerðar. Kveðist hann því hafa verið í góðri trú um, að frekari kröfur væru ekki gerðar, en hafi nú af gefnu tilefni endurskipulagt bókhald sitt og sé það fært í samræmi við góða bókhaldsvenju. Gerðarþoli áskildi sér fullan rétt til að kom að athugasemdum á síðari stigum málsins, yrði ekki á frestsbeiðnina fallist. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 10. febrúar 1977, var gerðarþola veittur frestur til 1. mars nk.

Í úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 25. júlí 1977 (mál 2-2-537) segir, að skv. heimild í 42. gr. laga nr. 68/1971 hafi ríkisskattstjóri ákveðið að ákvarða söluskatt gerðarþola að nýju fyrir árin 1974 og 1975. Að því er málavexti og rökstuðning varðar er vísað til skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um mál gerðarþola og úrskurða ríkisskattstjóra um hækkun á oinberum gjöldum gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976, dags. sama dag, (mál 2-1-536 og 2-3-538).

Í máli 2-3-538 hefur ríkisskattstjóri tekið til ákvörðunar að nýju álagt útsvar og aðstöðugjald gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og sjúkratryggingargjald gjaldárið 1976. Þar er vísað til máls 2-1-536 (um hækkun tekjuskatts gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og skyldusparnað gjaldárið 1976) að því er málavexti og rökstuðning varðar.

Í máli 2-1-536 er gerð grein fyrir framangreindum bréfaskriftum og tekið fram, að geinargerð hafi ennn ekki borist. Er síðan vikið að útreikningi á framfærslueyri gerðarþola og fjölskyldu hans og komist að þeirri niðurstöðu, að hann sé um kr. 2.874.000 minni en ekki neitt á árinu 1974 og um kr. 3.466.000 minni en ekki neitt á árinu 1975. Af þessu svo og innlögum gerðarþola á ýmsa reikninga sína (kr. 10.206.290 árið 1974 og kr. 12.753.687 árið 1975) sé ljóst, að gerðarþoli hafi þau ár haft mjög verulegt

fjármagn til ráðstöfunar, sem ekki sé gerð grein fyrir í framtölum hans. Fyrir liggi, að rekstrarreikningar 1974 og 1975 gefi ekki rétta mynd af hreinum tekjum verslunar gerðarþola. Heildarvörukaup skv. rekstrareikningunum séu t. d. verulega vantalin skv. þeim gögnum, er gerðarþoli lagði fram. Sé þó alls engin vissa fyrir því, að þau gögn hafi sýnt öll vörukaup. Ætla verði, að sala sé vantalin til tekna, a. m. k. hlutfallslega við vörukaup.

Það kemur fram í gögnum málsins, að við fyrri úrskurði ríkisskattstjóra 25. júlí 1977 var hækkun hreinna tekna gerðarþola skattárin 1974 og 1975 ákveðin með hliðsjón af meintum sennilegum framfærslueyri gerðarþola þau ár. Hækkun söluskattsins var við það miðuð, að sú hækkun hreinna tekna væru tekjur, sem runnar væru frá atvinnurekstri gerðarþola, enda segir í söluskattsúrskurðinum (mál 2-2-573) 25. júlí 1977: „Að svo stöddu máli þykir eðlilegt að hækka sölugjald gjaldandans fyrir árin 1974 og 1975 það mikið, að hækkun þess samsvari því nær hækkun ríkiskattstjóra á hreinum tekjum gjaldandans án viðurlaga.

Skv. því þykir hækkun á söluskattsskyldri veltu án reiknaðs sölugjalds hæfilega ákveðin 3.600.000 kr. á árinu 1974, og verður þeirri hækkun skipt jafnt á alla mánuði ársins.

Hækkun á söluskattsskyldri veltu án reiknaðs sölugjalds þykir á sama hátt hæfilega ákveðin 4.500.000 kr. á árinu 1975, og verður þeirri hækkun einnig skipt jafnt á alla mánuði ársins."

Í úrskurðinum er söluskattur ársins 1974 hækkaður um kr. 594.000 og lögð á viðurlög til 16. júlí 1977, kr. 353.205, en ársins 1975 hækkaður um kr. 892.500 og lögð á viðurlög til 16. júlí 1977, kr. 389.906. Samtals gera þessar fjárhæðir kr. 2.229.611. Kærufrestur til ríkisskattstjóra vegna breytingaatriða var 21 dagur fra dagsetningu úrskurðarins.

Þennan úrskurð svo og hina tvo kærði lögmaður gerðarþola með bréfi, dags. 12. ágúst 1977. Þar segir, að Árni Björn Birgisson, löggiltur endurskoðandi, hafi tekið að sér að yfirfara umrætt bókhald gerðarþola og muni skila álitsgerð innan fárra vikna. Fyrr en sú niðurstaða lægi fyrir, væri þýðingarlaust að taka til lögfræðilegra efnisvarna og þess krafist, að gerðarþoli fengi að flytja mál sitt, áður en frekari úrskurður yrði á lagður. Rökstuðningur endurskoðandans fyrir kæru gerðarþola er dagsettur 11. janúar 1978.

Verður nú vikið að skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og rökstuðningi endurskoðandans fyrir kæru gerðarþola að því marki, sem hér þykir skipta máli.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjora segir, að á þeim árum, sem athugun náði til, hafi gerðarþoli rekið bókaverslunina Grímu að Garðaflöt 16—18 í Garðakaupstað. Jafnframt rekstri verslunarinnar hafi gerðarþoli haft umboð fyrir HHÍ og SÍBS í Garðakaupstað. Þá var gerðarþoli í fullu starfi sem framkvæmdastjóri iðnskóla á Íslandi.

Skattframtöl gerðarþola umrædd gjaldár séu undirrituð af gerðarþola og eiginkonu hans. Með framtölunum fylgi óundirritaðir rekstrar- og efnahagsreikningar ásamt sundurliðun á skuldum við viðskiptamenn pr. 31/12 1974 og pr. 31/12 1975.

Í tilefni af athugun rannsóknardeildarinnar lagði gerðarþoli fram gögn þessi vegna veslunarrekstrarins: vegna rekursársins 1974: viðskiptamannabók, fylgiskjalamöppur, hlaupareikningsstofnmiða og hlutamiðabók vegna HHÍ. Vegna rekstrarársins 1975: sömu gögn auk strimla úr sjóðvél, vörutalningarbókar pr. 31/12 1975 og frumbókar vegna sölu til Garðakaupstaðar. Annað bókhald hafði gerðarþoli ekki haldið vegna rekstrarins. Ekki sjóðbók, dagbók eða aðal- og efnahagsbók. Kveður skýrslan, að gerðarþoli hafi ekki haldið annars konar skráningu á sölu og gjöldum vegna rekstrar verslunarinnar. Hafi því reynst útilokað að rekja viðskiptin og notkun fjármuna. Ekki sé ljóst, á hverju rekstrar- og efnahagsreikningar séu byggðir. Tilfærð sala hvers mánaðar á söluskattsskýrslum 1975 sé í samræmi við sölu skv. framlögðum kassastrimlum. Samræmi sé með söluskattsskýrslum 1974 og tilfærðri sölu á rekstrarreikningi fyrir það ár, en sala skv. söluskattsskýrslum 1975 5.000 kr. lægri en tilfærð sala í rekstrarreikningi fyrir það ár. Þar sem gerðarþoli hafi ekkert bókhald haldið, hafi ekki reynst unnt að sannreyna einstaka liði á rekstrar- og efnahagsreikningum meðfylgjandi framtölum 1975 og 1976.

Niðurstaða athugunar á heildarvörkaupum verslunarinnar árin 1974 og 1975 skv. framlögðum gögnum í samanburði við tilfærð vörukaup á rekstrarreikningum var sú, að vörukaup á rekstrarreikningi 1974 voru vanfærð um kr. 1.087.008 (4.517.973 ÷ 3.430.965) og 1975 um kr. 1.721.293 (5.476.279 ÷ 3.754.986).

Af meðfylgjandi gögnum verði eigi séð, að vörusala til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, sem skv. upplýsingum þaðan hafi numið kr. 356.542 árið 1974 og kr. 779.888 árið 1975, sé innifalin í tilfærðri vörusölu á söluskattsskýrslum og rekstrarreikningum. Fyrir liggi, að um nokkra aðra sölu gegn gjaldfresti hafi verið að ræða.

Gerðarþoli hafi skilað undirrituðum söluskattsskýrslum fyrir öll söluskattstímabil árin 1974 og 1975. Þess er getið, að söluskattsskýrslurnar styðjist ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970 um tilhögun bókhalds. Tilfærð sala á skýrslunum sé sala í versluninni skv. strimlum úr lokaðri sóðvél. Um annmarka á söluskattsskýrslum er að öðru leyti vísað til þess, sem greint hefur verið hér að framan.

Þá segir, að við samanburð á skattframtölum gerðarþola umrædd ár auk rekstrar- og efnahagsreikninga, er þeim fylgdu, og öðrum fyrirliggjandi gögnum komi í ljós ýmsir frekari annmarkar:

1. Vanframtalin sé inneign hjá bæjarsjóði Garðakaupstaðar kr. 116.553 pr. 31/12 1974 og kr. 423.583 pr. 31/12 1979.

2. Á árinu 1975 hafi gerðarþoli fengið úthlutað byggingarlóð nr. 2—6 við Eddufell í Reykjavík undir verslunarhúsnæði og greitt kr. 450.000 upp í gatnagerðargjöld til borgarverkfræðings ásamt kr. 6.345 í vaxtagjöld. Ekki sé getið um úthlutunina eða greiðslu gatnagerðargjalda, en vaxtagjöldin talin fram.

3. Könnuð hafi verið bankaviðskipti gerðarþola og verslunar hans á árunum 1974 og 1975 í tveimur lánastofnunum. Ekki sé getið við Verzlunarbanka Íslands h/f víxilskulda verslunarinnar kr. 122.722 pr. 31/12 1974 og kr. 63.884 pr. 31/12 1975, sparisjóðsreiknings nr. 671819 á nafni verslunarinnar með innstæðu kr. 17.181 pr. 31/12 1974 og kr. 19.415 pr. 31/12 1975, víxilskuldar gerðarþola sjálfs kr. 100.000 í árslok 1975 og hlaupareiknings nr. 18198 á nafni verslunarinnar með innstæðu kr. 233.911 pr. 31/12 1974 og kr. 509.292 pr. 31/12 1975 og vaxtatekna af þeim reikningi kr. 1.165 árið 1974 og kr. 4.204. Samkvæmt reikningsyfirliti hafi heildarfjárhreyfingar á reikningi nr. 18198 verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974 (frá 1. apríl)	kr. 7.686.222	kr. 7.940.139
1975	— 12.441.819	— 12.717.000

Samkvæmt bankayfirliti hafi heildarfjárhreyfingar á hlaupareikningi nr. 418 á nafni verslunarinnar við Sparisjóð Kópavogs verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974	kr. 1.965.466	kr. 1.933.928
1975	— 61.140	— 34.526

Ekki sé getið inneigna á þessum reikningi kr. 27.095 pr. 31/12 1974 og kr. 481 pr. 31/12 1975 og vaxtatekna kr. 794 árið 1974 og kr. 475.

Heildarfjárhreyfingar á bankareikningi nr. 5793 á nafni verslunarinnar við Sparisjóð Kópavogs hafi skv. bankayfirliti verið sem hér segir:

Ár:	*Úttekið:*	*Innlagt:*
1974	kr. 1.113.000	kr. 332.223
1975	— 0	— 2.161

Ekki sé getið inneigna á þessum reikningi kr. 16.627.50 pr. 31/12 1974 og kr. 18.789 pr. 31/12 1975 eða vaxtatekna kr. 15.435.60 árið 1974 og kr. 2.161 árið 1975.

4. Inneignar hjá Innkaupastofnun bóksala kr. 37.563 pr. 31/12 1974 skv. viðskiptamannabók verslunarinnar sé ekki getið.

Meginniðurstöður skýrslu rannsóknardeildarinnar eru svohljóðandi:

„Gjaldandi er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 51/1968 um bókhald.

Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, er ljóst, að skattframtöl gjaldanna, ársreikningar þeir, sem þeim skattframtölum fylgja, og söluskattsskýrslur fyrir þau ár, sem rannsökuð voru, eru háð miklum annmörkum, og verða hér raktir þeir helstu, en að öðru leyti er vísað til þess, sem rakið er í skýrlunni hér að framan, og til annarra gagna málsins:

1. Gjaldandi hefur ekkert bókhald fært rekstrarárin 1974 og 1975. Ársreikningar þeir, sem fylgja skattframtölum gjaldárin 1975 og 1976, og söluskattsskýrslur rekstrarárin 1974 og 1975 styðjast því ekki við tilskilið bókhald, sbr. lög nr. 51/1968 og IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt. Þá hefur gjaldandi eigi haldið annars konar skráningu á seldum vörum í verslun sinni og greiddum kostnaði. Er því útilokað að rekja einstaka liði á ársreikningum og sölu skv. söluskattsskýrslum til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram, enda veita framlögð gögn og upplýsingar ófullnægjandi fræðslu um rekstur og fjárreiður verslunar gjaldanda á nefndum árum.
2. Eins og rakið er í skýrslunni, eru vörukaup verulega vanframtalin á rekstrarreikningum fyrir árin 1974 og 1975, er fylgja framtölum gjaldárin 1975 og 1976. Reiknuð álagning samkvæmt þeim ársreikningum, þegar búið er að taka tillit til birgðabreytinga án söluskatts, er 31% fyrir árið 1974 og 42% fyrir árið 1975. Af verulegum vanframtöldum vörukaupum hlýtur því að leiða, að vörusala á sömu ársreikningum og á öllum söluskattsskýrslum fyrir rekstrarárin 1974 og 1975 sé verulega vanframtalin. Í þessu sambandi má einnig benda á fjárhreyfingar á bankareikningum gjaldanda.
3. Ýmsir annmarkar aðrir eru á skattframtölum gjaldanda gjaldárin 1975 og 1976. Má í því sambandi benda á, að bæði eru skuldir og eignir vanframtaldar og eignabreytinga ekki getið, eins og rakið er í skýrslunni. Þá eru og m. a. vaxtatekjur vanframtaldar. Loks má benda á, að lífeyrir gjaldanda skv. þeim skattframtölum er afbrigðilega lágur. Þá fá tilfærðar happdrættisvinningsfjárhæðir ekki staðist.

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að skattframtöl, ársreikningar og söluskattsskýrslur eru háð veigamiklum annmörkum og verða ekki lögð til grundvallar álagningu opinberra gjalda.“

Í skýrslum hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra kvað gerðarþoli strimla úr sjóðvélinni hafa verið merkta viðkomandi mánuði og ári, er þeir voru teknir úr sjóðvélinni. Hann kvaðst semja skuldalista upp úr viðskiptamannabók um hver áramót. Hann kvað öll vörukaup verslunarinnar hafa verið skráð í viðskiptamannabók eftir bestu vitund. Í síðari skýrslunni kvað gerðarþoli endurskoðanda sinn, Gústaf A. Ágústsson, vera löggiltan og vinna reikningsskil að öðru leyti. Einu persónulegu viðskiptin í viðskiptamannabók vera viðskipti við BYKO. Staðgreiðsluvörukaup frá bókaútgefendum væru ekki færð í bækur, vegna þess að mjög lítil brögð væru að þess konar vörukaupum. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar námu þessi vörukaup kr. 218.881 árið 1974 og kr. 167.663 árið 1975. Hann kvaðst færa frumbók yfir vörusölu út í reikning til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, en taldi litla aðra lánastarfsemi eiga sér stað. Allar greiðslur, sem kæmu frá bæjarsjóði, væru slegnar inn á sjóðstrimla sjóðvélar, en gjöld gerðarþola til bæjarsjóðs millifærð að öðru leyti og koma til frádráttar skuld. Hann kvað reikn. nr. 5793 í Sparisjóð Kópavogs fyrst og fremst hafa verið notaðan fyrir heimilið og mikinn hluta happdrættisvinninga lagðan þar inn. (Í fyrri skýrslunni kvaðst hann á umræddum árum hafa notað hlaupareikning nr. 418 í Sparisjóði Kópavogs, en opnað reikning nr. 18198 í Verzlunarbankanum, sennilega á árinu 1974. Á þá reikninga hafi farið allt hans fjármagn og rekstri ekki haldið aðskildum frá einkaúttekt). Hann kvaðst ætla að koma upp verslun að Eddufelli 2—6, Reykjavík, og hafa greitt kr. 250.000 þann 16. júní 1975 inn á gatnagerðargjöld til skrifstofu borgarverkfræðings. Hann kvað sjóðstrimlum fyrir rekstrarárið 1974 hafa verið komið á skattstofu Reykjanesumdæmis og í vörslur þar. Þá tók gerðarþoli fram, að skattstofa Reykjanesumdæmis hafi rannsakað fengin bókhaldsgögn fyrir tvö ár, þ. e. rekstrarárin 1973 og 1974, fyrir utan fyrirspurnir varðandi ýmsa þætti reksturs. Öllu hafi verið svarað og gögn sýnd, en engin ábending, óskir eða fyrirmæli um að færa bókhald á annan hátt hafi komið fram.

Í rökstuðningi endurskoðandans, dags. 11. jan. 1978, segir m. a., að gerðarþoli hafi við rannsókn málsins ekki á neinn hátt reynt að tálma rannsóknina eða skjóta undan gögnum. Ein af ástæðum þess, að gerðarþoli hafi ekki haldið frekara bókhald, væri m. a. sú, að í tvígang hafi hann verið heimsóttur af starfsmönnum skattstjóra Reykjanesumdæmis. Við þær heimsóknir hafi hann óskað eftir, að sér yrði bent á, á hvern hátt bókhald sitt væri ófullnægjandi, en nefndir starfsmenn ekki getað leyst úr því og hljóti gerðarþoli því að vera í góðri trú um sín mál. Bókhaldi og ársreikningum gerðarþola hafi því verið haldið í sama formi öll þau ár, er hann hafi verið með rekstur. Rannsóknardeildin hafi leitt fram, hver væru vörukaup gerðarþola umrædd ár. Á sama hátt hefði rannsóknardeildin mátt

sannreyna alla aðra liði í rekstrarreikningi gerðarþola, en öll fylgiskjöl hafi verið lögð fram og þeim raðað í fylgiskjalamöppur eftir stafrófsröð á seljendum aðfanga. Bent er á viðskiptamannbók, sem færð sé mjög ítarlega umrædd ár. Með því að greiða nær allt með ávísunum og nota til þess tvo veltufjárreikninga sé bundin meðferð á sjóði og þar af leiðandi gerlegra að rekja viðskiptin. Í versluninni sé sérstök lokuð sjóðvél, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt, og afrit úr þeirri sjóðvél ætíð geymd. Af stofnmiðum með ávísunum megi sjá, að ætíð sé rituð dagsetning og texti greiðslunnar. Varðandi lánsölu, sem eingöngu sé til bæjarsjóðs Garðakaupstaðar, er tekið fram, að hún sé talin fram til söluskatts, þegar hún sé greidd. Á þann hátt myndist hugsanlega 1—2 mánaða dráttur á söluskattsskilum, en þessari lánsölu sé alfarið ekki skotið undan, eins og skýrsla rannsóknardeildarinnar beri með sér. Í máli þessu virðist endurskoðandanum þungamiðjan vera þau frávik, sem fram hafi komið varðandi gjaldfærð vörukaup og vörukaup samkvæmt framlögðum gögnum. Út frá því verði að reikna ætlað undanskot gerðarþola. Þau frávik, sem hér um ræði, séu kr. 1.087.008 árið 1974 og kr. 1.721.293 árið 1975. Samkvæmt þeim vörukaupum, sem reiknuð væru eftir framlögðum gögnum og hlutdeild vöruflokka út frá kr. 4.517.973 árið 1974 og 5.476.279 árið 1975 yrði vegin meðalálagning sem næst 28.90% árið 1974 og 29.93% árið 1975, en samkvæmt skattframtölum reiknist meðalálagning 31.0% árið 1974 og 42.2% árið 1975. Af því megi ljóst vera, að ekki sé skotið undan sölu að öllu leyti í hlutfalli við vanfærð vörukaup, en samkvæmt reiknaðri veginni meðalálagningu hefði vörusala átt að vera 5.790.568 árið 1974 og kr. 7.611.570 árið 1975, en þá hafi verið bætt við söluskatti. Samkvæmt gögnum málsins var söluskattsskyld velta gerðarþola skv. undirrituðum söluskattskýrslum og óundirrituðum rekstarreikningum kr. 4.213.124. árið 1974 og kr. 5.381.388 árið 1975, þó kr. 5.000 lægri síðara árið á sölusakttsskýrslum en rekstararreikningi. Með tölulegum útreikningi kemur fram hjá endurskoðandanum, að birgðir hafi í ársreikningum verið afreiknaðar um 30.0% álagningu árið 1974 og 31.6% álagningu árið 1975. Um sé að ræða sem næst 2% frávik reiknaðrar veginnar meðalálagningar milli ára, en eðlilegt sé að taka tillit til a. m. k. 3—5% rýrnunar. Af þessu megi ljóst vera, að gerðarþoli geti með fullum rökum sýnt fram á, hvert sé sennilegast söluverðmæti í verslun hans á umræddum árum. Fyrir liggi, hver séu vantalin vörukaup í versluninni og meðalálagning verði eigi tortryggð, þegar þessi atriði öll séu virt.

Um byggingarlóðina við Eddufell, Reykjavík, hafi mikil óvissa ríkt strax um úthlutunina. Enn þann dag í dag séu engar byggingarframkvæmdir hafnar þar og gerðarþoli m. a. fengið bréf frá borgaryfirvöldum, þar sem nefnd úthlutun hafi verið afturkölluð.

Samkvæmt veltufjárreikningum gerðarþola við nefndar lánastofnanir í skýrslu rannsóknardeildarinnar hafi inn- og útgreiðslur á umræddum árum numið eftirtöldum fjárhæðum :

Ár:	*Innlagt:*	*Úttekið:*
1974	kr. 9.874.067	kr. 9.651.688
1975	— 12.751.526	— 12.502.759

Bæði í skýrslu rannsóknardeildarinnar og í forsendum með úrskurði ríkisskattstjóra varðandi tekjuskatt sé látið að því liggja, að þessi háa velta hljóti að vera til komin vegna undandreginnar sölu. Hér sé um mikinn misskilning að ræða. Mjög auðvelt sé að ná upp hárri veltu á slíkum reikningum, m. a. með millifærslum. Gerðarþoli hafi einnig tekið fram, að allir fjármunir vegna umboðsstarfa hans hafi runnið í gegnum þessa reikninga, og nefnt sem dæmi, að á árinu 1975 hafi sú velta numið sem næst kr. 2.500.000. Samkvæmt yfirliti HHÍ hafi veltan numið kr. 2.411.600 það ár. Þá hafi auk þess runnið í gegnum þessa reikninga vinningsfjárhæðir gerðarþola. Á umræddum árum hafi gerðarþoli verið í byggingarframkvæmdum að Mávanesi 21 í Garðakaupstað. Veltufjárreikningana hafi hann notað að öllu leyti vegna þeirra framkvæmda, sem numið hafi kr. 5.582.697 á árinu 1974 og kr. 1.192.910 á árinu 1975. Þegar einnig sé tekið tillit ætlaðrar heildarsölu skv. framangreindum útreikningum auk vinnulauna, megi sjá, að áðurnefdar fjárhæðir, sem velt hafi verið á þessum bankareikningum, séu að fullu skýrðar.

Að lokum segir svo í rökstuðningi endurskoðandans:

„Að því, sem að framan hefur verið rakið, þykir mér sýnt, að hækkun tekna umbjóðanda míns, samanber úrskurði ríkisskattstjóra, sé ekki byggð á rökstuddum niðurtöðum, t. d. úr skýrslum rannsóknardeildarinnar. Ég hefi hér að framan sýnt fram á, hver væri ætluð vörusala umbjóðanda míns, og fyrir liggja vantalin vörukaup. Samkvæmt þeim niðurstöðum tel ég eðlilegast að reikna hækkun áður álagðra opinberra gjalda umbjóðanda míns. Álagningar ríkisskattstjóra eru órökstuddar og að mínu mati ekki byggðar á neinum niðurstöðum. Er þeim úrskurðum því algerlega mótmælt og þess krafist, að þeir verði stórlega lækkaðir eða felldir niður. Umbjóðandi minn hefur á allan hátt reynt að auðvelda rannsókn málsins og alls ekki reynt að skjóta undan gögnum. Ber að taka tillit til þess við úrskurð málsins auk þess sem hann hefur verið í góðri trú um rettmæti reikningsskila sinna og hnökralaust bókhald, samanber lýsingu hér að framan.

Varðandi reiknaða sölu hér að framan geri ég þá kröfu, að tekið verði tillit til eðlilegrar rýrnunar í versluninni. Ég vil því fyrir hönd umbjóðanda míns gera þá kröfu, að úrskurður ríkisskatstjóra verði alfarið byggður á

þeim vörukaupum, sem fram koma í skýrslunni, og ætluð sala reiknuð eftir þeim. Ég fullyrði, að hér sé um tæmandi vörukaup að ræða, enda er rannsóknardeildinni auðvelt að sannreyna það. Önnur atriði, sem rakin eru í skýrslu rannnsóknardeildarinnar og úrskurðum ríkisskattstjóra, tel ég, að umbjóðandi minn hafi fyllilega gert grein fyrir og séu þau á engan hátt tortryggileg.“

Síðari úrskurður ríkisskattstjóra varðandi söluskattinn, dags. 31. mars 1978, er svohljóðandi:

„Ríkisskattstjóri hefur 16. jan. 1978 móttekið kæru yðar varðandi Magnús Þorleifson, Móaflöt 27, Garðabæ, nafnnr. 6293-5626, yfir álögðu sölugjaldi árin 1974 og 1975 og hefur í tilefni af henni kveðið upp svofelldan úrskurð:

Kröfur umboðsmanns kæranda:

Að hækkun ríkisskattstjóra á sölugjaldi kærandans árin 1974 og 1975 verði lækkuð stórlega og ákveðin með hliðsjón af vantöldum vörukaupum og sennilegri álagningu.

Forsendur ríkisskattstjóra:

Rétt þykir að verða við kröfunni í aðalatriðum. Hæfilegt þykir nú að ákvarða hækkun sölugjalds og viðurlög fram til 16. júlí 1977 þannig:

Árið 1974.

Mán.	*Stofn til hækkunar*	*% sölugj.*	*Hækkun sölugj.*	*Viðurlög til 16/7 '77* *%*	*kr.*
jan.	125.000 kr.	13	16.250 kr.	61,5	9.993
febr.	125.000 —	13	16.250 —	60	9.750
1.—24/3	125.000 —	13	16.250 —	58,5	9.506
25/3—31/4	125.000 —	17	21.250 —	65,5	13.918
maí	125.000 —	17	21.250 —	64	13.600
júní	125.000 —	17	21.250 —	62,5	13.281
júlí	125.000 —	17	21.250 —	61	12.962
ágúst	125.000 —	17	21.250 —	59,5	12.643
sept.	125.000 —	17	21.250 —	58	12.325
okt.	125.000 —	19	23.750	56,5	13.418
nóv.	125.000 —	19	23.750	55	13.062
des.	125.000 —	19	23.750	53,5	12.706
Samtals	1.500.000 kr.		247.500 kr.		147.164

Ár 1975.

Mán.	*Stofn til hækkunar*	*% sölugj.*	*Hækkun sölugj.*	*Viðurlög til 16/7 '77 %*	*kr.*
jan.	175.000 kr.	19	33.250 kr.	52	17.290
febr.	175.000 —	19	33.250 —	50,5	16.791
mars	175.000 —	20	35.000 —	49	17.150
apríl	175.000 —	20	35.000 —	47,5	16.625
maí	175.000 —	20	35.000 —	46	16.100
júní	175.000 —	20	35.000 —	44,5	15.575
júlí	175.000 —	20	35.000 —	43	15.050
ágúst	175.000 —	20	35.000 —	41,5	14.525
sept.	175.000 —	20	35.000 —	40	14.000
okt.	175.000 —	20	35.000 —	38,5	13.475
nóv.	175.000 —	20	35.000 —	37	12.950
des.	175.000 —	20	35.000 —	35,5	12.435
Samtals	2.100.000 kr.		416.500 —		181.956

Úrskurðarorð:

Viðbótarsölugjald árið 1974 lækkar um 346.500 kr., eða úr 594.000 kr. í 247.500 kr.

Viðbótarsölugjald árið 1975 lækkar um 476.000 kr., eða úr 892.500 kr. í 416.500 kr.

Viðurlög fram til 16. júlí 1977 lækka um 413.991 kr., eða úr 743.111 kr. í 329.120 kr.

Lækkun verður samtals 1.236.491 kr.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar vegna breytingaatriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Með bréfi innheimtumanns ríkissjóðs, dags. 30. mars 1978, var skorað á gerðarþola að greiða viðbótarsöluskattinn ásamt viðurlögum o. fl. eða semja um greiðslu fyrir 1. maí nk., svo komist yrði hjá frekari innheimtuaðgerðum. Með bréfi lögmanns gerðarþola, dags. 24. apríl 1978, var tilkynnt, að gerðarþoli yndi ekki úrskurðum ríkisskattstjóra og væri staðráðinn í að bera lögmæti þeirra undir dómstóla og taka til varna í lögtaksmáli. Með bréfi endurskoðandans, dags. 12. apríl 1978, voru úrskurðir ríkisskattstjóra kærðir til ríkisskattanefndar og nánari rökstuðningur boðaður innan tíðar. Sá rökstuðningur er ódagsettur. Í rökstuðningi endurskoðandans fyrir kærunni til ríkisskattanefndar er alfarið vísað til rökstuðnings með kæru til ríkiskattstjóra og ítrekaðar þar gerðar kröfur. Ekki verði af úr-

skurði ríkiskattstjóra séð, að hann taki tillit til þeirra atriða, sem rakin séu í rökstuðningi þeim að öðru leyti en því, að ætluð vantalin velta sé lækkuð.

Í úrskurði ríkisskattanefndar segir m. a., að tildrög málsins séu þau, að rannsóknardeild ríkisskattstóra hafi tekið framtöl gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 til athugunar. Þess er getið, að gerðarþoli hafi rekið bókaverslun umrædd ár og verið með umboð fyrir Happdrætti Háskóla Íslands og Happdrætti SIBS. Eiginkona gerðarþola hafi unnið í versluninni, en gerðarþoli verið fastur starfsmaður hjá Sambandi iðnskóla á Íslandi. Skýrsla rannsóknardeildar liggi fyrir í gögnum málsins. Meginniðurstöður skýrslunnar, sem greindar voru, eru síðan teknar upp í úrskurðinum. Þá segir svo í úrskurði ríkisskattanefndar

„Í framhaldi af þessu hefur ríkisskattstjóri tekið framtöl kæranda gjaldárin 1975 og 1976 til endurálagningar og áætlað viðbótartekjur. Jafnframt lagði ríkisskattstjóri á kæranda viðbótarsöluskatt og viðurlög vegna áætlaðrar vanframtaldrar sölu.

Í kæru til ríkisskattanefndar gerir umboðsmaður kæranda þá aðalkröfu, að allar viðbótarálögur á kæranda verði felldar niður, þar sem málið hafi af hálfu ríkisskattstjóra ekki verið stutt nægilegum rökum.

Til vara er gerð sú krafa, að framtölin verði látin standa í sinni upprunalegu mynd að viðbættum þeirri vantöldu veltu og vörukaupum, sem leitt er í ljós í rökstuðningi hans og hefur ekki verið á móti mælt.

Af hálfu ríkisskattstjóra er krafist staðfestingar á gengnum úrskurðum.

Umboðsmaður kæranda hefur ekki mótmælt því, að vörukaup kæranda hafi verið vantalin um kr. 1.087.008 á árinu 1974 og kr. 1.726.293 á árinu 1975. Þegar litið er til þessa og þeirra vörukaupa, sem fram koma umrædd ár, er ljóst, að rekstrarreikningar kæranda eru ekki marktækir. Jafnframt hefur ekki komið fram nægileg skýring á lágum lífeyri, þar eð kærandi hefur ekki fært sönnur á umdeilda happdrættisvinninga.

Með tilvísun til ofanritaðs, verða framtöl kæranda gjaldárin 1975 og 1976 ekki lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda. Hinsvegar er teknaáætlun ríkisskattstjóra hærri en efni standa til og þykir mega lækka hana um kr. 1.000.000 hvort ár.

Að öðru leyti eru úrskurðir ríkisskattstjóra staðfestir."

Í öðru lögaksmáli vegna hækkunar á tekjuskatti gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og ákvörðunar skyldsparnaðar hans gjaldárið 1976 hefur gerðarþoli tekið til varna.

Af hálfu gerðarþola hefur verð lagt fram í málinu skjal frá nefnd þeirri, er starfar skv. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 18. gr. laga nr. 7/1972. Þar segir, að nefndin hafi komið saman til fundar hinn 11. desember 1979 og tekið fyrir að ákveða sekt gerðarþola vegna meints undandráttar á tekju-

skatti, tekjuútsvari og söluskatti. Málavextir séu þeir, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi gert athugun á bókhaldi og skattframtölum gerðarþola. Skýrsla deildarinnar ásamt gögnum málsins hafi legið fyrir til athugunar. Tekið er fram, að gerðarþoli hafi ekki tekið til varnar fyrir nefndinni. Síðan segir svo:

„Ríkisskattanefnd hefur með úrskurði, uppkveðnum 19. mars 1979, hækkað tekjuskatt gjaldþegnsins gjaldárin 1975 og 1976 um kr. 1.775. 015,00 og söluskatt árin 1974 og 1975 um kr. 664.000,00.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, má telja sannað, að gjaldþegn hafi á gjaldárunum 1975 og 1976 dregið tekjur undan skattlagningu, og þykir brot hans varða við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971. Þá hefur gjaldandi dregið undan tekur til tekjuútsvars á gjaldárunum 1975 og 1976. Þykir það varða við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971. Ennfremur hefur gjaldþegn dregið undan söluskatt árin 1974 og 1975, og þykir það brot varða við 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 14. gr. laga nr. 10/1974. Fyrir brot þessi telst sekt hæfilega ákveðin kr. 2.500. 000,00.

Á l y k t a r o r ð:

Magnús Þorleifsson, Móaflöt 27, Garðabæ, greiði sekt til ríkissjóðs að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og til bæjarsjóðs Garðabæjar að fjárhæð kr. 500.000,00."

Við þingfestingu málsins, þar sem mætt var af hálfu gerðarþola, var lögð fram skrifleg lögtaksbeiðni. Þar var þess óskað, að gert yrði þegar lögtak hjá gerðarþola til tryggingar skuldinni auk dráttarvaxta og kostnaðar. Var skuldin sundurliðuð þannig:

Söluskattur, hækkun 1974	kr.	394.664
Söluskattur, hækkun 1975	—	598.456
Dráttarvextir til 15/6 1979	—	387.317

Þá er bókað, að dráttarvextir væru framreiknaðir til 15. júní 1979 og að krafist væri lögtaks til tryggingar greindum fjárhæðum auk 4% dráttarvaxta af höfuðstól skuldarinnar frá 15. júní 1979 til greiðsludags auk annars áfallandi kostnaðar, þ. á m. við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Gerðarþoli hefur gefið skýrslu fyrir dóminum.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að söluskattshækkunin sé réttmæt og vísað til ákvæða 16. og 21. gr. laga nr. 10/1960, sbr. lög nr. 10/1974, og fullyrt, að löglega hafi verið að hækkuninni staðið. Til rök-

stuðnings fyrir réttmæti álagningarinnar er einnig vísað til þeirra skjala, sem lögð hafi verið fram undir rekstri málsins. Er því aðalkröfu gerðarþola mótmælt. Þá er varakröfu gerðarþola mótmælt og í því sambandi bent á, að söluskattsskýrslur rektraráranna 1974 og 1975 hafi hvorki stuðst við bókhaldslögin né sérákvæði um tilhögun bókhalds í söluskattsreglugerð. Þá sé viðurkennt af hálfu gerðarþola, að sala hafi verið verulega vanframtalin, án þess að fullnægjandi skýringar séu gefnar af hans hálfu á því, hvers vegna svo hafi verið, og eigi geti hann þess, til hverra tímabila hin vanframtalda sala heyri. Því hafi orðið að áætla gerðarþola stofn til söluskatts fyrir hvert söluskattstímabil áranna 1974 og 1975 og ákvarða söluskatt ásamt viðurlögum í samræmi við þá áætlun. Er mótmælt málsástæðum og lagarökum í greinargerð gerðarþola. Þá var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að sá grunnur, sem gerðarþoli hafi byggt á, hafi eigi verið það traustur, að á þeim grunni hafi mátt byggja. Annmarkar hafi verið á bókhaldi gerðarþola framtölum hans og söluskattsskýrslum. Hækkun skattayfirvalda sé raunhæf og skuli vera það há, að nægilegt sé. Þerri málsástæðu gerðarþola, að kröfugerðin væri röng, var alfarið mótmælt. Í upphaflegri lögtaksbeiðni sé fólgin söluskattshækkunin og viðurlög skv. söluskattslögum. Þá var lagt í vald dómsins að kveða upp úr um þá málsástæðu gerðarþola, að málskostnaður verði aðeins dæmdur í öðru málinu, þar sem bæði málin væru eigi rekin saman, sbr. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu gerðarþola er þess óskað, að rökstuðningar endurskoðandans frá 11. janúar 1978 skoðist í heild sem hluti greinargerðar gerðarþola. Fyrir aðalkröfu gerðarþola er fært fram, að ein af grunnreglum íslenskra skattlagningarákvæða birtist í upphafi 37. gr. laga nr. 68/1971. Segi þar skýrum stöfum, að skattstjóri skuli leggja tekjuskatt á gjaldanda samkvæmt framtali hans, auk þess sem heimilt sé að leiðrétta einstaka liði, ef óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, sem grundvalli slíka breytingu. Byggt er á því, að ekki hafi verið gætt réttra aðferða við álagningu viðbótarsöluskattsins. Fyrst og fremst sé ljóst, að upphaflegi úrskurðurinn sé rangur, enda viðurkennt í þeim síðari. Þá þyki úrskurðunum öllum áfátt í því, að lítt eða ekki sé hirt um lögboðinn rökstuðning. Brjóti slík vinnubrögð í bága við ótvíræð ákvæði skattalaga, þar sem sterkt sé kveðið að orði í þessu efni. Geti úrskurðirnir því ekki talist löglegur grundvöllur undir skattheimtu í máli þessu. Varðandi varakröfu er því haldið fram, að eigi verði efast um, að gerðarþoli hafi rækilega uppfyllt hina lögmætu upplýsingaskyldu, þegar litið sé til efnis skýrslu endurskoðandans. Því hafi skattayfirvöldum borið að leggja upplýsingar hans og skýringar að fulli til grundvallar við ákvörðun viðbótarsöluskattsins. Er sérstök athygli vakin á því, að gerðarþoli hafi lagt út í mjög kostnaðarsama bókhaldsathugun til þess að sannreyna mistök

síns fyrri bókhaldara, en af þeim mistökum sé allt þetta mál sprottið. Hann hafi því gert allt, sem í mannlegu valdi stóð, til að koma á framfæri réttum upplýsingum. Jafnframt beri að undirstrika það, að gerðarþoli hafi staðið í góðri trú um, að bókhaldið væri nægilega fært að óskum skattayfirvalda, enda hafi skattstofa Reykjanesumdæmis skoðað það án þess að gera við það athugasemdir. Séu því ekki efni til að beita gerðarþola frekari skattlagningu, hvað þá viðurlögum. Þá var því haldið fram við munnlegan flutning málsins varðandi formhlið málsins, að kröfugerð í lögtaksbeiðni væri beinlínis röng samkvæmt síðari úrskurði ríkisskattstjóra frá 31. mars 1978. Því væri grundvöllur málsins rangur. Dráttarvaxtakrafan væri ólögmæt skv. 2. tl. 2. mgr. 21. gr. söluskattslaga. Viðurlög væru með öllu ósundurliðuð. Kröfurnar væru því með öllu ódómhæfar skv. 1. mgr. 88. gr. og 113. gr. laga nr. 85/1936 og 7. gr. lögtakslaga. Þá hafi 71. gr. laga nr. 85/1936 verið með öllu sniðgengin. Átt hafi að sameina mál þetta hinu lögtaksmálinu og því beri aðeins að dæma málskostnað í einu máli. Því var ekki mótmælt, að af hálfu gerðarþola hefði verið fallist á þá málsmeðferð að reka málin aðskilin, en 71. gr. laga nr. 85/1936 stæði samt óbreytt og dómara jafnvel borið að sameina málin ex officio. Varðandi efni máls var því haldið fram, að hlutur gerðarþola hafi verið fyrir borð borinn við meðferð skattayfirvalda samkvæmt skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra. Þar væri getið um bókhald gerðarþola og síðan sagt, að bókhaldið hafi ekki verið neitt. Var vitnað til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald og 7. gr. sömu laga varðandi sjóðvél, sem gerðarþoli hafi notað og fært í einu lagi sölu dagsins. Öll fjármagnsnotkun gerðarþola hafi farið um tékkareikninga og hann haldið vörutalningarbók. Eina, sem verið hafi að, hafi verið formið, en þar hafi gerðarþoli verið í góðri trú. Með öllu væri röng sú fullyrðing ríkisskattstjóra, að gerðarþoli hafi ekkert bókhald haldið. Í skýrslu rannsóknardeildarinnar sé mikið gert úr umfangi rekstrar gerðarþola, en þegar til eigi að taka, sé fyrirtæki hans eitt hið minnsta í landinu, þar sem hann og eiginkona hans vinni. Fram sé komið, að bls. 8 í skýrslu rannsóknardeildarinnar, hvað varðar happdrættisvinninga, sé alröng og þar vitlaust unnið úr upplýsingum. Gerðarþoli hafi verið skattlagður með eindæmum, þannig að úrskurðirnir, ef óbreyttir hefðu staðið, hefðu gert gerðarþola eignalausan og það um alla framtíð. Líf mannsins hefði verið lagt í rúst fyrir fullt og allt, hefði hann ekki haft vit á að bregðast rétt við. Var valdníðsla nefnd í því sambandi. Skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og fyrri úrskurður ríkisskattstjóra væru þannig, að nóg væri til að fella allt úr gildi. Auk þess sé ríkisskattanefnd skylt sem æðsta stjórnvaldi að taka hvern þátt máls til athugunar og leiða að því rökstudda ályktun. Af því geri ríkisskattanefnd ekki neitt. Bent var á hið mikla frávik á hækkunum í úrskurðum ríkisskattstjóra og síðan væri ekki orð um málið

í úrskurði ríkisskattanefndar. Öll meðferð skattayfirvalda sé því ólögmæt og verði aldrei notuð sem grundvöllur dómsmálsins. Þessi vinnubrögð verði ekki talin viðhlítandi.

Það er fram komið í málinu, að í verslun gerðarþola var lokuð sjóðvél, sbr. 22. gr. reglugerðar nr 169/1970 um söluskatt. Söluskattsskylda veltu rekstrarárin 1974 og 1975 gaf gerðarþoli upp á söluskattskýrslum þau ár í samræmi við sölu samkvæmt strimlum úr sjóðvélinni. Á því verður að byggja, að strimlarnir hafi verið áritaðir í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar, en geðarþoli hafi ekki fært söluna til bókar samkvæmt lögum þar um og á grundvelli strimlanna sem fylgiskjala. Það kemur skýrt fram af gögnum málsins, að bókhald gerðarþola var annars mjög ófullkomið og eigi viðhlítandi grundvöllur undir rekstrar- og efnahagsreikningum gerðarþola umrædd ár. Söluskattsskýrslur gerðarþola studdust eigi við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt um tilhögun bókhalds. Var ríkiskattstjóra því heimilt, eins og á stóð, að áætla gerðarþola viðbótarsöluskatt og leggja á viðurlög, sbr. 42. gr. laga nr. 68/1971 og 16. og 21. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 11. og 13. gr. laga nr. 10/1974.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1968 átti gerðarþoli að sjá um, að ákvæðum þeirra laga væri fullnægt.

Lögtakskrafa málsins lýtur að þeim gjöldum, sem ákveðin voru með fullnaðarúrskurði ríkisskattanefndar 19. mars 1979, sem staðfesti síðari úrskurð ríkisskattstjóra frá 31. mars 1979, en í þeim úrskurði var í aðalatriðum orðið við þeirri kröfu gerðarþola, að hækkun skv. fyrri úrskurði ríkisskattstóra yrði stórlega lækkuð og ákveðin með hliðsjón af vantöldum vörukaupum og sennilegri álagningu. Eigi verður annað séð en færð hafi verið gild rök að þeim úrskurðum. Þegar framanritað er virt og haft í huga, að gerðarþoli hefur ekki gert grein fyrir raunverulegri söluskattsskyldri veltu sinni rekstrarárin 1974 og 1975, og auk þess viðurkennt af hans hálfu áðurgreind vanframtalin vörukaup og ótilgreindur vangoldin söluskattur, þykir áætlun ríkisskattstjóra mjög í hóf stillt. Af hálfu gerðarþola hefur eigi verið sýnt fram á, að útreikningur söluskattsins og viðurlaganna út frá áætluðum stofnum til hækkunar fari gegn settum réttarreglum. Rökstuðningur fyrir kærum gerðarþola til ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar gat ekki komið í stað þess, sem skorti á löglegan grundvöll undir söluskattsskýrslur gerðarþola. Gerðarþoli hefur ekki gert grein fyrir, hver var raunveruleg söluskattsskyld velta í verslun hans umrædd ár né hvernig sú velta skiptist á söluskattstímabil. Af hans hálfu hafa verið viðurkennd verulega vanframtalin vörukaup og ótilgreindur sannanlega vangoldinn söluskattur. Þykir áætlun ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar mjög í hóf stillt, þegar virt eru vantalin vörukaup, ætluð álagning og sennilegast söluverðmæti í

verslun gerðarþola samkvæmt rökstuðningi endurskoðandans. Eigi verður á það fallist með gerðarþola, að forsendur og rök skorti af hálfu skattayfirvalda fyrir þeirri áætlun, þannig að fella beri hana niður. Í úrskurði ríkisskattstjóra 31. mars 1978 er ítarleg sundurliðun eftir söluskattstímabilum í stofni til hækkunar, ákvörðuðum söluskatti og viðurlögum. Af hálfu gerðarþola hefur ekki verið sýnt fram á, að álagningin sé ekki í samræmi við áætlaða söluskattsstofna.

Þegar litið er til upphaflegrar kröfugerðar gerðarbeiðanda, tæmandi sundurliðunar á hækkun söluskattsins og ákvörðuðum viðurlögum í úrskurði ríkisskattstjóra, nánari útfærslu kröfugerðarinnar í greinargerð gerðarbeiðanda, sem eigi var mótmælt af hálfu gerðarþola fyrr en við munnlegan flutning málsins, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936 i. f., og ákvæða 1. og 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1974, og 1. gr. laga nr. 26/1978, verður eigi á það fallist, að endanleg kröfugerð gerðarbeiðanda sé ódómhæf. Verður hún því tekin til greina fyrir kr. 993.120 (329.120 + 664.000), en viðurlög skulu þó vera 4.5% frá 16. september 1979 og 4% til þess tíma frá 16. júní 1979.

Þá eru kröfur máls þessa eigi af sömu rót runnar og hækkanir á tekjuskatti gerðarþola gjaldárin 1975 og 1976 og skyldusparnaður hans gjaldárið 1976 þannig, að ákvæði 71. gr. laga nr. 85/1936 hafi þýðingu við ákvörðun málskostnaðar, en samkvæmt þessum málalokum ber að dæma gerðarþola til að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem ákveðst kr. 250.000.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kveður upp úrskurð þennan.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðarins, stafar af öðrum önnum dómarans við embættið.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Magnúsi Þorleifssyni, til tryggingar 993.120 krónum ásamt 1½% viðurlögum af 664.000 krónum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 16. júlí 1977 til 15. maí 1978, 3% viðurlögum fyrir hvern vanskilamánuð af sömu upphæð frá 16. maí 1978 til 15. júní 1979, 4% viðurlögum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu upphæð frá 16. júní 1979 til 15. september 1979 og 4½% viðurlögum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu upphæð frá 16. september 1979 til greiðsludags.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda, innheimtumanni ríkisins í Garðakaupstað, 250.000 krónur í málskostað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. maí 1983.

Nr. 187/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissakstóknari)
gegn
Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni
(Garðar Garðarsson hdl.)
Eggert Gunnþóri Gunnarssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
Gylfa Kristni Sigurðssyni og
(Örn Clausen hrl.)
Andrési Magnússyni
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Þjófnaður. Brot í opinberu starfi. Fjarskipti. Sýkna af ákæru fyrir tolllagabrot. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. ágúst 1982 og gert þær kröfur, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru, þó svo, að felld verði úr ákærulið III B orðin „í heimildarleysi" og „út af vallarsvæðinu og" svo og tilvitnun til 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit í síðustu málsgrein III. kafla ákæru. Krafist er þyngingar refsingar hinna ákærðu.

Ágrip barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er sannað, að ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn tóku haustið 1979 í heimildarleysi áfengi úr birgðageymslu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og slógu eign sinni á það og fluttu það út af flugvallarsvæðinu. Enn fremur er sannað, að ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert Gunnþór og Andrés tóku í júlí 1980 áfengi með sama hætti úr birgðageymslunni. Fallist er á niðurstöður héraðsdóms um magn áfengis þess, sem ákærðu tóku, og skiptingu þess milli þeirra.

Áfengið fluttu ákærðu út úr birgðageymslunni um bakdyr, sem

tollgæslumenn áttu einir að hafa lyklavöld að, en ákærði Hörður Sigurjón hafði komist yfir lykil að dyrum þessum, eins og greinir í héraðsdómi.

Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli er eign ríkisins og rekin samkvæmt 15. gr. laga um tollvörugeymslur nr. 47/1960. Hefur hún heimild til þess að selja tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi, þó einungis til áhafna og farþega í millilandaflugvélum.

Útsöluverð Fríhafnarinnar á áfengi því, sem ákærðu tóku, var samkvæmt gögnum málsins sem hér segir: Smirnoff vodka 5.75 Bandaríkjadollarar hver lítri, gallon (3.785 l) af Canadian Club whiskey 29.75 dollarar og líkjörar frá 6.50 til 14.00 dollarar hver lítri. Á sama tíma nam einkasölugjald 9.800.00 krónum (gkr.) á hvern lítra af þessum áfengistegundum, sem fór fram úr því marki, sem ferðamönnum og flugliðum var heimilað að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. reglugerðir nr. 388/1979 og 102/1980, 2. og 6. gr. Í almennum áfengisútsölum kostaði 3/4 l flaska af vodka 9.400 krónur í nóvember 1979, en 14.000 krónur í júlí 1980.

Ákærðu hafa haldið því fram, að þeir hafi greitt í kassa Fríhafnarinnar útsöluverð áfengis þess, sem þeir tóku, og hafi það verið fastmælum bundið fyrirfram. Samkvæmt skyrslum ákærðu Harðar Sigurjóns og Eggerts Gunnþórs, sem telja sig hafa séð um greiðslurnar, fóru þær fram á sömu vakt eða næsta dag. En þótt miðað sé við það, að ákærðu hafi ætlað sér að greiða og síðar greitt í sjóð Fríhafnarinnar fjárhæð, sem svarar til verðs þess, sem áfengi er selt á til ferðamanna og áhafna flugvéla samkvæmt sérstökum reglum, er eigi giltu gagnvart ákærðu, verður engu að síður að líta svo á, að þeir hafi tekið áfengið úr birgðageymslu Fríhafnarinnar í auðgunarskyni. Hafa þeir því gerst sekir um þjófnað, og ber að refsa þeim samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæðið tæmir sök, þannig að ákærðu verður ekki refsað jafnframt samkvæmt lögum nr. 59/1969 fyrir að flytja áfengið út af flugvallarsvæðinu.

Ákærðu voru allir opinberir starfsmenn, og ber því að ákveða refsingu með hliðsjón af 138. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms að því er varðar III. kafla ákæru um brot gegn 2., sbr. 27. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti.

Með hliðstjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Harðar Sigurjóns hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði og refsing ákærða Eggerts Gunnþórs fangelsi 3 mánuði. Frá refsingu þeirra skal draga gæsluvarðhaldsvist, svo sem greint er í héraðsdómi.

Refsing ákærðu Gylfa Kristins og Andrésar hvors um sig er hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga, skilorðsbundið til tveggja ára.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku talstöðva og um málskostnað skulu vera óröskuð. Dæma ber ákræðu til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þannig að hver ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 9.000.00 krónur til hvers, en annan sakarkostnað greiði þeir in solidum, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson sæti fangelsi 4 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða, 2 daga.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson sæti fangelsi 3 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 7 daga.

Ákærðu Gylfi Kristinn Sigurðsson og Andrés Magnússon sæti hvor um sig fangelsi 45 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærðu halda almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á talstöðvum og um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærðu greiði hver um sig málsvarnarlaun verjanda síns, ákærði Hörður Sigurjón Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, ákærði Eggert Gunnþór Skarphéðni Þórissyni hæstaréttarlögmanni, ákærði Gylfi Kristinn Erni Clausen hæstaréttarlögmanni og ákærði Andrés Vilhjálmi Þórhallssyni hæstaréttarlögmanni, 9.000.00 krónur hverjum. Annan sakarkostn-

að greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara, er þeir fella atferli ákærðu undir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Meiri hlutinn byggir á þeirri frásögn ákærðu, að þeir hafi greitt í sjóð Fríhafnarinnar fjárhæð, sem svarar til verðs þess áfengis, sem selt er samkvæmt sérstökum reglum til ferðamanna og áhafna. Úr því að byggt er á framburðum ákærðu að þessu leyti í samræmi við regluna „in dubio pro reo", þá get ég ekki séð, að Fríhöfnin hafi beðið fjártjón af verknaði þeirra. Ég álít því vafasamt að telja athæfi þeirra þjófnað samkvæmt 244. gr. laga nr. 19/1940, þar sem „ólöglegt fjártjón að sama skapi" er eitt af skilyrðum auðgunarbrota skv. XXVI. kafla laga nr. 19/1940, sbr. skýringar við 243. gr. téðra laga. Vegna þess vafa, sem ríkir um það, hvernig heimfæra á afbrot ákærðu til refsiheimilda, þá ber skv. reglunni „in dubio pars mitior est sequenda" að velja þann kostinn, sem ákærðu er hagstæðari. Samkvæmt heimild í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála tel ég rétt að heimfæra brot ákærðu undir 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaeftirlit, sbr. og 138. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessum athugasemdum vildi ég staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Ég er sammála ákvörðun meiri hlutans varðandi kostnað af áfrýjun málsins.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 11. júní 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 11. júní, var á dómþingi sakadóms Njarðvíkur, sem háð var að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132/1982: Ákæruvaldið gegn Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni, Eggert Gunnþóri Gunnarssyni, Gylfa Kristni Sigurðssyni og Andrési Magnússyni.

Embætti ríkissaksóknara annaðist sókn málsins, og var það dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. janúar 1982, gegn ákærðu Herði Sigurjóni Mýrdal Þórðarsyni, Hraunsvegi 6, Njarðvík, fæddum 5. júlí 1941 í Keflavík, Eggert Gunnþóri Gunnarssyni, Fannborg 3, Kópavogi, fæddum 25. júní 1943 í Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu, Gylfa Kristni Sigurðssyni, Fálkagötu 34, Reykjavík, fæddum þar í borg 8. ágúst 1940, og Andrési Magnússyni, Bræðraborgarstíg 34, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. janúar 1956, öllum fyrrverandi starfsmönnum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, fyrir eftirtalin brot:

I.

Málið er höfðað gegn ákærðu Herði Sigurjóni, Eggert Gunnþóri og Gylfa Kristni fyrir að hafa í október/nóvember 1979, er þeir voru að störfum í Fríhöfninni, í heimildarleysi opnað bakdyr á lager verslunarinnar, sem einungis var ætlast til, að tollgæslan hefði lykla að, og stolið þar af birgðum verslunarinnar allt að 36 l lítra flöskum af vodka og 4 fleygum af koníaki, sem ákærði Eggert Gunnþór flutti í bifreið sinni út af flugvallarsvæðinu og að þáverandi heimili sínu, Ásgarði 5 í Keflavík, og skiptist áfengið með þeim hætti milli þeirra þriggja, að hver um sig fékk 12 flöskur af vodka og Eggert Gunnþór auk þess koníakið.

II.

Málið er höfðað gegn ákærðu Herði Sigurjóni, Eggert Gunnþóri og Andrési fyrir að hafa í júlí 1980, er þeir voru að störfum í Fríhöfninni, með sama hætti og greint er í I. lið opnað þar greindar dyr og stolið af birgðum verslunarinnar allt að 36 l líters eða 5 pela flöskum af vodka, 4 flöskum af líkjör og 2 gallons flöskum af whiskey, sem ákærðu Eggert Gunnþór og Hörður Sigurjón fluttu í bifreið Eggerts Gunnþórs út af vallarsvæðinu og heim til Harðar Sigurjóns, en áfenginu skiptu þeir þrír síðan með sér.

Brot ákærðu í I.og II. lið teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

III.

Gegn ákærða Herði Sigurjóni einum er málið höfðað fyrir að hafa:

A. Haustið 1978 í heimildarleysi flutt hingað til lands talstöð af gerðinni Lafayette og haft hana í báti sínum, Húna, KE 114, þar til 13. október 1980, að lögreglan lagði hald á talstöðina.

B. Haustið 1979 keypt talstöð af tegundinni Sea Tiger af Bandaríkja-

manni á Keflavíkurflugvelli og í heimildarleysi flutt hana út af vallarsvæðinu og um borð í bát sinn í Njarðvíkurhöfn og síðar á viðgerðarverkstæði í Keflavík, en lögreglan lagði hald á talstöðina 13. október 1980.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 301/1941 og brotið í B lið enn fremur við 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Hörður Sigurjón enn fremur til að sæta upptöku á framangreindum talstöðvum samkvæmt 27. gr. fjarskiptalaganna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Harðar Sigurjóns hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

„1961 3/3 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
1961 22/9 í Keflavík: Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
1971 26/3 á Keflav.flugvelli: Dómur: Fangelsi í 3 mán., skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot g. 244. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaga."

Ákærði Gylfi Kristinn hefur samkvæmt sakavottorði ekki sætt þeim refsingum, að ástæða sé að tilgreina þær.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu Eggerts Gunnþórs og Andrésar hafa þeir ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Rannsókn máls þessa hófst í september 1980, og var hún í höndum rannsóknarlögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Rannsókn hefur einnig farið fram hér fyrir dómi. Þann 30. september 1980 var ákærði Hörður Sigurjón úrskurðaður í allt að 9 daga gæsluvarðhald, en látinn laus 1. október s. á.

Þann 1. október 1980 var ákærði Eggert Gunnþór úrskurðaður í allt að 10 daga gæsluvarðhald, en látinn laus 7. október s. á.

Af gögnum málsins hefur eftirfarandi komið fram um málavexti:

Um ákærulið I.

Í október eða nóvemberbyrjun 1979 komst einn af starfsmönnum Fríhafnarinnar, ákærði Hörður Sigurjón, yfir lykil að lager verslunarinnar, sem er í sama húsnæði. Lykillinn var geymdur í kassa á vegg við dyr lagersins, en vegna þess að kassi þessi skemmdist, datt lykillinn úr honum. Lét hann búa til annan lykil og geymdi hann, en setti hinn á sinn stað. Ákærði Hörður Sigurjón skýrði svo frá, að þeir ákærðu Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn hafi verið með í ráðum um að láta smíða lykilinn, en því hafa

þeir alfarið neitað og kváðust ekki hafa haft neina vitneskju um lykilinn fyrr en kvöld það, er áfengið var tekið.

Kvöld eitt, er ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert Gunnþór og Gylfi Kristinn voru einir á vakt, fóru þeir inn á lagerinn og tóku þaðan áfengi, settu það inn í bifreið Eggerts og fóru með það út af flugvallarsvæðinu. Eru ákærðu sammála um að hafa tekið 36 l líters flöskur af vodka, en ákærði Eggert kveðst hafa skilað aftur 2 flöskum, en í staðinn tekið 4 fleyga af koníaki.

Til grundvallar verða lagðir framburðir ákærðu Harðar Sigurjóns og Eggerts Gunnþórs þess efnis, að þeir hafi þegar á sömu vaktinni greitt í kassa verslunarinnar í íslenskum peningum fullt útsöluverð hennar fyrir það áfengi, sem tekið var. Ekki varð af þeirri fyrirætlun, að ákærði Gylfi Kristinn endurgeiddi þeim verð þess áfengis, sem í hans hlut kom. Þá verður lagt til grundvallar, að af áfenginu hafi komið 12 1 lítra flöskur af vodka í hlut ákærðu Harðar Sigurjóns og Gylfa Kristins, en í hlut ákærða Eggerts Gunnþórs 10 1 lítra flöskur af vodka og 4 fleygar af koníaki.

Um ákærulið II.

Í júlí 1980, er ákærðu Hörður Sigurjón, Eggert og Andrés voru einir að störfum í verslun Fríhafnarinnar, opnuðu þeir dyr lagersins og tóku þaðan áfengi og fluttu það út af flugvallarsvæðinu í bifreið ákærða Eggerts. Ekki eru ákærðu sammála um magn áfengisins.

Ákærðu Hörður Sigurjón og Eggert Gunnþór hafa borið, að þeir ásamt ákærða Andrési hafi haft fullt samráð um að taka áfengið og að Andrés hafi hjálpað þeim við að bera kassana út í bílinn. Ákærði Andrés kveðst hins vegar ekki hafa tekið þátt í að bera áfengið út í bílinn né átt neinn þátt í ráðagerðinni. Hins vegar hafi hann orðið var við, að ákærðu Hörður Sigurjón og Eggert Gunnþór ræddu um það sín á milli að taka áfengi af lagernum og einnig að þeir höfðu lykil að lagernum. Þegar þeir hafi spurt hann, hvaða líkjörstegund hann vildi, hafi hann sagt: „B & B Dom". Daginn eftir hafi meðákærðu boðið honum að fá í sinn hlut 1 kassa, eða 12 flöskur, af vodka auk umræddrar líkjörsflösku. Hann hafi þegið það, en er hann spurði, hvort hann ætti ekki að greiða, hafi verið svarað: „þú skalt engar áhyggjar hafa af því. Við skulum sjá um það".

Ákærði Hörður Sigurjón kveður hafa verið um að ræða 2 kassa af 1 lítra flöskum af vodka, 2 gallons flöskur af whiskey og 4 flöskur af líkjör. Ákærði Eggert segir það hafa verið 2 kassa af 1 lítra flöskum af vodka, 2 gallon af whiskey og 3 líkjörsflöskur. Ákærði Andrés segir það hins vegar hafa verið 36 5 pela flöskur af vodka, 3 líkjörsflöskur og 2 gallonsflöskur af whiskey.

Til grundvallar verða lagðir framburðir ákærðu Harðar Sigurjóns og

Eggerts Gunnþórs þess efnis, að þeir hafi þegar á sömu vaktinni greitt í kassa verslunarinnar í íslenskum peningum fullt útsölurverð hennar fyrir það áfengi, sem tekið var. Ákærði Hörður Sigurjón greiddi fyrir það áfengi, sem sannað þykir, að hafi komið í hans hlut, þ. e. 6 1 lítra vodkaflöskur, 1 líkjörsflösku og 1 gallon whiskey. Ákærði Eggert Gunnþór greiddi fyrir það áfengi, sem í hlut hans kom, þ. e. 6 1 lítra vodkaflöskur, eina líkjörsflösku og 1 gallon whiskey, og að auki fyrir 12 1 lítra vodkaflöskur og 1 líkjörsflösku, sem kom í hlut ákærða Andrésar.

Um ákærulið III.

Ákærði Hörður Sigurjón kveðst hafa keypt talstöð þá, er greinir í lið III A í ákæruskjali, í Bandaríkjunum. Kveðst hann hafa farið með hana í farangri sínum til Íslands, en ekki framvísað henni sérstaklega við tollgæsluna, vegna þess að hún væri ekki svo verðmæt, að þess þyrfti. Kvaðst hann síðan hafa haft talstöðina í báti sínum, Húna, KE 114, en ekki hafi hann skrásett hana hjá Pósti og síma. Lögreglan lagði hald á talstöðina 13. október 1980.

Varðandi talstöðina, er greinir í lið III B, viðurkenndi ákærði, að hann hefði keypt hana af Bandaríkjamanni af Keflavíkurflugvelli, en að viðskiptin hafi farið fram í Njarðvíkurhöfn við bát ákærða. Segir hann, að Bandaríkjamaðurinn hafi komið þarna að og boðið sér talstöðina til kaups, en þeir hafi ekki hist áður og ekkert rætt um þessi viðskipti fyrir fram. Rannsókn málsins beindist ekki að því sem skyldi, hvar viðskiptin fóru fram. Fram hefur komið í málinu, að talstöð þessi er ónothæf og mun ekki hafa nýst ákærða.

Niðurstöður.

Með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir í aðalatriðum um verknaði þá, sem greinir í ákæruskjali, að undanskildum eftirfarandi atriðum:

1. Um magn áfengis, sem sannað þykir, að ákærðu hafi tekið, vísast til þess, sem áður segir.

2. Ósannað er, að ákærðu hafi stolið áfenginu, þar sem óhrakið stendur, að þeir hafi greitt fyrir það fullt verð, og skortir því það skilyrði, að Fríhöfnin, eigandi áfengisins, biði tjón af háttseminni. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Ósannað er, að ákærði Hörður Sigurjón hafi keypt talstöð, er greinir í ákærulið III B, á Keflavíkurflugvelli og í heimildarleysi flutt hana út af vallarsvæðinu. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot gegn 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit vegna þessa.

Telja verður, að allir ákærðu hafi verið opinberir starfsmenn í skilningi almennra hegningarlaga, er þeir frömdu brot þau, er greinir í liðum I og II í ákæru, sbr. greinargerð með XIV. kafla laganna. Þeir misstu starfa sína þegar við rannsókn málsins.

Samkvæmt framansögðu varða brot allra ákærðu samkvæmt I. og II. lið ákæru við 2. mgr. 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða Harðar Sigurjóns samkvæmt II. lið ákæru varðar við 2. gr., sbr. 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941. Við ákvörðun refsingar hans ber að fara að ákvæði 77. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærða Harðar Sigurjóns Mýrdal Þórðarsonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta, og falli hún niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist í tvo daga, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt 27. gr. laga um fjarskipti nr. 30/1941 skal gera talstöðvar þær, er greinir í málinu, upptækar til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Eggerts Gunnþórs Gunnarssonar telst hæfilega ákveðin varðhald í einn mánuð, en fullnustu refsingar skal fresta, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi í sjö daga. Er rétt skv. 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hans.

Refsing ákærða Gylfa Kristins Sigurðssonar telst hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 7 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Andrésar Magnússonar telst hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 7 daga varðhald, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hörður Sigurjón greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Eggert Gunnþór greiði réttargæslu-og málsvarnarlaun Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Gylfi Kristinn greiði málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Ákærði Andrés greiði málsvarnarlaun Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Egill Stephensen fulltrúi.
Dóm þennan kvað upp Hallur Stefánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi tveir dagar gæsluvarðhaldsvistar með fullri dagatölu. Hann sæti einnig upptöku tveggja talstöðva, af gerðinni Lafayette og Sea Tiger.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson sæti varðhaldi í 1 mánuð, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu ákærða komi sjö daga gæsluvarðhaldsvist með fullri dagatölu.

Ákærði Gylfi Kristinn Sigurðsson greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, en í hennar stað komi varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Andrés Magnússon, greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, en í hennar stað komi varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hörður Sigurjón Mýrdal Þórðarson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Eggert Gunnþór Gunnarsson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Ákærði Gylfi Kristinn Sigurðsson greiði málsvarnarlaun Arnars Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Ákærði Andrés Magnússon greiði málsvarnarlaun Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1983.

Nr. 95/1983. **Akæruvaldið**
gegn
Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. f. m., er barst Hæstarétti 2. þ. m. Af hans hálfu er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stytt. Af hálfu ákæruvaldsins er krafa gerð um staðfestingu úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. apríl 1983.

Ár 1983, föstudaginn 29. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Klukkan um 1345 í gær héldu lögreglumenn að Framnesvegi 18 hér í borg með húsleitarúrskurð, skömmu áður uppkveðinn hér við embætti.

Við komu á staðinn sáu lögreglumenn í bifreið utan við nefnt hús þrjá aðilja, alla áður kunna að meðhöndlun fíkniefna. Einn þessara aðilja hvarf um stund inn í íbúð að Framnesvegi 18, en er hann kom aftur þaðan, voru þrír áðurgreindir aðiljar handteknir og yfirheyrðir sem nánar verður síðar að vikið. Jafnframt knúðu lögreglumenn dyra að Framnesvegi 18 og sýndu ofangreindan úrskurð húsráðanda, Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni, fæddum 23. mars 1959. Í nefndri íbúð reyndist einnig Pétur Blöndal Gíslason,

fæddur 23. september 1958. Við komu töldu lögreglumenn sig sjá nefndan Pétur stinga undir rúmdýnu grunsamlegum hlutum. Reydust þar við nánari athugun um að ræða eftirfarandi:

1) Möluð og þurrkuð blöð, 14.7 gr.
2) Brúnn moli, ætlað hass, 22.0 gr.
3) Ætlað tóbaksblandað hass, 0.4 gr.
4) Möluð og þurrkuð blöð, 0.3 gr.
5) Hvítt duft, ógreint, 0.9 gr.

Litarprófanir, framkvæmdar af lögreglu, gáfu jákvæða kannabissvörun varðandi liði 1—4, en jákvæða amfetamínsvörun varðandi lið 5.

Nefndur Pétur Blöndal neitaði að kannast við ofangreint.

Lögreglumenn fundu þess utan eftirfarandi:

1) Brúnir molar, ætlað hass, 126.5 gr.
2) Hvítt duft, ógreint, 0.8 gr.
3) Hvítt duft, ógreint, 11.0 gr.
4) Hvítt duft, ógreint, 7.2 gr.
5) Ætlaðar hassolíuleifar, óvigtanlegt.

Litarprófanir, framkvæmdar af lögreglu, gáfu jákvæða kannabissvörun varðandi liði 1 og 5, jákvæða amfetamínsvörun varðandi lið 2, en enga svörun varðandi liði 3 og 4.

Efni, talin í lið 1, fundust að mestu falin í nærklæðum Bóasar D. Bergsteinssonar, en að hluta í jakka, að sögn Bóasar í hans eign. Nefndur Bóas kvaðst rétt í sömu svipan og hann varð var lögreglumanna hafa séð efni á hillu í íbúð og falið með ofangreindum hætti, en neitaði að eiga eða vita nánar um uppruna efna.

Bóas D. Bergsteinsson neitaði og að kannast við þau efni, sem í áðurnefndum jakkavasa fundust. Hann neitaði einnig að hafa undanfarnar vikur látið nokkrum aðiljum fíkniefni í té, en hins vegar nokkrum sinnum af gestum þegið lítilræði af kannabisefnum til eigin nota, enda þarna að Framnesvegi 18 undanfarið mjög gestkvæmt og sukksamt, þótt mest væri áfengi um hönd haft.

Margnefndur Bóas kvaðst hafa komið hingað til lands í sept. sl. eftir langdvöl í Danmörku, en ekki stundað vinnu að heitið gæti eftir það.

Einnig liggur fyrir, að margnefndur Bóas sætti í Danmörku gæsluvarðhaldi frá 21. maí 1982 til 10. sept. þ. á., grunaður um verulegt fíkniefnamisferli, en var í máli nr. 1814/1982 að mestu sýknaður af ákærum í því sambandi.

Áður er vikið að handtöku þriggja manna utan dyra við Framnesveg 18 í sömu mund og fyrstnefnd húsleit hófst þar. Þessir aðiljar eru:

1) Arnkell Þór Sigtryggsson, Hjallabakka 22, Reykjavík.
2) Haukur Þórólfsson, Drápuhlíð 35, Reykjavík.
3) Ingólfur Bragi Valdemarsson, Hlíðartúni 7, Höfn, Hornafirði.

Þeir Ingólfur og Haukur hafa í lögregluyfirheyrslu borið, að erindi þeirra að Framnesvegi 18 hafi verið að kaupa hassefni af Bóasi D. Bergsteinssyni og Haukur rétt fyrir handtöku af Bóasi keypt 3 gr af hassi fyrir 1.000.00 kr. og afhent Ingólfi, en hann gleypt, er hann sá lögreglumenn nálgast.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Bóas D. Bergsteinsson fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi, en sýnilegt, að rannsókn er enn á frumstigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Bóasi D. Bergsteinssyni í þágu rannsóknar að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir ákveðið allt að 14 dögum frá kl. 1500 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, fæddur 23. mars 1959, til heimilis að Framnesvegi 18, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum frá kl. 1500 þann 29. apríl 1983 að telja.

Fimmtudaginn 5. maí 1983.

Nr. 94/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Pétri Blöndal Gíslasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1983, sem barst Hæstarétti 2. maí s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Ranssókn máls þessa er á frumstigi. Þykja rannsóknarnauðsynjar bjóða, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Ber að svo vöxnu að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. apríl 1983.

Ár 1983, föstudaginn 29. apríl, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Í gærdag var lagt hald á verulegt magn fíkniefna við húsleit að Framnesvegi 18 hér í borg. Þar voru handteknir húsráðandinn, Bóas Bergsteinsson, og Pétur Blöndal Gíslason, er þar hefur haft aðsetur síðustu daga.

Pétur Blöndal Gíslason var í gærdag handtekinn í þriðja skipti frá 14. apríl sl. og í öll skiptin með fíkniefni í fórum sínum. Hafa efni þau, er Pétur hefur verið tekinn með, gefið jákvæða niðurstöðu í prófunum fyrir kókaíni, amfetamíni (speed) og hassi, sjá dómskjal nr. 1.

Pétur Blöndal hefur um langt árabil verið viðriðinn dreifingu og aðra

meðferð ávana- og fíkniefna. Frá því Pétur losnaði úr refsivist í lok janúar sl., hefur hann m. a. haldið í eina skemmtiferð til útlanda og svo sem rakið var, verið handtekinn þrisvar með fíkniefni í fórum sínum, sem söluandvirði gæti numið tugum þúsunda króna.

Pétur hefur enga grein gert fyrir fjármögnun utanferðar sinnar og heldur ekki greint frá, hvaðan efnin, er á honum fundust, eru komin. Þá hefur Pétur borið af sér að eiga efni þau, er fundust í vistarverum hans að Framnesvegi 18 í gærdag.

Inga Rún Pálmadóttir hefur borið hjá lögreglu að hafa heyrt þá Bóas Bergsteinsson og Pétur Blöndal Gíslason ræða saman um fíkniefni, en farið leynt með.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, þá hefur Pétur Blöndal borið af sér sakir varðandi meint fíkniefnamisferli og kveðst ekki kannast neitt við fíkniefni þau, er fundust að Framnesvegi 18 í gærdag. Allsterkar líkur benda til, að Pétur Blöndal hafi ofan af sér (sic) með sölu fíkniefna, og benda efni þau og umbúðir, er fundist hafa undanfarið, til þess.

Pétur Blöndal hefur margoft komið við sögu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og einnig hjá fíkniefnadeild lögreglu, sjá dómskjal nr. 13.

Brotaferill Péturs er slíkur, að segja má, að hann hafi lagt í vana sinn að fremja brot þeirrar tegundar, er hér um ræðir, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa beinist að meintum brotum Péturs Blöndal Gíslasonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Pétur fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í máli þessu.

Eftir er að yfirheyra Pétur mun ítarlegar og fleiri vitni og samseka, er málinu kunna að tengjast. Þykir því nauðsyn bera til vegna rannsóknarinnar, sem er á frumstigi, að Pétur sæti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins og koma þannig í veg fyrir, að sakargögn spillist.

Vísast til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í þessu sambandi.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt að 14 dögum frá kl. 1330 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum frá kl. 1330 föstudaginn 29. apríl 1983 að telja.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 145/1981. **Hagtrygging h/f og ríkissjóður Íslands**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Samvinnutryggingar g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1981. Þeir gera þær dómkröfur, „að kröfur stefnda (stefnanda í héraði) vegna hins umdeilda bifreiðaáreksturs verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og áfrýjendur verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, höfðaði Birgir Halldórsson f. h. einkafirma síns, Búsáhöld og gjafavörur, eiganda bifreiðarinnar R 1977, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur áfrýjendum, og gekk dómur í því 16. nóvember 1979. Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 er sá dómur að því er varðar skiptingu bótaábyrgðar bindandi um úrslit sakarefnis fyrir áfrýjendur, en stefndi hefur með afstöðu sinni talið sig bundinn af niðurstöðu dómsins. Með þessari athugasemd og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hagtrygging h/f og ríkissjóður Íslands, greiði

stefnda, Samvinnutryggingum g/t, óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, voru stefndu í héraði, áfrýjendurnir Hagtrygging h/f og ríkissjóður, hinir sömu og í bæjarþingsmáli nr. 6148/1979. Í báðum þessum dómsmálum var deilt um tjón vegna bfreiðaslyss 23. desember 1978, en ekki um sama hluta heildartjónsins. Snerist fyrra málið um 200.000 gkr. af viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar R 1977 svo og tjón af afnotamissi, en mál það, sem nú er til úrlausnar, varðar hinn hluta viðgerðarkostnaðarins. Stefnendur í héraði voru eigi hinir sömu í málunum tveimur.

Þegar framanskráð er virt, teljum við ekki, að niðurstöður hins fyrra dómsmáls um sakarskiptingu beri að leggja til grundvallar í þessu máli án sjálfstæðrar prófunar eftir 195. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936. Við teljum hins vegar, að gögn máls þess, sem hér eru til úrlausnar, sýni, að niðurstaða hins fyrra máls sé efnislega rétt.

Með þessari athugasemd erum við sammála meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1981.

I.

Mál þetts, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. mars sl., hafa Samvinnutryggingar g/t, Ármúla 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. janúar 1981, gegn ríkissjóði Íslands og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.760.32 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desemer s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 29. janúar 1981 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Aðiljar málins gerðu með sér samkomulag um að sniðganga sáttanefnd. Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni árangur.

II.

Málavextir.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu.

„Málavextir eru þeir, að föstudaginn 23. des. 1978 ók Halldór Birgisson fólksbifreiðinni R-1977 suður Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Bifreiðastjórinn áætlar, að ökuhraðinn hafi verið um 55 km m. v. klst., en leyfilegur ökuhraði á nefndri akbraut var 60 km m. v. klst. Er hann nálgaðist tengibraut, sem er á milli Kringlumýrarbrautar og Hafnarfjarðarvegarins gamla, var bifreiðinni JO-7495 ekið nefndan tengiveg frá Kringlumýrarbraut, eystri akbrautinni, og inn á vestari akbrautina í veg fyrir R-1977. Hafði JO-7495 verið ekið úr kyrrstöðu, en biðskylda er á tengibrautinni, en síðan stöðvuð á vestari akbrautinni, ekið af stað aftur og enn stöðvuð og þá alveg lokað akleið R-1977.

Bifreiðastóri R-1977 nauðhemlaði og reyndi jafnframt að sveigja aftur fyrir JO-7495, en tókst eigi að afstýra árekstri. Eftir áreksturinn við JO-7495 lenti 1977 upp á umferðareyju milli akbrauta Kringlumýrarbrautar og rakst þar á umferðarmerki.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ísing á akbrautinni, er árekstur þessi varð.

JO—7495 er VW-fólksbifreið, eign Alvin S. Cruz, sem var á þessum tíma í liði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli, en bifreiðinni ók umrætt sinn Susan E. Fogg. Bifreið þessi var ábyrgðartryggð hjá stefnda Hagtryggingu h.f.

R—1977 var ábyrgðartryggð hjá stefnanda og húftryggð einnig með 200 þúsund gamalla króna eigináhættu eigandans. Hinn 5. júní 1977 þingfesti eigandi R-1977, Birgir Halldórsson f. h. einkafirma síns Búsáhöld & gjafavörur, mál á bæjarþingi Reykjavíkur gegn varnaraðilum í þessu máli og krafðist greiðslu á bótum vegna afnotamissis, kr. 120.000,00, og vegna eigináhættu sinnar í húftryggingu, kr. 200.000,00, alls kr. 320.000,00. Dómur í málinu var kveðinn upp 16. nóv. 1979 með þeim úrslitum, að honum voru dæmdar bætur að fjárhæð kr. 180.000,00, en ekill bifreiðar hans var talinn hafa átt sök á árekstrinum að 1/3. Þessum dómi var unað af báðum aðilum, og greiddi Hagtrygging h.f. dómskuldina 4. febr. 1980.

Þegar stefnandi leitaði eftir endurgreiðslu úr hendi Hagtryggingar h.f. á húftryggingarbótum, er hann hafði greitt eiganda R-1977, í samræmi við niðurstöðu dómsins, brá svo undarlega við, að félagið synjaði endurgreiðslunni. Var því borið við, að Hagtrygging h.f. gæti eigi sætt sig við sakarskiptingu í dóminum. Við svo búið átti stefnandi ekki annarra kosta völ en að sækja rétt sinn með málssókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ekill JO-7495 hafi átt a. m. k. meginsök á umræddum bifreiðaárekstri með því að aka gegnt biðskyldu

inn á aðalbraut í veg fyrir aðvífandi bifreið, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Stefnandi fellst að sjálfsögðu á niðurstöðu umrædds héraðsdóms, sem óhögguð stendur, og sættir sig við skertan bótarétt að þriðjungi.

Eigandi JO-7495 ber að lögum bótaábyrgð á afleiðingum árekstursins skv. 68., sbr. 69. gr. umferðarlaga. En þar sem í hlut átti maður, sem telst til varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi, kemur ríkissjóður Íslands í hans stað sem ábyrgðaraðili til fébóta gagnvart stefnanda samkvæmt 2. lið í 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110 frá 1951, sem er viðbætir við þau lög og fjallar um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Aðild meðstefnda Hagtryggingar h.f. á stoð í 2. mgr., sbr. 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Á þessum grundvelli og samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, sbr. og ákvæði í almennum húftryggingarskilmálum stefnanda, er kröfugerð hans í málinu reist.

Kostnaður við að gera við R-1977, efni og vinna, nam samtals gömlum kr. 614.048,00. Þar frá drógst eigin áhætta eiganda R-1977, gamlar kr. 200.000,00. Frá mismuninum, kr. 414.048,00, dregst þriðjungur, sem er eigin sök ekils R-1977, gamlar kr. 138.016,00. Eftirstöðvar, sem eru kr. 276.032,00, nýkr. 2.760,32, er stefnukrafan í málinu."

III.

Eins og fram kemur í II hér að framan, hafði Birgir Halldórsson bifreið sína, R 1977, ábyrgðar- og húftryggða hjá stefnanda, Samvinnutryggingum. Er bifreið Birgis lenti í árekstri við bifreiðina JO 7495 hinn 23. desember 1978, bætti stefnandi Birgi tjón hans með greiðslu húftryggingarbóta. Frá þeim bótum var þó dreginn sá hluti tjóns, er Birgir varð sjálfur að bera vegna eigin áhættu sinnar í húftryggingunni, og afnotamissir, sem húftryggingin bætir ekki. Að framan er það rakið, að Birgir Halldórsson höfðaði mál á hendur varnaraðiljum í þessu máli til greiðslu bóta vegna afnotamissis og þess hluta tjónsins, sem hann varð að bera sjálfur vegna eigin áhættu sinnar í húftryggingunni. Dómur í því máli var kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 16. nóvember 1979, og var bótaábyrgð vegna tjónsins af völdum árekstur bifreiðanna skipt og hún lögð á eiganda JO 7495 að ⅔, en að ⅓ á Birgi Halldórsson. Í máli þessu viðurkenna stefndu, ríkissjóður Íslands og Hagtrygging h/f, endurkröfurétt Samvinnutrygginga g/t á hendur þeim vegna þeirra húftryggingarbóta, er Samvinnutryggingar g/t greiddu Birgi Halldórssyni. Hins vegar krefjast stefndu lækkunar endurkröfunnar á þeirri forsendu, að sakarmat dómsins frá 16. nóv. 1979 sé rangt og ekki bindandi fyrir dóm í þessu máli. Sök ökumanns bifreiðarinnar R 1977 eigi að metast meiri og endurkrafa stefnanda að lækka að sama skapi. Ágreiningur málsaðilja varðar því það tvennt, hvort dómur bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóv. 1978 um sakarmat vegna árekstur bifreiðanna

R 1977 og JO 7495 hinn 23. des. 1978 sé bindandi fyrir dóm í þessu máli varðandi endurkröfuna, ef svo sé ekki, þá hvenig meta beri sökina.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóv. 1979 sagði svo:

„Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga 40/1968 átti bifreiðin R 1977 umferðarrétt gagnvart bifreiðinni JO 7495. Bifreiðarstjóri JO 7495 ók bifreið sinni úr biðstöðu þvert á mikla umferðaræð, bifreið hans drap á sér, eftir að hún var komin lítið eitt inn á akbrautina. Bifreiðarstjórinn náði að gangsetja bifreiðna á ný og aka nokkru lengra, en bifreiðin stöðvaðist aftur inni á akbrautinni. Óupplýst er, hver var orsök þessa akstursmáta. Rétt þykir með þetta í huga, að ökumaður JO 7495 sé í höfuðsök á árekstrinum og stefndu verði því að bera meiri hluta ábyrgðar af honum.

Hins vegar var bifreið stefnanda, R 1977, vanbúin til vetraraksturs, þar sem hún var á sumarbörðum, en áreksturinn varð um hávetur og ísing á vegum. Þegar skoðaður er uppdráttur lögreglu af árekstursstað og þá sérstaklega hemlaför eftir bifreið stefnanda og ofangreindur búnaður bifreiðarinnar, þykir stefnandi, sbr. 49. gr. laga nr. 40/1968, eiga að bera hluta af ábyrgð vegna árekstursins. Þessi hluti þykir réttilega metinn ⅓."

IV.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir rétt sinn í máli þessu á 25. gr. laga nr. 20/1954 og 2. mgr. 6. gr. í almennum húftryggingarskilmálum Samvinnutrygginga. Þar segi, að krafa tryggingarfélags til skaðabóta á hendur þeim, er ábyrgð beri á tjóni, hverfi til tryggingarfélagsins við greiðslu skaðabóta án sérstaks framsals, allt að þeirri upphæð, er félagið hafi greitt vegna tjónsins.

Þó svo að stefnandi telji endurkröfurétt sinn augljósan og ótvíræðan samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 og stefndu hafi í sjálfu sér ekki mótmælt endurkröfurétti stefnanda, telur stefnandi, að nauðsyn hafi borið til málshöfðunar þessarar, þar sem stefndu hafi synjað endurgreiðslukröfunni. Málið sé því gagngert höfðað í því skyni að fá aðfarargrundvöll á hendur stefndu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóvember 1979 hafi endanlega verið skorið úr um bótaábyrgð vegna tjóns Birgis Halldórssonar. Dómurinn sé að því er skiptingu bótaábyrgðar varði ekki einvörðungu bindandi fyrir aðilja í því máli, þ. e. Birgi Halldórsson annars vegar og Hagtryggingu h/f og ríkissjóðs hins vegar, heldur einnig fyrir þá, sem leiði rétt sinn af rétti aðilja fyrra málsins. Varnaraðiljar þessa máls séu hinir sömu og varnaraðiljar fyrra málsins. Stefnandi þessa máls, Samvinnutryggingar g/t, leiði samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 og 2. mgr. 6. gr. húftryggingarskilmála Samvinnutrygginga g/t rétt sinn af rétti Birgis Halldórssonar, stefnanda fyrra málsins. Réttur þeirra fari að öllu leyti saman. Þó svo að Birgir Hall-

dórsson hafi í fyrra málinu einvörðungu krafið stefndu um hluta þess tjóns, sem hann varð fyrir við árekstur R 1977 og JO 7495, þá sé ljóst, að hann hefði getað krafið stefndu um greiðslur fyrir allt það tjón, er hann varð fyrir vegna árekstursins. Þess hafi hins vegar ekki verið þörf, þar sem stefnandi, Samvinnutryggingar g/t, hafi bætt Birgi stærstan hluta tjóns hans með greiðslu húftryggingarbótanna. Sakarmat fyrri dómsins hefði orðið nákvæmlega það sama, hvort sem Birgir hefði krafið þá, sem að lögum báru ábyrgð á tjóninu, um allt það tjón, er hann beið, eða einvörðungu nokkurn hluta þess, eins og hann gerði. Þar sem Samvinnutryggingar hafi tekið að sér að bæta Birgi tjón hans, gangi Samvinnutryggingar inn í rétt Birgis og öðlist eindurkröfurétt á hendur stefndu. Um það sé ekki deilt með málsaðiljum, heldur hitt, hvort fyrri dómurinn sé að því er skiptingu bótaábyrgðar varðar bindandi fyrir aðilja þessa máls. Augljóst sé, að samkv. 1. mgr. 195 gr. laga nr. 85/1936 séu aðiljar þessa máls bundnir af sakarmati fyrra málsins. Varnaraðiljar séu þeir sömu og sóknaraðili þessa máls leiði, eins og að framan sé rakið, rétt sinn af rétti sókaraðilja fyrra málsins og komi að lögum í hans stað, þar sem hann hafi tekist á hendur að bæta honum það tjón, sem varnaraðiljar beri að lögum ábyrgð á. Fyrri dómurinn hafi því res judicata verkanir að því er skiptingu bótaábyrgðar varði í þessu máli. Þeirri sakarskiptingu, sem þar hafi verið ákvörðuð, verði stefndi að una, þar sem sá dómur hafi verið endanlegur. Hann hafi verið óáfrýjanlegur af þeirra hálfu án sérstaks leyfis og þess leyfis hafi ekki verið aflað. Verði varnaraðiljar því að una sakarmatinu, hvort sem þeim líki betur eða verr. Það sé líka óeðlilegt, að einn og sami dómstóllinn, eins og bæjarþing Reykjavíkur, geti metið sök varðandi sama tjónsatburðinn oftar en einu sinni, slíkt mundi leiða til réttaróvissu.

Af framansögðu telur stefnandi einsýnt, að ekki séu efni til nýs sakarmats í þessu máli vegna áreksturs bifreiðanna R 1977 og JO 7495 hinn 23. desember 1978 og að endurkrafa stefnanda eigi ekki að sæta frekari lækkun vegna meiri sakar bifreiðastjóra R 1977 heldur en fram komi í dómi bæjarþingsins frá 16. nóvember 1979. Einu varnir, sem stefndu geti komið að í endurkröfumáli þessu, varði fjárhæð endurkröfunnar sem slíkrar. Greina verði á milli bótaábyrgðar annars vegar og bótafjárhæðar hins vegar. Það, sem ekki hafi verið dæmt um í fyrra málinu, sé fjárhæð kröfunnar í þessu máli. Tölulega séð sæti sú krafa ekki andmælum af hálfu stefndu, og því telur stefnandi, að taka beri kröfur sínar til greina að öllu leyti.

Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því, að ef dómurinn í þessu máli telji sig ekki bundinn af sakarmati fyrri dómsins og telji sér heimilt að meta sök að nýju vegna umrædds áreksturs, þá sé það sakarmat, sem fram hafi farið í þeim dómi, rétt í einu og öllu og því beri að skipta sök með nákvæmlega sama hætti og gert hafi verið. Kröfu sína beri því allt að einu

að taka til greina að öllu leyti, þar sem í kröfunni sé tekið fullt tillit til eigin sakar Birgis Halldórssonar.

Stefndu byggja kröfur sínar um lækkun dómkrafna á því, að þó svo að dómur hafi gengið 16. nóvember 1979 í máli Birgis Halldórssonar og bótaábyrgð dæmd í því máli á grundvelli þess sakarmats, sem þar hafi farið fram, þá sé dómur í þessu máli ekki bundinn af því sakarmati. Aðiljar þessa máls séu ekki þeir sömu og aðiljar fyrra málsins og í því máli hafi ekki verið dæmt um þær kröfur að efni til, sem deilt sé um í þessu máli. Í þessu máli verði því að fara fram sjálfstætt efnislegt mat á tjónsatburðinum og endurkrafa stefnanda ákvörðuð á grundvelli hins nýja sakarmats.

Stefndu halda því fram, að það sakarmat, sem fram hafi farið í fyrra málinu, þar sem bótaábyrgð var lögð á Birgi Halldórsson að ⅓, en eiganda JO 7495 að ⅔, hafi verið rangt. Meginorsök þess, að árekstur hafi orðið með bifreiðunum R 1977 og JO 7495 í umrætt sinn, liggi í aksturslagi ökumanns og búnaði bifreiðarinnar R 1977. Nefna stefndu þar til, að hemlaför eftir bifreiðina R 1977 hafi verið óeðlilega löng, sem næst 30 metrar að þeim stað, þar sem árekstrinn varð, og bendi það til of hraðs aksturs. Þá hafi það komið í ljós undir rekstri fyrra málsins, að ökumaður R 1977 hafi veitt bifreiðinni JO 7495 athygli og séð, að sú bifreið átti í erfiðleikum. Hafi hann því mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem framundan hafi verið. Einnig benda stefnu á, að bifreiðin R 1977 hafi verið búin sumarhjólbörðum, en mikil hálka hafi verið á götum þann dag, er árekstur varð. Hins vegar eigi aksturslag JO 7495 sér þá skýringu eina, að um óhappatilviljun hafi verið að ræða, þar sem vél bireiðarinnar hafi stöðvast, en annað ekki reynst athugavert.

Samkvæmt meginreglu 68. gr. umferðarlaga beri að skipta sök með hliðsjón af atvikum öllum. Á það megi fallast, að eigandi bifreiðarinnar JO 7495 þurfi að bera nokkra áhættu og þar með hluta ábyrgðar vegna þess tjóns, sem af því hlaust, að vél bifreiðar hans stöðvaðist. Hins vegar sé fráleitt að leggja á hann ⅔ hluta sakar, eins og gert hafi verið í áðurnefndum bæjarþingsdómi frá 16. nóvember 1979. Á þessu sé krafa þeirra um lækkun bóta byggð.

Stefndu geta þess, að þeir hafi ávallt verið óánægðir með sakarmat dómsins frá 16. nóvember 1979. Þeir hafi hins vegar eigi átt þess kost að hnekkja því sakarmati með áfrýjun til æðra dóms, þar sem verðmæti áfrýjunarkröfu að því er stefndu varði hafi ekki náð áfrýjunarfjárhæð. Stefndu hafi heldur ekki leitað áfrýjunarleyfis, þar sem þeir hafi talið vonlítið, að slíkt leyfi yrði veitt. Stefndu telja sig aftur á móti hafa af því mikla hagsmuni að fá sakarmati fyrra málsins hnekkt í æðra dómi. Með því að þeir telji dómara þessa máls eigi bundinn af sakarmati fyrra málsins, hafi þeim opnast leið til áfrýjunar með því að sinna ekki endurkröfu stefnanda, enda

sé ljóst, að stefndu verði ekki endurkrafðir um hærri fjárhæð en sem nemi sök eiganda bifreiðar JO 7495. Þeir hafi því talið sér rétt að sinna ekki endurkröfunni, þar sem hún hafi verið byggð á röngu sakarmati. Tölulega andmæli stefndu ekki kröfum stefnanda.

V.

Álit réttarins.

Það er óumdeilt með aðiljum máls þessa, að stefnandi eigi á grundvelli 25. gr. laga nr. 20/1954 endurkröfurétt á hendur stefndu, þar sem stefnandi bætti Birgi Halldórssyni tjón það, er Birgir beið við árekstur bifreiðar hans, R 1977, og bifreiðarinnar JO 7495. Ágreiningur málsaðilja varðar hins vegar það, hvort endurkrafa stefnanda eigi að sæta meiri lækkun en sem nemi ⅓ vegna eigin sakar Birgis Halldórssonar, en þannig var sök hans ákvörðuð með dómi bæjarþingsins frá 16. nóvember 1979.

Með áðurgreindum dómi bæjarþingsins var skorið úr um skiptingu bótaábyrgðar vegna þess tjóns, er varð á R 1977 við árekstur þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar JO 7495. Þeim dómi var af varnaraðilja ekki áfrýjað, þar sem áfrýjunarskilyrðum var ekki fullnægt, og eigi leituðu varnaraðiljar áfrýjunarleyfis. Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 er áðurgreindur bæjarþingsdómur frá 16. nóvember 1979 að því er skiptingu bótaábyrgðar varðar bindandi um úrslit sakarefnis fyrir varnaraðilja í þessu máli, sem jafnframt voru varnaraðiljar fyrra málsins, og fyrir stefnanda, sem samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 leiðir rétt sinn af rétti Birgis Halldórssonar og kemur að lögum í hans stað. Standa því eigi að lögum efni til nýs sakarmats í máli þessu vegna árekstursins bifreiðanna R 1977 og JO 7495 í umrætt sinn. Ber því við ákvörðun endurkröfunnar að leggja til grundvallar þá skiptingu bótaábyrgðar, sem ákvörðuð var með dómi bæjarþingsins hinn 16. nóvember 1979.

Tölulega séð hefur fjárhæð endurkröfu stefnanda eigi sætt andmælum af hálfu stefndu. Að því athuguðu og þar sem stefnandi hefur við sundurliðun kröfu sinnar tekið tillit til eigin sakar eiganda R 1977, eins og hún var metin í áðurgreindum bæjarþingsdómi, ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti. Þá ber og að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.525.00.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hagtrygging h/f og ríkissjóður Íslands, greiði in solidum stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 2.760.32 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi

til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 29. janúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 2.525.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 188/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Grétari Magnússyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982, en jafnframt er af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar. Ágrip máls þessa barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Verjandi krefst lækkunar á refsingu ákærða. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu á háttsemi ákærða til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Þá ber og að staðfesta með skírskotun til forsendna héraðsdóms ákvæði hans um greiðslu ákærða á skaðabótum til Radíó- og sjónvarpsstofunnar s/f.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfryjun málsins, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Magnússon, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júlí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 269/1982: Ákæruvaldið gegn Grétari Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. þ. m., gegn Grefari Magnússyni verkamanni, nú Orrahólum 7, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1962 í Reykjavík.

„I. Fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. júní 1982 tekið í heimildarleysi bifreiðina R 11335 við húsið nr. 82 við Kleppsveg í Reykjavík, haft bifreiðina í umráðum sínum allt til laugardagsins næsta á eftir og ekið henni um götur þar í borg undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt og einnig til Selfoss og til baka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

II. Fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. júní 1982 brotist inn í Radíó- og sjónvarpsstofuna á Selfossi og stolið 3 sambyggðum útvarps- og segulbandstækjum og sambyggðum magnara og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Aðfaranótt laugardagsins 5. júní sl., kl. 0418, sáu lögregluþjónar á leið um Laugaveg karl og konu á ferð með hljómflutningstæki, og er þau urðu lögreglunnar vör, lögðu þau frá sér tækin, en maðurinn flýði inn í hús

nr. 49. Lögregluþjónarnir handtóku þau bæði, og var hér um að ræða ákærða og X, 18 ára að aldri.

Í máli þessu er leitt í ljós með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hljómflutningstæki þau, sem hér var um að ræða, en þau voru fjögur talsins, eins og í ákæru greinir, og eru að söluverðmæti talin 20.150.00 krónur, hafði ákærði tekið úr Radíó- og sjónvarpsbúðinni á Selfossi, en þangað höfðu þau X farið um nóttina og ákærði brotist inn og tekið tækin.

Þá er það fram komið, að ferð þessa höfðu þau farið í bifreiðinni R 11335, sem er eign Viggós Guðmundssonar, Kleppsveg 82, en samkvæmt tilkynningu hans til lögreglu hafði bifreiðin horfið af Kleppsvegi aðfaranótt fimmtudagsins 2. júní.

Ákærði segist kannast við, að hann hafi ekið í þessari bifreið umrædda nótt og að hann hafi ekki verið heimildarmaður að bifreiðinni. Hann kveðst ekki minnast þess, að hann hafi tekið bifreiðina við Kleppsveg. Hann telur sig muna, að áður en hann fór í veitingahúsið Klúbbinn á föstudagskvöld, hafi hann tekið bifreiðina, þar sem hún stóð á Frakkastíg. Hvort hann hafi áður haft hana undir höndum og skilið hana eftir á Frakkastíg, geti hann ekkert sagt um. Hann man ekki, hvað hann aðhafðist dagana á undan, en hann hafi þá verið í óreglu. Samkvæmt skýrslu X hitti hún ákærða í Klúbbnum á föstudagskvöldið, og hún fylgdist þaðan með ákærða út í bifreið, sem var fyrir utan, og ákærði ók síðan niður á Laugaveg, og eftir stutta dvöl þar fóru þau saman í bifreiðinni í Selfossferðina. Er þetta allt í samræmi við framburð ákærða.

Ákærði segist hafa verið ölvaður við aksturinn. Í blóðsýni, sem honum var tekið að tilhlutan lögreglu kl. 0735 á laugardagsmorgun, reyndist alkóhól þó ekki nema 0.62o/oo, og hefur hann því, er þar var komið, naumast verið undir umtalsverðum áfengisáhrifum.

Ákærði hefur verið sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, eins og síðar kemur fram, er rakinn er ferill ákærða.

Óvíst verður að telja, hvernig ákærði náði umráðum yfir R 11335, en ljóst er að minnsta kosti, að hann var við akstur hennar á föstudag og laugardagsnótt og að afnot bifreiðarinnar voru honum óheimil. Með þessari athugasemd telst sannað, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum þeim, sem talin eru í ákæru.

Ákæru á hendur Grétari fyrir þjófnað og nytjastuld var frestað á árinu 1978, en síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

23. ágúst 1979 30 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir nytjastuld og umferðarlaga- og áfengislagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis. (Ákærur útg. 15. og 21. nóv. 1978).

5. sept. 1979 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 30. ágúst 1978).

29. jan. 1980 2 mánaða skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað. (Ákæra útg. 27. des. 1978).

31. jan. 1980 sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 8. febr. 1978).

27. júní 1980 1 árs fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur o. fl. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt. (Ákæra útg. 27. maí 1980).

6. nóv. 1980 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvun við akstur o. fl. (Ákæra útg. 22. sept. 1980).

29. okt. 1980 sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 15. maí 1979).

22. maí 1981 4 mánað fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl. (Ákæra útg. 24. febr. 1981, en þau brot ákærða, sem hún laut að, voru framin á árunum 1978 og 1979).

22. mars 1982 1 mánaðar fangelsi fyrir að aka bifreið sviptur ökuleyfi.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og af fyrri brotaferli ákærða hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Ákærði var 6. júní úrskurðaður til þess að sæta gæsluvarðhaldi til 11. júní. Af gögnum málsins sést ekki, að ákærði hafi verið leystur úr gæsluvarðahaldinu fyrir þann tíma, og verður við það miðað, að gæsluvarðhaldið hafi staðið í 5 daga. Ber skv. 76. gr. hegningarlaga að ákveða, að vistin komi refsingunni til frádráttar.

Radíó- og sjónvarpsstofan s/f gerir kröfu á hendur ákærða um bætur fyrir skemmdir af innbrotinu og fyrir skemmdir á tækjum þeim, sem ákærði tók, en þau komust til skila. Krafan, sem er sundurliðuð, nemur samtals 10.794.00 kr. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og þykir henni vera í hóf stillt. Verður hún tekin til greina.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Grétar Magnússon, sæti fangelsi í 7 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald hans í 5 daga.

Ákærði greiði Radíó- og sjónvarpsstofunni s/f 10.794.00 krónur.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 214/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ragnheiði Valgarðsdóttur
(Othar Örn Petersen).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 13. október 1982. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 1. febrúar 1983.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að refing verði dæmd svo væg sem lög frekast leyfa og verði hún skilorðsbundin. Einnig krefst hann, að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun sín.

Brot þau, sem ákærðu er gefið að sök í fyrri ákærulið, voru framin á tímabilinu frá janúar til mars 1980.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sakfellingu samkvæmt þessum ákærulið svo og færslu háttsemi ákærðu, er þar greinir, til refsiákvæða, þó svo, að hvorki lögum nr. 60/1980, sem birt voru 16. júní 1980, né lögum nr 75/1982, sem birt voru 10. júní 1982, verður beitt, sbr. 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við þingfestingu málsins 14. desember 1981 lýsti ákærða yfir því, að hún kannaðist ekki við það, að hún hefði afhent Helgu Gísladóttur fé til hasskaupa, svo sem ákærðu er gefið að sök í II. ákærulið. Þessi yfirlýsing stangaðist á við skýrslu, sem ákærða hafði gefið fyrir lögreglu við rannsókn málsins hinn 13. janúar 1981. Hefði átt að bera þá skýrslu sérstaklega undir ákærðu og spyrja hana, hvernig í því lægi, að hún vildi nú skýra frá á annan hátt. Þá átti enn fremur

að inna hana frekar eftir þessu ákæruatriði. Svo sem sakargögnum er farið, þykir bera að sýkna ákærðu af kröfu ákæruvalds skv. þessum ákærulið.

Við refsiákvörðun ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsivist ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, sbr. enn fremur 5. gr. laga nr. 65/1974, verður ákærða dæmd til að greiða 10.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á 289.500 gömlum krónum er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsivist ákærðu, Ragnheiðar Valgarðsdóttur, á að vera óraskað. Ákærða greiði 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 14. júlí 1982.

Á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, miðvikudaginn 14. júlí 1982, var kveðinn upp

af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa dómur í sakadómsmáli nr. 842/1981: Ákæruvaldið gegn Ragnheiði Valgarðsdóttur.

Málið var höfðað á hendur Ragnheiði Valgarðsdóttur, fæddri 13. mars 1957 í Hafnarfirði, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborgu Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti þessi vinkona ákærðu allt að 100 grömmum af efninu, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Síðan selt ásamt honum efnið á allt að kr. 10.000 hvert gramm, en efnið kostaði á Spáni í það heila allt að 60.000 pesetum.

II.

Í mars 1980 lagt fram fé til Helgu Gísladóttur vegna ferðar, sem Valur Hugason Hraunfjörð fór til Kaupmannahafnar til hasskaup, og fengið, er hann kom heim með efni, í sinn hlut allt að 120 grömmum af hassi, sem ákærða síðan endurseldi með hagnaði.

Af kaupendum, sem versluðu beint við ákærðu með efni, sem nefnt er í liðum I—II hér að framan, má nefna sem stærsta nefnda Helgu Gísladóttur með allt að 100 grömmum og Kolbein Inga Gíslason með allt að 140 grömmum."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíknisefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana-og fíknisefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til að sæta upptöku á ísl. peningum, gkr. 289.500, enskum pundum 33.00 og tékka frá Samvinnubanka að fjárhæð gkr. 58.000, útg. af Magnúsi J. Magnússyni, sem hald var lagt á við rannsókn málsins samkvæmt 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða hefur, svo sem áður er rakið, náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1978 12/5 í Reykjavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Ökuleyfissvipting 3 mán. frá 12/4 1978.

1979 7/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 24.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. og að hluta 5. gr. hegningarlaga.

1980 22/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot

gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 78. gr. hegningarlaga.

1980 6/8 í Reykjavík: Ávana-og fíkn: Sátt, 160.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga. nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77., 71. og 78. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Ákæruliður I.

„Í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborgu Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti þessi vinkona ákærðu allt að 100 grömmum af efninu, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Síðan selt ásamt honum efnið á allt að kr. 10.000 hvert gramm, en efnið kostaði á Spáni í það heila allt að 60.000 pesetum."

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 6. mars 1980. Kvað ákærða sig hafa haldið til Spánar í janúar s. á. ásamt Ingiborg Lindu Mogensen. Lagði Eggert Bjarni Arnórsson ákærðu til fé í för þessa og til hasskaupa. Kvað ákærða sig ásamt Ingiborg Lindu hafa keypt á Spáni tæp 500 gr af hassi fyrir 60.000 peseta. Átti Ingiborg 100 gr af efninu, en ákærða kvað sig ásamt sambýlismanni sínum, Eggert Bjarna, hafa átt um 400 gr.

Ákærða lýsti við dómsyfirheyrslu 7. mars 1980 sölu sinni á 260 gr af fíkniefnum til fjögurra nafngreindra aðilja.

Ákærða kvað sig eiga haldbæra 1 milljón gkr., sem væri söluandvirði fíkniefna. Þann 10. mars s. á. framvísaði ákærða 289.500 gkr. sem söluandvirði fíkniefna.

Ákærða bar við lögregluyfirheyrslu 10. mars s. á., að hvert gramm efnis hafi að jafnaði verið selt á gkr. 10.000. Ákærða kvað sig hafa úr nefndri Spánarferð flutt með sér hingað til lands 390—395 gr af hassi. Kvað ákærða Eggert Bjarna hafa dreift einhverju af efninu, en ákærða taldi sig hafa dreift 290 gr. Kvaðst ákærða eftir að hafa gefið 15 gr af efninu hafa fengið 2.750.000 gkr. sem andvirði seldra fíkniefna.

Þrír hinna fjögurra nafngreindra aðilja, er ákærða kvaðst hafa selt hassefni, hafa stutt framburð ákærðu og viðurkennt að hafa átt við ákærðu fíkniefnaviðskipti.

Ingiborg Linda Mogensen var yfirheyrð hjá lögreglu 6. mars 1980. Kvað Ingiborg sig þá hafa keypt um 500 gr af hassi á Spáni í janúar 1980. Kvað Ingiborg sig hafa átt um 100 gr, en ákærða hafi átt um 400 gr. Ingiborg staðfesti framburð sinn fyrir dómi 7. s. m.

Eggert Bjarni Arnórsson bar við dómsyfirheyrslu 5. mars 1980 að hafa lagt ákærðu til fé til farar þeirrar, er í þessum ákærulið getur. Kvað Eggert

sig hafa tekið á móti ákærðu við heimkomu úr förinni. Efnið hafi við vigtun reynst vega 490 gr. Hafi Ingiborg fengið 100 gr þar af. Kvað Eggert sig síðan hafa selt nafngreindum aðiljum alls um 90 gr af efninu, áður en hann var handtekinn vegna fíkniefnamisferlis, og hafi því um 300 gr af efninu verið eftir.

Er þessi ákæruliður var borinn undir ákærðu í þinghaldi 14. desember 1981, þá kvaðst ákærða ekki minnast þess, að Eggert Bjarni hafi selt af efni, er um ræðir í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Í mars 1980 lagt fram fé til Helgu Gísladóttur vegna ferðar, sem Valur Hugason Hraunfjörð fór til Kaupmannahafnar til hasskaupa, og fengið, er hann kom heim með efni, í sinn hlut allt að 120 gr af hassi, sem ákærða síðan endurseldi með hagnaði."

Helga Gísladóttir bar fyrir dómi 30. október 1980 að hafa staðið að Kaupmannahafnarferð Vals Hugasonar Hraunfjörð í mars s. á. Kvað Helga ákærðu hafa lagt fram um 1.300.000 gkr. til þeirrar farar. Hafi svo um samist, að framlag ákærðu væri gkr. 650.000, en 650.000 væri lán til Helgu frá ákærðu. Kvað Helga áðurnefndan Val hafa komið heim með um 300 gr af hassi hingað til lands og hafi ákærðu síðan verið afhentur helmingur efnisins.

Valur Hugason Hraunfjörð kom fyrir dóm 8. október 1980. Bar Valur þá að hafa haldið í áðurgreinda Kaupmannahafnarför og keypt þar 350 gr af hassi og flutt hingað til lands.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 13. janúar 1981. Kvað ákærða sig hafa lagt Helgu Gísladóttur til gkr. 1.300.000 til utanfarar, er Helga stóð að, til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Kvaðst ákærða hafa lánað Helgu helming nefndrar fjárhæðar, eða 650.000 gkr. Sjálf kvaðst ákærða hafa lagt fram sem sinn hlut hinn helminginn, eða 650.000 gkr. Kvaðst ákærða hafa móttekið 120 gr af hassi vegna framlags síns. Þar af kvaðst ákærða hafa selt tveimur nafngreindum aðiljum.

Ákærða lýsti í þinghaldi 14. desember 1981, að hún kannaðist ekki við að hafa afhent Helgu Gísladóttur fé til hasskaupa.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er af framburðum fleiri aðilja, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í janúar 1980 keypt ásamt Ingiborg Lindu Mogensen allt að 500 grömmum af hassi á Spáni fyrir 60.000 peseta og flutt ásamt henni hingað til lands þann 19. janúar 1980. Átti Ingiborg allt

að 100 grömmum af efninu, en ákærða og sambýlismaður hennar, Eggert Bjarni Arnórsson, allt að 400 grömmum. Ákærða seldi síðan verulegan hluta efnanna ásamt Eggert Bjarna á gkr. 10.000 hvert gramm.

Hefur ákærða því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Ákærða kvað sig í þinghaldi 14. desember 1981 ekki kannast við að hafa lagt Helgu Gísladóttur til fé til hasskaupa.

Áður höfðu ákærða og Helga Gísladóttir borið efnislega á sama veg varðandi fjárframlag ákærðu til fíkniefnakaupa. Þá styður framburður Vals Hugasonar Hraunfjörð að hluta fyrri framburði ákærðu og Helgu.

Þrátt fyrir framburð ákærðu í þinghaldi 14. desember sl. telur dómurinn nægilega sannað með eldri framburði ákærðu, sem er studdur af framburði Helgu Gísladóttur og að hluta studdur af framburði Vals Hugasonar Hraunfjörð, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í mars 1980 lagt Helgu Gísladóttur til fé vegna ferðar Vals Hugasonar Hraunfjörð til Kaupmannahafnar til hasskaupa. Ákærða fékk í sinn hlut 120 grömm af hassi. Ákærða seldi síðan hluta efnisins.

Hefur ákærða samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ofangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði þrívegis gengist undir dómssátt vegna brota á fíkniefnalöggjöf. Voru sáttirnar gerðar 7. mars 1979, 22. janúar 1980 og 6. ágúst 1980. Verður refsing ákærðu hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sem fangelsi í 60 daga.

Með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. sbr. 4. gr. laga 101/1976, er ákærðu gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í hennar stað.

Gerð var húsleit á heimili ákærðu að Stórholti 18, Reykjavík, 22. janúar 1980. Við húsleitina var m. a. lagt hald á 33 ensk pund og tékka frá Samvinnubanka að fjárhæð gkr. 58.000, útgefinn af Magnúsi J. Magnússyni. Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ofangreint fé verði gert upptækt með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Ákærða bar hjá lögreglu 22. janúar 1980 og fyrir dómi 14. desember sl.,

að ofangreind ávísun væri ekki á sínum vegum, heldur komin frá Eggert Bjarna, sambýlismanni ákærðu.

Með vísan til ofanritaðs og gagna málsins verður að hafna kröfu ákæruvaldsins um upptöku ofangreindrar ávísunar og 33 enskra punda og telja, að ekki sé komin fram lögfull sönnun þess, að ofangreint fé sé andvirði ólögmætrar sölu fíkniefna, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni er fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á 289.500 gkr., sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Ofangreind fjárhæð er andvirði seldra fíkniefna.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærða, Ragnheiður Valgarðsdóttir, fædd 13. mars 1957, skal sæta fangelsi í 60 daga.

Ákærða greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í sektar stað.

Upptækar til ríkissjóðs skuli gkr. 289.500, merktar munaskrá 182 í vörslu lögreglu.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 49/1981. **Eiríkur Pálsson**
Þorvaldur Björnsson og
Þorvarður Júlíusson
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Veiðifélagi Miðfirðinga og
landbúnarráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Kröfugerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 4. febrúar 1981, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að ógild verði metin gagnvart þeim ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði að svo miklu leyti sem ákvæðin ganga lengra til skerðingar á rétti þeirra til að leggja net og hafa ádrátt í sjó en ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 53/1957. Þá krefjast þeir, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim óskipt málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 8. janúar 1981.

Dómkröfur stefnda Veiðifélags Miðfirðinga eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en veiðifélagið, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. nóvember 1981.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur sækja allir mál sitt saman. Þeir hafa ekki markað dómkröfur sínar skýrlega um það, hverjar séu takmarkanir á veiðiréttti samkvæmt 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970, er þeir krefjast, að sér verði dæmt óskylt að hlíta. Þegar af þessari ástæðu og með skírskotun til 67. gr. laga nr. 85/1936 ber að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða málskostnað stefnda Veiðifélags Miðfirðinga, 9.700.00 krónur í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, og á hann að renna í ríkissjóð. Þá ber og að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, er ákveðast samtals 14.900.00 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, er ákveðst samtals 14.900.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Eríkur Pálssson, Þorvaldur Björnsson og Þorvarður Júlíusson, greiði málskostnað stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 19.700.00 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Áfrýjendur greiði stefnda landbúnaðrráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður og gjafvarnarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, samtals 14.900.00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda Veiðifélags Miðfirð-

inga, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hlutanum í því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Enda þótt dómkrafa aðaláfrýjanda sé að vísu ekki svo hnitmiðuð og afmörkuð og æskilegt hefði verið, þá tel ég hana allt að einu dómhæfa sem „ákveðna kröfu" í skilningi 67. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ég hefði því talið rétt að dæma mál þetta að efni til, enda hafa afaryjendur lögmætra hagsmuna að gæta. En úr því að meiri hlutinn er annarrar skoðunar, kemur eigi til þess, að ég lúki efnisdómi á málið.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var þingfest 30. júní 1978, er höfðað með stefnu, útgefinni 21. þ. m., af Eiríki Pálssyni, Syðri-Völlum, Þorvaldi Björnssyni, Litla-Ósi, og Þorvarði Júlíussyni, Söndum, á hendur þeim Böðvari Sigvaldasyni, Barði, formanni stjórnar Veiðifélags Miðfirðinga, og Halldóri E. Sigurðssyni, landbúnaðarráðherra þáverandi, f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda eru, að ógild verði metin gagnvart þeim ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði að svo miklu leyti sem ákvæðin ganga lengra til skerðingar á rétti þeirra til að leggja net og hafa ádrátt í sjó en ákvæði 2. tl. 15. gr. laga nr. 53/1957 og að stefndu verði in solidum dæmdir að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi Böðvar Sigvaldason, formaður stjórnar Veiðifélags Miðfirðinga, f. h. veiðifélagsins gerir þær dómkröfur, að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnenda, auk þess krefst hann þess, að stefnendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi landbúnaðrráðherra f. h ríkissjóðs gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilfellum gerir hann kröfur til þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Forsaga þessa máls.

Frá örófi alda hafa menn stundað fiskveiðar í ám og vötnum. Oft var allt kvikt hirt og ekki hugsað um að viðhalda stofninum. Fyrir einni öld, eða með lögum nr. 5 frá 19. febrúar 1886, er reynt að hamla á móti gegndarlausri veiði, eða réttara væri að orða það rányrkju, þessara náttúruauðlinda með því að tryggja viðhald fiskistofna þeirra, sem um er að ræða, þ. e. lax og silungs.

Nú er það kunn staðreynd, að sjávargöngufiskar safnast saman við árósana á mótum salta og ósalta vatnsins, áður en þeir ganga upp. Með lögunum frá 1885, nr. 5, var ákveðinn veiðitími þrír mánuðir yfir sumarið og 36 stunda hvíld, helgarfriðun, í hverri viku. Þá var ákveðið, að ekki mætti draga fyrir í árósum nema að deginum og fyrir göngu annars hvors flóðs. Með lögunum um lax- og silungsveiði nr. 61 frá 23. júní 1932 eru laxveiðar í sjó bannaðar, og ekki má hafa ádrátt nær árósum, þar sem lax gengur í árnar, en 500 metra og veiði í árósum sett ákveðin takmörk.

Með lögum um lax- og silungsveiði nr. 53 frá 5. júní 1957 eru ákvæðin enn hert og bannað í 15. gr., 2. mgr., að leggja silungsnet í sjó nær árósi en 500 metra, og með lögunum um lax- og silungsveiði nr. 76 frá 25. júní 1970 er þetta ákvæði enn hert og fjarlægðin frá árósi, sem heimilt er að leggja silungsnet, lengd upp í 1000 metra eða 2000 metra eftir vatnsmagni viðkomandi ár. En það er einmitt þessi lenging fjarlægðarinnar frá árósunum, þar sem ekki er heimilt að leggja silungsnet, sem stefnendur þessa máls vilja ekki una við og telja, að brjóti í bága við 67. gr stjórnarskrárinnar.

Lögmaður stefnenda flutti mjög yfirgripsmikla og fróðlega ræðu um veiðiréttindi og hvenær væri nauðsyn friðunar. Svo og liggja fyrir tvær skriflegar varnir á dómskj. nr. 21 og 22. Þar eru vangaveltur um nauðsyn friðunar og vitnað í greinargerðir með frumvörpum til laxveiðilaga og annarra heimilda.

Þetta er allt góðra gjalda vert, en kemur ekki til álita hér, vegna þess að það er ekki dómsins að meta þörf friðunar, heldur Alþingis og þeirra stjórnvalda, sem með þau mál fara. Dómsins er aðeins að skera úr um, hvort ákveðnar friðunaraðgerðir séu þess eðlis, að þær verði taldar skerða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, eða í þessu tilviki, hvort ákvæðin um lengd bannsvæðis við árósa í 15. gr. laga nr. 76 frá 1970 séu þess eðlis, að þau brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga gerir þá dómkröfu, að veiðifélagið verði sýknað. Greinargerð lögmanns þess fjallar þó um efnishlið málsins og virðist byggja sýknukröfu sína á því, að krafa stefnenda eigi ekki stoð í lögum. En í munnlegum málflutningi kom einnig fram, að veiðifélagið sé ekki réttur aðili, eða m. ö. o. sýknukrafa stefnda

byggist á aðildarskorti. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Stefndi getur engin áhrif haft á lagasmíð í þessu landi umfram það, sem aðrir borgarar geta eða réttaraðiljar. Veiðifélög og starfsmenn þeirra verða að fara að gildandi lögum og veiðifélög eiga rétt á, að löggæslumenn veiti þeim sem öðrum aðiljum í landinu sömu vernd og aðstoð við framkvæmd laga sem öllum borgurum þessa lands. Krafa stefnenda byggist á því, að viðurkenndur verði réttur þeirra til athafna, sem nú er bannaður með lögum. Hvort sem verður fallist á þá kröfu eða ekki, þá verður stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélgas Miðfirðinga að taka mið af gildandi lögum. Þessi aðildarskortur kemur gleggst fram í því, að við sáttaumleitanir hefði stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga ekki getað samþykkt heimild fyrir stefnendur að leggja net sín nær árósnum en lög segja til um og lokið þannig málinu með sátt. Með tilvísun til 45. gr. einkamálalaga ber því að sýkna stefnda Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Málskostnaðarkrafan verður tekin sérstaklega fyrir í dómi þessum.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þá aðalkröfu, að máli þessi verði vísað fra dómi, en til vara sýknu af kröfum stefnenda.

Frávísunarkrafan kom fram í þinghaldi 24. október 1978 bæði í greinargerð stefnda og einnig bókuð í þingbók. Þessari frávísunarkröfu var synjað með úrskurði aukadómþingsins 30. nóvember 1978. Vísað er til forsendna þess úrskurðar. Við þær forsendur er engu að bæta öðru en því, að undirstrika vald dómstóla til þess að leysa úr lagaþrætum manna og réttaraðilja í þjóðfélaginu og nauðsyn þess, að málin verði krufin efnislega, en ekki sé verið að hengja sig í formsatriðum, sem aðeins fresta og tefja úrlausn mála.

A dómskj. nr. 31 ítrekar lögmaður stefnda landbúnaðarráðherra kröfu sína um frávísun þrátt fyrir áðurgenginn úrskurð um synjun og byggir á þeirri málsástæðu, að honum hafi láðst að geta þess, að frávísunarkrafan hefði átt að byggjast á þeirri höfuðmálsástæðu, að krafa stefnenda samrýmdist ekki 67. gr. einkamálalaga, þar sem verið sé að fiska eftir áliti dómsins á vissri lagsetningu án tengsla við nokkra dómkröfu. Í munnlegum málflutningi kom fram, að þar sem engin skaðabótakrafa sé höfð uppi, eða m. ö. o. að þar sem ekki sé gerð bein peningakrafa, þá sé krafan þess eðlis, að líta beri á hana sem beiðni um lögfræðilega túlkun dómstólanna á ákveðnu úrlausnarefni.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist. Stefnendur gera kröfu um, að réttur þeirra til þess að veiða nær árósnum en ákvæði í laxveiðilögunum segja til um verði viðurkenndur þrátt fyrir lagaákvæðin, því þeir telja, að ákvæði laga brjóti í bága við stjórnarskrána sem óeðlileg höft á athafnafrelsi einstaklinga, er ekki hafi almennigsheill að markmiði. Ef dómstólar

féllust á skoðun stefnenda, mættu þeir leggja net sín í 500 metra fjarlægð frá árósum alveg án tillits til ákvæða 15. gr. laga nr. 76 frá 1970. Hafni dómstólarnir hins vegar þessari kröfu, þá verða stefnendur að sæta ákvæðum áður tilvitnaðrar lagagreinar og mega ekki leggja nær en 1 eða 2 kílómetra eftir vatnsmagni ánna. Hér er því um ákveðið úrlausnarefni að ræða, t. d. alveg hliðstætt því, að maður vilji fá viðurkenndan umferðarrétt um ákveðið landsvæði. Þar kæmu engar fjárkröfur til greina. Þetta hefði lögmaðurinn átt að vita, því nýgenginn er dómur í máli, þar sem þessi sami lögmaður gerði kröfu um slíkan umferðarrétt f. h. umbjóðenda sinna.

Úrskurðurinn frá 30. nóvember 1978 um synjun frávísunarkröfu var ekki kærður. Hefði úrskurðinn verið kærður, gat þetta orðið fordæmismál um, hvernig haga ætti málshöfðun á hendur ríkisvaldinu, þegar um almennar kröfur er að ræða. Nú er þetta mál þess eðlis, að líkurnar fyrir því, að aðiljar fallist á niðurstöðu héraðsdóms, eru hverfandi. Það verður því að telja mjög æskilegt að fá úr því skorið, hverjum á að stefna f. h. ríkisvaldsins í málum sem þessum. Það getur héraðsdómur ekki gert endanlega. Þessi ástæða því ein út af fyrir sig væri nægjanleg til þess að synja um frávísun.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, getur dómurinn ekki fallist á það að vísa málinu frá og synjar því frávísunarkröfu stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið verður nú tekið til efnislegrar meðferðar, þ. e. hvort ákvæði 15. gr., 2. mgr., laga nr. 76/1970 brjóti í bága við stjórnarskrána, 67. gr., eða ekki.

Þegar Alþingi setur lög um friðun dýra, fugla eða fiska, taka þau lög til alls landsins. Aðstæður eru mismunandi. Sums staðar falla ár í þrönga firði, sem nánast eru framlenging ánna, en annars staðar falla þær svo til í opið haf. Sumar árnar eru smáar og jafnvel hindrun við ósinn, þannig að laxinn safnast saman fyrir frama og kemst ekki upp, eða þá litaðar stórár, þar sem laxinn á greiðan aðgang upp. En sömu reglur gilda fyrir allar ár og alla árósa.

Friðunarreglur eru fyrst og fremst settar til þess að viðhalda viðkomandi tegund og því beinlínis settar eigendum hlunninda og notendum veiðiréttar til gagns. Þetta sjónarmið er yfirleitt viðurkennt. T. d. hefur engum dottið í hug eða a. m. k. ekki barist fyrir því opinberlega að mega skjóta rjúpu á öðrum tíma en lög segja til um, vegna þess að friðunarákvæði rjúpunnar brjóti í bága við fullkominn umferðarrétt og nýtingu hans á landareign sinni. Þó er þessi skerðing ekkert minni en t. d. það að takmarka veiði við árósa. Að vísu snertir bannið við veiði í árósunum færri menn og færri aðilja í landinu, en á þeim tíma, er þetta ákvæði var sett, var gert ráð fyrir skaðabótum af þessari veiði.

Það verður því að líta svo á almennt séð, að reglur, sem settar eru til

verndunar hagsmunum manna í bráð og lengd, brjóti ekki í bága við eignarréttarákvæði stjórarskrárinnar, ef þær eiga að taka til allra þeirra, sem eins er ástatt um, jafnvel þótt þær skerði möguleika einstakra manna á að hrifsa það úr ríki náttúrunnar, sem þeir gætu, ef engar reglur yrðu settar.

Það eru ekki rök í þessu máli, að veiði ekki ósabændur laxinn eða silunginn, þá sé aðeins verið að hygla bændum, sem eiga land að ánum ofar í landinu. Lífsferill laxa og göngusilunga er nú einu sinni þannig, að þeir hrygna í ám, en ganga svo til sjávar í fæðuleit og til vaxtar. Þess vegna er það til hags báðum aðiljum, að vilhald stofnsins sé tryggt, en það verður aðeins tryggt með friðunaraðgerðum. Þessar friðunaraðgerðir ganga misjafnlega langt, en séu þær fyrst og fremst gerðar með það markmið að tryggja hæfilega nýtingu veiði eða hlunninda eru þær ekki andsnúar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur beinlínis til framdráttar þeim hagsmunum, sem stjornarskráin er að vernda. Enda viðurkenna stefnendur þetta með kröfugerð sinni, þar sem þeir vilja viðhalda eldri friðunarákvæðum, en mótmæla frekari verndunarákvæðum í lögunum frá 1970.

Nú á síðustu árum hafa verið sett lög og reglugerðir um takmarkanir og bönn á veiðum ýmissa fiska og raunar einnig fugla og dýra. Í sumum tilfellum eru gífurlegir hagsmunir í veði, og veiðibann getur þýtt milljónatjóna. Samt sem áður sætta menn sig við þett vegna þess, að þetta er talið nauðsynlegt til verndar viðkomandi stofni og þá um leið til verndar afkomu þeirra, er þær veiðar stunda.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt, og til almennrar skilgreiningar á eignarréttarhugtakinu þá verður ekki litið svo á, að fiskverndunarákvæði í 2. mgr. 19. gr laga um lax- og silungsveiði nr. 76 frá 1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33. frá 17. júní 1944. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra f. h ríkissjóðs af kröfum stefnenda í þessu máli.

Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að dæma stefnendur til þess að greiða stefnda Böðvari Sigvaldasyni f. h. Veiðifélags Miðfirðinga málskostnað að upphæð kr. 970.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Að því er snertir stefnda landbúnaðarráðherra f. h ríkissjóðs þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Forsenda þessarar ákvörðunar er sú, að hér sé um fordæmismál að ræða, höfðað til þess að skera úr áætlaðri réttaróvissu, og því ekki óeðlilegt, að hver aðili beri allan kostnað sjálfur.

Þar sem mál þetta er gafsóknarmál, ber dóminum að ákveða málflutningslaun lögmanns stefnenda. Þykja þau laun hans og útlagður kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Við ákvörðun launa lögmanna í máli þessu hefur verið tekið tillit til þess, að tvö mál voru rekin samhliða og mjög lík að efni, þannig að gögn notuð í öðru málinu komu einnig að notum í hinu.

Dómsorð:

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóða á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda Böðvari Sigvaldasyni f. h. Veiðifélags Miðfirðinga kr. 970.000 í málskostnað, þar af kr. 490.000 í málsvarnarlaun.

Málskostnaður að því er varðar stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs falli niður.

Málskostnaður gjafsóknaraðilja, stefnenda, ákveðst kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 52/1981. **Guðbjörn Breiðfjörð**
Hjálmar Pálmason
Gylfi Pálmason
Gunnlaugur Eggertsson
Heimir Ágústsson
Eggert Jónsson
Jón Guðmundsson
Ólafur Þórhallsson
Tryggvi Eggertsson
Örn Gíslason
Stefán Steinar Benediktsson
Ástvaldur Benediktsson
Ingólfur Sveinsson
Sveinn Daníelsson og
Jakob Ágústsson
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Veiðifélagi Miðfirðinga og
landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu af dómsmálaráðherra 19. febrúar 1981 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1981.

Dómkröfur áfrýjenda eru, að viðurkenndur verði réttur ábúenda/eigenda eignarjarða áfrýjenda, Svalbarðs, Bergsstaða I og II, Hjallholts, Sauðár, Syðri-Sauðadalsár, Almennings, Skarðs, Ytri-Ánastaða, Syðri-Ánastaða, Ytri-Kárastaða, Mið-Kárastaða, Syðri-Kárastaða, Grafar og Lindarbergs, allra í Kirkjuhvammshreppi, til

að stunda veiðar, aðrar en laxveiðar, í netlögum jarðanna alla daga vikunnar. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 9. janúar 1981.

Stefndi Veiðifélag Miðfirðinga gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en veiðifélagið fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. nóvember 1981.

Dómkröfur stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ef dómkrafa áfrýjenda yrði til greina tekin, hlytu þeir dómgildingu á rétti eigenda og/eða ábúenda þeirra jarða, sem í stefnu málsins greinir, til hvers konar veiða fugla, dýra og fiska, annarra en lax, í netlögum jarðanna á hvaða tíma sem er án tillits til sérhverra takmarkana á veiðirétti, sem mælt er fyrir um í lögum, þar á meðal í friðunarlögum. Hina víðtæku kröfu sína hafa áfrýjendur og uppi sameiginlega vegna alls 15 jarða án tillits til staðhátta, er þýðingu kynnu að hafa samkvæmt einstökum lagaákvæðum, er mæla fyrir um takmarkanir á veiðirétti. Samkvæmt þessu eru dómkröfur áfrýjenda svo almennar og óafmarkaðar, að þær eru ekki dómhæfar. Ber þegar af þeirri ástæðu og með hliðsjón af 67. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjendur greiði stefnda Veiðifélagi Miðfirðinga 9.700.00 krónur í málskostnað í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, en stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, samtals 14.900.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, er ákveðast samtals 14.900.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, þeir Guðbjörn Breiðfjörð, Hjálmar Pálmason, Gylfi Pálmason, Gunnlaugur Eggertsson, Heimir Ágústsson, Eggert Jónsson, Jón Guðmundsson, Ólafur Þorhallsson, Tryggvi Eggertsson, Örn Gíslason, Stefán Steinar Benediktsson, Ástvaldur Benediktsson, Ingólfur Sveinsson, Sveinn Daníelsson og Jakob Ágústsson, greiði stefnda Veiðifélagi Miðfirðinga 9.700.00 krónur í málskostnað í héraði og 10.000.00 krónur fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, en stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda Veiðifélags Miðfirðinga bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 14.900.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 4. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., var þingfest 30. júní 1978. Það er höfðað með stefnu, útgefinni 21. júní 1978, af Guðbirni Breiðfjörð, Svalbarði, Hjálmari Pálmasyni, Bergsstöðum, Eggert Karlssyni, Hjallholti, Gunnlaugi Eggertssyni, Sauðá, Heimi Ágústssyni, Syðri-Sauðadalsá, Jóni Guðmundssyni, Ytri-Ánastöðum, Ólafi Þórhallssyni, Syðri-Ánastöðum, Tryggva Eggertssyni, Gröf, Ólafíu Sveinsdóttur, Syðri-Kárastöðum, og Jakob Ágústssyni, Lindarbergi, öllum í Kirkjuhvammshreppi, Eggert Jónssyni Garðavegi 14, Erni Gíslasyni, Melavegi 3, Stefáni Steinari Benediktssyni, Norðurbraut 17, og Ástvaldi Benediktssyni, Melavegi 2, öllum á Hvammstanga, Pálma Jónssyni, Mávahlíð 45, og Sveini Daníelssyni, Stiga-

hlíð 30, báðum í Reykjavík, á hendur Böðvari Sigvaldasyni, Barði, formanni stjórnar Veiðifélags Miðfirðinga, f. h. veiðifélagsins og Halldóri E. Sigurðssyni landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Sú breyting hefur orðið á málsaðild, eftir að málið var höfðað, að Gylfi Pálmason hefur orðið eigandi Hjallholts og tekið við aðild þeirrar jarðar af Eggert Karlssyni. Þá hefur Ingólfur Sveinsson keypt allan hlut Ólafíu Sveinsdóttur í Syðri-Kárastöðum og tekið við aðild hennar vegna þeirrar jarðar og einnig mestan hluta þess, sem Sveinn Daníelsson átti í þeirri sömu jörð, og tekið við aðild hans að öðru en því, að Sveinn á enn smáskika úr jörðinni, sem liggur að sjó. Þá hefur Hjálmar Pálmason orðið eigandi að öllum Bergsstöðum og tekið við aðild Pálma Jónssonar vegna Bergsstaða I.

Dómkröfur stefnenda í máli þessu eru þær, að viðurkenndur verði með dómi réttur ábúenda/eigenda framangreindra jarða til að stunda veiðar, aðrar en laxveiðar, í netlögum jarðanna alla daga vikunnar og að stefndu verði in solidum dæmdir að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda Veiðifélags Miðfirðinga eru, að félagið verði alfarið sýknað af kröfum stefnenda og þeir dæmdir in solidum til þess að greiða því málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara krefst hann algerrar sýknu. Í báðum tilfellum krefst hann fyllsta málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Forsaga þessa máls er þessi:

Frá aldaöðli hafa Vatnsnesingar stundað sjó, bæði lagt net frá landi og róið til fiskjar. Eftir því sem fólki fækkaði í sveitum þessum voru þessar veiðar minna stundaðar. Það kemur einnig til greina, að peningalega séð borgi þær sig tæplega nú orðið og meira veitt til þess að fá nýjan silung og vegna veiðigleðinnar.

Tilskipunin um veiði frá 20. júní 1849 tekur af öll tvímæli um, að jarðeigandi einn eigi veiðirétt á jörð sinni og í netlögum hennar. Í lögunum um friðun á laxi nr. 5 frá 19. febrúar 1886 er gert ráð fyrir, að veiða megi lax í sjó. Þessu er breytt með lögum nr. 61 frá 23. júní 1932. Þá er laxveiði í sjó bönnuð, 13. gr., og veiði silungs takmörkuð, sbr. 14. gr.

Með lögunum um lax- og silungsveiði nr. 112 frá 9. október 1941 eru settar nákvæmari og strangari reglur um veiði. Með lögum nr. 58 frá 5. júní 1958 eru settar skilyrtar reglur um, að sömu reglur gildi um silungsveiði í sjó og í ósöltu vatni, en ráðherra á að setja nánari reglur um þetta atriði, sem þó hefur ekki verið gert. Stefnendur þessa máls segjast ekki hafa haft

hugmynd um þetta ákvæði fyrr en upp úr 1970, er farið var að fylgjast með netalögnum í sjó, enda sé slík friðun í sjálfu sér út í hött, því tímunum saman sé ekki hægt að leggja net í sjó vegna veðurs, en svo komi dagur og dagur eða þá góðviðriskafli, sem hægt sé að leggja daglega. Eftir ákvæðum laganna mun því ekki hafa verið farið, fyrr en farið var að taka upp net á friðunartíma. Stefnendur telja þessa helgarfriðun skerðingu á réttindum þeirra, sem eigi rætur allt frá ómunatíð. Þeir telja, að svipting þessara réttindi brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, og leita til dómstólanna til þess að fá staðfestingu á þessari skoðun sinni eða að réttur þeirra til þess að leggja net í sjó í netlögum jarða sinna alla daga vikunnar, þegar gefur, verði viðurkenndur.

Stefndi Veiðifélag Miðfirðinga gerir þá kröfu, að það verði sýknað. Greinargerð lögmanns þess fjallar þó um efnishlið málsins og virðist byggja sýknukröfu sína á því, að krafa stefnenda eigi ekki stoð í lögum. En í munnlegum málflutningi kom einnig fram, að veiðifélagið sé ekki réttur aðili, eða m. ö. o. sýknukrafa stefnda byggist á aðildarskorti. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Stefndi getur engin áhrif haft á lagasmíð í þessu landi umfram það, sem aðrir borgarar geta. Veiðifélagið og starfsmenn þess verða að fara að gildandi lögum, og veiðifélagið á rétt á, að löggæslumenn veiti því sem öðrum aðiljum í landinu sömu vernd og aðstoð við framkvæmd laga sem öðrum borgurum landsins. Krafa stefnenda byggist á því, að viðurkenndur verði réttur þeirra til athafna, sem eru nú bannaðar með lögum. Hvort sem fallist verður á þá kröfu eða ekki, þá verður stefndi Veiðifélag Miðfirðinga að taka mið af gildandi lögum. Þessi aðildarskortur kemur gleggst fram í því, að við sáttaumleitanir hefði stefndi Veiðifélag Miðfirðinga ekki getað samþykkt heimild fyrir stefndu að leggja net sín á friðunartíma og þannig lokið málinu með sátt. Með tilvísun til 45. gr. einkamálalaga ber því að sýkna stefnda Veiðifélag Miðfirðinga af öllum kröfum stefnenda í máli þessu. Málskostnaðarkrafan verður tekin sérstaklega fyrir síðar í dómi þessum.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þá aðalkröfu, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknaður af kröfum stefnenda. Frávísunarkrafan kom fram í þinghaldi 24. október 1978 bæði í greinargerð stefnda og einnig bókuð í þingbók. Þessari frávísunarkröfu var synjað með úrskurði aukadómþingsins 30. nóvember 1978. Vísað er til forsendna þess úrskurðar. Við þær forsendur er engu að bæta öðru en því, að undirstrika vald dómstóla til þess að leysa úr lagaþrætum manna og réttaraðilja í þjóðfélaginu og nauðsyn þess, að málin verði krufin efnislega, en ekki sé verið að hengja sig í formsatriðum, sem aðeins fresta og tefja úrlausn deilumálanna.

Á dómskj. nr. 31 ítrekar lögmaður stefnda landbúnaðarráðherra kröfu

sína um frávísun þrátt fyrir áður genginn úrskurð um synjun og byggir á þeirri málsástæðu, að honum hafi láðst að geta þess, að frávísunarkrafan hefði átt að byggjast á þeirri höfuðmálsástæðu, að krafa stefnenda samrýmdist ekki 67. gr. einkamálalaga, þar sem verið sé að fiska eftir áliti dómsins á vissri lagasetningu án tengsla við nokkra dómkröfu. Í munnlegum málflutningi kom fram, að þar sem ekki væri gerð bein peningakrafa, þá væri krafan þess eðlis, að líta beri á hana sem beiðni um lögfræðilega túlkun dómstólanna á ákveðnu úrlausnarefni.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist. Stefnendur gera kröfu um, að réttur þeirra til þess að leggja net í netlögum jarða þeirra alla daga vikunnar verði viðurkenndur þrátt fyrir lagaákvæðið þar um, því þeir telja, að lagaákvæðin brjóti í bága við stjórnarskrána um óeðlileg höft á athafnafrelsi einstaklinga, er ekki hefur almenningsheill að markmiði. Ef dómstólarnir fallast á skoðun stefnenda, þá mega þeir leggja net sín í netlögum alla daga vikunnar og þurfa ekki að sæta friðunarákvæðum laganna um lax- og silungsveiði, nú nr. 76/1970, 19. gr., 1. mgr., sbr. 4. mgr. 14. gr. Hafni dómstólarnir hins vegar þessari kröfu, þá verða stefnendur að hlíta þessum ákvæðum. Hér er því um ákveðið úrlausnarefni að ræða, t.d. alveg hliðstætt því, að maður vilji fá viðurkenndan umferðarrétt um ákveðið landsvæði. Þar kæmu engar fjárkröfur til greina. Þetta hefði lögmaðurinn átt að vita, því nýgenginn er dómur í máli, þar sem þessi sami lögmaður gerir kröfu um slíkan umferðarrétt fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Úrskurðurinn frá 30. nóvember 1978 um synjun frávísunarkröfu var ekki kærður. Hefði úrskurðurinn verið kærður, gat þetta orðið fordæmismál um, hvernig haga ætti málshöfðunum á hendur ríkisvaldinu, þegar um almennar kröfur er að ræða. Nú er þetta mál þess eðlis, að líkurnar fyrir því, að aðiljar fallist á niðurstöður héraðsdóms, eru hverfandi. Það verður því að telja mjög æskilegt að fá úr því skorið, hverjum á að stefna f. h. ríkissjóðs í málum sem þessum.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, getur dómurinn ekki fallist á að vísa málinu frá og synjar því frávísunarkröfu lögmanns stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Málið verður nú tekið til efnislegrar athugunar.

Frá örófi alda hafa menn nytjað veiðidýr, fugla og fiska. Um þessi not eða hlunnindi hefur orðið að setja ákveðnar reglur sem um önnur samskipti manna. Eftir því sem mannfólkinu fjölgaði og tæki þeirra urðu fullkomnari og veiðnari varð löggjafinn að setja ákveðnar reglur um vernd veiðidýra, fugla og fiska.

Lögmaður stefnenda flutti mjög yfirgripsmikla og fróðlega ræðu um veiðiréttindi og hvenær væri nauðsyn friðunar. Svo og liggja fyrir tvær

skriflegar varnir á dómskj. nr. 19 og 20. Þar eru vangaveltur um nauðsyn friðunar og vitnað í greinargerðir með frumvörpum til laxveiðilaga.

Þetta er allt góðra gjalda vert, en kemur ekki til álita hér vegna þess, að það er ekki dómarans að meta þörf friðunar, heldur Alþingis og þeirra stjórnvalda, sem með þau mál fara. Dómsins er aðeins að skera úr um, hvort ákveðnar friðunaraðgerðir séu þess eðlis, að þær verði taldar skerða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, eða í þessu tilviki, hvort ákvæðin um helgarfriðun í 19. gr., sbr. 14. gr., 4. mgr., laga nr. 76/1970 brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar Alþingi setur lög um friðun dýra, fugla eða fiska, taka þau lög til alls landsins. Aðstæður eru mismunandi. Sums staðar er hægt að leggja net fyrir silung í sjó, þótt eitthvað sé að veðri, t. d. innarlega í Eyjafirði, sjá dómskj. nr. 29, en annars staðar má ekkert kula, svo netin komi ekki upp eða fyllist mori eins og á Vatnsnesinu. Það sama á við um ár. Það gilda sömu friðunarreglur, hvort sem áin er stór eða smá, lituð eða bergvatn. Sem dæmi má taka Blöndu og Svartá, sem fellur í Blöndu. Friðunarreglur eru fyrst og fremst settar til þess að viðhalda viðkomandi tegund og því beinlínis settar eigendum hlunninda eða notendum veiðiréttar til gagns. Þetta sjónarmið er yfirleitt viðurkennt. T. d. hefur engum dottið í hug eða a. m. k. ekki barist fyrir því opinberlega að mega skjóta rjúpu á öðrum tíma en lög segja til um, vegna þess að friðunarákvæðin brjóti í bága við fullkominn umráðarrétt hans yfir landareign sinni. Þó er sú skerðing ekkert minni en takmörkun silungsveiða eða svokölluð helgarfriðun.

Það verður að líta svo á almennt séð, að reglur, sem settar eru til verndunar hagsmunum manna í bráð og lengd, brjóti ekki í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, ef þær eiga að taka til allra þeirra, sem eins er ástætt um, jafnvel þótt þær skerði möguleika einstakra manna á að hrifsa það úr ríki náttúrunnar, sem þeir gætu, ef engar reglur yður settar.

Það eru ekki rök í þessu máli, að veiði ekki sjávarbændur silunginn, þá sé aðeins verið að hygla bændum, sem eiga land að ánum. Lífsferill sjávarsilungs er nú einu sinni þannig, að hann hrygnir í ám og gengur svo til sjávar í fæðuleit og til vaxtar. Þess venga er það til hags báðum aðiljum, að viðhald stofnsins sé tryggt, en það verður aðeins tryggt með friðunaraðgerðum. Þessar friðunaraðgerðir ganga misjafnlega langt, en séu þær fyrst og fremst gerðar með það markmið að tryggja hæfilega nýtingu veiði eða hlunninda, eru þær ekki andsnúnar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur beinlínis þeim til framdráttar.

Nú á síðustu árum hafa verið sett lög og reglugerðir um takmarkanir og bönn á veiðum ýmissa fiska og raunar einnig fugla og dýra. Í sumum

tilfellum eru gífurlegir hagsmunir í veði og veiðibann getur þýtt milljónatjón. Samt sem áður sætta menn sig við þetta vegna þess, að þetta er talið nauðsynlegt til verndar afkomu þeirra, er þær veiðar stunda.

Með tilvísun til þess, sem hér að framan er sagt, og til almennrar skilgreiningar á eignarréttarhugtakinu þá verður ekki litið svo á, að fiskverndunarákvæði, svokölluð helgarfriðun, í 19. gr., sbr. 14. gr., 4. mgr., laga um lax- og silungsveiði brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnenda í máli þessu.

Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að dæma stefnendur til þes að greiða stefnda Böðvari Sigvaldasyni f. h. Veiðifélags Miðfirðinga málskostnað að upphæð kr. 970.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Að því er snertir stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Forsenda þeirrar ákvörðunar er sú, að í laxveiðilögunum nr. 76/1970, í 14. gr., 4. mgr., er gert ráð fyrir reglugerð um þessa umdeildu veiði, sem ekki hefur verið sett. Segja má því, að málshöfðun hafi verið nauðsyn borgurunum til þess að fá þetta mál á hreint.

Þar sem mál þetta er gjafsóknarmál, ber dóminum að ákveða málflutningslaun lögmanns stefnenda. Þykja laun hans og útlagður kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Við ákvörðun launa lögmanna í máli þessu hefur verið tekið tillit til þess, að tvö mál voru rekin samhliða og mjög lík að efni, þannig að gögn notuð í öðru málinu komu einnig að notum í hinu.

Dómsorð:

Stefndi Böðvar Sigvaldason f. h. Veiðifélags Miðfirðinga á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefndi landbúnaðarráðherrra f. h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda Böðvari Sigvaldasyni kr. 970.000 í málskostnað, þar af kr. 490.000 í málsvarnarlaun.

Málskostnaður að því er varðar stefnda landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs falli niður.

Málskostnaður gjafsóknaraðilja, stefnenda, ákveðst kr. 1.235.000, þar af málsvarnarlaun kr. 490.000.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1983.

Nr. 50/1983. **Ingólfur Guðbrandsson, eigandi Ferðaskrifstofunnar Útsýnar,**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Gísla Gestssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1983. Hann gerir þær dómkröfur, „að honum verði með innsetningargerð fengin í hendur umráð allra filma, sem áfrýjandi á í vörslum stefnda.

Sérstaklega er krafist innsetningar á þessum filmum:

A. Spóla með frummyndum að sjónvarpsauglýsingum Útsýnar fyrir árið 1982.

B. Frummyndir að sjónvarpsauglýsingum Útsýnar árin 1980 og 1981.

C. Frummyndir að filmum Ingólfs Guðbrandssonar og þeim filmum, sem Gísli Gestsson hefur tekið sérstaklega fyrir Útsýn árin 1979, 1980 og 1981."

Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn áfrýjaði úrskurður er án forsendna samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

I.

Málavextir eru þessir:

Áfrýjandi er einkaeigandi Ferðaskrifstofunnar Útsýnar. Það mun hafa verið árið 1975, sem áfrýjandi leitaði eftir þjónustu stefnda, einkaeiganda Víðsjár - kvikmyndagerðar, við gerð auglýsingakvikmyndar fyrir ferðaskrifstofuna. Munu málsaðiljar síðan hafa átt viðskipti saman fram á árið 1982. Eigi gerðu aðiljar með sér skriflegan samning.

Áfrýjandi hefur lýst viðskiptum þeirra þannig, að stefndi hafi látið í té eða haft milligöngu um útvegun nokkurra þátta, einkum tæknilegra, við gerð myndanna. Var þar um að ræða kaup áfrýjanda á filmum af stefnda, leigu á kvikmyndatökuvélum og töku á kvikmyndum að hluta til. Telur áfrýjandi, að stefndi hafi tekið um 20%—30% myndanna. Einnig kaup á erlendum vinnslukostnaði vegna framköllunar, yfirfærslu kvikmyndanna á myndbönd, leigu á upptökusal vegna tónyfirfærslu, leigu á klippitækjum, kaup á vinnu-„kópíum", frummyndarklipping, vinna við klippingu, símtöl og skeyti vegna vinnslu erlendis.

Áfrýjandi kveður alla skipulagningu, stjórnun og fjármögnun við gerð myndanna hafa verið á sinni hendi. Hann hafi ákveðið, hvar, hvað og hvenær var kvikmyndað, valið fólk til að koma fram í myndunum og greitt því laun auk ferða- og dvalarkostnaðar. Þá hafi áfrýjandi einnig gert handrit að kvikmyndunum, haft á hendi leikstjórn og sjálfur tekið meginhluta myndanna. Alla tæknilega þætti, er stefndi vann við gerð myndanna, hafi hann unnið samkvæmt óskum áfrýjanda, sem sjálfur hafi lagt þar hönd að verki, svo sem við klippingu myndanna. Þá hafi leikur og söngur í kvikmyndunum alfarið verið undir stjórn áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hlutverk áfrýjanda hafi verið það, sem tíðkanlegt er við gerð auglýsingamynda. Hann hafi stundum verið viðstaddur upptökur, valið tónlist í samráði við stefnda og stundum fylgst með klippingu, en val á fyrirsætum í einstök upptökuatriði, framkvæmd töku, hljóðsetning og frágangur hafi alfarið verið í höndum stefnda.

Stefndi kveðst hafa fengið greiddan útlagðan kostnað fyrir verk sitt í þágu áfrýjanda og þóknun, aðallega með umboðslaunum frá Ríkisútvarpinu vegna birtinga á auglýsingakvikmyndum frá áfrýj-

anda í sjónvarpinu. Nam sú þóknun 8.1% afslætti af brúttóverði auglýsinga.

II.

Áfrýjandi rökstyður kröfur sínar með því, að hann einn sé eigandi þeirra mynda, sem afhendingar er krafist á. Hafi hann greitt allan kostnað vegna gerðar myndanna, þar með talin laun stefnda vegna þáttar hans við gerð myndanna. Sérstök höfundaréttindi eigi ekki við um einn mjög afmarkaðan þátt verks, sem ekki verði skilinn frá öðrum þáttum þess, nema slíkt hafi verið berlega áskilið eða um samið í upphafi. Svo sé ekki í þessu máli. Hafi áfrýjandi litið svo á, að þóknun (afsláttur) sjónvarpsins væri fyrir milligöngu stefnda vegna sýningar myndanna þar.

III.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, að allur réttur yfir neikvæðum myndum (negatívum) og höfundaréttur að auglýsingum sé í hans höndum. Verk hans njóti verndar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Áfrýjandi hafi ekki áskilið sér neinn afnota- eða birtingarrétt á auglýsingunum nema gegn greiðslu, sem stefnda hafi verið tryggð með framangreindum afslætti af auglýsingum í sjónvarpinu. Enda þótt hið viðskiptalega samband málsaðiljanna sé nú niður fallið, þá breyti það engu um fyrri samninga um verk, sem þegar hafi verið gerð. Áfrýjandi eigi rétt á því, að þau verði notuð, eins og til stóð, sem auglýsingar í sjónvarpinu og stefndi eigi rétt á því að fá þær greiðslur, sem um var samið, þ. e. afslátt hjá sjónvarpinu eða greiðslur, sem samsvara honum. Vilji áfrýjandi breyta þessu nú, þá verði hann að semja um það við stefnda.

Þá byggir stefndi mótmæli sín gegn framgangi innsetningarinnar einnig á því, að til þess að innsetningarbeiðni áfrýjanda nái fram að ganga, þurfi réttur hans að vera ótvíræður og jafnframt verði að vera öldungis ljóst, að hvaða réttindum eða munum innsetningin beinist. Hvorugu þessu sé til að dreifa í þessu máli.

Munir þeir, sem krafist er innsetningar í, eru ekki svo skýrt skilgreindir sem nauðsyn ber til. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að mjög mikill ágreiningur er milli aðilja um staðreyndir. Deila aðiljar um það, hvers konar rétt hvor þeirra eigi

til þeirra verðmæta, sem gerðin beinist að. Slíkan ágreining ber ekki undir fógetarétt. Brestur því réttarfarsskilyrði fyrir beinni fógetagerð í máli þessu, enda önnur réttarfarsúrræði tiltæk.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar, en með því er þó ekki tekin afstaða til réttar áfrýjanda til þeirra hluta, er hér um ræðir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1983.

Nr. 200/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Inga Svavarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Sýknað af ákæru fyrir brot í opinberu starfi, 139. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982 og einnig áfrýjað því til þyngingar viðurlaga. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 14. janúar sl.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af þinghaldi í sakadómi

Árnessýslu 7. þ. m., en að tilhlutan ríkissaksóknara og samkvæmt ósk verjanda ákærða komu þá fyrir dóm og báru vitni Jón Sigurðsson aðstoðaryfirfangavörður og fangaverðirnir Hafsteinn Steindórsson og Ólafur Ottósson.

Við flutning málsins hefur verjandi ákærða haldið því fram, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa máli frá héraðsdómi, þar sem ákæra sé eigi nægilega skilrík og því andstæð reglum 115. gr. laga nr. 74/1974. Eigi verður fallist á, að gallar séu á ákærunni, sem varða eigi ómerkingu dóms og frávísun.

Gegn eindreginni neitun ákærða þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Ingi Svavarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 28. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. febrúar sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dagsettri 28. október 1981, á hendur Sigurði Inga Svavarssyni, settum varðstjóra á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, til heimilis að Háeyrarvöllum 28 á Eyrarbakka, fæddum 14. nóvember 1949 í Reykjavík, „fyrir að hafa í fyrrgreindu starfi sínu í febrúar- og marsmánuði 1981 misnotað síma vinnuhælisins í eigin þágu með því að fjarlægja læsingu og breyta símalínum og hringja þannig margsinnis sjálfvirk langlínusamtöl, sem honum voru óheimil, úr símtæki á varðstofu hælisins og á kostnað þess.

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og alls sakarkostnaðar (sic).“

Málavextir.

Í bréfi stjórnar Litla-Hrauns, dags. 12. apríl 1981, til dómsmálaráðuneytis, er greint frá hugsanlegu misferli eins fangavarða á Litla-Hrauni, ákærða í máli þessu, varðandi símanotkun á vinnuhælinu. Samkvæmt framburðum tveggja fangavarða, Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar, átti ákærði að hafa hringt langlínusamtöl án þess að panta númer gegnum miðstöð, en sími þessi, 99-3105, var læstur með þeim hætti, að eigi var hægt að hringja út fyrir Eyrarbakkasvæði (Eyrarbakki og Stokkseyri) án þess að fara í gegnum miðstöð.

Þá greinir í bréfi þessu, að stjórn Litla-Hrauns hafi kannað lauslega nokkra reikninga fyrir þau símtöl, sem ákærði hafi pantað gegnum símstöð, og sé ekki annað af þeim að sjá en ákærði hafi þar a. m. k. gert tilraun til að láta vinnuhælið greiða sum einkasímtala sinna.

Samkvæmt ofangreindu bréfi kallaði stjórnin ofangreinda fangaverði, Rúnar og Sigurjón, á sinn fund, og voru fullyrðingar þeirra afdráttarlausar. Enn fremur var ákærði boðaður á fund nefndarinnar, og neitaði hann því afdráttarlaust, að hann hefði hringt langlínusamtöl án þess að fara í gegnum símstöð.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1981, fór dómsmálaráðuneytið fram á það við ríkissaksóknara, að hann hlutaðist til um, að fram færi rannsókn á ofangreindu ætluðu misferli ákærða á síma Vinnuhælisins að Litla-Hrauni.

Hinn 14. apríl 1981 var ákærða veitt lausn frá starfi um stundarsakir, meðan rannsókn málsins færi fram.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1981, fól ríkissaksóknari síðan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn málsins, og hófst sú rannsókn fljótlega.

Verða nú málavextir nánar raktir með hliðsjón af rannsókn lögreglu, dómsrannsókn og öðrum gögnum málsins:

Með hliðsjón af efni ákæru verður hér einungis fjallað um þá háttsemi, er ákærða gefin þar að sök að hafa hringt langlínusímtöl fram hjá símstöð, með vísan til 118. gr. opinberra laga nr. 74/1974.

Hinn 13. maí 1981 voru vitnin Frímann Sigurðsson yfirfangavörður, Rúnar Kristjánsson og Sigurjón Einarsson fangaverðir yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls.

Að sögn Frímanns Sigurðssonar var settur lás á símann, sem er í varðstofu Litla-Hrauns, hinn 30. júní 1980, en númer símans er 99-3105. Lásinn er læstur allan sólarhringinn, og er lykill geymdur hjá forstjóranum. Eftir að lásinn var settur á, er aðeins hægt að hringja til Stokkseyrar og Eyrarbakka beint. Símtöl til annarra staða þarf að panta í gegnum Selfoss, og gefur þá viðkomandi upp nafn sitt og hvert hann ætlar að hringja og nær stöðin síðan í númerið.

Sá, sem hringir, á strax í upphafi að gefa upp nafn sitt og hvort um

persónuleg samtöl sé að ræða eða á vegum hælisins, en persónuleg símtöl greiða starfsmenn sjálfir.

Frímann Sigurðsson kveður, að í lok mars 1981 hafi Sigurjón Einarsson fangavörður komið að máli við sig og sagt sér, að hann teldi sig hafa vissu fyrir því, að ákærði misnotaði símann á þann hátt, að hann tengdi fram hjá lásnum og hringdi beint í númer utan þess svæðis, sem áður er getið. Kvaðst Frímann hafa rætt við forstjóra vinnuhælisins nokkrum dögum síðar og um líkt leyti hafi Rúnar Kristjánsson fangavörður sagt sömu sögu um misnotkun ákærða á símanum.

Þá hefur Frímann greint frá því, að ákærði hafi komið að máli við sig um þetta leyti og sagt, að hann hafi heyrt, að hann ætti að vera „að svindla" á símanum.

Hefði ákærði sagt það ekki vera rétt og hér væri um persónulega árás á sig að ræða.

Frímann Sigurðsson hefur staðfest ofangreinda frásögn hér fyrir dómi. Frímann hefur enn fremur sagt fyrir dómi, að ofangreindir Rúnar og Sigurjón hafi rætt við sig sinn í hvoru lagi varðandi ætlaða misnotkun ákærða á síma. Kvaðst Frímann í fyrstu hafa haldið, að um einhvern misskilning væri að ræða hjá nefndum fangavörðum, en Frímann kvaðst þá hafa staðið föstum fótum á þessu.

Þá hefur Frímann Sigurðsson sagt aðspurður fyrir dómi, að um óvenjumikil símtöl hafi verið að ræða hjá ákærða, þegar hann var við vinnu á Litla-Hruani, bæði fyrir sig og vinnuhælið.

Frímann Sigurðsson kveður ákærða hafa verið ágætan starfsmann. Hann hafi verið duglegur og fljótur til ákvarðana.

Við yfirheyrslu á Rúnari Kristjánssyni fangaverði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins var eftirfarandi haft eftir honum:

„Það var í júní lok á s. l. ári, að settur var lás á símann á varðstofunni, þannig að nú er ekki hægt að hringja nema til Stokkseyrar og Eyrarbakka, nema panta símtalið í gegnum 02.

Okkur fangavörðunum er fyrirlagt að taka það fram, þegar við pöntum símtal í gegnum 02, hvort símtalið er fyrir stofnunina eða okkur sjálfa. Okkar einkasamtöl greiðum við skv. reikningi, eftir að við höfum yfirfarið hann og kannað, hvort símtalið sé okkar eða þá að við höfum talað fyrir stofnunina án þess að láta þess getið við pöntun. Það kemur nokkrum sinnum fyrir, að menn gleyma að taka fram, fyrir hvern símtalið er.

Ég vil, að það komi fram, að þegar hringt er í símann á varðstofunni og lásinn er á, heyrist bjölluhljóð frá bjöllu, sem er við hliðina á lásnum, þegar skífan fer til baka. Þetta heyrist við hvern staf, sem valinn er. Þegar lásinn er ekki á, heyrist þetta hljóð ekki. Mér er ekki kunnugt um, að annar hafi lykil af símalásnum nema Helgi Gunnarsson, forstjóri.

Það var sunnudaginn 22. febr. s. l. um kl. 21.00, að ég var á vakt ásamt Sigurði Inga Svavarssyni, varðstjóra, og fleirum. Ég var staddur á varðstofunni, og veitti ég því athygli, að Sigurður hringdi, og heyrðist bjölluhljóðið ekki. Hann talaði nokkuð lengi, en ég fylgdist ekki með tali hans. Ég sá hann ekki beygja sig undir borðið, þar sem símalásinn er, en hann er undir símaborðinu á varðstofunni. Hann hringdi fleiri símtöl þetta kvöld, og ég heyrði aldrei bjölluhljóðið. Ég var ekki í þeirri aðstöðu að kanna símann sjálfur og talaði ekki um þetta við neinn.

Sigurður kom á vakt kl. 20.00 næsta kvöld, og þá varð ég aftur var við, að hann hringdi nokkrum sinnum, án þess að bjölluhljóð heyrðist. Það kvöld varð ég einu sinni var við, að hann beygði sig undir símaborðið og var eitthvað að pukra þar. Símatími fanganna er öll kvöld frá kl. 19.00—19.45, þ. e. a. s. þá mega þeir hringja, en það má hringja í þá frá kl. 20.10—22.00.

Þannig er, að ef maður er að tala í símann og álagið er mikið, heyrist urg í símanum. Ég man, að þetta kvöld, þegar Sigurður var að tala, að hann segir við þann, sem hann var að tala við, að nú sé símatími fanganna og það sé mikið verið að reyna að ná í númerið, þess vegna sé þetta urg. Einnig sagði hann: „Ég er nú að nota símann og hleypi landsímanum ekki inná."

Þá man ég eftir því þetta kvöld, að um kl. 23.30 hringdi Sigurður, og tók ég eftir því, að hann valdi 7 stafa númer, og ekki heyrðist í bjöllunni. Hann var enn að tala í símann kl. 24.00, þegar ég fór af vaktinni. Ég var einn inni í varðstofunni með Sigurði, þegar hann hringdi þá.

Á vaktinni einhvern tíma í byrjun mars, er við Sigurður vorum saman á næturvakt, varð ég þess var, að hann hringdi tvö kvöld í röð og átti löng símtöl, og aldrei heyrði ég bjölluhljóð, þegar hann hringdi. Það var þá, að við Sigurjón fórum að tala um, að sennilega gæti Sigurður hringt fram hjá lásnum. Það kom fram í samtali okkar, að Sigurjón hafði tekið eftir þessu áður. Ræddum við um það, hvort við ættum að láta yfirmenn okkar vita af þessu, og vildi ég bíða einhvern tíma til að vera alveg viss, en Sigurjón mun þá þegar hafa látið Frímann vita fljótlega eftir þetta. Ég staðfesti þetta við Frímann síðar, en það gæti hafa verið um 20. mars.

Ég held, að Frímann hafi ekkert gert í þessu, því hann vildi vera viss í sinni sök, og eftir þetta varð ég þess nokkrum sinnum var, að Sigurður hringdi, án þess að bjölluhljóðið heyrðist. Það hefur trúlega verið um mánaðamótin mars/apríl, sem Frímann skýrði forstjóranum frá þessu."

Rúnar Kristjánsson hefur staðfest ofangreinda frásögn fyrir dómi, og vann hann eið að framburði sínum.

Greindi Rúnar enn fremur frá því, að hann hefði allt að 10 sinnum orðið var við, að ákærði hringdi utan Eyrarbakkasvæðisins, án þess að bjöllu-

hljóð heyrðist á þeim 4 kvöldum, er hann var á vakt með ákærða. Kveður Rúnar samtöl þessi hafa verið löng, allt að hálftíma.

Sagðist Rúnar hafa tekið eftir, að ákærði hringdi út fyrir svæðið, þar eð hann hefði hringt í 7 stafa númer, og enn fremur hafi hann merkt á efni samtala, að ákærði ræddi við aðilja, sem var í Reykjavík.

Í lögregluskýrslu, sem tekin hefur verið af Sigurjóni Einarssyni, fæddum 17. apríl 1912, er eftirfarandi haft eftir honum:

„Það var einhvern tíma á s. l. sumri, að settur var lás á símann á varðstofunni, þannig að ekki er hægt að hringja beint nema til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Öll önnur símtöl verður að panta í gegnum 02. Það munu vera varðstjórarnir, sem hringja út fyrir stofnunina, en ég hef ekki þurft að gera það, a. m. k. ekki síðan lásinn kom á símann. Ég hef einu sinni eða tvisvar þurft að hringja úr símanum á varðstofunni fyrir sjálfan mig, og hef ég þá beðið um, að símtalið yrði skrifað á minn heimasíma, og var það gert.

Það virðist vera, að þegar hringt er úr símanum á varðstofunni og lásinn er á, þá heyrist bjölluhljóð, sem er það hátt, að það mega allir heyra, sem eru inni á varðstofunni. Bjölluhljóðið heyrist, þegar skífan fer til baka eftir hvern staf, sem stimplaður er. Hins vegar heyrist bjölluhljóðið ekki, þegar lásinn er opinn.

Það var síðast í febrúar s. l., mánaðardaginn man ég ekki, að ég varð þess var, þegar Sigurður Svavarsson, varðstjóri, var að hringja, að bjölluhljóðið heyrðist ekki, auk þess sem ég varð þess var, að hann hringdi í 7 stafa númer án þess að fara í gegnum landssímann. Sigurður hirngdi á þennan hátt nokkuð oft og talaði oft lengi, en ég fylgdist aldrei með samtali hans, þannig að ég vissi, við hvern hann væri að tala.

Um þetta leyti var ég á vakt með Rúnari Kristjánssyni, og veit ég, að hann tók einnig eftir þessu, en þetta skeði aðallega á kvöldin. Eitt sinn man ég eftir,að hann hringdi tvö símtöl á þessum tíma milli kl. 22.00 og 23.00. Í bæði skiptin varð ég þess var, að bjölluhljóðið heyrðist ekki, þegar hann hringdi.

Það kom nokkrum sinnum fyrir, að þegar ég stóð í varðstofunni við glerið og var að horfa á sjónvarpið, sem er í setustofu fanganna, en glerið er þannig, að það sést illa frá setustofunni inní varðstofuna, en vel frá varðstofunni. Þá er glerið þannig, að það speglast í því, og sjást þeir vel, sem eru fyrir aftan mann. Ég tók nokkrum sinnum eftir því, að þegar Sigurður var að hringja, þá beygði hann sig niður að lásnum, sem er staðsettur undir símaborðinu. Þegar hann svo hringdi, heyrðist bjölluhljóðið ekki. Sigurður var mjög fljótur að þessu, þannig að hann hefur ekki haft tíma til að tengja neitt saman, nema þá að það hafi verið undirbúið áður.

Ég taldi hvað eftir annað, þegar skífan fór til baka, en það heyrðist, þótt ekki hringdi í bjöllunni, og hringdi hann í sjö stafa númer.

Ég veit ekki til þess, að aðrir en við Rúnar hafi tekið eftir þessu, alla vega heyrði ég ekki aðra tala um það, og ég ræddi þetta ekki við aðra en hann, en það gerðum við nokkru sinnum.

Mig minnir, að það hafi verið um miðjan mars, að ég ræddi þetta mál við Frímann Sigurðsson, yfirfangavörð, og hann mun hafa rætt við Rúnar og síðan við Sigurð.

Ég tók þá ákvörðun að tala um þetta mál við Frímann, yfirfangavörð, eftir að ég var viss í minni sök um, að Sigurður Svavarsson hringdi á einhvern hátt fram hjá símalásnum og án þess að fara í gegnum landssímann, eins og fyrir okkur er lagt að gera.

Það var í síðari hluta febrúar, að ég varð fyrst var við þessar hringingar Sigurðar, og þær stóðu allt fram í síðari hluta mars, en ég setti ekki á mig neinar dagsetningar í þessu sambandi.

Sú ákvörðun mín að skýra yfirfangaverði frá þessum símtölum Sigurðar stafar ekki frá því, að ég beri til hans nokkurn kala eða óvildarhug, heldur hitt, að ef um óeðlileg umframskref væri að ræða á símanum, mundi það bitna á öllum starfsmönnum."

Sigurjón Einarsson kom fyrir dóm hinn 28. des. sl. og endurtók þar ofangreinda frásögn. Vann Sigurjón eið að framburði sínum í upphafi. Sigurjón var sérstaklega inntur eftir því, hversu oft hann hafi orðið var við óvenjulegar símhringingar hjá ákærða. Kvaðst Sigurjón ekki getað gefið neina tölu í því sambandi, en hann kveðst hafa orðið var við þetta á 8—10 vöktum. Sagði nefndur Sigurjón ákærða hafa talað lengi í þau skipti, er hann hringdi með framangreindum hætti.

Hinn 19. maí 1981 var Magnús Ingi Gíslason varðstjóri, fæddur 7. apríl 1934, yfirheyrður hjá lögreglu vegna þessa máls, og var þá eftirfarandi haft eftir honum:

„Mig minnir, að það hafi verið fyrri hluta apríl-mánaðar, er ég var á næturvakt, en það er vakt frá kl. 20.00 til 08.00, og með mér á vakt Sigurjón Einarsson, fangavörður, að ég hringdi heim til konu minnar um kl. 22.00. Að samtalinu loknu fer Sigurjón að tala um, hvernig á því geti staðið, að þegar Sigurður Ingi Svavarsson hringi stundum í símann, heyrist ekki bjölluhljóðið, þegar skífan fer til baka, eftir að númer hefur verið valið. Ég sagðist ekki vita það, því ég vissi ekki betur en að bjölluhljóðið ætti að heyrast. Hins vegar sagðist ég muna það, að bjölluhljóðið hefði ekki heyrst, áður en símalásinn var settur á.

Sigurjón fór þá að tala nánar um þetta og sagðist stundum sjá Sigurð Inga beygja sig undir borðið og vera eitthvað að bauka þar, en ekki vita,

hvað hann væri að gera. Vildi hann meina, að eftir það heyrðist bjöllu-hljóðið ekki, þegar hann hringdi.

Ég fór þá að athuga símalásinn, sem staðsettur er undir símaborðinu, og varð ég þess þá var, þegar ég kom við skrúfuna, sem heldur lokinu, að hún var laus, og þegar ég snerti hana, féll lokið á gólfið. Ég sótti því tvo stálnagla, sem pössuðu í götin á skrúfunni, og töng og festi lokið."

Magnús Ingi hefur staðfest framburð sinn hjá lögreglu fyrir dómi. Þá hefur Magnús Ingi skýrt frá því, að Óskar Eyjólfsson hafi verið á vakt á undan sér.

Fangaverðir ganga 12 tíma vaktir, og segist Magnús aldrei taka vakt af ákærða og hann aldrei við af sér, þannig að alltaf líða 12 tímar á milli þess, sem þeir eru á vakt.

Magnús Ingi Gíslason hefur verið inntur eftir því, hvort hugsanlegt sé, að lokið hafi verið þannig í nokkurn tíma, og kveður Magnús það vera hugsanlegt. Ekkert óvanalegt var að sjá á lásnum, nema þegar við hann var komið. Lásinn sé þannig staðsettur, að hann blasir ekki við augum og til að ná til hans þarf að beygja sig niður og teygja höndina talsvert undir borðið.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu hinn 15. maí 1981, og er þar eftirfarandi haft eftir honum:

„Ég hef starfað sem fangavörður að Litla-Hrauni síðan 1. mars 1975 og settur varðstjóri síðan í október 1980.

Þegar ég kom úr sumarleyfi í júlí s. l., var búið að setja lás á símann á varðstofunni á Litla-Hrauni, þannig að aðeins var hægt að hringja beint til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Öll önnur símtöl þurftu að fara í gegnum 02.

Það var fyrir okkur fangaverðina lagt af yfirmönnum að taka það fram, þegar við pöntuðum símtal í gegnum 02, hvort við værum að hringja vegna stofnunarinnar eða hvort um einkasímtal væri að ræða. Það kann að vera að stúlkurnar á landssímastöðinni hafi gleymt að skrá þetta.

Þegar símareikningar komu, fengum við þá til yfirlestrar til að kanna þau númer, sem viðkomandi hafði hringt, og ekki var getið um, hvort væru í eigin þágu eða stofnunarinnar. Það var Frímann, yfirfangavörður, sem annaðist þetta fyrst, en síðan Jón Sigurðsson, fangavörður. Síðan áttu starfsmenn að greiða þau símtöl, sem voru í einkaþágu.

Mig minnir, að það hafi verið um mánaðamótin mars/apríl s. l., að ég heyrði ávæning af því, að ég misnotaði símann á varðstofunni á þann hátt, að ég tengdi fram hjá símalásnum og talaði þannig langlínusamtöl.

Ég ræddi þetta að fyrra bragði bæði við Helga Gunnarsson, forstjóra, og Frímann Sigurðsson, yfirfangavörð. Sögðust þeir báðir hafa heyrt þetta,

en vildu hvorugur tjá sig frekar um það. Helgi talaði um það við mig, að hann ætlaði að ræða þetta mál við mig síðar, sem hann aldrei gerði.

Ég man sérstaklega eftir tveim samtölum við Helga Gunnarsson um þetta mál, sem ég átti frumkvæði að, en ég varð einskis vísari eftir þau samtöl. Hann staðfesti einungis, að hann hefði heyrt þennan orðróm og það þyrfti að athuga það nánar.

9. apríl s. l. var ég boðaður á fund stjórnar Litla-Hrauns, sem haldinn var á Selfossi. Þeir, sem sátu fundinn, voru þeir Jakob Havsteen, Hafsteinn Þorvaldsson, séra Tómas í Hveragerði og Helgi Gunnarsson, forstjóri.

Þar var ég spurður að því, hvort ég hefði misnotað símann með því að tengja fram hjá símalásnum. Nefndu þeir, að tveir fangaverðir, Sigurjón Einarsson og Rúnar Kristjánsson, hefðu borið hjá nefndinni, að svo væri. Það er rétt að taka það fram, að nöfn fangavarðanna voru ekki nefnd þá."

Síðar í þessari sömu yfirheyrslu er þetta haft eftir ákærða:

„Símalásinn er í þröngu skoti undir símaborðinu á varðstofunni, og eftir því sem ég veit nú, eru til aðeins tveir lyklar að honum, og eru þeir báðir í vörslu Helga Gunnarssonar, forstjóra. Síminn er læstur allan sólarhringinn.

Þegar hringt er í símann, heyrist bjölluhljóð, eftir að númer er valið og skífan fer til baka. Hvort þetta hljóð heyrist eða ekki, þegar lásinn er opinn, veit ég ekki, því ég hef ekki samanburð þar á, en hins vegar man ég nú, að þetta hljóð heyrðist ekki, áður en lásinn var settur á."

Hinn 19. maí 1981 mætti ákærði að nýju til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu og voru kynntir framburðir þeirra Frímanns Sigurðssonar, Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar.

Í yfirheyrslu þessari var eftirfarandi þá haft eftir ákærða:

„Varðandi bjölluhljóðið, sem heyrist, þegar hringt er og skífan fer til baka, vísa ég til fyrri skýrslu minnar. Það er rétt, að bjölluhljóð heyrist, þegar númer hefur verið valið og skífan fer til baka, en hvort það er í hvert einasta skipti, þori ég ekki að fullyrða, því ég hef ekki svo hugsað um það mál.

Varðandi það, sem Rúnar Kristjánsson segir í sinni skýrslu, að hann hafi séð mig beygja mig undir borðið, þar sem símalásinn er, þá get ég ekki með nokkru móti munað, hvort ég beygði mig undir það borð eða ekki. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að ruslafata er einnig undir borðinu, og þarf maður oft að beygja sig niður, er maður er að henda einhverju frá sér, og einnig hitt, að það getur komið fyrir, að maður hafi hent minnismiða, sem síðan þarf að sækja aftur.

Varðandi þau löngu símtöl, sem Rúnar segir, að ég hafi talað, vil ég benda á, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að ég muni nú, hvort ég talaði lengi eða stutt í símann einhvern ákveðinn dag í febrúar, og þó

svo ég hafi talað í símann, þarf ekki endilega að hafa verið svo, að ég hafi hringt, heldur hefur alveg eins getað verið hringt í mig.

Varðandi það atriði, að þegar símatími fanganna er, er mikið álag á símanum, og kemur landssíminn oft þar inn á eða reynir það. Öll símtöl fanganna fara í gegnum varðstjórana, og þar er allt um langlínusamtöl að ræða. Fangarnir hafa ekki forgang að símanum, jafnvel þó um símatíma sé að ræða, því það er aðeins ein lína og þurfi starfsmaður að hringja á þessum tíma, gerir hann það, sé síminn á annað borð laus.

Fullyrðingar þeirra Rúnars og Sigurjóns um, að þeir hafi heyrt mig hringja í 7 stafa númer beint, vísa ég á bug sem röngum, því það er ekki hægt að hringja nema í 4ra stafa númer beint, eða þá 2ja stafa númer.

Ég hef aldrei orðið þess var, að einn eða neinn starfsmanna Litla-Hrauns væri að fikta í símalásnum, og ég hef aldrei séð lokið á honum laust eða (á) gólfinu."

Helgi Gunnarsson, forstjóri Vinnuhælisins á Litla-Hrauni, fæddur 2. desember 1921, hefur verið yfirheyrður fyrir dómi vegna þessa máls. Kveður Helgi ákærða hafa starfað á Litla-Hrauni frá árinu 1975 og mest allan tíman sem fangavörður. Á árinu 1980 hafi ákærði verið settur varðstjóri og þar til hann lét af störfum. Kveður Helgi hlutverk varðstjóra vera að stjórna vöktum, en á hverri vakt séu 4—6 menn. Enn fremur sjái varðstjórar um símavörslu, þ. e. a. s. hafi yfirumsjón með hringingum fanga, bæði frá og til Litla-Hrauns. Kveður Helgi síma vera í varðstofu, eldhúsi, skrifstofu og útivinnudeild, og gefur varðstjóri samband við þessa staði, þegar hringt er á Litla-Hraun og einhver þarf að hafa samband við þessa staði. Sími á varðstofu sé því eins konar skiptiborð.

Helgi Gunnarsson segir ákærða hafa verið röskan til vinnu og ágætis starfsmann og hafi hann ekkert út á hann að setja.

Varðandi meintar sakargiftir kveður Helgi yfirfangavörð hafa haft samband við sig vegna meintrar misnotkunar á staðarsíma og hafi hann þá látið loka símanum í stöð, þannig að ekki var með neinu móti hægt að hringa fram hjá símanum.

Helgi kveður ákærða hafa komið að máli við sig um mánaðamót mars—apríl og rætt lítillega við sig og borið af sér sakir.

Helgi Gunnarsson var inntur eftir því, hvort ákærði hafi notað símann óvenju mikið, og sagði Helgi svo vera.

Teknar voru lögregluskýrslur af fangavörðunum Björgvin Edvaldssyni, Steindóri Guðmundssyni og Guðmundi Einarssyni 28. sept. sl., en þeir voru á vakt með ákærða, er hann gegndi varðstjórastörfum.

Björgvin Edvaldsson, fæddur 16. nóvember 1944, kveðst alltaf á tímabilinu kl. 2000—2400 hafa verið flokkstjóri í „Nýja húsinu" og því ekki verið með ákærða á þeim tíma. Segir Björgvin alla tíð hafa verið mikið hringt

í ákærða og einnig hafi hann mikið notað símann og hafi hann pantað símtöl sín í gegnum 02.

Kveðst Björgvin aldrei hafa orðið var við, að ákærði fiktaði við boxin undir borðinu eða hann hafi verið með tilraunir í þá veru og aldrei hafi þeir rætt um símalásinn.

Björgvin hefur staðfest framangreinda frásögn fyrir dómi. Björgvin skýrði enn fremur frá því fyrir rétti, að ákærði hafi verið óvenjumikið í símanum og hafi fangaverðir haft orð á því við ákærða. Kveður Björgvin það fólk, sem hafi reynt að ná til Litla-Hrauns, hafa kvartað yfir því.

Guðmundur Einarsson kveðst hafa byrjað á vöktum með ákærða um miðjan mars 1981 og hafi verið með honum, þar til ákærði hætti störfum. Kveður Guðmundur ákærða hafa notað símann töluvert, einkum á kvöldin. Að sögn Guðmundar sá hann ekkert óeðlilegt við hringingar ákærða og hann hafi aldrei séð hann vera að fikta í símalásnum undir símaborðinu eða ræða um hann.

Framangreindur Guðmundur hefur staðfest ofangreint fyrir dómi. Þá sagði Guðmundur fyrir dómi, að ákærði hafi verið óvenjumikið í símanum. Bæði hafi hann hringt mikið og mikið verið hringt í hann. Kvað Guðmundur símtöl ákærða hafa verið miðlungslöng.

Steindór Guðmundsson, fæddur 29. september 1921, kveðst hafa verið á vakt með ákærða frá því í desember 1980 þar til í mars sl. Á þessum tíma segist Steindór hafa orðið þess var, að hann talaði mikið í síma, bæði var oft hringt í hann og eins hringdi hann úr símanum á varðstofunni. Steindór sagðist aldrei hafa orðið var við, að ákærði fiktaði við símalásinn undir símaborðinu, og aldrei hafi hann rætt um lás þennan.

Steindór hefur staðfest ofangreint fyrir dómi. Þá kvaðst Steindór ekki hafa fylgst náið með samtölum ákærða, en telja frekar, að þau hafi verið persónulegs eðlis.

Ákærði kom hér fyrir dóm hinn 28. desember sl. Kvað ákærði efnislýsingu í ákæru ranga og neitaði með öllu meintum sakargiftum.

Ákærði var inntur eftir því, hvort hann hafi notað umræddan síma óvenjumikið. Svaraði ákærði því til, að hann hefði notað símann, þegar hann þurfti þess með. Kvað ákærði, þegar litið væri á símareikninga, sæist, að hann væri með þeim hæstu þar eða hæstur, sem sýndi, að hann hefði notað símann.

Ákærði kvaðst ekki kannast við sakargiftir, en kenna um óvild Rúnars Kristjánssonar í sinn garð. Varðandi framburð Sigurjóns Einarssonar sagðist ákærði engar skýringar hafa. Þá gerði ákærði athugasemdir við framburð Rúnars Kristjánssonar, að ákærði hafi verið í símanum milli kl. 2330—2400. Kvað ákærði það alls ekki geta staðist, þar eð hann hefði þá

rekið Rúnar út, þar sem hlutverk Rúnars á þessum tíma sem annarra fangavarða væri að færa tiltekna fanga í fangaklefa á þessum tíma.

Þá vildi ákærði, að það kæmi skýrt fram, að Jakob Havsteen, formaður stjórnar Vinnuhælisins að Litla-Hrauni, hafi rætt við sig skömmu eftir fund stjórnar Litla-Hrauns og bent ákærða á, að játaði hann sakir, mundi Jakob gera allt, sem í hans valdi stæði, til að ákærði héldi starfi og slyppi einungis með áminningu. Kveðst ákærði hafa hafnað þessu sökum sakleysis hans í þessu máli.

Jakob Havsteen, formaður stjórnar Vinnuhælisins að Litla-Hrauni, hefur komið fyrir dóm og staðfest bréf stjórnar Litla-Hrauns til dómsmálaráðuneytis, sem efnislega rétt greint frá. Varðandi fullyrðingu ákærða hér á undan kveður Jakob ákærða hafa rætt við sig og þeir almennt rætt um stöðu ákærða og hvaða lögfylgjur hugsanlegur verknaður ákærða hefði í för með sér. Hafi þeir rætt saman í 2—3 tíma og komið víða við. Jakob Havsteen segist ekki gera neinar athugasemdir við framburð ákærða, þar eð hann viti ekki, hvernig ákærði hafi hugsanlega túlkað samtal þeirra.

Miðvikudaginn 13. maí 1981 fór Már Ingólfsson símaverkstjóri að Vinnuhælinu Litla-Hrauni ásamt rannsóknarlögreglumönnum til að skoða tengingu á langlínulás á síma nr. 99-3105.

Í greinargerð framangreinds Más segir:

„Lína til símstöðvar er tengd í gegnum tengibox á símtæki og þaðan í langlínulás.

Mjög auðvelt er að tengja fram hjá langlínulásum í tengiboxinu, línan er einangruð á samskeytum með plasthólki, og þarf ekki annað en að losa skrúfur A.11 og A.12 og setja línuna að lásnum við skrúfurnar, og er þá komið samband á símanum fram hjá langlínulásnum.

Skrúfur A.11 og A.12 hafa auðsjáanlega verið hreyfðar meira en aðrar skrúfur, og sést það vel á þeim."

Már Ingólfsson hefur staðfest ofangreinda greinargerð fyrir dómi. Fyrir rétti kvað Már aðspurður fjóra möguleika vera til að hringja út fyrir Eyrarbakkasvæðið, án þess að það færi í gegnum símstöð, og gerði Már nánari grein fyrir möguleikum þessum. Kveður Már bjölluhljóð ekki heyrast, sé þetta gert. Segir Már bjölluhljóð ekki heyrast, nema sími sé læstur. Kveður Már af þessum fjórum möguleikum sé einn langauðveldastur, þ. e. a. s. losa plasthólka af samsetningum í húsi til símstöðvar og leggja á skrúfur A.11 og A.12.

Við vettvangsskoðun 28. desember sl. sýndi Már, hvernig þetta væri gert. Kvað hann eftir tvö skipti hægt að gera þetta blindandi með annarri hendi og tæki örskamma stund. Aðspurður kvað Már ógerning að sjá, hvort tengt hafi veri fram hjá símanum með þessum hætti, með hliðsjón af því, hvernig útbúnaði þarna væri háttað.

Við frumrannsókn málsins var Sigurður Andersen, símstöðvarstjóri á Eyrarbakka, fenginn til að taka saman skrefafjölda varðandi síma 99-3105.

Samkvæmt athugun Sigurðar Andersen símstöðvarstjóra, Eyrarbakka, var notkunin eftirfarandi:

Janúar 1980	6.805
Febrúar 1980	7.286
Mars 1980	8.741
Apríl 1980	7.192
Maí 1980	8.615
Júní 1980	8.221

Langlínulás settur við 30. júní 1980.

Júlí 1980	1.036
Ágúst 1980	1.014
Sept. 1980	2.839
Okt. 1980	1.639
Nóv. 1980	1.648
Des. 1980	3.948
Janúar 1981	1.202
Febrúar 1981	2.003
Mars til pr. 24.	2.530

Vikuna 24. mars—1. apríl var settur teljari við símann 99-3105, og sýndi hann þá 263 skref.

Undir rekstri málsins var Sigurður Andersen fenginn til að yfirfara aftur athugun sína júlí—mars og enn fremur að fara yfir mánuðina apríl—des. 1981.

Samkvæmt þessari talningu var notkunin á símanum 99-3105 með þessum hætti:

Mars 1980	8741 skref
Apr. 1980	7192 skref
Maí 1980	8615 skref
Júní 1980	8221 skref
Júlí 1980	1036 skref
Ágúst 1980	1014 skref
Sept. 1980	1200 skref
Okt. 1980	1639 skref
Nóv. 1980	1648 skref

Des.) 1980		
Jan.) 1981	Vantar mynd	5150 skref
Febr. 1981	.....	2003 skref
Mars 1981	.....	2647 skref
Apríl 1981	.....	1305 skref
Maí 1981	.....	1008 skref
Júní 1981	.....	1124 skref
Júlí 1981	.....	1060 skref
Ágúst 1981	.....	877 skref
Sept./okt. 1981	.....	2553 skref
(v. galla í myndavél urðu ljósm. 30/9. ónýtar).		
Nóv. 1981	.....	935
Des. pr. 29 1981	.....	1587

Sigurður Andersen, fæddur 29. ágúst 1932, hefur komið fyrir dóm og staðfest ofangreinda talningu, sem gerð er eftir mælistöðumyndum, sem rétta og unna eftir bestu samvisku. Myndir þessar eru ýmist miðaðar við 29., 30., 31. eða 1. hvers mánaðar.

Varðandi misræmi í fyrri talningu og þessari síðari kveður Sigurður, að varðandi sept. 1980 hafi verið um mislestur hjá sér að ræða. Um des.—jan. 1980—1981 kveður Sigurður mælistöðumynd hafa skemmst og hafi hann þá eftir öðrum leiðum reynt að reikna út skrefafjöldann í hvorum mánuðinum fyrir sig, en við nánari athugun hafi það verið óframkvæmanlegt. Af þeim sökum verði að telja mánuðina des. 1980 og jan. 1981 saman.

Fyrir dómi hefur verið lögð fram álitsgerð Sigurjóns Bergssonar símvirkja, svæðisumsjónarmanns Pósts og síma á Suðurlandi.

Í álitsgerð þessari segir:

„Símlásar, sem staðsettir eru við símtæki notanda, er stjórnað með lykli, hvort heldur notandinn vill hafa lásinn opinn eða lokaðan.

Lokaður: Þýðir, að einungis er hægt að ná til númera innan eigin lokalnúmersseríu, núlltrafik (þ. e. a. s. 02, 04, 05 og svo frv.) og skiptiborð á símstöð í sama lokal, og kemur þá einungis ein talning á teljara viðkomandi númers, þegar svarað er. Þegar hringt er í 02 og skiptiborð, sjá þau um útreikning gjalds fyrir þau símtöl, sem pöntuð eru, og hafa skýrslur þar að lútandi.

Opinn: Þýðir, að hægt er að ná á sama hátt og þegar lasinn er lokaður, og einnig í alla landstrafik, þ. e. a. s. hvert á land sem er og til útlanda frá október 1980, og koma þá talningar samkvæmt ákveðinni tímamælingu.

Mjög auðvelt er að brjóta lásinn upp, þ.e.a.s. taka af honum lokið, og er þá hægt með smá fikti að komast upp á lag með að sveifla hann og virkar hann þá eins og opinn.

Læsing á símstöð: Þá er gerð föst tenging í símstöð fyrir það númer, er þess óskar, þá getur notandi ekki haft áhrif á, hvort númerið sé opið eða lokað, það er algjörlega lokað fyrir allri landstrafik og útlandstrafik, næst einungis eins og um lokaðan símalás væri að ræða."

Sigurjón Bergsson, fæddur 13. ágúst 1944, hefur staðfest ofangreint hér fyrir dómi.

Undir rekstri málsins hefur verið aflað fylgiskjala varðandi símann 99-3105 mánuðina júlí 1980—mars 1981. Er þar að finna öll símtöl, sem hafa farið í gegnum símstöð, nöfn þeirra, sem hafa hringt, dagsetningar, viðtakenda símhringinga og númer þeirra ásamt skrefafjölda.

Samkvæmt fylgiskjölum kemur í ljós eftirfarandi:

Júlí:	Heildarskrefafjöldi	1437
Júlí:	Heildarsímtöl (02)	378
Júlí:	Skrefafjöldi ákærða	112
Júlí:	Símtöl ákærða (02)	30
Ágúst:	Heildarskrefafjöldi	1420
Ágúst:	Heildarsímtöl (02)	378
Ágúst:	Skrefafjöldi ákærða	124
Ágúst:	Símtöl ákærða (02)	26
September:	Heildarskrefafjöldi	1491
September:	Heildarsímtöl (02)	360
September:	Skrefafjöldi ákærða	132
September:	Símtöl ákærða (02)	31
Október:	Heildarskrefafjöldi	1483
Október:	Heildarsímtöl (02)	297
Október:	Skrefafjöldi ákærða	19
Október:	Símtöl ákærða (02)	7
Nóvember:	Heildarskrefafjöldi	1431
Nóvember:	Heildarsímtöl (02)	357
Nóvember:	Skrefafjöldi ákærða	168
Nóvember:	Símtöl ákærða (02)	47
Desember:	Heildarskrefafjöldi	1752
Desember:	Heildarsímtöl (02)	425
Desember:	Skrefafjöldi ákærða	65
Desember:	Símtöl ákærða (02)	20
Janúar '81:	Heildarskrefafjöldi	1589
Janúar '81:	Heildarsímtöl (02)	429
Janúar '81:	Skrefafjöldi ákærða	113
Janúar '81:	Símtöl ákærða (02)	27
Febrúar '81:	Heildarskrefafjöldi	1251

Febrúar '81:	Heildarsímtöl (02)	275
Febrúar '81:	Skrefafjöldi ákærða	21
Febrúar '81:	Símtöl ákærða (02)	7
Mars '81:	Heildarskrefafjöldi	1823
Mars '81:	Heildarsímtöl (02)	440
Mars '81:	Skrefafjöldi ákærða	62
Mars '81:	Símtöl ákærða (02)	11

Framangreind símtöl ákærða eru þau, sem fram komu á fylgiskjölum Pósts- og síma og pöntuð eru í gegnum símstöð. Er hér einungis um að ræða símtöl, sem ákærði hefur hringt án þess að geta þess, að þau séu á vegum vinnhælisins.

Samkvæmt framburði Frímanns Sigurðssonar yfirfangavarðar var þó misbrestur á, að fangaverðir almennt tækju fram, að símtöl væru vegna vinnuhælisins. Af þeim sökum fór einn fangavarða yfir pantanir og gerði lista yfir þá, sem hringt höfðu. Var síðan farið yfir símtöl þessi með viðkomandi og hann strikaði út þau númer, er hann taldi sig hafa hringt í á vegum vinnuhælisins.

Við frumrannsókn málsins voru lögð fram fylgiskjöl Pósts- og síma varðandi janúar, þar sem tilgreint hefur verið nánar símhringingar ákærða gegnum símstöð. Kemur þar fram, að af framangreindum 27 símhringingum, er hann pantaði í gegnum símstöð, hafa a. m. k. 12 verið á vegum vinnuhælisins, samtals 52 skref.

Undir rekstri málsins hefur verið lagt fram yfirlit Frímanns Sigurðssonar yfirfangavarðar um vaktstöður ákærða, meðan hann var varðstjóri frá 20. október 1980—15. apríl 1981.

Samkvæmt þessu hefur ákærði hringt í gegnum símstöð, er hann var á vakt frá kl. 2000—0800 sem hér segir:

6 sinnum í desember, 6 sinnum í janúar, 3 sinnum í febrúar og 4 sinnum í mars. Er hér um að ræða eins og áður símtöl, sem ákærði hefur pantað í gegnum símstöð og ekki getið um, að væru e. t. v. á vegum vinnuhælisins. Þannig eru 3 símtöl af ofangreindum 6 í janúar á vegum vinnuhælisins.

Samkvæmt símaskrá eru símanúmer á Vinnuhælinu Litla-Hrauni þrjú. 3105, skrifstofa 3127 og vinnuskálar 3104.

Samkvæmt yfirlýsingu pósts- og símstöðvarstjóra á Eyrarbakka var síminn 99-3105 læstur í stöð 15. maí 1981.

Niðurstöður.

Samkvæmt framangreindri skrefanotkun á símanum 99-3105 frá júlí 1980 til des. 1981, er um að ræða aukningu notkunar á tímabilinu okt. 1980

til mars 1981, og er um verulega aukningu að ræða mánuðina des. 1980 til mars 1981.

Með hliðsjón af því, að skrefatalning þessi miðast eingöngu við bein símtöl (ekki í gegnum símstöð) og aðeins við Eyrarbakkasvæðið (Stokkseyri og Eyrarbakka) og hvert símtal þá eingöngu mælist eitt skref, verður aukning þessi eigi skýrð á annan hátt en um langlínusamtöl hafi verið að ræða fram hjá símstöð.

Hægt var að opna símalás með lykli, sem forstjóri vinnuhælisins geymdi, en eigi verður ráðið af gögnum málsins, að svo hafi verið gert.

Fyrir liggur í máli þessu framburðir Más Ingólfssonar símaverkstjóra og Sigurjóns Bergssonar símvirkja um, að mjög auðvelt sé að hringja langlínusímtöl fram hjá símalás með smátilfæringum.

Með hliðsjón af þessu og framburði Magnúsar Inga Gíslasonar varðstjóra verður eigi hjá því komist að álykta, að hringt hafi verið langlínusímtöl í gegnum símann 99-3105 á umræddu tímabili á ólögmætan hátt með einhvers konar tilfæringum á símalás.

Samkvæmt þessu og einkum framburðum Rúnars Kristjánssonar og Sigurjóns Einarssonar svo og framburðum ákærða sjálfs, yfirmanna og samstarfsmanna ákærða um mikla símanotkun hans, en á hinn bóginn fremur hið gagnstæða skv. skráðum símtölum ákærða, einkum mánuðina febr. og mars 1981, og sérstaklega á þeim tíma, sem ákærði var á kvöldvakt og að öllu jöfnu hentaði best til persónulegra símtala, verður hér talið nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 16/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 24., 25., 26. og 37. gr. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 4 mánuði.

1966 25/8 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga

1966 6/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1966 29/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. lögreglusamþykktar.

1967 7/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1967 7/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, Áminning fyrir ölvun.

1967 12/4 í Vestmannaeyjum: Sátt 200. kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1967 13/5 í Vestmannaeyjum: Sátt 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1967 í Reykjavík: Sátt, uppvís að brotum gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár frá 14/11 1967.

1968 14/2 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 14/2 1968.

1968 24/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 25., 26. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár frá 14/2 1968. (Hegningarauki).

1968 16/8 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Við refsimat verður að hafa í huga, að hér er um brot í ábyrgðarstöðu að ræða, en á hitt ber að líta, að ákærði var leystur frá störfum um stundarsakir a. m. k.

Refsing hans þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Rétt þykir þó eftir atvikum að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Þá skal ákærði með vísan til 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Sveins Skúlasonar, cand. juris., kr. 5.500.00.

Karl R. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Ingi Svavarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingar skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Sveins Skúlasonar, cand. juris., kr. 5.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1983.

Nr. 45/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Erlu Bolladóttur
(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 25. júní 1982 að ósk ákærðu. Því er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu ákærðu.

Ágrip barst Hæstarétti 29. mars sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærðu verður ákveðin 15 daga varðhald.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Erla Bolladóttir, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síma, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 28. maí 1982.

Mál þetta sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. mars 1982, var tekið til dóms 6. maí 1982. Málið er höfðað „á hendur

Erlu Bolladóttur nema, Aðalstræti 63 á Akureyri, fæddri 19. júlí 1955 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 30. september 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 67494 frá Austurvelli í Reykjavík um götur borgarinnar, uns lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina á Sólvallagötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða, sem er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík, og telst sakhæf, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 19/12 í Reykjavík: Dómur: 3 ára fangelsi fyrir brot gegn 148., 112., 155., 157. og 254. gr. hegningarlaga.

1980 22/2 Dómur Hæstaréttar: Fangelsi í 3 ár.

1980 28/8 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi 3. mán. frá 26/7 1980.

Málavextir.

Miðvikudaginn 30. september 1981, um kl. 0137, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R 67494, þar sem henni var ekið suður Garðastræti og beygt vestur Sólvallagötu. Fyrrgreindir lögreglumenn voru úr Reykjavík. Á Sólvallagötu stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærða í málinu. Blés hún í öndunarsýni og sýndi 3. stig. Var bifreiðin færð á aðalstöð lögreglunnar, og var ákærða færð fyrir Þóri Þorsteinsson aðstoðarlögregluvarðstjóra, sem tók varðstjóraskýrslu af henni. Þar viðurkenndi hún að hafa verið að koma af skemmtistaðnum Óðali og hafa ekið sjálf, allt þar til hún var stöðvuð af lögreglunni. Skömmu áður en hún yfirgaf skemmtistaðinn, kvaðst hún hafa neytt áfengis, eins og um er rætt í skýrslu varðstjóra. Var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans, þar sem henni var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Að því loknu var hún frjáls ferða sinna.

Fyrir lögregluvarðstjóranum viðurkenndi ákærða að hafa verið að aka bifreiðinni R 67494 og hafi hún verið á leið frá Austurvelli í Reykjavík og í átt að Garðastræti. Ákærða kvaðst hafa hafið ökuför þessa um kl. 0120 um nóttina. Þá viðurkenndi hún áfengisneyslu, kvaðst hafa drukkið vodka og kakólíkjör, einn einfaldan vodka og einn tvöfaldan kakólíkjör. Ákærða kvaðst hafa verið við áfengisneyslu þessa í Óðali við Austurvöll á tímabilinu frá kl. 0045 til kl. 0100. Ákærða kvaðst haf neytt áfengisins með kunningjum. Ákærða þrætti fyrir að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og kvaðst lítið hafa sofið nóttina og ekkert daginn áður. Þá viðurkenndi ákærða að hafa ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærðu í greint

sinn. Í þessari athugun kemur fram, að áfengisþefur af andardrætti var lítils háttar, andlit eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Þá sýndi öndunarsýni að áliti varðstjórans 2. stig.

Klukkan 0211 þessa sömu nótt tók Guðmundur Einarsson læknir ákærðu blóð til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða þeirrar alkóhólákvörðunar, mælt með gasgreiningu á súlu, sýndi magn alkóhóls í blóði ákærðu 0.79‰.

Föstudaginn 19. febrúar 1982 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri skýrslu af ákærðu vegna málsins. Kvaðst hún umrætt kvöld hafa farið á dansleik í skemmtistaðnum Óðali í Reykjavík ásamt félögum sínum. Hafi hún ekið bifreiðinni R 67494, sem vinkona hennar, Auður Clausen, sé eigandi að. Ekki mundi ákærða klukkan kvað hún kom í Óðal. Skömmu eftir að í Óðal var komið, hafi hún pantað kokteil í glasi, sem hún kvaðst hafa drukkið, meðan hún dvaldi inni á skemmtistaðnum. Ákærða kvað kunningja sína hafa neytt eitthvað meira áfengis en hún og hafi eigandi bifreiðarinnar verið orðin allölvuð. Að loknum dansleik kvaðst ákærða ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, þennig að hún hafi ákveðið að fara á bifreiðinni, en ferðinni hafi verið heitið til kunningja, sem búsettir eru í Garðastræti í Reykjavík. Ákærða kvaðst því hafa farið út í bifreiðina, sest undir stýri hennar, gangsett hana og ekið af stað sem leið lá í átt að Garðastræti. Þegar þangað kom, hafi kunningjar ákærðu ekki verið komnir heim, þannig að ákærða og samferðarmenn hennar biðu í bifreiðinni fyrir utan hjá þeim. Eftir nokkra bið kveðst ákærða hafa ákveðið að aka lítinn hring um bæinn, á meðan beðið væri. Kveðst hún því hafa ekið af stað aftur og hafi rétt verið búin að beygja inn á Sólvallagötu, þegar lögreglubifreið hafi komið þar að og stöðvað akstur hennar. Þeir hafi grunað ákærðu um að vera undir áhrifum áfengis og fært hana á lögreglustöðina, þar sem af henni var tekin skýrsla lögregluvarðstjóra, þaðan hafi hún verið færð í Borgarspítalann, þar sem henni var tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Ákærða gerði enga athugasemd við niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, vísaði til kunnáttuleysis í því sambandi.

Ákærða óskaði eftir að leggja fram vörn í sakadóminum, áður en dómur yrði kveðinn upp, og gerði hún það munnlega, og var það bókað eftir henni í dóminum. Vörn hennar er svohljóðandi:

„Árið 1980 í maí var ákærða boðuð til að afplána fangelsisdóm, og við þær aðstæður var brotið, sem lokið var með dómsátt 28. ágúst 1980, framið, en þá segist ákærða hafa verið í mikilli geðshræringu yfir því að þurfa að hverfa frá heimili sínu og barni og í fangelsi. Ákærða segir, að afplánun hafi seinkað um 4 mánuði árið 1980, eða fram í október þ. á. Ákærða segir, að þegar hún drakk áfengi á þessum tíma, hafi hún verið mjög kæruleysis, sem m. a. birtist í því, að hún ók bifreið undir áhrifum áfengis.

Ákærða segist hafa losnað úr fangelsi 9. ágúst 1981. Þá segist hún hafa verið í sama rótleysinu, hálf heimilislaus og var í heimsókn í Reykjavík í fyrsta skipti eftir fangelsisvistina. Ákærða segir þetta hafa verið megin ástæðuna fyrir því, að hún ók ölvuð 30. september 1981. Ákærða segir, að í greint sinn hafi þrír vinir hennar verið með henni í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík, og að hennar áliti fann hún ekki til áfengisáhrifa fyrir aksturinn, enda sagðist ákærða aðeins hafa drukkið lítið af áfengi, áður en aksturinn hófst. Ákærða segist ætla að flytja til Reykjavíkur næsta vetur og ætla að vera þar við nám. Hún segist hafa barn sitt með sér, Ákærða segir, að það verði mjög bagalegt fyrir hana að vera bíllaus í þrjú ár og það geti leitt af sér frekari brot á þessu sviði."

Með vísan til eigin játningar ákærðu og þess, sem hér að framan er rakið, er sannað, að ákærða hefur gerst sek um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir, og er háttsemin þar réttilega færð til refsiákvæða. Hefur hún unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, en dómssáttin frá 28. ágúst 1980 hefur ítrekunaráhrif í þessu sambandi. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs. Í stað sektar komi varðhald 11 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Svipta ber ákærðu ökuleyfi, svo sem krafist er. Með vísan til þess, að hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærða svipt ökuleyfinu ævilangt frá dómsbirtingu. Að lokum ber að dæma ákærðu með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærða, Erla Bolladóttir, greiði 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Í stað sektar komi varðhald 11 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1983.

Nr. 177/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Trausta Tómassyni
(Örn Clausen hrl.).

Sýknað af ákæru um fjársvik. Brot gegn áfengislögum. Sakarkostnaður. Skaðabótakröfum vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 6. ágúst 1982. Ágrip barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til að greiða Guðmundi Lárussyni 762.30 nýkrónur og Skafta Einari Guðjónssyni 10.000.00 nýkrónur.

Verjandi krefst sýknu af refsikröfum ákæruvalds, til vara lægstu refsingar, er lög leyfa. Þá er krafist sýknu af fébótakröfu vegna brots þess á rúðu lögreglubifreiðar, er greinir í málinu, en varðandi aðrar fébótakröfur er krafist frávísunar þeirra frá héraðsdómi. Enn fremur krefst verjandi þess, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun sín hér fyrir dómi.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða á grundvelli tveggja ákæruskjala, sem samneinuð voru í héraði í eitt mál.

I.

Ákæra 1. júní 1981.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara vegna brota þeirra, sem ákærða er gefið að sök í þessu ákæruskjali. Varðar atferli ákærða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, 5. gr.

II.

Ákæra 16. júní 1981.

Viðskiptum þeim með hross, sem þetta ákæruskjal lýtur að, er lýst í héraðsdómi.

Gögn máls um aðdraganda að hestakaupum og um það, hvernig samningsgerð fór fram, benda fremur til þess, að Skafti Einar Guðjónsson, en ekki ákærði, hafi keypt hrossin, og eru gögn þessi þó ekki óyggjandi. Sannað er, að ákærði greindi seljandanum frá því, þegar eftir að samningur komst á og þar sem þeir voru staddir á vettvangi, að hann, en eigi Skafti Einar, væri raunverulega kaupandinn. Fylgdi hann því eftir sama dag, er hann bauð seljandanum að greiða umsamið kaupverð. Veitti seljandinn kaupverðinu viðtöku og gaf ákærða afsal fyrir hrossunum. Varhugavert þykir að hafna þeirri fullyrðingu ákærða, að hann hafi talið sig kaupanda hrossanna. Verður því eigi talið sannað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði hafi beitt sækjandann, sem stóð sjálfur að samingsgerðinni og hafði tök á að meta, hver gagnaðili hans væri, vísvitandi blekkingum í því skyni að fá hann til að afsala sér hrossunum. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 16. júní 1981.

III.

Refsing og fébætur.

Refsing ákærða vegna brota þeirra, sem hann er sakfelldur fyrir í I hér að framan, þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og vegna þeirrar áreitni við vegfarendur, sem hann hafði í frammi, hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði hafði verið settur í handjárn og færður í lögreglubifreið, er hann „náði. . . að brjóta hliðarrúðuna vinstra megin með því að sparka í hana", svo sem segir í lögregluskýrslu 7. apríl 1980 út af atburði þessum. Atvik að rúðubrotinu eru engan veginn skýr. Þegar af þessari ástæðu verður að vísa bótakröfu þessari frá héraðsdómi.

3. Fébótakrafa Guðmundar Lárussonar er eigi skýrlega sett fram, og eigi er hún studd gögnum. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

4. Eigi verður dæmt um fébótakröfu Skafta Einars Guðjónssonar í máli þessu, sbr. 146. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974, og er henni vísað frá héraðsdómi.

Dæma ber ákærða með vísan til 141., sbr. 140. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða þriðjung alls kostnaðar við rekstur máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hlutur ákærða af saksóknarlaunum ríkissjóð hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur, og hlutur hans í málsvarnarlaunum skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti er ákveðinn 2.000.00 krónur. Ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar, þar með taldir tveir þriðju hlutar af málsvarnarlaunum verjanda fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Það athugast, að lögreglmenn þeir, er handtóku ákærða 7. apríl 1980, gáfu ekki skýrslur í dómi.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Tómasson, greiði 1.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði er sýkn af þeirri refsikröfu ákæruvalds, er að framan greinir.

Fébótakröfum lögreglunnar í Hafnarfirði, Guðmundar Lárussonar og Skafta Einars Guðjónssonar er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði þriðjung alls kostnaðar við rekstur máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. greiði hann sinn hluta af saksóknarlaunum í ríkissjóð, og er hann ákveðinn 2.000.00 krónur, svo og sinn hluta af málsvarnarlanum skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, og er sá hlutur ákveðinn 2.000.00 krónur.

Ríkissjóður greiði tvo þriðju hluta alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal 4.000.00 krónur til skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Um þetta ákæruatriði, sem greinir í ákæru 1. júní 1981, er ég sammála meiri hluta dómenda.

Um ákæru 16. júní 1981 er þetta að segja:

Af gögnum málsins er ljóst, að maður að nafni Skafti Einar Guðjónsson hafi undirbúið fund 15. mars 1981 með manni, sem Hákon Birgir Sigurjónsson heitir. Hugðust þeir ræða um kaup á hestum, sem Hákon vildi selja. Ákærði fór með Skafta til fundarins. Rætt var um hestakaupin. Náðu þeir Skafti og Hákon samkomulagi um þau, og fór fram handsal. Þar með var Skafti orðinn eigandi hestanna, og varð samningi þeirra Hákonar ekki rift síðar af seljanda, svo að skuldbindandi væri fyrir Skafta. Orð, sem fram er komið, að ákærði mælti einslega við Hákon, áður en þeir Skafti fóru, skipta engu að lögum. Skafti fól ákærða hestana til geymslu, en síðar þennan sama dag fór ákærði og greiddi úr eigin vasa kaupverð hestanna og fékk afsal frá Hákoni.

Sem fyrr segir var Skafti Einar Guðjónsson orðinn eignadi hestanna, þegar Hákon Birgir Sigurjónsson gaf ákærða skriflegt afsal fyrir þeim. Var sá gerningur kaupfox og batt Skafta ekki að lögum, sbr. 14. kap. kaupabálks Jónsbókar.

Þegar framanskráð er virt, tel ég, að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til svika og því brotið 248., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því atferli, sem frá greinir í ákæru 16. júní 1981. Ég tel, að 261. gr. laganna eigi ekki við, þar sem ákærði vildi eignast margumrædda hesta fyrir verð, sem ljóslega var mjög hagstætt. Beindust athafnir ákærða að því að hagnýta sér rangar hugmyndir Hákonar Birgis Sigurjónssonar um það, hver hefði keypt hesta hans, til að auðgast á kostnað Skafta Einars Guðjónssonar.

Þegar framanskráð er virt, er ég sammála héraðsdómara um ákvörðun refsingar. Ég er sammála meiri hluta dómenda um að vísa verði fébótakröfu lögreglunnar í Hafnarfirði og Guðmundar Lárussonar frá héraðsdómi. Hins vegar tel ég, að staðfesta beri ákvæði hins áfrýjaða dóms um bætur til Skafta Einars Guðjónssonar og um sakarkostnað. Þá ber að mínu áliti að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1982.

Ár 1982, mánudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 234/1982: Ákæruvaldið gegn Trausta Tómassyni, sem tekið var til dóms þ. 14. júní sl.

Málið er höfðað með 2 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 1. júní 1981 og 16. júní 1981, á hendur ákærða, „Trausta Tómassyni bifreiðarstjóra, Vesturbergi 147, Reykjavík, fæddum 31. maí 1939 að Reynifelli, Rangárvallahreppi."

Með ákærunni, dagsettri 1. júní 1981, er málið höfðað á hendur ákærða, „fyrir að vera tvisvar í aprílmánuði 1980 ölvaður og til óþæginda á almannafæri, þ. e. mánudaginn 7. apríl á Kaldárselsvegi skammt ofan við kirkjugarðinn í Hafnarfirði, þar sem fólk varð fyrir áreitni ákærða, sem síðan var handtekinn af lögreglu, og sparkaði hann þá utan lögreglubifreiðina G 4442 og braut í henni hliðarrúðu vinstra megin, einnig fimmtudaginn 24. apríl á sömu slóðum, en þá grýtti ákærði bifreiðina R 63043 og olli skemmdum á hægri afturhurð hennar.

Telst þetta varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Með ákærunni, dagsettri 16. júní 1981, er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa sunnudagskvöldið 15. mars 1981 með sviksamlegum hætti gengið inn í kaup á þremur hestur, sem Skafti Einar Guðjónsson, Hjaltabakka 28, Reykjavík, hafði þá fyrr um daginn, að ákærða viðstöddum, samið um kaup á af Hákoni Birgi Sigurjónssyni, Haukshólum 6, Reykjavík, með því að hafa um kvöldið farið á fund Hákonar Birgis og talið honum ranglega trú um, að Skafti Einar hafi í raun eigi verið að kaupa hestana sjálfur, heldur fyrir ákærða, og þannig fengið Hákon Birgi til að undirrita afsal til ákærða fyrir hestunum, jafnframt sem ákærði greiddi Hákoni Birgi umsamið söluverð hestanna. Ákærði tók síðan hestana í vörslur sínar og hafði selt einn þeirra, þegar rannsókn málsins hófst og lögreglan hugðist taka hestana í sínar vörslur.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 248. gr., sbr. 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Dómarinn hefur sameinað mál þessi.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

I.

Mánudaginn 7. apríl 1980, um kl. 1630, veittu lögreglumenn í Hafnarfirði athygli ákærða, sem virtist talsvert ölvaður, og var hann að áreita fólk á Kaldárselsvegi. Höfðu lögreglumenn tal af ákærða, sem brást illur við og réðst að þeim. Var ákærði þá handjárnaður og settur inn í lögreglubifreiðina G 4442, þar sem hann braut hliðarrúðu vinstra megin með því að sparka í hana.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunar í Hafnarfirði daginn eftir. Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum sökum ölvunar.

Lögreglan í Hafnarfirði hefur gert skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna rúðubrotsins, að fjárhæð kr. 272.95.

Samkvæmt skýrslu lögreglumanna er sannað, að ákærði hafi með atferli sínu gerst sekur um brot gegn 21. gr. áfengislaga. Bótakrafa lögreglunnar veður tekin til greina.

II.

Fimmtudaginn 24. apríl 1980 kom á lögreglustöðina í Hafnarfirði Guðmundur Lárusson, Réttarholtsvegi 73, Reykjavík, og kvað hann ölvaðan hestamann hafa veist að sér skömmu fyrir kl. 1400 við kirkjugarðinn við Reykjanesbraut. Kvað hann manninn hafa grýtt bifreiðina R 63043, og var dæld í hægri afturhurð hennar. Kvaðst Guðmundur halda, að maður þessi héti Trausti.

Ákærði var kvaddur til skýrslugjafar af þessu tilefni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 13. febrúar 1981. Ákærði neitaði því að hafa verið ölvaður við kirkjugarðinn umræddan dag og kannaðist ekki við að hafa grýtt bíl þar.

Vitnið Kristinn Guðmundsson gaf skýrslu há rannsókardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 27. febrúar 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið kvaðst hafa verið í bifreið Guðmundar Lárussonar, er ölvaður maður kom gangandi á akbrautina á móti bifreiðinni, og sló hann öðrum hnefanum í húddið. Gaf Guðmundur þá hljóðmerki og hafi þá maðurinn slegið í húddið með hestasvipu. Hafi Guðmundur þá farið út og ýtt við manninum, sem þá hafi tekið grjót og kastað í hægri afturhurð bifreiðarinnar. Hafi meður þessi síðan farið inn í aðra bifreið.

Vitnið Albert Þorsteinsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þ. 3. mars og 10. apríl 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið kvaðst hafa séð, er ölvaður maður kastaði grjóti í bifreið, og kvað hann mann þennan síðan hafa komið inn í bifreið vitnisins og skipað því að aka af stað. Vitnið kvaðst hafa ekið manninum að Arnarhrauni 3. Vitnið hefur við sakbendingu með ljósmyndum bent á mynd ákærða og talið hann vera þann mann, sem kastaði grjóti í bifreiðina.

Vitnið Guðmundur Lárusson kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Fyrir dómi benti vitnið á mynd ákærða og taldi hann vera þann mann, sem kastaði grjóti í bifreiðina.

Ekki hefur borist rökstudd og sundurliðuð bótakrafa frá Guðmundi Lárussyni.

Með framburðum vitna í máli þessu telst sannað, að það hafi verið ákærði, sem var mjög ölvaður við kirkjugarðinn við Reykjanesbraut og grýtti bifreiðina R 63043. Varðar brot ákærða við 21. gr. áfengislaga.

III.

19. mars 1981 kom Skafti Einar Guðjónsson, Hjaltabakka 28, á skrifstofu RLR og kærði eftirfarandi: „Við Trausti Tómasson, Vesturbergi 147, Rvk., og ég leigjum saman hesthús í Hátúni við Norðlingabraut. Þarna hefi ég fjóra hesta, sem ég á, og auk þess hefi ég einn á fóðrum. Trausti hefur staðið mikið í hestabraski og þá haft inni í þessu húsi fyrir hesta þá, er hann hefur verið að braska með.

Sl. sunnudagsmorgun fór ég heim til Trausta, og fórum við saman í hesthús Hákonar Sigurjónssonar, rannsóknarlögreglumanns, en húsið er á mótum Reykjanesbrautar og Smiðjuvegar. Ég hafði mælt mér mót við Hákon á þessum tiltekna stað og tíma til þess að eiga við hann hestakaup. Ástæðan fyrir því, að Trausti var með mér, var sú, að ég var undir áhrifum áfengis, og ók Trausti mér á bíl sínum, en hann ekur sendibíl frá Sendibílastöðinni h.f., og því erum við vinnufélagar.

Það gekk saman með okkur Hákoni, og hann handselur mér þrjá hesta, hnakk og tvö beisli. Formlega átti að ganga frá kaupunum á mánudagskvöldið. Umsamið kaupverð var kr. 8.000.00. Hestana og reiðtygin settum við í bíl Trausta og ókum því í hesthús það, er við höfum á leigu.

Engin vitni urðu að þessum viðskiptum okkar nema Trausti. Ég taldi mig hafa gert þarna góð kaup.

Í framhaldi af þessu og eftir að hafa gengið frá hestunum ók Trausti mér heim.

Það er svo seinnipart mánudagsins, þegar ég var að gefa hestunum, þá tók ég eftir, að reiðtygi þau, er ég hafði keypt af Hákoni, voru horfin úr hesthúsinu. Þar sem hesthúsið er læst, datt mér strax í hug, að Trausti hefði tekið reiðtygin.

Ég hringdi í Hákon, og sagði hann mér þá, að Trausti hefði komið til sín og sagt að við (Trausti og ég) værum saman í þessum kaupum og að hann (Trausti) hafi greitt honum umsamið verð, eða kr. 8.000.00 (kr. 6.000.00 í tékka og kr. 2.000.00 í reiðufé).

Eiginkona mín vinnur sem afgreiðslustúlka á Sendibílastöðinni h.f., og reyndi hún strax á þriðjudagsmorguninn að ná til Trausta, en hann fór

undan í flæmingi. Margítrekað reyndi hún að ná til hans. Það er svo á þriðjudagskvöldið rétt fyrir miðnætti, að konan mín náði tali af Trausta, þar sem hann sat í bíl sínum fyrir utan heimili sitt. Þarna kvaðst Trausti ákveðið eiga hestana og hafa keypt þá handa sér. Konan hringdi heim til Trausta, en þá skellti hann á.

Á miðvikudagsmorguninn fór ég upp í hesthús og sá þá, að einn af þremur hestunum, sem ég hafði keypt af Hákoni, var horfinn.

Það var á þriðjudagskvöldið, að eiginkona mín fór til Hákonar og greiddi honum umsamið kaupverð að fullu, en fékk tékkann, sem stílaður var á Trausta og framseldur af honum.

Tékkinn er nr. 4668358 við Samvinnubankann í Keflavík, hún fékk og peningana."

Vitnið Skafti Einar Guðjónsson kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. og staðfesti ofangreindan framburð sinn.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þ. 20. mars 1981 og skýrði þannig frá: „Það var mánudag-þriðjudag í s.l. viku, að Skafti kom til mín og sagði mér, að kunningi hans, sem héti Hjörleifur, hefði beðið hann að selja hesta fyrir mann, sem væri með Hjörleifi í hesthúsi, og að eigandi hestanna væri Hákon Sigurjónsson og hann væri að hætta í hestamennskunni og „vildi selja allt draslið", en Hákon hefði heyrt talað um mann í Hátúni, sem verslaði mikið með hesta, en sá maður var ég, Hjörleifur hafði sagt, að hann þekkti mann í Hátúninu, sem væri með nokkra hesta og héti Skafti Guðjónsson. Hjörleifur, að mér skildist, frekar en Hákon eða annarhvor þeirra hafði beðið Skafta um að koma sér í samband við mig. Síðan vísaði Skafti tveimur öðrum mönnum í Hátúni á hestana. Annar heitir Þröstur Gunnarsson og félaga hans, sem heitir Einar, og sagði þeim það sama og mér, að hestarnir myndu fást fyrir slikk. Síðan skeði það, að ég fór og skoðaði hestana, þar sem þeir voru úti við húsið í Blesugrófinni, þar sem Hjörleifur og Hákon eru með kofa fyrir hesta. Það var mikið að gera hjá mér, og ég hafði hugsað mér að gera út um hestakaupin um s.l. helgi og tala við eigandann. Síðan lenti ég út úr bænum á laugardaginn og var þá búinn að ákveða að athuga með hestana fyrir hádegi næsta dag, eða á sunnudeginum. Um það leyti sem ég ætlaði að fara að vinna að þessu máli, kom Skafti dauðadrukkinn til mín, og til að losna við hann sem fyrst sagði ég, að hann skyldi koma með mér, því nú ætlaði ég að fara að sækja hestana, en hann vildi vera eftir í húsinu hjá mér, en konan mín, Jóhanna Guðrún, bað mig um að taka hann með. Ég leitaði að símanúmeri hjá Hjörleifi, hringdi í hann og lét Skafta tala við hann og þá gaf Hjörleifur okkur upp símanúmerið hjá Hákoni, og ég hringdi í hann, og hann lofaði að hafa

hestana tilbúna kl. 09.30. Síðan ók ég inn í Blesugróf að hesthúsinu og Skafti með mér, en á leiðinni er Skafti alltaf að tönnlast á því, að hann skuli láta mig gera góð kaup og prútta fyrir mig. Ég sagði honum, að hann þyrfti þess ekki, því ég væri vanur að versla með hesta og þyrfti ekki hans aðstoð. Þegar við komum þarna, voru hestarnir úti og Hákon viðstaddur, en þetta voru þrír hestar, sem ég ætlaði að kaupa, þó fleiri væru þarna. Ég fór til Hákonar, og hann spurði, hvort ég væri Skafti, sem ég sagði ekki vera og sagði honum, hver ég væri og benti honum á, að Skafti kæmi þarna gangandi á eftir mér blindullur. Þá sagði Hákon: „Ég sel þessum manni ekki neina hesta". Ég sagði þá, að það gerði ekkert til, því ég væri að kaupa hestana, og það væri eins gott, því Skafti borgaði aldrei neitt. Síðan fór ég í að handsama hestana, sem voru ljónstyggir, og náði þeim. Það var rætt um verð á þeim, og Skafti prúttaði fyrir mig, og þegar búið var að ákveða kaupverðið með prúttinu, voru hestarnir settir inn í bíl hjá mér, en Skafti gat ekki hjálpað okkur Hákoni við það. Ég sagði við Hákon „þú veist, að ég er að kaupa hestana, en ekki Skafti". Þar sem hestarnir áttu að staðgreiðast, kom það aldrei til greina, að Skafti gæti keypt þá. Þá var ákveðið þarna, að ég greiddi hestana um eftirmiðdaginn þennan sama dag, og ég fór því með hestana. Einnig fylgdu með í þessum kaupum tvö beisli og einn hnakkur. Síðan fór ég með hestana í Hátúnið, og Skafti var með mér, en á leiðinni er Skafti alltaf að tala um það, að hann eigi að fá hnakkinn fyrir að útvega mér hestana, sem umboðslaun. Ég sagði honum, að það kæmi ekki til greina, en þá varð hann vondur, en ég man ekki, hvernig hann orðaði það, en það var eitthvað á þá leið, að hann ætlaði þá bara að kaupa hestana sjálfur, svo ég setti hestana inn og flýtti mér með Skafta heim til hans. Eftir hádegið þennan saga dag hringdi ég heim til Hákonar, frú hans kom í símann, og ég sagði henni, hver ég væri, og spurði eftir Hákoni, en hann var þá ekki heima, og til þess að fyrirbyggja allan misskilning fór ég að tala um hestana við frúna, til að henni væri kunnugt um, að hann væri að selja hestana. Ég spurði hana, hvort það væri ekki alveg á hreinu, að hestarnir yrðu að staðgreiðast. Hún sagði það vera, því verðið væri samkvæmt því. Ég spurði hana, hvort ég ætti þá ekki að koma og borga hestana, og hún sagði, að það væri ósköp gott, en Hákon væri ekki kominn heim, en kæmi fljótlega. Síðan hringdi ég um kvöldið, og þá var Hákon kominn heim, svo ég gekk til hans. Hann bauð mér í kaffi, og við settumst inn í stofu, og ég greiddi honum hestana með tékka og lausum peningum. Ég var búinn að skrifa kvittun fyrir kaupunum, sem Hákon skrifaði undir, eða hvort ég skrifaði hana á staðnum. Man ég ekki, hvort var. Síðan röbbuðum við saman, kvöddumst, og ég fór, en Hákon sagði við mig, að hann ætlaði að koma í hesthús mitt seinna, líta á hestana og að fylgjast með þeim, og sagði ég það velkomið.

Svo gerðist það, að ég seldi annan klárinn. Næst skeði það, að ég kom í hesthúsið í gær í kringum kl. 19.00 og sá það, að það var búið að brjótast inn í stíuna til hestanna minna. Brjóta niður milligerðir úr timbri og spýtunum hent í bása hinna hestanna, sem eftir voru, með naglana út í loftið. Ég fór til manna, sem einnig eru þarna með hesta, og spurði, hvort þeir hefðu orðið varir við hestaþjófa, því tveir af hestum mínum voru horfnir, en það var merin og hinn klárinn, sem ég keypti af Hákoni, en beislin og hnakkurinn er geymt heima hjá mér. Mennirnir sögðust hafa farið inn í hús til mín kl. 09.00 þennan morgunn og þá séð, að hestarnir voru horfnir, og héldu, að ég hefði tekið þá. Ég fór þá beint inn í lögreglustöðina í Árbæ og tilkynnti þjófnað á tveim hestum og benti þeim á mann, sem er þarna með mér í húsi, eða Skafta Guðjónsson, og sagði, að trúlega myndi hann vita eitthvað um þetta, þar sem dóttir hans og vinkona hennar hefðu aðgang að nota mína hesta."

Vitnið Hákon Birgir Sigurjónsson, Haukshólum 6, gaf skýrslu hjá RLR þ. 20. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 10. júní sl. Vitnið skýrði þannig frá: „Ég hafði í hyggju að selja tvo hesta, sem ég átti, m. a. auglýsti ég þá. Kunningi minn Hjörleifur Þórlindsson, Haukshólum 9, kom mér í samband við Skafta Guðjónsson, Hjaltabakka 28, Rvk., með það fyrir augum, að Skafti ætti viðskipti við mig vegna hestanna.

S.l. fimmtudagskvöld, að því er mig fastlega minnir, hringdi ég heim til Skafta. Hann tók þessum viðskiptum ekki ólíklega. Hann hafði hug á að líta á hestana, og benti ég honum þá á, að þeir væru ekki ósjaldan utandyra hesthúss þess, þar sem ég hefi aðstöðu til að geyma þá, en húsið er á mótum Reykjanesbrautar og Smiðjuvegar.

Næst hringir Hjörleifur í mig s.l. sunnudag og skýrði mér frá því, að Skafti hefði verið að ljúka samtali við hann, og biður mig um að vera kl. 09.00 í umræddu hesthúsi, en þar ætlaði Skafti að mæta einnig.

Ég var til staðar á tilteknum tíma, og kom þar þá fyrst maður, sem ég spurði, hvort væri Skafti, en hann kvað svo ekki vera. Þessi maður kynnti sig síðar sem Trausta Tómasson, Vesturbergi 147, Rvk. Drukkinn maður fylgdi á eftir Trausta, og kynnti hann sig sem Skafta Guðjónsson. Skafti byrjar strax að prútta um kaupverð hestanna og tók strax fram, að hann vildi kaupa þriðja hestinn af mér. Þegar verðið var kr. 7000 eða 7500, grípur Skafti í höndina á mér og hækkaði boðið, en þá greip Trausti inn í og sagði „ertu vitlaus maður að hækka boðið, þegar farið hefur fram handsal". Þá segir Skafti eitthvað á þá leið, ég ætla ekki að fara að svíkja neinn eða blekkja. Þá nefndi Skafti töluna kr. 8000 og sagðist ekki fara hærra og átti þá að fylgja í kaupunum einn hnakkur og tvö beisli.

Þetta ætlaði Skafti að staðgreiða. Skafti sagði, að erindi Trausta þarna

á staðnum væri að aka fyrir sig hrossunum, en Trausti hafði komið á sendibíl. Með Trausta var ungur sonur hans, eða svo sagði hann.

Þegar við vorum búnir að beisla, sagði Skafti: „hvernig í andskotanum á ég að fara að greiða hestana", og lét fylgja, hvort hann mætti ekki setja kaupverðið á víxil með gjalddaga eftir mánuð. Þar sem Skafti var undir áfengisáhrifum, sagði ég honum, að við skyldum ræðast við á morgun eða þriðjudaginn.

Þarna tók Trausti mig afsíðis, hann vildi augsýnilega ekki láta Skafta heyra, hvað hann hafði í hyggju að segja mér, og sagði, að í raun væri það hann, Trausti, sem væri að kaupa hestana, en Skafti vildi láta líta svo út sem hann, Skafti, væri að kaupa hestana, ástæða fyrir því væri, að Skafti þættist meiri af. Trausti sagði einnig, að Skafti ætti enga peninga og gæti því ekki greitt hestana. Ég brást enga veginn við þessu. Með svo búið voru hestarnir fluttir brott og hefi ég ekki séð þá síðan eða reiðtygin, sem ég lét með þeim. Sem kaupanda að hestunum lánaði ég Skafta eitt beisli, en það beisli er í eigu Hjörleifs, kunningja míns.

Það næsta, sem skeði í þessu máli, var það, að þegar ég kom heim til mín á sunnudagskvöldið, lágu skilaboð til mín um að hringja í ákveðið símanúmer, sem reyndist vera heima hjá Trausta. Ég hringdi í Trausta, sem þá margítrekaði, að hann, Trausti, væri kaupandinn að hestunum, og vildi hann þegar koma til mín og staðgreiða kaupverðið. Fyrst að svona var í pottinn búið, sagði ég honum, að hann væri velkominn, og tók ég orð hans trúanleg.

Trausti kom um kl. 22.00 heim til mín og greiddi kaupverðið. Þarna kynnti ég honum kyn hestanna, eða það sem ég vissi þar að lútandi. Þarna stend ég í þeirri meiningu, að það sé Trausti, sem sé að kaupa af mér hestana, Trausti hafði meðferðis handskrifað afsal, það sama og liggur hér frammi og mér hefur verið sýnt í ljósriti. Þar þekki ég undirskrift mína.

Trausti greiddi mér með tékka að fjárhæð kr. 6000 og kr. 2000 í reiðufé. Trausti hafði þann fyrirvara með tékkann, að innistæða væri ekki fyrir fjárhæð hans fyrr en 25. s. m., en það var útgáfudagsetning tékkans. Tékkinn var stílaður á Trausta og ábektur af honum. Hann kvaðst hafa fengið tékkann í hrossakaupum. Trausti lofaði að skila lánsbeislinu, en hann kvaðst hafa gleymt að koma með það.

Daginn eftir hringdi Trausti heim til mín, og varð eiginkona mín fyrir svörum, hann bað um skilaboð til mín þess efnis, að ég léti Skafta ekki vita af því, að hann, Trausti, hefði greitt kaupverð hestanna, nema ef Skafti ætlaði að greiða hestana, en þá átti ég að láta hann vita, hvernig málin stæðu.

Rétt eftir að mér bárust þessi skilaboð, hringdi síminn, og var Skafti í símanum og spurði, hvort ég hefði talað við Trausta. Ég sagði honum

eins og var, að Trausti væri búinn að greiða kaupverðið. Skafti kvaðst hafa verið farinn að gruna Trausta um græsku. Þarna sagði Skafti, að það hefði verið hann, sem hefði ætlað að vera kaupandinn, annað hefði aldrei komið til tals á milli hans og Trausta. Þarna taldi Skafti sig hafa verið svikinn af Trausta."

Vitnið gerði þær athugasemdir við framburð ákærða, að ekki væri rétt, að ákærði hafi hringt í vitnið, heldur hafi Hjörleifur hringt, eftir að Skafti hringdi til hans. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa sagt „ég sel þessum manni ekki neina hesta". Loks kvað vitnið það aldrei hafa komið til tals á staðnum, að ákærði staðgreiddi hestana um eftirmiðdaginn.

Vitnið Einar Gunnar Óskar Óskarsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið skýrði svo frá: „Ég held, að það hafi verið einum til tveim dögum áður en hestarnir komi inn í hús til þeirra Skafta og Trausta, að við Þröstur Gunnarsson vorum staddir í anddyrinu á hesthúsi Þrastar í Hátúni við Norðlingabraut.

Skafti Einar Guðjónsson kom þar þá og fór að segja okkur frá þrem hestum og reiðtygjum, sem hægt væri að fá keypt fyrir kr. 8.000.00. Sagði Skafti, að það væri lögreglumaður, vinur sinn, sem væri að selja þessa hesta. Skafti spurði okkur að því, hvort við vildum ganga inn í kaup á þessum hrossum, þannig að hann geti reddað okkur þessum hrossum fyrir kr. 8.000.00. Skafti ætlaði síðan að kanna með þetta frekar. Mig minnir, að Þröstur hafi sagt við Skafta að láta sig vita, ef af þessu yrði. Ég tók þetta þó meira sem grín, þar sem verðið var það lítið."

Fyrir dómi bar vitnið jafnframt, að Skafti hafi sjálfur ætlað að kaupa hestana.

Vitnið Þröstur Gunnarsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið skýrði svo frá: „Það var þannig, að Skafti Einar Guðjónsson bauð mér til sölu þrjá hesta, sem hann sagði, að kunningi sinn vildi selja. Þegar þetta var, þá voru hestarnir ekki komnir í hesthúsið til Skafta og Trausta. Þetta hefur verið um tveim til þrem dögum áður.

Við Einar Gunnar vorum staddir í hesthúsinu mínu, í dyrunum, þegar Skafti bauð mér hestana. Skafti sagði, að hægt væri að fá alla þessa hesta fyrir kr. 8000.00. Skafti bauð okkur að kaupa þessa hesta, ef hann myndi ekki kaupa þá sjálfur. Ég bað Skafta þá um að láta Trausta ekki vita af þessu, því að Trausti er aðal hestakóngurinn þarna og vitað, að hann ætti nægilega peninga.

Síðan frétti ég af því, að Trausti væri búinn að kaupa hestana, og m. a. sýndi hann mér afsal fyrir kaupunum. Kunningi minn — Magnús Jónsson, Meltungu — hafði síðan áhuga á því að kaupa bleikskjótta hestinn af Trausta og ætlaði að kaupa hann af Trausta á kr. 8.000.00. Við hittum

síðan Skafta þarna upp frá, þegar við vorum að taka bleikskjótta hestinn. Ég sagði Skafta, að við værum búnir að kaupa bleikskjótta hestinn fyrir kr. 8.000.00 af Trausta. Skafti sagðist þá sjálfur hafa keypt hestana. Þegar hér var komið, þá gengum við til baka með þessi kaup. Hinsvegar fréttum við af því síðar, að Trausti hafi látið þennan sama hest í skiptum fyrir annan hest við mann suður með sjó.

Ég er öruggur á því, að það var daginn eftir að hestarnir komi í hesthúsið, að Magnús Jónsson ætlaði að kaupa bleikskjótta hestinn.

Skafti sagði það, að hann hafi keypt hestana af þessum kunningja sínum, sem upphaflega hafi verið að selja þá."

Vitnið Skafti hefur gefið þá skýringu á þessum framburðum, að þetta hafi verið sagt í hálfkæringi og ekkert þá verið ákveðið.

Vitnið Guðmundur Kristinn Guðmundsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 25. mars 1981. Vitnið skýrði svo frá:

„Skafti Guðjónsson hringdi í mig á mánudagsmorguninn 16. þ. m., en ég er með einn fola í tamningu fyrir hann. Skafti sagði mér, að hann hafi deginum áður keypt 3 hross af einhverjum rannsóknarlögreglumanni. Sagði Skafti mér, að Trausti hafi sagt sér, að Skafti hafi gert meiri vitleysuna með kaupum á þessum hrossum, þar sem Trausti hafi viljað meina, að það gæti verið erfitt að selja hrossin aftur.

Ég fór síðan þarna á mánudeginum með Skafta og skoðaði hrossinn, og virtist mér vera um ágætis hross að ræða. Ég spurði Skafta að því, hvort hann myndi ekki vilja selja mér rauðstjörnótta folann, og sagði Skafti, að það gæti komið til greina. Ekki var neitt ákveðið með verð né annað.

Skafti hringdi síðan til mín á mánudagskvöldið og var þá frekar daufur. Sagði Skafti, að Trausti hafi farið á bak við sig þannig, að Trausti hafi farið til Hákonar Sigurjónssonar og sagt þá báða standa að þessum kaupum, sem Skafti sagði ekki vera rétt, þar sem Skafti taldi sig vera að kaupa hestana af Hákoni."

Vitnið Hjörleifur Þórlindsson gaf skýrslu hjá RLR þ. 31. mars 1981 og kom fyrir dóm þ. 17. maí sl. Vitnið skýrði svo frá: „Hákon Sigurjónsson er nágranni minn og hefur fengið að vera með hrossin sín í hesthúsinu hjá mér. Hákon auglýsti hrossin til sölu, og upp úr því sagði Hákon mér frá því, að það væri einhver maður þarna uppi í Holti, sem verslar með hross. Ég sagði þá, það skyldi þá ekki vera hann Skafti.

Ég hringdi síðan í Skafta og spurði hann um það, hvort hann keypti hross. Skafti sagði það vera, og ég hafði þá samband við Hákon og sagði honum frá þessu.

Síðan skeður það um kl. 0900 á sunnudagsmorgni hringdi Skafti til mín og sagðist vera tilbúnn til að skoða hrossin hjá Hákoni. Ég gaf Skafta þá

upp nafnið á Hákoni og upplýsingar um, hvar hægt væri að ná í hann."

Dómarinn hefur aflað sér upplýsinga um það, að Skafti Einar Guðjónsson hafi greitt Hákoni andvirði hestanna, en greiðsla sú, er ákærði innti af höndum, sé honum til reiðu á skrifstofu Gísla Baldurs Garðarssonar héraðsdómslögmanns.

Dómaranum hefur borist skaðabótakrafa frá Skafta, er sundurliðast þannig:

Andvirði hests	kr.	4.500.00
Hnakkur og 2 beisli	—	1.000.00
Kostnaður við lögfræðiaðstoð	—	4.500.00
Samtals	kr.	10.000.00

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að Skafti Einar Guðjónsson samdi sjálfur um kaup á hestunum af Hákoni, og voru honum handsalaðir hestarnir að ákærða viðstöddum. Ákærði hefur borið, að Skafti hafi í raun boðið í hestana fyrir ákærða, sem hafi ætlað að kaupa hestana. Skafti hefur þverneitað þessu, og fær framburður hans stoð í framburðum vitna í máli þessu. Að vísu benda framburðir vitnanna Einars Gunnars Óskars Óskarssonar og Þrastar Gunnarssonar til þess, að Skafti hafi boðið þeim að ganga inn í kaupin á hrossunum, en Skafti hefur gefið þá skýringu, að þetta hafi verið sagt í hálfkæringi og ekkert hafi verið ákveðið á því stigi. Einnig verður að telja ólíklegt, að ákærði, sem samkvæmt gögnum málsins er vanur hestamaður, hafi látið drukkinn mann semja fyrir sig um hestakaupin.

Þegar allt framanritað er virt, verður að telja sannað, að ákærði hafi með blekkingum fengið Hákon Birgi til að undirrirta afsal til ákærða fyrir hestunum. Varðar brot ákærða við 248. gr., sbr. 261. gr. almennra hegningarlaga, þar sem upplýst er, að ákærði greiddi hestana að fullu, og því ósannað, að brot hans hafi verið framið í auðgunarskyni.

Ákærði hafði selt einn hestanna, er rannsókn málsins hófst, og jafnframt tók hann í sínar vörslur hnakk og tvö beisli. Ekki hafa verið lögð fram gögn um verðmæti þessara hluta og hestsins, en dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta til Skafta Einars Guðjónssonar, er þykja hæfilega metnar kr. 4.000.00.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann fram til ársins 1967 7 sinnum sæst á sektargreiðslur, aðallega fyrir áfengis- og umferðarlagabrot.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. áfengislaga og 248. gr., sbr. 261. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga vaðhald. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að

fullnustu refsingar ákærða skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Tómasson sæti varðhaldi í 15 daga.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði í ríkissjóð vegna lögreglunnar í Hafnarfirði kr. 272.95 í skaðabætur.

Ákærði greiði Skafta Einari Guðjónssyni kr. 4.000.00 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 2/1981. **Anna Þorbjörg Kristjánsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
K. J. Steingrímssyni s/f
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1981. Hann gerir þær dómkröfur, að kröfur stefnda í aðalsök í héraði verði lækkaður, en í gagnsök í héraði verði stefndi dæmdur til að greiða honum aðallega 29.198.00 krónur með dómvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags, en til vara aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar. Enn fremur verði stefndi dæmdur til að gefa út afsal til áfrýjanda fyrir 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í norðurenda

hússins nr. 41 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í framangreindri körfugerð hefur áfrýjandi ekki markað skýrt dómkröfur sínar um fjárkröfur stefnda, þær er hann hafði uppi í aðalsök í héraði. Í málflutningi hans fyrir Hæstarétti kom þó fram, að hann fellst á úrlausn héraðsdóms um einstaka kröfuliði í þeim þætti málsins, aðra en 2. - 4. kröfulið, sem hann telur, að beri að lækka um samtals 665.83 krónur (nýkr.). Er það á því byggt, að vexti þá, er þar greinir, beri aðeins að reikna frá 1. apríl 1978. Verður samkvæmt þessu að skilja dómkröfur áfrýjanda svo, að hann krefjist, að dæmd fjárhæð í aðalsök í héraði verði lækkuð í 12.925.69 krónur (nýkr.) (13.591.52 ÷ 665.83 krónur).

Á framangreinda lækkunarkröfu verður ekki fallist. Að því athuguðu, og þegar virt er körfugerð aðilja að öðru leyti, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, þó þannig, að eftir 1. mars 1981 verði vextir af þeim 1.023.44 krónum (nýkr.), sem áfrýjanda ber samkvæmt dóminum að greiða stefnda vegna álþaks og vegna lántökugjalds, svo sem hér segir: 42% ársvextir frá fyrrnefndum degi til 1. júní 1981, 37% ársvextir frá þeim deg til 1. nóvember 1982, en 45% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Vextir af þeim 1.000.00 krónum, sem stefnda var dæmt að greiða áfrýjanda, verði 46% ársvextir frá 15. október 1980 til 1. mars 1981, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af þeim 1.023.44 krónum, sem áfrýjanda, Önnu Þorbjörgu Kristjánsdóttur, ber að greiða stefnda, K. J. Steingrímssyni s/f, verði frá 1. mars 1981 til 1. júní 1981 42% ársvextir, frá þeim degi til 1. nóvember 1982 37% ársvextir, en

frá þeim degi til greiðsludags 45% ársvextir, og vextir af þeim 1.000.00 krónum, sem stefnda er dæmt að greiða áfrýjanda, verði 46% ársvextir frá 15. október 1980 til 1. mars 1981, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember sl., höfðaði fyrirtækið K. J. Steingrímsson s/f, Laugarásvegi 35, Reykjavík, gegn Önnu Þ. Kristjánsdóttur, Bræðraborgarstíg 41, Reykjavík, með stefnu, birtri 23. október 1979.

Með stefnu, sem lögð var fram í dóminum 15. október sl., höfðaði Anna Þ. Kristjánsdóttir gagnsök á hendur K. J. Steingrímssyni s/f.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum kr. 1.379.608 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 10. desember 1978 til 29. maí 1979, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 30. ágúst s. á. og með 4.5% dráttarvöstum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ, enda gefi stefnandi út afsal fyrir íbúð stefndu að Bræðraborgarstíg 41, þegar hún hafi greitt hina umstefndu skuld.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær aðallega, að hún verði sýknuð að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Stefnda gerir og kröfu um, að henni verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndanda í gagnsök eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda afslátt eða skaðabætur að fjárhæð kr. 2.919.800 með dómvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags samkvæmt heimild í lögum nr. 56/1979. Til vara gerir stefnandi kröfu um greiðslu afsláttar eða skaðbóta að mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að gefa út afsal fyrir íbúð á 2. hæð í norður í samræmi við ákvæði kaupsamnings, dags. 14. apríl 1977, og mun hér átt við íbúð stefnanda að Bræðraborgarstíg 41 í Reykjavík. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málakostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt taxta LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, undirrituðum 14. apríl 1977, keypti aðalstefnda íbúð af aðalstefnanda. Segir m. a. svo í kaupsamningnum:

„Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa 3ja herb. íbúð á 2-hæð, norðurenda í húsinu nr. 41 við Bræðraborgarstíg, Reykjavík, ásamt sérgeymslu í kjallara merkt 2. h. n. á teikningu. Kaupandi hefur forkaupsrétt að bílskýli innekið úr undirgangi nær götu, bílastæði skv. teikningu fylgja ekki. Íbúðinni fylgir hluteild í sameign hússins og eignarlóð í réttu hlutfalli við eignarhluta hins selda í allri húseigninni, þar með sameiginlegri barnavagna- og reiðhjólageymslu í kjallara og sorpgeymslu, svo og sameiginlegu þvottaherbergi.

Húsið er byggt eftir teikningu Magnúsar Skúlasonar og Sigurðar Harðarsonar, arkitekta, dags. í okt. 1976. Kaupandi hefur kynnt sér teikninguna gaumgæfilega.

Hið selda telst vera 17.7% af húseigninni nr. 41 við Bræðraborgarstíg. Hið selda selst tilbúið undir tréverk og að öðru leyti í eftirfarandi ástandi: Húsið verður múrhúðað að utan með fullfrágengnu, ómáluðu bárujárnsþaki ..... Gler í útihurð og útihurðarumbúnaði fer eftir sérteikningu ..... Íbúðin verður gróf- og fínhúðuð og lagt í gólf .....Miðstöðvarlögn skal vera fullfrágengin. Sérhiti verður fyrir hverja íbúð. Vatns- og skolplögn fylgir að öllum tækjum, bæði í eldhúsi, baði og þvottahúsi, aðeins stútar upp úr gólfi eða út úr vegg. Lagt verður fyrir heitt og kalt vatn í sameiginlegu þvottahúsi og barnavagnageymslu. Lagnir fyrir rafmagn og síma fylgja, en ekki ídráttur, nema ef til vill vegna vinnuljósa ..... Ráðgert er, að íbúðin sjálf afhendist kaupanda tilbúin undir tréverk og málningu í nóv.—des. 1977, en sameign 8—10 mánuðum síðar, nema verkföll eða önnur óviðráðanleg atvik banni.

Umsamið kaupverð er kr. 8.900.000.00 — átta milljónir níuhundruð þúsund krónur 00/100 og greiðist þannig:

Fyrir 31. desember 1977	kr. 4.000.000.00
Hinn 15. janúar 1978	— 1.000.000.00
Hinn 15. mars 1978	— 1.200.000.00
Með láni húsnæðismálastjórnar	— 2.700.000.00
	kr. 8.900.000.00

Hæstu víxilvextir skulu reiknast af þeim greiðslum, sem eigi hafa farið fram við afhendingu íbúðarinnar sjálfrar, og greiðast við hverja afborgun, er þar einnig átt við Veðdeildarlánin. Reiknað er með, að Veðdeildarlánið verði kr. 2.700.000.00. Kaupandi greiðir allan kostnað vegna Veðdeildarlánsins ..... Jafnframt skuldbindur kaupandi sig til þess að ávísa seljanda láninu. Afsal skal fara fram, þegar kaupandi hefur greitt síðustu greiðslu samkv. samningi þessum ..... Annað en það, sem hér að framan er talið, fylgir ekki með í kaupunum af hálfu seljanda ..... Verði verkföll, frost eða sannanlegur efnisskortur o. fl. þess háttar, sem tefur byggingarframkvæmdir, getur afhending á hinu selda seinkað að sama skapi .....“

Upplýst er í málinu, að húsnæðismálastjornarlánið (veðdeildarlánið) að fjárhæð kr. 2.700.000 var til greiðslu í þremur hlutum frá lánveitanda. Af því hefur aðalstefnandi fengið greiddar kr. 1.800.000, en kr. 900.000 eru enn ógreiddar, enda ritar lögmaður aðalstefndu, Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður, veðdeild Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, svohljóðandi bréf, dags. 18. janúar 1979:

„Hér með tilkynnist yður f. h. Önnu Þ. Kristjánsdóttur, Bræðraborgarstíg 39, Reykjavík, að umboð hennar, veitt Karli J. Steingrímssyni, til móttöku á láni Húsnæðismálastofnunar v/íbúðar að Bræðraborgarstíg 39 er hér með afturkallað og gildir ekki til viðtöku á 3. hl. láni.“

Hinn 27. mars 1979 ritar Húsnæðismálastofnun ríkisins framkvæmdastjóra aðalstefnanda svohljóðandi bréf:

„Samkvæmt beiðni skal yður tjáð, að Anna Þ. Kristjánsdóttir fékk 1. hluta láns kr. 900.000.- til greiðslu eftir 12. des. 1977 til íbúðar að Bræðraborgarstíg 41, 2. hlutann kr. 900.000.- til greiðslu eftir 12. júní 1978, 3. hlutinn átti að vera til greiðslu eftir 10. des. 1978, en þar sem sölusamningur vegna fyrri íbúðar Önnu barst stofnuninni ekki fyrr en í jan. sl., var 3. hlutinn ekki til greiðslu fyrr en í febr. sl.“

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar í aðalsök miðað við desembermánuð 1978 þannig:

1. Eftirstöðvar kaupverðs íbúðarinnar	kr.	900.000
2. Vextir 23.5% af kr. 1.000.000 frá 1. mars til 15. maí 1978	—	48.958
3. Vextir 23.5% af kr. 1.200.000. frá 15. mars til 1. júlí 1978	—	82.250
4. Vextir 23.5% af kr. 1.800.000 frá 1. mars til 12. júní 1978	—	119.850
5. Vextir 23.5% af kr. 900.000 frá 12. júní til 12. desember 1978	—	105.750

6. Lántökugjald vegna veðdeildarlána	kr.	22.800
7. Aukakostnaður vegna álþaks umsamið	—	100.000
	Kr.	1.379.608

Aðalstefnandi hefur lagt fram vottorð veðdeildar Landsbanka Íslands, dags. 23. október 1980, þar sem fram kemur, að lántökugjald fyrir 2. hluta húsnæðismálastjórnarlánsins, sem aðalstefnda fékk, nam kr. 22.580, en það er lántökugjald fyrir þennan hluta lánsins, sem aðalstefnandi krefur aðalstefndu um.

Þá hefur aðalstefnandi lagt fram bréf til framkvæmdastjóra aðalstefnanda frá fyrirtækinu Innkaupum h/f, dags. 9. janúar 1980. Bréfið er svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar viljum við staðfesta, að þér keyptuð hjá okkur ál-þak = 432.17 m² árið 1977 fyrir húsin Bræðraborgarstíg 39—41. Úttekt yðar vegna ofangreindra húsa ál-þak ásamt tilheyrandi fylgihlutum og festiboltum var samtals að upphæð kr. 1.473.289.00, þar með söluskattur innifalinn. Ál-þakplöturnar kostuðu kr. 908.000.00, en sama magn af galvaniseruðum báruplötum myndu hafa kostað um kr. 390.000.00 á sama tíma. Við bendum auk þess á, að ásetnig og festihlutir vegna ál-þaks eru eitthvað dýrari heldur en í venjulegu báruðu járni, og gætum við áætlað, að sá aukakostnaður vegna áðurgreindra húsa væri u. þ. b. kr. 100.000.00 miðað við venjulegan þaksaum og fylgihluti úr galvaniseruðu járni.

Við vonum, að þessar upplýsingar nægi yður."

Þá hefur aðalstefnandi lagt fram vottorð frá Magnúsi Skúlasyni arkitekt, dags. 22. janúar 1980, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að heildarþakflötur hússins Bræðraborgarstígur 39—41 samtals 390.0 m². Þar af er þakflötur endahúss (raðhúss) 97.5 m².

Aðalstefnandi hefur og lagt fram vottorð byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 9. maí 1980, svohljóðandi:

„Bræðraborgarstígur 39—41. Samkvæmt bókun byggingarfulltrúa var 1. loft tekið út 9.2. '77, 2. loft 14.3.'77 og 3. loft 23.5 '77."

Hinn 27. september 1978 ritaði lögmaður aðalstefnanda lögmanni aðalstefnda svohljóðandi bréf:

„Eins og yður er kunnugt, á Anna Kristjánsdóttir, Bræðraborgarstíg 41, forkaupsrétt að bílskýli nær götu í húsinu nr. 41 við Bræðraborgarstíg.

Nú hefur umbj. m. Karli J. Steingrímssyni s/f borist kauptilboð í bílskýlið frá Tryggva Gunnarssyni, þar sem hann býðst til þess að kaupa bílskýlið á kr. 1.250.000.-, sem greiðist út í hönd.

Er þess farið á leit, að þér svarið því eigi síðar en 1. október n.k., hvort

þér óskið eftir því að neyta forkaupsréttarins. Hjálagt fylgir eintak af ofangreindu kauptilboði.“

Þá hefur aðalstefnandi lagt fram afsal, dagsett 22. nóvember 1978, þar sem kemur fram, að hann selur og afsalar Tryggva Péturssyni, Bræðraborgarstíg 41, bílskýlinu ásamt geymslu við hliðina í vestur.

Rétt þykir vegna þess, sem síðar verður rakið um gagnsök, að taka upp í dóminn greinargerð aðalstefndu að meginstofni til. Hún er svohljóðandi:

„Málavaxtalýsingu stefnanda er í verulegum atriðum áfátt um lögskipti þau, er að baki málshöfðuninni liggja.

Í kaupsamningi aðila er ítarleg lýsing um frágang eignarinnar, en þar sem kaupin réðust um eignina á fyrsta byggingarstigi hússins, var stefnda hvött til þess að kynna sér ítarlega teikningar arkitekta, og er þetta ákvæði sérstaklega bréfað í samningi. Stefnandi hefur í verulegum atriðum vikið frá teikningum án samráðs eða samþykkis stefndu, þannig hefur hann lagt af dyr úr stigahúsi út í bakgarð, eins er lofthæð í forstofu aðeins 2.15 m, og er þar um að ræða brot á byggingarsamþykkt, þá er breidd sorpgeymslu á teikningum 1.7 m, en í framkvæmd er geymslan það þröng, að ekki er hægt að færa til ruslatunnur, og því nýtist ekki sorprenna. Stefnandi hefur án samráðs við aðra eigendur eignarinnar ráðstafað geymslu úr sameign, þá virðist stefnandi hafa tryggt eigendum raðhúss, sem er áfast eigninni, eignarhald eða aðgangsrétt að kjallara hússins, þar sem inntak fyrir vatn og rafmagn er sameiginlegt fyrir bæði húsin í kjallara hússins við Bræðraborgarstíg. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hefur stefnandi ekki fengist til þess að bæta úr framangreindum göllum.

Samkvæmt samningsákvæðum átti að afhenda eignina í nóv/des 1977, en í marz 1978 tók stefnda eignina í sína umsjá, án þess að eigninni hafði verið komið í samningsbundið ástand. Sameign var fyrst frágengin af hálfu stefnanda í apríl 1979, en ekki um mitt sumar 1978, eins og gert var ráð fyrir í kaupsamningi. Að beiðni stefndu var skipan íbúðarinnar nokkuð breytt frá því, sem gert var ráð fyrir, en þær breytingar miðuðu að því að fækka herbergjum með því að fella milliveggi. Skv. kaupsamningi ávísaði stefnda væntanlegu láni húsnæðismálastofnunar til stefnanda og veitti honum samtímis heimild til þess að taka við greiðslum frá veðdeild, en vegna mikilla vanefnda af hálfu stefnda lét hún stöðva útborgun á síðasta hluta lánsins að svo stöddu. Lánshluti þessi er enn óútleystur og er til útborgunar til stefnanda, ef og þegar hann uppfyllir samningskyldur sínar. Enn þann dag í dag hefur stefnandi ekki boðið fram afsal fyrir íbúðinni í samræmi við kaupsamninginn á milli málsaðila. Kröfum stefnanda skv. dskj. nr. 4 er að nokkru mótmælt. Lántökugjöld hefur stefnda greitt sjálf, stefnda samþykkti að taka þátt í greiðslu aukakostnaðar vegna álþaks eftir framlögðum reikningum, ef um kostnaðarauka yrði að ræða. Engin gögn hafa verið

sýnd til stuðnings þessum lið, og er greiðsluskyldu vegna hans mótmælt.

Eins og framangreint ber ljóslega með sér, þá hafa vanefndir stefnanda þegar valdið stefndu nokkru fjártjóni, og mun hún láta meta það, og áskilur hún sér rétt til þess að halda niðurstöðum matsins fram til skuldajafnaðar og/eða sjálfstæðs dóms."

Við athugun dómsins á vetttvangi kom í ljós, að bæði breidd sorpgeymslu og lofthæð forstofu svaraði málum á teikningu af sambýlishúsinu. Hins vegar var gluggi, þar sem gert hafði verið ráð fyrir dyrum úr stigahúsi út í bakgarð.

Með bréfi, dagsettu 11. september 1980, bað aðalstefnda um, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða og meta eftirfarandi, eins og í bréfinu segir:

„Málavextir:

Með kaupsamningi, dags. í apríl 1977, kaupir Anna Þ. Kristjánsdóttir, hér á eftir nefnd matsbeiðandi, íbúð í smíðum í húsinu nr. 41 við Bræðraborgarstíg hér í borg, stæðrarhlutföll 17.7% eignarinnar. Seljandi og húsbyggjandi var Karl J. Steingrímsson s.f., hér á eftir nefndur matsþoli.

Við kaupin var ráðið, að íbúðin yrði afhent matsbeiðanda í samningsbundnu ástandi í nóv./des. s. á. Matsbeiðandi tók eignina sjálfur undir sín yfirráð í seinnihluta mars 1978.

Á fyrirliggjandi teikningu var gert ráð fyrir útigeymslu í sameign, innangengt úr undirgangi. Þá var á teikningu gert ráð fyrir útgangi úr ytri forstofu út á baklóð. Byggingaraðili lagði þessar dyr af við byggingu hússins og setti þess í stað glugga. Þess er farið á leit við hina dómkvöddu matsmenn, að þeir skoði framanritað og meti til peningaverðs:

1. Hvað er hæfileg leiga á mánuði fyrir íbúð gerðarbeiðanda.
2. Hvert er verðmæti útigeymslu.
3. Hvað kosta muni að taka úr glugga í ytri forstofu og smíða og setja hurð og dyraumbúnað í staðinn sambærilega við aðalinngang.
4. Hver er verðrýrnun á íbúð gerðarbeiðanda vegna vöntunar á hurð skv. 3. lið."

Hinn 15. september sl. voru þeir Indriði Níelsson húsasmíðameistari og Diðrik Helgason múrarameistari dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð þeirra er dagsett 29. september sl. Í henni kemur fram, að matsmenn ásamt aðiljum hafi gengið um húsið og skoðað allar aðstæður föstudaginn 26. september sl. Aðiljar hafi gefið matsmönnunum upplýsingar og lýst aðstæðum. Niðurstöður matsmannanna eru þessar:

„Samkvæmt framanskráðu telja matsmenn hæfilegt mat á 1. lið matsbeiðnar kr. 141.200.- pr. m.

Samkvæmt kaupverði íbúðar 1977 telja matsmenn verðmæti geymslu skv. 2. lið vera kr. 1.405.000.- miðað við framreiknað til þessa dags.

Samkvæmt 3. lið telja matsmenn hæfilegt mat kr. 950.000.-.

Að dómi matsmanna er það meiri kostur en ókostur að hafa sett glugga í stað hurðar í stigagang, sbr. 4. lið matsbeiðnar, þar sem slíkt hefði getað valdið mikilli slysahættu og kælingu í húsinu og óþægindum, þegar veður stendur á útihurð, en verðmætamismunur á glugga og dyrum er ekki teljandi."

Eins og að framan er rakið, höfðaði aðalstefnda gagnsök í málinu 15. október sl. Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Skaðabætur vegna afnotamissis íbúðar vegna afhendingardráttir í 4 mánuði x 141.200 kr. 564.800.

2. Skaðabætur og/eða afsláttur á kaupverði vegna þess, að gagnstefndi ráðstafaði undan sameign útigeymslu að fjárhæð kr. 1.405.000.

3. Skaðabætur vegna breytinga, sem gerðar voru á forstofu hússins án vitundar og samráðs við íbúðareigendur. Áætlaður kostnaður skv. mati kr. 950.000.

Síðan segir í gagnstefnu:

„Stefnukröfur nema því samtals kr. 2.919.800. Auk þess er þess krafist, að gagnstefnda verði með dómi gert að gefa út afsal til gagnstefnanda fyrir íbúð á 2. hæð í N., í húsinu nr. 41 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík. Framangreindar fjárkröfur eru hafðar uppi til skuldajafnaðar og /eða sjálfstæðs dóms."

Karl Jóhannes Steingrímsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi aðalstefnanda, kom fyrir dóminn 9. maí og 9. október sl. Hann skýrði m. a. svo frá, að húsið að Bræðraborgarstíg 39—41 hefði verið teiknað af arkitektum, þ. e. Magnúsi Skúlasyni og Sigurði Harðarsyni, samkvæmt beiðni aðalstefnanda. Aðalstefnandi hefði byggt allt húsið og selt flestar íbúðirnar í því, þ. m. t. íbúð aðalstefndu. Karl kvað samráð hafa verið haft við arkitektana um að leggja af dyr úr forstofu hússins út í bakgarð. Ástæðan hafi verið sú, að annars hefði orðið mikill óþrifnaður frá garðinum og óþarfa umgangur. Dyr séu á hjólreiðageymslu í kjallara út í bakgarð. Þessi breyting hefði haft í för með sér aukakostnað fyrir byggjanda, þar sem búið hefði verið að smíða alla karma, sem áttu að fara í húsið, þegar þessi ákvörðun var tekin. Karl sagði, að ekki hefði verið haft samráð við kaupendur, en þó minnti sig, að hann hefði verið búinn að minnast á þessa breytingu við einhverja þeirra, þó ekki aðalstefndu eða lögmann hennar, Kristján Stefánsson. Karl kannaðist við, að Kristján hefði kvartað við sig út af þessari breytingu, en mundi ekki glöggt hvenær, taldi þó nokkuð síðan. Hann kvaðst halda, að hann hefði útskýrt fyrir Kristjáni, af hvaða

ástæðum þetta væri gert. Sig minnti, að Kristján hefði farið fram á, að dyrnar yrðu hafðar eins og ráðgert var.

Karl kvað útigeymslu við hlið bílskýlis alltaf hafa átt að fylgja bílskýlinu og hefði henni aldrei verið úthlutað úr sameign.

Karl kvaðst hafa setið fund húsfélagsins í húsinu fyrir tæpu ári. Þar hefðu dyrnar út í bakgarðinn komið til umræðu og hefði aðalstefnda verið aðalmaðurinn í því máli. Málið hefði verið rætt, ekki sótt stíft í það, eins og Karl komst að orði. Aðrir íbúar en aðalstefnda hefðu ekki kvartað. Enginn íbúanna utan aðalstefndu hefði hreyft mótmælum við sölu geymslunnar við hlið bílskýlisins. Karl kvaðst telja víst, að allar teikningar, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hafi verið fyrir hendi og til sýnis, þegar aðalstefnda keypti íbúðina.

Karl kvaðst halda, að aðalstefndu hefði verið afhent íbúðin í febrúar—mars árið 1978. Ástæða þess, að afhending hefði dregist, hafi verið sú, að Kristján Stefánsson hefði látið teikna íbúðina alla upp og gerbreyta henni. Karl minnti, að þær teikningar hefði hann fengið í hendur í kringum september—október 1977. Þurft hefði að breyta allri íbúðinni, múrarar hefðu þurft að vinna verk sitt allt öðruvísi en í hinum íbúðunum, hitalögnum og kaldavatnslögnum hafi þurft að breyta svo og öllum hleðslum á veggjum. Allar þessar breytingar hafi verið gerðar aðalstefndu að kostnaðarlausu. Þessar breytingar hefðu haft í för með sér, að frágangur á sameign hefði dregist. Aðspurður um það, hvort íbúðin hefði verið afhent í samningsbundnu ásigkomulagi, kvað Karl hana hafa verið afhenta að óskum aðalstefndu eða umboðsmanns hennar eftir breytinguna. Karl kvaðst ekki minnast þess, að aðalstefnda eða umboðsmaður hennar hefði kvartað um afhendingardrátt, þegar kom fram yfir nóvember—desember 1977. Hann kvað aðalstefndu hafa verið fyllilega ljóst, að breytingarnar leiddu af sér ákveðnar tafir. Kristján Stefánsson hefði farið þess á leit við sig, að íbúðin yrði ekki fínpússuð.

Lögmaður aðalstefndu, Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður, kom fyrir dóminn 21. apríl sl. og skýrði m. a. frá því, að hann væri sonur aðalstefndu og hefði annast íbúðarkaupin fyrir hennar hönd. Hann kvaðst oftlega hafa kvartað við Karl út af því, að dyr út í bakgarð hefðu verið lagðar af, en hann hefði neitað því að opna þessar dyr út. Aldrei hefði nokkurt samband verið haft við aðalstefndu út af þessari breytingu. Karl hefði að einhverju leyti lýst því, að þetta væri gert að kröfu arkitektsins, en komið hafi í ljós, að hann hafi ekki verið hafður með í ráðum. Kristján kvað íbúðina eiginlega aldrei hafa verið afhenta. Þannig hafi hagað til, aðalstefnda hafi verið búin að selja fasteign og liðið hafi að afhendingu hennar. Þau hafi þá gefist upp á biðinni, og kvaðst Kristján hafa tekið íbúðina án þess að ræða nokkuð um það við Karl. Þetta muni hafa verið einhvern

tíma eftir miðjan mars 1978. Samráð hafi verið haft við aðalstefndu um að hafa innbrennt ál á þakinu í stað bárujárns.

Aðalstefnda, Anna Þorbjörg Kristjánsdóttir, kom fyrir dóminn 28. október sl. og skýrði m. a. svo frá, að hún hefði selt íbúð, sem hún hafi átt, í byrjun janúar 1978. Hún kvaðst ekki sjálf hafa rætt við aðalstefnanda um það á þessum tíma, hvenær væri von á afhendingu íbúðarinnar á Bræðraborgarstíg 41, en það muni hafa verið gert fyrir sína hönd. Aðalstefnda kvaðst hafa afhent kaupandanum íbúð sína 1. maí 1978 og frá þeim tíma til loka ágústmánðar eða fyrstu dagana í september hafi hún búið hjá ættingjum sínum, en þó ekki alltaf á sama stað. Hún hafi þurft að flytja innbú sitt stað úr stað og hafi haft kostnað af flutningunum og sömuleiðis hafi orðið skemmdir á búslóðinni. Aðalstefnda kvaðst ekki hafa þurft að greiða leigu, þar sem hún bjó á framangreindu tímabili. Aðalstefnda kvaðst hafa flutt inn í íbúðina á Bræðraborgarstíg 41, áður en hún hafi verið tilbúin, og hafi það haft óþægindi í för með sér og jafnvel skemmdir á búslóðinni.

Aðalstefnda kvaðst ætíð hafa litið á það sem sjálfsagðan hlut, að geymslan við hlið bílskýlisins yrði í sameign allra íbúanna í húsinu.

Aðalstefnda kvaðst sjálf hafa kvartað við Karl út af því, að dyrnar út í bakgarðinn væru lagðar af, og lagt á það mikla áherslu við hann, að dyrnar yrðu hafðar. Sumir íbúar hússins hefðu verið á sama máli, en öðrum hafi verið meira sama.

Aðalstefnda kvaðst hafa skoðað flatarteikningu af íbúðinni að Bræðraborgarstíg 41, áður en hún keypti hana, og sömuleiðis útlitsteikningu af húsinu beggja vegna. Áður en kaupin fóru fram, hafi hún látið athuga, hvort hægt væri að breyta íbúðinni þannig, að hún hentaði sér, og hefðu kaupin ekki farið fram, fyrr en búið hafi verið að gera teikningu af fyrirhuguðum breytingum, og muni aðalstefnandi hafi fengið þá teikningu í hendur um sama leyti og kaupsamningurinn var gerður. Breytingarnar hafi aðallega verið fólgnar í því að fækka herbergjum og stækka, en eldhús hafi verið flutt til. Aðalstefnda kvað sér ekki kunnugt um, hversu mikið hefði þurft að breyta röralögnum af þessum sökum, en lítið hefði þurft að breyta raflögnum.

Vitnið Magnús Skúlason arkitekt kom fyrir dóminn 14. maí sl. og skýrði m. a. fra því, að Karl hefði lagt af dyrnar út í bakgarðinn með samþykki þeirra arkitektanna, en láðst hefði að leggja þá breytingu fyrir byggingarnefnd. Þessi breyting hefði verið gerð að frumkvæði Karls og hefði hann komið fram með hugmyndina, fljótlega eftir að húsið fór að rísa úr jörðu. Magnús sagði þá arkitektana hafa verið mótfallna þessari breytingu og talið vera töluverðan skaða af henni, en samt látið undan.

Magnús kvað ekkert hafa verið um það rætt, hvort geymslan við hlið

bílskýlisins ætti að vera hluti af sameign eða fylgja bílskýlinu. Það hafi algerlega verið á valdi húsbyggjanda.

Matsmennirnir, Indriði Níelsson og Diðrik Helgason, staðfestu matsgerðina fyrir dóminum 9. október sl.

Málsástæður og lagarök.

Aðalstefnandi og gagnstefndi.

Aðalsök.

Af hálfu aðalstefnanda er á því byggt varðandi 1. lið kröfu hans, að óumdeilt sé, að aðalstefnda hafi ekki greitt eftirstöðvar kaupverðs íbúðarinnar að Bræðraborgarstíg 41, kr. 900.000, en hún hafi afturkallað umboð veðdeildar Landsbanka Íslands til þess að greiða aðalstefnanda þriðja hluta húsnæðismálastjórnarláns.

Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að hann hafi afhent aðalstefndu íbúðina í samningsbundu ásigkomulagi 1. mars 1978. Samkvæmt kaupsamningi eigi að reikna hæstu vísitölu af þeim greiðslum, sem eigi hafi farið fram við afhendingu íbúðarinnar.

Í öðrum lið kröfugerðarinnar sé um að ræða afborgun, kr. 1.000.000, sem samkvæmt kaupsamningnum hafi hátt að greiða 15. janúar 1978, og hafi verið greidd með víxli á gjalddaga 15. júní 1978. Víxilvextir séu því reiknaðir af fjárhæðinni frá afhendingardegi til greiðsludags víxils, þ. e. kr. 48.958.

Í þriðja lið kröfugerðarinnar sé um að ræða afborgun, sem samkvæmt kaupsamningnum hafi átt að greiða 15. mars 1978, og hafi hún verið greidd með víxli á gjalddaga 1. júlí 1978. Vextir, kr. 82.250, séu reiknaðir frá 15. mars til gjalddaga víxilsins.

Í fjórða lið kröfugerðarinnar séu reiknaðir vextir, kr. 119.850, af öðrum og þriðja hluta húsnæðismálastjórnarláns aðalstefndu, samtals kr. 1.800.000, frá afhendingardegi íbúðarinnar til 12. júní 1978, en þá hafi aðalstefnandi fengið annan hlutann greiddan. Fyrsti hluti lánsins hafi verið greiddur, áður en afhendingin fór fram.

Í fimmta lið kröfugerðarinnar séu vextir reiknaðir af þriðja hluta húsnæðismálastjórnarlánsins frá 12. júní, sbr. 4. lið kröfugerðarinnar, til 12. desember 1978, kr. 105.750, en þá hafi þessi hluti lánsins verið aðalstefndu til reiðu.

Varðandi sjötta lið kröfugerðarinnar heldur aðalstefnandi því fram, að hann hafi tvívegis greitt lántökugjald fyrir aðalstefndu, en hins vegar geri hann einungis kröfu til þess, að aðalstefnda greiði lántökugjald fyrir annan hluta húsnæðismálastjórnarlánsins.

Varðandi sjöunda lið kröfugerðarinnar heldur aðalstefnandi því fram, að samið hafi verið um, að aðalstefnda greiddi kr. 100.000 vegna þess, að

álþak hafi verið sett á fjölbýlishúsið, en ekki bárujárn, eins og fyrirhugað hafi verið. Verði ekki fallist á, að samið hafi verið um þessa greiðslu, liggi fyrir upplýsingar um, að álþakplöturnar á allt húsið hafi kostað kr. 908. 000, en bárujárn mundi hafa kostað kr. 390.000 á sama tíma. Kostnaðaraukinn vegna álplatnanna hafi því numið kr. 518.000. Þá sé aukakostnaður vegna ásetningar og festihluta kr. 100.000, eða samtals kr. 618.000. Þakflötur fjölbýlishússins, sem íbúð aðalstefndu sé í, sé 292.5 m², eða 72.92% af öllum þakfleti hússins, og hafi því kostnaðaraukinn vegna fjölbýlishússins numið samtals kr. 450.645. Af því eigi aðalstefnda að greiða 17.7%, eða kr. 79.764. Fyrir utan þetta hafi álþakinu fylgt ýmis aukakostnaður, sem gera megi ráð fyrir, að hafi hækkað þessa fjárhæð upp í kr. 100.000. Ef talið yrði ósannað, að aukakostnaður vegna álþaksins hafi verið kr. 100.000, sé þó komin fram sönnun þess, að hann hafi a. m. k. verið kr. 79.764.

Aldrei hafi staðið á því, að aðalstefnandi gæfi út afsal gegn því, að aðalstefnda greiddi eftistöðvar kaupverðs.

Gagnsök.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram varðandi fyrsta kröfulið í gagnsök, að samkvæmt ákvæðum í kaupsamningi hafi verið gert ráð fyrir því, að íbúðin yrði afhent í síðasta lagi í desember 1977. Íbúðin hafi verið afhent í byrjun mars 1978 og því hafi afhendingardráttur aðeins verið tveir mánuðir. Kaupsamningur um íbúðina hafi verið undirritaður 14. apríl 1977.

Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar hafi 1. loft hússins verið tekið út 9. febrúar 1977 og 2. loft 14. mars s. á. Þetta vottorð sýni, að búið hafi verið að steypa upp íbúð gagnstefnandna, áður en kaupsamningurinn var gerður. Ástæðan fyrir afhendingardrættinum hafi verið sú, að gagnstefnandi hafi óskað eftir, að íbúð sinni yrði breytt frá upprunalegu teikningunni, og hafi teikningin af breytingunum ekki verið tilbúin fyrr en í september - október. Vinna við breytingarnar hafi haft seinkunina í för með sér. Gagnstefnandi eigi því ekki rétt á bótum fyrir afhendingardrátt.

Ef litið yrði svo á, að bótaréttur væri fyrir hendi, þá verði að gæta þess sérstaklega, að gagnstefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum fjárútlátum vegna afhendingardráttar, en það hafi hann sjálfur viðurkennt fyrir dóminum. Ef um bótagreiðslur yrði að ræða, ætti að miða þær við þann tíma, er afhendingin dróst, annars væru bæturnar verðtryggðar.

Varðandi annan kröfulið gagnstefnanda er því alfarið mótmælt af hálfu gagnstefnda, að nokkru sinni hafi komið til álita, að útigeymsla við hlið bílskýlis hafi átt að fylgja sameign. Hennar sé ekki getið í kaupsamningi og gagnstefnandi hafi ekki mátt gera ráð fyrir því, að hún væri að kaupa

hlut í þessari geymslu. Verði hins vegar litið svo á, að geymslan sé hluti af sameigninni, geti gagnstefnandi aldrei krafist þess, að sér verði bætt allt verðmæti geymslunnar, heldur einungis hluti, sem nemi eignarhlutdeild hennar í fjölbýlishúsinu. Þá sé enn fremur spurning, hvort sókn sakar vegna geymslunnar kalli ekki á samaðild allra íbúðareigenda í fjölbýlishúsinu.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram varðandi þriðja kröfulið gagnstefnanda, að því fylgi fleiri kostir en ókostir, að dyr úr forstofu út í bakgarð voru lagðar af, og vísað til matsgerðar um þetta atriði. Þessi breyting hafi ekki verið gerð í sparnaðarskyni og hafi aðrir íbúðareigendur en gagnstefnandi verið ánægðir með hana. Út í hött sé, að einn íbúðareigandi geti krafist bóta vegna þessa, enda sé enginn bótagrundvöllur fyrir hendi. Þá rísi hér sem fyrr spurning um nauðsynlega samaðild allra íbúðareigenda.

Gagnstefndi heldur því fram, að krafa gagnstefnanda um útgáfu afsals fyrir íbúðinni sé óþörf. Fyrir liggi í málinu, að seljandi vilji gefa út afsal gegn greiðslu kaupverðsins, og hafi engin ástæða verið til að gagnstefna út af þessu atriði.

Aðalstefnda og gagnstefnandi.

Aðalsök.

Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram, að sýkna eigi hana af kröfum aðalstefndanda að svo stöddu. Þegar kaupin hafi verið gerð, hafi ekki verið búið að steypa upp þá hæð hússins, sem íbúð aðalstefndu sé í. Það hafi verið forsenda kaupa aðalstefndu, að hægt væri að gera ákveðnar breytingar á íbúðinni, og hafi kaupin ekki farið fram, fyrr en kannað hafi verið, að breytingar þessar væru framkvæmanlegar. Teikningar af þeim hefðu verið tilbúnar á sama tíma og kaupin voru gerð. Þessar breytingar hafi verið óverulegar. Húsið hafi verið fokhelt í endaðan ágúst, en öll vinna aðalstefnanda við að koma íbúð aðalstefndu í samningsbundið ásigkomulag hafi dregist mjög á langinn. Aðalstefnda hafi látið stöðva greiðslur til aðalstefnanda, þegar dráttur hafi orðið á því, að menn frá honum ynnu við íbúðina, og hafi aðalstefnda því ekki vanrækt greiðsluskyldu sína gagnvart aðalstefnanda. Síðasti hluti húsnæðismálsatjórnarláns aðalstefndu sé aðalstefnanda til reiðu gegn því, að hann gefi út afsal fyrir íbúðinni. Sjálf geti aðalstefnda ekki tekið út þennan hluta lánsins, þar sem hún hafi ávísað honum á aðalstefnanda. Af þessum sökum eigi að sýkna aðalstefndu að svo stöddu.

Því sé mótmælt, að aðalstefnda eigi að greiða vexti þá, sem krafist sé í 2. og 3. lið kröfugerðar aðalstefnanda. Þær greiðslur hafi verið greiddar með víxlum, sem gefnir hafi verið út, áður en greiðslurnar féllu í gjalddaga, og síðan hafi þeir verið framlengdir.

Ekki sé mótmælt vaxtagreiðslum samkvæmt 4. og 5. lið kröfugerðar aðalstefnanda að öðru leyti en því, að 4. liður sé of hár.

Ekki sé heldur mótmælt skyldu aðalstefndu til þess að greiða lántökugjald samkvæmt 6. lið kröfugerðar aðalstefnanda, þó ekki hærra en kr. 22.580, eins og útreikningar aðalstefnanda sjálfs sýni.

Því sé mótmælt, að samið hafi verið um ákveðna greiðslu fyrir álþakið. Aðalstefnda hafi einungis samþykkt að greiða þann kostnaðarauka, sem leitt hafi af því að hafa álplötur á þakinu í stað bárujárns. Ekki sé rétt, að kostnaðaraukinn hafi numið kr. 79.764, eins og aðalstefnandi vilji vera láta. Lögmaður aðalstefndu hafi reiknað út, að samkvæmt sömu tölum og aðalstefndi leggi til grundvallar hafi kostnaðaraukinn numið kr. 60.000 til 61.000, en því miður hafi honum láðst að koma með útreikninginn til málflutningsins. Aðallega sé krafist sýknu af þessum kröfulið, en til vara sé þess krafist, að aðalstefnda verði ekki dæmd til þess að greiða hærri fjárhæð en nemur niðurstöðutölum útreiknings lögmannsins á þessum kröfulið aðalstefnanda.

Aðalstefnandi hafi ekki samþykkt þær kröfur, sem aðalstefnda hafi sett fram í greinargerð sinni í aðalsök, og því hafi verið óhjákvæmilegt að láta fara fram mat og síðan að höfða gagnsök.

Gagnsök.

Samkvæmt kaupsamningi um íbúðina hafi gagnstefndi átt að afhenda hana í nóvember - desember 1977. Afhendingin hafi dregist mikið og endað hafi með því, að gagnstefnandi hafi tekið íbúðina í sína umsjá, enda þótt hún hafi ekki verið komin í samningsbundið ásigkomulag. Þessi dráttur hafi leitt til þess, að gagnstefnanda hafi gengið verr að fá iðnaðarmenn til þess að fullgera íbúðina. Þá hafi gagnstefnandi skuldbundið sig til þess að afhenda í maí íbúðina, sem hún seldi. Þegar allt þetta sé skoðað, sé vægt að áætla afhendingardráttinn 4 mánuði.

Gagnstefndi hafi í heimildarleysi ráðstafað útigeymslunni úr sameigninni og það áður en sameignin var fullfrágengin. Afnot af geymslunni sé ekki bundin við eignarhlutfall, heldur sé gagnstefnanda meinuð afnot geymslunnar og eigi hann því að fá allt verð hennar bætt eða afslátt af kaupverði, sem nemi verðmæti hennar.

Þá hafi gagnstefndi lagt af dyrnar út í bakgarðinn í heimildarleysi og í andstöðu við arkitekta hússins. Gagnstefnandi eigi rétt á því að fá greiddar skaðabætur eða fá afslátt af kaupverði, sem nemi kostnaði við það að setja dyrnar upp, eins og teikning af húsinu sýni.

Þá beri gagnstefnda að gefa út afsal fyrir íbúðinni í samræmi við niðurstöður dómsins í gagnsök.

Mótmælt sé kröfu gagnstefnda um greiðslu dráttarvaxta og sömuleiðis kröfu hans um, að dæmdir verði vextir af þeim vöxtum, sem hann krefst, að gagnstefnandi greiði.

Forsendur og niðurstaða.

Aðalsök.

Um 1. lið dómkröfu aðalstefnanda.

Upplýst er og óumdeilt í málinu, að samkvæmt kaupsamningi, sem gerður var 14. apríl 1977, eru ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs íbúðar aðalstefndu, kr. 900.000. Aðalstefnda hefur aðallega krafist sýknu að svo stöddu af öllum dómkröfum aðalstefnanda, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar. Aðalstefnda hefur eigi sýnt fram á með málflutningi sínum, að forsendur séu fyrir hendi til þess að sýkna hana að svo stöddu samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936. Aðalstefnda hefur heldur eigi sýnt fram á, að lækka beri þennan kröfulið. Hann verður því tekinn til greina að fullu.

Um 2. - 5. lið.

Aðalstefnda hefur eigi mótmælt skyldu sinni til þess að greiða vexti samkvæmt 4. og 5. lið, en telur vexti samkvæmt 4. lið vera of háa, en ekki hefur hún sýnt fram á hvers vegna. Í þessum kröfuliðum er um að ræða vexti af 2. og 3. hluta húsnæðismálastjórnarlánsins.

Í vottorði Húsnæðismálastofnunar ríkisins, dagsettu 27. mars 1979, kemur fram, hvenær 2. og 3. hluti lánsins voru tilbúnir til greiðslu, þ. e. 2. hluti eftir 12. júní 1978 og 3. hluti í febrúar 1979. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins átti að greiða hæstu vísitölubundnu vísitölu af þeim greiðslum kaupverðsins, sem ekki höfðu verið inntar af hendi við afhendingu íbúðarinnar, þ. m. t. húsnæðismálastjórnarlánið. Aðalstefnda hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi greitt 2. hluta lánsins fyrir 12. júní 1978, og þriðja hluta lánsins hefur hún enn ekki greitt. Á þessum forsendum þykir mega taka þessa liði að fullu til greina.

Aðalstefnda hefur mótmælt skyldu sinni til að greiða vexti samkvæmt 2. og 3. lið kröfugerðar aðalstefnanda. Upplýst verður að telja, að þær greiðslur kaupverðs, sem um ræðir í þessum liðum, hafi verið inntar af hendi með tveim víxlum pr. 15. maí og 1. júlí 1978. Gjalddagi þessara greiðslna var samkvæmt kaupsamningi 1. og 15. mars 1978. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins átti aðalstefnda að greiða hæstu vísitölubundnu vísitölu af gjaldföllnum afborgunum frá gjalddaga til greiðsludags, eins og fyrr segir. Aðalstefnda hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi greitt þá vísitölu, sem krafist er, að hún greiði samkvæmt 2. og 3. lið. Með vísan til þess, sem að framan er sagt, ber að taka kröfur aðalstefnanda í 2. og 3. lið til greina.

Heildarfjárhæðin, sem aðalstefndu ber að greiða aðalstefnanda samkvæmt 2.—5. lið, nemur því kr. 356.808.

Um 6. lið.

Aðalstefnda hefur eigi mótmælt skyldu sinni til að greiða umkrafið lántökugjald, en heldur því fram, að það hafi numið kr. 22.580, en ekki kr. 22.800. Aðalstefnandi hefur sjálfur lagt fram útreikning, sem sýnir, að lántökugjaldið nam þeirri fjárhæð, og þykir því rétt að lækka þennan kröfulið um kr. 220.

Um 7. lið.

Ósannað verður að telja gegn mótmælum aðalstefndu, að þau aðalstefnandi hafi samið um, að hún greiddi kr. 100.000 vegna aukakostnaðar við álþak. Aðalstefnda hefur hins vegar viðurkennt, að hún hafi fallist á að greiða þann aukakostnað, sem fylgdi því að setja ál á þakið í stað bárujárns. Aðalstefnandi krafðist þess til vara, að aðalstefnda yrði dæmd til þess að greiða a. m. k. kr. 79.764 samkvæmt þessum kröfulið, ef ekki yrði fallist á, að samið hafi verið um greiðslu á kr. 100.000. Aðalstefnandi hefur lagt fram gögn til stuðnings kröfu sinni um greiðslu á kr. 79.764, sem þykir mega byggja á þá niðurstöðu, að aðalstefndu beri að greiða fjárhæðina, enda þótt henni hafi verið mótmælt sem of hárri af hálfu aðalstefndu, en láðst hefur að rökstyðja þau mótmæli.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, ber aðalstefndu að greiða aðalstefnanda samanlagt kr. 1.359.152.

Aðalstefnda skal greiða aðalstefnanda vexti eins og hér segir:

Af kr. 900.000 23.5% ársvexti frá 12. desember 1978 til 1. júní 1979, 25.5% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní sl. og 34% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Af kr. 102.344 19% ársvexti frá 10. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní s. l. og 46% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnsök.

Um 1. lið dómkröfu gagnstefnanda.

Samkvæmt kaupsamningi lofaði gagnstefndi að afhenda gagnstefnanda íbúðina í nóvember - desember 1977. Gagnstefndi kveðst hafa afhent íbúðina í byrjun mars 1978 í samningsbundnu ásigkomulagi með þeim breytingum, sem gagnstefnandi hefði óskað, að á henni yrðu gerðar. Gagnstefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi tekið íbúðina í sína umsjá í mars 1978, en þá hafi íbúðin ekki verið komin í samningsbundið ásigkomulag. Gagnstefnandi hefur þrátt fyrir þessa fullyrðingu sína ekki sýnt fram á, hvað á hafi skort, að íbúðin væri í samningsbundnu ásigkomulagi.

Skuldaskil vegna íbúðarkaupanna eru miðuð við 1. mars 1978, og hefur

því tímamarki ekki verið mótmælt af gagnstefnanda. Eins og þessum atvikum málsins er háttað, þykir verða að miða við, að gagnstefnandi hafi fengið íbúðina afhenta á þeim tíma í því ásigkomulagi, sem samið hafði verið um í kaupunum svo og síðar.

Eins og að framan segir, var ákveðið í kaupsamningi, að íbúðin skyldi afhent í nóvember—desember 1977. Þetta ákvæði kaupsamningsins þykir verða að skýra svo, að gagnstefndi hafi mátt afhenda íbúðina síðast í desember, án þess að um afhendingardrátt yrði að ræða. Samkvæmt þessu verður að telja, að afhending íbúðarinnar hafi dregist í u. þ. b. 2 mánuði frá því, sem samið hafði verið um.

Gagnstefnandi heldur því fram, að teikning af fyrirhugðum breytingum, sem hafi verið óverulegar, hafi legið fyrir, þegar kaupsamningur var gerður, en þá hafi ekki verið búið að steypa upp þá hæð hússins, sem íbúðin er á. Gagnstefndi heldur því hins vegar fram, að hann hafi fyrst fengið teikningu af breytingunum í hendur í september—október 1977. Breytingarnar hafi verið umfangsmiklar, enda hafi verið búið að steypa upp hæðina, áður en kaupsamningurinn var gerður, eins og vottorð byggingarfulltrúa beri með sér. Afhendingardrátturinn stafi því eingöngu af vinnu við breytingarnar.

Upplýst verður að telja, að búið hafi verið að steypa upp hæðina, áður en kaupsamningurinn var gerður. Óupplýst er, hvenær teikningarnar af breytingunum voru afhentar gagnstefnda. Ekki er að fullu upplýst, í hverju breytingarnar voru fólgnar, en ljóst er, að eldhús var flutt til og baðherbergi stækkað. Þetta hefur óhjákvæmilega haft í för með sér einhverjar breytingar á lögnum í íbúðinni svo og sameign. Ekki virðist þó hafa verið samið um annan afhendingartíma en um getur í kaupsamningi. Gagnstefnandi þykir eiga nokkurn rétt á bótum fyrir afhendingardrátt. Miðað við öll atvik málsins, sem að þessu lúta, þykja bætur til gagnstefnanda hæfilega ákveðnar kr. 100.000.

Um 2. lið.

Ágreiningslaust er á milli aðilja, að gert var ráð fyrir útigeymslu þeirri, sem um er deilt í málinu, á þeim teikningum, sem fyrir hendi voru, þegar kaupsamingurinn var gerður.

Þessi geymsla þykir þó ekki vera í slíkum tengslum við íbúð gagnstefnanda eða eignarhluta hennar í sameign hússins, eins og honum er lýst í kaupsamningnum, að hann hafi mátt gera ráð fyrir því án skýrra ákvæða í kaupsamningi að eignast hlutdeild í geymslunni. Ber að sýkna gagnstefnda af þessum kröfulið.

Um 3. lið.

Gagnstefnandi krefst skaðabóta eða afsláttar af kaupverði vegna þess, að gagnstefndi hafi lagt af dyr úr forstofu út í bakgarð. Ágreiningslaust

er, að gert var ráð fyrir þessum dyrum á teikningu af húsinu. Ekki hefur verið krafist efnda in natura samkvæmt teikningunni. Gagnstefnandi hefur eigi sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir tjóni eða íbúð hennar sé verðminni vegna þessarar breytingar gagnstefnda. Ber því að sýkna gagnstefnda af þessum kröfulið.

Niðurstaða dómsins um fjárkröfur gagnstefnanda er því sú, að gagnstefnda beri að greiða honum kr. 100.000 með 46% ársvöxtum frá 15. október sl. til dómsuppsögudags og síðan með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Þessi greiðsla skal koma til skuldajafnaðar greiðslum tildæmdum aðalstefnanda úr hendi aðalstefndu. Þegar aðalstefndi hefur greitt aðalstefnanda skuldina, skal hann gefa út afsal fyrir íbúð aðalstefndu á 2. hæð í norðurenda hússins að Bræðraborgarstíg 41.

Í máli þessu þykir málskostnaður, sem aðalstefnda greiði aðalstefnanda, hæfilega ákveðinn kr. 350.000.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, dómsformaður, og meðdómsmennirnir Jóhannes Kjarval arkitekt og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefnda, Anna Þ. Kristjánsdóttir, greiða aðalstefnanda, Karli J. Steingrímssyni s/f, kr. 1.359.152. Af kr. 900.000 skal aðalstefnda greiða aðalstefnanda 23.5% ársvexti frá 12. desember 1978 til 1. júní 1979, 25.5% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní sl. og 34% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Af kr. 102.344 skal aðalstefnda greiða aðalstefnanda 19% ársvexti frá 10. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní sl. og 46% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Karl J. Steingrímsson s/f, greiða gagnstefnanda, Önnu Þ. Kristjánsdóttur, kr. 100.000 með 46% ársvöxtum frá 15. október sl. til greiðsludags, og kemur þessi fjárhæð til frádráttar tildæmdum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Aðalstefnda skal greiða aðalstefnanda kr. 350.000 í málskostnað.

Þegar lokið hefur verið greiðslum samkvæmt dómi þessum, skal aðalstefnandi gefa út afsal til aðalstefndu fyrir 3ja herbergja íbúðinnni á 2. hæð í norðurenda hússins nr. 41 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 37/1981. **Sjólastöðin h/f**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ísleifi Haraldssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. september 1980. Útivist varð af hans hálfu 2. febrúar 1981, en hann áfrýjaði málinu að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með stefnu 6. febrúar s. á. Áfrýjandi krefst þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 218.76 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 30. maí 1981, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppkvaðningardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 5.122.05 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en dómvöxtum

frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Laugardaginn 23. apríl 1977 tilkynnti útgerðarstjóri áfrýjanda skipverjum á bátnum, að ákveðið væri að senda hann á netaveiðar. Hafði áður komið fram, að þeir voru því mótfallnir. Stefndi tjáði útgerðarstjóranum, að hann reiknaði ekki með að fara á netin. Daginn eftir var farið að búa bátinn til netaveiðanna, og þann dag sagði útgerðarstjórinn skipverjum, að þeir, sem ekki kæmu til starfa daginn eftir, mánudag 25. apríl, teldust hættir á bátnum. Stefndi kom ekki til starfa daginn eftir, og ekki svaraði hann skeyti, sem áfrýjandi sendi honum 26. apríl og frá segir í héraðsdómi. Mátti áfrýjandi þá telja, að stefndi hefði slitið ráðningarsamningnum. Á stefndi því ekki rétt til bóta vegna ráðningarslitanna.

Óumdeilt er, að stefndi á inni hjá áfrýjanda eftirstöðvar launa að upphæð 218.76 krónur. Áfrýjandi hefur verið reiðubúinn til að greiða þá upphæð. Verður hann dæmdur til að greiða stefnda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnda, Ísleifi Haraldssyni, 218.76 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 10.00.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. f. m., hefur Ísleifur Haraldsson, Arnarhrauni 5, Grindavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. september 1977, á hendur Sjólastöðinni h/f, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 512.205 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1977 til 1. ágúst s. á., en 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá var krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Helga Magra, EA 277, áður Sjóla, RE 18, fyrir dæmdum fjárhæðum, en við munnlegan flutning málsins var fallið frá þeirri kröfu. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að frá 21. desember 1979 verði dæmdir dómvextir skv. lögum nr. 56/1979.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að þann 20. ágúst 1976 hafi stefnandi verið ráðinn skipstjóri á skip stefnda, v/s Sjóla, RE 18, til togveiða um óákveðinn tíma. Samkvæmt 2. gr., sbr. 3. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og 22. gr. kjarasamnings útvegsmanna, sbr. bráðabirgðalög nr. 98/1976 um kaup og kjör sjómanna, hafi hann í starfi sínu notið þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hinn 24. apríl 1977 hafi m/s Sjóli verið seldur Hjörleifi Hallgríms fyrirvaralaust án vitundar stefnanda og án þess að honum væri sagt upp starfi sínu með löglegum fyrirvara. Samkvæmt 3. gr. sjómannalaga eigi stefnandi rétt á launum í eigi skemmri tíma en nemur uppsagnarfrestinum.

Samkvæmt skipshafnarskrá v/s Sjóla, sem fram hefur komið í málinu, var stefnandi skipstjóri á bátnum 30. mars 1977 til 24. apríl s. á. Kemur og fram, að hvorki skipstjórinn né aðrir skipverjar hafi mætt til lögskráningar og hafi þeir ekki undirritað skipshafnarskrána. Hafi hún því verið færð eftir upplýsingum útgerðar bátsins.

Fram er komið, að 26. apríl 1977 sendi stefndi stefnanda svohljóðandi símskeyti:

„Þar eð þú hefur ekki komið til starfa þá lítum við svo á með tilvísun til samtals okkar að þú óskir eftir slitum á ráðningarsamningi v/ m/s Sjóla RE-18 með tilvísun til sama samtals staðfestum við að ekki verða gerðar eftirkröfur vegna ráðningaslita."

Fram er komið samkvæmt skipshafnarskrá bátsins frá 27. apríl 1977,

að þann dag hafi Steindór Arason verið skráður skipstjóri á bátinn og einnig hafi þá verið skráðir þrír menn aðrir á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, en þangað hafi báturinn verið seldur.

Fram er komið, að með auglýsingum í Morgunblaðinu 19. og 20. apríl 1977 var v/s Sjóli auglýstur til sölu og afhendingar strax.

Fram er komið, að með samningi, dags. 24. apríl 1977, keypti Hjörleifur Hallgríms v/s Sjóla af stefnda. Hafi þar verið gert ráð fyrir, að afhending færi fram fyrir 15. ágúst 1977 eða fyrr, ef mögulegt væri. Ef afhending drægist fram yfir 1. maí 1977, skyldi afhenda skipið í Akureyrarhöfn á kostnað seljanda.

Verða nú raktir framburðir stefnanda, fyrirsvarsmanns stefnda og vitna, en vitnin Magnús Óskar Ólafsson og Gunnar Sigurðsson eiga í málaferlum við stefnda út af sömu atvikum og hér er fjallað um. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í síðasta róðrinum fyrir 22 apríl hafi vinda bátsins bilað. Hafi þá verið haldið til Grindavíkur og hringt í útgerðarstjórann og hann spurður, hvað gera ætti. Hann hafi viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar og hafi verið haldið þangað. Fyrsta daginn, sem báturinn var í Hafnarfirði, hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing um, að báturinn væri til sölu og til afhendingar strax. Hann hafi rætt þetta við útgerðarstjórann næstu daga og hafi hann sagt, að lengi hefði verið reynt að selja bátinn og væri þetta gert til reynslu. Hafi svo verið unnið við viðgerð á vindu bátsins og hafi þeir skipverjarnir verið við bátinn, á meðan á því stóð. Útgerðarstjórinn hafi verið búinn að orða það, að netabátar fyrir norðan fiskuðu ágætlega. Föstudaginn 22. apríl hafi svo útgerðarstjórinn ákveðið að láta ljúka viðgerðinni um helgina og hafi hann sagst eiga von á manni til að skoða bátinn. Hafi hann talað um, að skynsamlegast væri að senda bátinn norður til veiða í net. Hafi skipverjar tekið drægt í það. Kveðst Ísleifur hafa átt að hringja í útgerðarstjórann daginn eftir. Er þeir hafi talað saman laugardagskvöldið, kveður Ísleifur útgerðarstjórann hafa tilkynnt sér, að hann hefði ákveðið, að báturinn færi á net norður og ættu skipverjar að mæta til skips daginn eftir, sunnudaginn 24. apríl, til að taka upp botnvörpubúnaðinn og setja netabúnað um borð. Þeir hafi svo mætt á tilsettum tíma. Hafi allur botnvörpubúnaður verið tekinn í land, en netapallar og annar búnaður til netaveiða verið settur um borð. Útgerðarstjórinn hafi þá talað um, að ekki tæki nema svona 2 daga að búa bátinn til netaveiða. Þar sem hann hafi vitað, að áhöfnin var ófús að fara til netaveiða, enda komið fram undir vertíðarlok og aðrir bátar að búa sig undir að taka upp netin, og þar sem útgerðarstjórinn hafi verið búinn að segja, að skipverjum væri frjálst að hætta án nokkurra eftirmála, kveðst stefnandi hafa sagt, að sér fyndist eðlilegt, að þeir, sem ætluðu með bátnum til netaveiða, útbyggju hann til þeirra. Hafi útgerðarstjórinn þá sagt, að þeir, sem ekki mættu til

vinnu morguninn eftir, á mánudegi, væru hættir. Sjálfur kveðst stefnandi hafa sagt útgerðarstjóranum, að hann byggist ekki við að fara til netaveiða, en einn skipverja, Magnús Óskar Ólafsson, hafi sagst þurfa lengri umhugsunarfrest. Stefnandi kveðst svo hafa komið að bátnum rétt fyrir hádegi á mánudaginn ásamt vélstjóranum og hafi þá engan mann verið þar að sjá nema iðnaðarmenn. Vélstjórinn hafi lensað bátinn og unnið sín störf í vélarúmi. Stefnandi kveður þá einnig hafa farið til Hasfnarfjarðar þriðjudaginn 26. apríl og hafi iðnaðarmennirnir þá verið komnir langt með að ljúka við að setja upp netabúnaðinn. Hafi þeir sagt, að búið væri að selja bátinn og vildi kaupandinn fá bátinn útbúinn til netaveiða. Þarna hafi einnig verið staddur maður, sem síðar hafi reynst vera skipstjóri sá, sem sigldi bátnum til Akureyrar. Hafi hann haft eftir útgerðarstjóranum, að báturinn væri seldur til Akureyrar, og hefði hann vitað um það kvöldið áður. Jafnframt hafi hann sagt bátinn fara beint til netaveiða, þegar norður kæmi. Kveðst stefnandi þá ásamt vélstjóranum hafa tekið dót sitt og farið heim. Miðvikudaginn 27. apríl kveðst hann svo hafa fengið símskeyti þess efnis, að útgerðin áliti hann hættan á bátnum. Stefnandi kveðst hafa talað við formann sjómannadeildar Verkalýðsfélags Grindavíkur og hafi hann ekki talið þetta löglegt. Ekki kveðst stefnandi hafa svarað skeytinu eða rætt við útgerðarstjórann. Hafi orðið að ráði, að Magnús Óskar Ólafsson fylgdist með, hvað væri að gerast, og skyldi hann fara með bátnum norður. Hann kveðst svo hafa farið með Magnúsi til Hafnarfjarðar og hafi þá togveiðibúnaðurinn, sem tekinn var í land, verið kominn um borð aftur, en net hafi engin sést.

Jón Guðmundsson, útgerðarstjóri stefnda og einn af eigendum fyrirtækisins, hefur skýrt svo frá, að bátar, sem stefndi gerði út, hafi yfirleitt alltaf stundað veiðar í net á vetrarvertíð. Á árinu 1976 hafi v/s Sjóli stundað veiðar í net, síðan hafi báturinn farið á humarveiðar og loks hafi hann stundað veiðar í botnvörpu. Báturinn hafi svo verið tekinn í slipp í desembermánuði, þar sem hann hafi verið þar til í marsmánuði 1977. Á meðan báturinn var í slipp, hafi skipverjar unnið við hann eftir því sem unnt var og í þeirra verkahring. Er báturinn kom úr slipp, hafi hann verið útbúinn til togveiða, því skipverjar hafi verið því heldur mótfallnir að stunda veiðar í net. Hann hafi sagt þeim, að ef þessar veiðar gengju ekki, þá yrði að skipta yfir á veiðar í net. Hann kveður veiðar bátsins hafa gengið mjög illa, en veiðar hjá bátum hafi yfirleitt gengið vel á þessum tíma. Hafi hann nú ekki séð annan kost en að gera bátinn út á netaveiðar og ef það tækist ekki, þá yrði að leggja bátnum eða aða reyna að selja hann. Báturinn hafi verið búinn að vera á söluskrá og hafi hann um þetta leyti verið auglýstur í blöðum. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda þá komist í samband við Ólaf Stefánsson skipasala. Það hafi þó verið reiknað með því, að báturinn færi á

netaveiðar og farið hafi að lifna yfir þeim veiðum í Grindavíkurdýpi, á Breiðafirði og einnig hafi verið farið að fiskast fyrir norðan. Hafi veiðar á þessum svæðum komið til greina, því allt hafi verið skárra en togveiðar, sem ekkert gengu. Muni hann hafa rætt þetta við skipverjana, þegar báturinn kom til hafnar um miðjan aprílmánuð. Jón kveður sér hafa fundist rétt að gera úrslitatilraun með það, hvort hægt væri að selja bátinn, þar sem báturinn hafi verið nýkominn úr stórri viðgerð og í fullkomnu lagi. Hafi því verið ákveðið að auglýsa bátinn. Hafi skipasalinn talið heppilegra að hægt væri að afhenda bátinn strax, ef kaupandi byðist. Muni báturinn svo hafa verið auglýstur þannig. Jón kveðst ekki hafa verið búinn að hugsa um það, hvernig færi með áhöfn bátsins, ef væntanlegur kaupandi vildi fá bátinn strax. Hafi komið til álita, að áhöfnin yrði áfram á bátnum, færi í annað skiprúm eða afhendingartíminn yrði ákveðinn í samráði við áhöfnina. Hins vegar sé það einsdæmi, að bátar séu afhentir strax. Það muni svo hafa verið um helgina 23. apríl, sem hann hafi tilkynnt skipstjóranum, að farið yrði á netaveiðar og yrði farið að undirbúa bátinn undir þær veiðar strax daginn eftir. Undirtektir skipstjórans hafi ekki verið góðar, en hann kveðst hafa sagt honum, að ekki væri um annað að ræða og skyldu skipverjar mæta til skips til að skipta um veiðarfæri. Hafi svo verið unnið við það 24. apríl. Hafi skipverjarnir rætt um þetta og tilkynnt, að þeir væru algerlega mótfallnir því að fara á netaveiðar. Hafi þeir þá sagt allir nema Magnús Óskar Ólafsson, að ef ákveðið væri að senda bátinn á netaveiðar, þá mundu þeir hætta á bátnum. Hafi Magnús viljað hugsa sig um og einnig matsveinninn. Hafi hann sagt Magnúsi og matsveininum, að þeir yrðu að ákveða, hvað þeir ætluðu að gera, og yrðu þá að mæta til vinnu við að útbúa bátinn um morguninn. Við hina skipverjana kveðst Jón hafa sagt, að það væri allt í lagi, þótt þeir hættu á bátnum, og mundi hann reyna að fá aðra skipshöfn. Jón kveður 8—10 menn vera á bátum af sömu stærð og v/s Sjóli, er þeir stunda netaveiðar. Hann kveðst á þessum tíma ekki hafa verið búinn að ákveða, hvert hann mundi senda bátinn á netaveiðar. Hann hafi strax daginn eftir auglýst eftir skipstjóra og skipshöfn. Hafi hann fengið skipstjóra, Steindór, og mann, sem átti að vera stýrimaður, en var réttindalaus, svo og mann, sem átti að vera vélstjóri, en skilaði sér ekki um borð, þegar til kom. Þá hafi hann einnig fengið tvo unglinga, en annar hafi mætt einu sinni og svo hafi hann ekki sést meir. Jón kveður nú nokkra aðilja hafa sýnt áhuga á að kaupa bátinn og hafi verið gengið frá kaupum við einn þeirra, Hjörleif Hallgríms. Hafi verið gerður skriflegur samningur og hafi kaupin gengið fljótt fyrir sig. Í upphaflegum texta samningsins hafi staðið, að báturinn yrði afhentur í apríl 1977, og muni það hafa stafað af því, að Hjörleifur hafi viljað fá bátinn strax, þar sem hann hafi verið að skila bát, sem hann var með. Muni skipasalinn hafa sett þetta

inn í samninginn að beiðni Hjörleifs. Jón kveðst hafa neitað þessu algerlega, enda hafi útborgun verið tiltölulega lítil auk þess sem besti vertíðartíminn var að fara í hönd svo og humarveiðitíminn. Hafi hann viljað draga að afhenda bátinn fram yfir humarveiðitímann, en hann sé fyrstu vikurnar í ágúst. Hafi því endanlegur afhendingartími verið miðaður við það. Hafi ákvæðinu um afhendingartíma í samningnum verið breytt í samræmi við þetta, áður en skrifað var undir samninginn. Þegar hins vegar kom í ljós, að ekki fékkst áhöfn á bátinn, hafi verið ákveðið að afhenda hann strax næstu daga og muni það hafa verið gert rétt fyrir mánaðamótin, fimmtudaginn 28. eða föstudaginn 29. apríl.

Vitnið Steindór Arason kveður Jón Guðmundsson hafa ráðið sig til að sigla v/s Sjóla til Akureyrar og hafi Jón talað við sig 2—3 dögum áður en farið var norður. Auglýst hafi verið eftir áhöfn á bát til veiða í þorskanet. Hafi átt að gera bátinn út frá Norðurlandi, en útgerðarstaður hafi ekki verið ákveðinn. Hafi hann verið ráðinn þannig, að ef honum litist á hlutina fyrir norðan, þá gæti hann haldið áfram sem skipstjóri. Ekki kveðst Steindór muna, hvort Jón Guðmundsson hafi talað um það sérstaklega, að til stæði að selja bátinn, en hann hafi heyrt rætt um, að báturinn yrði seldur norður. Steindór kveður sér hafa skilist á heimamönnum, er báturinn kom norður, að búið væri að selja bátinn. Hafi sér þá strax orðið ljóst, að önnur útgerð og önnur skipshöfn mundi taka við bátnum. Hafi þá komið um borð það, sem eftir var af skipshöfninni á v/s Gylfa Erni, en sá bátur hafi átt veiðarfæri í sjó. Steindór kveðst nú hafa farið eina veiðiferð þarna fyrir norðan með v/s Sjóla sem skipstjóri, en sér hafi ekki litist á útgerðina á bátnum. Hann hafi því eiginlega ekki farið þá ferð sem skipstjóri, heldur til að kynna skipstjóranum á v/s Gylfa Erni og skipshöfn þess báts ýmislegt um borð í v/s Sjóla.

Magnús Óskar Ólafsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað störf á v/s Sjóla um 20. maí 1976 og hafi þá verið stundaðar humarveiðar. Báturinn hafi svo farið í slipp í desember og hafi skipverjar verið afskráðir, en þeir hafi hins vegar unnið við bátinn, þar sem hann var í slippnum, þar til hann fór á flot aftur í marsmánuði 1977. Hafi báturinn síðan stundað togveiðar. Um 14. apríl hafi togvindan bilað og hafi útgerðarstjórinn viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar. Hafi verið unnið þar að viðgerð á togvindunni. Þegar viðgerðinni var að ljúka, hafi skipverjarnir farið að sjá auglýsingar um, að báturinn væri til sölu. Hafi skipverjar spurt útgerðarstjórann, hvort ætlunin væri að selja bátinn, en hann hafi svarað, að ætlunin væri að athuga söluhorfur á bátnum. Það muni svo hafa verið 19. apríl sem útgerðarstjórinn hafi spurt skipverjana fjóra, hvernig þeim litist á að fara á veiðar í þorskanet norður á Eyjafirði, en hann hafi ekki verið búinn að minnnast á þetta áður. Þeim hafi ekki litist of vel á þetta og spurt, hvort

útgerðarstjórinn væri ákveðinn að senda bátinn á netaveiðar. Magnús kveður skipsfélaga sína hafa verið ákveðna að hætta strax, en hann hafi viljað vita, hvað úr þessu yrði, og hafi hann ekki neitað að vera áfram á bátnum. Um kvöldið þennan sama dag hafi þeim verið sagt að koma um borð og taka veiðarfærin upp úr bátnum. Þeir hafi gert það næsta laugardag. Sjálfur kveðst Magnús hafa mætt til skips tvisvar á dag til 27. apríl og hafi hann lensað bátinn og séð um vélarnar, sem verið hafi í gangi. Dagana 25. og 26. apríl hafi menn úr landi unnið við að setja upp netabúnað í bátnum. Þeir skipverjarnir hafi spurt mennina, hvort báturinn væri að fara á netaveiðar, og hafi þeir játað því og sagt, að búið væri að selja bátinn. Þeir skipverjarnir hafi þá farið og spurt útgerðarstjórann, Jón Guðmundsson, hvort búið væri að selja bátinn, en hann hafi svarað því neitandi. Hafi þetta verið 25. apríl. Magnús kveðst svo hafa fengið skeyti frá stefnda, þar sem fram hafi komið, að þar sem hann hefði ekki mætt til vinnu undanfarna daga, þá væri talið, að hann væri hættur á bátnum. Hann hafi þá sent svarskeyti um hæl þess efnis, að hann hefði haft eftirlit með bátnum og teldi sig ekki hættan, en hann óskaði eftir lengri umhugsunarfresti. Hafi hann svo fengið skeyti frá stefnda um að mæta til skips að kvöldi þess 27. apríl. Hann hafi svo mætt til skips um 15 mínútum fyrir brottfarartíma. Jón Guðmundsson útgerðarstjóri hafi þá sagt, að búið væri að selja bátinn og kæmi skipverjum það ekki við. Þar sem hann, þ. e. Magnús, teldi sig ráðinn á bátinn, þá skyldi hann koma sér að verk, því verið væri að leysa landfestar. Magnús kveðst svo hafa farið með bátnum norður í land. Nýr skipstjóri hafi verið á bátnum og einnig hafi verið nýr vélstjóri. Þegar svo báturinn kom norður til Akureyrar, hafi hann fyrst hitt Hjörleif Hallgríms. Þar hafi verið fyrir hátt í fulla áhöfn á bátinn, en Hjörleifur hafi þó spurt þá, sem komu með bátnum, hvort þeir vildu vera áfram um borð. Hafi Hjörleifur sagst gera bátinn út, því að hann væri búinn að kaupa hann. Magnús kveðst þá hafa sagt, að hann teldi sig ekki lengur skráðan á bátinn og teldi hann sig lausan allra mála. Hann ætlaði ekki að ráða sig hjá Hjörleifi. Magnús kveðst hafa séð skráningarbók skipsins og hafi hann ekki verið skráður á bátinn í ferð hans norður. Hann hafi ekki vitað, hvenær hann var afskráður, enda hafi sér ekki verið gefinn kostur á að vera þá viðstaddur.

Gunnar Sigurðsson kveðst hafa ráðist á v/s Sjóla sem stýrimaður haustið 1976 og verið á bátnum óslitið þar til í aprílmánuði 1977. Hafi verið stundaðar togveiðar, en báturinn hafi verið í slipp frá því í desember 1976 og þar til um mánaðamótin mars/apríl 1977. Hann kveður veiðar hafa gengið illa. Bilun hafi svo orðið í vindunni og hafi báturinn þá farið til Hafnarfjarðar til viðgerðar. Hafi svo verið unnið að viðgerð og hafi hann mætt til skips. Það muni svo hafa verið laugardaginn 22. apríl sem skipverjarnir

hafi verið kvaddir suður í Hafnarfjörð og hafi útgerðarstjórinn farið að tala um að senda bátinn til netaveiða norður í Eyjafjörð. Hafi hann nokkrum sinnum áður verið búinn að nefna að senda bátinn til netaveiða. Kveðst Gunnar hafa sagt útgerðarstjóranum, að ekki kæmi til greina, að hann færi á netaveiðar. Skipverjarnir hafi svo mætt á sunnudeginum til að taka togveiðibúnaðinn í land og hífa netapalla um borð. Gunnar kveðst áður hafa verið búinn að heyra frá mönnum, sem unnu við að setja niður netapalla um borð, að búið væri að selja bátinn. Búið hafi verið að auglýsa bátinn og hafi einhver komið til að skoða hann. Útgerðarstjórinn hafi verið við bátinn og hafi hann sagt, að þeir, sem ætluðu til netaveiða með bátnum, skyldu mæta á mánudeginum, en hinir ekki. Kveðst Gunnar svo ekki hafa haft frekar samband við útgerð bátsins, nema hvað hann hafi sótt uppgjör, og hafi ekki farið fram neinar sérstakar umræður milli hans og fyrirsvarsmanna stefnda. Hann kveðst ekki hafa fengið símskeyti frá útgerðinni, en á þessum tíma hafi hann verið fluttur að Austurbrún 4, en við skráningu á bátinn hafi hann átt heima að Fálkagötu 30.

Vitnið Hjörleifur Hallgríms Herbertsson kveðst hafa keypt v/s Sjóla af stefnda. Hafi aðdragandinn verið sá, að hann hafi séð bátinn auglýstan í Morgunblaðinu í aprílmánuði 1977. Hann hafi svo af því tilefni hringt í þann aðilja, sem hafði bátinn til sölu, og innt eftir venjulegum upplýsingum. Hafi þetta ekki verið löngu áður en kaupsamningur var undirritaður. Ekki hafi neitt verið endanlega ákveðið í þessu samtali annað en það, að hann hafi haft fullan hug á að kaupa bátinn eftir þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið. Hann hafi svo ákveðið að fara til Reykjavíkur. Þar hafi hann rætt við Ólaf Stefánsson, sem veitt hafi frekari upplýsingar um bátinn og væntanleg kjör. Hafi Ólafur minnst á, að smávandkvæði væru í sambandi við söluna og mundi Jón Guðmundsson skýra frá þeim. Hjá Jóni hafi svo komið fram, að vandkvæði þessi væru í sambandi við áhöfnina, sem var á bátnum. Hafi Jón spurt, hvort hann vildi taka við áhöfn bátsins út löglegan uppsagnartíma, ef mennirnir vildu vera áfram. Að öðrum kosti gæti hann ekki svarað því strax, hvort afhending bátsins gæti farið fram strax eða ekki. Hallgrímur kveðst hafa talið það vel geta komið til greina. Það muni svo hafa verið 1—2 dögum áður en samningurinn var undirritaður sem hann hafi gefið ákveðið svar við því, að hann mundi taka við áhöfninni, ef á þyrfti að halda, og gæti hún verið áfram á bátnum. Hafi svo kaupsamningurinn verið undirritaður með þessu fororði. Ekki hafi verið ákveðinn neinn afhendingartími, en hann hafi farið fram á, að reynt yrði að leysa þetta mál sem fyrst, því fyrr sem hann fengi bátinn því betra. Hjörleifur kveðst hafa gert út annan bát, en búið hafi verið að leggja honum, því hann hafi verið ósjófær. Hafi einhverjir af áhöfn hans ætlað að koma yfir á v/s Sjóla, en ekki hafi legið ljóst fyrir, hvort allir kæmu eða

hann missti einhverja þeirra. Hafi ýmislegt bent til, að menn, sem bjuggu í Vestmannaeyjum, færu af bátnum. Hjörleifur kveður afhendingartíma bátsins ekki hafa verið ákveðinn fyrir fram. Hann hafi svo verið látinn vita dag einn, að málin væru farin að skýrast og mundi liggja fyrir alveg á næstunni, hvort hægt væri að senda bátinn norður næstu daga. Hann hafi svo verið látinn vita, er báturinn var að leggja úr höfn í Hafnarfirði. Hafi Jón skýrt sér frá þessu og hvaða menn mundu verða með bátnum norður. Kveðst Hjörleifur ekki hafa spurt, hvort það væri fyrri áhöfn eða menn, sem hefðu verið fengnir til að sigla bátnum norður. Þegar svo báturinn kom til Akureyrar, hafi hann spurt tvo menn af áhöfn bátsins, sem sigldu honum norður, hvort þeir vildu vera áfram á bátnum. Hafi það verið skipstjórinn og Magnús Óskar ÓLafsson, sem hann hafi talið 2. vélstjóra. Hafi Magnús svarað því neitandi og borið við heimilisástæðum, en skipstjórinn hafi svarað, að þeir hefðu fyrst og fremst verið ráðnir til að sigla bátnum norður. Hjörleifur kveður róðra á bátnum svo hafa hafist fljótlega og hafi verið á honum sama áhöfn og verið hafði á bátnum, sem hann hafði gert út áður, nema hvað menn, sem voru frá Vestmannaeyjum, hafi fengið að fara úr skiprúmi að eigin ósk, áður en ráðningartíminn var út runninn. Hjörleifur kveðst hafa greitt mönnum þeim, sem sigldu bátnum norður, laun og einnig ferðakostnað þeirra frá Akureyri.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í sölu bátsins til Hjörleifs Hallgrímssonar (sic) hafi falist einhliða, fyrirvaralaus og ólögleg uppsögn stefnanda úr starfi sem skipstjóra á v/s Sjóla. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki ætlað sér að gera bátinn út til netaveiða fyrir Norðurlandi og hafi bollaleggingar hans um það verið blekking, ætlaðar til að komast hjá lögboðnum og samningsbundnum uppsagnarfresti. Hafi komið í ljós, að hinn 22. apríl hafi verið búið að ráða skipstjóra til að sigla bátnum til Akureyrar. Búið hafi verið að selja bátinn og átt hafi að afhenda hann strax. Er því haldið fram, að stefnandi hafi fullnægt skyldum sínum sem skipstjóri á v/s Sjóla og hafi í engu brotið af sér í því efni. Eigi hann því rétt á launum fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. 3. gr. sjómannalaga. Samkvæmt kaupskrá hafi kauptrygging skipstjóra á þessum tíma numið kr. 147.000 á mánuði, eða kr. 441.000 í þrjá mánuði. Til viðbótar þessu falli undir samningsbundið fastakaup kr. 3.875 á mánuði, eða kr. 11.625 í þrjá mánuði. Þá eigi stefnandi rétt til orlofs skv. 7. gr. orlofslaga og 23. gr. kjarasamnings skipstjóra og hafi það numið 8⅓% af öllum launum og nemi orlofsgreiðslur af framangreindum fjárhæðum því kr. 37.704. Þá séu ógreiddar eftirstöðvar af kaupi stefnanda, kr. 21.876. Nemi heildarkrafa stefnanda því kr. 512.205.

Af hálfu stefnda kemur fram, að er stefnandi og aðrir skipverjar voru ráðnir á v/s Sjóla vorið 1977, hafi verið um það rætt, að fyrst yrði farið

á togveiðar, en ef þær gengju ekki vel, mundi farið á netaveiðar, svo sem venja sé. Báturinn hafi því verið á togveiðum, en ekki humarveiðum, svo sem fram komi af hálfu stefnanda, er stefndi hafi hinn 23. apríl 1977 ákveðið að senda hann til netaveiða sökum lélegs afla á togveiðum. Sé ekkert í lögum eða kjarasamningum, sem banni útgerðaraðilja að breyta um veiðiaðferðir eða veiðisvæði. Þegar útgerðarstjóri stefnda hafi tilkynnt stefnanda, að skipta ætti um veiðarfæri, og skipverjar komu um borð í bátinn 24. apríl 1977, hafi þeir að einum undanskildum tilkynnt, að þeir væru hættir á skipinu, ef það færi á netaveiðar. Hafi skipverjum verið tjáð, að ef þeim snerist hugur og þeir vildu vera áfram á skipinu, skyldu þeir mæta til vinnu morguninn eftir, hinn 25. apríl. Fyrirsvarsmanni stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að neinn skipverja hefði mætt til skips þann dag, og hafi hann því haft réttmæta ástæðu til að ætla, að þeir, þar á meðal stefnandi, vildu ekki fara á netaveiðar og væru hættir á skipinu. Í hádegisútvarpi þann dag hafi því verið auglýst eftir skipshöfn og hafi Steindór Arason verið ráðinn skipstjóri á skipið og einnig hafi verið ráðinn Kristján Jónsson. Hafi þeir strax farið að vinna við að búa skipið til netaveiða ásamt mönnum frá skipasmíðastöð, sem þegar hafi verið byrjaðir á því verki. Þessir menn hafi hvorki séð stefnanda né neinn annan af fyrrverandi skipverjum mæta til vinnu við skipið, á meðan unnið var við að búa það til netaveiða. Að morgni 25. apríl hafi skipverjarnir verið búnir að fjarlægja persónulegar eigur sínar frá borði að undanskildum stefnanda og Magnúsi Óskari Ólafssyni, sem höfu skilið teppi og sæng eftir um borð. Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að alröng sé sú staðhæfing stefnanda, að honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust. Staðreynd málsins sé sú, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp fyrirvaralaust og hafi fyrirsvarsmaður stefnda fallist á að hafa ekki uppi bótakröfu á hendur honum. Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að bátur stefnda hafi verið seldur fyrirvaralaust 24. apríl 1977 og að sú sala hafi á einhvern hátt haft áhrif á mál þetta, þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi um nokkra hríð verið að reyna að selja bátinn og hafi m. a. verið búið að auglýsa hann í dagblöðum. Hafi skipverjar spurt um það nokkrum sinnum, hvernig gengi að selja bátinn. Hinn 24. apríl hafi stefndi gert kaupsamning við Hjörleif Hallgríms, en þegar kaupsamningurinn var undirritaður, hafi verið óvíst um afhendingartíma og því hafi verið samið um, að afhending bátsis færi fram í síðasta lagi 15. ágúst 1977, en stefndi skyldi gera bátinn út, þar til afhending færi fram. Þegar svo í ljós hafi komið, að skipshöfnin hafi fyrirvaralaust sagt upp störfum 24. apríl og full skipshöfn hafi ekki fengist þrátt fyrir tilraun til þess hinn 25. apríl, hafi skipið verið afhent kaupanda í Hafnarfjarðarhöfn 27. apríl, kl. 2000. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi hafi sjálfur fyrirvaralaust sagt upp störfum hinn 24. apríl og hafi sú

uppsögn verið samþykkt af hálfu stefnda. Eigi stefnandi því ekki rétt til launa þeirra, sem hann gerir kröfu til, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Verði hins vegar litið svo á, að fyrirvaralaus uppsögn stefnanda sé ekki sönnuð og um hafi verið að ræða fyrirvaralausa uppsögn af hálfu stefnda, þá er því haldið fram, að sú uppsögn hafi verið réttlætanleg með vísan til 33. gr. laga nr. 67/1963, þar eð stefnandi hafi ekki mætt til skips til vinnu, svo sem að framan sé rakið, og leiði það til sýknu.

Stefndi hafði auglýst v/s Sjóla til sölu og til afhendingar strax. Hinn 24. apríl 1977 undirritaði fyrirsvarsmaður stefnda samning um sölu bátsins, og var kaupandinn Hjörleifur Hallgríms, útgerðarmaður á Akureyri. Þótt í upphaflegum texta samningsins væri gert ráð fyrir því, að báturinn skyldi afhentur í aprílmánuði, verður að leggja til grundvallar, að endanlega hafi verið samið um, að afhending skyldi fara fram fyrir 15. ágúst eða fyrr og ef afhending drægist fram yfir 1. maí, skyldi báturinn afhentur í Akureyrarhöfn á kostnað stefnda. Hefur Hjörleifur borið, að einhver vandkvæði hafi verið hjá stefnda í sambandi við áhöfn þá, sem á bátnum var. Hafi hann, þ. e. Hjörleifur, sagst mundu taka við áhöfninni og gæti hún verið áfram á bátnum, ef á þyrfti að halda. Bátur sá, sem Hjörlefiur hafði gert út, var ósjófær, og hafði honum verið lagt. Fyrirsvarsmaður stefnda skýrði skipverjum á v/s Sjóla frá því, að hann ætlaði að senda bátinn til netaveiða fyrir Norðurlandi. Sendi hann stefnanda símskeyti, svo sem áður er rakið. Stefndi auglýsti eftir nýrri áhöfn á bátinn til netaveiða, en ekki bauðst nema hluti áhafnar á bátinn, sem nauðsynleg var til þeirra veiða, enda vart við því að búast, er svo langt var liðið á vetrarvertíð. Var síðan ráðin áhöfn á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, og mun hafa verið um það rætt, að einhverjir af henni gætu orðið áfram á bátnum. Er báturinn kom til Akureyrar, kom um borð hluti áhafnar báts þess, sem Hjörleifur hafði gert út áður. Fór Steindór Arason, sem var skipstjóri á siglingu bátsins norður, eina veiðiferð með bátnum, eftir að norður kom, til að kynna nýju skipshöfninni ýmislegt um borð í bátnum. Þegar litið er á öll atvik málsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirætlun fyrirsvarsmanns stefnda um að senda v/s Sjóla til netaveiða fyrir Norðurlandi hafi verið sett fram til málamynda til að losna við skipverjana af bátnum, en fram er komið, að þeir voru mótfallnir því að fara til netaveiða. Féll undirbúningur bátsins til netaveiða saman við framkvæmdir við afhendingu bátsins til hins nýja eiganda. Þykir verða að leggja til grundvallar, eins og mál þetta liggur fyrir, að aðgerðir fyrirsvarsmanns stefnda hafi beinst að því að afhenda v/s Sjóla hinum nýja eiganda fyrir 1. maí 1977. Stefnandi var ráðinn til stefnda, og var honum óskylt að fylgja bátnum, er nýr eigandi tók við honum. Verður því litið svo á, að með þessum aðgerðum stefnda hafi verið rofið ráðningarsamband stefnanda við stefnda fyrirvaralaust og

eigi stefnandi því rétt á launum umsaminn uppsagnarfrest skv. 3. mgr. 22. gr. samnings um kjör skipstjóra og stýrimanna á íslenskum fiskiskipum, sbr. 3. gr. sjómannalaga, þ. e. í þrjá mánuði.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Í stefnu hefur stefnandi krafist vaxta af stefnufjárhæðinni. Með vísan til ákvæða laga nr. 56/1979 um breytingu á lögum nr. 85/1936 þykir mega beita ákvæðum um dómvexti að kröfu stefnanda, þótt ekki hafi sú krafa komið fram í framhaldsstefnu og þótt sú breyting á kröfugerðinni hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefnda, en ekki þykir unnt að dæma dráttarvexti samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 512.205 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 220.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnanda, Ísleifi Haraldssyni, kr. 512.205 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 38/1981. **Sjólastöðin h/f**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Magnúsi Óskari Ólafssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. september 1980. Útivist varð af hans hálfu 2. febrúar 1981, en hann áfrýjaði málinu að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með stefnu 6. febrúar s. á. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 4.903.29 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtm frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en dómvöxtum frá þeim degi tl greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem verið hafði einn vélstjóri á v/b Sjóla, RE 18, hafði aldrei neitað að fara á netaveiðar á bátnum. Miða verður við, að réttur sé sá framburður hans, að hann hafi komið til starfa hvern dag, eftir að farið var að búa bátin til netaveiða í Hafnarfjarðarhöfn. Hann fór með bátnum til Akureyrar. Þá kom í ljós, að hinn nýi eigandi hafði tekið við útgerð bátsins. Stefndi hafði verið afskráður úr skiprúmi 24. apríl og annar vélstjóri ráðinn í hans stað

og lögskráður 27. apríl. Verður þó ekki séð, að áfrýjandi hafi mátt telja, að stefndi væri hættur á bátnum. Þessar aðstæður þykja, eins og hér stendur á, jafngilda því, að stefnda hafi verið vikið úr starfi og að hann eigi rétt á bótum samkvæmt 34. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, þar sem ráðningarsamningur hans var ekki á enda. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð bótanna. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 4.903.29 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um málkostnað.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnda, Magnúsi Óskari Ólafssyni, 4.903.29 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1983, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 7. 000.00 krónur í málskostað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. f. m., hefur Magnús Óskar Ólafsson, Arnarhrauni 5, Grindavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. september 1977, á hendur Sjólastöðinni h/f, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 490,329 með 2.5% dráttarvöxtum á mán-

uði frá 1. maí 1977 til 1. ágúst s. á., en 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá var krafist viðurkennignar á sjóveðrétti í v/b Helga Magra, EA 277, áður Sjóla, RE 18, fyrir dæmdum fjárhæðum, en við munnlegan flutning málsins var fallið frá þeirri kröfu. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að frá 21. desember 1979 verði dæmdir dómvextir skv. lögum nr. 56/1979.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að þann 20. ágúst 1976 hafi stefnandi verið ráðinn vélstjóri á skip stefnda, v/s Sjóla, RE 18, til togveiða um óákveðinn tíma. Samkvæmt 2 mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og 31. gr. kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sbr. bráðabirgðalög nr. 98/1976 um kaup og kjör sjómanna, hafi hann í starfi sínu notið þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hinn 24. apríl 1977 hafi v/s Sjóli verið seldur Hjörleifi Hallgríms fyrirvaralaust án vitundar stefnanda og án þess að honum væri sagt upp starfi sínu með löglegum fyrirvara. Samkvæmt 34. gr. sjómannalaga eigi stefnandi rétt á launum í eigi skemmri tíma en nemur uppsagnarfrestinum.

Samkvæmt skipshafnarskrá v/s Sjóla, sem fram hefur komið í málinu, var stefnandi lögskráður á bátinn 30. mars 1977 til togveiða, og skyldi kaup og kjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Var stefnandi síðan afskráður 24. apríl s. á. ásamt öðrum skipverjum. Kemur og fram, að hvorki skipstjórinn né aðrir skipverjar hafi mætt til lögskráningar og hafi þeir ekki undirritað skipshafnarskrána. Hafi hún því verið færð eftir upplýsingum útgerðar bátsins.

Fram er komið, að 26. apríl 1977 sendi stefndi stefnanda svohljóðandi símskeyti:

„Þar eð þú hefur ekki komið til starfa þá lítum við svo á með tilvísun til samtals okkar að þú óskir eftir slitum á ráðningarsamningi v/ v/s Sjóli RE 18 með tilvísun til sama samtals staðfestum við að ekki verða gerðar eftirkröfur vegna ráðningarslita."

Þessu skeyti svaraði stefnandi með svohljóðandi símskeyti:

„Þar sem ég hef mætt til vélgæslustarfa um borð í v/s Sjóla RE 18 mánud. og þriðjudag og með tilvísun til samtals okkar sunnud. 24. apríl kl. 17.30 um lengri ummsagnarfrest en til mánudags 25/4 kl. 08.00 um slit á ráðningarsamningi óska ég skýringar á skeyti yðar dagsettu 26/4 1977."

Sendi stefndi síðan stefnanda svohljóðandi símskeyti 27 apríl:

„Þökkum skeyti dags. í dag sé ályktun okkar varðandi óskir þínar um ráðningarslit og upplýsingar okkar um mætingar mánudag og þriðjudag

rangar þá tilkynnum við þér brottför skipsins frá Hafnarfirði í kvöld og óskum eftir að þú mætir kl. 20."

Í skiphafnarskrá bátsins frá 27. apríl 1977 kemur fram, að þann dag hefur Steindór Arason verið skráður skipstjóri á bátinn, og einnig voru þá skráðir þrír menn aðrir á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, en þangað hafi báturinn verið seldur.

Með auglýsingum í Morgunblaðinu 19. og 20. apríl 1977 var v/s Sjóli auglýstur til sölu og afhendingar strax.

Með samningi, dags. 24. apríl, sem lagður hefur verið fram í málinu, keypti Hjörleifur Hallgríms v/s Sjóla af stefnda. Í upphaflegum texta samningsins hefur verið gert ráð fyrir, að báturinn yrði afhentur í aprílmánuði, en í breyttri mynd er endanlegt ákvæði samningsins um afhendingartíma svohjóðandi: „Skipið afhendist í Hafnarfjarðarhöfn með fullgildu haffærisskírteini, og hefur kaupandi þegar skoðað skipið og allan búnað þess og sættir sig við það í hvívetna. Afhending fari fram 15/8 1977 eða fyrr, ef mögulegt er. Dragist afhending fram yfir 1/5, afhendist skipið í Akureyrarhöfn á kostnað seljanda."

Verða nú raktir framburðir stefnanda, fyrirsvarsmanns stefnda og vitna, en vitnin Ísleifur Haraldsson og Gunnar Sigurðsson eiga í málaferlum við stefnda út af sömu atvikum og hér er fjallað um.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað störf á v/s Sjóla um 20. maí 1976 og hafi þá verið stundaðar humarveiðar. Báturinn hafi svo farið í slipp í desember og hafi skipverjar verið afskráðir, en þeir hafi hins vegar unnið við bátinn, þar sem hann var í slippnum, þar til hann fór á flot aftur í marsmánuði 1977. Hafi báturinn síðan stundað togveiðar. Um 14. apríl hafi togvindan bilað og hafi útgerðarstjórinn viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar. Hafi verið unnið þar að viðgerð á togvindunni. Þegar viðgerðinni var að ljúka, hafi skipverjarnir farið að sjá auglýsingar um, að báturinn væri til sölu. Hafi skipverjarnir spurt útgerðarstjórnn, hvort ætlunin væri að selja bátinn, en hann hafi svarað, að ætlunin væri að athuga söluhorfur á bátnum. Það muni svo hafa verið 19. apríl sem útgerðarstjórinn hafi spurt skiðverjana fjóra, hvernig þeim litist á að fara á veiðar í þorskanet norður á Eyjafirði, en hann hafi ekki verið búinn að minnast á þetta áður. Þeim hafi ekki litist of vel á þetta og spurt, hvort útgerðarstjórinn væri ákveðinn að senda bátinn á netaveiðar. Stefnandi kveður skipsfélaga sína hafa verið ákveðna að hætta strax, en hann hafi viljað vita, hvað úr þessu yrði, og hafi hann ekki neitað að vera áfram á bátnum. Um kvöldið þennan sama dag hafi þeim verið sagt að koma um borð og taka veiðarfærin upp úr bátnum. Þeir hafi gert það næsta laugardag. Sjálfur kveðst stefnandi hafa mætt til skips tvisvar á dag til 27. apríl og hafi

hann lensað bátinn og séð um vélarnar, sem verið hafi í gangi. Dagana 25. og 26. apríl hafi menn úr landi unnið við að setja upp netabúnað í bátnum. Þeir skipverjarnir hafi spurt mennina, hvort báturinn væri að fara á netaveiðar, og hafi þeir játað því og sagt, að búið væri að selja bátinn. Þeir skipverjarnir hafi þá farið og spurt útgerðarstjórann, Jón Guðmundsson, hvort búið væri að selja bátinn, en hann hafi svarað því neitandi. Hafi þetta verið 25. apríl. Stefnandi kveðst svo hafa fengið skeyti frá stefnda, þar sem fram hafi komið, að þar sem hann hefði ekki mætt til vinnu undanfarna daga, þá væri talið, að hann væri hættur á bátnum. Hann hafi þá sent svarskeyti um hæl þess efnis, að hann hefði haft eftirlit með bátnum og teldi sig ekki hættan, en hann óskaði eftir lengri umhugsunarfresti. Hafi hann svo fengið skeyti frá stefnda um að mæta til skips að kvöldi þess 27. apríl. Hann hafi svo mætt til skips um 15 mínútur fyrir brottfarartíma. Jón Guðmundsson útgerðarstjóri hafi þá sagt, að búið væri að selja bátinn og kæmi skipverjum það ekki við. Þar sem stefnandi teldi sig ráðinn á bátinn, þá skyldi hann koma sér að verki, því verið væri að leysa landfestar. Stefnandi kveðst svo hafa farið með bátnum norður í land. Nýr skipstjóri hafi verið á bátnum og einnig hafi verið nýr vélstjóri. Þegar svo báturinn kom norður til Akureyrar, hafi hann fyrst hitt Hjörleif Hallgríms. Þar hafi verið fyrir hátt í fulla áhöfn á bátinn, en Hjörleifur hafi þó spurt þá, sem komu með bátnum, hvort þeir vildu vera áfram um borð. Hafi Hjörleifur sagst gera bátinn út, því að hann væri búinn að kaupa hann. Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að hann teldi sig ekki lengur skráðan á bátinn og teldi hann sig lausan allra mála. Hann ætlaði ekki að ráða sig hjá Hjörleifi. Stefnandi kveðst hafa séð skráningarbók skipsins og hafi hann ekki verið skráður á bátinn í ferð hans norður. Hann hafi ekki vitað, hvenær hann var afskráður, enda hafi sér ekki verið gefinn kostur á að vera þá viðstaddur.

Jón Guðmundsson, útgerðarstjóri stefnda og einn af eigendum fyrirtækisins, hefur skýrt svo frá, að bátar, sem stefndi gerði út, hafi yfirleitt alltaf stundað veiðar í net á vetrarvertíð. Á árinu 1976 hafi v/s Sjóli stundað veiðar í net, síðan hafi báturinn farið á humarveiðar, og loks hafi hann stundað veiðar í botnvörpu. Báturinn hafi svo verið tekinn í slipp í desembermánuði, þar sem hann hafi verið þar til í marsmánuði 1977. Á meðan báturinn var í slipp, hafi skipverjar unnið við hann eftir því sem unnt var og í þeirra verkahring. Er báturinn kom úr slipp, hafi hann verið útbúinn til togveiða, því skipverjar hafi verið því mótfallnir að stunda veiðar í net. Hann hafi sagt þeim, að ef þessar veiðar gengju ekki, þá yrði að skipta yfir á veiðar í net. Hann kveður veiðar bátsins hafa gengið mjög illa, en veiðar hjá bátum hafi yfirleitt gengið vel á þessum tíma. Hafi hann nú ekki séð annan kost en að gera bátinn út á netaveiðar og ef það tækist

ekki, þá yrði að leggja bátnum eða að reyna að selja hann. Báturinn hafi verið búinn að vera á söluskrá og hafi hann um þetta leyti verið auglýstur í blöðum. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda þá komist í samband við Ólaf Stefánsson skipasala. Það hafi þó verið reiknað með því, að báturinn færi á netaveiðar, og farið hafi að lifna yfir þeim veiðum í Grindavíkurdýpi, á Breiðafirði og einnig hafi verið farið að fiskast fyrir norðan. Hafi veiðar á þessum svæðum komið til greina, því allt hafi verið skárra en togveiðar, sem ekkert gengu. Muni hann hafa rætt þetta við skipverjana, þegar báturinn kom til hafnar um miðjan aprílmánuð. Jón kveður sér hafa fundist rétt að gera úrslitatilraun með það, hvort hægt væri að selja bátinn, þar sem báturinn hafi verið nýkominn úr stórri viðgerð og í fullkomnu lagi. Hafi því verið ákveðið að auglýsa bátinn. Hafi skipasalinn talið heppilegra, að hægt væri að afhenda bátinn strax, ef kaupandi byðist. Muni báturinn svo hafa verið auglýstur þannig. Jón kveðst ekki hafa verið búinn að hugsa um það, hvernig færi með áhöfn bátsins, ef væntanlegur kaupandi vildi fá bátinn strax. Hafi komið til álita, að áhöfnin yrði áfram á bátnum, færi í annað skiprúm eða afhendingartíminn yrði ákveðinn í samráði við áhöfnina. Hins vegar sé það einsdæmi, að bátar séu afhentir strax. Það muni svo hafa verið um helgina 23. apríl sem hann hafi tilkynnt skipstjóranum, að farið yrði á netaveiðar og yrði farið að undirbúa bátinn undir þær veiðar strax daginn eftir. Undirtektir skipstjórans hafi ekki verið góðar, en hann kveðst hafa sagt honum, að ekki væri um annað að ræða og skyldu skipverjar mæta til skips til að skipta um veiðarfæri. Hafi svo verið unnið við það 24. apríl. Hafi skipverjarnir rætt um þetta og tilkynnt, að þeir væru algerlega mótfallnir því að fara á netaveiðar. Hafi þeir þá sagt allir nema stefnandi, að ef ákveðið væri að senda bátinn á netaveiðar, þá mundu þeir hætta á bátnum. Stefnandi hafi hins vegar viljað hugsa sig um og einnig matsveinninn. Hafi hann sagt Magnúsi og matsveininum, að þeir yrðu að ákveða, hvað þeir ætluðu að gera, og yrði þá að mæta til vinnu við að útbúa bátinn um morguninn. Við hina skipverjana kveðst Jón hafa sagt, að það væri allt í lagi, þótt þeir hættu á bátnum, og mundi hann reyna að fá aðra skipshöfn. Jón kveður 8—10 menn vera á bátum af sömu stærð og v/s Sjóli, er ekki stunda netaveiðar. Hann kveðst á þessum tíma ekki hafa verið búinn að ákveða, hvert hann mundi senda bátinn á netaveiðar. Hann hafi strax daginn eftir auglýst eftir skipstjóra og skipshöfn. Hafi hann fengið skipstjóra, Steindór, og mann, sem átti að vera stýrimaður, en var réttindalaus, svo og mann, sem átti að vera vélstjóri, en skilaði sér ekki um borð, þegar til kom. Þá hafi hann einnig fengið tvo unglinga, en annar hafi mætt einu sinn og svo hafi hann ekki sést meir. Jón kveður nú nokkra aðilja hafa sýnt áhuga á að kaupa bátinn og hafi verið gengið frá kaupum við einn þeirra, Hjörleif Hallgríms. Hafi verið gerður skriflegur

samningur og hafi kaupin gengið fljótt fyrir sig. Í upphaflegum texta samningsins hafi staðið, að báturinn yrði afhentur í apríl 1977, og muni það hafa stafað af því, að Hjörleifur hafi viljað fá bátinn strax, þar sem hann hafi verið að skila bát, sem hann var með. Muni skipasalinn hafa sett þetta inn í samninginn að beiðni Hjörleifs. Jón kveðst hafa neitað þessu algerlega, enda hafi útborgun verið tiltölulega lítil auk þess sem besti vertíðartíminn var að fara í hönd svo og humarveiðitíminn. Hafi hann viljað draga að afhenda bátinn fram yfir humarveiðitímann, en hann sé fyrstu vikurnar í ágúst. Hafi því endanlegur afhendingartími verið miðaður við það. Hafi ákvæðinu um afhendingartíma í samningnum verið breytt í samræmi við þetta, áður en skrifað var undir samninginn. Þegar hins vegar kom í ljós, að ekki fékkst áhöfn á bátinn, hafi verið ákveðið að afhenda hann strax næstu daga og muni það hafa verið gert rétt fyrir mánaðamótin, fimmtudaginn 28. eða föstudaginn 29. apríl. Jón kveðst hafa sagt við stefnanda, eftir að veiðarfærin voru tekin úr bátnum, að ef hann ætlaði að vera áfram á bátnum, þá ætti hann að mæta morguninn eftir. Það hafi stefnandi ekki gert og hafi hann ekki mætt þann dag. Hafi þurft að liggja ljóst fyrir, hvort mennirnir ætluðu að mæta til skips, ef senda átti það til netaveiða. Stefnandi hafi svo ekki mætt daginn eftir. Það hafi komið sér mjög illa, því byrjað hafi verið að vinna við skipið. Stefnanda hafi svo verið sent skeyti daginn efitir og hafi hann svarað því. Hafi svo stefnanda verið sent skeyti, þar sem hann var boðaður til brottfarar. Hafi stefnandi mætt til skips, skömmu áður en það átti að fara, og hafi hann talið sig ráðinn á skipið. Kveðst Jón hafa tjáð stefnanda, að ef hann teldi sig eiga rétt á að vera vélstjóri á skipinu, þá væri eindregið óskað eftir, að hann væri það. Jafnframt hafi hann tjáð stefnanda, að búið væri að ganga endanlega frá sölu skipsins og yrði hann ráðinn hjá hinum nýja eiganda, en hann hafi haft sérstakan áhuga að fá reyndan vélstjóra og fleiri menn. Hafi stefnandi svo tekið farangur sinn og farið um borð. Jón kveðst hafa séð um lögskráningu áhafnarinnar á bátinn, áður en hann fór norður, og hafi stefnandi átt að vera skráður í þeirri ferð. Hins vegar hafi verið búið að afskrá stefnanda þann 24. apríl, er hann hafi ekki látið heyra í sér, hvort hann ætlaði að vera áfram á bátnum eða ekki.

Vitnið Steindór Arason kveður Jón Guðmundsson hafa ráðið sig til að sigla v/s Sjóla til Akureyrar og hafi Jón talað við sig 2—3 dögum áður en farið var norður. Auglýst hafi verið eftir áhöfn á bát til veiða í þorskanet. Hafi átt að gera bátinn út frá Norðurlandi, en útgerðarstaður hafi ekki verið ákveðinn. Hafi hann verið ráðinn þannig, að ef honum litist á hlutina fyrir norðan, þá gæti hann haldið áfram sem skipstjóri. Ekki kveðst Steindór muna, hvort Jón Guðmundsson hafi talað um það sérstaklega, að til stæði að selja bátinn, en hann hafi heyrt rætt um, að báturinn yrði seldur

norður. Steindór kveðst hafa séð stefnanda einu sinni, áður en lagt var af stað norður, og hafi þeir talað lítillega saman. Þegar svo báturinn fór norður, hafi stefnandi komið um borð á síðustu stundu. Steindór kveður sér hafa skilist á heimamönnum, er báturinn kom norður, að búið væri að selja bátinn. Hafi sér þá strax orðið ljóst, að önnur útgerð og önnur skipshöfn mundi taka við bátnum. Hafi þá komið um borð það, sem eftir var af skipshöfninni á v/s Gylfa Erni, en sá bátur hafi átt veiðarfæri í sjó. Steindór kveðst nú hafa farið eina veiðiferð þarna fyrir norðan með v/s Sjóla sem skipstjóri, en sér hafi ekki litist á útgerðina á bátnum. Hann hafi því eiginlega ekki farið þá ferð sem skipstjóri, heldur til að kynna skipstjóranum á v/s Gylfa Erni og skipshöfn þess báts ýmislegt um borð í v/s Sjóla.

Ísleifur Haraldsson, sem var skipstjóri a v/s Sjóla, hefur skýrt svo frá, að í síðasta róðrinum fyrir 22. apríl hafi vinda bátsins bilað. Hafi þá verið haldið til Grindavíkur og hringt í útgerðarstjórann og hann spurður, hvað gera ætti. Hann hafi viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar og hafi verið haldið þangað. Fyrsta daginn, sem báturinn var í Hafnarfirði, hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing um, að báturinn væri til sölu og til afhendigar strax. Hann hafi rætt þetta við útgerðarstjórann næstu daga og hafi hann sagt, að lengi hefði verið reynt að selja bátinn og væri þetta gert til reynslu. Hafi svo verið unnið við viðgerð á vindu bátsins og hafi þeir skipverjarnir verið við bátinn, á meðan á því stóð. Útgerðarstjórinn hafi verið búinn að orða það, að netabátar fyrir norðar fiskuðu ágætlega. Föstudaginn 22, apríl hafi svo útgerðarstjórinn ákveðið að láta ljúka viðgerðinni um helgina og hafi hann sagst eiga von á manni til að skoða bátinn. Hafi hann talað um, að skynsamlegast væri að senda bátinn norður til veiða í net. Hafi skipverjar tekið dræmt í það. Kveðst Ísleifur hafa átt að hringja í útgerðarstjórann daginn eftir. Er þeir hafi talað saman laugardagskvöldið, kveður Ísleifur útgerðarstjórann hafa tilkynnt sér, að hann hefði ákveðið, að báturinn færi á net norður og ættu skipverjar að mæta til skips daginn eftir, sunnudaginn 24. apríl, til að taka upp botnvörpubúnaðinn og setja netabúnað um borð. Þeir hafi svo mætt á tilsettum tíma. Hafi allur botnvörpubúnaður verið tekinn í land, en netapallar og annar búnaður til netaveiða verið settur um borð. Útgerðarstjórinn hafi þá talað um, að ekki tæki nema svona 2 daga að búa bátinn til netaveiða. Þar sem hann hafi vitað, að áhöfnin var ófús að fara til netaveiða, enda komið fram undir vertíðarlok og aðrir bátar að búa sig undir að taka upp netin, og þar sem útgerðarstjórinn hafi verið búinn að segja, að skipverjum væri frjálst að hætta án nokkurra eftirmála, kveðst Ísleifur hafa sagt, að sér fyndist eðlilegt, að þeir, sem ætluðu með bátnum til netaveiða, útbyggju hann til þeirra. Hafi útgerðarstjórinn þá sagt, að þeir, sem ekki mættu til vinnu morguninn eftir,

á mánudegi, væru hættir. Sjálfur kveðst Ísleifur hafa sagt útgerðarstjóranum, að hann byggist ekki við að fara til netaveiða, en stefnandi hafi sagst þurfa lengri umhugsunarfrest. Ísleifur kveðst svo hafa komið að bátnum rétt fyrir hádegi á mánudaginn ásamt vélstjóranum og hafi þá engan mann verið þar að sjá nema iðnaðarmenn. Vélstjórinn hafi lensað bátinn og unnið sín störf í vélarrúmi. Ísleifur kveður þá einnig hafa farið til Hafnarfjarðar þriðjudaginn 26. apríl og hafi iðnaðarmennirnir þá verið komnir langt með að ljúka við að setja upp netabúnaðinn. Hafi þeir sagt, að búið væri að selja bátinn og vildi kaupandinn fá bátinn útbúinn til netaveiða. Þarna hafi einnig verið staddur maður, sem síðar hafi reynst vera skipstjóri sá, sem sigldi bátnum til Akureyrar. Hafi hann haft eftir útgerðarstjóranum, að báturinn væri seldur til Akureyrar og hefði hann vitað um það kvöldið áður. Jafnframt hafi hann sagt bátinn fara beint til netaveiða, þegar norður kæmi. Kveðst Ísleifur þá ásamt vélstjóranum hafa tekið dót sitt og farið heim. Miðvikudaginn 27. apríl kveðst hann svo hafa fengið símskeyti þess efnis, að úgerðin áliti hann hættan á bátnum. Ísleifur kveðst hafa talað við formann sjómannadeildar Verkalýðsfélags Grindavíkur og hafi hann ekki talið þetta löglegt. Ekki kveðst Ísleifur hafa svarað skeytinu eða rætt við útgerðarstjórann. Hafi orðið að ráði, að stefnandi fylgdist með, hvað væri að gerast, og skyldi hann fara með bátnum norður. Hann kveðst svo hafa farið með Magnúsi til Hafnarfjarðar og hafi þá togveiðibúnaðurinn, sem tekinn var í land, verið kominn um borð aftur, en net hafi engin sést.

Gunnar Sigurðsson kveðst hafa ráðist á v/s Sjóla sem stýrimaður haustið 1976 og verið á bátnum óslitið þar til í aprílmánuði 1977. Hafi verið stundaðar togveiðar, en báturinn hafi verið í slipp frá því í desember 1976 og þar til um mánaðamótin mars/apríl 1977. Hann kveður veiðar hafa gengið illa. Bilun hafi svo orðið í vindunni og hafi báturinn þá farið til Hafnarfjarðar til viðgerðar. Hafi svo verið unnið að viðgerð og hafi hann mætt til skips. Það muni svo hafa verið laugardaginn 22. apríl sem skipverjarnir hafi verið kvaddir suður í Hafnarfjörð og hafi útgerðarstjórinn farið að tala um að senda bátinn til netaveiða norður í Eyjafjörð. Hafi hann nokkrum sinnum áður verið búinn að nefna að senda bátinn til netaveiða. Kveðst Gunnar hafa sagt útgerðarstjóranum, að ekki kæmi til greina, að hann færi á netaveiðar. Skipverjarnir hafi svo mætt á sunnudeginum til að taka togveiðibúnaðinn í land og hífa netapalla um borð. Gunnar kveðst áður hafa verið búinn að heyra frá mönnum, sem unnu við að setja niður netapalla um borð, að búið væri að selja bátinn. Búið hafi verið að aulýsa bátinn og hafi einhver komið til að skoða hann. Útgerðarstjórinn hafi verið við bátinn og hafi hann sagt, að þeir, sem ætluðu til netaveiða með bátnum, skyldu mæta á mánudeginum, en hinir ekki. Kveðst Gunnar svo ekki hafa

haft frekara samband við útgerð bátsins, nema hvað hann hafi sótt uppgjör, og hafi ekki farið fram neinar sérstakar umræður milli hans og fyrirsvarsmanna stefnda. Hann kveðst ekki hafa fengið símskeyti frá útgerðinni, en á þessum tíma hafi hann verið fluttur að Austurbrún 4, en við skráningu á bátinn hafi hann átt heima á Fálkagötu 30.

Vitnið Hjörleifur Hallgríms Herbertsson kveðst hafa keypt v/s Sjóla af stefnda. Hafi aðdragandinn verið sá, að hann hafi séð bátinn auglýstan í Morgunblaðinu í aprílmánuði 1977. Hann hafi svo af því tilefni hringt í þann aðilja, sem hafði bátinn til sölu, og innt eftir venjulegum upplýsingum. Hafi þetta ekki verið löngu áður en kaupsamningur var undirritaður. Ekki hafi neitt verið endanlega ákveðið í þessu samtali annað en það, að hann hafi haft fullan hug á að kaupa bátinn eftir þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið. Hann hafi svo ákveðið að fara til Reykjavíkur. Þar hafi hann rætt við Ólaf Stefánsson, sem veitt hafi frekari upplýsingar um bátinn og væntaleg kjör. Hafi Ólafur minnst á, að smávandkvæði væru í sambandi við söluna og mundi Jón Guðmundsson skýra frá þeim. Hjá Jóni hafi svo komið fram, að vandkvæði þessi væru í sambandi við áhöfnina, sem var á bátnum. Hafi Jón spurt, hvort hann vildi taka við áhöfn bátsins út löglegan uppsagnartíma, ef mennirnir vildu vera áfram. Að öðrum kosti gæti hann ekki svarað því strax, hvort afhending bátsins gæti farið fram strax eða ekki. Hallgrímur kveðst hafa talið það vel geta komið til greina. Það muni svo hafa verið 1—2 dögum áður en samningurinn var undirritaður sem hann hafi gefið ákveðið svar við því, að hann mundi taka áhöfnina, ef á þyrfti að halda, og gæti hún verið áfram á bátnum. Hafi svo kaupsamningurinn verið undirritaður með þessu fororði. Ekki hafi verið ákveðinn neinn afhendingartími, en hann hafi farið fram á, að reynt yrði að leysa þetta mál sem fyrst, því fyrr sem hann fengi bátinn því betra. Hjörleifur kveðst hafa gert út annan bát, en búið hafi verið að leggja honum, því hann hafi verið ósjófær. Hafi einhverjir af áhöfn hans ætlað að koma yfir á v/s Sjóla, en ekki hafi legið ljóst fyrir, hvort allir kæmu eða hann missti einhverja þeirra. Hafi ýmislegt bent til þess, að menn, sem bjuggu í Vestmannaeyjum, færu af bátnum. Hjörleifur kveður afhendingartíma bátsins ekki hafa verið ákveðinn fyrirfram. Hann hafi svo verið látinn vita dag einn, að málin væru farin að skýrast og mundi liggja fyrir alveg á næstunni, hvort hægt væri að senda bátinn norður næstu daga. Hann hafi svo verið látinn vita, er báturinn var að leggja úr höfn í Hafnarfirði. Hafi Jón skýrt sér frá þessu og hvaða menn mundu verða með bátnum norður. Kveðst Hjörleifur ekki hafa spurt, hvort það væri fyrri áhöfn eða menn, sem hefðu verið fengnir til að sigla bátnum norður. Þegar svo báturinn kom til Akureyrar, hafi hann spurt tvo menn af áhöfn bátsins, sem sigldi honum norður, hvort þeir vildu vera áfram á bátnum. Hafi það

verið skipstjórinn og stefnandi málsins, sem hann hafi talið 2. vélstjóra. Hafi stefnandi svarað því neitandi og borið við heimilisástæðum, en skipstjórinn hafi svarað, að þeir hefðu fyrst og fremst verið ráðnir til að sigla bátnum norður. Hjörleifur kveður róðra á bátnum svo hafa hafist fljótlega og hafi verið á honum sama áhöfn og verið hafði á bátnum, sem hann hafði gert út áður, nema hvað menn, sem voru frá Vestmannaeyjum, hafi fengið að fara úrt skiprúmi að eigin ósk, áður en ráðningartíminn var út runninn. Hjörleifur kveðst hafa greitt mönnum þeim, sem sigldu bátnum norður, laun og einnig ferðakostnað þeirra frá Akureyri.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í sölu bátsins til Hjörleifs Hallgrímssonar (sic) hafi falist einhliða, fyrirvaralaus og ólögleg uppsögn stefnanda úr starfi sem véltjóra á v/s Sjóla. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki ætlað sér að gera bátinn út til netaveiða fyrir Norðurlandi og hafi bollaleggingar hans um það verið blekking, ætlaðar til að komast hjá lögboðnum og samningsbundnum uppsagnarfresti. Stefnandi hafi ekki neitað að fara til netaveiða fyrir Norðurlandi. Stefnandi hafi sinnt starfi sínu við bátinn og hafi hann ákskilið sér umhugsunarfrest, er útgerðarstjóri stefnda hafi sagst ætla að senda bátinn til þessara veiða, og hafi sá umhugsunarfrestur verið samþykktur af stefnda. Hafi stefnandi svo mætt til starfa, svo sem ákskilið hafi verið af hálfu stefnda, ef stefnandi ætlaði að vera áfram á bátnum. Síðar kom í ljós, að hinn 22. apríl hafi verið búið að ráða skipstjóra til að sigla bátnum til Akureyrar. Stefnandi hafi mætt til skips og farið með bátnum til Akureyrar. Er þangað kom, hafi grunur stefnanda reynst réttur. Búið hafi verið að selja batinn og átt hafi að afhenda hann strax. Það hafi ekki verið fyrr en 27. apríl sem stefnanda hafi verið tilkynnt um sölu bátsins. Í ljós hafi svo komið, að búið hafi verið að afskrá stefnanda af bátnum 24. apríl, en þann dag og næsta dag hafi nýir skipverjar verið skráðir á bátinn til að sigla honum norður. Hafi stefnandi aldrei samþykkt þá breytingu á ráðningu sinni á bátinn, að hann yrði ráðinn hjá Hjörleifi Hallgríms. Er því haldið fram, að stefnandi hafi fullnægt skyldum sínum sem vélstjóri á v/s Sjóla og hafi í engu brotið af sér í því efni. Eigi hann því rétt á launum fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. 13. gr., sbr. 33. gr. sjómannalaga. Samkvæmt kaupskrá hafi kauptrygging vélstjóra á þessum tíma numið kr. 147.000 á mánuði, eða kr. 441.000 í þrjá mánuði. Til viðbótar þessu falli undir samningsbundið fastakaup kr. 3.875 á mánuði, eða kr. 11.625 í þrjá mánuði. Þá eigi stefnandi rétt til orlofs skv. 7. gr. orlofslaga og 34. gr. kjarasamnings véltjóra og hafi það numið 8⅓% af öllum launum og nemi orlofsgreiðslur af framangreindum fjárhæðum því kr. 37.704. Nemi heildarkrafa stefnanda því kr. 490.329.

Af hálfu stefnda kemur fram, að er stefnandi og aðrir skipverjar voru ráðnir á v/s Sjóla vorið 1977, hafi verið um það rætt, að fyrst yrði farið

á togveiðar, en ef þær gengju ekki vel, mundi farið á netaveiðar, svo sem venja sé. Báturinn hafi því verið á togveiðum, en ekki humarveiðum, svo sem fram komi af hálfu stefnanda, er stefndi hafi hinn 23. apríl 1977 ákveðið að senda hann til netaveiða sökum lélegs afla á togveiðum. Sé ekkert í lögum eða kjarasamningum, sem banni útgerðaraðilja að breyta um veiðiaðferðir eða veiðisvæði. Þegar útgerðarstjóri stefnda hafi tilkynnt skipstjóra, að skipta ætti um veiðarfæri, og skipverjar komu um borð í bátinn 24. apríl 1977, hafi þeir að stefnanda undanskildum tilkynnt, að þeir væru hættir á skipinu, ef það færi á netaveiðar. Stefnandi hafi hins vegar viljað hugsa sig lengur um, hvort hann vildi fara á netaveiðar eða ekki. Hafi skipverjum verið tjáð, að ef þeim snerist hugur og þeir vildu vera áfram á skipinu, skyldu þeir mæta til vinnu morguninn eftir, hinn 25. apríl. Fyrirsvarsmanni stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að neinn skipverja hefði mætt til skips þann dag, og hafi hann því haft réttmæta ástæðu til að ætla, að þeir, þar á meðal stefnandi, vildu ekki fara á netaveiðar og væru hættir á skipinu. Í hádegisútvarpi þann dag hafi því verið auglýst eftir skipshöfn og hafi Steindór Arason verið ráðinn skipstjóri á skipið og einnig hafi verið ráðinn Kristján Jónsson. Hafi þeir strax farið að vinna við að búa skipið til netaveiða ásamt mönnum frá skipasmíðastöð, sem þegar hafi verið byrjaðir á því verki. Þessir menn hafi hvorki séð stefnanda né neinn annan af fyrrverandi skipverjum mæta til vinnu við skipið, á meðan unnið var við að búa það til netaveiða. Að morgni 25. apríl hafi skipverjarnir verið búnir að fjarlægja persónulegar eigur sínar frá borði að undanskildum Ísleifi skipstjóra og stefnanda, sem höfðu skilið teppi og sæng eftir um borð. Stefnandi hafi tjáð fulltrúa stefnda, að hann hefði komið til vinnu um borð í bátnum kl. 0030 26. apríl, en ekki hafi verið sjáanleg nein merki vinnu stefnanda um borð í bátnum þá nótt. Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að alröng sé sú staðhæfing stefnanda, að honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust. Staðreynd málsins sé sú, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp fyrirvaralaust og hafi fyrirsvarsmaður stefnda fallist á að hafa ekki uppi bótakröfu á hendur honum. Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að bátur stefnda hafi verið seldur fyrirvaralaust 24. apríl 1977 og að sú sala hafi á einhvern hátt áhrif á mál þetta, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi um nokkra hríð verið að reyna að selja bátinn og hafi m. a. verið búið að auglýsa hann í dagblöðum. Hafi skipverjar spurt um það nokkrum sinnum, hvernig gengi að selja bátinn. Hinn 24. apríl hafi stefndi gert kaupsamning við Hjörleif Hallgríms, en þegar kaupsamningurinn var undirritaður, hafi verið óvíst um afhendingartíma og því hafi verið samið um, að afhending bátsins færi fram í síðasta lagi 15. ágúst 1977, en stefndi skyldi gera bátinn út, þar til afhending færi fram. Þegar svo í ljós hafi komið, að skipshöfnin hafi fyrirvaralaust sagt upp

störfum 24. apríl og full skipshöfn hafi ekki fengist þrátt fyrir tilraun til þess hinn 25. apríl, hafi skipið verið afhent kaupanda í Hafnarfjarðarhöfn 27. apríl, kl. 2000. Hafi stefnandi samþykkt ráðningarslit gagnvart stefnda og ráðningu á skipið á ný til kaupanda þess. Hafi stefnandi svo farið með skipinu, er það var afhent, og séu samskipti stefnanda og nýja eiganda bátsins stefnda með öllu óviðkomandi. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi hafi sjálfur fyrirvaralaust sagt upp störfum hinn 24. apríl og hafi sú uppsögn verið samþykkt af hálfu stefnda. Eigi stefnandi því ekki rétt til launa þeirra, sem hann gerir kröfu til, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Verði hins vegar litið svo á, að fyrirvaralaus uppsögn stefnanda sé ekki sönnuð og um hafi verið að ræða fyrirvaralausa uppsögn af hálfu stefnda, þá er því haldið fram, að sú uppsögn hafi verið réttlætanleg með vísan til 33. gr. laga nr. 67/1963, þar eð stefnandi hafi ekki mætt til skips til vinnu, svo sem að framan sé rakið, og leiði það til sýknu.

Stefndi hafði auglýst v/s Sjóla til sölu og til afhendingar strax. Hinn 24. apríl 1977 undirritaði fyrirsvarsmaður stefnda samning um sölu bátsins, og var kaupandinn Hjörleifur Hallgríms, útgerðarmaður á Akureyri. Þótt í upphaflegum texta samningsins væri gart ráð fyrir því, að báturinn skyldi afhentur í aprílmánuði, verður að leggja til grundvallar, að endanlega hafi verið samið um, að afhending skyldi fara fram fyrir 15. ágúst eða fyrr og ef afhending dræjist fram yfir 1. maí, skyldi báturinn afhentur í Akureyrarhöfn á kostnað stefnda. Hefur Hjörleifur borið, að einhver vandkvæði hafi verið hjá stefnda í sambandi við áhöfn þá, sem á bátnum var. Hafi hann, þ. e. Hjörleifur, sagst mundu taka við áhöfninni og gæti hún verið áfram á bátnum, ef á þyrfti að halda. Bátur sá, sem Hjörleifur hafði gert út, var ósjófær, og hafði honum verið lagt. Fyrirsvarsmaður stefnda skýrði skipverjum á v/s Sjóla frá því, að hann ætlaði að senda bátinn til netaveiða fyrir Norðurlandi. Sendi hann stefnanda símskeyti, svo sem áður er rakið. Stefndi auglýsti eftir nýrri áhöfn á bátinn til netaveiða, en ekki bauðst nema hluti áhafnar á bátinn, sem nauðsynleg var til þeirra veiða, enda vart við því að búast, er svo langt var liðið á vetrarvertíð. Var síðan ráðin áhöfn á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, og mun hafa verið um það rætt, að einhverjir af henni gætu orðið áfram á bátum. Er báturinn kom til Akureyrar, kom um borð hluti áhafnar báts þess, sem Hjörleifur hafði gert út áður. Fór Steindór Arason, sem var skipstjóri á siglingu bátsins norður, eina veiðiferð með bátnum, eftir að norður kom, til að kynna nýju skipshöfninni ýmislegt um borð í bátnum. Þegar litið er á öll atvik málsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirætlun fyrirsvarsmanns stefnda um að senda v/s Sjóla til netaveiða fyrir Norðurlandi hafi verið sett fram til málamynda til að losna við skipverjana af bátnum, en fram er komið, að þeir voru mótfallnir því að fara til netaveiða.

Féll undirbúningur bátsins til netaveiða saman við framkvæmdir við afhendingu bátsins til hins nýja eiganda. Þykir verða að leggja til grundvallar, eins og mál þetta liggur fyrir, að aðgerðir fyrirsvarsmanns stefnda hafi beinst að því að afhenda v/s Sjóla hinum nýja eiganda fyrir 1. maí 1977. Stefnandi var ráðinn til stefnda, og var honum óskylt að fylgja bátnum, er nýr eigandi tók við honum. Verður því litið svo á, að með þessum aðgerðum stefnda hafi verið rofið ráðningarsamband stefnanda við stefnda fyrirvaralaust og eigi stefnandi því rétt á launum umsaminn uppsagnarfrest skv. 3. mgr. 31. gr. kjarasamnings íslenskra útgerðarmanna og Vélstjórafélags Íslands, sbr. 34. gr. sjómannalaga, þ. e. í þrjá mánuði.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Í stefnu hefur stefnandi krafist vaxta af stefnufjárhæðinni. Með vísan til ákvæða laga nr. 56/1979 um breytingu á lögum nr. 85/1936 þykir mega beita ákvæðum um dómvexti að kröfu stefnanda, þótt ekki hafi sú krafa komið fram í framhaldsstefnu og þótt sú breyting á kröfugerðinni hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefnda, en ekki þykir unnt að dæma dráttarvexti samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 220.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Óskari Ólafssyni, kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21 nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1983.

Nr. 39/1981. **Sjólastöðin h/f**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Gunnari Sigurðssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. september 1980. Útivist varð í málinu af hans hálfu 2. febrúar 1981, en hann áfrýjaði því að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með stefnu 6. febrúar s. á. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 4.903.29 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Laugardaginn 23. apríl 1977 tilkynnti útgerðarstjóri áfrýjanda skipverjum, að ákveðið væri að senda bátinn á netaveiðar. Kveðst stefndi hafa verið búinn að segja útgerðarstjóranum, að ekki kæmi til greina af sinni hálfu að fara á netaveiðar. Daginn eftir var farið að búa bátinn til netaveiðanna, og þann dag tjáði útgerðarstjórinn skipverjum, að þeir, sem ekki kæmu til starfa daginn eftir, mánudag 25. apríl, teldust hættir á bátnum. Stefndi kom ekki til starfa

þann dag og ekki eftir það. Mátti áfrýjandi þá telja, að stefndi hefði slitið ráðningarsamningnum. Á stefndi því ekki rétt til bóta úr hendi áfrýjanda vegna ráðningarslitanna, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfu hans í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjólastöðin h/f, á að vera sýkn af kröfu stefnda, Gunnars Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. f. m., hefur Gunnar Sigurðsson, Austurbrún 4 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. september 1977, á hendur Sjólastöðinni h/f, Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 490.329 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1977 til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá var krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Helga Magra, EA 277, áður Sjóla, RE 18, fyrir dæmdum fjárhæðum, en við munnlegan flutning málsins var fallið frá þeirri kröfu. Við munnlegan flutning málsins var þess krafist, að frá 21. desember 1979 verði dæmdir dómvextir skv. lögum nr. 56/1979.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að þann 20. ágúst 1976 hafi stefnandi verið ráðinn stýrimaður á skip stefnda, v/s Sjóla, RE 18, til togveiða um óákveðinn tíma. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og 22. gr. kjarasamnings, sbr. bráðabirgðalög nr. 98/1976 um kaup og kjör sjómanna, hafi hann í starfi sínu notið þriggja mánaða uppsagnarfrests. Hinn 24. apríl 1977 hafi v/s Sjóli verið seldur Hjörleifi Hallgríms fyrirvaralaust án vitundar stefnanda og án þess að honum væri sagt upp starfi með löglegum fyrirvara. Samkvæmt 34. gr. sjómannalaga eigi stefnandi rétt á launum í eigi skemmri tíma en nemur uppsagnarfresti.

Samkvæmt skipshafnarskrá v/s Sjóla, sem fram hefur komið í málinu, var stefnandi lögskráður á bátinn 30. mars 1977 til togveiða, og skyldi kaup og kjör fara eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Var stefnandi síðan afskráður 24. apríl ásamt öðrum skipverjum. Kemur fram, að hvorki skipstjóri né aðrir skipverjar hafi mætt til lögskráningar og hafi þeir ekki undirritað skipshafnarskrána. Hafi hún því verið færð eftir upplýsingum útgerðar bátsins.

Fram er komið, að hinn 26. apríl sendi stefndi stefnanda svohljóðandi símskeyti:

„Þar eð þú hefur ekki komið til starfa þá lítum við svo á með tilvísun til samtals okkar að þú óskir eftir slitum á ráðningarsamningi vegna ms sjóla re 18 með tilvísun til sama samtals staðfestum við að ekki verða gerðar eftirkröfur vegna ráðningarslita kveðja"

Ekki svaraði stefnandi skeyti þessu.

Stefnandi málsins hefur skýrt svo frá, að hann hafi ráðist á v/s Sjóla sem stýrimaður haustið 1976 og verið á bátnum óslitið þar til í aprílmánuði 1977. Hafi verið stundaðar togveiðar, en báturinn hafi verið í slipp frá því í desember 1976 og þar til um mánaðamótin mars - apríl 1977. Hann kveður veiðar hafa gengið illa. Bilun hafi svo orðið í vindunni og hafi báturinn þá farið til Hafnarfjarðar til viðgerðar. Hafi svo verið unnið að viðgerð og hafi hann mætt til skips. Það muni svo hafa verið laugardaginn 22. apríl sem skipverjarnir hafi verið kvaddir suður í Hafnarfjörð og hafi útgerðarstjórinn farið að tala um að senda bátinn til netaveiða norður á Eyjafjörð. Hafi hann nokkrum sinnum áður verið búinn að nefna að senda bátinn til netaveiða. Kveðst Gunnar hafa sagt útgerðarstjóranum, að ekki kæmi til greina, að hann færi á netaveiðar. Skipverjarnir hafi svo mætt á sunnudeginum til að taka togveiðibúnaðinn í land og hífa netapalla um borð. Gunnar kveðst áður hafa verið búinn að heyra frá mönnum, sem unnu við að setja niður netapalla um borð, að búið væri að selja bátinn. Búið hafi verið að auglýsa bátinn og hafi einhver komið til að skoða hann. Útgerðarstjórinn hafi verið við bátinn og hafi hann sagt, að þeir, sem ætluðu til netaveiða með bátnum, skyldu mæta á mánudeginum, en hinir ekki. Kveðst Gunnar svo ekki hafa haft frekar samband við útgerð bátsins, nema hvað hann hafa sótt uppgjör, og hafi ekki farið fram neinar sérstakar umræður milli hans og fyrirsvarsmanna stefnda. Hann kveðst ekki hafa fengið símskeyti frá útgerðinni. Hafi hann á þessum tíma verið fluttur að Austurbrún 4, en við skráningu á bátinn hafi hann átt heima að Fálkagötu 30. Eftir þetta kveðst Gunnar hafa verið atvinnulaus í um einn mánuð. Hann hafi þá fengið vinnu hjá fyrirtæki einu hér í borg, en þar hafi hann verið stuttan tíma. Hafi vinnulaun þar verið mjög lág. Hann hafi svo farið á sjóinn aftur.

Jón Guðmundsson, útgerðarstjóri stefnda og einn af eigendum fyrirtækisins, hefur skýrt svo frá, að bátar, sem stefndi gerði út, hafi yfrleitt alltaf stundað veiðar í net á vetrarvertíð. Á árinu 1976 hafi v/s Sjóli stundað veiðar í net, síðan hafi báturinn farið á humarveiðar og loks hafi hann stundað veiðar í botnvörpu. Báturinn hafi svo verið tekinn í slipp í desembermánuði, þar sem hann hafi verið þar til í marsmánuði 1977. Á meðan báturinn var í slipp, hafi skipverjar unnið við hann eftir því sem unnt var og í þeirra verkahring. Er báturinn kom úr slipp, hafi hann verið útbúinn til togveiða, því skipverjar hafi verið því heldur mótfallnir að stunda veiðar í net. Hann hafi sagt þeim, að ef þessar veiðar gengju ekki, þá yrði að skipta yfir á veiðar í net. Hann kveður veiðar bátsins hafa gengið mjög illa, en veiðar hjá bátum hafi yfirleitt gengið vel á þessum tíma. Hafi hann nú ekki séð annan kost en að gera bátinn út á netaveiðar og ef það tækist ekki, þá yrði að leggja bátnum eða að reyna að selja hann. Báturinn hafi verið búinn að vera á söluskrá og hafi hann um þetta leyti verið auglýstur í blöðum. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda þá komist í samband við Ólaf Stefánsson skipasala. Það hafi þó verið reiknað með því, að báturinn færi á netaveiðar, og farið hafi að lifna yfir þeim veiðum í Grindavíkurdýpi, á Breiðafirði og einnig hafi verið farið að fiskast fyrir norðan. Hafi veiðar á þessum svæðum komið til greina, því allt hafi verið skárra en togveiðar, sem ekkert gengu. Muni hann hafa rætt þetta við skipverjana, þegar báturinn kom til hafnar um miðjan aprílmánuð. Jón kveður sér hafa fundist rétt að gera úrslitatilraun með það, hvort hægt væri að selja bátinn, þar sem báturinn hafi verið nýkominn úr stórri viðgerð og í fullkomnu lagi. Hafi því verið ákveðið að auglýsa bátinn. Hafi skipasalinn talið heppilegra, ef hægt væri, að afhenda bátinn strax, ef kaupandi byðist. Muni báturinn svo hafa verið auglýstur þannig. Jón kveðst ekki hafa verið búinn að hugsa um það, hvernig færi með áhöfn bátsins, ef væntanlegur kaupandi vildi fá bátinn strax. Hafi komið til álita, að áhöfnin yrði áfram á bátnum, færi í annað skiprúm eða afhendingartíminn yrði ákveðinn í samræmi við áhöfnina. Hins vegar sé það einsdæmi, að bátar séu afhentir strax. Það muni svo hafa verið um helgina 23. apríl sem hann hafi tilkynnt skipstjóranum, að farið yrði á netaveiðar og yrði farið að undirbúa bátinn undir þær veiðar strax daginn eftir. Undirtektir skipstjórans hafi ekki verið góðar, en hann kveðst hafa sagt honum, að ekki væri um annað að ræða og skyldu skipverjar mæta til skips til að skipta um veiðarfæri. Hafi svo verið unnið við það 24. apríl. Hafi skipverjarnir rætt um þetta og tilkynnt, að þeir væru algerlega mótfallnir því að fara á netaveiðar. Hafi þeir þá sagt allir nema Magnús Óskar Ólafsson og matsveinninn, að ef ákveðið væri að senda bátinn á netaveiðar, þá mundu þeir hætta á bátnum. Hafi hann sagt Mangúsi og matsveininum, að þeir yrðu að ákveða, hvað þeir ætluðu

að gera, og yrðu á að mæta til vinnu við að útbúa bátinn um morguninn. Við hina skipverjana kveðst Jón hafa sagt, að það væri allt í lagi, þótt þeir hættu á bátnum, og mundi hann reyna að fá aðra skipshöfn. Jón kveður 8—10 menn vera á bátum af sömu stærð og v/s Sjóli, er þeir stunda netaveiðar. Hann kveðst á þessum tíma ekki hafa verið búinn að ákveða, hvert hann mundi senda bátinn á netaveiðar. Hann hafi strax daginn eftir auglýst eftir skipstjóra og skipshöfn. Hafi hann fengið skipstjóra, Steindór, og mann, sem átti að vera stýrimaður, en var réttindalaus, svo og mann, sem átti að vera vélstjóri, en skilaði sér ekki um borð, þegar til kom. Þá hafi hann einnig fengið tvo unglinga, en annar hafi mætt einu sinni og svo hafi hann ekki sést meir. Jón kveður nú nokkra aðilja hafa sýnt áhuga á að kaupa bátinn og hafi verið gengið frá kaupum við einn þeirra, Hjörleif Hallgríms. Hafi verið gerður skriflegur samningur og hafi kaupin gengið fljótt fyrir sig. Í upphaflegum texta samningsins hafi staðið, að báturinn yrði afhentur í apríl 1977, og muni það hafa stafað af því, að Hjörleifur hafi viljað fá bátinn strax, þar sem hann hafi verið að skila bát, sem hann var með. Muni skipasalinn hafa sett þetta inn í samninginn að beiðni Hjörleifs. Jón kveðst hafa neitað þessu algerlega, enda hafi útborgun verið tiltölulega lítil auk þess sem besti vertíðartíminn var að fara í hönd svo og humarveiðitíminn. Hafi hann viljað draga að afhenda bátinn fram yfir humarveiðitímann, en hann sé fyrstu vikurnar í ágúst. Hafi því endanlegur afhendingartími verið miðaður við það. Hafi ákvæðinu um afhendingartíma í samningnum verið breytt í samræmi við þetta, áður en skrifað var undir samninginn. Þegar hins vegar kom í ljós, að ekki fékkst áhöfn á bátinn, hafi verið ákveðið að afhenda hann strax næstu daga og muni það hafa verið gert rétt fyrir mánaðamótin, fimmtudaginn 28. eða föstudaginn 29. apríl.

Vitnið Steindór Arason kveður Jón Guðmundsson hafa ráðið sig til að sigla v/s Sjóla til Akureyrar og hafi Jón talað við sig 2—3 dögum áður en farið var norður. Auglýst hafi verið eftir áhöfn á bát til veiða í þorskanet. Hafi átt að gera bátinn út frá Norðurlandi, en útgerðarstaður hafi ekki verið ákveðinn. Hafi hann verið ráðinn þannig, að ef honum litist á hlutina fyrir norðan, þá gæti hann haldið áfram sem skipstjóri. Ekki kveðst Steindór muna, hvort Jón Guðmundsson hafi talað um það sérstaklega, að til stæði að selja bátinn, en hann hafi heyrt rætt um, að báturinn yrði seldur norður. Steindór kveður sér hafa skilist á heimamönnum, er báturinn kom norður, að búið væri að selja bátinn. Hafi sér þá strax orðið ljóst, að önnur útgerð og önnur skipshöfn mundi taka við bátnum. Hafi þá komið um borð það, sem eftir var af skipsthöfninni á v/s Gylfa Erni, en sá bátur hafi átt veiðarfæri í sjó. Steindór kveðst nú hafa farið eina veiðiferð þarna fyrir norðan með v/s Sjóla sem skipstjóri, en sér hafi ekki litist á útgerðina á

bátnum. Hann hafi því eiginlega ekki farið þá ferð sem skipstjóri, heldur til að kynna skipstjóranum á v/s Gylfa Erni og skipshöfn þess báts ýmislegt um borð í v/s Sjóla.

Ísleifur Haraldsson, sem var skipstjóri á v/s Sjóla, hefur skýrt svo frá, að í síðasta róðrinum fyrir 22. apríl hafi vinda bátsins bilað. Hafi þá verið haldið til Grindavíkur og hringt í útgerðarstjórann og hann spurður, hvað gera ætti. Hann hafi viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar og hafi verið haldið þangað. Fyrsta daginn, sem báturinn var í Hafnarfirði, hafi birst í Morgunblaðinu auglýsing um, að báturinn væri til sölu og til afhendingar strax. Hann hafi rætt þetta við útgerðarstjórann næstu daga og hafi hann sagt, að lengi hefði veri reynt að selja bátinn og væri þetta gert til reynslu. Hafi svo verið unnið við viðgerð á vindu bátsins og hafi þeir skipverjarnir verið við bátinn, á meðan á því stóð. Útgerðarstjórinn hafi verið búinn að orða það, að netabátar fyrir norðan fiskuðu ágætlega. Föstudaginn 22. apríl hafi svo útgerðarstjórinn ákveðið að láta ljúka viðgerðinni um helgina og hafi hann sagst eiga von á manni til að skoða bátinn. Hafi hann talað um, að skynsamlegast væri að senda bátinn norður til veiða í net. Hafi skipverjar tekið dræmt í það. Kveðst Ísleifur hafa átt að hringja í útgerðarstjórann daginn eftir. Er þeir hafi talað saman laugardagskvöldið, kveður Ísleifur útgerðarstjórann hafa tilkynnt sér, að hann hefði ákveðið, að báturinn færi á net norður og ættu skipverjar að mæta til skips daginn eftir sunnudaginn 24. apríl til að taka upp botnvörpubúnaðinn og setja netabúnað um borð. Þeir hafi svo mætt á tilsettum tíma. Hafi allur botnvörpubúnaður verið tekinn í land, en netapallar og annar búnaður til netaveiða verið settur um borð. Útgerðarstjórinn hafi þá talað um, að ekki tæki nema svona 2 daga að búa bátinn til netaveiða. Þar sem hann hafi vitað, að áhöfnin var ófús að fara til netaveiða, enda komið fram undir vertíðarlok og aðrir báta að búa sig undir að taka upp netin, og þar sem útgerðarstjórinn hafi verið búinn að segja, að skipverjum væri frjálst að hætta án nokkurra eftirmála, kveðst Ísleifur hafa sagt, að sér fyndist eðlilegt, að þeir, sem ætluðu með bátnum til netaveiða, útbyggju hann til þeirra. Hafi útgerðarstjórinn þá sagt, að þeir, sem ekki mættu til vinnu morguninn eftir, á mánudegi, væru hættir. Sjálfur kveðst Ísleifur hafa sagt útgerðarstjóranum, að hann byggist ekki við að fara til netaveiða, en Magnús Óskar Ólafsson hafi sagst þurfa lengri umhugsunarfrest. Ísleifur kveðst svo hafa komið að bátnum rétt fyrir hádegi á mánudaginn ásamt vélstjóranum og hafi þá engan mann verið þar að sjá nema iðnaðarmenn. Vélstjórinn hafi lensað bátinn og unnið sín störf í vélarrúmi. Ísleifur kveður þá einnig hafa farið til Hafnarfjarðar þriðjudaginn 26. apríl og hafi iðnaðarmennirnir þá verið komnir langt með að ljúka við að setja upp netabúnaðinn. Hafi þeir sagt, að búið væri að selja bátinn og vildi kaupandinn fá bátinn útbúinn til netaveiða. Þarna hafi

einnig verið staddur maður, sem síðar hafi reynst vera skipstjóri sá, sem sigldi bátnum til Akureyrar. Hafi hann haft eftir útgerðarstjóranum, að báturinn væri seldur til Akureyrar og hefði hann vitað um það kvöldið áður. Jafnframt hafi hann sagt bátinn fara beint til netaveiða, þegar norður kæmi. Kveðst Ísleifur þá ásamt vélstjóranum hafa tekið dót sitt og farið heim. Miðvikudaginn 27. apríl kveðst hann svo hafa fengið símskeyti þess efnis, að útgerðin áliti hann hættan á bátnum. Ísleifur kveðst hafa talað við formann sjómannadeildar Verkalýðsfélags Grindavíkur og hafi hann ekki talið þetta löglegt. Ekki kveðst Ísleifur hafa svarað skeytinu eða rætt við útgerðarstjórann. Hafi orðið að ráði, að Magnús Óskar Ólafsson fylgdist með, hvað væri að gerast, og skyldi hann fara með bátnum norður. Hann kveðst svo hafa farið með Magnúsi til Hafnarfjarðar og hafi þá togveiðibúnaðurinn, sem tekinn var í land, verið kominn um borð aftur, en net hafi engin sést.

Vitnið Hjörleifur Hallgríms Herbertsson kveðst hafa keypt v/s Sjóla af stefnda. Hafi aðdragandinn verið sá, að hann hafi séð bátinn auglýstan í Morgunblaðinu í aprílmánuði 1977. Hann hafi svo af því tilefni hringt í þann aðilja, sem hafði bátinn til sölu, og innt eftir venjulegum upplýsingum. Hafi þetta ekki verið löngu áður en kaupsamningur var undirritaður. Ekki hafi neitt verið endanlega ákveðið í þessu samtali annað en það, að hann hafi haft fullan hug á að kaupa bátinn eftir þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið. Hann hafi svo ákveðið að fara til Reykjavíkur. Þar hafi hann rætt við Ólaf Stefánsson, sem veitt hafi frekari upplýsingar um bátinn og væntanleg kjör. Hafi Ólafur minnst á, að smávandkvæði væru í sambandi við söluna og mundi Jón Guðmundsson skýra frá þeim. Hjá Jóni hafi svo komið fram, að vandkvæði þessi væru í sambandi við áhöfnina, sem var á bátnum. Hafi Jón spurt, hvort hann vildi taka við áhöfn bátsins út löglegan uppsagnartíma, ef mennirnir vildu vera áfram. Að öðrum kosti gæti hann ekki svarað því strax, hvort afhending bátsins gæti farið fram strax eða ekki. Hallgrímur kveðst hafa talið það vel geta komið til greina. Það muni svo hafa verið 1—2 dögum áður en samningurinn var undirritaður sem hann hafi gefið ákveðið svar við því, að hann mundi taka við áhöfninni, ef á þyrfti að halda, og gæti hún verið áfram á bátnum. Hafi svo kaupsamningurinn verið undirritaður með þessu fororði. Ekki hafi verið ákveðinn neinn afhendingartími, en hann hafi farið fram á, að reynt yrði að leysa þetta mál sem fyrst, því fyrr sem hann fengi bátinn því betra. Hjörleifur kveðst hafa gert út annan bát, en búið hafi verið að leggja honum, því hann hafi verið ósjófær. Hafi einhverjir af áhöfn hans ætlað að koma yfir á v/s Sjóla, en ekki hafi legið ljóst fyrir, hvort allir kæmu eða hann missti einhverja þeirra. Hafi ýmislegt bent til, að menn, sem bjuggu í Vestmannaeyjum, færu af bátnum. Hjörleifur kveður afhendingartíma

bátsins ekki hafa verið ákveðinn fyrirfram. Hann hafi svo verið látinn vita dag einn, að málin væru farin að skýrast og mundi liggja fyrir alveg á næstunni, hvort hægt væri að senda bátinn norður næstu daga. Hann hafi svo verið látinn vita, er báturinn var að leggja úr höfn í Hafnarfirði. Hafi Jón skýrt sér frá þessu og hvaða menn mundu verða með bátnum norður. Kveðst Hjörleifur ekki hafa spurt, hvort það væri fyrri áhöfn eða menn, sem hefðu verið fengnir til að sigla bátnum norður. Þegar svo báturinn kom til Akureyrar, hafi hann spurt tvo menn af áhöfn bátsins, sem sigldi honum norður, hvort þeir vildu vera áfram á bátnum. Hafi það verið skipstjórinn og Magnús Óskar Ólafsson, sem hann hafi talið 2. vélstjóra. Hafi Magnús svarað því neitandi og borið við heimilisástæðum, en skipstjórinn hafi svarað, að þeir hefðu fyrst og fremst verið ráðnir til að sigla bátnum norður. Hjörleifur kveður róðra á bátnum svo hafa hafist fljótlega og hafi verið á honum sama áhöfn og verið hafði á bátnum, sem hann hafði gert út áður, nema hvað menn, sem voru frá Vestmannaeyjum, hafi fengið að fara úr skiprúmi að eigin ósk, áður en ráðningartíminn var út runninn. Hjörleifur kveðst hafa greitt mönnum þeim, sem sigldu bátnum norður, laun og einnig ferðakostnað þeirra frá Akureyri.

Magnús Óskar Ólafsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi byrjað störf á v/s Sjóla um 20. maí 1976 og hafi þá verið stundaðar humarveiðar. Báturinn hafi svo farið í slipp í desember og hafi skipverjar verið afskráðir, en þeir hafi hins vegar unnið við bátinn, þar sem hann var í slippnum, þar til hann fór á flot aftur í marsmánuði 1977. Hafi báturinn síðan stundað togveiðar. Um 14. apríl hafi togvindan bilað og hafi útgerðarstjórinn viljað fá bátinn til Hafnarfjarðar. Hafi verið unnið þar að viðgerð á togvindunni. Þegar viðgerðinni var að ljúka, hafi skipverjarnir farið að sjá auglýsingar um, að báturinn væri til sölu. Hafi skipverjar spurt útgerðarstjórann, hvort ætlunin væri að selja bátinn, en hann hafi svarað, að ætlunin væri að athuga söluhorfur á bátnum. Það muni svo hafa verið 19. apríl sem útgerðarstjórinn hafi spurt skipverjana fjóra, hvernig þeim litist á að fara á veiðar í þorskanet norður á Eyjafirði, en hann hafi ekki verið búinn að minnast á þetta áður. Þeim hafi ekki litist of vel á þetta og spurt, hvort útgerðarstjórinn væri ákveðinn að senda bátinn á netaveiðar. Magnús kveður skipsfélaga sína hafa verið ákveðna að hætta strax, en hann hafi viljað vita, hvað úr þessu yrði, og hafi hann ekki neitað að vera áfram á bátnum. Um kvöldið þennan sama dag hafi þeim verið sagt að koma um borð og taka veiðarfærin upp úr bátnum. Þeir hafi gert það næsta laugardag. Sjálfur kveðst Magnús hafa mætt til skips tvisvar á dag til 27. apríl og hafi hann lensað bátinn og séð um vélarnar, sem verið hafi í gangi. Dagana 25. og 26. apríl hafi menn úr landi unnið við að setja upp netabúnað í bátnum. Þeir skipverjarnir hafi spurt mennina, hvort báturinn væri

að fara á netaveiðar, og hafi þeir játað því og sagt, að búið væri að selja bátinn. Þeir skipverjarnir hafi þá farið og spurt útgerðarstjórann, Jón Guðmundsson, hvort búið væri að selja bátinn, en hann hafi svarað því neitandi. Hafi þetta verið 25. apríl. Magnús kveðst svo hafa fengið skeyti frá stefnda, þar sem fram hafi komið, að þar sem hann hefði ekki mætt til vinnu undanfarna daga, þá væri talið, að hann væri hættur á bátnum. Hann hafi þá sent svarskeyti um hæl þess efnis, að hann hefði haft eftirlit með bátnum og teldi sig ekki hættan, en hann óskaði eftir lengri umhugsunarfresti. Hafi hann svo fengið skeyti frá stefnda um að mæta til skips að kvöldi þess 27. apríl. Hann hafi svo mætt til skips um 15 mínútum fyrir brottfarartíma. Jón Guðmundsson útgerðarstjóri hafi þá sagt, að búið væri að selja bátinn og kæmi skipverjum það ekki við. Þar sem hann, þ. e. Magnús, teldi sig ráðinn á bátinn, þá skyldi hann koma sér að verki, því verið væri að leys landfestar. Magnús kveðst svo hafa farið með bátnum norður í land. Nýr skipstjóri hafi verið á bátnum og einnig hafi verið nýr vélstjóri. Þegar svo báturinn kom norður til Akureyrar, hafi hann fyrst hitt Hjörleif Hallgríms. Þar hafi verið fyrir hátt í fulla áhöfn á bátinn, en Hjörleifur hafi þó spurt þá, sem komu með bátnum, hvort þeir vildu vera áfram um borð. Hafi Hjörleifur sagst gera bátinn út, því að hann væri búinn að kaupa hann. Magnús kveðst þá hafa sagt, að hann teldi sig ekki lengur skráðan á bátinn og teldi hann sig lausan allra mála. Hann ætlaði ekki að ráða sig hjá Hjörleifi.

Krafa stefnanda er byggð á því, að í sölu bátsins til Hjörleifs Hallgrímssonar (sic) hafi falist einhliða, fyrirvaralaus og ólögleg uppsögn stefnanda úr starfi á v/s Sjóla. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki ætlað sér að gera bátinn út til netaveiða fyrir Norðurlandi og hafi bollaleggingar hans um það verið blekking, ætlaðar til að komast hjá lögboðnum og samningsbundnum uppsagnarfresti. Hafi komið í ljós, að hinn 22. apríl hafi verið búið að ráða skipstjóra til að sigla bátnum til Akureyrar. Búið hafi verið að selja bátinn og átt hafi að afhenda hann strax. Eigi stefnandi því rétt á launum fyrir þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. 13. gr., sbr. 34. gr. sjómannalaga. Samkvæmt kaupaskrá hafi kauptrygging á þessum tíma numið kr. 147.000 á mánuði, eða kr. 441.000 í þrjá mánuði. Til viðbótar þessu falli undir samningsbundið fastakaup, kr. 3.875 á mánuði, eða kr. 11.625 í þrjá mánuði. Þá eigi stefnandi rétt til orlofs skv. 7. gr. orlofslaga og 23. gr. kjarasamnings stýrimanna og hafi það numið 8⅓% af öllum launum og nemi orlofsgreiðslur af framangreindum fjárhæðum því kr. 37.704. Nemi heildarkrafa stefnanda því kr. 490.329.

Af hálfu stefnda kemur fram, að er stefnandi og aðrir skipverjar voru ráðnir á v/s Sjóla vorið 1977, hafi verið um það rætt, að fyrst yrði farið á togveiðar, en ef þær gengju ekki vel, mundi farið á netaveiðar, svo sem

venja sé. Báturinn hafi því verið á togveiðum, en ekki humarveiðum, svo sem fram komi af hálfu stefnanda, er stefndi hafi hinn 23. apríl 1977 ákveðið að senda hann til netaveiða sökum lélegs afla á togveiðum. Sé ekkert í lögum eða kjarasamningum, sem banni útgerðaraðilja að breyta um veiðiaðferðir eða veiðisvæði. Þegar útgerðarstjóri stefnda hafi tilkynnt skipstjóra, að skipta ætti um veiðarfæri, og skipverjar komu um borð í bátinn 24. apríl 1977, hafi þeir að einum undanskildum tilkynnt, að þeir væru hættir á skipinu, ef það færi á netaveiðar. Hafi skipverjum verið tjáð, að ef þeim snerist hugur og þeir vildu vera áfram á skipinu, skyldu þeir mæta til vinnu morguninn eftir, hinn 25. apríl. Fyrirsvarsmanni stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að neinn skipverja hefði mætt til skips þann dag, og hafi hann því haft réttmæta ástæðu til að ætla, að þeir, þar á meðal stefnandi, vildu ekki fara á netaveiðar og væru hættir á skipinu. Í hádegisútvarpi þann dag hafi því verið auglýst eftir skipshöfn og hafi Steindór Arason verið ráðinn skipstjóri á skipið og einnig hafi verið ráðinn Kristján Jónsson. Hafi þeir strax farið að vinna við að búa skipið til netaveiða ásamt mönnum frá skipasmíðastöð, sem þegar hafi verið byrjaðir á því verki. Þessir menn hafi hvorki séð stefnanda né neinn annan af fyrrverandi skipverjum mæta til vinnu við skipið, á meðan unnið var við að búa það til netaveiða. Að morgni 25. apríl hafi skipverjarnir verið búnir að fjarlægja persónulegar eigu sínar frá borði að undanskildum Ísleifi skipstjóra og Magnúsi Óskari Ólafssyni, sem höfðu skilið teppi og sæng eftir um borð. Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að alröng sé sú staðhæfing stefnanda, að honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaralaust. Staðreynd málsins sé sú, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp fyrirvaralaust og hafi fyrirsvarsmaður stefnda fallist á að hafa ekki uppi bótakröfu á hendur honum. Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að bátur stefnda hafi verið seldur fyrirvaralaust 24. apríl 1977 og að sú sala hafi á einhvern hátt haft áhrif á mál þetta, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi um nokkra hríð verið að reyna að selja bátinn og hafi m. a. verið búið að auglýsa hann í dagblöðum. Hafi skipverjar spurt um það nokkrum sinnum, hvernig gengi að selja bátinn. Hinn 24. apríl hafi stefndi gert kaupsamning við Hjörleif Hallgríms, en þegar kaupsamningurinn var undirritaður, hafi verið óvíst um afhendingartíma og því hafi verið samið um, að afhending bátsins færi fram í síðasta lagi 15. ágúst 1977, en stefndi skyldi gera bátinn út, þar til afhending færi fram. Þegar svo í ljós hafi komið, að skipshöfnin hafi fyrrivaralaust sagt upp störfum 24. apríl og full skipshöfn hafi ekki fengist þrátt fyir tilraun til þess hinn 25. apríl, hafi skipið verið afhent kaupanda í Hafnarfjarðarhöfn 27. apríl, kl. 2000. Hafi stefnandi samþykkt ráðningarslit gagnvart stefnda. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi hafi sjálfur fyrirvaralaust sagt upp störfum hinn 24. apríl og hafi sú upp-

sögn verið samþykkt af hálfu stefnda. Eigi stefnandi því ekki rétt til launa þeirra, sem hann gerir kröfu til, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Verði hins vegar litið svo á, að fyrirvaralaus uppsögn stefnanda sé ekki sönnuð og um hafi verið að ræða fyrirvaralausa uppsögn af hálfu stefnda, þá er því haldið fram, að sú uppsögn hafi verið réttlætanleg með vísan til 33. gr. laga nr. 67/1963, þar eð stefnandi hafi ekki mætt til skips til vinnu, svo sem að framan sé rakið, og leiði það til sýknu.

Í skipshafnarskrá bátsins frá 27. apríl 1977 kemur fram, að þann dag hefur Steindór Arason verið skráður skipstjóri á bátinn, og einnig voru þá skráðir þrír menn aðrir á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, en þangað hafi báturinn verið seldur.

Með auglýsingum í Mogunblaðinu 19. og 20. apríl 1977 var v/s Sjóli auglýstur til sölu og afhendingar strax.

Með samningi, dags. 24. apríl, sem lagður hefur verið fram í málinu, keypti Hjörleifur Hallgríms v/s Sjóla af stefnda. Í upphaflegum texta samningsins hefur verið gert ráð fyrir, að báturinn yrði afhentur í aprílmánuði, en í breyttri mynd er endanlegt ákvæði samningsins um afhendingartíma svohljóðandi: „Skipið afhendist í Hafnarfjarðarhöfn með fullgildu haffærisskírteini, og hefur kaupandi þegar skoðað skipið og allan búnað þess og sættir sig við það í hvívetna. Afhending fari fram 15/8 1977 eða fyrr, ef mögulegt er. Dragist afhending fram yfir 1/5, afhendist skipið í Akureyrarhöfn á kostnað seljanda."

Stefndi auglýsti v/s Sjóla til sölu og til afhendingar strax. Hinn 24. apríl 1977 undirritaði fyrirsvarsmaður stefnda samning um sölu bátsins, og var kaupandinn Hjörleifur Hallgríms, útgerðarmaður á Akureyri. Þótt í upphaflegum texta samningsins væri gert ráð fyrir því, að báturinn skyldi afhentur í aprílmánuði, verður að leggja til grundvallar, að endanlega hafi verið samið um, að afhending skyldi fara fram fyrir 15. ágúst eða fyrr og ef afhending drægist fram yfir 1. maí, skyldi báturinn afhentur í Akureyrarhöfn á kostnað stefnda. Hefur Hjörleifur borið, að einhver vandkvæði hafi verið hjá stefnda í sambandi við áhöfn þá, sem á bátnum var. Hafi hann, þ. e. Hjörleifur, sagst mundu taka við áhöfninni og gæti hún verið áfram á bátnum, ef á þyrfti að halda. Bátur sá, sem Hjörleifur hafði gert út, var ósjófær, og hafði honum verið lagt. Fyrirsvarsmaður stefnda skýrði skipverjum á v/s Sjóla frá því, að hann ætlaði að senda bátinn til netaveiða fyrir Norðurlandi. Sendi hann stefnanda símskeyti, svo sem áður er rakið. Stefndi auglýsti eftir nýrri áhöfn á bátinn til netaveiða, en ekki bauðst nema hluti áhafnar á bátinn, sem náuðsynleg var til þeirra veiða, enda vart við því að búast, er svo langt var liðið á vetrarvertíð. Var síðan ráðin áhöfn á bátinn til að sigla honum til Akureyrar, og mun hafa verið um það rætt, að einhverjir af henni gætu orðið áfram á bátnum. Er báturinn kom til

Akureyrar, kom um borð hluti áhafnar báts þess, sem Hjörleifur hafði gert út áður. Fór Steindór Arason, sem var skipstjóri á siglingu bátsins norður, eina veiðiferð með bátnum, eftir að norður kom, til að kynna nýju skipshöfninni ýmislegt um borð í bátnum. Þegar litið er á öll atvik málsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirætlum fyrirsvarsmanns stefnda um að senda v/s Sjóla til netaveiða fyrir Norðurlandi, hafi verið sett fram til málamynda til að losna við skipverjana af bátnum, en fram er komið, að þeir voru mótfallnir því að fara til netaveiða. Féll undirbúningur bátsins til netaveiða saman við framkvæmdir við afhendingu bátsins til hins nýja eiganda. Þykir verða að leggja til grundvallar, eins og mál þetta liggur fyrir, að aðgerðir fyrirsvarsmanns stefnda hafi beinst að því að afhenda v/s Sjóla hinum nýja eiganda fyrir 1. maí 1977. Stefnandi var ráðinn til stefnda, og var honum óskylt að fylgja bátnum, er nýr eigandi tók við honum. Verður því litið svo á, að með þessum aðgerðum stefnda hafi verið rofið ráðningarsamband stefnanda við stefnda fyrirvaralaust og eigi stefnandi því rétt á launum umsaminn uppsagnarfrest skv. 3. mgr. 22. gr. kjarasamnings um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á fiskiskipum, sbr. 34. gr. sjómannalaga, þ. e. í þrjá mánuði.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Í stefnu hefur stefnandi krafist vaxta af stefnufjárhæðinni. Með vísan til ákvæða laga nr. 56/1979 um breytingu á lögum nr. 85/1936 þykir mega beita ákvæðum um dómvexti að kröfu stefnanda, þótt ekki hafi sú krafa komið fram í framhaldsstefnu og þótt sú breyting á kröfugerðinni hafi ekki verið samþykkt af hálfu stefnda, en ekki þykir unnt að dæma dráttarvexti samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 220.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Ragnari Bjarnasyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sjólastöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Sigurðssyni, kr. 490.329 með 13% ársvöxtum frá 1. maí 1977 til 21. nóvember s. á.,

með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1979 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. maí 1983.

Nr. 175/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Erni Sigfússyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1982 að ósk ákærða. Því er af hálfu ákæruvaldsins áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 18. febrúar sl.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að leggja beri til grundvallar skýrslu þá, sem ákærði gaf fyrir dómi 7. nóvember 1980 við rannsókn málsins, og að eigi verði mark tekið á breytingu þeirri, er ákærði gerði á framburði sínum 13. janúar 1982. Auk þeirra atriða, sem greind eru í héraðsdómi, styðja skýrslur, sem Sigurður Jóhannsson og Róbert Cassis gáfu fyrir rannsóknardeild lögreglunnar, þessa niðurstöðu, en þeir segjast báðir hafa keypt hass af ákærða. Sigurður skýrir svo frá í skýrslu 25. september 1980, að „fyrir þremur vikum síðan hafi Örn verið efnislaus í um vikutíma, en síðan hafi hann aftur verið kominn með samskonar efni og fyrr," og 28.

s. m. skýrir Róbert frá því að hann hafi um næstliðin mánaðamót séð hjá ákærða nokkuð stóran plastpoka nær fullan af hassdufti. Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem hann er ákærður fyrir, með þeirri athugasemd, að af þeim 500 gr sem ákærði kom fyrst með til Reykjavíkur og skiptust milli hans og Guðmundar Böðvarssonar, er óvíst, hvort meira en 235 gr hafi komið í hlut ákærða.

Brot ákærða eru rétt færð til refsiákvæða í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi og 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur og vararefsing 30 daga fangelsi.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist ákærða skuli dregin frá refsivist hans, með þeirri athugasemd, að gæsluvarðhaldið stóð yfir í 42 daga (26. september til 7. nóvember 1980), en ekki 44 daga, eins og í héraðsdómi segir.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði sæti „upptöku á efnum, áhöldum og peningum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins." Eins og krafa þessi er orðuð, samræmist hún eigi reglu 115. gr. laga nr. 74/1974 um skýra mörkun dómkrafna. Samkvæmt gögnum málsins var hald lagt á hass í 15 plastpokum að þyngd 26.8 g, box með efnisleifum, 144 bandaríkjadollara og 55.000 krónur, enn fremur seðlaveski og ýmiss konar skjöl, en engin áhöld, svo séð verði. Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að einungis sé krafist staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um upptöku, en fallið frá upptökukröfu að öðru leyti. Í þessu horfi þykir mega leggja dóm á kröfuna, og ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um hana.

Staðfest verður ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Sigfússon, sæti fangelsi 4 mánuði, og komi gæsluvarðhaldsvist hans 42 daga refsingunni til frádráttar. Ákærði greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30

daga fangelsi í sektar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og greiðslu sakarkostnaðar skulu óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 26. febrúar 1982.

Ár 1982, föstudaginn 26. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 827/1981: Ákæruvaldið gegn Erni Sigfússyni.

Málið, sem dómtekið var 16. febrúar síðastliðinn, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru , útgefinni 17. september 1981, á hendur Erni Sigfússyni, Hverfisgötu 78, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. júní 1958, „fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni með því að kaupa á Spáni í júlí 1980 1 kg af hassi og flytja til landsins. Ákærði gróf 500 grömm í jörð á Egilsstöðum, en flutti strax 500 grömm til Reykjavíkur. Guðmundur Böðvarsson átti hlut í því efnismagni, og kom í hlut hans allt að 235 grömmum, en í hlut ákærða allt að 265 grömmum. Efnisskiptingin fór fram á heimili ákærða. Ákærði sótti seinna efnið til Egilsstaða. Seldi hann ýmsum af efninu, og má þar nefna allt að 50 grömmum til Sigurðar Jóhannssonar. Hafði ákærði drjúgan hagnað af sölunni. Af efninu frá Egilsstöðum seldi hann 100 grömm, en 400 grömmum ráðstafaði hann skömmu fyrir handtöku sína í september 1980, og er óvitað, hvert þau lentu. Hald var lagt á $ 144.- og ísl. kr. 55.000.-."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á efnum, áhöldum og peningum, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, samkvæmt 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 27. júní 1958 í Reykjavík. Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1974 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9/1 1974.

1976 11/6 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga

1976 1/10 í Kjósarsýslu: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 1/10 1976.

1980 11/1 borgarréttur Oslóar: Dómur: 1.500 n. kr. sekt og 100 ÷ 76 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. og 3. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr., sbr. 30. gr. laga um læknislyf og eiturefni, sbr. fyrirmæli um eiturlyf og 1. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga, 31. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga og 333. gr., sbr. 62. og 1. mgr. 63. gr. hegningarlaga.

MÁLSATVIK.

Haustið 1980 stóð yfir hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík rannsókn á fíkniefnainnflutningi og dreifingu nokkurra aðilja. Einn grunaðra var ákærði í máli þessu. Ákærði var handtekinn á heimili sínu að Hverfisgötu 78 hér í borg 25. september 1980. Á leið til yfirheyrslu á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113 náði ákærði að hlaupast á brott frá lögreglu, en á hlaupunum tókst lögreglumanni að ná taki á jakka ákærða, en ákærði náði þá að afklæðast honum og hlaupast á brott. Í jakka ákærða fundu lögreglumenn ætlað hass, er vó 26.8 grömm, vegið í umbúðum, sem voru 15 smáir plastpokar.

Ákærði var stuttu síðar handtekinn aftur við komu á heimili sitt við Hverfisgötu. Við leit í vistarverum bróður ákærða, hvar ákærði að sögn föður hans hafði sofið nóttina áður í leyfisleysi, var lagt hald á box með ætluðum hassleifum, 144 bandaríkjadali, gamlar krónur 55.000 og fleira.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík sama dag. Viðurkenndi hann þá, að hann neytti kannabisefna, ef sér væri boðin slík, en kvaðst ekki hafa keypt slík eða selt. Aðspurður neitaði hann að gera grein fyrir því, hvort hann hafi verið með fíkniefni í sínum fórum í dag fyrir handtöku.

Ákærði var yfirheyrður hér í dómi daginn eftir og kvaðst þá útvega sér, er tækifæri byðist, örfá grömm af hassi (kannabisefnum) hverju sinni, en í undantekningartilvikum og þá eingöngu í greiðaskyni hafa átt milligöngu um útvegun kannabisefna frá þriðja aðilja til kunningja.

Ákærði var sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðahald í allt að 20 dögum vegna rannsóknar máls þessa.

Þann 16. október sama ár var ákærði yfirheyrður hér í dómi, og vísaði ákærði þá til framburða sinna við lögregluyfirheyrslur á gæsluvarðhaldstímanum, en kvaðst þó viðurkenna að hafa átt þau 15 grömm af hassi, er fundust við handtöku ákærða.

Þá kvaðst ákærði einum til tveimur vikum áður hafa keypt lítilræði af hassi og marihuana og það verið efnið, sem fannst við handtöku.

Gæsluvarðhald ákærða var hér í dómi og þann 16. október sama ár framlengt um allt að 15 dögum.

Ákærði kom hér fyrir dóm samkvæmt eigin ósk 30. október sama ár og þá til þess að árétta, að hann mundi „ekki tjá sig neitt um málið."

Sama dag kom ákærði aftur hér fyrir dóm ásamt Guðmundi Böðvarssyni, er þá sætti einnig gæsluvarðhaldi. Eftir að nefndur Guðmundur hafði lýst því yfir við ákærða, að hann hafi að fullu gert grein við rannsókn málsins fyrir samskiptum þeirra með fíkniefni og þar með talda Spánarferð á síðastliðnu sumri, þá kvaðst ákærði reiðubúinn að skýra rétt frá málavöxtum.

Ákærði kvaðst í júlí síðastliðnum hafa haldið til Spánar til hasskaupa. Ákærði kvaðst hafa sammælst við Guðmund Böðvarsson um fjármögnun og skipulag ferðar og upphaflega verið ráðgert, að ákærði héldi til Malaga á Spáni og keypti þar hreina, en ódýra hassolíu.

Ákærði kvaðst til farar hafa lagt gamlar krónur 700—800.000 og Guðmundur Böðvarsson með vissu gamlar krónur 900.000 kvöldið fyrir brottför ákærða. Hins vegar kvaðst ákærði ekki með vissu muna, hvort nefndur Guðmundur hafi þess utan lagt til gamlar krónur 300.000 nokkrum dögum fyrr.

Umsamið hafi verið, að ákærði fengi 15—20% af hlut Guðmundar fyrir áhættu og flutning, en ferða- og uppihaldskostnaður átt að skiptast að tiltölu við framlög ofangreind. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar á sunnudagsmorgni og líklega þann 20. júlí. Eftir stutta dvöl í Kaupmannahöfn kvaðst ákærði hafa haldið til Malaga á Spáni. Þar hafi reynst ókleift að útvega hassolíu og ákærði loks af sér ókunnum aðilja keypt nákvæmlega 500 grömm af hassdufti á samtals 60.000 peseta.

Ákærði kvaðst hafa leynt hassinu í farangri sínum frá Malaga til Kaupmannahafnar og þaðan til Færeyja flugleiðis, en frá Færeyjum til Seyðisfjarðar sjóleiðis með Smyrli og loks haldið frá Egilsstöðum til Reykjavíkur.

Daginn eftir heimkomu og á dvalarstað sínum við Hverfisgötu kvaðst ákærði ásamt Guðmundi Böðvarssyni hafa vigtað efnin og skipt. Hafi þá í hlut ákærða komið samtals 235 grömm, en þar af 33 grömm, eða þar

um bil, gömul skuld Guðmundar við ákærða og flutningsþóknun áðurnefnd.

Varðandi ráðstöfun ofangreinds efnis þá kvaðst ákærði á löngum tíma og reyndar allt fram á handtökudag hafa selt af hassinu nánast þeim aðiljum, sem eftir leituðu, en flestum lítið. Ákærði kvað liðlega 20 grömm af hassinu hafa fundist í sínum fórum, en ákærði um stund komist undan á hlaupum og þannig náð að fleygja í salerni að Hverfisgötu 78 síðustu 10 grömmunum, rétt um það bil sem ákærði var handtekinn. Þess utan kvaðst ákærði hafa notað sjálfur nokkuð af ofangreindum efnishluta.

Varðandi kaupendur efna af sér kvaðst ákærði í fjölmörgum afhendingum og yfirleitt gegn gjaldfresti hafa selt Sigurði Jóhannssyni samtals 30—40 grömm.

Gæsluvarðhald ákærða var þann 31. október sama ár framlengt um allt að 7 dögum.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 5. nóvember 1980 og honum þá bent á, að hann væri sakaður um frekari innflutning fíkniefna en að ofan greinir, og óskaði ákærði þá eftir umhugsunarfresti, en kvaðst síðan ekki vilja tjá sig frekar að sinni. Bróðir ákærða, Ingimundur Sigfússon, var síðan yfirheyrður hjá lögreglu og lýsti því yfir í viðurvist ákærða, að hann hafi bæði í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi tjáð sig um fíkniefnaviðskipti sín og ákærða og þar með tvær utanferðir ákærða í því sambandi. Eftir að nefndur Ingimundur vék frá, kvaðst ákærði reiðubúinn að skýra frá sannleikanum í máli þessu.

Ákærði kvaðst úr áðurnefndri Spánarferð hafa komið með samtals 1 kg af Marokko hassdufti. Er ákærði á heimleiðinni kom við á Egilsstöðum, hafi hann skipt efni þessu í tvo jafna hluta og grafið annan hlutann í jörðu í fjallshlíð fyrir ofan Egilsstaði, en efni verið í plastfötu.

Ákærði kvaðst alfarið hafa átt efni þetta sjálfur, en skipting hins efnishlutans verið með þeim hætti sem áður greinir.

Í lok ágúst kvaðst ákærði hafa ferðast „á puttanum" til Egilsstaða að sækja efnið og flutt til Reykjavíkur. Lýsti ákærði för sinni og komu til Reykjavíkur um 30 klst eftir að hann lagði af stað. Kvaðst ákærði meðal annars minnast þess að hafa fengið far með bifreið með Y skrásetningarnúmeri. Ákærði kvaðst hafa geymt efnið í plastpokum í handtösku og eftir komu til Reykjavíkur haldið með efnið að Hverfisgötu 78. Ákærði kvaðst telja, að 10 til 20 dagar hafi liðið, frá því hann kom með hass þetta til Reykjavíkur, þar til hann var handtekinn.

Varðandi ráðstöfun þessa efnis þá kvaðst ákærði hafa verið búinn að selja um 100 grömm, er hann var handtekinn, en um 400 grömm hafi hann sturtað niður um salerni á heimili föður síns, er hann var handtekinn.

Varðandi fjármögnun þessara kaupa kvaðst ákærði hafa haft utan með sér um 2.2 milljónir gamalla króna auk framlags nefnds Guðmundar, er áður greinir.

Varðandi hass það, sem fannst í plastpokum í fórum ákærða við handtöku, þá kvað ákærði það hass, er hann hafi verið að taka til baka, frá Sigurði Jóhannssyni.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu aftur daginn eftir og þá spurður nánar um fjármögnun ofangreindra fíkniefnakaupa. Ákærði kvað bróður sinn Ingimund hafa lánað sér gamlar krónur 600.000 til fararinnar gegn því, að hann fengi að minnsta kosti gamlar krónur 300.000 í vexti, en enn vanti gamlar krónur 300.000 á, að ákærði hafi gert full skil við Ingimund. Þá kvaðst ákærði hafa fengið lán að fjárhæð gamlar krónur 400.000 hjá Agli Stefánssyni og hann átt að greiða um gamlar krónur 200.000 í vexti, en enn ekki hafa gert upp við Egil að fullu.

Ákærði skýrði í nefndri lögregluyfirheyrslu frá því að hafa af ofangreindu hassi selt nokkurt magn á Keflavíkurflugvöll og þá hvert gramm á 20—25 bandaríkjadali. Kvaðst ákærði hafa selt efni fyrir 120—160 dali á Keflavíkurflugvelli og afrakstur þeirrar sölu verið í hillu eða á gólfi í herbergi bróður síns að Hverfisgötu 78, er ákærði var handtekinn.

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember 1980 og bar þá á sama veg um ofangreint, utan hvað ákærði kvaðst ekki lengur halda því fram, að hann hafi við handtöku átt þess kost að skola nefndum óseldum 400 grömmum niður um salernisskál að Hverfisgötu 78. Hið rétta sé, að ákærði hafi komið hassinu til geymslu hjá aðilja, er hann muni aldrei upplýsa, hver sé.

Þá kvaðst ákærði ekki geta vísað á eða afhent þessi efni og reyndar ekki vita, hvort þau séu enn til staðar, en hins vegar gera sér ljóst, að úr því sem komið sé væri sér fremur í hag að geta afhent lögreglu efnið og gera sitt til þess, að svo geti orðið. Gekk ákærði laus úr gæsluvarðhaldi sama dag.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 13. janúar 1982, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að hann hafi í margnefndri Spánarferð aðeins fest kaup á 500 grömmum af hassi, en ekki 1 kg, eins og hann hafi áður skýrt frá. Hafi því frásögn sín um 500 grömm af hassi, er hann gróf í jörðu á Egilsstöðum, verið uppspuni.

Er ákærði var inntur eftir ástæðum þessa breytta framburðar, þá kvaðst ákærði hafa gripið til þess ráðs á 40. degi gæsluvarðhaldsvistar sinnar að ljúga upp sökum á sjálfan sig til þess að sleppa úr varðhaldi.

Í þessu sama þinghaldi lýsti ákærði því yfir varðandi ráðstöfun sína á þeim 235 grömmum, er í hlut ákærða hafi komið við skiptingu efna, að hann hafi haft til eigin neyslu stóran hluta þess, um 50 grömm hafi ákærði

selt ýmsum aðiljum gegn endurgjaldi, þar af um 15 grömm til Sigurðar Jóhannssonar, en sumt farið forgörðum.

Varðandi haldlagða 144 bandaríkjadali kvaðst ákærði telja þá söluandvirði fíkniefna, en varðandi gamlar krónur 55.000 þá kvaðst ákærði ekki vita til þess, að þær væru söluandvirði fíkniefna.

Guðmundur Böðvarsson, fæddur 1. mars 1958, var yfirheyrður hér í dómi 25. og 29. október 1980, þá í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa. Nefndur Guðmundur bar mjög á sama veg og ákærði um aðdraganda og framgang hasskaupaferðar ákæra til Spánar í júlí sama ár. Kvaðst Guðmundur hafa lagt til farar nálægt 1.000.000 gamalla króna og ákærði svipað. Hafi ákærði að sögn keypt 500 grömm af hassdufti, en eitthvað af efni farið til einkanota ákærða og efni það, sem til skipta milli þeirra hafi komið, verið 440 grömm og hvor fengið 220 grömm. Hafi vigtun og skipting efna farið fram í herbergi bróður ákærða að Hverfisgötu 78.

Í framburði nefnds Guðmundar hjá lögreglu 6. og 10. október sama ár kemur fram, að bróðir ákærða hafi ekki verið viðstaddur nefnda vigtun, en hann þó verið í íbúðinni. Lýsti Guðmundur svo, að efnið hafi verið í 6—8 plastpokum.

Ingimundur Sigfússon, fæddur 2. september 1962, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 29. september 1980 og hér í dómi 31. október 1980. Framburður nefnds Ingimundar hér í dómi 31. október 1980 var svohljóðandi, en hér þykir ástæða til að taka framburðin beint upp:

„Mætti kveðst vera bróðir Arnar Sigfússonar og vita um hans veru í gæsluvarðhaldi, enda að Hverfisgötu 78 hér í borg búið í sama herbergi og áðurnefndur Örn, þar til sá var handtekinn seint í sept. s. l.

Vegna þessa nábýlis kveðst mætti ekki hafa komist hjá að sjá og vita um hassmeðhöndlun bróður síns og þannig vita, að hann fór tvær ferðir til Spánar s. l. sumar og haust og kom úr hvorri með svipað magn af hassdufti, eða 400—500 gr, sem mætti kveðst hafa séð Örn handfjatla í ofangreindu herbergi.

Mætti telur fyrri ferð hafa byrjað í júlí s. l. og að sögn Arnar tímaviðmiðun í því sambandi, að þegar Örn var á Keflavíkurflugvelli á útleið, hafi lögregla gert húsleit að Sóleyjargötu 19, þar sem Örn dvaldi oft vegna vinfengis við stúlku þar búandi.

Leit þessi hafi verið tengd innbroti í skartgripaverslun Jóhannesar Norðfjörð. Mætti kveðst eftir komu Arnar að utan hafa orðið vitni að vigtun Arnar á 400—500 gr af hassdufti í ofangreindu herbergi og þar jafnframt verið viðstaddur e-n kunningi Arnar, um 1.85 cm á hæð með dökkt meðalsítt hár.

Síðari ferðina hafi Örn farið um 3—4 vikum eftir heimkomu úr hinni fyrri. Þessi síðari ferð hafi átt að taka eina viku, en í reynd orðið lengri,

eða 2—3 vikur, og Örn þá frá Spáni komið um Kaupmannahöfn og Færeyjar, en þaðan með Smyrli hingað til lands.

Áður hafi Örn rætt um að fá vinstúlku sína, Ólínu Águstsdóttur, til farar, en síðar hafi Örn sagt mætta, að stúlka þessi hafi gugnað á því.

Mætti kveðst hafa séð Örn og að Hverfisgötu 78 vigta hassduft úr þessari ferð í litla plastpoka og heildarmagn sýnst mjög svipað og úr fyrri ferð. Mætti segir mjög líklegt, þótt hann vilji ekki fullyrða með öruggri vissu, að sami piltur og áður er nefndur hafi verið viðstaddur þessa vigtun einnig. Mætti kveðst áætla, að Örn hafi komið úr þessari síðari ferð tveim vikum eða jafnvel skemur fyrir handtöku og því telji mætti næsta víst, að Örn við þessa handtöku hafi átt verulegan hluta efna ósnertan.

Mætti segir fullvíst, að um tvær ferðir Arnar hafi verið að ræða, en kveðst ekki vita um fleiri ferðir.

Mætti segir Örn á tímabili hafa geymt efni úr báðum ofangreindum ferðum að Hverfisgötu 78, en nokkru fyrir handtöku sagt mætta, að hann hefði þá flutt efni „ á öruggan stað," sem mætti kveðst ekki um vita, en benda á, að Örn hafi á tímabili jafnframt búið að Sóleyjargötu 19 með stúlku, er Þuríður heiti.

Mætti bætir við, að Örn hafi á tímabili s. l. sumar starfað á vegum félags einstæðra foreldra og þá verið að safna fé til áðurnefndrar fyrri ferðar."

Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér í dómi 26. september 1980 að hafa í mörgum afhendingum undanfarnar vikur af Erni Sigfússyni keypt samtals 40—50 grömm af hassi og síðasta afhending, nánar 10 grömm, orðið síðastliðinn sunnudag. Þá kvaðst nefndur Sigurður hafa séð í fórum ákærða plastpoka með hassdufti um ¼ lítra að rúmmáli.

Róbert Cassis, fæddur 25. janúar 1964, bar í lögregluyfirheyrslu 28. september 1980 að hafa næstu vikur þar á undan ítrekað af ákærða keypt lítilræði af hassefnum og við eitt slíkt tækifæri séð „ nokkuð stóran plastpoka," er verið hafi „nær fullur af hassdufti," og viðstaddur verið Sigurður Jóhannsson.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði viðurkenndi við rannsókn málsins alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, með því fráviki þó, að í ákæruskjali, sem annars virðist byggt á játningum ákærða, hafi víxlast tölur um efnismagn, er í hlut ákærða og nefnds Guðmundar kom við efnisskiptingu að Hverfisgötu 78 hér í borg. Samkvæmt því komu í hlut ákærða 235 grömm. Ekki þykir verða gengið út frá meira efnismagni til nefnds Guðmundar en hann hefur gengist við, eða 220 grömmum. Að öðru leyti eru framburðir ákærða og nefnds Guðmundar samhljóða. Þá er framburður ákærða um sölu efna til Sigurðar

Jóhannssonar studdur framburði nefnds Sigurðar. Ekki liggur þó fyrir í málinu, að ákærði hafi haft drjúgan hagnað af sölu efna.

Varðandi framburð ákærða um, að hann hafi grafið í jörðu 500 grömm af hassi á Egilsstöðum og síðar sótt og flutt til Reykjavíkur, sölu um 100 gramma og síðan að hann hafi komið um 400 grömmum af þessu efni í vörslu hjá þriðja aðilja, er ákærði neitaði að nafngreina, þá er þessi játning ákærða að hluta til studd framburði bróður ákærða, Ingimundar Sigfússonar. Nefndur Ingimundur Sigfússon bar hér í dómi, að ákærði hafi farið tvær ferðir utan til hasskaupa og í síðara tilvikinu komið hingað til lands með Smyrli. Kvaðst nefndur Ingimundur hafa orðið vitni að vigtun ákærða á 450—500 grömmum af hassdufti úr þeirri fyrri í herbergi Ingimundar að Hverfisgötu 78 og að lokinni þeirri síðari séð ákærða á sama stað vigta hassduft í litla plastpoka og heildarmagn virst það sama og úr þeirri fyrri. Hafi þetta verið um tveimur vikum fyrir handtöku ákærða. Þá kvað Ingimundur ákærða hafa sagt sér nokkrum dögum fyrir handtöku, að hann hafi flutt efni á „öruggan stað", sem Ingimundur kvaðst ekki vita, hver hafi verið. Þá þykir renna stoðum undir frásögn Ingimundar, að við handtöku hafði ákærði í sínum fórum hassduft í litlum plastpokum, og ber tímasetningu Ingimundar saman við austurferð ákærða.

Er ákærði kom hér fyrir dóm 13. janúar síðastliðinn, breytti hann framburði sínum á þá leið, að hann hafi aðeins flutt 500 grömm af hassi hingað til lands í umrætt sinn og framburður sinn um 500 grömm af hassi, er hann hafi grafið í jörðu, væri uppspuni, en hann hafi gripið til þess ráðs að ljúga á sig sökum til þess að losna úr gæsluvarðhaldi. Þá breytti ákærði og framburði sínum um selt efnismagn og kvaðst nú aðeins hafa selt um 50 grömm ýmsum aðiljum gegn endurgjaldi, þar af um 15 grömm til Sigurðar Jóhannssonar, en sumt farið forgörðum.

Er ákærði kom fram með hinn breytta framburð, var liðið talsvert á annað ár, frá því játning ákærða kom fram, án þess að ákærði gerði reka að því að leiðrétta fyrri framburð, ef rangur var, en ákærði kom tvívegis fyrir dóm áður eftir birtingu ákæru.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu verður ekki tekið mark á hinum breytta framburði ákærða, er fram kom hér í dómi 13. janúar síðastliðinn, og með vísan til framanritaðs þannig talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í ákæruskjali greinir, með ofangreindu fráviki um efnismagn það, er í hlut ákærða og nefnds Guðmundar kom við skiptingu efna á heimili ákærða, og þá verður ekki lagt til grundvallar, að ákærði hafi haft drjúgan hagnað af sölu efna.

Telst þannig sannað, að ákærði hafi keypt á Spáni í júlí 1980 1 kg af hassi og flutt hingað til lands. Ákærði gróf 500 grömm í jörð á Egilsstöðum, en flutti strax 500 grömm til Reykjavíkur. Guðmundur Böðvarsson

átti hlut í því efnismagni á móti ákærða, og komu í hlut nefnds Guðmundar 220 grömm, en efni að öðru leyti eign ákærða. Ákærði sótti seinna efnið til Egilsstaða. Seldi hann ýmsum af efninu og þar á meðal allt að 50 grömmum til Sigurðar Jóhannssonar. Af efnum frá Egilsstöðum seldi ákærði 100 grömm, en 400 grömmum ráðstafaði hann skömmu fyrir handtöku sína í september 1980, og er ekki vitað, hvert þau lentu.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Tilvísun til 2. tölulíðs 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er hins vegar óþörf.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Refsingu ákærða ber samkvæmt ofanskráðu að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot, en ákærði var þann 11. janúar 1980 í borgarrétti Oslóar dæmdur í 1.500.00 norskra króna sekt og 100 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. og 3. málsgrein 43. gr., sbr. 22. gr., sbr. 30. mgr., laga um læknislyf og eiturefni, sbr. fyrirmæli um eiturlyf og 1. mgr. 43. gr., sbr. 22. gr. og 20. gr. sömu laga, 31. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga og 333. gr., sbr. 62. og 1. mgr. 63. gr. hegningarlaga.

Verður því refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 5. tölulið 1. málsgreinar 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar ofangreindri refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn málsins, eða 44 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 3.000.00 í réttargæslulaun og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Með vísan til 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 ber að dæma ákærða til að sæta upptöku á 144 bandaríkjadölum til ríkissjóðs og 26.8 grömmum af hassi í plastumbúðum og hassleifum í plastöskju til eyðingar.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, sæti fangelsi í 5 mánuði. Refsivist til frádráttar komi 44 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Upptækir til ríkissjóðs skulu 144 bandaríkjadalir, en til eyðingar 26.8 grömm af hassi í plastumbúðum og hassleifar í plastöskju.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 3.000.00 í réttargæslu-

laun og kr. 4.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 19. maí 1983.

Nr. 66/1981. **Gunnar Ólafsson & Co. h/f**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Vestmannaeyjakaupstað.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lóðarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. mars 1981. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt meginreglu 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 var eiganda lóðar þeirrar, er í málinu greinir, heimilt að krefjast mats á leigugjaldi eftir lóðina, en leigusamningar áttu að gilda um óákveðinn tíma og voru óuppsegjanlegir. Lög nr. 22/1960 og ákvæði afsals til stefnda á grundvelli þeirra laga verða ekki skýrð svo, að með þeim hafi þessi réttur lóðareiganda verið skertur.

Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi, reisir stefndi kröfu sína um hækkun leigugjalds á matsgerð dómkvaddra manna frá 22. nóvember 1969. Í matsbeiðni var miðað við, að matsmenn mætu leigugjald samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 75/1917, og er til

þess vitnað í mátsgerðinni. Þykir eftir atvikum mega leggja niðurstöðu matsgerðar þessarar til grundvallar hækkun á leigugjaldi, eins og krafist hefur verið, en aðfinnsluvert er, að matsmenn voru ekki kvaddir fyrir dóm til að staðfesta matsgerðina, er hafði verið mótmælt sem óstaðfestri af hálfu áfrýjanda.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um viðurkenningu á rétti stefnda til hækkunar lóðarleigu.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

Mál þetta var höfðað í héraði með stefnu 25. ágúst 1971. Það var tekið til dóms að undangengnum munnlegum málflutningi 17. maí 1973. Síðan var eigi afhafst neitt í málinu, fyrr en það var tekið upp að nýju 4. september 1980. Er þessi málsmeðferð vítaverð, en þar er eigi við dómara þann að sakast, er dæmdi málið að lokum í héraði.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnda, Vestmannaeyjakaupstaðar, til að hækka leigugjald eftir lóð þá, er í málinu greinir, í 0.10 nýkrónur á fermetra á ári frá og með 1971 að telja.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, greiði stefnda, Vestmannaeyjakaupstað, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. febrúar 1981

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f. m., hefur Vestmanneyjakaupstaður höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. ágúst 1971, að undangenginni sáttakæru, útgefinni 22. júlí 1971, birtri 23. júlí s. á., á hendur firmanu Gunnari Ólafssyni & Co. h/f, Vestmannaeyjum.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms að undangengnum munnlegum málflutningi 17. maí 1973, var endurupptekið 4. september 1980, þar sem dómur hafði aldrei gengið í málinu. Var það gert með fullu samkomulagi aðilja, og lágu þá fyrir í málinu öll gögn þess, þau sömu og

lágu fyrir við dómtöku 17. maí 1973. Aðiljar hafa síðan aflað frekari gagna í málinu.

Í þinghaldi 17. desember sl. gerði lögmaður stefnda, Gunnars Ólafssonar & Co. h/f, sjálfstæða kröfu um frávísun málsins, og var málið munnlega flutt um frávísunarkröfuna í því sama þinghaldi. Með úrskurði, uppkveðnum 19. desember sl., var frávísunarkröfunni hrundið, en ákvörðun um málskostnað látin bíða væntanlegs efnisdóms í málinu.

Með stefnu, útgefinni 13. desember 1971, en birtri 14. desember 1971, höfðaði stefndi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, gagnsök í málinu.

Í þinghaldi 8. júní 1972 krafðist lögmaður gagnstefnda, Vestmannaeyjakaupstaðar, frávísunar gagnsakarinnar, og fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkörfuna 15. september 1972. Með úrskurði þess dómara, er þá fór með málið, var frávísunarkröfu gagnstefnda hrundið, en ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms í málinu. Munnlegur málflutningur um efnishlið málsins fór síðan fram 17. maí 1973, en efnisdómur gekk aldrei í málinu, eins og að framan greinir.

Fyrir munnlegan málflutning 30. janúar sl. var gagnsökin með bókun í þingbók einhliða hafin, en stefnda í gagnsök, Vestmannaeyjakaupstað, ákvarðaðar kr. 800.00 í ómaksbætur.

Dómkröfur stefnanda, Vestmannaeyjakaupstaðar, eru þær, að stefndi verði dæmdur til að hlýta því, að endurgjald eftir svonefnda Tangalóð, sem firmað hefur á leigu hér í Vestmannaeyjum, verði frá og með árinu 1971 að telja hækkað í kr. 10 per fermertra á ári, einnig til greiðslu matskostnaðar, kr. 15.500, og greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Í munnlegum flutningi málsins lýsti stefnandi því yfir, að hér væri átt við gamlar krónur, enda væru dómkröfur þær sömu og í stefnu greindi og á engan hátt verið að hækka kröfurnar.

Stefndi gerir hins vegar þær dómkröfur, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði dæmt að greiða stefnda hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Dómari sá, sem mál þetta dæmir, fékk málið til meðferðar í júnímánuði 1980.

Sættir hafa ítrekað verið reyndar, en jafnan reynst árangurslausar.

I. Málavextir.

Málavöxtum þykir mega lýsa þannig: Með þremur óuppsegjanlegum erfðafestusamningum frá árunum 1910, 1911 og 1924, sbr. breytingarsamning frá árinu 1939, fékk stefndi svonefnda Tangalóð hér í Vestmannaeyjum að erfðafestu. Umrædd lóð, sem taldist við útgáfu stefnu verða 5976.2 m², en telst nú, sbr. dskj. 30, vera 5045.2 m², liggur norðan Strandvegar að Básaskersbryggju, austan Skildingavegar og vestur undir Skólaveg hér í

Vestmannaeyjum. Með beiðni, dags. 26. september 1969, dskj. 4, fór stefnandi fram á það við bæjrfógetann í Vestmannaeyjum, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta, hvað væri hæfilegt afgjald á ári af framangreindri lóð. Í matsbeiðninni kemur þetta m. a. fram: ,,Leigugjaldið fyrir ofangreinda lóð hefur um margra áratuga skeið verið óbreytt kr. 175.00 á ári (gkr. aths. dómara).

Vegna stórfelldra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa í landinu, síðan leigugjaldið fyrir umrædda lóð var upphaflega ákveðið, hefur bæjarstjórn Vestmannnaeyja talið eðlilegt að hækka leigugjaldið fyrir lóðina sem og aðrar lóðir, sem svipað stendur á um.

Samþykkti bæjarráð Vestmannaeyja á fundi sínum 4. des. 1967, að leigugjald fyrir lóðir í eigu kaupstaðarins skyldi hækka í kr. 5.00 pr. fermetra (gkr. aths. dómarans), þar sem um verzlunar- og atvinnufyrirtæki hvers konar væri að ræða.

Fellur framangreind lóð firmans Gunnar Ólafsson & Co h.f. undir þessa samþykkt, sem staðfest var af bæjarstjórn Vestmannaeyja á fundi hennar 29. des. 1967.

Samkvæmt ofangreindri samþykkt skyldi ársleiga fyrir ofangreinda lóð vera kr. 28.475.00 (5 kr. x 5.695 ferm.) (gkr. aths. dómarans).

Firmað hefur hins vegar neitað að hlíta þessari hækkun á afgjaldi lóðarinnar og mótmælt rétti kaupstaðarins til þess að hækka það. Er því kaupstaðurinn til þess knúinn að skjóta til dómstólanna ágreiningi þessum um rétt hans til hækkunar á afgjaldinu.“

Þann 29. september 1969 dómkvaddi bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum Þá Ólaf Á. Kristjánsson húsasmíðameistara og Pál Þorbjörnsson kaupmann, báða búsetta í Vestmannaeyjum, til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsmaðurinn Ólafur Á. Kristjánsson er nú búsettur í Reykjavík, en matsmaðurinn Páll Þorbjörnsson er látinn.

Með bréfi, dagsettu 7. nóv. 1969, sendi stefnandi matsmönnunum uppdrátt af ,,Tangalóðinni“, gerðan 1. nóv. 1969 af Ólafi Gunnarssyni, þáverandi bæjarverkfræðingi, stækkaðan eftir myndmældu korti, sem Forverk h/f gerði 1963—1964. Þá segir í bréfi þessu: ,,Svo sem fram kemur á uppdrættinum, er stærð þeirrar lóðar, er matsþoli nú hefur afnot af og meta skal leigugjald eftir, u. þ. b. 5.976,2 ferm.

Ólafur Gunnarsson, bæjarverkfræðingur, er að sjálfsögðu reiðubúinn að gefa þær skýringar á uppdrættinum, sem þér teljið nauðsynlegar og hann getur gefið.“

Uppdráttur sá, sem hér er minnst á, hefur ásamt öðrum þeim skjölum, sem matsmenn skiluðu til matsbeiðanda með matsgerðinni, verið lagður fram sem dskj. nr. 4, en matsgerðin er svohljóðandi:

„Hinn 29. sept. vorum við undirritaðir í bæjarþingi Vestmannaeyja að beiðni Vestmannaeyjakaupstaðar dómkvaddir til að meta, hvað væri hæfilegt árgjald á ári af svokallaðri Tangalóð, sem talin er 5695 m² að stærð.

Undirbúning að matinu hófum við þegar, að fenginni dómsgerðinni, með því að leggja drög að öflun ýmsra upplysinga, er að gagni mættu koma við matið.

Hinn 25. okt. s. l. voru mættir á fundi með okkur Óttar Yngvason lögfr. vegna Vestmannaeyjakaupstaðar, Ólafur Gunnarsson, verkfr., Jónas Jónsson forstj. og Jón Hjaltason hrl. vegna Gunnar Ólafsson & Co. h. f.

Á fundinum var dómkvaðning matsmanna lögð fram og einnig upplýsingar frá skrifstofu Samb. ísl. sveitarfélaga um lóðarleigur á nokkrum stöðum á landinu.

Umboðsmenn gerðarþola mótmæltu því, að matið færi fram, þar eð ekki lægi fyrir neinn uppdráttur af lóðinni, er sýni rétta lóðarstærð eins og hún væri í dag. Auk þess mótmæltu þeir matinu sem óviðkomandi Gunnari Ólafssyni & Co. h.f., þar eð engin uppsögn hefði farið fram á lóðarsamningi, enda engin heimild til uppsagnar, þar eð landið er leigt á erfðafestu, né nein hækkunarheimild á eftirgjaldi.

Umboðsmaður Vestmannaeyjakaupstaðar hélt fast við lóðarstærðina 8440 m² að frádregnu því, sem látið hefur verið af hendi, um það bil 2745 m², og vísaði til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 45, 1917 um matsheimilid og krafðist þess, að matið færi fram.

Hinn 19. nóv. s. l. voru svo matsmenn enn á fundi og auk þeirra allir sömu menn og á fundinum 25. okt. s. l.

Lagt var fram á fundinum bréf ásamt uppdrætti af lóðinni, og segir í brefinu, að samkv. uppdrættinum sé stærð þeirrar lóðar, er meta skuli, 5976 m².

Ennfremur voru lagðar fram upplýsingar um lóðarleigur í Kópavogi, Hafnarfirði og Akranesi. Þá var skýrt frá upplýsingum samkv. veðmálabókum um, að hinn 12. maí 1964 hefði Gunnar Ólafsson & Co. h. f. selt Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja 317,5² af lóðinni fyrir kr. 150.000.00 (gkr. innskot dómarans). Umboðsmenn gerðarþola ítrekuðu mótmæli sín frá 25. okt. s. l. Þá gerðu þeir þá kröfu, ef matið allt að einu færi fram, að undanskildir yrðu í matinu þeir 792², sem á uppdrættinum eru merktir sem óteknir undir vegi. Umboðsmenn gerðarbeiðanda héldu fast við kröfu sína um, að matið færi fram.

Upplýst er, að 27. janúar 1965 ákvað Hafnarnefnd Vestmannaeyja, að lóðarleigur skyldu vera kr. 5.00 (gkr. innskot dómarans) á m² á ári frá 1. jan. 1965.

Þá liggja fyrir í málinu upplýsingar um, að á sambærilegum stöðum á

landinu eru hafnarlóðir leigðar fyrir frá 2.00 til 30.00 krónur (gkr. innskot dómarans) hver m² á ári.

Lóð sú, er hér er um að ræða, liggur mjög vel við á hafnarsvæðinu og nýtist svo til til fullnustu sem byggingarlóð, ef óskað er, ef frá eru taldir þeir 792 m², sem ætla má, að teknir verði undir vegi.

Mótmæli gjörðarþola um, að gjörðin fari fram, verða ekki tekin til greina með tilvísun til þess, sem beðið er um í gjörðarbeiðninni.

Varakrafa gjörðarþola um, að 792 m², sem ætla má, að teknir verði undir vegi, verði undanskildir í matinu, verður heldur ekki tekin til greina, þar eða á þeirri lóð er eitt af húsum gjörðarþola „Sjóbúðin", og gjörðarþoli hefir fullan umráðarétt yfir lóðinni nú. Verður því að leggja til grundvallar, að lóðin sé nú 5976,2 m².

Með tilvísun til upplýsinga um leigumála og annað, er að framan greinir, þykir hæfilegt að ákveða ársleigu eftir hvern m² lóðarinnar kr. 10.00 (gkr. innskot dómarans) á ári.

Niðurstaða okkar verður því þessi:

Leiga eftir svonefnda Tangalóð skal vera kr. 59.762.00 á ári (gkr. innskot dómarans).

Vestmannaeyjum 22. nóvember 1969.

Páll Þorbjörnsson Ólafur Á. Kristjánsson "

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu, er fram kemur í matinu, höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Með lögum nr. 22 frá 10. maí 1960 var ríkissjórninni veitt heimild til að selja Vestmannaeyjakaupstað allt land í Vestmannaeyjum, sem þá var í eigu ríkisins, og í lögum þessum var Vestmannaeyjakaupstað veitt eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Með afsalsbréfi, útgefnu 23. ágúst 1960, nýtti ríkissjóður framangreinda lagaheimild og seldi þannig Vestmannaeyjakaupstað allt land í Vestmannaeyjum, sem þá var í eigu ríkisins, með fjórum undantekningum, sem ekki skipta hér máli. Verður hér síðar nánar vikið að lögum þessum og afsalsbréfinu, en rétt þykir að gera hér grein fyrir sögulegum bakgrunni „Tangalóðarinnar", eins og gerð er grein fyrir honum í greinargerð stefnanda:

„Hinn 8. mars 1910 seldi ríkissjóður Íslands, sem þá var eigandi alls lands í Vestamannaeyjum, Pétri J. Thorsteinssyni á erfðafestu lóð, sem tilheyrt hafði Júlíushaabsverslun hér í Vestmannaeyjum og nú gengur almennt undir nafninu Tangalóð. Stærð lóðarinnar var í lóðarbréfinu talin 2100 ferálnir eða u. þ. b. 7150 (svo) fermetrar. Afgjald eftir lóðina var ákveðið kr. 150 á ári (gkr. innskot dómarans), og var í bréfinu engin heimild til breytinga á því.

Hinn 16. desember sama ár seldi nefndur Pétur firmanu Gunnar Ólafsson

& Co. lóðina með öllum réttindum og skyldum, sem henni fylgdu samkvæmt erfðaafsalinu.

Hálfu ári síðar fékk firmað viðbótarlóð, 412 ferálnir að stærð (u. þ. b. 165 m²), með erfðafestuafsali, dags. 9. júní 1911. Viðbótarlóð þessi var viðföst upphaflegu lóðina, og var leiga eftir hana ákveðin kr. 4.00 (gkr. innskot dómarans) á ári.

Enn fékk firmað afsalað til erfðafestu viðbótarlóð með samningi, dags. 16. desember 1924. Var sú lóð talin 2109 ferálnir (u. þ. b. 845 m²), og var afgjald eftir hana ákveðið kr. 21.00 (gkr. innskot dómarans).

Mun láta nærri, að samanlögð stærð lóðarinnar væri, er hér var komið, 8160 fermetrar, og var leigan eftir hana samtals kr. 175.00 (gkr. innskot dómarans) á ári.

Stærð lóðarinnar hélst óbreytt næsta áratuginn eða svo, en þá voru hafnar framkvæmdir við byggingu Básaskersbryggju, sem reist var framundan lóð firmans. Fylgdi þeirri framkvæmd mikið rask og breytingar á aðstæðum við lóð firmans. Reyndist bæjarfélaginu m. a. nauðsynlegt að fá frá ríkinu, m. a. í uppfyllingu, mikinn hluta þeirrar lóðar, er firmað hafði fengið á erfðafestu með samningnum frá árinu 1924. Greiddi umboðsmaður ríkisins, bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, fyrir því, að þetta mætti takast, og var nýr samningur gerður við firmað árið 1939. Með honum afsalaði firmað sér miklum hluta nefndra lóðarréttinda, en fékk í staðinn aðra lóð jafnstóra í svokölluðu Tangaviki, allstórri vík, sem áður gekk inn í lóð firmans, en hafði verið fyllt upp í sambandi við byggingu bryggjunnar.

Í hinum nýja samningi var svo kveðið á, að þessa lóð í Tangavikinu fengi firmað með nákvæmlega sömu réttindum og skyldum og fylgt höfðu þeirri lóð, er það lét af hendi. Voru í samningi þessum síðan nákvæmlega tilgreind takmörk lóðarinnar eins og hún þá var orðin með breytingum og viðaukum, og skyldi hún teljast 8440 fermetrar. Þessu til viðbótar fékk firmað endurgjaldslaus afnot lóðarspildu, sem féll innan takmarka lóðarinnar, eins og hún nú var mörkuð. Spilda þessi var 701 fermetri að stærð, en reiknað var með, að hún færi síðar undir vegastæði, er Heiðarvegur yrði framlengdur til norðurs, eins og ráð var fyrir gert í skipulagi kaupstaðarins.

Að öllu töldu komu þannig undir umráð firmans með hinum nýja samningi 9141 fermetrar. Um leigu eftir þessa lóð var ekkert tekið fram sérstaklega, en augljóslega ráð fyrir því gert, að hún yrði áfram sú sama, kr. 175.00 (gkr. innskot dómarans) á ári.

Gunnar Ólafsson & Co. seldi síðan stefnda í máli þessu, firmanu Gunnar Ólafsson & Co. h.f., lóð þessa með afsali, dags. 28.09.1949.

Núverandi stærð þeirrar lóðar, er stefndi hefur afnot af, er samkvæmt

mælingu bæjarverkfræðings 5976,2 m², og hafa á lóð hans orðið eftirtaldar breytingar frá því, er síðasti samningur um hana var gerður:

1. Selt Vélsmiðjunni Völundi ár 1959 968 m² (dskj. 39).
2. Selt Vinnslustöðinni h.f. árið 1954 400 m² (dskj. 36).
3. Selt Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja árið 1964 317,5 m² (dskj. 35).

Samtals hefur firmað þannig selt úr lóðinni 1,685,5 m², en að auki hafa farið undir svonefnda Tangagötu 1,479,3 m², þannig að eftir eru nú af lóðinni og að öllu leyti tilheyrandi firmanu 5976,2 m², eins og áður segir.“

Rétt þykir nú að gera að nokkru grein fyrir efnisinntaki hinna áminnstu erfðafestusamninga:

Í 1. gr. samningsins frá 1910 segir, að lóðin afsalist til fullkominnar erfðafestueignar þannig, að kaupandi hafi heimild til að selja hana, veðsetja og ráðstafa á annan hátt, sem ekki kemur í bága við útmælingarbréf þetta. Þá kemur fram í 3. gr. samningsins, að lóðin sé afhent til verslunar, fiskverkunar, útvegs eða annars iðnrekstrar og verslun skuli rekin þar að jafnaði.

Í samningnum frá 1911 segir, að hin þar tiltekna Tangalóð sé seld og afsöluð til erfðafestu. Í samningi þessum kemur enn fremur fram, að verslunarlóðina Júlíushaab hafi Pétur J. Thorsteinsson, kaupmaður í Reykjavík, fengið afsal fyrir 8. mars 1910, en hann svo afsalað 16. des. sama ár téðu firma með sömu skilmálum, er um getur í téðu afsalsbréfi 8. mars 1910, og með tilvísun til nefndrar útmælingar.

Í samningnum frá 1924 er 1. og 3. gr. samhljóða samningnum frá 1910.

Í öllum þessum samningum er ákvæði um skyldu kaupanda til að greiða seljanda, ríkissjóði, í peningum þar nánar tiltekið afgjald (leigu) af lóðinni og þess jafnframt getið, að gjaldið hafi lögtaksrétt.

Viðbótarsamningurinn frá 1939, sem svo hefur verið nefndur (dskj. 10), er samningur milli stefnda og þáverandi bæjarstjóra f. h. hafnarnefndar og bæjarstjórnar Vestmannaeyja um takmörk Tangalóðarinnar. Í samningnum er ákvæði um, að stefndi haldi sama erfðafesturétti og honum hafi áður verið veittur við þau skipti, sem þarna áttu sér stað og greint er frá hér að framan í hinum sögulega bakgrunni. Í niðurlagsákvæði samningsins segir, að samningur þessi nái fyrst fullu gildi, er umboðsmaður þjóðjarða í Vestmannaeyjum hafi samþykkt hann og atvinnudeild Stjórnarráðs Íslands, og fékk samningurinn þannig fullt gildi 1. mars 1940.

Skal nú vikið að lögum nr. 22 frá 10. maí 1960 og afsalsbréfinu frá 23. ágúst 1960. Í 2. mgr. 1. gr. laganna segir, að andvirði landsins skuli Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum. Síðan segir í 2. gr. laganna: „Þeir, sem öðlast hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur

í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917."

Í afsalsbréfinu frá 23. ágúst 1960 segir einnig í 5. gr. „Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu lóðir eða landsspildur í Vestmannaeyjum, halda rétti sínum samkvæmt þar að lútandi samningum." Um kaupverðið og hið selda land sérstaklega segir síðan í afsalsbréfinu: „Landið er selt í því ástandi, sem það nú er í. Kaupanda (Vestmannaeyjakaupstað, innskot dómarans), er óheimilt að selja hið keypta land, hvort sem er hluta af því eða það allt. Kaupanda er skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði byggingarlóðum, þurfi ríkið eða ríkisstofnanir síðar á þeim að halda. Söluverð landsins með þeim takmörkunum, sem afsalsbréf þetta felur í sér, er kr. 1.000.000.00 (gkr. innskot dómarans), og hefur kaupandinn greitt það þann veg:

1. Greitt við undirskrift afsalsbréfs þessa kr. 40.000.00 (gkr. innskot dómarans).

2. Gefið út skuldabréf fyrir eftirstöðvum söluverðsins kr. 960.000.00 (gkr. innskot dómarans), er greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 24 árum, í gjalddaga 5. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 5. ágúst 1961. Í vexti af skuldinni greiðast sömu vextir og ræktunarsjóður Búnaðarbanka Íslands tekur hverju sinni, og greiðast þeir eftir á í sama gjalddaga og afborganir. Skuldin er tryggð með 1. veðrétti í hinu selda landi."

Eftir höfðun máls þessa er óumdeilt, að stefndi hefur selt Halldóri Svavarssyni 139 m² úr Tangalóðinni.

Við munnlegan málflutning 30. jan. sl. gaf umboðsmaður stefnanda þá yfirlýsingu, að ekki væri krafist endurgjalds fyrir stærra svæði en Tangalóðin væri í dag, sem í samræmi við dskj. nr. 30 sé 5045.2 m². Þá liggur nú fyrir í málinu ljósrit af frumriti staðfests aðalskipulags, staðfests af ráðherra, þar sem hafnarsvæðið er merkt inn dökkum fleti (dskj. 31).

Þann 3. og 4. desember sl. komu Gísli Geir Guðlaugsson, framkvæmdastjóri stefnda, og Páll Zóphaníasson bæjarstjóri hér fyrir dóminn til aðiljayfirheyrslu, og bæjarstjóri hefur gefið út aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Gísli Geir Guðlaugsson, 40 ára framkvæmdastjóri, til heimilis að Birkihlíð 23, Vestmannaeyjum, upplýsti, að ekki væri breyting á fyrri afstöðu fyrirtækisins til málsins. Það eina, sem valdið hefði breytingu og hefði verið fjallað sérstaklega um í stjórn fyrirtækisins, væri aðiljaskýrsla gagnaðilja, dkjs. 28. Hefði þar verið mótmælt þeirri fullyrðingu, er fram kæmi í aðilja-

skýrslunni, að stefndi hefði óskað eftir því við bæjaryfirvöld, að svæðið yrði skipulagt. Hefði enginn stjórnarmanna kannast við það og komi þetta fram í ljósriti af fundargerðinni, sem lagt hefði verið fram sem dskj. nr. 32 í málinu. Kvað hann stefnda hafa staðið við sinn hluta samningsins, sem gerður hefði verið við landsstjórnina á sínum tíma.

Páll Hjaltdal Zóphóníasson, 38 ára bæjarstjóri, Smáragötu 15, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa gegnt starfi bæjarstjóra frá byrjun árs 1976, en jafnhliða bæjarstjórastarfinu gegndi hann starfi hafnarstjóra. Hann staðfesti að hafa gefið út aðiljaskýrslu í málinu, dskj. 28, og kvað skjalið gert samkvæmt bestu sannfæringu. Hann kvað vera átt við það í skjalinu, þar sem talað sé um stefnda (fyrirtækið) sem eiganda hins umrædda svæðis, að fyrirtækið væri eigandi svo langt sem samningar næðu.

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Stefnandi styður dómkröfur sínar einkum þeim rökum, að fyrir liggi í málinu matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem hafi komist að þeirri niðurstöðu, að hæfileg ársleiga eftir hvern m² lóðarinnar væri gkr. 10.00 á ári. Stefnanda, sem hafi verið matsbeiðandi, hafi borið brýna nauðsyn til að fá matið framkvæmt og til matsgerðarinnar hafi verið stofnað á réttan og löglegan hátt í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75 frá 14. nóvember 1917 um útmælingu lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. skv. lögjöfnun. Matsmennirnir hafi verið þaulkunnugir matsstörfum, enda að öllu leyti rétt staðið að matsmálinu. Matsgerðin sé rökstudd og til hennar vandað í alla staði. Ekki fari milli mála, að skv. ofangreindri lagagrein og þeirri réttarframkvæmd, sem síðan hafi myndast, sbr. einkum dóma Hæstaréttar í bindum XXII, bls. 293, og XXIX, bls. 349, eigi stefnandi fullan rétt á að krefjast hækkunar á leigugjaldinu. Einkum sé dómurinn í bindi XXII athyglisverður í þessu sambandi, en þar komi fram það grundvallarsjónarmið, að þar sem réttur leigusala til að segja upp lóðarnotum hafi þannig verið mjög takmarkaður og nú óviss, eins og segi í dóminum, þá þyki ákvæði samningsins um leigugjaldið ekki eiga að binda leigusala um ófyrirsjáanlegan tíma. Þá sé dómurinn í dómasafni Hæstaréttar, bindi XXIX, bls. 349, athyglisverður, en þar séu málsaðiljar kaupstaður og einkaaðili, rétt eins og hér í þessu máli. Sams konar ákvæði sé í lögum nr. 86/1943, er taki til Reykjavíkur, eins og er í 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917, og almennar reglur séu í ábúðarlögum, sbr. þar t. d. 2. mgr. 36. gr. þeirra laga. Af lögunum sé hins vegar ljóst, að mat megi aldrei fara fram innan 10 ára frestsins. Ekki sé um það að villast, að meira en 10 ár séu liðin, frá því samningur sá, sem hér um ræðir, sé gerður og þar til matið fari fram og hafi því réttur kaupstaðarins í þessu sambandi verið virkur, en vilji bæjaryfirvalda, sbr. samþykktir hafnarstjórnar, bæjarstjórnar og

bæjarráðs, hafi staðið til þess, að leigugjaldið yrði hækkað. Í þessu sambandi breyti engu ákvæði 2. gr. laga 22/1960 og 5. gr. afsalsbréfs ríkisins, enda sé með engum rökum hægt að segja, að stefnandi sé að skerða þann rétt, sem stefndi hafi átt fyrir skv. þeim erfðafestusamningum, sem gerðir höfðu verið. Hér verði á það að líta, að skyldan til að greiða lóðarleigu sé ekki réttindi, heldur kvöð. Þótt stefnandi hafi farið fram á hækkun á leigugjaldinu, þá geti á engan hátt verið um samningsbrot af hans hálfu að ræða. Ekkert ákvæði sé í samningum þeim, sem hér um ræði, sem hindri kaupstaðinn í að hækka leigugjaldið. Það sé enda eðlilegur skilningur á þessum tilvitnuðu ákvæðum, að með þeim hafi ríkissjóður viljað tryggja, að eigandaskiptin að landinu bitnuðu ekki á þeim aðiljum, er það hafi gert löglega samninga við, þannig að réttur þeirra yrði ekki í neinu skertur af hálfu kaupstaðarins síðar. Í því felist undirstrikun á því, að aðeins sé afsalað til stefnanda þeim rétti og heimildum, er ríkið sjálft hafði, en engu yfir það. Sá skilningur, að ríkið undanskilji með þessum ákvæðum eihverjar þær heimildir, er það hafði gagnvart viðsemjendum sínum í Vestmannaeyjum, og þannig að auka rétt þeirra á kostnað stefnanda er með öllu rangur. Þá fái það með engu móti staðist hjá stefnda, að ríkið hafi á sínum tíma selt stefnda landið. Ljóst sé, að ríkið hafi selt stefnda landið á leigu, eða m. ö. o. afsalað því til erfðafestu. Erfðafesturéttindin nálgist það hins vegar oft að vera eign vegna þeirra sérstöku skilmála, sem í samningum þessum séu að jafnaði, en hins vegar sé hér ekki um það að ræða, því hér, sem endranær í erfðafestusamningum, sé verið að selja tiltekin erfðafesturéttindi. Þá sé það enn fremur á misskilningi byggt hjá stefnda, að ríkið hafi aldrei, meðan það átti landið, hækkað lóðarleiguna. Dskj. nr. 36 sýni þannig, að lóðarleiga fyrir land það, sem Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hafði umráð yfir og sem tilheyrði stefnda, hafi á árinu 1954, á meðan ríkissjóður átti landið, verið hækkað frá því, sem áður hafði verið. Þá sé ekki um það að villast, að ríkissjóður hafi alltaf litið á sig sem eiganda landssins. Þá verði loks ekki hjá því komist að minnast á það, að þótt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé í alla staði mjög traustvekjandi, eins og að framan sé rakið, þá hafi stefndi fengið sig til að mótmæla matinu sem óstaðfestu. Hins vegar sé rétt að benda á í því sambandi, að stefndi hafi ekki mótmælt matinu sem slíku, enda að öllu leyti löglega að farið, aðeins mótmælt því sem óstaðfestu, en þó krefjist stefndi ekki staðfestingar á matinu. Þau mótmæli séu hins vegar með öllu þýðingarlaus. Ef til vill hafi mátt segja, að þegar mál þetta hafi á sínum tíma verið til umfjöllunar hjá dóminum, hafi verið ástæða til að láta matsmennina staðfesta matið. Nú séu hins vegar forsendur allt aðrar og breyttar en þá var, annar matsmannanna látinn, en hinn sé búsettur í öðru umdæmi og því mjög erfitt um vik að fá hann fyrir dóminn án verulegra tafa á málinu. Mátt hefði segja,

að eðlilegt hefði verið að spyrja matsmenn, hvort það hefði einhverju breytt mati þeirra, þó að lagt hefði verið fyrir þá að meta leiguna til 10 ára. Hér hefur það hins vegar enga þýðingu lengur, enda áratugurinn liðinn.

Stefndi styður aftur á móti sýknukröfu sína þeim rökum, að útilokað sé, að stefnandi hafi heimild til að hækka leigugjaldið. Komi þar einkum til sérstaða samningsins. Afsalsbréfið milli ríkisins og stefnanda, sbr. 5. gr. afsalasbréfsins og enn fremur 2. gr. laga 22/1960. Benda megi á, að í samningnum frá 19. janúar 1939 (dskj. 10) standi, að stefndi í þessu máli haldi sama erfðafesturétti á þeirri lóð, sem hann fái í skiptum með samningnum, sem honum hafi verið veittur með fyrrnefndu erfðafestuafsali, dags.16. desember 1924. Í engum samninganna sé neins konar uppsagnarákvæði. Þannig sé það ljóst, að ekki geti verið um neina löglega uppsögn að ræða af hálfu erfðafestusala. Erfðafestusali sé ríkissjóður, en með afsali, dagsettu 23. ágúst 1960 (dskj.11), afsali ríkissjóður landi í Vestmannaeyjum til bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar f. h. Vestmannaeyjakaupstaðar. Leggja verði áherslu á 5. tl. afsalsbréfsins, en afsalið sé gert með heimild sérstakra laga frá 10. maí 1960 og verði að leggja áherslu á þýðingu 2. gr. þeirra laga í þessu sambandi. Alveg liggi ljóst fyrir, eins og reyndar komi fram í lögunum og afsalinu, er stefnandi fái landið frá ríkinu, að stefnandi geti ekki, svo löglegt sé, breytt samningum, sem ríkið hafi gert, án samkomulags, meðan þeir eru ekki út runnir eða niður fallnir. Stefnandi geti ekki fengið meiri rétt en landssjóður hafði og geti ekki verið deilur um það. Hins vegar hljóti að vera eitt meginatriði í hverjum samningi sú greiðsla, sem fyrir leiguafnotin eigi að koma. Það sé enn fremur ljóst, að sá aðili, sem hlíta eigi hækkun á leiguafnotum, haldi ekki óskertum rétti. Bæjaryfirvöld virðist gera sér þetta ljóst, að minnsta kosti á árinu 1967, því þannig segi í samþykkt bæjarráðs frá 4. desember 1967 (dskj. 4): „Bæjarráð samþykkir, að lóðarleigur hækki í 5.00 kr. (gkr. innsk. dómarans) á fermetra, þar sem um verslunar- og atvinnufyrirtæki hverskonar er að ræða." Síðan segi í þessari sömu samþykkt: „Allar aðrar húslóðarleigur, utan hafnarsvæðisins, verði kr. 1.50 (gkr. innsk. dómarans) pr. fermetra, nema þar sem gildandi lóðarleigusamningar fyrirmuni það." Eins og að framan hafi verið bent á, þá girði upphaflegi samningurinn fyrir hækkun á leigunni svo og samningurinn frá 1960. Það hafi enda verið svo, á meðan ríkissjóður hafði með leigusamninga að gera í Vestmannaeyjum, hafi af hans hálfu aldrei verið hróflað við leigufjárhæðum þeim, sem um var samið, enda gengið út frá þeim óbreyttum út leigutímann. Alveg sé ljóst, hvað ríkissjóður óttast og löggjafinn, er sala á landinu er heimiluð til kaupstaðarins fyrir svo sáralítið fé sem kaupverðið sýni. Þessir aðiljar óttist, að hinir nýju landeigendur muni freistast til að hækka leigu og hrófla við samningum. Til að fyrirbyggja, að hróflað sé við leigusamningum í Vestmannaeyj-

um, sé 2. gr. laga nr. 22/1960 sett. Hættan hafi þannig aldrei dulist löggjafanum, er lögin voru sett. Að því er taki til 2. gr. laga nr. 75 frá 14. maí 1917, þá fjalli sú grein um framkvæmd eignarnáms eða leigunáms lóða til verslunar og útvegs í kaupstöðum eða löggiltum verslunarstöðum utan Reykjavíkur, áður í samræmni við lög nr. 61. frá 14. nóvember 1918, en nú séu hins vegar komin ný lög nr. 11 frá 6. apríl 1973 og skv. 2. gr. þeirra laga sé það í verkahring matsnefndar eignarnámsbóta að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða eigi samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms. Niðurlagsákvæði 2. gr. laga nr. 75 frá 14. maí 1917 eigi hins vegar við um það, ef leigunám er framkvæmt, en ekki eignarnám, því þá sé hvorum aðilja rétt að krefjast mats á lóðarleigu að nýju á hverjum 10 ára fresti. Óuppsegjanlegt erfðafestuafsal stefnda falli hér hins vegar alveg utan við. Erfðafestuafsal þetta hafi stefndi fengið með frjálsu samkomulagi við ríkissjóð fyrir gildistöku laganna. Þar og í síðari erfðafestusamningum stefnda sé hvergi minnst á breytingar á eftirgjaldi, sem sé umsamið fast árgjald samningstímann. Líta verði á leigugjaldið sem kvöð á því landi, sem stefndi hafi fengið afsal fyrir á sínum tíma. Engin sérstök rök mæli með því að hækka eftirgjaldið eftir lóð stefnda. Það sé hins vegar alveg ljóst, að í sambandi við gjaldaálögur á almenna borgara þurfi að liggja fyrir skýr lagaheimild. Röng framkvæmd geti þar engu breytt. Í þessu sambandi sé ekki að finna neina lagaheimild, er raski samningi þeim, sem verndaður sé af 2. gr. laga 22/1960.

Við munnlegan málflutning hér fyrir dóminum 30. f. m. kvað stefndi fastar að orði en hann hafði gert í greinargerð (dskj. 16) varðandi túlkun á erfðafestusamningnum, og verður málflutningur stefnda ekki skilinn á annan veg en þann en fallið sé frá þeirri málsástæðu, er kemur fram í greinargerðinni, að erfðafestuplaggið nálgist það að vera afsal fyrir lóðunum.

Stefndi lagði þannig áherslu á það við áðurgreindan munnlegan flutning málsins, að skjal þetta sé kallað erfðafestusamningur, en sé í raun eignarfestusamningur, og var hér átt við samninginn frá 8. mars 1910, dksj. 7. Ekki sé hér um leigusamning að ræða, heldur afsal fyrir eign. Aðiljaskýrsla stefnanda, dskj. 28, styðji einnig þessa lögskýringu. Um eignarrétt sé að ræða, sem sé háður ákveðinni kvöð um leigu, sem ekki verði hækkuð, eins og að framan hafi verið rakið og skýrt. Þá ætti það einnig að vera ljóst, að vissa aðferð þurfi að viðhafa við eignarnámsmat, þannig að ekki sé hægt að ganga fram hjá matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973, þegar mat sé framkvæmt. Að því er taki til þess mats, sem hér hafi verið framkvæmt, þá sé leigumatið ekki miðað við 10 ára tímabil, enda matsmenn ekki um það beðnir í matsbeiðninni. Rétt sé, að þess hafi ekki verið krafist, að matsmaðurinn Ólafur Kristjánsson kæmi fyrir dóminn, en matinu hafi hins vegar verið mótmælt sem óstaðfestu. Þá verði á það að minnast, að

allir þeir samningar, sem hér um ræði, séu einstakir í sinni gerð og geti því hér ekki verið um „princip-mál" að ræða, þar sem ekki sé um sambærilega samninga að ræða hér í Vestmannaeyjum. Hvað varðar dómaframkvæmd þá sé í 11. bindi Hæstaréttar frá árinu 1940, bls. 478, dómur héraðsdóms ómerktur, þar sem leigumatið hafði ekki verið miðað við 10 ára tímabil, og í 13. bindi Hæstaréttar frá árinu 1942 var leigutaki sýknaður af öðrum ástæðum.

III. Niðurstaða dómsins.

Ekki er ágreiningur með aðiljum um, að í samningum þeim, sem hér koma til álita, sé ekkert uppsagnarákvæði. Þá er ljóst, að stefndi hefur haft Tangalóðina að erfðafestu allt frá árinu 1910. Mál þetta snýst hins vegar um það, hvort stefndi eigi að þola hækkun á lóðarleigu þeirri, sem ákveðin var í samningum þessum og óbreytt hefur verið um margra áratuga skeið, gkr. 175 á ári. Að vísu kemur fram á dskj. nr. 33, að stefnandi hafi krafið stefnda um gkr. 174.000 í lóðarleigu fyrir árið 1980, en ágreiningslaust virðist með aðiljum, að hin eldri lóðarleiga sé nú sem stendur enn í gildi, enda eru dómkröfur stefnanda aðeins miðaðar við þá hækkun, sem í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna greinir.

Dómurinn lítur svo á, að stefnandi hafi, eins og málavöxtum er háttað og með lögjöfnun skv. heimild í 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917, átt rétt á að láta meta leigugjaldið að nýju, enda voru meira en 10 ár frá því það var síðast ákveðið.

Dómurinn getur þannig ekki fallist á það með stefnda, að samningurinn frá 1910 og aðrir þeir samningar, sem síðar voru gerðir, girði fyrir, að hægt yrði að hrófla við því leiguákvæði, er í samningum þessum greindi. Kemur hér til álita túlkun á samningsákvæðunum eftir almennum reglum samningsréttarins og tiltækum lögskýringargögnum. Í 1. gr. samningsins frá 1910 kemur fram, að landinu var afsalað til fullkominnar erfðafestueignar, og kemur nákvæmlega fram í greininni, hvað í hinni fullkomnu erfðafestueign er fólgið. Þannig segir, að kaupandi hafi heimild til að selja hana, veðsetja og ráðstafa á annan hátt, sem ekki kemur í bága við útmælingarbréf þetta. Í 3. gr. samningsins kemur fram, að sú kvöð fylgi afhendingu lóðarinnar til kaupanda, að verslun yrði rekin þar að jafnaði, en þó mátti stunda þar fiskverkun, útveg eða annan iðnrekstur. Þá var í 2. gr. ákvæði um skyldu kaupanda til að gjalda seljanda þar nánar tiltekna árlega leigu. Samningur þessi, sem, eins og áður er fram komið, var óuppsegjanlegur, ef staðið var við þá kvöð, sem ákveðin var í 3. gr. samningsins, verður ekki skilinn á annan veg en þann, að samningsaðiljar hafi gert ráð fyrir, að leigugjaldið yrði óbreytt, nema samningsaðiljar kæmu sér saman um annað með frjálsu samkomulagi sín á milli. Aftur á móti virðist það vera

í hæsta máta óeðlilegur skilningur, að hið árlega leigugjald hafi átt að gilda óbreytt um aldur og ævi. Skyldu ríkisins, sem þá var eigandi lándsins, til að láta af hendi hina umræddu lóð virðist mega rekja til ákvæða laga nr. 3 frá 13. mars 1891 „um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl.“ Eins og mál þetta liggur fyrir, virðist eðlilegt að styðjast við lög þessi að svo miklu leyti sem þau geta verið vísbending um það álitaefni, sem hér er uppi varðandi endurgjaldið. Kemur hér til álita 2. gr. laganna, en þar segir: „Bæði þeir, sem eiga lóðina í löggiltu kauptúni eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og aðrir, er lögmæt réttindi hafa eignast yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi gegn hæfilegu endurgjaldi, er lögreglustjóri með hinum tilkvöddu mönnum eða í kaupstöðum byggingarnefndin ákveður, ef málsaðiljar koma sér eigi saman um endurgjaldið, svo mikla óbyggða lóð, sem útmælendum þykir þörf á til hinnar fyrirhuguðu verslunar, enda sé lóðin eigi nauðsynleg við rekstur verslunar eða iðnaðar, sem þar er fyrir.“ Í lögum þessum er þannig gert ráð fyrir því, að aðiljar sjálfir komi sér saman um endurgjaldið, en að byggingarnefnd kaupstaðarins, eins og hér á við, meti endurgjaldið,ef málsaðiljar koma sér eigi saman um það. Í lögunum er hins vegar ekkert kveðið á um, hvernig með eigi að fara, ef landeigandi vill hækka endurgjaldið, og aðiljar eru eigi á það sáttir, eða hvort landeiganda er yfirhöfuð slík hækkun heimil.

Lög nr. 75 frá 14. nóv. 1917 um útmælingar lóða í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. og vitnað hefur verið til í máli þessu leystu hin eldri lög af hólmi. Í greinargerð með frumvarpi að lögunum segir m. a.: „Jafnframt þykir sanngjarnt, að ársleigu eftir lóðirnar megi meta á ný á nokkurra ára fresti, þar sem verð á leigu á lóðum getur verið háð miklum breytingum.“ Í hinum nýju lögum fólst þannig m. a. það nýmæli, að lóðareigandi gat nú kosið, hvort hann vildi heldur selja lóðina eða leigja. Og í annan stað gat hann nú krafist þess, að leigan skyldi metin á ný á 10 ára fresti. Samningarnir frá 1910, 1911 og 1924 eru að því er mál þetta snertir efnislega allir eins, eins og áður hefur verið að vikið. Samningurinn frá 1939 hafði í för með sér tilfærslu á lóðinni. Af því, sem hér hefur verið rakið, virðist ljóst, að lóðareigandi gat með tilkomu laga nr. 75 frá 14. nóv. 1917 krafist endurmats á lóðarleigunni, væri 10 ára frestsskilyrðinu fullnægt. Tilgangur löggjafans er enn fremur í samræmi við framangreint augljós í þessu sambandi, enda talið sanngjarnt, að ársleigu mætti meta á ný á nokkurra ára fresti, þar sem verð á leigu á lóðum var talið geta verið háð miklum breytingum. Á þá málsástæðu stefnda, að um eignarfestusamning sé að ræða, verður ekki fallist, enda gat kaupandi (stefndi) ekki litið á sig sem eiganda frekar en viðkomandi samningar gáfu tilefni til. Samningar þessir bera þannig greinilega með sér, að lóðin er seld á leigu

til ákveðinna nota, en með fullkominni erfðafestu. Ekki þykir ástæða til að skýra aðiljaskýrslu stefnanda, dskj. 28, stefnda í hag, enda hefur Páll Zóphoníasson bæjarstjóri skýrt nægilega hér fyrir dóminum, að átt væri við stefnda í skýrslunni sem eiganda lóðarinnar með þeim takmörkunum, sem gerðir samningar sögðu til um. Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að 2. gr. laga nr. 22 frá 10. maí 1960 og 5. gr. afsalsbréfsins frá 23. ágúst 1960 girði fyrir hækkun á leigunni. Dóminum þykir þannig ljóst, að krafa stefnanda um mat á lóðarleigunni hafi ekki falið í sér skerðingu á rétti stefnda skv. áðurgerðum samningum, enda var stefnda mögulegt í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917 að krefjast slíks mats, ef honum hefði þótt hið upphaflega leigugjald of hátt.

Að öllu þessu athuguðu þykir stefnandi þannig hafa haft heimild til að krefjast mats á lóðarleigunni, en að öðru leyti þykir þessi niðurstaða hafa falist í kröfugerð og málflutningi stefnanda, sbr. 113. gr. laga 85/1936.

Að því er tekur til sönnunargildis matsgerðarinnar þá verður ekki annað séð en matsmennirnir hafi metið það, sem fyrir þá var lagt að meta, og voru báðir málsaðiljar viðstaddir, er matsgerðin fór fram. Matsgerðin er skrifleg, rökstudd og til hennar virðist vandað. Í þessu sambandi athugast enn fremur, að stefndi krafðist ekki yfirmats, eins og hann átti rétt á, en hér fyrir dóminum hefur stefndi hins vegar mótmælt matinu sem óstaðfestu, en ekki krafist þess, að sá matsmaður, sem enn er á lífi, verði kvaddur fyrir dóminn í þessu sambandi. Fallast verður á það, að eðlilegt hefði verið, að báðir matsmennirnir hefðu komið fyrir dóminn til staðfestingar á matsgerðinni, eftir að stefndi hafði skilað greinargerð sinni í málinu á sínum tíma. Aðiljum virðist hins vegar hafa láðst að afla slíkrar staðfestingar þá. Er mál þetta var endurupptekið 4. september sl., voru forsendur allt aðrar og breyttar en áður var, eins og stefnandi hefur hér að framan gert grein fyrir. Þar sem liðlega 11 ár eru nú liðin, frá því að matsgerðin var framkvæmd, verður ekki séð, að það hafi þýðingu lengur að láta aðilja hlutast til um að kalla matsmanninn Ólaf Kristjánsson fyrir dóminn til staðfestingar á matsgerðinni.

Þegar þetta er virt, og þar sem mat hefur nú farið fram á lóðarleigunni, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917 með lögjöfnun, og ekki verður annað séð en það sé löglega gert, verður við mat þetta miðað með þeim takmörkunum, sem hér nú greinir:

Eins og áður hefur verið rakið, gaf umboðsmaður stefnanda þá yfirlýsingu við munnlegan málflutning 30. janúar sl., að ekki væri krafist endurgjalds fyrir stærra svæði en Tangalóðin væri í dag, þ. e. 5045.2 m², sbr. dskj. 30. Verður við niðurstöðu málsins miðað við, að stærð lóðarinnar sé þessi, en framangreind málflutningsyfirlýsing felur það jafnframt í sér, að aðiljar eru nú sammála um, að undanskildir verði í mati þeir 792 m²,

sem við matsgerð var gert ráð fyrir, að teknir yrðu undir vegi, auk þeirra 139 m², sem stefndi seldi Halldóri Svavarssyni eftir höfðun máls þessa.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, þykir niðurstaða málsins verða sú, að dómkröfur stefnda, Vestmannaeyjakaupstaðar, um, að stefnda Gunnari Ólafssyni & Co. h/f verði dæmt að hlíta því, að endurgjald eftir svonefnda Tangalóð, sem firmað hefur á leigu hér í Vestmannaeyjum, verði frá og með árinu 1971 að telja hækkað í 10 aura (gkr. 10) per fermetra á ári. Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talin matskostnað, sbr. 5. tl. 175 gr. laga 85/1936, og telst málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fjárhæðum hefur verið breytt í nýkrónur í samræmi við 4. gr. laga 35/1979.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, sem fékk málið til maðferðar í júnímánuði sl., dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Endurgjald eftir svonefnda Tangalóð, sem stefndi, firmað Gunnar Ólafsson & Co. h/f, hefur á leigu hér í Vestmannaeyjum, verður að kröfu stefnanda, Vestmannaeyjakaupstaðar, hækkað í 10 aura (gamlar kr. 10) per fermetra á ári frá og með árinu 1971 að telja.

Stefndu greiði stefnanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 228/1980. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Páli Magnússyni
og gagnsök
(Jón Bjarnason hrl.).

Þóknun fyrir gerðardómsstörf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1980. Í þinghaldi 3. nóvember sama ár var ekki sótt þing af hans hálfu, og féll málssóknin niður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 75/1973. Með heimild í 36. gr. sömu laga hefur hann áfrýjað að nýju 18. nóvember 1980. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 23. október 1980 til þingfestingar 3. nóvember sama ár. Útivist varð af hans hálfu þann dag. Áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 1. desember sama ár og samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 7.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2.954.86 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvöxtum frá frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 8. október 1975, sömu ársvöxtum af kr. 8.000.00 frá þeim degi til 8. janúar 1976, en af kr. 7.000.00 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar og með dómvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, er meðal annars deilt um greiðslu á eftirstöðvum reiknings gagnáfaryjanda, 1.221.94 nýkrónur, en reikningur þessi var upphaflega að fjárhæð 3.054.86 nýkrónur. Telur gagnáfrýjandi hann vera vegna starfa sinna og útlagðs kostnaðar á árunum 1969—1971 vegna deilna, er risu af fyrirhugaðri virkjun Laxár í Aðaldal. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að kröfunni sé ranglega beint að honum, og bent á, að Landeigendafélag Laxár og Mývatns hafi ekki verið stofnað fyrr en í aprílmánuði 1970. Sé það því á misskilningi byggt í héraðsdómi, að stofnfundur þess hafi verið haldinn 21. september 1969. Landeigendafélagið hafi því eigi ráðið gagnáfrýjanda til þeirra starfa, er hér skiptu máli. Í bréfi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda hinn 5. desember 1973 segir: „Ríkið hefur í sambandi við 5. gr. í samningi til lausnar Laxárdeilu, þar sem kveðið er á um greiðslu hæfilegrar upphæðar af ríkisins hálfu til deiluaðila vegna kostnaðar, metið reikning þinn til greiðslu 60% sem annarra, er unnu fyrir þessi mál. Samkvæmt því greiðir Landeigendafélag Laxár og Mývatns þér nú

	kr. 173.292,00
Áður greitt	— 10.000,00
Samt.	kr. 183.292,00
Eftirstöðvar eru þá	kr. 122.194,00

Óska kvittunar fyrir þessari greiðslu sem fyrst".

Með vísan til framanritaðs verður að telja, að eigi síðar en með bréfi þessu hafi aðaláfrýjandi orðið skuldbundinn til að greiða gagnáfrýjanda reikningsfjárhæðina að fullu. Skiptir því ekki máli við úrlausn þessa kröfuliðs, hvort það var aðaláfrýjandi, sem óskaði upphaflega aðstoðar gagnáfrýjanda í Laxárdeilunni eða eigi.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, Þó með þeim breytingum á vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu aðaláfrýjanda var fallist á vaxtakröfu gagnáfrýjanda hér fyrir dómi að öðru leyti en því, að upphaf dómvaxta bæri að miða við 1. desember 1980.

Það athugast, að við munnlegan málflutning hér fyrir dóminum mótmælti aðaláfrýjandi ýmsum liðum í reikningi gagnáfrýjanda yfir

útlagðan kostnað, 705.56 nýkrónum, vegna setu hans í gerðardómi aðiljanna 1974. Af gögnum málsins verður ekki séð, að mótmæli þessi hafi verið höfð uppi fyrir héraðsdómi. Ber því að fallast á það með gagnáfrýjanda, að þau séu of seint fram komin, og verða þau ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 9.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir reiknist 7% ársvextir af 1.221.94 krónum frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvextir frá þeim degi til 8. október 1975 og sömu ársvextir frá þeim degi af 3.221.94 krónum til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 30% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir degi til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði gagnáfrýjanda, Páli Magnússyni, samtals 9.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Fyrirsvarsmönnum aðaáfrýjanda mátti vera ljóst, að gagnáfrýjandi taldi félagið greiðanda reiknings þess, sem hann sendi því, enda var reikningurinn stílaður á nafn þess. Hafði gagnáfrýjandi ekki

samþykkt að hlíta úrskurði fjármálaráðuneytis um fjárhæð reikningsins. Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin ummæli eins fyrirsvarsmanna aðaláfrýjanda um þýðingu starfa gagnáfrýjanda fyrir aðaláfrýjanda. Hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fra á, að fjárhæð reikningsins sé ósanngjörn. Ber aðaláfrýjanda því að greiða eftirstöðvar reikningsins.

Með þessari athugasemd erum við sammála því, sem í dóminum greinir að öðru leyti.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 28. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 28. desember, var á aukdaómþingi Þingeyjarsýslu, sem háð var að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 16/1976: Páll Magnússon gegn Landeigendafélagi Laxár og Mývatns.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu af Páli Magnússyni lögfræðingi, til heimilis að Laufásvegi 44, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 3. desember 1976 og birtri 14. s. m., gegn Landeigendafélagi Laxár og Mývatns í Þingeyjarsýslu til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 800.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot út mánuði af kr. 295.486 frá 15. júlí 1971 til 15. desember 1973, af kr. 300.000 frá þeim degi til 8. október 1975 og af kr. 800.000 frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greisludags, auk málskostnðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða síðar framlögðum reikningi. Við flutning málsins hefur dómkrafa verið lækkuð úr kr. 800.000 í kr. 700.000 vegna greiðslu kr. 100.000 upp í kröfuna þann 8. janúar 1976, og er því vaxtakröfu breytt þannig, að krafist er 2% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 700.000 frá 8. janúar 1976 til 20. nóvember s. á. og 2½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að henn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Þetta mál var þingfest á aukadómþingi Þingeyjarsýslu þann 15. desember 1976. Þann 16. s. m. kvað hinn reglulegi dómari, Sigurður Gizurarson sýslumaður, upp þann úrskurð, að hann skyldi víkja sæti dómara í málinu. Þann 24. mars 1977 skipaði dómsmálaráðuneytið Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumann til þess sem setudómara að fara með málið. Þann 26. janúar 1978 var málið tekið fyrir og því þá frestað til 9. febrúar s. á. vegna greinargerðar af hálfu stefnda. Þann 8. s. m. varð dómarinn fyrir slysi, sem leiddi til þess, að hann þurfti að vera í sjúkrahúsi um 3 mánaða

skeið og nokkuð lengur slappur til starfa af þessum sökum. Þann 27. febrúar þ. á. var málið flutt munnlega og tekið til dóms. Þann 28. f. m. var málið endurflutt og síðan tekið til dóms á ný. Sáttir voru reyndar án árangurs.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60/1965 var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12000 kw raforkuver í Láxá við Brúar. Í 5. gr. laga þessara segir, að til þess að koma upp nýrri aflstöð og aðalorkuveitum þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með orkumál.

Laxárvirkjun hafði látið hanna raforkuver í Laxá, svonefnda Gljúfurversvirkjun, og var áætlun um virkjun þessa gefin út í janúar 1968. Landeigendur á Laxársvæðinu lögðust þegar gegn framkvæmdum þeim, sem í áætlun þessari fólust. Stefnandi heldur því fram, að landeigendur hafi ráðið hann til þess að vinna að því, að áætlun þessi kæmi ekki til framkvæmda. Kveðst stefnandi þegar hafa farið norður og átt frumkvæði að því, að stofnað var Landeigendafélag Laxár og Mývatns. Kveðst hann síðan hafa unnið fyrir það félag með Þóri Baldvinssyni arkitekt, sem félagið hafði einnig fengið til starfa fyrir sig.

Hinn 18. maí 1973 var gerður samningur mill stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands. Í 3. gr. þessa samnings segir, að gerðardómur þriggja valinkunnra manna skuli skera úr skaðabótakröfu landeigenda við Laxá og Mývatn á hendur Laxárvirkjun. Stefnandi tók sæti í gerðrdómi þessum samkvæmt tilnefningu stefnda.

Krafa stefnanda í máli þessu er út af eftirstöðvum þóknunar, sem hann telur ógreiddar sér, fyrir vinnu við framngreint mál, útlögðum kostnaði og dagpeningum.

Hinn 15. júlí 1971 sendi stefnandi stefnda reikning að fjárhæð kr. 305. 486. Upp í þá fjárhæð hafði stefndi greitt kr. 10.000 hinn 4. desember 1969, og hinn 5. desember 1973 greiddi stefndi stefnanda kr. 173.292 upp í reikning þenna. töldust eftirstöðvar reikningsins þá nema kr. 122.194. Við þessa fjárhæð bætti stefnandi 8. október 1975 kr. 177.806 í vexti og verðbólgubætur, sem hann svo nefnir, og enn fremur kr. 500.000 í ferðakostnað sumarið 1974 og annan útlagðan kostnað svo og þóknun vegna vinnu og dageninga. Þessar 3 síðastgreindar tölur nema samtals kr. 800.000. Frá þeirri fjárhæð dragast skv. framanrituðu kr. 100.000, sem voru greiddar stefnanda 8. janúar 1976. Dómkrafa stefnanda nemur því kr. 700.000 auk vaxta, eins og áður greinir, svo og málskostnaðar

Stefndi hefur mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi hafi ráðið hann fyrir sig til þeirra starfa, sem stefnandi heldur fram, vegna áætlana um frmakvæmdir við Gljúfurversvirkjun og að stefnandi hafi átt frumkvæðið að því, að stofnað var Landeigendafélag Laxár og Mývatns. Þá

telur stefndi, að stefnandi hafi hlaupist frá störfum í gerðardómi með því að segja sig úr dóminum. Á grundvelli þessa hefur stefndi mótmælt dómkröfu stefnanda, krafist sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Dómkröfur stefnanda eru tvíþættar. Fyrri þátturinn er reistur á kröfu stefnanda um vangreidda þóknun og útlagðan kostnað vegna vinnu hans í þágu stefnda. Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn af stefnda og tekið að sér fyrir hann að vinna gegn framkvæmd áætlunar um virkjun þá í Laxá, sem nefnd hefur verið Gljúfurversvirkjun, og þeirra erinda gert sér ferð norður í Þingeyjarsýslu og átt frumkvæði að stofnun Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Síðan kveðst stefnandi hafa unnið fyrir félagið. Samkvæmt reikningi, sem hann hefur lagt fram, er þóknun og útlagður kostnaður talinn nema kr. 305.486 þann 15. júlí 1971. Upp í þá fjárhæð hefur stefndi greitt kr. 10.000 þann 4. des. 1969 og kr. 173.292 þann 5. des. 1973. Mismunur, sem er ógreiddur, nemur kr. 122.194. Þann 8. okt. 1975 hefur stefnandi fært á reikning sinn gjaldalið, sem hann nefnir vexti og verðbólgubætur, að fjárhæð kr. 177.806. Samtals nemur þessi þáttur kröfunnar kr. 300.000.

Síðari þáttur kröfu stefnanda er skv. framlögðum reikningi talinn ferðakostnaður sumarið 1974 og annar útlagður kostnaður svo og þóknun vegna vinnu og dagpeningar að fjárhæð kr. 500.000. Stefnandi telur þennan kröfuþátt til kominn vegna setu sinnar í gerðardómi að ósk stefnda og vegna vinnu í dóminum.

Samtals nema kröfuliðirnir því kr. 800.000, en frá þeirri fjárhæð koma kr. 100.000, sem stefndi greiddi stefnanda 8. janúar 1976, og nemur dómkrafan því nú kr. 700.000 auk vaxta og málskotnaðar, eins og áður greinir.

Framangreindir þættir dómkröfunnar verða nú athugaðir og afstaða tekin til þeirra hvors um sig.

Hvað varðar fyrri þátt kröfu stefnanda hefur það komið í ljós, að á fundi, sem bændur og landeigendur í Laxárdal héldu að Þverá 21. september 1969 og talinn er stofnfundur Landeigendafélags Laxár og Mývatns, var stefnandi kosinn til þess að vera fulltrúi samtakanna með tveim öðrum nafngreindum mönnum. Fundurinn var haldinn og samtök þessi mynduð í tilefni svonefndrar Gljúfurversvirkjunar og yfirlýsingar Laxárvirkjunar h/f þess efnis að vilja ná eignarhaldi á jörðum í Laxárdal. Á fundinum voru gerðar samþykktir um þessi efni o.fl. Hinum kjörnu fulltrúum var falið að fara með umboð samtakanna og veita félagsmönnum aðstoð og leiðbeiningar, sem þeir kynnu að óska eftir. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi átt frumkvæði að fundi þessum og stofnun félagsins, en eigi eru færðar sönnur á, að svo hafi verið. Hins vegar kemur fram í ljósriti af bréfi Hermóðs Guðmundssonar, þáverandi formanns Landeigendafélags Laxár og Mývatns, dags. 20. júlí 1972, viðurkenning á störfum

stefnanda fyrir félagið, og er þar komist svo að orði, að hans „harða og ósveigjanlega afstaða í þessu máli var okkur mikilvæg á örlagastund", og stefnanda þakkað fyrir þátt hans í baráttu fyrir málstað félagsins. Verður eigi dregið í efa, að stefnandi hefur leyst af hendi fyrir stefnda gagnsamleg störf, sem honum ber sanngjörn þóknun fyrir, svo og haft af þeim störfum kostnað, sem ber að greiða. Þessi þáttur starfa, sem stefnandi gerir kröfu fyrir, tekur yfir tímabilið frá 1969 til 1971. Reikningur stefnanda, dags. 15. júlí 1971, að fjárhæð kr. 305.486 hefur verið viðurkenndur af gjaldkera stefnda, eftir að greiddar höfðu verið kr. 183.292 til stefnanda. Eftirstöðvar reikningsins, sem þar eru taldar kr. 122.194, ber að viðurkenna með dómi þessum. Hins vegar er eigi unnt að taka til greina reikningsliðinn: vextir og verðbólgubætur, sem er í einu lagi talinn að fjárhæð kr. 177.806.

Síðari þáttur dómkröfu stefnanda er þóknun fyrir setu í gerðardómi, útlagður kostnaður og dagpeningar vegna ferðalaga í þágu stefnda og eftir ósk hans, greinargerð til stefnda vegna gerðardómsstarfans og ýmislegar ráðleggingar, sem stefnandi telur sig hafa veitt í tengslum við mál þau, sem risu út af virkjunaráformum í Laxá.

Gerðardómur sá, er um ræðir í máli þessu, var skipaður skv. ákvæðum samnings, sem gerður var milli stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands, dags. 18. maí 1973. Í 3. gr. samningsins segir, að gerðardómur 3 valinkunnra manna skuli skera úr skaðabótakröfu landeigenda við Laxá og Mývatns á hendur Laxárvirkjun. Landeigendur skyldu tilnefna einn mann í dóminn og stjórn Landsvirkjunar einn, en einn maður skyldi vera tilnefndur af Hæstarétti, og skyldi sá vera lögfræðingur og jafnframt formaður dómsins. Í upphafi var Þórir Baldvinsson arkitekt tilnefndur af hálfu stefnda í gerðardóminn og vann í honum, en hann lét af störfum sökum heilsubrests aðallega. Var stefnandi þá tilnefndur af stefnda í dóminn, svo sem fram kemur í tilkynningu þar um í bréfi stefnda til formanns dómsins, dags. 23. júlí 1974. Er hér var komið, höfðu verið flutt fyrir gerðardóminum 8 mál. Alls voru þingfest þar 25 mál. Áður en stefnandi tók sæti í dóminum, var kominn upp ágreiningur milli dómenda um verkvið dómsins. Formaður dómsins og fulltrúi Laxárvirkjunar í dóminum töldu, að dómurinn ætti að fjalla um skaðabótaskyldu og fjárhæð bóta, en fulltrúi Landeigendafélagsins taldi dóminn einungis eiga að meta tjón og bætur til sóknaraðilja málsins. Stefnandi hafði, eftir að hann tók sæti í dóminum, sömu afstöðu til þessa sem fyrirrennari hans. Er ljóst var, að þessi ágreiningur lá fyrir, tilkynnti formaður dómsins samningsaðiljum með bréfi, dags. 12. ágúst 1974, um þessi vandkvæði í því skyni, að þeir mörkuðu verksvið gerðardómsins. Eigi liggur fyrir í máli þessu, hver viðbrögð samningsaðilja gerðardómsins urðu. En í þinghaldi dómsins 18. október 1974 er bókað um þennan djúpstæða á-

greining dómenda, og lýsti formaður þá yfir því, að hann teldi hlutverki dómsins lokið, og kunngerði meðdómendum sínum þá ákvörðun sína að segja af sér formennsku í gerðardóminum. Í flutningi máls þessa kom fram, að lögmaður stefnanda taldi hann aldrei hafa sagt af sér störfum í gerðardóminum. Hann benti á, að nýr gerðardómur hefði verið skipaður, en dómar í skaðabótamálunum hefðu aldrei verið kveðnir upp, en þeim málum hins vegar lokið með sátt. Þótt svo hafi farið, sem rakið er hér að framna, um mál þau, sem gerðardómi var ætlað að skera úr, er ljóst af gögnum málsins og flutningi, að allmikil störf hafa fylgt meðferð þeirra mála fyrir gerðardómi og að stefnandi hefur lagt af mörkum í gerðardóminum mikil störf og varið til þeirra vinnu, tíma og jafnframt lagt út fé fyrir ýmislegan kostnað af þeim sökum. Stefnandi hefur lagt fram dagbókarhald yfir vinnu sína og útlagðan kostnað vegna stefnda, eftir að hann tók sæti í gerðardóminum 22. júlí 1974, og nema þær fjárhæðir samtals kr. 70.556. Þykir eigi ástæða til að vefengja þessar færslur, enda hefur þeim út af fyrir sig eigi verið mótmælt. Það verður að telja augljóst, að stefnanda ber greiðsla fyrir þau störf, sem hann skv. þessu innti af hendi, meðan hann átti sæti í gerðardóminum, og kostnað þar af leiðandi, og þar sem stefndi útnefndi hann í dóminn, ber stefnda að annast þá greiðslu, enda viðurkennt þá greiðsluskyldu með því að greiða 8. janúar 1976 kr. 200.000 sameiginlega til stefnanda og Þóris Baldvinssonar. Það er viðurkennt, að af þeirri fjárhæð fékk stefnandi kr. 100.000, og lækkar þessi kröfuliður um þá fjárhæð sem áður segir. Það ber hins vegar að viðurkenna, að krafa stefnanda er, hvað fjárhæð snertir, lítt rökstudd eða sundurliðuð, þegar frá er talinn kostnaður skv. dagbókarfærslum, sem að framan getur. Þegar litið er til tímans, sem gerðardómsstörf stefnanda eru unnin á, og höfð er hliðsjón af verðlagi, sem þá var, og þar sem umkrafinni fjárhæð hefur verið mótmælt af hálfu stefnda, þykir rétt að lækka þennan kröfulið í kr. 200.000

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 122.194 + 200.000, samtals kr. 322.194. Þykir eftir atvikum rétt að dæma stefnda til þess að greiða almenna dómvexti af þeirri fjárhæð þannig: 7% ársvexti af kr. 122.194 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 8. október 1975, frá þeim degi sömu vexti af kr. 322.194 til 30. apríl 1976, frá þeim degi 13% ársvexti til 21. nóvemger 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvexti frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 150.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði stefnanda, Páli Magnússyni, kr. 322.194 með 7% ársvöxtum af kr. 122.194 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 8. október 1975 og sömu ársvöxtum af kr. 322.194 frá þeim degi til 30. apríl 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 150.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 293/1980. **M**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

K

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1980. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með hinum áfrýjaða dómi var stefndu dæmdur fyllingareiður eftir þeim eiðstaf, sem í dómsorði greinir. Frestur til eiðvinningar var í dóminum ákveðinn 2 mánuðir, og skyldi hann hefjast við uppkvaðningu dóms 30. júní 1980, en eigi við birtingu hans fyrir stefndu, svo sem rétt hefði verið samkvæmt niðurlagsákvæði 165. greinar laga nr. 85/1936, þar sem stefnda var ekki viðstödd dómsuppsögu.

Stefnda lét birta áfrýjanda dóminn 24. júlí 1980. Samtímis lét hún birta honum eiðstefnu, útgefna 23. júlí 1980, til eiðvinningar samkvæmt dómsorðinu á bæjarþingi Akraness „fimmtudaginn 14. ágúst". Er því ekki haldið fram, að áfrýjanda, sem sjálfum var birt stefnan, hafi dulist, að þar væri átt við 14. ágúst 1980. Á síðastgreindum degi mætti stefnda á hinu tiltekna dómþingi og vann þar eið samkvæmt því eiðspjalli, sem dómsorð greindi. Dómþing þetta sótti hvorki áfrýjandi sjálfur né neinn af hans hendi. Hafði hann þó engin forföll boðað.

Samkvæmt því, sem nú var greint, lét áfrýjandi eiðvinninguna ekki til sín taka, og hvorki lagði hann fyrir dómarann stefnu til áfrýjunar eiðsdóminum né lét bóka yfirlýsingu sína um áfrýjun hans, þannig að eiðvinningunni yrði frestað. Leiðir þá af 167. gr. laga nr. 85/1936 og tilskipun 14. september 1792, að hann hefur fyrirgert rétti sínum til að áfrýja eiðsdóminum, eftir að eiður samkvæmt honum hefur verið löglega unninn. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað stefndu fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, M, greiði stefndu, K, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 30. júní 1980.

Hinn 15. september 1978 ól sóknaraðili í máli þessu K, fædd ..., nú til heimilis ..., óskilgetið sveinbarn, sem skírt hefur verið S.

Föður að barni þessu lýsti sóknaraðil M. ..., fæddan .... Hann hefur eigi við faðernið kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að varnaraðili verði dæmdur faðir að barni því, er hún ól 15. september 1978, og að honum verði dæmt að greiða sóknaraðilja meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, þess svo og fæðingarstyrk, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja í málinu.

Til vara krefst varnaraðili þess, að honum verði dæmdur synjunareiður.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I.

Sóknaraðili K ól sveinbarn 15. september 1978 á Sjúkrahúsi Akraness. Samkvæmt vottorði ljósmóður var fæðingarþyngd barnsins 3290 gr og lengd þess 51 cm. Hún lýsti föður að barni þessu M, til heimils ..., sem þá var við vinnu í Reykjavík. Þann 21. sept. 1978 óskaði sóknaraðili eftir því við bæjarfógetann á Akranesi, að aflað yrði faðernisviðurkenningar hjá M og síðan gefinn út meðlagsúrskurður á hendur honum. En varnaraðili vildi eigi við faðernið kannast.

Að ósk varnaraðilja fór fram blóðflokkarannsókn á honum og sóknaraðilja og barni hennar. Er niðurstaða rannsóknarinnar lá fyrir í nóvember 1979, hófst dómsrannsókn í málinu að kröfu sóknaraðilja.

Auk aðilja málsins hafa nokkur vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

Eftir sáttatilraunir og munnlegan flutning málsins 10. júní sl. var málið dómtekið.

Verða nú raktar skýrslur aðilja svo og vitna og loks önnur gögn málsins.

II.

Sóknaraðili, sem gaf skýrslur fyrir dómi 20. nóvember 1979, 11. apríl og 10. júní 1980, kvaðst hafa þekkt varnaraðilja í mörg ár, þau hafi verið saman í skóla og skemmt sér saman. Þegar hún var 16 ára, fór hún með varnaraðilja í bifreið hringferð um landið ásamt tveimur kunningjum þeirra, A og B, en þau bjuggu þá saman að ..... hér í bæ. Sóknaraðili sagði, að kynni sín við varnaraðilja hafi verið náin og hafi þau haft samfarir saman. En síðar kynntist varnaraðili annarri stúlku og opinberaði trúlofun sína með henni.

Þá skýrði sóknaraðili frá því, að föstudagskvöldið 16. desember 1977 hafi hún farið í heimsókn til A og B að ... hér í bæ. Þar var og staddur D,

.... Seint um kvöldið kom þarna á heimilið sóknaraðili M. Áfengis var neytt um kvöldið, og kveðst sóknaraðili hafa fundið til ölvunaráhrifa, en þó muna allt, er fram fór. Hún telur varnaraðilja eigi hafa neytt áfengis. Sóknaraðili staðhæfði, að varnaraðili hafi átt frumkvæði að því að fara í svokallaðan „fatapóker" þarna um kvöldið. Þá fullyrti sóknaraðili, að um kl. 3 - 4 um nóttina hafi hún og varnaraðili farið inn í svefnherbergi B og A og haft þar samfarir í hjónarúmi þeirra. Sagði hún samfarirnar hafa verið fullkomnar og þau ekki notað getnaðarvarnir eða gætt varúðar um, að þær leiddu eigi til getnaðar.

Sóknaraðili hefur fullyrt, að varnaraðili hafi um kl. 5 um nóttina ekið henni heim að ...., þar sem hún bjó þá. Var það í bíl með Ö númeri, bláum að lit, Fíat, og var hann fyrir utan húsið.

Sóknaraðili kvaðst síðast hafa haft á klæðum í byrjun desember 1977. Þá hefur hún ávallt fyrir dóminum borið, að hún hafi ekki haft samfarir við annan karlmann en varnaraðilja á getnaðartíma barnsins og sé því eigi um annan að ræða sem faðir að barni því, er hún ól 15. sept. 1978.

Varnaraðili, sem gaf skýrslur fyrir dómi 5. desember 1979 og 11. apríl og 10. júní 1980, kvaðst hafa þekkt sóknaraðilja, er hún var 15—16 ára, og sé það rétt, að þau hafi farið í bíl saman hringveginn. Kunningsskapur þeirra var náinn og höfðu þau kynmök saman. Varnaraðili kvaðst hafa komið að .... á heimili A og B í desember 1977, en hann man ekki mánaðardag, en það var um helgi, er hann var staddur á ...., en hann vann annars í Reykjavík frá því um miðjan ágúst 1977 þar til í júní 1979. Varnaraðili var að gera við bíl sinn í bílskúr, er B átti við ...., og var erindi hans að skila lyklum. Klukkan var um 11—12 og í mesta lagi að ganga eitt að kvöldi. Fólkið var undir áhrifum áfengis, er varnaraðili kom, og sérstaklega sóknaraðili. Varnaraðili neytti ekki áfengis, en fór að spjalla við þau í stofunni. Þau voru að spila á spil og í svokölluðum „fatapóker", en í því spili fellst það, að þeir, sem tapa, fara úr fötum. Varnaraðili sagði, að K hafi verið fáklædd, er hann kom, og A einnig. Varnaraðili segist hafa gengið fram í eldhús með A og D og hafi það verið eftir ábendingu frá B. Voru þau smátíma ein í stofunni, B og K, en síðar kom K fram í eldhús og var þá fullklædd. Hún hafi þá verið mjög æst og virtist í miklu uppnámi. Varnaraðili sagðist þá hafa farið með sóknaraðilja inn í stofu og hafa með viðtali við hana reynt að róa hana. Ástæðan fyrir því var að sögn varnaraðilja, að nokkrum árum áður hafi sóknaraðili í samkvæmi, er hún var í líku ástandi, reynt að skera sig á púlsinn með rakvélarblaði. Varnaraðili neitaði því að hafa farið með sóknaraðilja inn í svefnherberið, sem var við hliðina á stofunni með hengi á milli. Einnig synjaði hann fyrir það að hafa haft samfarir við sóknaraðilja þessa nótt. Hann tók þó fram fyrir dómi síðar, að hann hafi leitað á sóknaraðilja, eins og hann komst að orði,

en hún hafi sagst eiga nota getnaðarvarnir og hann því ekki tekið áhættu af samförum.

Varnaraðili kvað þau sóknaraðilja hafa verið inni í stofunni ein í 5—7 mínútur, en þá hafi þau komið inn A, B og D. Skömmu síðar hafi hann farið heim til sín, og fór D út með honum, en sóknaraðili hafi þá verið eftir og það sé rangt, að hann hafi ekið henni heim, því að hann hafi ekki verið með bíl.

Varnaraðili fullyrti, að hann hefði ekki haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar, er fæddist 15. september 1978, og þá hafi verið liðin um 2½ til 3 ár frá því að þau höfðu samfarir.

Varnaraðili sagðist hafa frétt í júní 1978, að sóknaraðili væri ófrísk og að hún kenndi honum barnið. Hann hafi þá hringt til hennar, en hún hafi sagt, að það væri rangt, að hann ætti barnið. Síðar hafi sóknaraðili hringt og sagt, að hún væri ófrísk og að barnið hafi verið getið, er þau höfðu samfarir hjá B og hafi sóknaraðili þá verið ölvaður. Sóknaraðili hafi einnig komið á heimili varnaraðilja í ..... og vinnustað hans og kennt honum barnið og að ekki væri um annað að gera en að viðurkenna faðerni þess.

Síðar skýrði varnaraðili frá því fyrir dóminum, að þau A og B hafi slitið samvistum um tíma veturinn 1977 til 1978 um eða upp úr áramótum. Nærri áramótum kveðst hann hafa átt tal við A og hafi hún þá verið að tala um, að þau hafi verið saman B og K, sóknaraðili máls þessa. Einnig hafi D sagt varnaraðilja, að B hafi haft orð á því í hringferð um landið sumarið 1978, að þau K og B hafi verið saman og haft samfarir saman á getnaðartíma barnsins.

Vitnið D, ... fæddur 1961, kom fyrir dóm 28. febrúar og 10. júní 1980. Vitnið minntist þess að hafa verið kvöld nokkurt í desember 1977 á heimili B og sambýliskonu hans A ..., en vitnið og B voru þá saman í skóla. Var þetta a föstudags- eða laugardagskvöldi 15.- 20. desember. Þarna var og stödd K, sem vitnið þekkti nokkuð. Þau neyttu nokkurs áfengis saman, en eftir miðnættið kom M ... Var hann að skila lykli að bílskúr B, en þar var M að gera við bíl sinn, og sagðist vitnið hafa verið að hjálpa honum við það um daginn.

Vitnið sagði, að þau hafi farið að spila „fatapóker," og var það að frumkvæði M. Var þetta gert um stund, og mundi vitnið, að sum þeirra, a. m. k. M og K, urðu fáklædd. Vitnið kvaðst hafa fundið allmikið til áfengisáhrifa og því ekki muna nákvæmlega, hvað fram fór, er leið á nóttina. Það mundi, að þau voru í eldhúsinu að fá sér að borða hjá A. Þá hafi M komið þangað og B og K hafi þá verið ein, en vitnið sagðist ekki muna, hvað lengi það var. Þá kvaðst vitnið muna, að þau M og K hurfu eitthvað frá þeim hinum um tíma þá um nóttina, en ekki vita, hvar þau voru í íbúð-

inni, og ekki fullyrða, að þau hafi verið í svefnherberginu. Er vitnið fór á brott, voru þau enn eftir í íbúðinni, M og K.

Vitnið fór hringferð um landið í ágúst 1978 með B. Vitnið sagði það vera rangt, að B hafi þá sagt vitninu eða gefið það í skyn, að hann hafi haft samfarir við K. Vitnið kvaðst ekki vita til, að svo hafi verið.

Vitnið A ..., fædd 1957, kveðst þekkja allvel aðilja máls þessa og minnast þess, að í desember 1977, líklega 15. til 17. desember, hafi þau verið að kvöldi til stödd á heimili hennar og sambýlismanns hennar, B, sem þá bjuggu á .... Einnig var þarna staddur D. Neytt var áfengis um kvöldið og áður en M kom, en vitnið taldi það hafa verið eftir miðnætti. M hafði verið að vinna við bíl sinn í skúr, sem B lánaði honum, og var að skila lyklum og var ekki væntanlegur annars, svo að vitnið muni. M settist niður í stofunni, þar sem þau voru að rabba saman, og vitnið minnti, að hann fengi sér áfengisblöndu í glas. Þá stakk M upp á því, að þau færu í „fatapóker". En hann er fólginn í því, að sá, sem tapar í spilunum, fækkar fötum. Vitnið sagðist muna, að það, D og M fóru nokkra stund fram í eldhús og voru að fá sér að borða. Á meðan voru B og K í stofunni. Þá fullyrti vitnið, að þau K og M hafi farið inn í svefnherbergi vitnisins og B, sem er við hliðina á stofunni, en forhengi var á milli, en ekki hurð. Vitnið sagði, að K hafi þá verið greinilega með áfengisáhrifum, og hafði hún og raunar M líka fækkað fötum, þ. e. farið úr utanyfirfötum, eins og raunar þau öll höfðu gert, er þau voru að spila. Þau M og K voru inni í svefnherberginu í nokkurn tíma, vitnið treysti sér ekki til að giska á hve lengi. En þau hin sátu í stofunni og hlustuðu á tónlist og dreyptu á áfengi. Þegar M og K komu fram, voru þau enn léttklædd, en ekki kvaðst vitnið geta fullyrt, hvað þau höfðust að þarna inni eða hvort þau höfðu þar samfarir saman. Vitnið sagði þó aðspurt, að rúmið hefði verið bælt, eins og legið hefði verið í því.

Skömmu síðar fóru þau brott af heimili vitnisins M, K og D. Vitnið vissi ekki til þess, að M hafi verið á bíl.

Vitnið hitti K öðru hverju síðar um veturinn. Er hún hafði gengið með barnið um 3 mánuði, minntist vitnið þess, að K hafi kennt M barnið.

Vitnið B ..., fæddur 1956, sambýlismaður vitnisins A, kom fyrir dóminn 28. febrúar 1980 eins og hún. Hann kvað það rétt vera, að nokkru fyrir jól 1977 hafi verið stödd að kvöldi til á heimili þeirra K og D. Vitnið mundi ekki, hvaða mánaðardag eða vikudag, en taldi það hafa verið um helgi. Þau neyttu nokkurs áfengis. Eftir miðnætti kom M á heimilið. Vitnið fullyrti, að M hafi stungið upp á því að fara í „fatapókerinn". Þau hafi öll verið fáklædd áður en lauk, og einnig voru þau undir áfengisáhrifum. Vitnið sagði það rétt vera, að það og K hafi verið um stund ein í stofunni

að hlusta á músík og tala saman, er þau hin fóru fram í eldhús. En skömmu síðar fóru M og K inn í svefnherbergið og dvöldu þar nokkra stund ein. En þau hin sátu í stofunni og hlustuðu á tónlist og röbbuðu saman. Skömmu síðar fóru þau á brott M, K og D.

Samkvæmt blóðflokkarrannsókn Rannsóknastofu Háskólans, er fram fór á aðiljum og barninu, S, dags. 25. október 1979, segir í álitsgerð:

„Niðurstaða þessarar rannsóknar samrýmist því, að M sé faðir S, sonar K. Þetta er einnig í samræmi við niðurstöðu HLA-flokkunar, sbr. meðfylgjandi greinargerð Alfreðs Árnasonar erfðafræðings."

Álitsgerð Alfreðs Árnasonar, erfðafræðings og Guðmundar Þórðarsonar læknis, dags. 5. nóv. 1979, er svohljóðandi:

„Að ósk M höfum við undirritaðir reiknað útilokunar-möguleika í barnsfaðernismáli K gegn honum.

Skv. blóð- og vefja- flokkunum þeim, er gerðar hafa verið hjá aðilum máls þessa, og með hliðsjón af tíðnitölum þeirra flokka í blóði Íslendinga, reyndist útilokunarhundraðshlutinn nema 99.9755.

Það þýðir með öðrum orðum, að einungis 2.45 af hverjum 10 þúsund hefðu ekki útilokast frá faðerni barns þessa, er hér um ræðir."

Vottorð Árna Ingólfssonar, yfirlæknis kvensjúkdóma-og fæðingardeildar Sjúkrahúss Akraness, dags 4. febrúar 1980, er svohljóðandi:

„Það vottast, að K fæddi hér fullburða barn þann 15/9 1978. Hún telur, að getnaður hafi átt sér stað 16/12 1977, og getur það vel passað samkvæmt fæðingunni og stærð barnsins."

Leitað var álits Sigurðar S. Magnússonar prófessors, forstöðumanns kvennadeildar Landspítalans, um líklegasta getnaðartíma barns sóknaraðilja svo og fyrsta og síðasta getnaðartíma barnsins.

Í álitsgerð hans, sem er dagsett 16. apríl 1980, segir:

„Varðandi líklegasta getnaðartíma barnsins.

1. Ef tillit er tekið til þyngdar barnsins, er samkvæmt Linders töflum líklegasti getnaðartíminn 274—280 dagar frá fæðingu barnsins, þ. e. a. s. á tímabilinu 09.12.1977—16.12.1977. Þannig eru 19,6% líkur á því, að barnið sé getið á þessu tímabili, 52,8% líkur á, að það sé getið á tímabilinu 02.12.1977—23.12.1977 og 76,9% líkur á, að það sé getið á tímabilinu 25.11.1977—30.12.1977.

2. Ef tekið er tillit til lengdar barnsins hins vegar, er samkvæmt sömu töflum líklegasti getnaðartíminn aftur 274—280 dagar frá fæðingu barnsins, þ. e. a. s. á tímabilinu 09.12.1977—16.12.1977. Þannig eru 19,3% líkur á því, að barnið sé getið á þessu tímabili, 53,6% líkur á því, að það sé getið á tímabilinu 02.12.1977—23.12.1977 og 77,9% líkur á, að það sé getið á tímabilinu 25.11.1977—30.12.1977.

Varðandi fyrsta og síðasta getnaðartíma barnsins.

Samkvæmt Linders töflum er fyrsti mögulegi getnaðartími barnsins 23.10.1977 og síðasti mögulegi getnaðartími barnsins 27.01.1978, sama hvort tekið er tillit til þyngdar eða lengdar barnsins."

III.

Varnaraðili hefur eigi gengist við samförum við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Eigi hefur heldur með öðrum hætti fengist full sönnun um samfarir málsaðilja á getnaðartímanum. Verða málsúrslit því að velta á eiði samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt gögnum málsins, sem að framan eru rakin, þykir sóknaraðili tvímælalaust hafa meiri líkur með sínu máli. Verður varakrafa hennar því tekin til greina í málinu og henni dæmdur fyllingareiður.

Vinni sóknaraðili K innan 2 mánað frá uppkvaðningu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu eið að því að hafa haft holdlegar samfarir við varnaraðilja M og hann einan á hugsanlegum getnaðartíma barnsins frá 23. október 1977 til 27. janúar 1978 að báðum dögum meðtöldum, eða nánar tiltekið aðfaranótt 17. desember 1977, skal varnaraðili teljast faðir barns þess, er hún ól 15. september 1978, og greiða með því samkvæmt úrskurði yfirvalds meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess svo og fæðingarstyrk.

Vegna máls þessa hefur skrifstofa dómsins greitt kostnað, kr. 98.374. Enn fremur greitt samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðst kr. 250.000.

Þykir samkvæmt þessu rétt að dæma varnaraðilja til greiðslu sakarkostnaðar, kr. 348.374, er renni í ríkissjóð.

Verði sóknaraðilja hins vegar eiðfall, skal varnaraðili sýkn af öllum kröfum sóknaraðilja, og falli þá málskostnaður niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili K innan 2 mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa eið að því á löglegu varnarþingi sínu að hafa haft holdlegar samfarir við varnaraðilja M og hann einan á tímabilinu 3. október 1977 til 27. janúar 1978, eða nánar tiltekið aðfaranótt 17. desember 1977, skal varnaraðili teljast faðir að sveinbarni því, er hún ól 15. september 1978, og greiði með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess svo og fæðingarstyrk, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Varnaraðili greiði málskostnað, kr. 348.374, er renni í ríkissjóð.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af öllum kröfum hennar og málskostnaður þá falla niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 13/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ernu Geirlaugu Mathiesen
(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað 29. desember 1982 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 29. mars 1983.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram af hálfu ákæruvalds, að vegna þess, sem kom fram við rannsókn málsins um áfengisneyslu ákærðu, eftir að akstri lauk, yrði að telja varlegast að leggja til grundvallar, að við aksturinn hefði áfengismagn í blóði ákærðu ekki náð því lágmarki, sem til er tekið í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Bæri því einungis að því er þetta ákæruatriði varðar að refsa ákærðu fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Verður að skilja greinda yfirlýsingu sem breytingu á ákæruskjali, sem ákæruvaldi sé heimil samkvæmt niðurlagsákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og framangreindrar breytingar ákæruvalds á ákærunni í málinu þykir mega telja sannað, að ákærða hafi gerst sek um atferli það, sem henni er gefið að sök, og með því brotið gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt 80. gr. greindra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærðu ákveðin 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökurétt-

indum í 8 mánuði frá uppsögu héraðsdóms 10. desember 1982, en ákærða var viðstödd dómsuppsögu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Erna Geirlaug Mathiesen, greiði 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 12 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 8 mánuði frá 10. desember 1982 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 487/1982: Ákæruvaldið gegn Ernu Geirlaugu Mathiesen, sem tekið var til dóms þann 2. desember sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 1. september 1982, gegn ákærðu, Ernu Geirlaugu Mathiesen skrifstofumanni, Víðimel 62, Reykjavík, fæddri 12. apríl 1928 í Hafnarfirði, „fyrir að aka föstudaginn 16. apríl 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 5340 frá vinnustað sínum í Tollvörugeymslunni í Reykjavík að áfengisútsölunni við Lindargötu, aka þar svo óvarlega, að bifreið ákærðu rakst á bifreiðina R 9384, og aka síðan rakleitt brott af vettvangi, án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar, heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þeir, að kl. 1720 föstudaginn 16. apríl sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðinni G 5340 hefði verið ekið á bifreiðina R 9384 við áfengisverslunina á Lindargötu og hefði fyrrnefndri bifreið verið ekið á brott af vettvangi. Kristján Zóphóníasson var vitni að árekstrinum. Kvaðst hann hafa séð miðaldra konu aka bifreiðinni G 5340 utan í hægra afturhorn R 9384 og síðan á brott. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, hefði örugglega orðið árekstrarins var. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, þeir Gunnlaugur K. Jónsson og Benedikt Benediktsson rannsóknarlögreglumaður. Að loknum störfum þar óku þeir að Reynimel 62 (sic), en þeir höfðu fengið upplýsingar um það frá fjarskiptum, hver væri skráður eigandi bifreiðarinnar G 5340. Reyndist hann vera eiginmaður ákæru. Er þeir komu á vettvang, var bifreiðin komin þangað. Í íbúð ákærðu í kjallara hússins voru þá fyrir lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson og Stefán Líndal ásamt ákærðu. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir Ólafi, að hann hafi komið ásamt Gísla Þorsteinssyni um einni mínútu á eftir G 5340 á staðinn, en bifreiðinni mættu þeir á Hringbrautinni, og sneru þeir við og hófu eftirför, þar sem þeim var kunnugt um, að lýst hafði verið eftir bifreiðinni þá skömmu áður. Kvaðst Ólafur hafa bankað á allar dyr hússins nr. 62 og hringt dyrabjöllum, en enginn svarað. Skömmu síðar kom Stefán Líndal lögreglumaður í lögreglubifreið á staðinn, og kom hann Ólafi til aðstoðar. Kvaðst Ólafur hafa farið að tala hátt um það, að réttast væri að fá úrskurð um að komast inn í íbúðina, en þá hefði ákærða opnað fyrir þeim útidyr kjallaraíbúðarinnar. Að sögn lögreglumanna á vettvangi liðu u. þ. b. 5 mínútur, frá því er þeir komu á staðinn og þar til opnað var fyrir þeim. Hald var lagt á áfengisflösku, sem var í eldhúsinu, og drakk ákærða ekkert af því, eftir að lögreglan kom.

Ákærða var færð fyrir varðstjóra. Viðurkenndi hún að hafa ekið á bifreið við áfengisverslunina á Lindargötu, en ekið af vettvengi, þar sem hún hafi „sjokkerast", og ekið brott beint heim. Er hún kom heim, hafi hún drukkið stóran sopa af hvannarótarbrennivíni svo og lítils háttar úr flöskunni út í kaffi. Kvaðst hún hafa drukkið af óátekinni flöskunni og aðeins drukkið úr þeirri flösku. Að lokinni yfirheyrslu hjá varðstjóra var ákærða færð til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar, þar sem henni var tekið blóð kl. 1840. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar mældist 1.96‰ í blóði ákærðu. Framangreind hvannarótarbrennivínsflaska, sem hald var lagt á og fylgt hefur málinu, er tæplega axlarfull, og mældust 15 cm í efri brún áfengis frá botni flöskunnar. Samkvæmt varðstjóraskýrslunni var ákærða mjög greinilega undir áhrifum áfengis (skýrslutaka hófst kl. 1800), áfengisþefur af henni var sterkur, andlit þrútið, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður, og ákærða var kurteis í framkomu.

Ákærða var yfirheyrð fyrir lögreglu þann 29. apríl sl. Kvaðst hún hafa farið frá vinnustað sínum um kl. 1700 á bifreiðinni með viðkomu í áfengisversluninni á Lindargötu, þar sem hún keypti áfengisflösku. Kvaðst henni hafa orðið mikið um (sic), þegar hún ók á bifreið þar fyrir utan verslunina, og því farið af staðnum og rakleiðis heim, þar sem hún drakk af flöskunni, sem hún hafði keypt, er síðar var lagt hald á. Var hún farin að finna til verulegra áfengisáhrifa, þegar hún kom á lögreglustöðina, enda hafði hún aðeins borðað eitt epli þennan dag. Ekki hafi liðið langur tími, frá því er hún kom heim og þar til lögregluna bar að, en á þeim tíma hafði hún tíma til að drekka það áfengismagn, sem mældist í blóði hennar. Ákærða gerði ekki athugasemdir við varðstjóraskýrsluna að því er varðar það áfengismagn, er hún þá viðurkenndi að hafa drukkið að akstri loknum.

Þann 27. apríl sl. voru allir framangreindir lögreglumenn yfirheyrðir hjá lögreglu.

Gísli Þorsteinsson kvaðst hafa verið á Hringbraut í lögreglubifreið, sem hann ók, ásamt Ólafi Guðmundssyni, er þeir mættu G 5340, en þá skömmu áður hafi verið auglýst eftir bifreiðinni vegna afstungu. Voru þeir á leið austur Hringbraut og voru komnir rétt austan gatnamótanna við Hofsvallagötu, er þeir mættu bifreiðinni. Ók hann að næstu gatnamótum til að snúa við, og hófu þeir eftirför. Við Hofsvallagötu þurftu þeir að stoppa vegna umferðarljósanna, en ökumaður G 5340 komst yfir á ljósunum og slapp því einu ljósi á undan þeim. Á leiðinni var gefið upp nafn og heimilisfang eiganda bifreiðarinnar. Það síðarnefnda var Víðimelur 62. Bifreiðin var mannlaus þar fyrir utan, þegar þá bar að. Knúðu þeir á dyr, en ekki var ansað. Fleiri lögreglumenn komu á staðinn, og hafði Gísli ekki frekari afskipti af málinu.

Ólafur Guðmundsson bar á sama hátt og Gísli um aðdraganda komunnar á Víðimel 62. Sagði hann, að þeir hefðu fengið upplýsingar í húsinu um, að eigandi bifreiðarinnar ætti heima í kjallaranum, en er þeir knúðu þar á dyr, var ekki ansað. Í millitíðinni kom þar að Stefán Líndal. Hafði Ólafur veitt því athygli, að eldhúsgluggi í kjallara var opinn, og kallaði hann inn að opna. Fann hann strax megna áfengislykt, er hann opnaði gluggann. Þegar þessu var ekki sinnt, fór hann að tala um að óska dómsúrskurðar. Opnaði þá kona fyrir þeim, og var þar kominn ökumaður bifreiðarinnar G 5340, sem þeir áður höfðu mætt. Var konan greinilega undir áfengisáhrifum. Ólafur taldi, að u. þ. b. 5—10 mínútur hafi liðið, frá því er þeir mættu G 5340 á Hringbrautinni og þar til þeir voru komnir inn í íbúðina. Konan hefði sagt þeim að fyrra bragði, að hún hefði drukkið áfengi, eftir að hún kom heim, og vísaði þeim á brennivínsflösku, sem var á eldhúsborðinu. Kvaðst hún hafa drukkið áfengið út í kaffið. Rétt á eftir komu þarna

rannsóknarlögreglumenn, sem höfðu afskipti af árekstrinum, sem konan lenti í, og fór hann þá af staðnum.

Benedikt Benediktsson, sem annaðist rannsókn á vettvangi við áfengisverslunina á Lindargötu, kvaðst hafa farið að Víðimel 62 að því verki loknu. Þar voru þá fyrir lögreglumenn. Hann hafi merkt, að ákærða hafi verið undir áhrifum áfengis. Á staðnum hafi komið fram, að hún hafi drukkið áfengi úr brennivínsflösku, sem hún vísaði þeim á, og tók hann flöskuna, þar sem hún kvaðst ekki hafa drukkið annað áfengi en það, sem á vantaði á flöskuna. Viðurkenndi hún að hafa lent í fyrrgreindum árekstri, en farið af staðnum og beint heim og drukkið framangreint áfengismagn.

Gunnlaugur K. Jónsson staðfesti skýrslu þá, sem hann gaf í upphafi um málið. Þeir Stefán, Ólafur og Gísli hafi verið á heimili ákærðu, er hann kom þangað. Ákærða hafi þá greinilega verið undir áhrifum áfengis. Hún hafi sagst skammast sín fyrir að hafa farið af árekstrarstað, en hún hefði fengið „sjokk". Hún hafi neitað að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, en drukkið af brennivínsflösku, eftir að heim kom. Benedikt hafi tekið flöskuna í sínar vörslur. Úr flöskunni hafði verið tekið „rétt í axlir".

Stefán Líndal kvað þá Ólaf og Gísla hafa verið á staðnum, þegar hann kom þangað. Hann hafi farið með Ólafi að eldhúsglugga, sem var opinn, og kölluðu þeir inn. Kom þá kona í ljós og opnaði rétt á eftir. Hann merkti það strax, að hún var undir áfengisáhrifum. Viðurkenndi hún að hafa stungið af frá árekstrinum, en fengið „sjokk" og drukkið áfengi, eftir að heim kom. Sýndi hún þeim brennivínsflösku, sem hún kvaðst hafa drukkið af, og var flaskan „rétt niður í axlir". Benedikt hafi tekið flöskuna og því væri unnt að sjá, hve mikið hefði verið af henni tekið. Stefán gat þess, að mikil áfengislykt hafi verið í eldhúsinu.

Hilmar Þorbjörnsson varðstjóri var og yfirheyrður hjá lögreglu þennan dag. Staðfesti hann að hafa tekið greinda varðstjóraskýrslu af ákærðu, sem greinilega hafi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hún ekki kannast við að hafa drukkið annað áfengi en um getur í skýrslunni, þ. e. það, sem á vantaði á áfengisflösku þá, sem um er getið í skýrslunni, en af henni hafi verið tekið lítillega, eða á að giska 3 einfaldir sjússar, en hald var lagt á flösku þessa.

Vitnið Kristján Zóphóníasson kom fyrir lögreglu þann 28. apríl sl., og kvað hann vettvangsuppdráttin réttan. Kvaðst hann hafa séð, er bifreiðinni G 5340 var ekið á mannlausa bifreið, R 9384, á stæðinu við ÁTVR á Lindargötu. Ökumaðurinn á G 5340, sem var kona, ók á brott af vettvangi, en vitnið skráði niður númer bifreiðarinnar og lét hringja í lögregluna, sem hann lét í té þær upplýsingar, sem honum voru kunnar. Vitnið sá ekki, er ákærða fór út í bifreiðina, og gat ekki borið um ástand hennar.

Ákærða kom fyrir dóm þann 17. september sl. við þingfestingu málsins

og þann 28. sama mánaðar. Bar hún á sama hátt og áður. Neitaði hún að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og hafði engar frekari skýringar á brottför sinni af vettvangi en áður voru fram komnar, aðrar en þær, að hún hafi verið að flýta sér í Garðabæ, en það hafi komið á sig fum og hún því ákveðið að snúa ekki við, heldur aka heim og hitta eiginmann sinn til að segja honum, hvernig komið var.

Ákærða kvaðst hafa drukkið óblandað brennivín úr kaffikrukku, ca á við tvöfalda blöndu, og enn fremur blandað út í kaffi. Einnig kvaðst hún áður hafa drukkið óblandað áfengi úr glasi, en það síðastnefnda kvaðst hún ekki hafa nefnt í skýrslu sinni fyrir lögreglu. Hún kvaðst hafa verið á salerninu, er þá lögreglumennina bar þar að. Er hún varð þeirra vör, fór hún út í eldhúsgluggann, og síðan í framhaldi af því opnaði hún. Hún kvaðst hafa drukkið áfengið úr brennivínsflösku, er lögreglan lagði hald á, að undanskildu því áfengi, sem hún drakk úr glasinu, en áfengið í því glasi hafi verið til staðar, er hún kom heim. Hún kvaðst telja, að það hafi einnig verið brennivín.

Ákærðu voru kynntir framburðir lögreglumannanna, og kvaðst hún þegar hafa fundið til áfengisáhrifa vegna framangreindra drykkju frá þeim tíma, er hún neytti þess, og þar til lögreglumenn komu á staðinn.

Þann 5. október sl. fóru fram vitnayfirheyrslur í málinu.

Vitnið Gunnlaugur K. Jónsson skýrði frá í öllum atriðum á sama hátt og áður var fram komið í skýrslum hans. Hann sagði enn fremur, að tveir lögreglumenn hafi verið fyrir á staðnum, er þeir Benedikt komu þangað, og opnuðu þeir fyrir þeim. Ákærða hafi virst undir áhrifum áfengis, og kvaðst vitnið hafa merkt það af útliti hennar og andardrætti svo og af atferli, sem honum fannst benda til, að hún hafi ekki einungis neytt þess áfengis, sem hún kvaðst hafa neytt, eftir að hún kom heim. Hann sagði, að það hefði tekið u. þ. b. 5—10 mínútur að ganga frá málinu á vettvangi á Lindargötunni og ámóta langan tíma að aka þaðan og að heimili ákærðu. Ákærða hafi borið, að hún hafi fyrst hafið neyslu áfengis, eftir að hún kom heim, og að hún hafi drukkið brennivín út í kaffibolla, sem var þarna í eldhúsinu, og hann minnti einnig, að hún hefði sagt, að hún hefði drukkið nokkra sopa af óblönduðu brennivíni.

Framburður vitnisins Benedikts Benediktssonar kom í öllum meginatriðum heim og saman við frumskýrslu Gunnlaugs um málið. Vitnið sagði, að þeir Gunnlaugur hafi verið að koma úr vettvangsvinnslu vegna umferðaslyss, er tilkynning um áreksturinn við Lindargötu barst, og hafi þeir þá verið skammt frá lögreglustöðinni á Hlemmi, að því er hann minnti. Vettvangskönnunin á Lindargötunni hafi tekið innan við 5 mínútur, og þaðan óku þeir sem leið lá að Víðimel 62 og voru í mesta lagi 8—10 mínútur á leiðinni. A. m. k. þrír lögreglumenn hafi þá verið þar, og að þeirra sögn

hafi þeir verið búnir að bíða nokkra stund, áður en ákærða opnaði. Ákærða hafi bæði borið merki ölvunar og þess að hafa verið við drykkju einhvern tíma. Greinilegt hafi verið, að hún hafi verið ölvuð og fundið til áfengisáhrifa. Hún hafi sagt, að hún hafi neytt áfengis úr brennivínsflösku, eftir að hún kom heim, en hald hafi verið lagt á flöskuna, sem var átekin. Vitninu var sýnd flaska, merkt ákærðu, í dóminum og minntist þess, að varðstjórinn hafi límt efri brún merkimiðans við borð flöskunnar, eins og sjá má á flöskunni.

Ólafur Guðmundsson bar á sama hátt og fyrir lögreglu. Kvað hann þá Gísla hafa verið vestast á Hringbrautinni, þegar tilkynningin barst þeim, en bifreið ákærðu mættu þeir austan Hofsvallagötu, og var henni ekið til vesturs. Þeir þurftu að snúa við og lentu einum ljósum á eftir bifreið ákærðu, þ. e. a. s. er hún beygði suður Hofsvallagötu. Vitnið knúði á dyr á tveim samhliða íbúðum í næsta húsi við Víðimel 62, og var þeim vísað á íbúð ákærðu í þeirri síðari. Á heimili hennar kvöddur þeir dyra, en hún opnaði ekki. Það var ekki fyrr en eftir góða stund, eða 5—10 mínútum síðar, sem ákærða opnaði, en áður höfðu þeir gengið í kringum húsið og bankað á glugga, og m. a. lyftu þeir stormjárni á glugga í eldhúsi. Ákærða var ölvuð og virtist bera þess merki að hafa neytt áfengis lengur en þann tíma, sem hún var á heimili sínu. Hún var taugatrekkt og benti þeim á áfengisflösku, sem hún kvaðst hafa drukkið af.

Gísli Þorsteinsson kvað þá Ólaf hafa verið að koma frá Granda, þegar tilkynningin barst, og voru þeir þar í námunda. Um svipað leyti og þeir Ólafur komu að bifreið ákærðu á Víðimelnum, komu fleiri lögreglumenn þar að, m. a. Stefán Líndal. Enginn hafi svarað, er þeir knúðu á dyr hjá ákærðu, en vitnið minntist þess ekki, að þeir Ólafur hafi áður kvatt dyra á fleiri íbúðum. Ákærða hafi verið búin að opna fyrir lögreglumönnunum, áður en vitnið fór af vettvangi, en frekari afskipti af málinu hafði vitnið ekki. Vitnið mundi ekki, hversu lengi það staldraði við á vettvangi, áður en það fór. Varðandi önnur atriði skýrði vitnið frá á sama veg og áður.

Stefán Líndal skýrði og frá á sama veg og áður. Hann sagði, að það hafi tekið smátíma, frá því er þeir komu á vettvang, þar til ákærða opnaði fyrir þeim, eða ca 5—10 mínútur. Ákærða hafi verið lítils háttar undir áhrifum áfengis. Áfengisáhrif hafi verið merkjanleg á henni, en í fljótu bragði virtist honum hún ekki áberandi ölvuð, en hann kvaðst þó ekki sérstaklega hafa verið að kanna þetta atriði. Hins vegar hafi hún verið miður sín. Vitnið kvaðst hafa verið í umferðareftirliti, þegar tilkynningin barst, og minnti, að hann hafi þá verið einhvers staðar í austurbænum. Töluverð umferð hafi verið og hann því ekkert sérstaklega verið að flýta sér, enda hafi fljótlega komið í ljós, að aðrir lögreglumenn voru komnir á vettvang. Ákærða hafi borið, að hún hafi drukkið af áfengisflösku, sem hún sýndi

þeim, en vitnið mundi nú ekki hve mikið. Vitninu var þá sýnd áfengisflaska, merkt ákærðu, og kvaðst telja, að flaskan hafi verið ámóta mikið átekin og þessi flaska.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson kannaðist við að hafa tekið varðstjóraskýrslu af ákærðu. Hann minntist þess, að hún hafi borið, að hún hefði ekki neytt áfengis fyrr en að akstri loknum. Varðandi útlit og önnur einkenni ákærðu vísaði hann til varðstjóraskýrslunnar, sem hann kvaðst hafa gert eftir bestu vitund. Hann kvaðst hafa merkt hvannarótarbrennivínsflösku þá, sem lögreglumennirnir komu með og sögðust hafa tekið úr vörslum ákærðu. Merkti hann flöskuna og innsiglaði með einangrunarbandi. Kannaðist hann við flöskuna, sem honum var sýnd í dóminum, merkta með skýrslunúmerinu S-1024/82.

Ákærða hefur ekki fyrr sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Niðurstöður.

Ákærða hefur borið, að hún hafi einvörðungu neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Allt frá því er hún var handtekin, kvaðst hún hafa neytt þess áfengis, sem á vantaði á brennvínsflösku þá, sem hald var lagt á á heimili hennar. Við yfirheyrslur fyrir dómi kvaðst hún hins vegar einnig hafa neytt óblandaðs áfengis úr glasi, sem var til staðar, þegar hún kom heim. Samkvæmt framburði lögreglumannanna komu þeir á staðinn, örskömmu eftir að ákærða kom heim, og u. þ. b. 5 - 10 mínútum síðar voru þeir komnir inn í íbúðina. Á þessum skamma tíma kveðst ákærða hafa drukkið allt það áfengismagn, sem mældist í blóði hennar, eða 1.96‰. Ákærða hafði að vísu tækifæri til að neyta áfengis, eftir að hún kom heim, og benti hin átekna áfengisflaska til þess, að svo hafi hún gert. Hins vegar þykir með ólíkindum, að hún hafi neytt svo mikils magns áfengis á svo skömmum tíma og að hún þá þegar hafi borið þau merki áfengisneyslu, sem raun ber vitni samkvæmt framburðum þeirra lögreglumanna, sem komu á heimili hennar. Það, að ákærða ók af vettvangi, styrkir þann grun, að hún hafi þá þegar verið undir áhrifum áfengis. Sú viðbára ákærðu, að hún hafi „sjokkerast" og á hana hafi komið fum og því hafi hún ekið rakleiðis heim, er ekki trúverðug, heldur er sú skýring nærtækari, að hún hafi farið af vettvangi, þar sem hún var undir áhrifum áfengis þegar við árekstur inn. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærða hafi með atferli sínu gerst sek um atferli það, sem hún er ákærð fyrir og réttilega er heimfært til lagaákvæða í ákæru.

Refsing ákærðu þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærða varðhaldi í 10 daga. Einnig ber að svipta ákærðu ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga í 12 mánuði frá

uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærða, Erna Geirlaug Mathiesen, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 12 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum dómsákvæðis þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 3.500.00.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 103/1983. **María Magnúsdóttir**
gegn
Elínbjörgu Eggertsdóttur
Heimi Jenssyni
Árna Jenssyni
Þóroddi Skaftasyni og
John W. Sewell.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Sigurgeir Jónsson hæstaréttardómari og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Með kæru 3. maí 1983, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til.

Varnaraðiljar Elínbjörg Eggertsdóttir, Heimir Jensson og Árni Jensson hafa lagt fram greinargerð og krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðiljarnir Þóroddur Skaftason og John W. Sewell hafa ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Eins og greinir í hinum kærða dómi, hefur sóknaraðili höfðað mál þetta á hendur varnaraðiljum til staðfestingar á eignarrétti sínum að húseigninni nr. 3 B við Veltusund í Reykjavík, en í raun virðist þar fyrst og fremst vera um að ræða kröfu um viðurkenningu á lögmæti riftunar sóknaraðilja á kaupsamningi frá 1. október 1980 milli hennar og varnaraðilja Elínbjargar Eggertsdóttur, Heimis Jenssonar og Árna Jenssonar. Í málinu skortir á, að af hálfu sóknaraðilja sé skýr afstaða tekin til veigamikilla atriða, sem varða heimild hennar til riftunar umræddds samnings.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1983.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. apríl sl., höfðaði María Magnúsdóttir, Lindarbraut 45, Seltjarnarnesi, nnr. 6442-9698, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21., 22. og 23. október 1982, gegn Elínbjörgu Eggertsdóttur, Laufásvegi 20, Reykjavík, nnr. 1988-6280, Heimi Jenssyni, sama stað, nnr. 3870-6869, Árna Jenssyni, Hraunbrún 28, Hafnarfirði, nnr. 0522-6139, Þóroddi Skaftasyni, Æsufelli 4, Reykjavík, nnr. 9714-5814, og John W. Sewell, Karlagötu 13, Reykjavík, nnr. 5181-2255, til staðfestingar á eignarrétti stefnanda á fasteigninni Veltusundi 3 B, Reykjavík.

Stefndu Þóroddur Skaftason og John W. Sewell gera þær dómkröfur, að kröfum stefnanda verði synjað og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndu Elínbjörg Eggertsdóttir, Heimir Jensson og Árni Jensson gera

þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Frávísunarkrafa þessi er hér til úrlausnar.

II.

Í stefnu er málavöxtum og málsástæðum lýst þannig:

„Meginatriði málavaxta eru þau, að stefnandi varð eigandi fasteignarinnar Veltusund 3 B, Reykjavík, með heimildarbréfi, dagsettu 1. maí 1938. Rak hún húsið Veltusund 3 B, Reykjavík, einkum með útleigu til atvinnurekstrar aðila um áratugaskeið, en 1. okt. 1980 gerði stefnandi samning við stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna um sölu á eigninni til þeirra fyrir gkr. 110.000.000,- eitthundraðogtíumilljónir gkróna. Þessi samningur gerði ráð fyrir, að kaupverð eignarinnar yrði greitt þannig, að við undirritun kaupsamnings yrðu greiddar gkr. 10.000.000,- og síðan yrðu greiddar átta gkr. 12.500.000,- greiðslur dagana 30. mars og 30. september árin 1981 til og með 1984, og skyldu greiðslur merktar með töluliðum 4—8 bera 26% ársvexti frá 1. október 1980 til greiðsludaga, og er af stefnanda talið, að þar sé um að ræða greiðslur frá og með 30. mars 1982.

Áður en til þes kæmi, að stefndu Elínbjörg, Heimir og Árni efndu samning sinn við stefnanda frá 1. október 1980, nema hvað varðar greiðslu við samningsundirritun, munu þau hafa talið sig selja stefndu Þóroddi og John húseignina Veltusund 3 B, Reykjavík, ásamt tilheyrandi eignarlóð með samningi, dags. 20. nóvember 1980. Verð við hina meintu sölu 20. nóvember 1980 var gkr. 120.000.000,- en greiðslur féllu að verulegu leyti saman við greiðslur í samningi frá 1. október 1980. Tekið skal fram, að stefnandi vissi þá, þ. e. um og eftir 20. nóv. 1980, ekki um þessi meintu aðilaskipti að kaupum á húsinu. Er heldur ekki kunnugt, að Sverri Sigurðssyni, látnum eiginmanni stefnanda, sem annaðist að mestu um mál varðandi Veltusund 3 B Rvík., fyrir stefnanda, hafi vitað um þessi meintu aðilaskipti að kaupunum fyrr en allnokkru eftir að þau voru gerð. Bárust þeim þá óljósar upplýsingar um það. Síðar var stefnanda kunnugt, að stefndi Þóroddur átti skipti við umboðsmann stefnanda, Lárus Halldórsson, lögg. endurskoðanda, um greiðslur, og virtist stefnanda, að stefndi Þóroddur teldi sig eiga einhverja aðild að málinu, sem kom fram á þann hátt, að óskað var eftir af hans hálfu eftir fresti á greiðslu kaupverðs að því er stefnandi taldi á samningnum frá 1. október 1980. Stefnanda var ókunnugt um fyrr en um eða eftir 6. júlí 1982, að stefndi John W. Sewell taldi sig hafa keypt húsið Veltusund 3 B, Rvík.

Hvað varðar framhald efnda samningsins frá 1. október 1980 gagnvart stefnanda, ber þess að geta, að greiðslur hafa borist seint og illa til stefnanda, og er einnig talið, að það hafi átt sér stað gagnvart umboðsmanni

stefnanda, Lárusi Halldórssyni. Hefur stefnandi til að mynda ekki enn fengið greidda að fullu fyrstu greiðslu samkvæmt samningnum frá milligöngumanni um kaupin frá 1. október 1980, Pétri Einarssyni, en Lárus Halldórsson fékk Jón Þóroddsson, lögmann, til að vinna að því máli. Síðari greiðslur hafa ekki borist með skilum, og greiðsla, sem inna átti af hendi 30. mars 1982, kr. 125.000,- ásamt 26% ársvöxtum af kr. 750.000,- frá 1. október 1980 til 30. mars 1982, sem af stefnanda eru taldar vera kr. 487.500,- eða alls kr. 612.500,- hefur ekki verið greidd. Voru stefnda Þóroddi þó veittir ítrekaðir frestir á vormánuðum þessa árs, þ. e. 1982, til að inna greiðsluna af hendi. Hinn 16. júní 1982 veitti Lárus Halldórsson af hálfu stefndanda stefnda Þóroddi frest í fammtán daga til að inna greiðsluna af hendi, en áskildi annars allan rétt vegna vanefnda, m. a. til riftunar. Þegar ekki hafði verið greitt 6. júlí 1982, var stefnda Þóroddi tilkynnt riftun kaupa með símskeyti. Síðar þegar fyrir lágu upplýsingar um meinta aðild stefnda John W. Sewell, var áréttað gagnvart umboðsmanni hans, Páli Arnóri Pálssyni, hrl., að „riftunin" væri einnig talin gilda gagnvart stefnda John. Enn síðar, eða 20. ágúst 1982, þegar fyrir lá, hversu óglögg meint aðilaskipti að kaupum á Veltusundi 3 B, Rvík., voru frá stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna til stefndu Þórodds og Johns og án vitundar stefnanda, voru stefndu Elínbjörgu, Árna og Heimi send símskeyti og tilkynnt um riftun sölunnar hinn 1. október 1980 til þeirra.

Hinn 30. september 1982 átti samkv. samningnum frá 1. okt. 1980 um Veltusund 3 B, Rvík., að greiða afborgun kr. 125.000,- og 26% ársvexti af kr. 600.000,- frá 30. mars 1982 til 30. sept. 1982, eða kr. 78.000,- eða alls kr. 203.000,-. Engar óskir hafa komið frá stefndu um að greiða þá fjárhæð.

Stefnandi hefur tekið við greiðslum samkv. samningnum frá 1. október 1980. Ef hann hefði verið efndur réttilega fram til 29. mars 1982, hefðu þær greiðslur átt að nema nýkr. 100.000,- við undiritun samnings, kr. 173.750,- hinn 30. mars 1981 og kr. 190.000,- 30. sept. 1981. Af hálfu stefnanda er talið, að greindar fjárhæðir hafi ekki verið inntar réttilega af hendi til umboðsmanna stefndanda, þótt gert sé ráð fyrir, að meginhluti greiðslnanna hafi verið inntur af hendi. Hitt er einnig talið af stefnanda, að stefndu hafi tekið við leigugreiðslum vegna Veltusunds 3 B, Rvík., frá 1. janúar 1981 og greitt einhver gjöld vegna eignarinnar. Er mánaðarleg leiga nú talin vera yfir kr. 20.000,- á mánuði.

Af hálfu stefnanda er talið, að uppgjör vegna greiðslna, sem stefnandi eða umboðsmenn hans hafa tekið við vegna ráðgerðrar sölu á Veltusundi 3 B, Rvík., svo og uppgjör vegna tekna og gjalda af Veltusundi 3 B, Rvík., frá 1. janúar 1981 eigi eftir að fara fram og sé það óháð þessu máli, sem höfðað er til að fá staðfestan ótvíræðan eignarrétt stefnanda að húseigninni

Veltusund 3 B, Rvík. Stefnanda er mikil nauðsyn á að fá eignarrétt sinn að húseigninni Veltusund 3 B, Rvík., staðfestan með dómi, einkum vegna þess að leigjendur þeir, sem nú hafa húsið til afnota, telja, að ekki liggi ljóst fyrir, hver sé raunverulegur eigandi þess.

Af hálfu stefnanda hefur síðan í júlí 1982 verið reynt að afla upplysinga um mál varðandi sölu hússins Veltusunds 3 B, Rvík., og tekjur og gjöld þess, síðan salan samkvæmt samningnum frá 1. okt. 1980 átti sér stað. Það hefur torveldað mjög alla upplýsingaöflun, að stefnandi er sjálfur aldraður og heilsuveill og hefur af þeim sökum lítið unnið sjálfur að málinu. Eiginmaður stefnanda, Sverrir Sigurðsson, sem einkum sá um söluna samkv. samningnum frá 1. okt. 1980, lést 28. nóv. 1981 og átti áður við vanheilsu að stríða. Milligöngumaður um söluna 1. október 1980, Pétur Einarsson, hefur verið seinn til að láta af hendi greiðslur, sem talið er, að hann hafi tekið við, og upplýsingar hans um viðskiptin hafa verið óglöggar. Af þeim sökum m. a. hafa uppgjör aðstoðarmanna stefnanda, Lárusar Halldórssonar og Jóns Þóroddssonar, komið seint og verið að nokkru háð sömu annmörkum. Stefndu Þóroddur og John hafa ekki viljað gefa upplýsingar um greiðslur, hvorki þær meintu greiðslur, sem þeir telja sig hafa innt af hendi vegna meintra kaupa sinna, né heldur greiðslur vegna tekna og gjalda af huseigninni Veltusundi 3 B, Rvík. Leitað hefur verið til leigjenda með upplýsingar um þær greiðslur, sem þeir telja sig hafa innt af hendi um nokkurt skeið, en án umtalsverðs árangurs. Ekkert hefur heyrst frá stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna þrátt fyrir símskeytasendingar og bréfaskriftir.

Málsástæður:

Af hálfu stefnanda eru bornar fram þessar málsástæður fyrir kröfum stefnanda um staðfestingu á eignarrétti hans að húsinu Veltusundi 3 B, Reykjavík: Gagnvart stefndu Elínbjörgu, Heimi og Árna er talið, að þau hafi með samningnum frá 20. nóvember 1980 fallið frá rétti sínum til hússins og aðgerðarleysi þeirra gagnvart húseigninni Veltusundi 3 B, Rvík., síðan og sinnuleysi þeirra gagnvart skuldbindingum þeirra við stefnanda, sbr. greiðslufall greiðslna pr. 30. mars 1982, kr. 612.500,- og greiðslu pr. 30. sept. 1982, kr. 203.000,-, firrt sig öllum rétti til hússins. Gagnvart stefndu Þóroddi og John Sewell er af stefnanda aðallega talið, að ekki hafi komist á samningur milli stefnanda og þeirra og því hafi þeir ekki öðlast kauprétt á húsinu. En verði slíkur kaupréttur talinn hafa myndast, er af stefnanda talið, að hann hafi fallið niður með stórfelldum vanskilum á greiðslum pr. 30. mars 1982, kr. 612.500,- og kr.203,- pr. 30. sept. 1982.

Riftun stefnanda á meintum kaupum stefndu Þórodds og John W. Sewells stafaði af mjög ófullkomnum upplýsingum um eðli þeirra viðskipta, sem talin voru hafa átt sér stað.

Tekið skal fram, að í skjölum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Fasteignamats ríkisins er húseign stefnanda að Veltusundi 3 B, Rvík., talin vera Veltusund 3 A, Rvík.“

III.

Af hálfu stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna er frávísunarkrafan rökstudd með því, að samkvæmt kröfugerð stefnanda þá virðist sem gerð sé krafa um að fá dæmdan eignarrétt að húsinu nr. 3 B við Veltusund í Reykjavík til handa stefnanda. Eignardómsmál séu rekin með afbrigðilegum hætti, sbr. XIX. kafla laga nr. 85/1936, og beri þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi. Þá mundi dómur, sem tæki til greina kröfu stefnanda, vera bindandi fyrir mun fleiri aðilja en þá, sem séu aðiljar að máli þessu. Einnig er á það bent, að allri kröfugerð stefnanda sé mjög áfátt og í stefnu sé þvælt um málsatvik fram og til baka á mjög ruglingslegan hátt, þannig að stefnan geti vart talist gerð í anda VIII. kafla laga nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram af hálfu stefndu Elínbjargar, Heimis og Árna, að stefnandi geri enga grein fyrir þeim greiðslum, sem hann hafi fengið fyrir eignina. Það sé ekki sök stefndu, ef umboðsmenn stefnanda, þeir Lárus Halldórsson og Pétur Einarsson, hafi ekki staðið í skilum. Stefnandi verði að sýna fram á, hvað hann hafi fengið greitt og hvaða vanskil sé um að ræða. Öll kröfugerð og rökstuðningur stefnanda sé með þeim hætti, að vísa beri málinu frá dómi.

Af hálfu stefndu Þórodds og John var tekið undir frávísunarkröfuna, ekki vegna þess, að reka beri mál þetta sem eignardómsmál, heldur vegna vanreifunar. Riftunarkrafa stefnanda virðist byggð á vanefndum, en ekki sé hægt að sjá af stefnu, hvaða vanefndir hafi orðið. Stefnandi ýmist viðurkenni stefndu John og Þórodd sem viðsemjendur sína eða afneiti þeim alveg.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfunni verði hrundið. Eignardómsstefna í þessu máli sé út í bláinn. Viðurkennt var, að ýmsar upplýsingar vanti í málið, en erfitt hafi verið um upplýsingaöflun vegna veikinda stefnanda. Líklega hafi greiðslur skv. liðum 1—3 á dskj. 7 borist til umboðsmanns stefnanda, en erfitt hafi verið að ná inn fjárhæðum frá Pétri Einarssyni. Stefnandi hafi ekki boðið fram endurgreiðslu á því, sem hún hafi fengið í hendur, en margoft óskað eftir upplýsingum frá stefndu, til þess að hægt yrði að ganga frá uppgjöri.

Aldrei hafi myndast löglegt réttarsamband á milli stefnanda og stefndu John og Þórodds, þess vegna sé riftun þarflaus gagnvart þeim. Það sé einnig óljóst, hvort rétt hafi verið að krefjast riftunar gagnvart stefndu Elín-

björgu, Heimi og Árna, og þess vegna hafi verið valin sú leið að höfða mál til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda.

Kröfugerð í máli þessu sé ljós, svo sé einnig um vanskil, þau séu ljós, en greiðslur óljósar. Víst sé, að greiðslur 30. mars 1982 og síðar hafi ekki borist. Málatilbúnaður stefnanda sé ekki óljós, en málsatvik séu óljós.

IV.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefnanda, að mál þetta falli ekki undir XIX. kafla laga nr. 85/1936 þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur heimildarbréf að réttindum þeim, sem hún öðlaðist yfir fasteigninni Veltusundi 3 B, Reykjavík, 1. maí 1983.

Þegar litið er til kröfugerðar og málatilbúnaðar stefnanda, sem rakinn hefur verið hér að framan, þá þykir bera að taka til greina kröfu um frávísun málsins vegna óljóss málatilbúnaðar stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. maí 1983.

Nr. 83/1983. **Félagsmálaráðherra**
gegn
Einari Jónassyni.

Kærumál. Skipti. Ríkisábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 5. apríl 1983, sem barst réttinum 18. apríl 1983. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og tekin til greina sú krafa, er hann gerði fyrir skiptaréttinum, „að vinnulaunakrafa varnaraðilja á hendur þrotabúi Baldvins G. Heimissonar falli utan

þeirrar ríkisábyrgðar, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 31/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sbr. lög nr. 8/1979.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Ekki verður fallist á það með varnaraðilja, að hinn kærði úrskurður sé í raun úrskurður um sæti kröfu í kröfuflokki og verði ekki borinn undir Hæstarétt með kæru vegna ákvæðis b liðar 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, er sérstæð réttarfarsregla, sem skýra ber þröngt. Sóknaraðili hefur fengið sönnunargögn fyrir því, að launakröfu varnaraðilja hafi verið lýst og hún tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar að undangenginni þeirri málsmeðferð, sem greinir í 108. og 110. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Er sú ákvörðun endanleg fyrir þrotabúið.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, án þess að leyst verði úr því í kærumáli þessu, hvort hin umdeilda launakrafa fullnægi lagaskilyrðum, til að skylt hafi verið að taka hana til greina sem forgangskröfu við gjaldþrotaskiptin. Verður varnaraðili að sækja kröfu sína á hendur sóknaraðilja fyrir hinum almennu dómstólum, ef sóknaraðili synjar greiðslu hennar á þeim grundvelli.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. mars 1983.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 9. mars sl. Sóknaraðili, félagsmálaráðherra, gerir þá kröfu,

að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa varnaraðilja á hendur þrotabúi Baldvins G. Heimissonar falli utan þeirrar ríkisábyrgðar, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 3/1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Af hálfu varnaðilja, Einars Jónassonar, nafnnúmer 1816-1842, Strýtuseli 16, Reykjavík, eru þær réttarkröfur gerðar, að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa hans falli innan ríkisábyrgðar og að sóknaraðilja verði gert að greiða hæfilegan málskostnað að mati skiptaréttarins. Gerð var krafa um, að forsendur fylgdu úrskurðarorði.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 21. júlí 1982 barst skiptarétti Reykjavíkur krafa um, að bú Baldvins G. Heimissonar, nafnnúmer 0940-5534, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp hinn 20. október 1982. Innköllun var gefin út í búið, og lauk kröfulýsingarfresti hinn 5. janúar 1982. Innkölluninni fylgdi auglýsing, þar sem boðað var til skiptafundar hinn 27. janúar 1983. Í auglýsingunni sagði jafnframt: „Skrá yfir lýstar kröfur í búið mun liggja frammi í skrifstofu skiptaráðanda síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund, sbr. 108. gr. laga nr. 6, 1978. Hafi athugasemdir við afstöðu skiptaráðanda til lýstra krafna ekki komið fram í síðasta lagi á skiptafundinum, mega viðkomandi aðilar búast við því, að þær komist ekki að við skiptin.“ Í kröfuskránni, sem lögð var fram á fundinum, var viðurkennd forgangskrafa varnaraðilja máls þessa að fjárhæð kr. 9.633.50 vegna vinnulauna, sem féllu í gjalddaga hinn 12. febrúar 1981. Á skiptafundinum var gerð svofelld bókun: „Kröfuskrá hefur legið frammi í lögmæltan tíma og engar athugasemdir komið fram við hana, hvorki fyrir þennan skiptafund né á honum. Verður hún því óbreytt lögð til grundvallar endanlegri skiptagerð, þegar úthlutað verður úr búinu.“ Að loknum skiptafundinum kom varnaraðili kröfu sinni á framfæri við félagsmálaráðnuneytið og óskaði eftir því, að hún yrði greidd úr ríkissjóði.

Með bréfi, dags. 28. janúar 1983, mótteknu hinn 4. febrúar, óskaði félagsmálaráðuneytið síðan úrskurðar skiptaréttarins um það, hvort vinnulaunakrafa varnarðilja félli innan ríkisábyrgðar, og vísaði til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974 í því efni. Var skiptaréttarmál vegna þeirrar kröfu þingfest hinn 18. febrúar sl. Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

III.

Í greinargerð sóknaraðilja kemur fram, að ágreiningur í þessu máli sé tvíþættur. Annars vegar sé um það deilt, hvort sú afstaða skiptaráðanda að viðurkenna vinnulaunakröfu varnaraðilja sem forgangskröfu sé efnislega bindandi fyrir skiptaréttinn við framhaldsmeðferð gjaldþrotamálsins. Hins vegar snúist ágreiningurinn um það, hvort vinnulaunakrafan sem slík

eigi að falla innan eða utan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot samkvæmt lögum um þau efni.

Varðandi fyrra ágreiningsmálið telur sóknaraðili augljóst eftir eðli máls, að réttaráhrif þeirrar afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar á kröfu, sem fram er sett í kröfulýsingaskrá fyrir skiptafund, séu með þeim hætti, að skiptaráðandi geti vikið frá þeim síðar, ef nýjar málsástæður eða ný gögn komi til skjalanna, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda sé slík ákvörðun ekki tekin í úrskurðarformi. Slík frávik frá fyrri úrskurðum dómara við meðferð máls séu heimili í afmörkuðum tilvikum og því fremur ættu aðrar ákvarðanir dómara að geta sætt breytingu, þegar nýir fletir komi upp við meðferð mála. Þá kunni einstök lagaákvæði að gefa skiptaráðanda enn víðtækari heimildir til að víkja frá fyrri úrskurðum sínum eða ákvörðunum. Dæmi um slíkt sé að finna í lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979.

Kröfulýsingaskrá í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar hafi verið samin af skiptaráðanda og samþykkt á skiptafundi hinn 27. janúar 1983, án þess að félagsmálaráðuneytið fengi nokkra vitneskju um vinnulaunakröfu varnaraðilja né gæfist að öðru leyti minnsti kostur á að gæta réttar síns. Krafan hafi ekki verið send ráðuneytinu fyrr en að loknum skiptafundi 27. janúar 1983. Ráðuneytið hafi strax talið verulegan vafa leika á því, að krafan félli innan ríkisábyrgðar, og óskað úrskurðar skiptaréttar um það með bréfi 28. janúar 1983. Ljóst sé, að ráðuneytið hafi ekki fyrr getað neytt þess réttar, sem því sé áskilinn í lögum nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979, til þess að leggja þetta álitamál undir úrskurð skiptaréttar. Ef fallast ætti á það, að viðurkenning skiptaráðanda á vinnulaunakröfu varnaraðilja væri bindandi fyrir skiptaréttinn, væri um leið verið að slá því föstu, að úrræði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 8/1979, væru marklaus. Slík niðurstaða væri ótæk.

Varðandi það ágreiningsefni, hvort vinnulaunakrafa varnaraðilja falli innan eða utan ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot, bendir sóknaraðili á, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, taki ábyrgðin til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgi samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878, sbr. lög nr.23/1979. Viðmiðunartímamark þeirra laga sé upphaf skipta. Lögin um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot vísi þannig til skilgreiningar skiptalaga um gildissvið sitt að því leyti, hvaða kröfur falli inna ábyrgðar og hverjar utan. Hugtakið upphaf skipta sé þar þó óskilgreint, en ráðist af túlkun gjaldþrotalaga.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. eldri laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 hafi upphaf skipta miðast við það tímamark, er skiptaráðandi hafði fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts eða kveðið upp úrskurð um gjaldþrota-

skipti að beiðni lánardrottins. Í núgildandi gjaldþrotalögum nr. 6/1978 sé ekkert sambærilegt efnisákvæði að finna. Hvergi örli á því, að merkingu eldri laga um upphaf skipta sé ætlað að taka breytingum í nýju gjaldþrotalögunum, hvorki í ákvæðum þeirra sjálfra né í greinargerð með frumvarpi til þeirra. Vekur sóknaraðili sérstaka athygli á 24. gr. gjaldþrotalaganna, sem bendi eindregið til hins gagnstæða.

Í gjaldþrotalögum nr. 6/1978 komi fram nýtt hugtak um tiltekið viðmiðunarmark, hugtakið frestdagur. Þá séu ákvæði um greiðslustöðvanir í II. kafla laganna meðal helstu nýmæla þeirra. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna komi fram, að þau ákvæði eigi að stuðla að því, að bú komi fyrr til skipta. Í 1. gr. laganna sé hugtakið frestdagur hins vegar skilgreint og merki þar m. a. daginn, þegar skiptaráðandi fái ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Í athugasemdum segi m. a., að hugtakið frestdagur sé tekið upp „til að fá orð um tímamark, sem oft skiptir máli, einkum skv. 8. kafla frv. um riftun ráðstafana þrotamanns og riftun réttargerða." Tilgangur laganna með því að taka upp hugtakið frestdagur virðist því sá að fastsetja ákveðið tímamark, er hafi grundvallarþýðingu um greiðslustöðvun og riftun, en ekki að breyta því tímamarki, sem upphaf skipta var miðað við í eldri lögum. Þá bendir sóknaraðili á, að væri upphaf skipta fært fram til frestdags, féllu áður almennar kröfur skiptalaga undir forgangskröfur.

Sóknaraðili telur ljóst með vísan til framangreinds og þess, að gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp rúmun tuttugu mánuðum eftir að vinnulaun varnaraðilja féllu í gjalddaga, að vinnulaunakrafa hans í búið falli utan átján mánaða tímabils frá upphafi skipta og þar með utan ríkisábyrgðar.

Varnaraðili bendir á, að umrædd krafa hafi verið viðurkennd af skiptaréttinum sem forgangskrafa samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga. Sú niðurstaða sé bindandi fyrir skiptaréttinn samkvæmt íslenskum rétti, og vísar varnaraðili í því efni til 2. mgr. 196. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Verði ekki á þá skoðun fallist, bendir varnaraðili á, að viðmiðunartímamark í 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, sé andlátið, meðan viðmiðunartímamark í 2., 3., 5., 6., 8. og 9. tölulið sé upphaf skipta. Þarna sé ótvírætt um tvö mismunandi tímamörk að ræða, sbr. t. d. 12. gr. skiptalaga. Í fyrra tilfellinu sé miðað við þann atburð, sem leiði af sér, að til skipta komi, en í því síðara við upphaf skiptanna. Það sé því ljóst, þegar 1. tölulið 84. gr. skiptalaga sé beitt með lögjöfnun um gjaldþrotaskipti, beri að miða við tímamark, sem sé fyrr en upphaf skipta. Eðlilegt virðist eftir gildistöku laga nr. 6/1978, að frestdagur komi þarna í stað andláts, þar sem önnur niðurstaða gæti valdið réttaróvissu.

IV.

Félagsmálaráðherra hefur óskað úrskurðar skiptaráðanda um ágreiningsefni þetta með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1974, sbr. lög nr. 8/1979, sem hljóðar svo: „Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.“ Í 1. mgr. 2. gr. sömu laga segir, að ábyrgðin taki til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgi samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Á skiptafundi í þrotabúi Baldvins G. Heimissonar hinn 27. janúar sl. var krafa varnaraðilja viðurkennd sem forgangskrafa í búið. Til fundarins hafði verið boðað með auglýsingu í Lögbirtingablaði, og lá kröfuskrá frammi hjá skiptaráðanda lögmæltan tíma fyrir skiptafund. Ákvörðun skiptafundarins að viðurkenna, að krafa varnaraðilja njóti forgangs, er bindandi fyrir þrotabúið. Með því að krafa varnaraðilja nýtur forgangsréttar við skipti á umræddu þrotabúi, er uppfyllt það skilyrði, sem 2. gr. laga nr. 31/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1979, setur fyrir ríkisábyrgð. Þar sem önnur skilyrði ríkisábyrgðar eru einnig fyrir hendi varðandi kröfur varnaraðilja, verður að hafna kröfu sóknaraðilja í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Helga Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Réttarkröfu sóknaraðilja máls þessa um, að úrskurðað verði, að vinnulaunakrafa varnaraðilja falli utan ríkisábyrgðar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudagurinn 27. maí 1983.

Nr. 196/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Lárusi Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ. m., er barst Hæstarétti 24. s. m. Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn hafi verið kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt fæðingarvottorði varnaraðilja er fullt nafn hans Lárus Svavarsson.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1983.

Ár 1983, sunnudaginn 22. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp gæsluvarðhaldsúrskurður þessi.

Hinn 16. þ. m. kærði Svavar Hafstein Jóhannsson, Laugavegi 20 B hér í borg, til rannsóknarlögreglu ríkisins, að brotist hafi verið inn á fyrrgreint heimili hans föstudaginn þar á undan. Kvað Svavar Hafstein hafa horfið frá sér m. a. vasaúr, ljósmyndavél af tegundinni Minolta og kvikmyndatökuvél af gerðinni Cannon 1014 XL - S.

Aðfaranótt laugardagsins 21. þ. m. kærði nefndur Svavar Hafstein aftur innbrot og þjófnað til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kvaðst Svavar Hafstein hafa lagst til hvíldar um miðnættið, en þá heyrt umgang á stigapallinum frammi. Kvaðst hann hafa farið fram á ganginn og séð mann, sem hann kvaðst þekkja í sjón, en ekki vita nafn á, standa í stiganum. Kvaðst Svavar Hafstein fyrst hafa tekist á við mann þennan, en síðan hringt í lögreglu,

en er hann var búinn að því, var maðurinn farinn. Svavar Hafstein segir, að horfið hafi frá sér úr jakka, sem var í fatahengi frammi á umræddum stigagangi, flugfarseðil, 500 þýsk mörk, 5—6 þúsund krónur íslenskar og skilríki.

Er honum var sýnt myndasafn rannsóknarlögreglu ríkisins, endurþekkti hann mann þann, er kom með áðurgreindum hætti á heimili hans þá fyrr um nóttina sem kærða og kvaðst fullyrða, að um sama mann væri að ræða.

Kærði var síðan handtekinn í veitingahúsinu Glæsibæ kl. 0220 um nóttina. Við leit á fatnaði kærða skömmu eftir handtöku hans fundust 100 þýsk mörk, 1.710 krónur íslenskar, tölva og úr.

Kærði hefur alfarið neitað við yfirheyrslur hjá rannnsóknarlögreglu ríkisins svo og fyrir dómi að hafa átt aðild að innbrotum þeim, er hér um ræðir. Gaf kærði þá skýringu á tilvist gjaldeyris þess og peninga þeirra, sem fundust á honum, að hann hefði selt manni, sem kallaður sé „Gaui", leðurjakka sl. föstudag fyrir kr. 4.000 og 100 þýsk mörk. Kveðst kærði hafa verið á ferð með nefndum „Gauja" sl. föstudag, og hefur hann tilgreint ýmsa aðilja, sem þeir félagar hafi hitt þann dag.

Kærði kveðst ekki hafa haft neina fasta atvinnu undanfarið og eigi heldur neinn fastan samastað.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og vísan til 1. og 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, enda þykir hætta á, ef hann heldur óskertu frelsi, að hann geti spillt sakargögnum eða haft áhrif á vitni eða hugsanlega samseka. Kærða verður þó eigi gert skylt að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 1. júní 1983, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu eigi til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. júní 1983, kl. 1700.

Mánudaginn 30. maí 1983.

Nr. 92/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gesti Guðjóni Sigurbjörnssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Krefst ríkissaksóknari þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 17. mars 1983.

Með bréfi ríkissaksóknara 13. október 1982 var málið sent Læknaráði og æskt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöðu álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis frá 22. febrúar 1982 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 23. febrúar 1983 er fallist á niðurstöðu álitsgerðarinnar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að leggja verði til grundvallar framburð ákærða um verknaði þá, sem ákært er fyrir, og aðdraganda að þeim, en margt í gögnum og framburðum vitna styrkir framburðinn.

Ákæruefnum er réttilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota ákærða til hegningarlagaákvæða.

Fallast ber á ályktun Læknaráðs og niðurstöðu héraðsdóms um sakhæfi ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga ýmis atriði, er áhrif hafa á refsihæðina, bæði til þyngingar og einnig það, sem til málsbóta kannað vera.

Til refsiþyngingar horfir, að ásetningur ákærða var styrkur og einbeittur, eftir að hann vaknaði, og aðferð hans við verknaðinn var hrottaleg, svo sem greinir í héraðsdómi. Fallast má einnig á það

með héraðsdómara, að neyðarvarnarsjónarmið komi ekki til greina, þar sem Wiedbusch hindraði ákærða ekki í því að komast frá honum til salernis. Af þeirri afstöðu verður þó ekki alyktað með vissu, að ákærði hafi átt þess kost að komast með góðu móti á brott úr íbúðinni.

Til refsilækkunar verður að telja það, að ákærði varð fyrir alvarlegu kynferðisbroti af hálfu manns þess, er hann svipti lífi.

Með hliðsjón af geðhögum ákærða verður á það fallist með héraðsdómara, að atferli hins látna hafi um stundarsakir valdið þvílíku ójafnvægi á geðsmunum ákærða og reiði, sem 4. tölulíður 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga tekur til. Jafnframt ber að beita ákvæðum 9. tölulíðar sömu lagagreinar svo og ákvæðum 75. gr. sömu laga við refsiákvörðun.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 19. september 1981 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, 18.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gestur Guðjón Sigurbjörnsson, sæti fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 19. september 1981 komi refsivist hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnaralun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1982.

Ár 1982, mánudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn

upp dómur í málinu nr. 116/1982: Ákæruvaldið gegn Gesti Guðjóni Sigurbjörnssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 16. febrúar sl., gegn Gesti Guðjóni Sigurbjörnssyni iðnverkamanni, Skálholtsstíg 2 A, Reykjavík, nú gæslufanga, fæddum 14. janúar 1953 í Reykjavík,

„I. *Fyrir manndráp.* Að hafa aðfaranótt 17. september 1981 svipt Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch blómaskreytingamann, til heimilis að Grenimel 24 í Reykjavík, lífi í íbúð þeirri, er nefndur Wiedbusch bjó í á 1. hæð í því húsi, með því að stinga hann með hníf og tvennum skærum um eða yfir 20 stungum ofantil á bringu og ofanvert á kvið, sem margar hverjar gengu á hol, þar á meðal í gegnum hjartað og lifur og inn í lungu og maga, og reka að síðustu önnur skærin á kaf í vinstri augntóft, þannig að þau stóðu langt inn í heila.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. *Fyrir þjófnað.* Að hafa í framhaldi af fyrrgreindum verknaði slegið eign sinni á og haft á brott með sér úr íbúð Wiedbusch kr. 200 í peningum, kvikmyndatökuvél ásamt óáteknum filmum svo og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. *Dómkröfur.* Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Að morgni föstudagsins 18. september 1981 fannst Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch blómaskreytingamaður örendur í íbúð sinni á 1. hæð hússins nr. 24 við Grenimel í Reykjavík. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, sem býr í kjallara hússins, hafði síðdegis daginn áður farið upp á 1. hæð hússins til þess að huga að pósti. Hún sá þá, að dyr úr forstofu hússins að íbúð Wiedbusch voru opnar upp á gátt. Hún aðgætti þetta ekki nánar og fór niður til sín. Á föstudagsmorgun kom að máli við hana starfsmaður í blómaversluninni Blómavali og hafði komið til þess að grennslast eftir Wiedbusch, sem einnig var starfsmaður í Blómavali, en hafði ekki komið til vinnu. Eftir að maður þessi var farinn, fór Svanbjörg upp á 1. hæð og sá dyrnar enn opnar eins og daginn áður. Er hún leit inn, sá hún, hvar Wiedbusch lá örendur á stofugólfinu. Henni brá mjög og flýtti sér út og kallaði á hjálp, og einhver hefur orðið til þess að hringja til lögreglunnar. Í skýrslu lögreglu segir, að tilkynning hafi borist kl. 0948, en nafn tilkynnanda er ekki tilgreint. Lögregluþjónar komu á vettvang að vörmu spori og síðan einnig starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins, enn fremur Skúli Johnsen borgarlæknir og dr. Ólafur Bjarnason prófessor.

Hinn látni lá allsnakinn á stofugólfi rétt innan við dyr úr skála íbúðarinnar. Á líkinu voru mjög mörg stungusár, og í vinstri augntóft stóðu

skæri, er rekin höfðu verið á kaf í höfuðið. Blóðblettir og blóðstrokur voru víða í íbúðinni.

Lík Hans Wiedbusch var krufið daginn eftir (19. sept.) af dr. Ólafi Bjarnasyni. Ályktunarorð skýrslu hans um krufninguna eru þessi:

„Við krufninguna komu í ljós fjöldi stungusára miðsvæðis ofantil á bringu og ofanvert á kvið (í epigastrium). Höfðu margar stungurnar gengið á hol og inn í og í gegnum hjartað, inn í lungu, lifur og maga. Tólf centimetra langur fremsti hluti af hnífsblaði stóð fastur í 10. brjóstlið, og skagaði hnífsbrotið fram í kviðarholið efst. Skæri voru á kafi í vinstri augntóft og höfðu gengið upp í gegnum augntóftarþakið og langt inn í heilann. Oddur af öðrum skærum sat fastur í brjóstbeini. Innri blæðingar frá ofangreindum stungusárum sem og heilaáverkinn hafa dregið manninn til dauða, og hefir hér greinilega verið um morð að ræða.

Þá sáust áverkar við kynfæri hins látna. Maðurinn hefur að líkindum verið undir áhrifum áfengis, er hann lést. Niðurstaða af rannsókn á innihaldi cannabisefna í blóði og þvagi hins látna verður send síðar."

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist alkohól í blóði 1.39‰, en í þvagi 1.82‰. Ekki reyndist unnt að ákvarða tetrahydrokannabiol í blóði né þvagi. Rannsóknarlögreglan sendi blóð- og þvagsýni til Statens rettstoksikologiska institutt í Oslo, og fundust þar ekki kannabisefni í þvagi, en blóðsýnið reyndist óhæft til þess, að niðurstöður yrðu dregnar af greiningu á því.

Rannsóknarlögreglan hóf þegar rannsókn málsins, og á laugardagsmorgun fékk hún þær upplýsingar hjá Halldóri Sigurði Steingrímssyni, Grjótagötu 14 B, að kunningi hans, ákærði Gestur Guðjón, hefði komið að máli við hann á fimmtudagskvöld og skýrt honum frá því, að hann hefði nóttina áður drepið þýskan mann, sem hann hefði hitt í Óðali og farið heim með. Halldór lét þess getið, að ákærði væri taugasjúklingur og hefði talsvert af lyfjum undir höndum. Mundi hætta á, að hann grandaði sér, ef hann yrði þess vís, að grunur beindist að honum. Halldór vísaði á heimili ákærða. Rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri fóru þegar ásamt sex öðrum starfsmönnum að heimili ákærða og brutu þeir, án þess að kveðja fyrst dyra, rúðu í útidyrahurð og opnuðu og fóru inn. Var ákærði þar fyrir og lýsti því strax yfir, að hann gengist við broti sínu og viðurkenndi, að hann hefði drepið „þennan kynvillingsdjöful á Grenimelnum," eins og hann kvað að orði. Ákærði var síðan handtekinn, og sýndi hann engan mótþróa.

Ákærði hefur við meðferð málsins játað skýlaust brot þau, sem honum eru gefin að sök.

Frásögn ákærða af brotunum og aðdraganda þeirra verður nú rakin í aðalatriðum:

Að kvöldi miðvikudagsins 16. sept. fór ákærði í veitingastaðinn Óðal við Austurvöll. Ákærði hafði daginn áður útskrifast af geðdeild Landspítalans eftir mánaðar dvöl. Hann var þó ennþá miður sín, vansvefta, leiður í skapi og upptrekktur, eins og hann kemst að orði. Í Óðali neytti ákærði 2—3 glasa af áfengisblöndu. Ákærði hitti þarna Magnús Þór Sigmundsson, sem hann hafði kynnst í geðdeildinni, þar sem Magnús starfar sem gæslumaður. Þeir ræddust við um hríð. Síðan gaf sig á tal við ákærða maður, sem hann þekkti ekki og talaði með útlendum hreim. Var hér um að ræða Hans Wiedbusch. Þar kom tali þeirra, að Wiedbusch bauð ákærða heim með sér upp á áfengi. Ákærði þekktist boðið, og fóru þeir nú tveir saman í leigubíl vestur á Grenimel heim til Wiedbusch. Er þangað var komið, veitti Wiedbusch ákærða whiskyblöndu og fékk sér sjálfur eitthvað í staupinu. Þeir sátu nú um stund, spiluðu hljómplötur og ræddu saman. Ákærði spurði Wiedbusch, hvort hann væri kynvilltur, og segist hann hafa gert það, af því að Wiedbusch hafi ekki viljað, að þeir næðu í stúlkur. Wiedbusch neitaði þessu. Ekki sýndi Wiedbusch ákærða neina áleitni. Wiedbusch bauð ákærða marijuana að reykja, og játti ákærði því, en hann hafði aldrei fyrr komist í kynni við marijuana né önnur fíkniefni. Gaf Wiedbusch honum síðan eitthvert brúnt efni í pípu, sem ákærði reykti síðan. Eitthvað reykti Wiedbusch sjálfur, en ákærði mest. Ákærði fann einhvers konar áhrif af þessu og varð undarlegur og slappur. Wiedbusch bauð ákærða að gista þarna um nóttina, og tók ákærði boðinu og háttaði síðan ofan í rúm, sem var í borðstofu inn af stofu þeirri, þar sem þeir sátu. Ákærði fór úr öllum fötum nema nærbuxum og bol. Ákærði sagði Wiedbusch, að hann ætti bágt með svefn, og gaf Wiedbusch honum þá eina eða tvær hvítar töflur, sem ákærði tók inn, og féll hann síðan í svefn. Ákærði vaknaði síðan við vondan draum; var Wiedbusch þá ofan á honum allsnakinn og var að hafa mök við hann. Ákærði var einnig allsnakinn. Wiedbusch hafði komið lim sínum í endaþarm ákærða, og kenndi ákærði sársauka. Ákærða brá mjög við þetta, og varð hann skelfingu lostinn. Þeirri hugsun skaut upp hjá honum, að hann yrði að gera útaf við manninn. Hann sagðist þurfa að fara á salerni, og fór Wiedbusch ofan af honum, og ákærði komst fram. Ákærði fór að svipast um eftir vopni og fann lítil skæri í snyrtiherberginu. Með þau fór hann inn í stofu og hélt þeim með hægri hendi aftan við bak. Wiedbusch var þá risinn upp og sestur fram á, og gekk ákærði að honum, reiddi upp skærin og rak þau af alefli í brjóst honum og ætlaði sér að hæfa í hjartastað. Ákærði kippti skærunum úr sárinu og hörfaði frá, en Wiedbusch reis á fætur, gekk að ákærða og tók um úlnlið honum og sagði „biddu guð að hjálpa þér." Einhver lítils háttar átök urðu milli þeirra, og barst leikurinn fram í skála íbúðarinnar, þar sem Wiedbusch hné niður. Ákærði sá, að skærin höfðu brotnað við lagið. Ákærði sótti síðan

brauðhníf fram í eldhús, lagði honum í brjóst Wiedbusch og hreyfði hnífinn í sárinu. Síðan dró hann Wiedbusch inn í setustofuna. Þar tók ákærði fyrir vit Wiedbusch í því skyni að stytta stundir hans, en frá honum heyrðust hrygglukennd hljóð, og hann braust eitthvað um. Þá náði ákærði í önnur skæri, sem hann minnir hann hafi fundið í eldhúsinu. Skærunum stakk hann í auga mannsins. Ákærði minnist þess, að hann stakk Wiedbusch nokkrum sinnum í brjóstið og einnig neðan við naflann, en gerir sér ekki ljósa grein fyrir, með hvað vopni hann veitti þessa áverka, enda hafi verið runnið á hann einhvers konar æði. Ákærði segir þó, að hann hafi verið rólegur, á meðan á verknaðinum stóð, en að honum loknum hafi komið yfir hann óróleiki. Ákærði gekk eitthvað um íbúðina, en klæddist síðan. Ákærða fannst Wiedbusch hafa farið illa með sig og hann yrði að hafa eitthvað upp úr þessu. Hann fór um íbúðina, tók 200 krónur úr veski, sem var í einu herbergi íbúðarinnar, kvikmyndavél og nokkrar filmur, sem hann fann í öðru herbergi, og segulbandstæki, sem var í stofunni. Síðan hélt hann burt með verðmæti þessi. Hann skildi íbúðina eftir opna og ljós logandi í henni. Ákærði fór fótgangandi heim til sín. Um nóttina varð honum ekki svefnsamt, og gekk hann um gólf til morguns, en fór þá til vinnu sinnar í sælgætisgerðinni Nóa. Hann vann til kl. 1545, fór þá í geðdeild Landspítalans til þess að sækja muni, sem hann átti geymda þar, fór síðan á knattspyrnukappleik og að honum loknum heim til sín. Þá var klukkan um 2030. Um kvöldið fór ákærði svo til kunningja síns, Halldórs Sigurðar Steingrímssonar, og sagði honum frá morðinu og töku munanna. Eftir að ákærði var kominn heim, ákvað hann að losa sig við myndavélina, segulbandstækið og filmurnar, og fór hann með þetta þá um nóttina og kom því fyrir í Tjörninni í leirleðju við bakkann.

Ákærði gat heldur ekki sofið þessa nótt, og á föstudag fór hann ekki til vinnu, en ráfaði um borgina og velkti með sér, hvort hann ætti að gefa sig fram, en kom því þó ekki í verk. Um kvöldið fór hann á skemmtistað og drakk sig kennndan. Eftir að heim kom, reyndi hann að sofna, en gekk illa, en festi loks svefn undir morgun, eftir að hann hafði tekið inn eina lyfjatöflu. Hann vaknaði svo, er rannsóknarlögreglumennina bar að garði.

Ekkert vitni var að samskiptum ákærða og Wiedbusch á heimili þess síðarnefnda þessa nótt. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, sem býr í kjallara hússins, eins og áður greinir, varð vör við mannaferðir til Wiedbusch fyrr um kvöldið, en varð ekki vör við neitt óeðlilegt um nóttina, enda var hún sofnuð um eða fyrir miðnætti.

Ýmis gögn hafa þó komið fram í málinu, sem fræðslu veita og renna flest stoðum undir framburð ákærða.

Fram hefur komið, að Hans Wiedbusch hætti vinnu sinni í Blómavali kl. 2112 á miðvikudagskvöld og fór heim í leigubíl. Til hans komu gestir

þetta kvöld, og tveir þeirra, Albert Hofer og Jutta Zernikow, fóru heim til sín laust fyrir miðnætti, og óku þau Wiedbusch að Óðali, þar sem hann skildi við þau og fór inn.

Magnús Þór Sigmundsson kveðst hafa komið í Óðal þetta kvöld milli kl. hálftólf og tólf, hitt ákærða að máli þar og átt orðaskipti við hann. Um ástand ákærða hefur Magnús þau orð, að sér hafi virst hann ör og spenntur og brothættur tilfinningalega, eins og hann væri leitandi eftir samskiptum og hlýju.

Jóhannes Stefán Stefánsson, Skólagerði 1, Kópavogi, kveðst hafa stundað leiguakstur og minnist þess, að eitt kvöld í september ók hann tveimur mönnum frá Óðali vestur á Grenimel. Annar maðurinn virtist vera útlendingur, sem Jóhannes mundi eftir, frá því hann hafði áður ekið honum frá Blómavali að sama stað við Grenimel. Hinum manninum lýsti Jóhannes þannig, að vel getur átt við ákærða, en ekki kvaðst Jóhannes geta fullyrt, er hann sá ákærða við meðferð málsins, að hann væri sá maður, sem hann ók í umrætt skipti.

Við vettvangskönnun fundust blóðug skæri á bekk í skála íbúðarinnar. Annar oddurinn var boginn, en hinn brotinn af, og fannst oddurinn við krufninguna í brjóstbeini líksins, eins og áður segir. Skæri þessi eru 17.8 sm löng. Blóðugur hnífur fannst á eldhúsborði. Blaðið hafði brotnað, og fannst hluti blaðsins við krufninguna, sbr. hér að framan. Hnífurinn er allur 30.5 sm langur. Skærin, sem rekin höfðu verið í höfuð líksins, eru 22 sm löng og sá hluti, sem gengið hafði inn í höfuðið, um 17 sm.

Íbúðin, svo sem henni er lýst í vettvangslýsingu og sjá má af fjölda mynda, sem tæknideild rannsóknarlögreglu hefur tekið, ber ekki merki þess, að um neina viðureign hafi þar verið að ræða. Ljós var á borðlampa í setustofunni, og rafstraumur var á hljómflutningstækjum. Á stól í borðstofunni lágu ljósar síðbuxur og skyrtublússa, en nærbuxur lágu á gólfi skammt frá rúmi. Í skálanum voru tvö pör af skóm, hvít skyrta og sokkar. Virðist ekki hafa verið um neitt blóð að ræða á fatnaði þessum.

Blóðblettir voru víðs vegar um íbúðina, í báðum stofunum, skála, eldhúsi og snyrtiherbergi, einnig á dyrum, sem liggja að litla herberginu, þar sem kvikmyndavélin hafði verið. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar rannsakaði fjölda lófa- og fingrafara, sem fundust í íbúðinni. Blóðugt lófafar á dyrakarmi í stofu samkenndist við hægri hönd ákærða. Sama er að segja um lófafar af dyrakarmi eldhússdyra. Fingraför af rauðu mynstruðu glasi, sem stóð á kistu við rúmið, samkenndust við vísifingur og löngutöng hægri handar og löngutöng og baugfingur vinstri handar ákærða. Á öðru glasi, sem stóð einnig á kistunni, fundust fingraför löngutangar og baugfingurs hægri handar ákærða. Önnur för, sem rannsökuð voru reyndust flest vera eftir Wiedbusch sjálfan, en nokkur samkenndust ekki.

Á vaski í eldhúsi stóð whiskyflaska. Þrjú lyfjaglös fundust í eldhússkáp, merkt Hans Wiedbusch. Í glasi, merktu Mogadon, voru eftir 4 töflur, í glasi með Ampillicin 9 töflur og í glasi með Caps. Indometacin voru eftir 13 hylki.

Þá voru tekin til athugunar ýmis efni, er fundust í íbúðinni og grunur lék á, að vera mundu kannabisefni. Í smáherbergi við hlið eldhúss fannst planta með þremur stilkum hangandi í festingu á vegg, og í sama herbergi fannst hluti af líkri plöntu, vafinn innan í munnþurrku. Við rannsókn í Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndust báðar jurtir þessar vera kannabis. Í eldhúsinu fundust sjö krúsir með jurtahlutum, einnig fræ korn. Við rannsókn fannst, að í þremur glasanna voru kannabisefni, en hin sýnin fimm reyndust ekki vera kannabis. Þá var jafnframt rannsakaður pípuhaus, sem lá á borði í setustofunni. Í honum voru hálfbrunnar jurtaleifar. Um sýni þetta segir í vottorði rannsóknastofunnar: „Með smásjárskoðun, litarprófi og blettagreiningu á þynnu fannst, að jurtaleifarnar voru kannabis, að nokkru blandað tóbaki. Sýnið var of lítið og brunnið til þess, að gera mætti á því frekari rannsóknir. Líkur benda þannig til þess, að tetrahydrokannabiol hefði verið í sýninu."

Við rannsókn málsins skýrði Bjarni Finnsson, framkvæmdastjóri Blómavals, frá því, að hann hefði að gefnu tilefni frá rannsóknardeild fíkniefnamála kannað, hvort Wiedbusch mundi hafa ræktað fíkniefnajurtir á vinnustað sínum. Kvaðst Bjarni hafa fundið níu blómapotta, er stóðu á pöllum, sem komið hafði verið fyrir á heitavatnsrörum í gróðurhúsinu, og hafi pottar þessir verið huldir af flækju af vínvið og fíkjum. Í hverjum potti hefði verið 2—3 plöntur, sem skornar höfðu verið niður, þannig að eftir stóðu 2—3 sm stilkar. Bjarni kvaðst hafa afhent fíkniefnadeildinni plöntuleifarnar.

Af gögnum málsins má ráða, að efni þessi hafi komist í hendur rannsóknarlögreglunnar, og hafa þau verið rannsökuð í Rannsóknastofu í lyfjafræði um leið og sýni þau, sem áður var lýst, en ekki leiddi rannsóknin í ljós, að um kannabis væri að ræða. Samstarfsmaður Hans Wiedbusch, Uffe Balslev Eriksen blómaskreytingamaður, hefur borið vitni í málinu. Balslev kom til landsins og réðst til vinnu í Blómavali í janúar f. á. og fékk þá herbergi í íbúð Wiedbusch á Grenimel 24. Bjó hann þar síðan fram í ágústlok. Balslev segist hafa vitað til þess, að Wiedbusch ræktaði marijuana heima hjá sér. Hann hafi verið með plöntur í ræktun í nokkrum blómapottum úti í glugga, enn fremur hafi búnt af afskornum plöntum hangið inni í litla herberginu. Sjálfur kveðst Balslev ekki þekkja marijuana og fari hann eftir því, sem Wiedbusch hafi sagt honum. Þá segir Balslev, að í júní f. á. hafi Wiedbusch sagt honum frá því, að hann ræktaði marijuanajurtir inni í Blómavali og hefði þær á pöllum uppi á heitavatnsrörum.

Balslev segist hafa sagt Wiedbusch að fara með þetta burt af staðnum og hann hafi orðið var við það síðar, að plönturnar voru horfnar.

Balslev segir, að Wiedbusch hafi sagt sér frá því, að hann væri homosexual. Balslev kveðst hafa sagt honum, að hann væri það ekki sjálfur, og Wiedbusch hafi aldrei sýnt sér neina áleitni.

Rannsókn fór fram á heimili ákærða og á fatnaði þeim, er hann kvaðst hafa verið í, er hann kom til Wiedbusch. Blóðstrokur fundust á innanverðri hægri buxnaskálm, blóðstrokur á innanverðri skyrtulíningu og þrír aðrir blóðblettir á skyrtunni. Á baðmullarnærbol fundust tveir blóðblettir vinstra megin á bakstykki.

Rannsóknarlögreglan fékk Guðstein Þengilsson lækni til þess að skoða ákærða eftir handtökuna, og hefur skoðun farið fram kl. 2245 á laugardagskvöld. Í vottorði sínu um skoðunina segir Guðsteinn:

„...Yfir h. herðablaði sjást daufir rauðbrúnir blettir, er skipa sér í 2 raðir, 4 gómstórir blettir í hvorri. Að öðru leyti sjást engin áverkamerki á bol. Rispur eru á báðum höndum, og segir hann þær vera eftir kött. Skv. útliti gæti það staðist.

Eymsl og dofi á vinstri vanga og kvartar um verki yfir v. kjálkalið og framan við eyrað. Efri vör er bólgin, á henni lítið sár og grunnur marblettur við vinstri nasavæng.

Hann kvartar mjög um eymsli við endaþarm, en ekkert óeðlilegt sést við inspectio. Við hreyfingu kvartar hann mjög og kveinkar sér, blöðruhálskirtill virðist eðlil.“.

Kvikmyndavélin og segulbandstækið fundust í Tjörninni á þeim stað, sem ákærði vísaði á.

Samkvæmt gögnum málsins var Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch fæddur 10. ágúst 1936 í Þýskalandi (Mecklenburg). Hann kom til Íslands 10. júní 1966 og dvaldist hér til 28. des. 1967 og starfaði í blómaversluninni Blómum og ávöxtum. Hann kom á ný til landsins 9. des. 1970 og mun hafa dvalist hér síðan. Hann starfaði hjá Blómum og ávöxtum fram á sumar 1980, en réðst þá til starfa í Blómavali. Á Grenimel 24 hafði hann búið síðan 1977.

Svo sem áður greinir, ber vitnið Uffe Balslev Eriksen, að Wiedbusch hafi tjáð honum, að hann væri kynvilltur. Bjarni Finnsson segist hafa heyrt um kynvillu Wiedbusch, þó Wiedbusch hafi aldrei nefnt slíkt við hann. Rannsóknarlögreglan tók skýrslur af fjölda manns, kunnugum Wiedbusch, og kemur fram í þeim, að kynvilla Wiedbusch hafi verið alkunn og hann ekki dregið dul á hana. Þá er þess að geta, að við rannsókn á íbúð Wiedbusch fundust í svefnherbergi fjórar kvikmyndafilmur. Filmurnar voru skoðaðar, og samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar voru þær allar klámfilmur, er sýndu karlmenn eiga kynferðismök saman.

II. Ákærði er fæddur og alinn upp í Reykjavík. Foreldrar hans skildu, er hann var tveggja ára, og eftir það var ákærði aðallega með föður sínum og síðari konu hans. Ákærði átti erfitt með nám, en lauk þó gagnfræðaprófi, og síðan stundaði hann ýmis störf, en virðist hafa verið næsta laus í rásinni og oft skipt um vinnustaði. Árið 1975 gekk hann í Hvítasunnusöfnuðinn og hætti þá neyslu áfengis, en áður hafði nokkuð kveðið að henni. Ákærði fór til Noregs 1976 á vegum safnaðarins og gekk í trúboðsskóla tvö ár. Hann kom til Íslands aftur 1979. Hann hefur stundað ýmis störf og virðist hafa haldið tengslum sínum við söfnuðinn.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum nema einni sekt fyrir ölvun og refsidómi fyrir líkamsárás, en hann var 21. nóv. 1979 dæmdur í 180.000 króna sekt fyrir að hafa slegið konu hnefahögg (brot gegn 217. gr. alm. hegnl.). Brot þetta var framið sumarið 1974.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir ákærða, og verður hér tekinn upp lokakafli skýrslu hans (niðurstöður):

„Ég tel, að Gestur Guðjón Sigurbjörnsson sé ekki haldinn geðveiki (phychosis). Gestur telst heldur ekki vera fáviti, en hins vegar er hann greindarskertur, þ. e. mælist treggefinn (borderline metal retardation) eftir síðustu greindarprófum. Ætla má, að eðlisgreind hans sé í löku meðallagi eða eitthvað hærri en kemur fram á greindarprófunum, en greind hans nýtist greinilega illa. Gestur Guðjón er hins vegar haldinn miklum persónuleikatruflunum (personality disorder). Tilfinningalíf hans er yfirborðskennt, illa þroskað, sjálfmiðað og barnalegt. Þrjá megin persónuleikaþætti má greina hjá Gesti, sefasýkisviðbrögð (hysteriform reactions), sem lýsir sér í ýktum og yfirdrifnum tilfinningalegum viðbrögðum og gerðum. Kleifhugakennd viðbrögð, þ. e. skortur hæfileika til þess að mynda dýpri og varanleg tengsl við annað fólk, og í þriðja lagi viss einkenni um geðvillu (psychopathia), sem einkennast af endurteknum árekstrum við umhverfið. Þessir persónuleikaþættir virðast vera laust bundnir innbyrðist og því mismunandi áberandi hverju sinni. Gestur Guðjón hefur einnig einkenni um ákveðin taugaveiklunarviðbrögð (psychoneurotic reaction), sem flokkast til kvíðaneurosu (psychoneurosis anxiosa), og virðast þau hafa komið fram þegar í bernsku. Taugaveiklunareinkenni þessi virðast hafa verið mismunandi sterk hverju sinni í gegnum árin og hafa vafalaust farið eftir ytri og innra áreiti hverju sinni. Að öllum þessum atriðum samanlögðum er ekki að undra, þótt viðbrögð Gests geti orðið heiftarleg og allt að því tilviljanakennd, þegar hann er undir miklu álagi. Persónuleiki hans virðist samt sem áður hafa haft nægan styrk, þannig að hann hefur aldrei brotnað niður og sýnt greinileg merki um geðveiki (psychosis). Gestur Guðjón Sigurbjörnsson telst því fyllilega sakhæfur.“

Niðurstöður.

Sannað þykir með framburði ákærða, studdum margvíslegum gögnum, að ákærði hafi ráðið Hans Fritz Joachim Arnold Wiedbusch af dögum með því að veita honum mörg stungusár í brjóst, kviðarhol og höfuð með skærum og hnífi. Verknaður þessi varðar við 211. gr. alm. hegningarlaga. Þá tók hann og sló eign sinni á verðmæti þau, sem talin eru í ákæru, og varðar það atferli við 244. gr. sömu laga. Ákærði þykir vera sakhæfur, og verður hann dæmdur í refsingu.

Miða verður við, að sá framburður ákærða sé réttur, að Wiedbusch hafi fengið hann til þess að reykja marijuana, gefið honum síðan eftir ósk hans einhvers konar töflur, sennilega svefntöflur, og loks hafið við ákærða kynferðismök, eftir að hann var sofnaður. Ákærði hafi unnið á Wiedbusch í mikilli geðæsingu, sem leitt hafi af þessu hátterni hans, en fyrr hafi ekki verið hjá ákærða um neinn ásetning til manndráps að ræða. Ber að líta til 4. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga við refsiákvörðun. Ákærði reyndi lítt að dylja verknað sinn, gerði jafnvel ráðstafanir, er hann ætlaði að leiða mundu til þess, að upp um hann kæmist. Við rekstur málsins hefur hann skýrt skilmerkilega frá atvikum og virðist ekki reyna að draga neitt undan. Þykir mega telja, að sjónarmið 9. tl. 74. gr. hegningarlaga eigi við að nokkru leyti.

Önnur atriði horfa til refsiþyngingar. Ásetningur ákærða til verksins hefur, eftir að hann var vaknaður, verið styrkur og einbeittur. Ákærði beitti hættulegum tækjum, og öll aðferð hans við verknaðinn var hin hrottalegasta. Neyðarvarnarsjónarmið koma ekki til greina, þar sem Wiedbusch hindraði ákærða ekki í því að komast frá honum, og ekkert var því til fyrristöðu, að ákærði gæti þá klæðst og komið sér burt.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 12 ár.

Rétt er skv. 76. gr. hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 19. sept. 1981, 198 dagar, verði dregin frá refsingunni.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 11.000.00 krónur. Verjandinn var skipaður, strax eftir að ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Dómsorð:

Ákærði, Gestur Guðjón Sigurbjörnsson, sæti fangelsi 12 ár. Frá refsivistinni skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða, 198 daga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 11.000.00 krónur.

Þriðjudaginn 31. maí 1983.

Nr. 202/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Jónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 27. ágúst 1982. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 14. janúar 1983.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst sýknu og að allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Ósannað er, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur frá Höfn í Hornafirði að morgni 3. ágúst 1979.

Við flutning málsins hér fyrir dómi sýndi verjandi glas, sem hann kvað notað við blóðtöku í Vestur-Þýskalandi, og sýndi fram á, að búnaður þess er tryggilegri en sá, er tíðkast hér á landi.

Ekki er komin fram rökstudd ástæða til að ætla, að mistök hafi orðið við töku blóðsýnis úr ákærða, sendingu þess til rannsóknastofu eða meðferð þess þar. Verður því byggt á niðurstöðu rannsóknastofunnar um magn alkóhóls í blóði ákærða, en hún fær stuðning í vitnaframburðum farþeganna í bifreið ákærða og lögreglumannanna tveggja. Haggar það ekki þeim úrslitum, þótt upplýst hafi verið, að tiltækur sé búnaður og aðferð til töku blóðsýna, sem ætla má tryggilegri en nú gerist.

Þykir því sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis,

er hann var stöðvaður við akstur bifreiðarinnar R 2425 á Fáskrúðsfirði. Varðar það atferli ákærða við ákvæði 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en það ákvæði þykir tæma sök.

Samkvæmt 80. gr. greindra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, er refsing ákærða ákveðin 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuréttindasviptingu ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jónsson, greiði 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1982.

Ar 1982, mánudaginn 12. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 247/1982: Ákæruvaldið gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. júní sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 20. mars 1981, gegn ákærða, Sigurði Jónssyni lyfjafræðingi, Stigahlíð 65, Reykjavík, fæddum 4. janúar 1925 þar í borg, ,,fyrir að aka föstudaginn 3. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 2425 frá Höfn í Hornafirði áleiðis til Egilsstaða og neyta áfengis við akturinn, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða, er hann ók inn í Búðir í Fáskrúðsfirði.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Um kl. 1800 fimmtudaginn 2. ágúst 1979 kom ákærði akandi í bifreiðinni R 2425 til Hafnar í Hornafirði, en hann var þar á ferð að kynna lyf. Hann hóf fljótlega áfengisneyslu á hótelinu þar og hélt henni áfram fram undir kl. 2400. Næsta morgun hélt hann ferð sinni áfram áleiðis til Egilsstaða. Hann hafði viðkomu á Djúpavogi, þar sem hann hitti héraðslækninn, en nokkru eftir að hann hélt þaðan, ók hann fram á tvær stúlkur, sem voru á leið til Reyðarfjarðar, og tók þær upp í bifreið sína. Næst hafði hann viðkomu í Staðarborg í Breiðdal, en hélt þaðan til Fáskrúðsfjarðar, þar sem hann ætlaði að hitta héraðslækninn. Er ákærði kom að Búðum í Fáskrúðsfirði, stöðvaði lögreglan akstur hans.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar, lögregluþjóns á Fáskrúðsfirði, var honum tilkynnt símleiðis, að ökumaður bifreiðarinnar R 2425, sem væri á leið frá Staðarborg í Breiðdal til Fáskrúðsfjarðar, væri trúlega ölvaður. Klukkan 1900 stöðvaði lögreglumaðurinn bifreiðina, þar sem henni var ekið inn í þorpið. Ökumaður R 2425 reyndist vera ákærði, Sigurður Jónsson, en með honum í bifreiðinni voru tvær stúlkur, Kristín Hjartardóttir, Kambi, Djúpavogi, og Hrönn Ásbjörnsdóttir, Nýborg, Djúpavogi. Lögreglumaðurinn fann áfengisþef af ákærða og kvaddi því til aðstoðar við sig Guðna Sörensen lögregluþjón, og var ákærði síðan færður á lögreglustöð, þar sem tekin var skýrsla af honum.

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir farþegum ákærða, að þær hafi komið í bifreiðina um 20 km norðan Djúpavogs. Nokkru síðar hafi ákærði stöðvað bifreiðina og sótt vínflösku, sem var í farangursgeymslunni, og drukkið úr henni.

Í skýrslu sinni, sem ákærði gaf á lögreglustöðinni, kvaðst hann hafa lagt af stað frá Höfn í Hornafirði um kl. 1000 um morguninn, en hann hafi sofið um 9 klst. nóttina áður. Hann hafi drukkið „5 stk. pilsner" um daginn, en ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar sýndi öndunarprufa frá ákærða IV. stig. Áfengisþefur af andardrætti hans var sterkur, hann var rjóður/fölur í andliti, fatnaður hans snyrtilegur, framkoma kurteisleg,

augun rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Að lokinni skýrslutöku var ákærði færður til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar, og annaðist það Brynjólfur Hauksson, héraðslæknir á Fáskrúðsfirði. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var blóðsýnið merkt FÁ-1935 í viðurvist læknisins.

Blóðsýnið var sent Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði með bréfi, dags. 3. ágúst 1979. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dags. 14. ágúst 1979, reyndist magn alkólhóls í sýninu vera 1.68‰.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Reykjavík 21. nóvember 1979. Ekki vissi hann þá, hve mikið hann drakk á hótelinu á Höfn, en kvaðst hafa keypt 11 einfalda sjússa af rommi, en taldi sig hafa gefið eitthvað af því. Hann hafi ekki verið mjög drukkinn, þegar hann fór að sofa um miðnætti. Hann kvaðst hafa vaknað um kl. 0900 næsta morgun og ekkert áfengi hafa drukkið þann dag og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar hann vaknaði. Hann hafi haldið af stað áleiðis til Egilsstaða laust fyrir kl. 1100 og verið einn í bifreiðinni. Um kl. 1415 hafi hann komið til Djúpavogs og hitt lækninn þar, en haldið áfram ferð sinni eftir að hafa fengið sér að borða. Um 20 km norðan við Djúpavog hafi hann ekið fram á tvær stúlkur, sem hann tók upp í bifreiðina. Ekki kannaðist hann við að hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar, eftir að stúlkurnar komu í bifreiðina, né að hafa neytt áfengis í bifreiðinni eða við hana og reyndar allan þennan dag. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa verið með áfengi í bifreiðinni.

Ákærði kvað lögreglu hafa látið hann gefa öndunarsýni. Kvaðst hann hafa séð, að öndunarsýnið gaf lit, en taldi það stafa af því, að hann hafði drukkið 5 óáfenga pilsnera um daginn, síðast tvo í Staðarborg í Breiðdal, þar sem hann kom við til þess að hringja.

Ákærði kvað tvo lögreglumenn hafa farið með sig til héraðslæknisins, sem tók úr honum blóðsýni. Kvað hann lækninn hafa staðið ranglega að blóðsýnistökunni, þar sem á blóðsýnisglasinu sé merki, sem sýnir, hve mikið blóð á að setja í það „miðað við Natrium Flourid í því." Þetta merki hafi læknirinn ekki getað séð vegna þess, hvernig lögreglumaðurinn hélt á glasinu, þegar blóðinu var sprautað í það, og vegna þess, að blóðið fór um allt glasið, þannig að ekki var hægt að sjá, hve mikið var í því.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 22. maí 1981 og ítrekaði þá, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn né neytt áfengis, á meðan hann ók. Hann hafi drukkið Coca - Cola úr eins líters Coca - Cola flösku í bifreiðinni og hafi hún verið í henni, þegar lögreglan stöðvaði hann.

Ákærði bar á sama veg og áður greinir um áfengisneyslu sína kvöldið fyrir aksturinn og pilsnerdrykkjuna 3. ágúst 1979. Hann hafi verið ódrukkinn við aksturinn og kvaðst því ekki skilja, hvernig geti hafa mælst

1.68‰ alkóhóls í blóði hans. Kvað hann augljóst, að blóðsýnið hafi ruglast og niðurstaðan eigi við um annað sýni. Hann kvaðst nú vita, að ekkert merki væri á blóðsýnaglösunum, sem sýni, hve mikið á að setja í þau. Þá kvað hann lækninn, sem tók blóðsýnið, hafa undirritað eitthvert skjal, sem lögreglumennirnir komu með, án þess að athuga, hvað það var.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumaður var yfirheyrt í sakadómi Suður-Múlasýslu hinn 28. mars 1980. Kvað það Þorstein Kristjánsson, lögreglumann á Stöðvarfirði, hafa hringt til sín og sagt, að hringt hafi verið í hann frá Breiðdalsvík og tilkynnt um ölvaðan ökumann á Volvo bifreið, sem væri á leið frá Staðarborg í Breiðdal til Fáskrúðsfjarðar. Vitnið hafi stöðvað bifreiðina, er hún kom að Búðum. Það hafi séð merki áfengisáhrifa á ökumanninum, áður en það opnaði dyr bifreiðarinnar, og hafi hann verið færður á lögreglustöð. Síðan hafi ákærði verið færður til Brynjólfs Haukssonar héraðslæknis, sem tók blóðsýni, en ákærði hafi átt erindi við lækninn.

Vitnið kvað ákærða hafa verið greinilega undir áfengisáhrifum, „nokkuð þéttur, en þó borið sig vel". Slím hafi verið í munnvikum hans og greinilegur áfengisþefur af honum. Þá kvaðst vitnið hafa séð tóma áfengisflösku undan „tventy one" á gólfinu framan við farþegasætið frammi í.

Vitnið gat þess, að eftir blóðsýnistökuna hafi Guðni Sörensen fylgt ákærða til dyra, en það hafi skráð númer á beiðni um blóðtöku og blóðsýnisglasið í viðurvist læknisins, sem fékk frumrit blóðtökubeiðninnar.

Vitnið staðfesti frumskýrslu sína, sem að framan er rakin.

Vitnið Guðni Kristján Sörensen lögreglumaður var yfirheyrt hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. október 1980 og í dómi hinn 10. júlí 1981. Vitnið kvaðst hafa ekið bifreiðinni R 2425 að lögreglustöðinni, eftir að akstur ákærða var stöðvaður. Í bifreiðinni hafi verið tvær stúlkur og hafi þær haft orð á, að ákærði hafi drukkið við aksturinn. Þá hafi það séð tvær, eða a. m. k. eina flösku, undan „twenty one" áfengi á milli framsætanna í bifreiðinni, en flaskan hafi verið tóm. Ekki kvaðst það hafa athugað, hvort áfengislykt var úr flöskunni, og ekki séð aðrar flöskur í bifreiðinni.

Á lögreglustöðinni kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða og fundið greinilega áfengislykt af honum, en ekki veitt að öðru leyti athygli ölvunareinkennum, en þó virst ákærði vera undir áhrifum áfengis.

Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt töku blóðsýnis úr ákærða og hafi hún verið með venjulegum hætti. Blóðsýnið hafi verið sett í glas með dufti í, sem lögreglan hafði undir höndum, og hafi Benedikt Helgi merkt það og blóðtökubeiðnina, þegar vitnið sá til, og hafi sama merki verið skráð á hvort tveggja. Ákærði hafi hins vegar ekki séð númerið, en hann hafi séð, hvernig þetta fór fram. Læknirinn hafi „innsiglað" glasið með því að setja

hvítan, þunnan heftiplástur yfir tappann og niður á glasið sjálft, en merki lögreglunnar hafi verið límt yfir plásturinn. Kvað vitnið límið á þessu eyðileggjast, ef innsiglið er rofið.

Vitnið kvað öll blóðsýni, sem tekin eru að beiðni lögreglunnar á Fáskrúðsfirði, vera merkt með stöfunum FÁ. Umrætt sýni hafi verið eina sýnið, sem tekið var að beiðni lögreglunnar á Fáskrúðsfirði þennan dag, en næsta sýni á undan hafi verið tekið 1. maí 1979 og næsta sýni á eftir hinn 25. ágúst 1979. Blóðsýnið úr ákærða hafi verið sent með flugvél til Reykjavíkur þriðjudaginn 7. ágúst 1979.

Vitnið Hrönn Ásbjörnsdóttir, fætt 14. maí 1962, var yfirheyrt í sakadómi Suður-Múlasýslu 25. mars 1980. Það kvaðst hafa verið á gangi eftir þjóðveginum norðan Djúpavogs ásamt Kristínu Hjartardóttur, er ákærði ók fram á þær og bauð þeim far. Í fyrstu hafi það ekki séð merki áfengisáhrifa á honum, en síðar, er hann fór að gefa sig meira að þeim vinkonum, hafi það séð greinilega, að hann var undir áfengisáhrifum. Ákærði hafi haft meðferðis flösku undan „twenty one", sem vitnið taldi hafa verið hálfa af sterku víni og kók. Hann hafi verið búinn úr flöskunni, þegar lögreglan stöðvaði akstur hans, og orðinn „þéttur". Ekki kvað vitnið þær vinkonur hafa drukkið úr flöskunni.

Vitnið Kristín Hjartardóttir, fætt 10. júlí 1963, var yfirheyrt hjá lögreglunni í Reykjavík 20. febrúar 1981 og í dómi hinn 5. október sl. Kvaðst vitnið hafa komið í bifreið ákærða ásamt vinkonu sinni, vitninu Hrönn, skammt norðan Djúpavogs. Því hafi fundist hann vera „óeðlilega" hress og málgefinn. Kvað vitnið hann hafa ekið hratt og að það hafi farið að gruna, að hann væri drukkinn, en ekki gat það greint frá, á hverju sá grunur byggðist. Um 15 mínútum eftir að það kom í bifreiðina, hafi ákærði stöðvað og sótt flösku í farangursgeymsluna. Hjá lögreglu kvað vitnið flöskuna hafa verið undan „twenty one", en fyrir dómi minnti það, að hún væri undan Kláravíni. Hún hafi verið hálffull, en ekki vissi vitnið, hvað var í henni. Ákærði hafi drukkið úr flöskunni, en sett hana svo á gólfið í bifreiðinni. Kvað vitnið ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis og því meir sem á aksturinn leið. Hann hafi haft á orði, að hann neytti alltaf áfengis, þegar hann væri á ferðalögum út um land.

Vitnið kvaðst enga áfengislykt hafa fundið í bifreiðinni né af ákærða, en gat þess, að það fyndi yfirleitt mjög litla lykt vegna ofnæmis, sem það er með.

Vitnið kvað ákærða hafa stöðvað við hótelið að Staðarborg, en þær vinkonur hafi ekki fylgst með honum þar. Er þau fóru þaðan á ný, hafi hann ekið enn hraðar en áður. Kvað vitnið þær vinkonur hafa orðið hræddar, en ákærði hafi hlegið að þeim og ekki viljað stöðva, er þær vildu fara úr bifreiðinni. Vitnið sat í aftursæti frá Staðarborg og sá í baksýnisspeglin-

um, að augu ákærða voru rauð og fljótandi. Greinilegra hafi verið í lok akstursins en í upphafi, að hann var drukkinn. Það mundi þó ekki, hvort hann var reikull í spori, og gat ekki lýst frekari ölvunareinkennum á honum.

Vitnið minntist þess ekki að hafa séð flöskur undan gosdrykkjum eða öli í bifreiðinni, en minnti, að tóm áfengisflaska hafi verið í hanskahólfinu. Þær stöllur hafi spurt hann, hvort hann væri drukkinn, og hafi hann þá sagst hafa verið við drykkju á Höfn kvöldið áður og haldið áfram næsta dag. Hann hafi þó ekki sagt þeim, hvort hann var að drekka áfengi í bifreiðinni, en boðið þeim sopa úr flöskunni, sem þær þáðu ekki.

Vitnið Brynjólfur Karl Hauksson var héraðslæknir á Fáskrúðsfirði í ágúst 1979. Það kom fyrir dóminn 10. júlí 1981 og kvaðst hafa tekið blóðsýni úr ákærða. Að því loknu hafi komið í ljós, að ákærði átti við það erindi.

Vitnið kvað blóðsýnistökuna hafa farið fram í heilsugæslustöðinni á Fáskrúðsfirði. Því hafi ekki virst ákærði vera áberandi ölvaður, en áfengislykt hafi verið af honum, sem gæti hafa stafað af pilsner eða einhverju sterkara. Vitnið kvaðst venjulega athuga, hvort merkingar á blóðsýnisglasi og blóðtökubeiðni séu eins, og taldi, að ekki hafi verið um ósamræmi að ræða, enda hefði það þá gert við það athugasemd. Vitnið taldi, að það hefði sett heftiplástur yfir tappann á glasinu, en kvaðst ekki líta á það sem innsiglun. Þegar blóðsýni sé tekið, afhendi lögreglan glas undir það með álímdum merkimiða og plásturinn límist að nokkru niður á merkimiðann, en þó ekki yfir merkinguna.

Vitnið kvað ákærða hafa verið spenntan og óöruggan, þegar þeir ræddust við að lokinni blóðtöku, en ekki vissi það, hvort það stafaði af því ástandi, sem hann hafði orðið fyrir, eða áfengisáhrifum. Það treysti sér ekki til að segja um, hvort hann var undir áhrifum áfengis.

Vitnið Geir Viðar Guðjónsson, héraðslæknir á Hólmavík, sem var héraðslæknir á Djúpavogi í ágúst 1979, var yfirheyrt í sakadómi Strandasýslu 24. nóvember 1981. Það kvað ákærða hafa komið til sín á stofuna um hádegi eða síðdegis í ágúst 1979. Hann hafi verið mjög málhress og ör, en það séu sölumenn gjarna. Þeir hafi rætt saman nokkra stund, og minnti vitnið, að ákærði hefði lyktað af víni, en vildi þó ekki fullyrða það og gat þess, að ákærði hefði ekki verið áberandi ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt ákærða áfengi eða séð hann hafa áfengi um hönd né að hafa séð hjá honum áfengisflösku, en það hafi ekki farið inn í bifreið hans. Ekki kvaðst vitnið hafa merkt önnur hugsanleg ölvunareinkenni en að framan greinir.

Vitnið Marey Stefanía Björgvinsdóttir forstöðukona, Selnesi 22, Breiðdalsvík, starfaði við sumarhótelið að Staðarborg í Breiðdal í ágúst 1979.

Það var yfirheyrt í sakadómi Suður-Múlasýslu 12. nóvember sl. Það kvað mann hafa komið á hótelið síðla sumars 1979 og spurt, hvort hann mætti hringja í lækninn á Fáskrúðsfirði. Hann hafi síðan notað símann. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að þessi maður var mikið ölvaður.

Hafi hann „þvælt" eitthvað við vitnið og aðrar starfsstúlkur á hótelinu. Þegar hann fór út aftur, hafi það séð út um glugga, hvar tvær stúlkur stóðu við bifreið og hafi þær og maðurinn farið inn í hana. Maðurinn hafi sest undir stýri og fengið sér „einn sopa úr einhverju", glasi eða flösku, en síðan ekið af stað. Kvaðst vitnið hafa orðið bæði hissa og óttaslegið, er það sá manninn aka, að það hélt áleiðis til Fáskrúðsfjarðar. Kvaðst vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að maðurinn var mjög drukkinn, og því farið rakleiðis og hringt til Þorsteins Kristjánssonar, héraðslögreglumanns á Stöðvarfirði.

Af hálfu ákærða hafa verið lagðir fram í máli þessu „minnispunktar" hans úr ferð hans um Austfirði, þar sem m. a. kemur fram, að að morgni 3. ágúst ræddi hann við Guðmund Einarsson og Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur læknanema, sem þá voru á Höfn í Hornafirði, og Jón Sveinsson, apótekara þar, og Ragnhildi Sigurbjörnsdóttur.

Vitnið Jón Sveinsson lyfsali, Hrísbraut 2, Höfn, var yfirheyrt í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu 23. mars sl. Vitnið kvaðst hafa starfað með ákærða á árunum 1964—1965 og kvað hann yfirleitt vera frekar öran í skapi og málgefinn. Hann hafi komið til vitnisins líklega í ágúst 1979, en ekki kvaðst það hafa veitt athygli, að hann bæri merki áfengisáhrifa, og minntist þess ekki að hafa fundið af honum áfengisþef.

Vitnið Ragnhildur Sigurbjörnsdóttir, Hrísbraut 11, Höfn, var yfirheyrt sama dag. Það kvaðst vera starfsmaður heilsugæslustöðvarinnar og kvað lyfsölumenn koma þangað nokkrum sinnum á ári, en mundi ekki eftir ákærða. Kvaðst það ekki minnast þess, að neinn lyfsölumaður hafi komið á heilsugæslustöðina undir áfengisáhrifum.

Vitnið Guðmundur Örn Einarsson læknir var yfirheyrt í dómi 7. maí sl. Það kvaðst hafa verið læknanemi á Höfn frá 1. júní til 9. ágúst 1979 og á þeim tíma hafi komið fleiri en einn lyfsölumaður þangað. Ekki treysti það sér til þess að segja um, hvort einhver þeirra var undir áfengisáhrifum. Einn þeirra hafi komið um mánaðamótin júlí/ágúst, en ekki vissi vitnið nafn hans. Það mundi ekki eftir að hafa talað við hann og minnti, að það hefði ekki haft áhuga á því, einkum vegna þess hve mikið hann talaði og kvað sér hafa þótt hann meira uppáþrengjandi en aðrir sölumenn. Það kvað þennan mann hafa skilið eftir sýnishorn af Ibaril lyfi o. fl.

Samkvæmt minnispunktum ákærða afhenti hann læknanemunum m. a. sýnishorn af Ibaril.

Ekki reyndist unnt að kveðja vitnið Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur fyrir dóminn vegna dvalar þess erlendis.

Dómurinn hefur aflað gagna um feril blóðsýnisins úr ákærða eftir því sem unnt hefur verið. Samkvæmt bréfi frá Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 3. júní 1981, voru rannsökuð 2 blóðsýni frá Egilsstöðum hinn 6. ágúst 1979 (bréf með þeim dags. 4. ágúst 1979), eitt sýni frá Reyðarfirði var rannsakað 27. ágúst, og 14. ágúst 1979 voru rannsökuð eftirtalin 4 sýni, og varð niðurstaða þeirra sem hér segir:

Frá Reyðarfirði (bréf, dags. 5. ágúst):
Nr. 110 1.87‰
Nr. 111 1.65‰
Frá Eskifirði (bréf, dags. 6. ágúst):
V - 181 0.22‰
Frá Fáskrúðsfirði (bréf, dags. 3. ágúst):
Fá - 1935 1.68‰

Fleiri sýni frá Suður-Múlasýslu voru ekki tekin til meðferðar á rannsóknastofunni í ágúst 1979.

Með bréfi dómsins, dags. 15. júní 1981, til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu var óskað upplýsinga um eftirfarandi:

„1. Hvaða meðhöndlun fengu blóðsýni, sem tekin voru úr ökumönnum í Suður-Múlasýslu í ágúst 1979, frá því að sýnin voru tekin og þar til þau voru send til alkóhólrannsóknar?

2. Með hvaða hætti voru blóðsýni send til Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði?

3. Er hugsanlegt, að blóðsýni merkt V - 181 og Fá - 1935 (sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi Jóhannesar F. Skaftasonar, dags. 3. 6. 1981) hafi ruglast, áður en þau voru send til Reykjavíkur?

4. Voru blóðsýnin send til rannsóknar sama dag og bréfin, sem þeim fylgdu, eru dagsett?

Ef svör við einhverjum framangreindra spurninga eru ekki einhlít, óskast þeim svarað með tilliti til blóðsýnis Fá - 1935."

Í svari sýslumannsins, dags. 24. júní 1981, segir svo:

„Ad 1-2. Fastráðnir lögreglumenn eru á Eskifirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, einn á hverjum stað. Lögreglumennirnir, hver fyrir sig, annast meðhöndlun og sendingu blóðsýna til alkóhólrannsóknar. Blóðsýni er alltaf merkt í beinu framhaldi af blóðtöku, sjálft glasið með blóðinu svo og blóðtökuvottorðið, sem læknir undirritar. Blóðsýnið er síðan geymt í kæli og sent til rannsóknar með fyrstu tiltæku ferð merkt: Rannsókna-

stofa í lyfjafræði, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík. Innan sviga á umslagið er jafnan sett: Lögreglan í Reykjavík vitjar pakkans á afgreiðslu F. Í. í Reykjavík. Með blóðsýninu fylgir bréf til rannsóknastofunnar með beiðni um ákvörðun á alkóhóli í blóðinu og númer blóðsýnis tilgreint í bréfinu. Blóðsýni er síðan afhent afgreiðslu Flugleiða á viðkomandi stað, greitt fyrir flutninginn og frumrit farmbréfs tekið sem kvittun fyrir móttöku. Flutningsmáti þessi var á sínum tíma kallaður „bókuð sending", en nú virðist um venjulega frakt að ræða. Þá er jafnan hringt í lögregluna í Reykjavík, sem sækir pakkann (umslagið) og annast um framflutning. Er trúlegt, að Reykjavíkurlögreglan bóki slíkt hjá sér.

Ad. 3. Nei, ekkert samband er á milli sendinganna, sbr. ofanritað.

Ad. 4. Gengið er frá skjölum máls, þar með bréfi til rannsóknastofu, í beinu framhaldi af blóðsýnis- og skýrslutöku. Reglulegar áætlunarferðir frá fjörðunum á Egilsstaðaflugvöll eru einu sinni hvern virkan dag nema laugardaga. Blóðsýni er sent með fyrstu ferð, eftir að gengið hefur verið frá gögnum, eins og áður segir, og er því ekki víst, að sýnin séu send sama dag og bréfin, sem fylgja, eru dagsett."

Samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Helga Magnússyni, lögreglumanni í Reykjavík, hefur starfsfólk Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði kvittað í bók lögreglunnar í Reykjavík fyrir móttöku á blóðsýnum frá Suður-Múlasýslu í ágúst 1979 sem hér segir:

„7. ág. kvittað fyrir 2 bréfum frá Egilsstöðum.

9. ág. kvittað fyrir 1 br. frá S-Múl., 1 br. Reyðarf. og 1 br. frá Fáskrúðsfirði.

13. ág. kvittað fyrir 2 bréf ómerktum.

23. ág. kvittað fyrir 1 bréfi frá Reyðarfirði og einu ómerktu.

27. ág. kvittað fyrir 1 bréfi ómerktu.

3. sept. kvittað fyrir 1 bréfi frá Fáskrúðsfirði.

Ekki er vitað, hvaðan ómerktu bréfin eru, en þau eru opnuð af starfsfólki rannsóknastofnunarinnar."

Af hálfu ákærða hefur verið lagt fram vottorð, dags. 8. október 1981, ritað af John Benedikz, MRCP, þar sem segir, að ákærði sé með „psoreasis og fær upp úr því oft hvarmabólgu (blepharitis) og slímhimnubólgu í augu (conjunctivitis). Sjúkdómurinn er sveiflukenndur með góða og slæma kafla."

Í bréfi, dags. 1. febrúar sl., sem verjandi ákærða, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, lagði fram í máli þessu, lýsir hann, hver hætta sé á mistökum eða misferli við meðferð blóðsýna úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Blóðsýnaglösin séu ekki innsigluð og það sé „löng vegferð slíks „galopins" glass frá Fáskrúðsfirði til rannsókna-

stofu í lyfjafræði í Reykjavík.“ Glasið fari um hendur margra og því séu miklir möguleikar á, að mistök eða misferli geti átt sér stað.

Þá fjallar verjandi ákærða um þá hættu, sem fylgir því, að í blóðsýnaglösunum eru 0.2 g af natríumflúoríði til þess að varna segamyndun og rotnun í blóðinu. Vísar hann til margvíslegra gagna um það, hve hættulegt efni þetta sé, og telur meðferð blóðsýnaglasa, sem í er natríumflúoríð, stríða gegn ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978 og laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Í bréfi þessu fór verjandi ákærða þess á leit m. a., eftir því sem næst verður komsti, að dómurinn rannsakaði, hvort verjandinn færi með rétt mál í bréfi sínu, þar sem hann fjallar um hættu á mistökum við meðferð blóðsýna. Enn fremur að leitað verði álits eiturefnanefndar samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/1968 og eftirlitsmanns samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1976, á meðferð efnisins natríumflúoríð í glösum undir blóðsýni úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Verjandinn féll þó frá þessari kröfu sinni um rannsókn.

Niðurstöður.

Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa ekið bifreiðinni R 2425 undir áfengisáhrifum frá Höfn í Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar og að hafa neytt áfengis við aksturinn. Hann hefur skýrt áfengislykt af honum og niðurstöðu öndunarsýnis með því, að hann hafi verið búinn að drekka 5 pilsnera yfir daginn. Þá hefur hann lagt fram vottorð til skýringar því, að augu hans voru rauð, þegar lögreglan hafði afskipti af honum.

Þegar hinn 21. nóvember 1979, er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu, hélt hann því fram, að magn blóðsins, sem sett var í blóðsýnisglasið, hafi ekki verið rétt miðað við magn natríumflúoríðs í því. Frá þessu féll hann þó síðar, en hélt því þá fram, að niðurstaða blóðrannsóknarinnar ætti við um annað sýni en það, sem tekið var úr honum. Ákærði, sem er lyfjafræðingur; reyndi þannig strax í upphafi rannsóknar þessa máls að gera niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar tortryggilega vegna notkunar natríumflúoríðs í því.

Í umferðarlögum nr. 40/1968 er ekki kveðið á um, hvernig fara skuli með blóðsýni, sem tekin eru úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur, né með hvaða hætti skuli mæla vínandamagn í þeim. Natríumflúoríð hefur verið notað í umrædd blóðsýni nokkur undanfarin ár. Er það sett í sýnaglös til varnar segamyndun og vexti örvera (bæði etanolmyndandi og eyðandi), og breytingar á sýni vegna geymslu og flutninga eiga því ekki að vera sakborningi í óhag, sbr. álitsgerð Davíðs Davíðssonar prófessors, dr. Matthíasar Kjeld læknis og Aðalsteins Emilssonar líffræðings, dags. 29.

maí 1980, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1980, bls. 1386. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til meðferðar natríumflúoríðs að öðru leyti.

Íslenskir dómstólar hafa um árabil byggt á niðurstöðum alkóhólrannsókna á blóðsýnum, blönduðum natríumflúoríði, sem fengnar eru með gasgreiningu á súlu, nema sérstakar ástæður séu til að ætla, að mistök hafi átt sér stað. Í þessu máli hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að mistök eða misferli hafi átt sér stað við meðferð blóðsýnisins úr ákærða. Sannað þykir með framburði lögreglumannanna og héraðslæknisins á Fáskrúðsfirði, að blóðsýnið úr honum hafi verið merkt á tryggilegan hátt. Samkvæmt gögnum málsins var einungis eitt sýni sent frá Fáskrúðsfirði og rannsakað í Rannsóknastofu í lyfjafræði í ágúst 1979, og ekkert samband var á milli sendingar þess og annarra sýna til Reykjavíkur.

Svo sem að framan er rakið, telja fjögur vitni sig hafa fundið áfengislykt af ákærða. Tvö þeirra og enn fremur þrjú önnur vitni hafa einnig borið, að þeim hafi virst hann vera undir áfengisáhrifum eða „þéttur". Ekkert vitnanna, sem ákærði hitti, áður en hann fór frá Höfn, gátu borið um áfengislykt af ákærða að morgni 3. ágúst 1979 né ölvunareinkenni.

Telja verður sannað með framburðum farþega ákærða og lögreglumannanna tveggja, að ákærði hafi haft áfengisflösku í bifreiðinni, og með framburðum farþega hans og vitnisins Mareyjar Stefaníu Björgvinsdóttur, að hann hafi drukkið úr henni í bifreiðinni. Enn fremur bar vitnið Kristín Hjartardóttir, að ákærði hafi skýrt þeim stöllum fra því, að hann hafi verið við drykkju kvöldið áður og haldið henni áfram næsta dag. Þótt hvorki farþegar ákærða né lögreglumennirnir hafi gengið úr skugga um, hvað var í flöskunni, þykir þó verða að telja sannað, að ákærði hafi drukkið áfengi við aksturinn, enda hafa vitnin, sem ákærði hitti, eftir að hann fór frá Höfn, ýmist borið um áfengislykt af honum eða sjáanleg áfengisáhrif. Þykir framburður þessara vitna ekki vera í ósamræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýninu úr ákærða.

Með framburðum vitnanna, sem nú hafa verið raktir, niðurstöðu öndunarsýnisins, sem sýndi IV. stig, og alkóhólrannsóknarinnar, sem lögð verður til grundvallar í máli þessu, þykir fram komin lögfull sönnun þess, að ákærði hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar R 2425 þann 3. ágúst 1979 og ekið undir áhrifum þess á ferð sinni frá Höfn í Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar. Varðar þetta við 1. mgr. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þessi ákvæði umferðarlaga eru tæmandi að því er varðar brot ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann einu sinni sæst á sektargreiðslu vegna ölvunar.

Brot ákærða varðar refsingu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög

nr. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 5.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jónsson, greiði 5.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Þriðjudaginn 31. maí 1983.

Nr. 176/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Helgu Gísladóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 2. júlí 1982 og gert jafnframt þær kröfur af hálfu ákæru-

valds, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sakarmat, þar á meðal sýknuákvæði um VIII. lið ákæru, en að refsing ákærðu verði þyngd. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 11. febrúar sl.

Ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu máls þessa í héraði og lýsti þá yfir því, að hún hefði engar athugasemdir fram að færa við ákæruna nema VIII. lið hennar, er hún mótmælti. Er játning hennar studd öðrum gögnum, sem fram komu við rannsókn málsins. Samkvæmt því verður ákærða sakfelld fyrir brot þau, sem henni eru gefin að sök í I.—VII. og IX—XI. lið ákæru, þó svo, að rétt þykir að miða við, að hlutur ákærðu af hassi því, sem um ræðir í ákæruliðum II og III hafi verið um 300 gr í hvort skipti. Staðfest verður sýknuákvæði héraðsdóms um VIII. ákærulið.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru, en lög nr. 60/1980 eiga þó aðeins við um þau brot ákærðu, sem framin eru eftir gilditöku laganna og ákæruliðir VI, VII og IX—XI lúta að.

Við mat refsingar ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og af 78. gr. sömu laga að því er varðar brot þau, sem um ræðir í ákæruliðum I—V. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði og 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 45 daga fangelsi. Staðfest verður ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar frá refsivist ákærðu.

Í ákæru er þess krafist, að ákærða verði dæmd til þess að sæta upptöku „á því hassi og kannabisjurtaleifum, sem getið er hér að framan í liðum VI, VII og XI og lögreglan lagði hald á, svo og á samtals rúmum 12 gr af kannabisefnum og munum til neyslu efnanna, sem lögreglan fann á heimili ákærðu 2. október og lagði hald á.“ Þó að krafa þessi sé eigi svo skýr og ótvíræð sem skyldi, þykir þó eftir atvikum mega leggja dóm á hana. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um kröfuna.

Staðfesta ber ákvæði heraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærðu til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Helga Gísladóttir, sæti fangelsi 8 mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu í 29 daga. Ákærða

greiði 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 45 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 3. maí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 914/1982: Ákæruvaldið gegn Helgu Gísladóttur.

Málið var höfðað á hendur Helgu Gísladóttur með ákæru, dagsettri 18. janúar 1982, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni framin á árinu 1980:

„I.

Nærri mánaðamótum janúar/febrúar keypt samtals 100 gr af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og endurselt um 70 gr af því ótilgreindu fólki á gkr. 12.500 hvert gramm, og átti þessi verslun sér stað á heimili ákærðu, sem sjálf hafði um 30 gr efnisins til eigin nota.

II.

Í mars ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn og í því sambandi lagt honum til um gkr. 1.300.000—1.500.000, sem ákærða fékk að mestu leyti hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur, og eftir heimkomu nefnds Vals móttekið hjá honum allt að 350 gr af hassi að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Afhent nefndri Ragnheiði allt að helmingi efnisins og ekki minna en 120 gr, selt verulegan hluta þess, sem þá var eftir, að nokkru í samvinnu við nefndan Sumarliða Óskar, mörgum mönnum í Reykjavík, m. a. Val Guðmundi Valssyni samtals 30—50 gr á um gkr. 12.500 hvert gramm og jafnframt haft hluta efnisins til eigin nota.

III.

Nokkru síðar í félagi við nefndan Sumarliða Óskar enn lagt nefndum Val Hugasyni Hraunfjörð til fé til hasskaupa í Kaupmannahöfn, nærri gkr. 1.500.000, og móttekið 300—350 gr af efninu eftir heimkomu Vals, sem fékk sem fyrr greitt fyrir sinn þátt, og ásamt Sumarliða Óskari selt efni þetta hérlendis ónefndum mönnum fyrir samtals gkr. 3—4.000.000.

IV.

Um mánaðamót mars/apríl í félagi við nefndan Sumarliða Óskar lagt til fé til kaupa Guðmundar Böðvarssonar á hassi í Kaupmannahöfn, móttekið u. þ. b. 200 gr af efninu í Reykjavík eftir heimkomu Guðmundar og síðan átt þátt í sölu efnisins til ónefndra manna, en eignarhlutur ákærðu og Sumarliða Óskars í efninu taldist a. m. k. 40—60 gr.

V.

Í maí keypt allt að 400 gr og ekki minna en 250 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson, sem flutti efnið síðan að undirlagi nefnds Sumarliða Óskars til Íslands, og var ákærðu, sem taldist eiga allt að 150 gr efnisins, kunnugt um, að efnið var að verulegu leyti ætlað til sölu hér á landi.

VI.

Í seinni hluta maí afhent ónafngreindum dönskum pilti í Kaupmannahöfn 4.000 kr. danskar í því skyni, að hann keypti hass og sendi ákærðu það til Íslands. Í júlí fékk ákærða síðan send frá Kaupmannahöfn um 157 gr af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík fann og lagði hald á, áður en það barst í hendur ákærðu.

VII.

Í júlí ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu 7 kannabisjurtir, þar til lögreglan lagði hald á jurtirnar hinn 21. júlí.

VIII.

Í ágúst fengið áðurnefndum Guðmundi Böðvarssyni í Reykjavík gkr. 400.000 í því skyni, að hann keypti hassefni fyrir ákærðu, og að nokkrum dögum liðnum móttekið 100 gr af hassi hjá Guðmundi og selt megnið af efninu, samtals um 70 gr, að mestu áðurnefndum Val Guðmundi Valssyni og ennfremur Tómasi Jakob Sigurðssyni í Reykjavík, ýmist á gkr. 12.500 eða 15.000 hvert gramm, og haft efnið að öðru leyti til eigin nota.

IX.

Í byrjun ágúst ásamt fleira fólki lagt fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hennar móttekið 370 gr af efninu á heimili sínu og fengið í sinn hlut a. m. k. 60 og allt að 120 gr þar af, en efnið skiptist að öðru leyti meðal annarra þátttakenda, m. a. nefndrar Báru og áðurnefnds Guðmundar Böðvarssonar. Ákærða seldi verulegan hluta síns efnisskammts ótilgreindum mönnum og hafði hluta til eigin nota.

X.

Um mánaðamót ágúst/september lagt fram gkr. 800.000 til hasskaupa áðurnefndrar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn, en auk þeirra þriggja átti áðurnefndur Guðmundur Böðvarsson hlut að þessari för. Eftir heimkomu Báru og Kristjáns móttekið 180 gr af hassi sem sinn hlut, en alls keyptu þau 850 gr á um 30 kr. danskar hvert gramm og fluttu á heimili ákærðu, þar sem efninu var skipt.

Ákærða seldi nokkrum mönnum, m. a. Sigurði Jóhannssyni, samtals allt að 120 gr af efninu á gkr. 15.000 hver gramm og hafði jafnframt hluta þess til eigin nota.

XI.

Í fyrri hluta september fengið áðurgreindum Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.200.000—1.400.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hans móttekið 340—360 gr af efninu á heimili hans að Ránargöt 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Ákærða seldi hluta þessa efnis ótilgreindum mönnum, en 2. október fann lögreglan um 326 gr efnisins á heimili ákærðu og lagði hald á það."

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 65/1974 að því er tekur til brotsins í VII. lið ákæru.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni á því hassi og kannabisjurtaleifum, sem getið er hér að framan í liðum VI, VII og XI og lögreglan lagði hald á, svo og á samtals rúmum 12 gr af kannabisefnum og munum til neyslu efnanna, sem lögreglan fann á heimili ákærðu 2. október og lagði hald á.

Ákærða hefur náð sakhæfisaldri, er fædd 4. janúar 1958 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1978 2/11 í Reykjavík: Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 23/10 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

1980 6/6 í Reykjavík: Avana- og fíkn.: Sátt, 100.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

Málsatvik.

Hér á eftir verður fjallað sjálfstætt um hvern lið ákæru fyrir sig, fyrst í málsatvikalýsingu og síðar í niðurstöðum.

Ákæruliður I.

„Nærri mánaðamótum janúar/febrúar keypt samtals 100 gr af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og endurselt um 70. gr af því ótilgreindu fólki á gkr. 12.500 hvert gramm, og átti þessi verslun sér stað á heimili ákærðu, sem sjálf hafði um 30 gr efnisins til eigin nota."

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð fyrir dómi 7. mars 1980. Við þá yfirheyrslu lýsti Ragnheiður sölu 100 gramma af hassi til ákærðu í máli þessu. Afhendingar kvað Ragnheiður hafa verið margar og ákærða hafi greitt sér fyrir alls 950.000 gkr., en skuldi sér gkr. 50.000.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu sama dag, eða 7. mars 1980. Ákærða neitaði fyrst í stað að hafa átt nokkur fíkniefnasamskipti við Ragnheiði Valgeirsdóttur, en eftir að Ragnheiður var leidd fyrir ákærðu við nefnda lögregluyfirheyrslu og tjáði ákærðu, að hún (Ragnheiður) væri búin að skýra frá fíkniefnasamskiptum þeirra í milli, tók ákærða að lýsa hasskaupum af Ragnheiði Valgarðsdóttur. Kvað ákærða sig hafa keypt 100 grömm af hassi af Ragnheiði í tveim afhendingum í lok janúar 1980. Báðar voru afhendingar að sögn ákærðu á heimili hennar að Urðarstíg 7 hér í borg. Kvað ákærða kaupverð hafa verið gkr. 10.000 hvert gr. efnis. Kvað ákærða sig hafa notað um 30 grömm af efninu sjálfa, en selt sér ókunnum aðiljum 70 grömm og salan farið fram á heimili ákærðu. Var hvert gramm efnis selt á gkr. 12.500.

Ákæruliður II.

„Í mars ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn og í því sambandi lagt honum til um gkr. 1.300.000—1.500.000, sem ákærða fékk

að mestu leyti hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur, og eftir heimkomu nefnds Vals móttekið hjá honum allt að 350 gr af hassi að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Afhent nefndri Ragnheiði allt að helmingi efnisins og ekki minna en 120 gr, selt verulegan hluta þess, sem þá var eftir, að nokkru í samvinnu við nefndan Sumarliða Óskar, mörgum mönnum í Reykjavík, m. a. Val Guðmundi Valssyni samtals 30—50 gr á um gkr. 12.500 hvert gramm, og jafnframt haft hluta efnisins til eigin nota."

Ákærða bar fyrst um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, í lögregluyfirheyrslu 25. október 1980. Kvaðst ákærða hafa afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.000.000—1.200.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Hafi ferð Vals staðið í um tvo daga. Tók ákærða á móti Val við heimkomu frá Kaupmannahöfn og tók síðan við, að sögn, 300 grömmum af hassi á heimili Vals að Ránargötu 23 hér í borg. Kvaðst ákærða hafa samið við Val um þóknun fyrir ferðina og greitt honum gkr. 400.000 skömmu síðar.

Um ráðstöfun efnisins kvaðst ákærða hafa selt Val G. Valssyni á að giska 50 grömm af efninu fyrir 12.500 gkr. hvert gramm. Ákærða nefndi aðilja, sem heiti Tryggvi, er fengið hafi um 20 grömm á gkr. 12.500 grammið. Aðili að nafni Hörður hafi fengið 20 grömm. Ákærða gerði ekki frekari grein fyrir ráðstöfun efna úr ferð þessari utan að hafa sjálf notað um 150 grömm og gefið af því vinum og kunningjum.

Ákærða greindi síðar frá för Vals Hugasonar Hraunfjörð til hasskaupa í Kaupmannahöfn fyrir dómi 30. október 1980. Bar ákærða þá á sama veg varðandi efnismagn úr greindri ferð og flutningsþóknun til Vals. Varðandi ráðstöfun efna nefndi ákærða þrjá sömu aðilja og hún hafði gert hjá lögreglu og rakið er hér að ofan. Kvað ákærða Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa lagt í ferð þessa gkr. 1.300.000. Helmingur þeirrar fjárhæðar var lán til ákærðu, en hinn helmingurinn verið framlag Ragnheiðar til farar Vals og hafi því Ragnheiður Valgarðsdóttir fengið helming efna úr þessari ferð. Kvaðst ákærða við greinda dómsyfirheyrslu ekki muna nákvæmlega, hverjum hún seldi utan til ofangreindra þriggja aðilja, en hafa notað ríflega af efnum sjálf. Þá kvað ákærða Sumarliða Óskar Arnórsson hafa um þetta leyti losnað úr gæsluvarðhaldi vegna meints fíkniefnamisferlis og geti hugsast, að hann hafi selt einhvern hluta efnanna.

Sumarliði Óskar Arnórsson greindi fyrst við lögregluyfirheyrslu 1. október 1980 frá ferð þerri, er í þessum ákærulið greinir.

Kvað Sumarliði ferðina hafa verið farna á þeim tíma, er hann hafi sætt gæsluvarðhaldi, en þó hafi ferðin verið að hluta á sínum vegum. Kvað Sumarliði áðurnefndan Val hafa flutt hingað til lands 250—300 grömm af hassi. Hafi Ragnheiður Valgarðsdóttir átt verulegan hluta efnis þessa.

Sumarliði var yfirheyrður fyrir dómi 2. október 1980 og kvað sig hafa

frétt eftir að hafa gegnið laus úr gæsluvarðhaldi í mars 1980, að Valur H. Hraunfjörð væri þá nýkominn frá Kaupmannahöfn með 250—300 grömm af hassi. Kvað Sumarliði sem fyrr Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa átt bróðurpart efna úr þeirri ferð, en ákærða hafi staðið að dreifingu efna. Kvaðst Sumarliði hafa tekið við að dreifa efni fyrir ákærðu og játa 70 gramma dreifingu.

Enn var Sumarliði yfirheyrður fyrir dómi 9. október og bar þá efnislega á sama veg og við dómsyfirheyrslu 2. október 1980, en Sumarliði kvað sig nú ekki hafa átt þátt í ferð Vals Hugasonar.

Valur Hugason Hraunfjörð var yfirheyrður fyrir dómi 8. október 1980. Lýsti Valur þá aðdraganda ferðar þessarar þannig, að Sumarliði Óskar hafi komið að máli við sig og boðið sér gkr. 400.000 sem þóknun fyrir að halda til Kaupmannahafnar og kaupa þar hass. Kvað Valur sig hafa fallist á þessa skilmála og móttekið gkr. 1.400.000—1.500.000 frá Sumarliða. Hafi hluti af þeim fjármunum farið í fargjöld. Kvaðst Valur hafa keypt 350 grömm af hassi í Kaupmannahöfn, flutt efnið á sér hingað til lands og afhent efnið Sumarliða Óskari. Ferðin tók 3 til 4 daga, og kvað Valur sig skömmu eftir heimkomu hafa móttekið gkr. 400.000 frá Sumarliða Óskari sem þóknun fyrir ferðina.

Vegna ósamræmis í framburðum Sumarliða Óskars og Vals Hugasonar Hraunfjörð varðandi aðilja, er stóðu að utanför Vals, og hverjum efnið var afhent eftir heimkomu voru ofangreindir aðiljar samprófaðir fyrir dómi 14. október 1980. Hélt hvor aðili við sína fyrri framburði, er raktir hafa verið, og náðist ekki samræmi.

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 13. janúar 1981. Kvað Ragnheiður sig hafa látið ákærðu í máli þessu hafa gkr. 1.300.000 í mars 1980. Hafi helmingur verið hugsaður sem framlag Ragnheiðar sjálfrar og hún því móttekið frá ákærðu 120 grömm af hassi, eftir að einhver aðili, er hún vissi til, að hafi verið á vegum ákærðu til hasskaupa, kom aftur hingað til lands. Hinn helming fjárins kvað Ragnheiður hafa verið lán til ákærðu.

Ákæruliður III.

„Nokkru síðar í félagi við nefndan Sumarliða Óskar enn lagt nefndum Val Hugasyni Hraunfjörð til fé til hasskaupa í Kaupmannahöfn, nærri gkr. 1.500.000, og móttekið 300—350 gr af efninu eftir heimkomu Vals, sem fékk sem fyrr greitt fyrir sinn þátt, og ásamt Sumarliða Óskari selt efni þetta hérlendis ónefndum mönnum fyrir samtals gkr. 3—4.000.000.“

Ákærða bar um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, hjá lögreglu 25. október 1980. Kvað ákærða áðurnefndan Val Hugason Hraunfjörð hafa farið í ferð þessa með svipaða fjárupphæð og í ferð þá, er í ákærulið II

segir. Fjármagn kvað ákærða hafa verið ágóða af sölu fíkniefna, er Valur kom með úr ferð þeirri, er lýst var í ákærulið II. Kvað ákærða Sumarliða Óskar hafa selt um 150 grömm, og önnur 150 grömm kvað ákærða sig hafa notað sjálfa og fyrir kunningja, en ákærða kvað efnismagn úr þessari ferð hafa verið um 300 grömm. Loks kvað ákærða sig hafa notað ágóða af sölu fíkniefna úr þessari ferð til að fara í frí til Kaupmannahafnar.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980. Bar hún þá efnislega á sama veg og í lögregluyfirheyrslu þeirri, er að ofan var greint frá. Kvaðst ákærða hafa lagt Val til um 1.200.000 gkr. til fararinnar. Var greint fé ágóði af sölu fíkniefna úr ferð Vals skömmu áður. Hafi Valur síðan komið með um 300 grömm af svokölluðu Marakkóhassi til landsins, og voru honum greiddar gkr. 400.000, er sala efna var komin vel á veg. Ákærða kvað Sumarliða Óskar hafa að mestu annast sölu efnisins. Kvaðst ákærða hafa tekið við andvirði seldra efna. Aðspurð um heildarupphæð í því sambandi var bókað eftir ákærðu: „Það hafa þó aldrei verið yfir 3.000.000."

Sumarliði Óskar Arnórsson bar um þessa ferð Vals fyrir dómi 2. október 1980. Kvað Sumarliði ákærðu hafa lagt Val til gkr 1.—1.3 milljónir til fararinnar. Hafi Valur síðan komið með nálægt 300 grömmum af hassi úr ferðinni. Sumarliði kvaðst síðar hafa greitt Val gkr. 400.000 fyrir ferðina. Ákærða var að sögn Sumarliða gjaldkeri og söluandvirði verið skilað til hennar, og kvað Sumarliði sig hafa skilað söluandvirði efna úr þessari ferð, um 3.5 til 4.0 millj. gkr.

Sumarliði bar um ferð þessa fyrir dómi 9. október 1980 og kvað sig hafa afhent Val fé til fararinnar, en féð var þó eign ákærðu.

Fyrir dómi 14. október 1980 kvað Sumarliði líklegt, að hann hafi afhent Val fé til farar þessarar, en ákærða þó mjög líklega verið viðstödd.

Valur Hugason Hraunfjörð bar fyrst um ofangreinda för sína í lögregluyfirheyrslu 8. október 1980.

Síðar þann sama dag bar Valur efnislega á sama veg fyrir dómi. Kvað Valur Sumarliða Óskar hafa afhent sér nærri 1.5 milljónir gkr., og kvað Valur sig eigi vita, hvort Sumarliði ætti greint fé. Keypti Valur 350 grömm af hassi í Kaupmannahöfn. Kvaðst Valur hafa afhent Sumarliða efnið á heimili sínu og fengið 15 grömm af hassi upp í greiðslu fyrir ferðina og skömmu síðar móttekið 250.000 gkr. sem lokagreiðslu.

Ákæruliður IV.

„Um mánaðamót mars/apríl í félagi við nefndan Sumarliða Óskar lagt fé til kaupa Guðmundar Böðvarssonar á hassi í Kaupmannahöfn, móttekið u. þ. b. 200 gr af efninu í Reykjavík eftir heimkomu Guðmundar og síðan átt þátt í sölu efnisins til ónefndra manna, en eignarhlutur ákærðu og Sumarliða Óskars í efninu taldist a. m. k. 40—60 gr."

Sumarliði Óskar Arnórsson bar fyrst um för þessa hjá lögreglu 1. október 1980. Kvað Sumarliði Guðmund Böðvarsson hafa haldið utan á sínum vegum og ákærðu. Guðmundur keypti að sögn Sumarliða 200—300 grömm af hassi og flutti hingað til lands.

Sumarliði lýsti þessari utanför Guðmundar Böðvarssonar næst fyrir dómi 2. október 1980. Kvað Sumarliði við þá yfirheyrslu Guðmund hafa haldið utan með nálægt 1.5 milljónir gkr., sem var sameiginlegt framlag Sumarliða og ákærðu.

Enn bar Sumarliði um ferð þá, er í þessum ákærulið greinir, fyrir dómi 14. október 1980. Þá taldi Sumarliði áðurnefndar 1.5 milljónir gkr., er Guðmundi voru lagðar til fararinnar, einungis hafa verið eign ákærðu í máli þessu.

Guðmundur Böðvarsson var yfirheyrður fyrir dómi 25. október 1980. Lýsti hann þá kaupum sínum á 440 grömmum af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn í mars 1980. Ekki nefndi Guðmundur ákærðu sem framlagsaðilja til þeirrar farar, en kvað Sumarliða Óskar hafa lagt til fararinnar gkr. 300 þús. og hafi hann síðar fengið 60 grömm af efninu sem sinn hlut. Þó hafi Sumarliði móttekið til viðbótar 80 grömm til dreifingar, en ekki skilað andvirði.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980. Kvað ákærða sig ásamt Sumarliða Óskari hafa lagt Guðmundi Böðvarssyni til fé til farar þessarar. Kvað ákærða hlut sinn og Sumarliða hafa verið um 40 grömm af hassi. Ákærða kvað Guðmund Böðvarsson hafa skömmu eftir heimkomu haldið til Ólafsvíkur, en skilið eftir hassefni hjá sér og hún síðan séð um að dreifa og muni Guðmundur eiga hjá sér og Sumarliða um 1 milljón gkr. sem andvirði seldra efna. Kvað ákærða sig hafa verið fjárhaldsmann Sumarliða Óskars og sinn varðandi andvirði seldra fíkniefna.

Guðmundur Böðvarsson var enn yfirheyrður fyrir dómi 30. október 1980. Aðspurður um framlag ákærðu og Sumarliða Óskars til farar þeirrar, er í þessum ákærulið greinir, bar Guðmundur þá á sama veg og fyrr, eða að hafa móttekið 300 þús. gkr. sem framlag Sumarliða og ákærðu og afhent Sumarliða 60 grömm af hassi eftir heimkomu.

Ákæruliður V.

„Í maí keypt allt að 400 gr og ekki minna en 250 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson, sem flutti efnið síðan að undirlagi nefnds Sumarliða Óskars til Íslands, og var ákærðu, sem taldist eiga allt að 150 gr efnisins, kunnugt um, að efnið var að verulegu leyti ætlað til sölu hér á landi."

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 25. október 1980. Lýsti ákærða þá milligöngu um kaup á 300 grömmum af hassi í Christianíu í Kaupmanna-

höfn í maí 1980. Kvað ákærða sig hafa dvalið hjá systur sinni í Kaupmannahöfn um þetta leyti. Hafi hún keypt efnið fyrir Sigurgeir Baldursson, en sá kom til Kaupmannahafnar beinlínis til kaupa á hassi að sögn ákærðu. Kvaðst ákærða halda Val Hugason og Sumarliða Óskar Arnórsson vera eigendur efnanna, er Sigurgeir flutti til landsins.

Sigurgeir Baldursson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. október 1980 og greindi þá frá för sinni til Kaupmannahafnar í maí 1980 á vegum Sumarliða Óskars Arnórssonar. Er til Kaupmannahafnar kom, hélt Sigurgeir á fund ákærðu og afhenti henni fé til hasskaupa. Fyrir heimför kvað Sigurgeir ákærðu hafa afhent sér tvo plastpoka með hassdufti í og efnismagn hafi ekki verið minna en 300 grömm.

Sumarliði Óskar Arnórsson lýsti hlut sínum í ferð Sigurgeirs Baldurssonar við dómsyfirheyrslu 2. október 1980. Kvað Sumarliði, að Sigurgeir hafi haldið til Kaupmannahafnar með samskotafé frá nokkrum aðiljum og keypt þar 240—250 grömm af hassi. Sumarliði kvaðst hafa átt 50 til 60 grömm af efninu og móttók einnig 80 grömm, sem Sigurgeir kvað ákærðu hafa átt.

Ákærða kom fyrir dóm 30. október 1980. Kvað ákærða Sigurgeir Baldursson hafa komið að tali við sig í maí 1980, er hún var stödd í kaupmannahöfn, og beðið um aðstoð við hasskaup. Kvað ákærða sig hafa keypt nærri 400 grömmum af hassi. Kvað ákærða sig hafa átt 150 grömm af efninu. Kvað ákærða Sumarliða Óskar hafa tekið við efninu hér heima og selt efnið, en ekki skilað söluandvirði til ákærðu.

Ákæruliður VI.

„Í seinni hluta maí afhent ónafngreindum dönskum pilti í Kaupmannahöfn 4.000 kr. danskar í því skyni, að hann keypti hass og sendi ákærðu það til Íslands. Í júlí fékk ákærða síðan send frá Kaupmannahöfn um 157 gr af hassi, sem tollgæslan í Reykjavík fann og lagði hald á, áður en það barst í hendur ákærðu."

Ákærða lýsti fyrst háttsemi þeirri, er í þessum ákærulið greinir, hjá lögreglu 25. október 1980. Ákærða kvað sig hafa komist í kynni við danskan pilt í Kaupmannahöfn, meðan á dvöl ákærðu stóð þar í maí 1980. Afhenti ákærða hinum ónafngreinda pilti 4.000 kr. danskar, er kaupa skyldi hass fyrir og senda hingað til lands.

Ákærða fékk sendingu frá kaupmannahöfn 22. júlí 1980. Í greindum pakka var ýmislegt smádót ásamt 157.4 grömmum af hassi. Var pakkinn og innihald hans tekið í vörslur lögreglu og innihald hans merkt munaskrá 511.

Kvað ákærða sig við áðurgreinda lögregluyfirheyrslu vera eiganda pakk-

ans, en ekki hafa haft vitneskju um, hvenær pakkinn bærist hingað til lands.

Ákærða bar efnislega á sama veg fyrir dómi 30. október 1980.

Ákæruliður VII.

„Í júlí ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu 7 kannabisjurtir, þar til lögregla lagði hald á jurtirnar hinn 21. júlí".

Húsleit var gerð á heimili ákærðu 21. júlí 1980, og fundust þá á heimili hennar nokkrar kannabisplöntur. Voru nefndar plöntur teknar í vörslur lögreglu og klipptar niður og reyndust við vigtun 11.3 grömm.

Ákærða kannaðist við lögregluyfirheyrslu 29. júlí 1980 að hafa ræktað plöntur þessar á heimili sínu.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 30. október 1980 og staðfesti þá ofangreinda ræktun og að hafa reykt lítils háttar af þeim.

Ákæruliður VIII.

„Í ágúst fengið áðurnefndum Guðmundi Böðvarssyni í Reykjavík gkr. 400.000 í því skyni, að hann keypti hassefni fyrir ákærðu, og að nokkrum dögum liðnum móttekið 100 gr af hassi hjá Guðmundi og selt megnið af efninu, samtals um 70 gr, að mestu áðurnefndum Val Guðmundi Valssyni og ennfremur Tómasi Jakob Sigurðssyni í Reykjavík, ýmist á gkr. 12.500 eða 15.000 hvert gramm, og haft efnið að öðru leyti til eigin nota."

Ákærða bar við lögregluyfirheyrslu 25. október 1980 að hafa afhent Guðmundi Böðvarssyni gkr. 400 þús. til hasskaupa í Kaupmannahöfn í júlí 1980 og móttekið 100 grömm af hassi eftir heimkomu Guðmundar skömmu síðar.

Kvað ákærða sig hafa selt Val G. Valssyni alls 50 grömm af efninu og Tómasi Jakob Sigurðssyni 20 grömm. Síðar tók ákærða fram, að hugsanlegt væri, að efni það, er ákærða kvaðst hafa selt ofangreindum aðiljum, gæti verið komið úr einhverri annarri ferð, enda hefðu nefndir aðiljar oft komið á heimili ákærðu til kaupa á fíkniefnum.

Ákærða bar á sama veg fyrir dómi 30. október 1980, og aftur vék ákærða að áðurgreindri meintri ferð í dómsyfirheyrslu 1. nóvember 1980.

Ákærða kvaðst aðspurð í þinghaldi 17. febrúar 1982 ekki kannast við sakargiftir, er í þessum ákærulið greinir.

Tómas Jakob Sigurðsson var yfirheyrður hjá lögreglu 27. september 1980 og kvað sig þá undanfarið hafa átt fíkniefnaviðskipti við ýmsa, m. a. ákærðu í máli þessu.

Valur G. Valsson lýsti í lögregluyfirheyrslu 8. janúar 1981 fíkniefnaviðskiptum sínum við ákærðu. Kvað Valur sig hafa á löngu tímabili, eða frá

vetri 1979—1980 fram á sumar 1980, keypt alls 60 grömm af hassi af ákærðu í fjölmörgum afhendingum.

Ákæruliður IX.

„Í byrjun ágúst ásamt fleira fólki lagt fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hennar móttekið 370 gr af efninu á heimili sínu og fengið í sinn hlut a. m. k. 60 og allt að 120 gr þar af, en efnið skiptist að öðru leyti meðal annarra þátttakenda, m. a. nefndrar Báru og áðurnefnds Guðmundar Böðvarssonar. Ákærða seldi verulegan hluta síns efnisskammts ótilgreindum mönnum og hafði hluta til eigin nota."

Guðmundur Böðvarsson greindi frá ferð Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar til kaupa á hassi fyrir dómi 28. október 1980. Kvaðst Guðmundur hafa verið viðstaddur, er efni því, er Bára kom með hingað til lands, var skipt milli framlagsaðilja að Urðarstíg 7. Kvað Guðmundur ákærðu hafa fengið í sinn hlut 100 til 120 grömm af hassi. Þá kvaðst Guðmundur vita til, að ákærða hafi verulega neytt af sínum hlut og jafnframt selt.

Guðmundur Böðvarsson lýsti síðar 30. október 1980 fyrir dómi skiptingu efna, er Bára Grímsdóttir kom með úr ferð þessari. Kvað Guðmundur Báru Grímsdóttur hafa afhent ákærðu allt efnið, sem var um 400 grömm. Ákærða og Guðmundur skiptu síðan efninu niður í hluta, og kom í hlut ákærðu 120 grömm.

Ákærða bar um utanför Báru við dómsyfirheyrslu 1. nóvember 1980. Kvað ákærða Báru hafa komið með hingað til lands 370 grömm af hassi. Ákærða fékk af efni þessu 60 grömm að sögn og þar af notað sjálf um 20 grömm, selt ótilgreindum aðiljum 20 grömm og afhent Guðmundi Böðvarssyni 20 grömm til endursölu.

Bára Grímsddottir lýsti ferð sinni fyrir dómi 3. nóvember 1980 og kvað sig hafa keypt um 370 grömm af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn í byrjun ágúst s. á. Efnið afhenti Bára ákærðu að heimili hennar að Urðarstíg 7 hér í borg.

Ákæruliður X.

„Um mánaðamótin ágúst/september lagt fram gkr. 800.000 til hasskaupa áðurnefndrar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar í Kaupmannahöfn, en auk þeirra þriggja átti áðurnefndur Guðmundur Böðvarsson hlut að þessari för. Eftir heimkomu Báru og Kristjáns móttekið 180 gr af hassi sem sinn hlut, en alls keyptu þau 850 gr á um 30 kr. danskar hvert gramm og fluttu á heimili ákærðu, þar sem efninu var skipt.

Ákærða seldi nokkrum mönnum, m. a. Sigurði Jóhannssyni, samtals

allt að 120 gr af efninu á gkr. 15.000 hvert gramm og hafði jafnframt hluta þess til eigin nota."

Guðmundur Böðvarsson lýsti við lögregluyfirheyrslu 17. október 1980 utanför Kristjáns Einarssonar og Báru Grímsdóttur til Kaupmannahafnar um mánaðamótin ágúst/september 1980. Að sögn Guðmundar var ákærða ein þeirra, er átti þátt í greindri ferð, og var efninu skipt á heimili hennar eftir heimkomu Kristjáns og Báru, er fluttu með sér um 800 grömm af hassi. Guðmundur kvað 200 til 250 grömm af hassi hafa komið í hlut ákærðu.

Guðmundur Böðvarsson lýsti greindri för Kristjáns og Báru efnislega á sama veg fyrir dómi 28. október 1980, utan að Guðmundur kvað efnismagn úr ferðinni hafa verið nærri 900 grömmum, þar af 200 til 250 grömm til ákærðu, svo sem áður var getið.

Kristján Einarsson bar um greinda utanför hjá lögreglu 23. október 1980 og kvað efnismagn hafa verið 900—950 grömm.

Bára Grímsdóttir bar um ferð þessa fyrir dómi 3. nóvember 1980 og kvað efnismagn hafa verið 800—900 grömm.

Hvorki Bára né Kristján báru um efnishlut ákærðu úr för þessari, en kváðu efninu hafa verið skipt að Urðarstíg 7.

Ákærða bar um hlut sinn í ofangreindri ferð Kristjáns Einarssonar og Báru Grímsdóttur fyrir dómi 1. nóvember 1980. Kvaðst ákærða hafa afhent Guðmundi Böðvarssyni gkr. 800 þús. og fengið í sinn hlut 180 grömm af hassi. Ákærða nafngreindi nokkra aðilja, er keypt hefðu af sér fíkniefni úr ferð þessari. Ákærða nefndi, að líklegt væri, að efni úr einstöku ferðum blönduðust. Loks kvaðst ákærða hafa afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.2 millj., sem var andvirði seldra efna frá fyrri hluta september 1980.

Ákæruliður XI.

„Í fyrri hluta september fengið áðurgreindum Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.200.000—1.400.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn og eftir heimkomu hans móttekið 340—360 gr af efninu á heimili hans að Ránargötu 23 í Reykjavík og greitt honum gkr. 400.000 fyrir hans þátt í öflun efnisins. Ákærða seldi hluta þessa efnis ótilgreindum mönnum, en 2. október fann lögregla um 326 gr efnisins á heimili ákærðu og lagði hald á það."

Valur Hugason greindi frá ferð sinni til Kaupmannahafnar á vegum ákærðu hjá lögreglu 8. október 1980. Kvaðst Valur hafa móttekið gkr. 1.4 millj. hjá ákærðu og keypt í Christianíu í Kaupmannahöfn 340 grömm af hassi, sem hann afhenti ákærðu eftir heimkomu að Ránargötu 23 hér í borg. Skömmu síðar hafi ákærða greitt sér gkr. 400 þús. sem þóknun fyrir ferðina.

Ákærða bar efnislega á sama veg og Valur um greinda för fyrir dómi 1. nóvember 1980.

Þá kvað ákærða efnismagn hafa verið 360 grömm. Ákærða kvað ekki vera um hagnað að ræða úr fíkniefnasölu af sinni hálfu.

Gerð var húsleit á heimili ákærðu að Urðarstíg 7 hér í borg 2. október 1980. Fundust þá ýmsir munir og tæki tengd fíkniefnameðhöndlun. Þá fundust 339 grömm af hassi, sem tekið var í vörslur lögreglu og merkt efnaskrá nr. 538, nr. 539 og 540. Munir þeir, er lögregla lagði hald á við greinda húsleit, voru merktir munaskrá nr. 203.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburðu ákærðu, sem studdur er framburði Ragnheiðar Valgarðsdóttur, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í janúar til febrúar 1980 keypt 100 grömm af hassi af Ragnheiði Valgarðsdóttur á gkr. 10.000 hvert gramm og selt um 70 grömm af efninu sér ókunnum aðiljum á gkr. 12.500 hvert gramm. Sjálf notaði ákærða um 30 grömm af efninu.

Verjandi krefst sýknu af þessum ákærulið og telur m. a. játningu ákærðu standa á veikum grunni. Dómurinn telur ekkert fram koma í gögnum málsins, sem veiki framburð ákærðu, sem studdur er samhljóða framburði Ragnheiðar Valgarðsdóttur.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni staðið að utanför Vals H. Hraunfjörð í mars 1980. Lagði ákærða Val til gkr. 1.3 milljónir til fararinnar. Umrætt fé hafði ákærða fengið hjá Ragnheiði Valgarðsdóttur. Eftir heimkomu Vals móttók ákærða 350 grömm af hassi að Ránargötu 23 hér í borg og greiddi nefndum Val gkr. 400 þúsund sem þóknun fyrir ferðina. Ákærða afhenti Ragnheiði Valgarðsdóttur 120 grömm af efninu, sem var í samræmi við framlag Ragnheiðar til fararinnar. Þá stóð ákærða ásamt Sumarliða Óskari að dreifingu efnanna. Meðal kaupenda var Valur G. Valsson.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður III.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi í samráði við Sumarliða Óskar Arnórsson lagt á ráðin um för Vals Hugasonar Hraunfjörð til Kaupmanna-

hafnar skömmu eftir ferð þá, er rakin var í ákærulið II. Sumarliði Óskar móttók eftir heimkomu Vals 350 grömm af hassi og seldi verulegan hluta þeirra efna og skilaði söluandvirði til ákærðu, sem þannig mun hafa tekið við a. m. k. gkr. 3 milljónum.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður IV.

Dómurinn telur sannað, að ákærða hafi ásamt Sumarliða Óskari Arnórssyni lagt Guðmundi Böðvarssyni til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn í mars/apríl 1980. Sameiginlegur hlutur ákærðu og Sumarliða Óskars úr ferð þessari var 40 grömm af hassi.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður V.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu og að öðrum gögnum málsins virtum, að ákærða hafi í maí 1980 keypt allt að 400 grömmum af hassi í Kaupmannahöfn fyrir Sigurgeir Baldursson. Sá flutti efnið hingað til lands, og átti ákærða allt að 150 grömmum af efninu.

Verjandi telur, að þar sem hér sé um brot erlendis að ræða og engin sérstök heimild sé í lögum nr. 65/1974 til að refsa fyrir slík og að ekki sé vitnað til 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru, þá sé mjög vafasamt, að hægt sé að refsa ákærðu fyrir brot, sem ekki beinast gegn íslenskum hagsmunum.

Ákærðu, er kvað Sigurgeir Baldursson hafa komið til Kaupmannahafnar beinlínis til hasskaupa, var ljóst, að efnið ætlaði Sigurgeir að flytja hingað til lands, enda átti ákærða sjálf ríflegan hlut af heildarefnismagni.

Ekki er nauðsynlegt, að lög nr. 65/1974 hafi sjálf að geyma heimild til að refsa fyrir brot framin erlendis, þar sem ákvæði 2. tl 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ná til allra brota samkvæmt íslenskri löggjöf, þar með talin lög nr. 65/1974.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VI.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi í maí 1980 afhent ónafngreindum dönskum pilti 4.000 danskar krónur í því skyni, að hann keypti hass og sendi það hingað til lands, þar sem ákærða tæki við því. Í júlí 1980 voru svo send hingað til lands 157 grömm af hassi til ákærðu. Tollgæslan lagði hald á efnið.

Eigi er fallist á rök verjanda fyrir því, að um tilraunaverknað sé að ræða.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VII.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa ræktað á heimili sínu kannabisjurtir, sem lögreglan lagði hald á við húsleit 21. júlí 1980. Voru plönturnar klipptar niður og vógu 11.3 grömm.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður VIII.

Ákærðu er í þessum ákærulið m. a. gefið að sök að hafa selt Val Guðmundi Valssyni og Tómasi Jakob Sigurðsyni hassefni úr þessari meintu ferð Guðmundar Böðvarssonar.

Ákærða hefur talið hugsanlegt, að efni selt ofangreindum aðiljum hafi komið úr einhverjum öðrum innkaupaferðum, og loks hefur ákærða borið af sér þátttöku í þessari meintu ferð fyrir dómi 17. febrúar 1982.

Ekki verður ráðið af framburðum Vals Guðmundar Valssonar og Tómasar Jakobs Sigurðssonar, að efni það, er þeir keyptu af ákærðu á löngu tímabili, sé komið úr þessari meintu ferð Guðmundar Böðvarssonar.

Guðmundur Böðvarsson hefur aldrei borið um ferð þessa.

Samkvæmt ofanrituðu og með vísan til 108. gr. laga 74/1974 ber að sýkna ákærðu af ákærulið þessum.

Ákæruliður IX.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærðu, sem studdur er framburðum Guðmundar Böðvarssonar og Báru Grímsdóttur, að ákærða hafi í ágúst 1980 lagt fram fé til kaupa Báru Grímsdóttur á hassi í Kaupmannahöfn. Ákærða tók við 370 grömmum af hassi eftir heimkomu Báru Grímsdóttur og afhenti Báru um 40 grömm af efninu sem þóknun fyrir ferðina. Hlutur ákærðu var 60 grömm af efninu, og seldi ákærða allt að 20 grömmum ónafngreindum aðiljum.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður X.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, nánar að hafa lagt fram gkr. 800 þúsund til hasskaupafarar Báru Grímsdóttur og Kristjáns Einarssonar til Kaupmannahafnar um mánaðamótin ágúst/september 1980. Í hlut ákærðu komu 180 grömm af hassi, en efninu var skipt á heimili ákærðu milli aðilja, er áttu hlut í áðurgreindri för. Ákærða seldi nokkrum nafngreindum aðiljum af efninu.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður XI.

Dóminum þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í byrjun september 1980 afhent Val Hugasyni Hraunfjörð gkr. 1.4 milljónir til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn.

Ákærða tók við 340 grömmum af hassi frá Val eftir heimkomu hans og greiddi honum skömmu síðar gkr. 400 þúsund sem þóknun fyrir greinda ferð.

Lögreglan fann við húsleit á heimili ákærðu að Urðarstíg 7 hér í borg 2. október 1980 alls 339 grömm af hassi, þar af 326 grömm úr áðurgreindri för Vals á vegum ákærðu.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ofangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. enn fremur 4. gr. laga nr. 65/1974 varðandi brot í VII. lið ákæru. Brot ákærðu í V. lið ákæru varðar við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerð nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur, svo sem að ofan er rakið, frá því í janúar 1980 og fram á haust það ár stöðugt haft um hönd og verslað með fíkniefni. Oftast lagði ákærða fram fé til aðilja, er héldu utan til hasskaupa, og voru sumar ferðanna farnar á vegum ákærðu einnar.

Þá keypti ákærða fyrir aðilja hass í Kaupmannahöfn, er flutt var hingað til lands, og átti ákærða sjálf hlut þeirra efna.

Þá er ljóst af gögnum málsins, að ákærða hefur selt verulegan hluta efnanna og jafnan lagt hluta ágóðans, sem var allnokkur, til frekari fíkniefnakaupa síðar. Þá fékk ákærða aðilja til liðs við sig við sölu efna, og var söluandvirði skilað ákærðu.

Auk þess sem ákærða stóð ein í að fá fyrir sig aðilja til að flytja inn fíkniefni þá átti hún í nokkrum tilvikum samstarf við Sumarliða Óskar Arnórsson og stundum fleiri. Ákærða hefur því oft verið aðalmaður brota. Ákærða hélt áfram brotastarfsemi, eftir að hún hafði verið grunuð um fíkniefnamisferli og hafði verið yfirheyrð vegna þess. Hefur brotavilji ákærðu því verið allsterkur. Verður ofangreint virt ákærðu til þyngingar, sbr. 5. tl 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur þrisvar gengist undir dómssátt vegna fíkniefnabrota. Dómsáttirnar eru frá 2. nóvember 1978, 23. október 1979 og 6.júní 1980. Verður ofangreint virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða hefur ekki gerst sek um fíkniefnamisferli, frá því að brotastarf-

semi lauk á árinu 1980. Verður það virt ákærðu til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómurinn lítur á brot ákærðu sem samfellda brotasstarfsemi, sem virða beri sem heild við refsimat.

Verður refsing ákærðu því ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga auk 78. gr. sömu laga.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sem fangelsi í 6 mánuði. Refsingu til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hennar 29 dagar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærðu með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt, er renni í ríkissjóð, og komi fangelsi í 90 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 157.4 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 511, 11.3 grömm af niðurklipptum kannabisplöntum, merkt efnaskrá nr. 537, 112.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 539, 214 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 540, 12.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 538, leirkrukka með hassleifum í, merkt efnaskrá 538, og 7 stykki hassreykingarpípur, merktar munaskrá nr. 203.

Ákærða greiði með vísan til 141. gr. laga 74/1974 allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærða, Helga Gísladóttir, fædd 4. janúar 1958 í Reykjavík, nú til heimilis að Urðarstíg 7 hér í borg, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu komi 29 dagar, er ákærða sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærða greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 90 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 157.4 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 511, 11.3 grömm af niðurklipptum kannabisplöntum, merkt efnaskrá nr. 537, 112.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 539, 214 grömm af hassi, merkt efnaskrá 538, leirkrukka með hassleifum í, merkt efnaskrá 538, og sjö hassreykingarpípur, merktar munaskrá nr. 203.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 207/1982. **Kristján Pétursson**
gegn
Vélsmiðjunni Loga h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 233/1982. **Geir Viðar Vilhjálmsson**
gegn
Alþýðubankanum h/f
Landsbanka Íslands
Póst- og símamálastofnun og
Rafmagnsveitum ríkisins.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu Landsbanka Íslands og Póst- og símamálastofnun, sem sótt hafa dómþing í málinu og sameiginlega krafist ómaksbóta, samtals 1.800.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þá greiði hann stefnda Rafmagnsveitum ríkisins, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.800.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 93/1983. **Guðný Jónsdóttir**
gegn
Carli J. Eiríkssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi felli niður.

Áfrýjandi, Guðný Jónsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1983.

Nr. 240/1980. **Guðmundur Davíðsson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Guðna Hans Bjarnasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. desember 1980. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu. Til vara krefst hann þess, að hin dæmda fjárhæð verði lækkuð í 9.412.00 krónur (nýkr.). Í báðum tilvikum krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, sem sótti ekki dómþing í héraði, hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né lagt nein gögn fyrir Hæstarétt aðalkröfu sinni til stuðnings. Varakrafa hans er talin miðuð við það, að hann hafi lagt stefnda til handlangara við múrvinnuna og sjálfur goldið þeim manni laun. Hefur áfrýjandi til stuðnings þessu lagt fyrir Hæstarétt vottorð frá Gústaf Svanssyni, Ferjubakka 8, um, að hann hafi unnið að handlönguninni fyrir áfrýjanda. En með því að stefndi hefur mótmælt vottorðinu og það er óstaðfest, verða staðhæfingar áfrýjanda um þetta atriði að teljast ósannaðar. Samkvæmt þessu, og þar sem upphafstíma vaxta er ekki mótmælt, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að dráttarvextir af dæmdri fjárhæð verða ekki reiknaðir hærri en í dómsorði greinir.

Eftir þessu úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 22% ársvextir frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 45% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðmundur Davíðsson, greiði stefnda, Guðna Hans Bjarnasyni, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. október 1979, af Guðna Hans Bjarnasyni múrara, Einarsnesi 66, Reykjavík, gegn Guðmundi Davíðssyni, Unufelli 48, Reykja-

vík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.557.063 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1979 til 1. september s. á., en með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Á bæjarþingi Reykjavíkur þann 6. mars sl. lækkaði stefnandi stefnufjárhæð um kr. 98.930.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að á síðastliðnum vetri hafi stefnandi tekið að sér að múra hluta fasteignarinnar nr. 8 við Brekkutanga í Mosfellssveit, en eigandi þeirrar eignar hafi verið stefndi. Stefnandi hafi unnið að verkinu ásamt tveimur starfsmönnum sínum á tímabilinu 15. mars til 11. maí sl. Hafi hann oft orðið að hverfa frá verkinu, bæði þar sem vantaði efni og eins vegna þess, að húsið var á því byggingarstigi, að aðrar framkvæmdir töfðu fyrir framgangi múrverksins. Hinn 11. maí sl. hafi verið eftir að múra stigahús og eins hafi einhverjum smærri frágangi verið ólokið. Hafi stefnandi tilkynnt stefnda, að hann mundi ljúka verkinu, þegar mótarif hefði farið fram og reistir hefðu verið vinnupallar, og hafi hann beðið stefnda að láta sig vita, er hann væri tilbúinn. Skömmu síðar hafi stefnandi séð, að aðrir múrarar voru farnir að vinna við húseignina, og hafi afskiptum hans af verkinu þar með lokið. Í ágúst hafi verkið verið mælt upp af Múrarafélagi Reykjavíkur og hafi verkið numið skv. uppmælingu kr. 2.398.123 og hafi endurskoðunargjald verið kr. 60.010. Stefnandi hafi verið viðstaddur, er mæling fór fram, og hafi gætt þess, að ekkert væri mælt, sem hann hafði ekki unnið sjálfur. Á verktímanum hafi stefndi greitt inn á verkið kr. 1.000.000, en hafi ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fengist til að greiða eftirstöðvar reikningsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 197.900.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Davíðsson, greiði stefnanda, Guðna Hans Bjarnasyni, kr. 1.458.133 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 197.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 230/1980. **M**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

K

(Gylfi Thorlacius hrl.)

og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins

(Gunnlagur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Barnalög. Synjað um endurgreiðslu meðlags.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 12. nóvember 1980.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða sér 40.036.47 krónur með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af 3.678.37 krónum frá 31. desember 1975 til 31. desember 1976, 2½% dráttarvöxtum af 4.858.63 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 31. desember 1977, af 6.542.36 krónum frá þeim degi til 31. desember 1978, af 9.187.63 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af 40.036.47 krónum frá þeim degi tl 1. september 1979, en með 4½% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda K krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 24. mars 1981.

Stefndu fjármálaráðherra f. h ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, viðurkenndi áfrýjandi fyrir sýslumanninum í Árnessýslu, að hann væri faðir barns þess, sem stefnda K ól 29. maí 1966. Áfrýjandi hefur ekki fengið þeirri faðernisviðurkenningu hnekkt með dómi, sbr. nú 10. gr. laga nr. 9/1981. Telst hann því faðir barnsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947, sbr. nú 1. mgr. 8. gr. laga nr. 9/1981. Ósannað er, að stefnda K hafi haft í frammi vísvitandi blekkingu, er hún lýsti áfrýjanda föður að barni sínu, eða sýnt af sér svo vítavert athæfi, að hún þurfi að endurgreiða þegið meðlag. Endurgreiðsla meðlagsins mundi auk þess koma þungt niður á stefndu K, sem tók við því í þeirri trú, að um endanlega greiðslu væri að ræða.

Samkvæmt þessu og þar sem miskabótakrafan á ekki við nein rök að styðjast, ber að sýkna stefndu K að kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Fyrir Hæstarétti byggist krafa áfrýjanda á hendur stefndu fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra eingöngu á því, að sýslumaður Árnessýslu hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar. Engin gögn liggja fyrir í málinu, sem sýni, að sýslumaðurinn hafi ekki gætt réttra starfsaðferða, og ber að sýkna fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra af kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Gjafvarnarkotnaður stefndu K fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðst talsmanns hennar, 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur M, . . ., höfðað fyrir

bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. október 1979, gegn K, . . ., og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis til greiðslu in solidum á kr. 4.003.647 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 367.837 frá 31. desember 1975 til 31. desember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 485.863 frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði til 31. desember 1977, af kr. 654.236 frá þeim degi til 31. desember 1978, en af kr. 918.763 frá þeim degi til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 4.003.647 frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda K gerir þær dómkröfur aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð stórlega. Hún krefst einnig, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með leyfi, dags. 29. janúar 1980, veitti dómsmálaráðherra K gjafvörn í málinu.

Af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara er þess krafist, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð til mikilla muna og verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 23. september 1966, fór sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu, að aflað yrði viðurkenningar stefnanda að vera faðir barns þess, sem stefnda K ól 29. maí 1966, en hún hafði lýst stefnanda föður þess. Var jafnframt óskað eftir, að gefinn yrði út meðlagsúrskurður og að barnsföðurnum yrði gert að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess, tryggingargjald móðurinnar fyrir árið 1966 og hæfilegan fæðingarstyrk hennar. Stefnandi var kvaddur fyrir sýslumanninn í Árnessýslu, og viðurkenndi hann að vera faðir barnsins. Var kveðinn upp meðlagsúrskurður, þar sem kveðið var á um skyldu stefnanda til að greiða meðlög með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk, kr. 9.985, og tryggingariðgjald barnsmóður fyrir árið 1966. Var úrskurðurinn birtur stefnanda samdægurs, 4. október 1966. Með bréfi, dags. 20. mars 1979, fór lögmaður stefnanda þess á leit við yfirsakadómarann í Reykjavík, að fram færi rannsókn á faðerni barnsins, þar sem stefnandi hefði vefengt að vera faðir þess. Hafði stefnda K samþykkt, að hún og barnið gengjust undir blóðrannsókn í þessu skyni. Hinn 3. apríl 1979 voru síðan tekin blóðsýni úr stefnanda, stefndu K og barninu og þau rannsökuð í Rannsóknastofu Háskólans. Í álitsgerð dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 10. maí 1979, um

niðurstöður rannsóknarinnar segir svo: „Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar getur M ekki verið faðir . . . dóttur K, þar eð eiginleikinn B, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né M. Einnig mælir erfðamáti Rh-kerfisins gegn því, að M sé faðir telpunnar." Hinn 7. nóvember sama ár voru blóðsýni tekin að nýju og rannsóknin endurtekin. Um niðurstöðu þeirrar rannsóknar segir svo í álitsgerð dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 18. desember 1979: „Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar getur M ekki verið faðir . . . dóttur K, þar eð eigileikinn B, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né M. Erfðamáti Rh-kerfisins mælir einnig gegn því, að M sé faðir telpunnar. Rannsókn þessi er endurtekin að beiðni lögmanns sóknaraðila (móður)". Að kröfu stefnanda kvað sýslumaðurinn í Árnessýslu upp úrskurð hinn 30. maí 1979, þar sem úrskurðurinn frá 4. október 1966 var felldur úr gildi með vísan til niðurstöðu Rannsóknastofu Háskólans, og voru allar frekari greiðslu felldar niður frá uppkvaðningu síðari úrskurðarins.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi kynnst stefndu K lítillega og hafi þau haft samfarir einu sinni. Muni það hafa verið í ágústmánuði. Það hafi svo verið á næsta ári sem K hafi skrifað honum og hafi hún kennt honum barn það, sem hún gekk með. Hann hafi ekki svarað bréfinu, en hann hafi farið til Reykjavíkur, þegar K var komin þangað með barnið, og hafi þau þá rætt saman. Hafi hann sagt K, að fleiri gætu komið til greina en hann sem faðir barnsins, en K hafi þá sagst mundu sverja faðernið á hann, ef hann gengist ekki við því. Mun ekki hafa komið til álita í samtali þessu, að látin yrði fara fram blóðrannsókn. Stefnandi kveður það svo hafa gerst nokkuð löngu eftir þetta, að tveir lögreglumenn hafi komið til sín, þar sem hann var við vinnu sína, og beðið sig um að koma með þeim. Hann hafi spurt þá, hvað um væri að vera, en hann hafi ekki fengið neitt svar. Kveður hann svo lögregluþjónana hafa farið með sig í skrifstofu sýslumannsins og hafi þeir síðan farið fram fyrir. Hann kveður svo sýslumanninn hafa gert sér grein fyrir því, að K kenndi sér barnið. Kveðst hann ekki hafa þrætt fyrir að hafa verið með K, en hann hafi sagt sýslumanninum, að fleiri gætu átt þar hlut að máli. Hafi svo orðið smáhlé á samtali þeirra, en sýslumaðurinn hafi þá spurt, hvort hann ætti barnið eða ætti það ekki. Kveðst stefnandi hafa svarað, að hann vissi það ekki. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað, hvað hann átti að gera, og hafi hann svo meðgengið barnið. Hafi hann síðan undirritað skjal hjá sýslumanninum, þar sem fram hafi komið, að hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Stefnandi kveður nú ekkert samband hafa verið milli sín og K. Það hafi ekki heyrst frá henni og hann hafi ekki haft samband við hana.

Stefnandi kveðst nú ekkert hafa gert í málinu, því að hann hafi ekki

talið það hafa neina þýðingu, eins og gengið var frá málinu í upphafi.

Stefnda K hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst stefnanda sumarið 1965. Þau hafi ekki verið mikið saman. Hafi þau haft samfarir saman að minnsta kosti tvisvar sinnum. Hafi það verið um mánaðamót ágúst og september sem hún hafi orðið vör við, að hún væri vanfær að barni því, sem hún kenndi stefnanda. Hafi hún fyrir fæðingu barnsins ekki haft samfarir við aðra menn en stefnanda. Það hafi svo verið um mánaðamót september og október það ár, að hún hafi látið stefnanda vita af því, að hún teldi hann föður barnsins. Hún hafi þá verið utanbæjar og hafi hún skrifað stefnanda um þetta. Þau hafi svo talað saman í síma og hafi hann ekki virst óánægður yfir því. Hún hafi boðist til að koma suður með barnið, til að hann gæti fengið að sjá það, ef hann efaðist um að vera faðir þess. Hún kveðst svo hafa komið til Reykjavíkur, þegar barnið var þriggja til fjögurra mánaða gamalt, og hafi stefnandi þá komið, en hann hafi ekki viljað sjá barnið. Hann hafi spurt, hvort hún væri viss um, að hann væri faðir barnsins, og hafi hún svarað því játandi. Hafi hún sagt, að ef hann efaðist um að vera faðir barnsins, gæti hann látið rannsaka það. Hún hafi spurt hann, hvort hann mundi ganga frá faðernisviðurkenningu, og hafi hann játað því. Hún kveðst svo hafa sagt sýslumanningum, er hún kom norður aftur, að stefnandi viðurkenndi að vera faðir barnsins. K kveður þau stefnanda ekki hafa hist eftir þetta og ekki talað saman fyrr en í janúarmánuði á síðasta ári, að stefnandi hafi óskað eftir, að hún og barnið færu í blóðrannsókn.

Krafa stefnanda á hendur stefndu K er byggð á því, að hún hafi með ólögmætum hætti haft af honum fé með því að benda ranglega á hann sem föður að barni því, sem hún ól 29. maí 1966. Hafi stefnanda ranglega verið gert að greiða meðlög með barninu og aðrar fjárhæðir samkvæmt meðlagsúrskurði þeim, sem kveðinn var upp 4. október 1966. Hafi nú verið upplýst með vísindalegum rannsóknum, að stefnandi geti ekki verið faðir barnsins. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að stefnda K hefði vísvitandi bent ranglega á stefnanda sem föður barnsins. Er því haldið fram, að stefnandi eigi því ekki aðeins endurgreiðslukröfu á hendur stefndu K, heldur einnig skaðabótakröfu fyrir allt það tjón, sem hlotist hafi af hinni röngu ábendingu. Nemi tjón stefnanda fjárhæðum meðlagsgreiðslna þeirra, sem honum var gert að greiða með barninu, svo og öðrum greiðslum samkvæmt meðlagsúrskurðinum. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi hlotið mikinn miska af hinni röngu ábendingu, bæði sökum þess, að hann hafi þurft að inna af hendi háar greiðslu, er hann var ungur maður að hefja lífsbaráttuna, og einnig hafi hann orðið fyrir siðferðilegum hnekki. Er því haldi fram, að kröfum stefnanda sé réttilega beint að stefndu K, þar sem kröfugerðin sé byggð á ólögmætum aðgerðum hennar og sé ekki

fyrir hendi réttarsamband milli stefnanda og barnsins eða fósturforeldra þess.

Krafa stefnanda á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins er byggð á því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnanda, er hann innti stefnanda eftir því, hvort hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Hafi sýslumaðurinn ekki gert stefnanda ljóst, hver réttarstaða hans var. Ef það hefði verið gert, hefði aldrei komið til þess, að stefnandi yrði úrskurðaður meðlagsskyldur með barninu. Þótt sýslumaðurinn hafi ekki komið fram þarna sem dómari, hafi honum þrátt fyrir það borið að leiðbeina stefnanda. Er því haldið fram, að ríkisvaldið, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins, beri húsbóndaábyrgð á gerðum sýslumanna, er þeir koma fram sem yfirvald, og því beri ríkisvaldinu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna skorts á leiðbeiningum sýslumannsins í umrætt sinn. Er því haldið fram, að atriði þau, sem skaðabótaskylda allra stefndu sé byggð á, sé svo samofin, að ekki verði úr þeim greitt, og því sé um að ræða óskipta fébótaábyrgð þeirra. Við munnlegan flutnings málsins kom fram af hálfu stefnanda, að með því að láta tvo lögreglumenn sækja stefnanda og með framkomu sinni gagnvart stefnanda að öðru leyti kunni sýslumaðurinn að hafa haft þau áhrif á stefnanda, sem verið hafi ungur og óreyndur, að hann hafi viðurkennt að vera faðir barnsins. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eins og grundvelli og eðli kröfu stefnanda sé háttað á hendur öllum stefndu, þá geti ekki verið um það að ræða, að hún sé fallin niður fyrir fyrningu.

Sýknukrafa stefndu K er í fyrsta lagi byggð á því, að hún sé ekki réttur varnaraðili máls þessa, enda hafi ekkert af fé því, sem stefnanda var gert að greiða með barninu, runnið til hennar. Fyrstu fjögur árin hafi barnið alist upp hjá hjónum, sem hafi ætlað að ættleiða það, en af því hafi ekki orðið. Hafi foreldrar stefndu K þá tekið barnið til sín og alið það upp sem sitt barn. Hafi Greiðslur þær, sem stefnanda var gert að greiða, runnið til þessara aðilja. Því hafi stefnanda borið að stefna lögráðamanni barnsins fyrir þess hönd eða framangreindum aðiljum, sem önnuðust uppeldi barnsins, til endurheimtu fjárhæða þeirra, sem hann innti af hendi í þágu barnsins. Þá er því haldið fram, að K hafi verið í góðri trú, er hún taldi stefnanda föður barnsins, enda hafi þau haft samfarir á þeim tíma, sem var eðlilegur getnaðartími barnsins. Hafi stefnandi heldur ekki mótmælt því að vera faðir barnsins, er þau hittust í Reykjavík og töluðu saman. Hafi það ekki verið fyrr en skömmu áður en rekstur máls þessa hófst sem hún hafi vitað, að stefnandi efaðist um að vera faðir barnsins. Hafi hún þá þegar samþykkt, að hún og barnið gengjust undir rannsókn til að fá skorið úr efa-

semdum stefnanda, þótt ekki bæri henni skylda til þess að lögum. Þá er sýknukrafa stefndu K einnig byggð á því, að krafa, sem stefnandi kunni að hafa átt, sé fallin niður fyrir aðgerðarleysi hans, enda hafi honum þegar í upphafi og hvenær sem var eftir það verið í lófa lagið að fara fram á, að framkvæmd yrði blóðrannsókn. Hefði stefnda K þegar í stað samþykkt að gangast undir slíka rannsókn ásamt barninu, svo sem og varð, er stefnandi loksins óskaði eftir henni, en þá hafi verið liðin 13 ár, frá því stefnandi gekkst við faðerni barnsins. Er því sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi á þeim tíma reynt að fá meðlagsúrskurðinum breytt. Þá er sýknukrafa stefndu K byggð á því, að krafa, sem stefnandi kunni að hafa átt, sé fallin niður fyrir fyrningu skv. 3. gr. laga nr. 14/1905. Kröfu stefnanda um miskabætur er mótmælt sem fráleitri svo og fjárhæð þess liðar kröfugerðar stefnanda. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinum miska af því að teljast faðir barnsins og inna af hendi greiðslur samkvæmt meðlagsúrskurðinum, en það hafi verið algerlega á valdi hans sjálfs að viðurkenna faðerni barnsins eða synja fyrir það.

Sýknukrafa stefndu fjármálaráðherra f. h. fjármálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins er byggð á því, að með öllu séu ósannaðar ásakanir stefnanda á hendur sýslumanninum í Árnessýslu um mistök í starfi og misbeitingu valds. Því hafi ekki skapast neinn grundvöllur fyrir kröfum stefnanda á hendur þessum stefndu í málinu. Sé með öllu ósannað annað en að sýslumaðurinn hafi gefið stefnanda allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi voru, og að stefnandi hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist við faðerni barnsins. Hafi svo meðlagsúrskurður verið kveðinn upp og birtur fyrir stefnanda með lögmætum og venjubundnum hætti. Ekki séu til neinar reglur í íslenskum rétti um leiðbeiningarskyldu yfirvalds á sviði stjórnsýslu og þótt sýslumenn séu einnig héraðsdómarar, þá fylgi hin ríka leiðbeiningarskylda dómara þeim ekki, er þeir sinna störfum sem yfirvald. Er því haldið fram, að með öllu sé ósannað, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi sem fulltrúi ríkisvaldsins valdið stefnanda neinum réttarspjöllum, er varðað geti ríkisvaldið bótaábyrgð. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi árangurslaust reynt að fá meðlagsúrskurðinum breytt eða hrundið, svo sem fram komi í skjölum málsins af hálfu stefnanda. Hafi það fyrst verið með bréfi lögmanns stefnanda 20. mars 1979 sem bornar hafi verið formlega brigður á réttmæti faðernisviðurkenningar stefnanda og meðlagsúrskurðarins frá 4. október 1966. Hafi þá þegar verið hafist handa um blóðflokkarannsókn, sem leitt hafi til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi geti ekki verið faðir barnsins. Hafi svo sýslumaðurinn í Árnessýslu fellt meðlagsúrskurðinn úr gildi 30. maí 1979 og hafi allar greiðslur stefnanda með barninu verið felldar niður frá og með þeim degi. Til vara

er fjárhæð dómkröfu stefnanda mótmælt sem of hárri, og jafnframt er kröfu um dráttarvexti mótmælt.

Þótt það sé móðir óskilgetins barns, lögráðamaður eða þeir, sem annast framfærslu barnsins, sem aðild eiga að kröfu um meðlagsúrskuð á hendur barnsföður, þá verður að telja það reglu íslensks réttar, að óskilgetin börn eigi sjálf rétt til meðlagsins úr hendi föður. Verður stefnda K því sýknuð vegna aðildarskorts af kröfum stefnanda að því leyti, að á því er byggt, að um sé að ræða kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra barnsmeðlaga.

Stefnda K kenndi stefnanda barna það, sem hún ól 29. maí 1966. Fór hún þess á leit við sýslumanninn í Húnavatnssýslu, að aflað yrði faðernisviðurkenningar stefnanda. Sendi sýslumaðurinn það erindi sýslumanninum í Árnessýslu, þar sem stefnandi bjó. Er gert ráð fyrir slíkum faðernisviðurkenningum í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947 um forræði óskilgetinna barna, án þess að til barnsfaðernismáls komi. Sýslumaðurinn kvaddi stefnanda á sinn fund og bar undir hann, hvort hann viðurkenndi að vera faðir barnsins. Viðurkenndi stefnandi eftir nokkra umhugsum að vera faðir barnsins. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stefndu K á tímabili, er getur verið getnaðartími barnsins. Þótt niðurstöður rannsókna, sem fram hafa farið, útiloki nú, að stefnandi geti verið faðir barnsins, þá verður að telja ósannað, að stefnda K hafi vísvitandi ranglega kennt honum faðernið. Með vísan til þessa þykir stefnandi ekki eiga rétt samkvæmt reglum skaðabótaréttar að heimta fjárhæðir þær, sem hann hefur innt af hendi sem meðlög með barninu. Ekki er gerð krafa um greiðslu fjárhæðar fæðingarstyrks eða tryggingargjalds stefndu K samkvæmt meðlagsúrskurðinum. Verður stefnda K því sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Sýslumaðurinn í Arnessýslu kom fram sem valdsmaður, er hann kvaddi stefnanda á sinn fund og gerði honum grein fyrir því, að stefnda K kenndi stefnanda barnið. Þótt telja verði, að á valdsmönnum hvíli nokkur leiðbeiningarskylda, þá verður ekki talið, að á þeim hvíli jafnrík leiðbeiningarskylda og lögboðin leiðbeiningarskylda dómara. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við stefndu K á tímabili, sem getur verið getnaðartími barnsins. Þótt stefnandi hafi haft uppi efasemdir um að vera faðir barnsins í samtali sínu við sýslumanninn, er ekki fram komið, að sýslumaðurinn hafi haft rökstudda ástæðu til að ætla, að þær gæfu tilefni til frekari rannsóknar. Verður að telja ósannað, að stefnandi hafi gefið faðernisviðurkenninguna vegna skorts á leiðbeiningu um réttarstöðu sína. Þá verður að telja ósannað, að með því að senda lögreglumenn til að boða stefnanda hafi sýslumaðurinn haft þau áhrif á stefnanda, að hann viðurkenndi faðernið. Þá er og ósannað, að sýslumaðurinn hafi með framkomu sinni gagnvart stefnanda haft þau áhrif á hann, að stefnandi viðurkenndi faðernið nauð-

ugur. Þá er ósannað, að stefnandi hafi farið fram á endurupptöku málsins fyrr en á árinu 1979, svo sem áður er rakið. Verður kröfugerð á hendur fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra ekki byggð á því, að synjað hafi verið um endurupptöku málsins.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Kostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, kr. 600.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, K, dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda M í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefndu K greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, kr. 600.000.

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 109/1981. **Sigurjón Ari Sigurjónsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda í Reykjavík f. h. þrotabús Þryms h/f
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. apríl 1981. Hann krefst þess, að krafa sín að fjárhæð 27.058.50 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Á skiptafundi í þrotabúi Þryms h/f 10. febrúar 1981 kom fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður hefði verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Lögmaðurinn var síðan kosinn skiptastjóri á fundi þessum, sbr. 1. mgr. 90. gr. nefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. sömu laga skal skiptastjóri vera umboðsmaður búsins fyrir dómstólum. Bar því að stefna honum fyrir Hæstarétt í máli þessu f. h. þrotabúsins, en ekki aðeins skiptaráðanda samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895. Þar sem það var ekki gert, ber að vísa málinu frá Hæstarétti ex officio.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hlutanum í því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, þar eð ég tel, að dæma megi það að efni til. Gjaldþrotalög nr. 6/1978 fella ekki úr gildi lög nr. 19/1895 um stefnur til æðri dóms í skiptamálum. Tel ég því nægilegt að stefna skiptaráðanda f. h. þrotabúsins, enda er hagsmunum kröfuhafa borgið með því. Verður því ekki talið, að réttarfarsnauðsynjar bjóði, að skiptastjóra sé einnig stefnt f. h. þrotabúsins, enda er valdsvið hans undir skiptaráðanda og hans eftirlit sett. En úr því að meiri hlutinn vill vísa málinu frá Hæstarétti, kemur eigi til þess, að ég lúki efnisdómi á málið.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. október 1980, var bú Þryms h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember 1980.

Sóknaraðili máls þessa, Sigurjón Ari Sigurjónsson, Stuðlaseli 8, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m. a. í kröfulýsingu hans:

„. . . Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5929/1980 Sigurjón Ari Sigurjónsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, en mál þetta var höfðað til staðfestingar á löghaldi, sem fram fór þann 22. apríl s.l. til tryggingar kröfu þessari. Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint löghald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi Vélsmiðjan Þrymur h/f greiði stefnanda Sigurjóni Ara Sigurjónssyni kr. 1.645.616.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags og kr. 221.200.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum."

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst, er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Sigurjóns er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði. Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980, er hann hættir störfum, og til 24. júní 1980, er hann byrjar starf annars staðar, og nemur sú krafa kr. 2.616.950.-.

Einngi er gerð krafa um greiðslu mismunar á þeim launum, er Sigurjón hafði hjá Vélsmiðjunni Þrym h/f, og þeirra launa, er hann hafði í hinu nýja starfi, en þau laun voru verulega lægri. Er sú krafa fyrir tímabilið frá 25. júní 1980 til loka uppsagnarfrestsins, þ. e. 1. ágúst 1980, og nemur sú krafa kr. 688.900.-. Kröfum þessum er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Sigurjóns Ara Sigurjónssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu, eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 221.200.-, innheimtukostnaðar vegna síðari hluta kröfu kr. 278.942 og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu. . ."

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf 9. febrúar 1981, þar sem tilkynnt er, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu að því er varðar kr. 6.000.00 og að hafna beri að svo stöddu viðurkenningu að því er varðar kr. 27.058.50. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskrá, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphagsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja kröfur sínar frekar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dags. 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið til-

kynnt, að endanleg afstaða til lýstra krafna yrði tekin á skipafundi 27. sama mánaðar.

Hinn 10. febrúar 1981 barst frá sóknaraðilja bréf vegna vaxtakröfu hans. Þar segir m. a.:

„. . . Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafna hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h.f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum. . . Sigurjón Ari Sigurjónssin, vextir gkr. 434.773.-, lögh.kostn. gkr. 7.028.- . . .“

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa, sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í máli þessu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar m. a.:

„. . . Frá . . 30. apríl 1980, ber mér með réttu 3ja mánaða laun, þar sem mér hafði ekki verið sagt upp störfum. Hins vegar réðst ég til starfa til Rafiðjunnar h.f. sem framkvæmdastjóri hinn 26. júní og tel mig þar af leiðandi eiga rétt til launa til þess tíma ásamt mismun þeirra launa, sem ég fæ hjá Rafiðjunni frá 26. júní 1980 til 1. ágúst 1980, þar sem þau laun, sem ég fæ nú, eru lægri en ég hafði hjá velsmiðjunni Þrymur h.f. Launakröfur mínar eru því eftirfarandi: . . . Laun fyrir vikurnar:

30. apríl til 6. maí 1980	.....	kr. 241.522
7. maí til 13. maí 1980	.....	— 241.522
14. maí til 20. maí 1980	.....	— 241.522
21. maí til 27. maí 1980	.....	— 241.522
28. maí til 3. júní 1980	.....	— 241.522

(Hinn 1. júní verður 11.7% hækkun launa).

4. júní til 10. júní 1980	kr. 269.780	
11. júní til 17. júní 1980	— 269.780	
18. júní til 24. juní 1980	— 269.780	kr. 2.016.950
Mismunur launa frá 25. júní til 1. ágúst 1980, 5 vikur á 269.780 — 1.348.900, að frádregnum launum mínum hjá Rafiðjunni h.f. frá 26. júní til 1. ágúst 1980, kr. 660.000		kr. 688.000

..... Reykjavík, 26. nóvember 1980 ...."

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Rafiðjunnar h/f um, að sóknaraðili hafi byrjað störf hjá því félagi 26. júní 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðilja voru lögð fram á skiptafundinum, eru auk gagna, sem áður höfðu komið fram, ljósrit af launaseðlum merktum sóknaraðilja, bæði frá Rafiðjunni h/f og Þrym h/f, svo og „yfirlit yfir hækkanir, sem orðið hafa á kaupi frá samningum 22.6. 1977."

Samkvæmt launaseðlum frá Þrym h/f hefur sóknaraðili fengið eða átt að fá greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjárhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð vikukaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðilja voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h/f, hvorki kjarasamningur, ráðningarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fullyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Sigurjóns Ara Sigurjónssonar, er hafnað.

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 110/1981. **Valur Vilhjálmsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda
í Reykjavík f. h. Þarotabús Þryms h/f
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. apríl 1981. Hann krefst þess, að krafa sín að fjárhæð 14.380.20 krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú Þryms h/f. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á skiptafundi í þrotabúi Þryms h/f 10. febrúar 1981 kom fram, að Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður hefði verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða, sbr. 86. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Lögmaðurinn var síðan kosinn skiptastjóri á fundi þessum, sbr. 1. mgr. 90. gr. nefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. sömu laga skal skiptastjóri vera umboðsmaður búsins fyrir dómstólum. Bar því að stefna honum fyrir Hæstarétt í máli þessu f. h. þrotabúsins, en ekki aðeins skiptaráðanda samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895. Þar sem það var ekki gert, ber að vísa málinu ex officio frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála meiri hlutanum í því að vísa máli þessu frá Hæstarétti, þar eð ég tel, að dæma megi það að efni til. Gjaldþrota-

lög nr. 6/1978 fella ekki úr gildi lög nr. 19/1895 um stefnur til æðri dóms í skiptamálum. Tel ég því nægilegt að stefna skiptaráðanda f. h. þrotabúsins, enda er hagsmunum kröfuhafa borgið með því. Verður því ekki talið, að réttarfarsnauðsynjar bjóði, að skiptastjóra sé einnig stefnt f. h. þrotabúsins, enda er valdsvið hans undir skiptaráðanda og hans eftirlit sett. En úr því að meiri hlutinn vill vísa málinu frá Hæstarétti, kemur eigi til þess, að ég lúki efnisdómi á málið.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Með úrskurði, uppkveðnum 13, október 1980, var bú Þryms h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 5. nóvember sama ár.

Sóknaraðili, Valur Vilhjálmsson, Barmahlíð 56, Reykjavík, hefur með bréfi, dagsettu 25. nóvember 1980, lýst kröfu í búið. Segir m. a. í kröfulýsingu hans:

„. . . Krafan grundvallast á dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5945/1980 Valur Vilhjálmsson gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, en mál þetta var höfðað til staðfestingar á löghaldi, sem fram fór þann 22. apríl s.l. til tryggingar kröfu þessari.

Dómsorðið hljóðar svo:

„Framangreint löghald er staðfest fyrir dómkröfu.

Stefndi vélsmiðjan Þrymur h/f greiði stefnanda, Vali Vilhjálmssyni, kr. 450.032.- með 31% ársvöxtum frá 1. maí 1980 til greiðsludags og kr. 101.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum."

Til viðbótar dómkröfu þeirri, sem hér er lýst, er krafist launa vegna uppsagnarfrests, en réttur Vals er til launa í uppsagnarfresti í 3 mánuði. Hér er gerð krafa um laun í uppsagnarfresti tímabilið frá 30. apríl 1980, er hann hættir störfum, og til 32. júlí 1980, og nemur sú krafa kr. 1.888.054.-. Kröfu þessari er nánar lýst í meðfylgjandi bréfi Vals Vilhjálmssonar.

Gerð er krafa til vaxtagreiðslu, eins og í bréfinu er lýst.

Auk þess er hér með krafist greiðslu á málskostnaði kr. 101.000.- innheimtukostnaði vegna síðari hluta kröfu kr. 208.052.- og vegna móts í skiptarétti kr. 19.000.-, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Launakröfu þessari er lýst í gjaldþrotabúið sem forgangskröfu . . ."

Skiptaráðandi ritaði sóknaraðilja bréf hinn 9. febrúar 1981, þar sem honum er tilkynnt, að skiptaráðandi hafi tekið þá afstöðu til kröfunnar, að hafna beri viðurkenningu kröfunnar vegna kr. 4.500.35 og að hafna

beri viðurkenningu hennar að svo stöddu hvað varðar kr. 14.380.20. Jafnframt er í bréfi þessu tekið fram, að til þess að vaxtakrafa komi til álita á kröfuskrá, þurfi að greina fjárhæð hennar á upphafsdegi skipta. Var sóknaraðilja gefinn frestur til að bæta úr eða rökstyðja frekar kröfur sínar til 20. sama mánaðar. Áður, eða með bréfi, dagsettu 4. febrúar 1981, hafði sóknaraðilja verið tilkynnt, að á skiptafundi 27. sama mánaðar yrði tekin endanleg afstaða til lýstra krafna.

Hinn 10. febrúar barst frá lögmanni sóknaraðilja bréf varðandi vaxtakröfur umbjóðenda hans. Þar segir m. a.:" . . . Hér með sendast yður upplýsingar um upphæð vaxtakrafna hinn 13. október við upphaf skipta í þrotabúi Vélsmiðjunnar Þryms h.f. hjá eftirgreindum kröfuhöfum . . . Valur Vilhjálmsson, vextir gkr. 181.202, löghaldskostn. gkr. 7.028 . . ."

Önnur gögn bárust skiptaráðanda ekki fyrir 20. febrúar 1981 varðandi kröfu sóknaraðilja.

Skrá yfir lýstar kröfur, gerð samkvæmt 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, var lögð fram á skiptafundi 27. febrúar 1981. Var framangreind afstaða skiptaráðanda til kröfugerðar sóknaraðilja þar tilgreind óbreytt frá því, sem sóknaraðilja hafði verið áður tilkynnt um. Voru þá af hálfu sóknaraðilja lögð fram ný gögn varðandi þann þátt kröfugerðar hans, sem skiptaráðandi hafði að svo stöddu ekki fallist á, að tekinn skyldi til greina, og þess um leið krafist, að margnefnd krafa um, að laun sóknaraðilja í uppsagnarfresti verði með úrskurði tekin til greina sem forgangskrafa. Af hálfu annarra kröfuhafa sem mættir voru á fundinum, var kröfugerð sóknaraðilja ekki andmælt, og eru engar kröfur gerðar í málinu af hálfu varnaraðilja.

Leggja verður úrskurð á mál þetta samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Með upphaflegri kröfulýsingu sóknaraðilja fylgdi skýrsla hans sjálfs, þar sem fram kemur, hvernig umræddar fjárhæðir eru reiknaðar. Segir þar um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar:

„. . . Launakröfur mínar eru því eftirfarandi: . . .

Laun fyrir vikurnar:

30. apríl til 6. maí 1980	kr.	93.750
7. maí til 13. maí 1980	—	93.750
14. maí til 20. maí 1980	—	93.750
21. maí til 27. maí 1980	—	93.750
28. maí til 3. júní 1980	—	93.750

(Hinn 1. júní verður 11.7% hækkun launa).

4. júní til 10. júní 1980	kr.	104.719	
11. júní til 17. júní 1980	—	104.719	
18. júní til 24. juní 1980	—	104.719	
25. júní til 1. júlí 1980	—	104.719	
2. júlí til 8. júlí 1980	—	104.719	
9. júlí til 15. júlí 1980	—	104.719	
16. júlí til 22. júlí 1980	—	104.719	
23. júlí til 29. júlí 1980	—	104.719	
30. júlí til 31. júlí 1980	—	20.944	kr. 1.327.446
Orlof frá 1-05-80 til 31. júlí 80			— 110.576

. . .

Auk þess geri ég til þess kröfu, að ég fái vexti á laun mín frá gjalddaga hverrar viku til þess dags, er mér verður greitt að fullu inneign launa.“

Auk skýrslu þessarar fylgdi kröfulýsingunni vottorð Tæknimiðstöðvarinnar h/f þess efnis, að sóknaraðili hafi byrjað þar störf 1. ágúst 1980.

Þau gögn, sem af hálfu sóknaraðilja voru lögð fram á skiptafundinum 27. febrúar, eru ljósrit launaseðla til sóknaraðilja frá Þrym h/f.

Samkvæmt launaseðlunum frá Þrym h/f hefur sóknaraðili fengið eða átt að fá greidd laun vikulega. Ekki kemur þar fram, hvernig fjárhæð launa er fundin, heldur er þar einungis greint nafn launþegans og fjárhæð vikukaupsins.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um, hver launakjör sóknaraðilja voru, meðan hann starfaði hjá Þrym h/f, hvorki kjarasamningur, ráðningarsamningur né neitt annað, er styður einhliða fullyrðingu hans um, að honum beri laun fyrir uppsagnarfrest af eignum búsins. Er af þeirri ástæðu eigi unnt að fallast á kröfugerð hans í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Vals Vilhjálmssonar, í máli þessu er hafnað.

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 129/1980. **Póst- og símamálastofnun**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Arnþóri Þórólfssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Opnberir starfsmenn. Sýknað af skaðabótakröfu vegna fjárvörslu. Löghaldsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Bogi Nilsson, sýslumaður Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 8.419.94 krónur með 13% ársvöxtum frá 21. júlí 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 34% ársvöxtm frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, sem fram fór hinn 8. nóvember 1977 í fasteign stefnda að Heiðarvegi 1 á Reyðarfirði til tryggingar greiðslu framangreindra fjárhæða. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greið honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Í munnlegum flutningi máls þessa fyrir Hæstarétti kom fram, að opinbert mál hefur ekki verið höfðað gegn stefnda eftir þá rannsókn, sem í málinu greinir.

Af gögnum málsins er ljóst, að óregla hefur verið á fjármálum póst- og símstöðvarinnar á Reyðarfirði á þeim tíma, sem máli skiptir. Á hinn bóginn er ekki sannað, að áfrýjandi hafi beðið fjár-

hagslegt tjón af þessum sökum, en gögn þau, sem færð hafa verið fram af hans hálfu tjóni sínu til sönnunar, eru um margt ófullkomin. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hina áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Póst- og símamálastofnun, greiði stefnda, Arnþóri Þórólfssyni 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þesum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 8. maí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. apríl sl., höfðaði Jón Skúlason póst- og símamálstjóri hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 8. nóvember 1977, á hendur Arnþóri Þórólfssyni, Heiðarvegi 1, Reyðarfirði, til greiðslu á kr. 841.994 með 13% ársvöxtum frá 21. júlí 1975 til greiðsludags auk alls málskostnaðar eftir mati dómsins.

Þá krafðist stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór hinn 8. nóvember 1977 í fasteign stefnda að Heiðarvegi 1, Reyðarfirði.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi 13% ársvaxta frá 21. júlí 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Með stefnu, útgefinni 25. janúar 1978, höfðaði stefndi, Arnþór Þórólfsson, gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu á kr. 2.698.150 auk vaxta, eins og nánar verður lýst, og málskostnðar að mati dómara. Gagnstefnandi krefst 13% ársvaxta af kr. 1.000.000 frá 2. desember 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi, en af kr. 2.698.150 frá útgáfudegi stefnu, 25. janúar 1978, til 20. febrúar s. á., 19% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

II.

Aðalsök.

Stefnandi lýsir atvikum svo í stefnu, að stefndi hafi veitt póst- og símstöðinni á Reyðarfirði forstöðu allt fram á mitt ár 1975, er honum hafi verið vikið úr starfi, m. a. vegna ætlaðrar óreiðu á sjóði símstöðvarinnar. Samkvæmt skýrslu endurskoðenda hafi vantað kr. 841.994 í sjóð stöðvarinnar, sem er sú fjárhæð, sem krafið er um í málinu.

Hinn 8. nóvember 1977 var húseign stefnda, Heiðarvegur 1, Reyðarfirði, kyrrsett að kröfu stefnanda til tryggingar stefnufjárhæðinni.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi ráðinn til þess hinn 17. ágúst 1967 að vera stöðvarstjóri Pósts og síma á Reyðarfirði frá 1. september 1967. Með bréfi, dagsettu 8. september 1975, veitti póst- og símamálastjórnin stefnda lausn frá starfi um stundarsakir og tilkynnti jafnframt, að óskað yrði eftir opinberri rannsókn á máli hans.

Ástæður voru tilgreindar þessar: „Þér hafið ekki fylgt settum reglum um rekstur stöðvarinnar, þrátt fyrir marg ítrekuð fyrirmæli þar um. Bókhald stöðvarinnar hefur verið í ólagi, regluleg sjóðsuppgjör (kassauppgjör) hafa ekki farið fram, innheimta hefur verið í verulegu ólagi og varð t. d. að ganga í innheimtu af endurskoðun og umdæmisstjóra í marz 1973. Þá kemur fram við sjóðstalningu 21. júlí 1975 veruleg sjóðsvöntun samkvæmt bókhaldsgögnum stöðvarinnar. . .“

Hinn 13. október 1975 hófst sakadómsrannsókn í málinu eftir kröfu eða kæru póst- og símamálastjóra. Hafa öll gögn opinbera málsins verið lögð fram í þessu máli, og samkvæmt þeim er opinbera málinu enn ekki lokið, en með bréfi, dagsettu 2. desember 1975, tilkynnti póst- og símamálsstjórnin stefnda, að dómsrannsóknin hefði leitt í ljós ýmsar yfirsjónir og vanrækslu í starfi, þess eðlis, að ekki væri rétt, að hann gegndi áfram starfi stöðvarstjóra Pósts og síma. Var honum sagt upp starfinu frá dagsetningu bréfsins að telja.

Í málinu liggja fyrir þrjú reikningsuppgjör og skýrslur um talningu á sjóði póst- og símstöðvarinnar á Reyðarfirði frá árinu 1975.

Fyrsta skýrsla er um talningu, sem gerð var dagana 4. og 5. apríl 1975. Talningu framkvæmdi Sveinn Arason og Sigurþór Jóhannsson, starfsmenn ríkisendurskoðunar.

Niðurstaða uppgjörsins varð sú, að umfram í sjóði væru kr. 1.028. 586.88, og fannst engin skýring á mismuninum.

Í skýrslu endurskoðendannna segir m. a.: „Engin sjóðbók er færð né

heldur dagbók. Færðar eru bækur yfir inn- og útborganir póstávísana. Inn- og útborguð gíró eru færð í þar gerðar bækur. Auk þessa skráir gjaldkeri í kladdabók heildar inn- og útborganir hvers dags sundurliðað eftir tegundum. Þó var innborgað orlof ekki fært í þessa bók í marz. . .“

Næsta reikningsuppgjör var gert 2. til 9. júní, og framkvæmdi það Engilbert Sigurðsson, starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, en fyrstu dagana vann Sveinn Arason, starfsmaður ríkisendurskoðunar, með honum að uppgjörinu.

Í fyrstu virtust vera kr. 1.107.861.80 umfram í sjóði stöðvarinnar, en síðar komu fram nokkur atriði, sem áhrif höfðu á niðurstöðuna, og gerði Engilbert þá annað sjóðuppgjör. Taldist honum þá til, að umfram í sjóði væru kr. 17.026, sem ekki var í samræmi við niðurstöðu fyrra uppgjörsins og gerðar breytingar. Í skýrslu hans segir: „Samkvæmt þessu áleit ég, að útkoman í seinna uppgjörinu hefði átt að vera um 280 þúsund krónur umfram og hefi ég enga skýringu fundið á því, hvers vegna útkomurnar á þessum tveim uppgjörum eru svo mismunandi. . .“

Við síðara uppgjör, sem vikið verður nánar að hér á eftir, var talið koma í ljós, að vanfærðar höfðu verið til tekna kr. 244.252, en hefði sú færsla verið gerð fyrir 2. júní, ætti mismunur við uppgjör þá að hafa verið kr. 54.771 umfram í sjóði.

Þetta uppgjör, sem síðast var vikið að, var gert 20. til 24. júlí, og var miðað við 21. júlí. Unnu að uppgjörinu áðurnefndur Engilbert Sigurðsson, Ari Jóhannesson, sem settur hafði verið stöðvarstjóri Pósts og síma á Reyðarfirði og tók við því starfi 21. júlí, og hinn 24. júlí vann með þeim Ólafur Karlsson, aðalendurskoðandi Pósts og síma.

Skýrslu um uppgjörið undirrituðu Ólafur Karlsson og Engilbert Sigurðsson.

Samkvæmt uppgjörinu nam vöntun í sjóð stöðvarinnar kr. 776.416, en jafnframt er þar getið um tilvik, sem auki þann mismun.

Í skýrslunni segir m. a.: „Eins og áður hefur verið bent á, hefur reikningshald stöðvarinnar verið laust í reipunum. Byrjað var að færa sjóðdagbók í byrjun maímánaðar, en hún reyndist ófullkomin og ekki í samræmi við mánaðarreikninga. Afgreiðslukassa póstafgreiðslunnar hefur ekki verið haldið aðgreindum frá aðalsjóði, eins og talið er nauðsynlegt, til að hægt sé að gera upp dagleg viðskipti. . .“ Sams konar athugssemdir höfðu komið fram í skýrslu Engilberts Sigurðssonar eftir uppgjörið, sem gert var í júnímánuði.

Þá liggur fyrir skýrsla Engilberts Sigurðssonar, dags. 27. febrúar 1976, um atriði, er breyta niðurstöðu síðastgreinds uppgjörs. Í skýrlunni eru gerðar 16 færslur, 7 stefnda til tekna, en 9 honum til gjalda.

Að þessum færslum gerðum er vöntun í sjóð eða skuld stefnda talin vera kr. 841.994.

Fram er komið, að stefndi var viðstaddur, er talning var gerð á stöðinni 4. og 5. apríl 1975. Hann kvaðst hafa leitað til læknis á Egilsstöðum skömmu síðar og hann sent sig strax daginn eftir á sjúkrahús í Reykjavík. Þar hafi hann verið í 3 vikur og hafi hann ekki mátt vinna um nokkurn tíma eftir dvölina á sjúkrahúsinu. Kvaðst hann ekki hafa komið til vinnu eftir veikindin, heldur byrjað í orlofi hinn 5. ágúst 1975.

Stefndi virðist ekki hafa verið viðstaddur, er uppgjörið í júnímánuði var gert, en hann var til staðar, er byrjað var á uppgjörinu í júlímánuði, en hann hélt á leið til Reykjavíkur, áður en því yrði lokið.

Stefndi kvaðst ekki hafa haft tækifæri til þess að ná sambandi við umdæmisstjóra, áður en hann fór á sjúkrahúsið í aprílmánuði, og minnti, að hann hefði beðið einhvern að gera umdæmisstjóra viðvart.

Fyrir liggur í málinu símskeyti umdæmisstjóra, dags. 21. apríl 1975, til stefnda, þar sem segir: „Yður heimilast að ráða til bráðabirgða Kjartan Arnþórsson til að gegna aðkallandi störfum í veikindaforföllum yðar."

Á póst- og símstöðinni á Reyðarfirði störfuðu auk stöðvarstjóra þrír talsímaverðir og einn póstafgreiðslumaður, sem sá um daglegan rekstur póstdeildarinnar. Póstafgreiðslumaður var Sigríður Eiríksdóttir, eiginkona stefnda. Stöðvarstjórinn er æðsti starfsmaður stöðvarinnar, en næsti yfirboðari hans er umdæmisstjóri Pósts og síma fyrir Austurland, sem hafði aðsetur á Seyðisfirði á þessum tíma. Umdæmisstjórinn hefur eftirlit með einstökum póst- og símstöðvum í umdæminu, og fær hann mánaðarlega reikninga eða skilagrein frá stöðvunum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi segir, að reikningsuppgjörið, sem miðast við 21. júlí 1975, með viðbótarskýrslunni, dags. 27. febrúar 1976, sé gert og undirritað af opinberum embættismönnum og verði því lagt til grundvallar um sjóðsmismuninn eins og hvert annað embættisvottorð.

Af hálfu stefnanda hefur verið vísað til reglna póst- og símamálastjórnarinnar, dags. 21. desember 1973, um mistalningar og meðhöndlun sjóða hjá starfsfólki Pósts- og síma. Í E lið 3. gr. reglnanna segir, að sjóðstap, sem verði fyrir misferli starfsmanns eða vítavert gáleysi hans, þurfi hann að bera sjálfur, enda sé um að ræða brot í starfi.

Því er ekki haldið fram, að stefndi hafi dregið sér fé úr sjóði stöðvarinnar, heldur verði sjóðmismunurinn rakinn til vanrækslu hans og eftirlitsleysis með starfsemi stöðvarinnar og beri hann því ábyrgð á honum. Jafnvel þótt sjóðsvöntunin hafi orðið til, á meðan stefndi var fjarverandi vegna

veikinda, beri hann ábyrgðina, enda rekstur stöðvarinnar allt að einu á hans ábyrgð.

Stefnandi hefur lagt fram myndrit af tékkum á ávísanareikning símstöðvarinnar við Landsbanka Íslands á Eskifirði, sem sýna, að stefndi gaf út tékka á þeim tíma, sem hann kveðst hafa verið frá vinnu vegna veikinda. Stefndi hafi því ekki haft eins lítil afskipti af starfsemi stöðvarinnar á þeim tíma og hann vilji vera láta.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skýrsla endurskoðendanna sé opinbert vottorð, enda þeir starfsmenn stefnanda. Bent er á, að stefndi hafi aldrei fengið tækifæri til þess að fara yfir reikningauppgjörið með nauðsynleg gögn við hendina.

Fjárdráttur sé ekki sannaður og reyndar hafi ekki verið reynt að sanna hann. Stefndi hafi verið frá vinnu vegna veikinda frá því snemma í apríl-mánuði fram í ágústmánuð 1975 og hafi hann ekki óhlýðnast fyrirmælum stefnanda á þeim tíma og geti því ekki borið ábyrgð á sjóðsvöntuninni.

Álit dómsins.

Stefndi setur fjárkröfu sína á hendur stefnda fram, eins og hún sé að öllu leyti út af vöntun í sjóð stöðvarinnar. Þó þykir mega og verða að liða hana í tvennt, annars vegar er krafa um endurgreiðslu á umframsímtölum á heimasíma stefnda, kr. 35.071, en hins vegar er krafa út af vöntun í sjóð stöðvarinnar, kr. 806.923.

Umframsímtöl.

Kröfuliðurinn kemur fram í viðbótarskýrslu Engilberts Sigurðssonar, dagsettri 27. febrúar 1976, og greinist þannig:

1).	Athugasemd endurskoðunar vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra o. fl.	kr. 18.022
2).	Athugasemd endurkoðunar, dags. 25/8 1975, vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra	— 1.527
3).	Athugasemd endurskoðunar við októberreikning 1974 og janúarreikning 1975 vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra	— 36.917
		Kr. 56.466
	Frá dregst:	
	Athugasemd endurskoðunar, dags. 29 ágúst 1975, vegna umreiknings á gjaldfrjálsum umframsímtölum á heimasíma stöðvarstjóra frá 1. jan. 1974	— 21.395
		Kr. 35.071

Um fjárhæðir undir 1. og 2. tölulið hefur stefndi sagt, að hann viti ekki, hvaðan þær séu fengnar, og um fjárhæð undir 3. tölulið, að á umræddum tíma hafi stöðvarstjórar almennt fengið hækkun á gjaldfrjálsum umframskrefum úr 1200 í 2500 skref fyrir hverja 3 mánuði. Hafi hann ekki fengið þessa hækkun, en farið fram á leiðréttingu.

Stefndi mótmælti alfarið þessum hluta kröfu stefnanda.

Stefnandi hefur ekki skýrt kröfuliðina nánar þrátt fyrir greind mótmæli stefnda, hvorki með skjölum né munnlegum greinargerðum.

Er kröfuliðurinn ekki studdur viðhlítandi gögnum, og verður að sýkna stefnda af honum.

Sjóðsvöntun.

Af gögnum málsins verður greinilega ráðið, að vanrækt hefur verið á umræddum tíma að halda reglulega þær bækur á símstöðinni á Reyðarfirði, sem halda bar. Vitna greinargerðir endurskoðendanna skýrast um þetta. Endurskoðendurnir framkvæmdu talningu á sjóði stöðvarinnnar og gerðu reikninga hennar upp þrisvar sinnum á árinu 1975, eins og að framan er rakið, og í öllum tilvikum kom fram óskýranlegur mismunur á sjóði stöðvarinnar.

Þótt fallist yrði á það með stefnanda, að skýrslur endurskoðendanna séu embættisvottorð eða opinber skjöl, sbr. 153. og 158. gr. laga nr. 85/1936, vitna þau aðeins um sjóðstöðu stöðvarinnaar á umræddum tímum miðað við þá fyrirliggjandi gögn. Hins vegar verða þau ekki talin fullnægjandi sönnun um raunverulega stöðu sjóðreikningsins, einmitt vegna þess, hve bækur voru óreglulega haldnar.

Í málinu er fram komið, að stefndi fór á sjúkrahús í aprílmánuði 1975 og fékk leyfi yfirboðara síns til þess að ráða mann til aðkallandi verkefna, eins og það var orðað. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki komið aftur til vinnu á póst- og símstöðinni, og hefur þeirri fullyrðingu hans ekki verið hnekkt, þótt sýnt hafi verið fram á, að hann undirritaði nokkrar ávísanir stöðvarinnar í maí-, júní- og júlímánuðum.

Sýnt er, að stefndi vanrækti fyrirskipaðar og lögboðnar bókhaldsfærslur stöðvarinnar, áður en hann leitaði læknis í aprílmánuði, og ber skýrsla starfsmanna ríkisendurskoðunar í þeim mánuði um það glöggt vitni. Eftir gögnum málsins virðist sjóðsvöntun þó ekki koma fram fyrr en við uppgjörið í júlímánuði. Áður hafði óskýranlegur mismunur komið fram við talningu í apríl- og júnímánuðum, sem yfirboðurum stefnda mátti vera um kunnugt, svo og um vanrækslu hans við bókhaldsfærslur, og loks var kunnugt um, að hann varð veikur í aprílmánuði og frá störfum af þeim sökum.

Þegar framanrakið er virt, þykir stefnandi verða að bera hallann af því, að ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um tjón hans, og ber þegar af þeirri

ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda út af vöntun í sjóð stöðvarinnar.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í aðalsök, en með hliðsjón af öllum atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður.

III.

Gagnsök.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1).	Miskabætur	kr.	1.000.000
2).	Ógreidd yfirvinna til póstafgreiðslumanns	—	648.260
3).	Vinna við fjarskiptatæki	—	284.130
4).	Húsaleiga með olíu	—	690.000
5).	Vinna við stíflað frárennsli	—	68.480
6).	Vinna við að lakka hurðir og glugga samkvæmt beiðni	—	7.280
		Kr.	2.698.150

Um 1. Gagnstefnandi segir m. a., að það hafi komið opinberlega fram og gagnstefndi verið borinn fyrir því, að sjóðþurrð hafi orðið hjá gagnstefnanda og honum vikið frá störfum af þeim sökum. Alls staðar hafi virst gengið út frá því sem vísu, að gagnstefnandi ætti þarna persónulega sök og um fjárdrátt hafi verið að ræða og ekkert gert af hálfu gagnstenda til þess að draga úr því áliti manna. Þetta m. m. hafi gert gagnstefnanda illmögulegt að fá vinnu við sitt hæfi og hafi allur málatilbúnaður gagnstefnda valdið honum gífurlegum álitsspjöllum.

Gagnstefndi hefur mótmælt kröfuliðnum og málsástæðum og telur kröfuliðinn ekki studdan lagarökum.

Gagnstefnandi hefur ekki reynt að sanna staðhæfingu sína um, að gagnstefndi hafi verið borinn fyrir því opinberlega, að hann, gagnstefnandi, hafi valdið sjóðþurrð, og ekki verður séð, að aðrar ástæður hafi skapað gagnstefnda skaðabótaskyldu gagnvart gagnstefnanda. Verður gagnstefndi því sýknaður af þessum kröfulið.

Um 2. Gagnstefnandi hefur lýst því, að kröfuliðurinn sé vegna vangreiddrar yfirvinnu eiginkonu hans, á meðan hann gegndi stöðvarstjórastarfinu. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi forræði yfir kröfunni, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna gagnstefnda af henni.

Um 3, 5 og 6. Gagnstefnandi kveðst hafa á árunum 1967 til 1973 unnið að viðgerð á „sendum", en þjónusta þessi hafi ekki verið í verkahring stöðvarstjóra, heldur viðgerðarmanna, sem búsettir hafi verið á Eiðum.

Sendar hafi alltaf verið að bila vegna rafmagnstruflana, en viðgerðarmenn oft ekki komist til viðgerða vegna ófærðar. Krefst gagnstefnandi greiðslu fyrir 718 klst. á kr. 500 með 7% orlofi, eða samtals kr. 284.130.

Þá kveðst gagnstefnandi oft hafa þurft að vinna við hreinsun frárennslis frá símstöðinni, sem hafi stíflast nær mánaðarlega, og ógerlegt hafi verið að fá menn til þessarar vinnu.

Krefst gagnstefnandi greiðslu fyrir 128 klst. á kr. 500 með 7% orlofi, eða samtals kr. 68.480.

Loks kveðst gagnstefnandi hafa lakkað hurðir og glugga í póst- og símstöðinni á Reyðarfirði í ágústmánuði 1974 samkvæmt beiðni bygingarfulltrúa Pósts- og síma og krefst greiðslu fyrir 16 klst. á kr. 420 með 7% orlofi, eða samtals 7.280.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum og lagt fram bréf aðalendurskoðanda Pósts og síma, dags. 18. maí 1978, þar sem fram kemur, að gagnstefnandi hefur á árunum 1970 til 1974 og fram eftir ári 1975 fengið greidda umsamda aukavinnu, 15 klst á mánuði, sem svara hafi átt til óvissrar aukavinnu, sem stöðvarstjóri þyrfti að vinna.

Ekki verður séð, að gagnstefnandi hafi hreyft þessum kröfum sínum fyrr en hér í málinu, og eru þær ekki studdar viðhlítandi gögnum. Ber að sýkna gagnstefnda af þeim.

Um 4. Gagnstefnandi heldur því fram, að póst- og símamálstjóri hafi á sínum tíma óskað eftir því, að hann, gagnstefnandi, byggi í eigin húsnæði og kæmi greiðsla fyrir, allt að kr. 10.000 á mánuði. Krefst hann greiðslu fyrir 69 mánuði árin 1967 til 1973, kr. 10.000 hvern mánuð, eða samtals kr. 690.000.

Gagnstefndi hefur mótmælt kröfuliðnum.

Krafa gagnstefnanda er einungis reist á staðhæfingu hans sjálfs og verður ekki tekin til greina gegn mótmælum gagnstefnda.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit gagnsakar þau, að gagnstefndi skal sýkn af kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð, dags. 8. nóvember 1977, er úr gildi felld.

Aðalstefndi, Arnþór Þórólfsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Póst- og símamálastofnunar.

Gagnstefndi, Póst- og símamálastofnun, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Arnþórs Þórólfssonar.

Málskostnaður í báðum sökum fellur niður.

Löghaldsgerð fógetaréttar Suður-Múlasýslu 8. nóvember 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 8. nóvember, var fógetaréttur Suður-Múlasýslu háður að Heiðarvegi 1, Reyðarfirði, og haldinn þar af Boga Nilssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að framkvæma löghald í eignum Arnþórs Þórólfssonar að kröfu Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Guðmundur Markússon héraðsdómslögmaður og leggur fram:

Nr.1 beiðni um löghald.

Nr.2 Skýrslu Engilberts Sigurðssonar til póst- og símamálastjóra, dags. 30. júlí 1975, ásamt fylgiskjali (myndrit).

Nr. 3 Skýrslu sama, dags. 27. febrúar 1976.

Skjölin eru svohljóðandi:

Gerðarþoli er sjálfur mættur. Fógeti kynnir honum kröfuna og framlögð skjöl jafnframt því sem hann gætir leiðbeiningarskyldu.

Gerðarþoli kveðst mótmæla fjárkröfunni sem slíkri, en ekki framgangi gerðarinnar.

Fógeti ákveður, að gerðarbeiðandi skuli leggja fram tryggingu, kr. 85.000, vegna hugsanlegs tjóns gerðarþola af framgangi gerðarinnar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda reiðir fram trygginguna, kr. 85.000.

Gerðarþoli bendir nú á til löghalds og tryggingar kröfum þeim, sem lýst er í gerðarbeiðni dskj. nr. 1, fasteignina Heiðarveg 1, Reyðarfirði, sem er þinglesin eign gerðarþola.

Lýsti fógeti því yfir, að löghald væri lagt á téða eign til tryggingar framangreindum kröfum að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa eigninni í bága við löghaldið að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Mánudaginn 6. júní 1983

Nr. 245/1982. **Kjartan Einarsson og**
Katrín Ingólfsdóttir
gegn
Bjarna Má Ragnarssyni.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., óskuðu áfrýjendur eftir fresti til októbermánaðar.

Stefndi mótmælti því, að fresturinn yrði veittur, og krafðist þess, að málið yrði fellt niður. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. desember 1982. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. febrúar 1983, en var þá frestað með samkomulagi aðilja til 1. júní 1983.

Með stefnu 13. apríl 1983 gagnáfrýjaði stefndi héraðsdóminum til staðfestingar. Var gagnsökin þingfest 2. maí 1983 sem hæstaréttarmál nr. 79/1983, en henni því næst frestað til 1. júní eins og aðalsök. Ekki varð þó af sameiningu málanna á því dómþingi, þar sem ágreiningur aðilja um frestun máls þessa (aðalsakarinnar) var tekinn til úrskurðar, áður en gagnsökin var tekin fyrir á dómþinginu.

Þar sem héraðsdómi hefur verið áfrýjað af hendi beggja aðilja, en hvorugur hefur lagt dómsgerðir bæjarþingsmálsins fyrir Hæstarétt eða látið gera ágrip dómskjala, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973, og aðalsök og gagnsök hafa enn eigi verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga, þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur til 3. október 1983 er veittur.

Mánudaginn 6. júní 1983

Nr. 79/1982. **Bjarni Már Ragnarsson**
gegn
Kjartani Einarssyni og
Katrínu Ingólfsdóttur.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., óskaði áfrýjandi, að því yrði frestað til flutnings.

Stefndu kröfðust þess, að málinu yrði frestað til októbermánaðar. Jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. desember 1982. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. maí 1983 sem gagnsök í hæstaréttarmálinu nr. 245/1982, sem áfrýjað var 17. desember 1982, en þingfest í Hæstarétti 2. febrúar 1983 og þá frestað til 1. júní 1983. Ekki varð þó af sameiningu málanna á því dómþingi, þar sem ágreiningur aðilja um frestun aðalsakarinnar var tekinn til úrskurðar, áður en mál þetta (gagnsökin) var tekin fyrir á dómþinginu.

Þar sem héraðsdómi hefur verið áfrýjað af hendi beggja aðilja, en hvorugur þeirra hefur lagt dómsgerðir bæjarþingsmálsins fyrir Hæstarétt eða látið gera ágrip dómskjala, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973, og aðalsök og gagnsök hafa enn eigi verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga, þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur til 3. október 1983 er veittur.

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 80/1983. **Bjarni Már Ragnarsson**
gegn
Pétri Gunnlaugssyni.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., lagði áfrýjandi fram dómsgerðir, ágrip og greinargerð og krafðist þess, að málinu yrði frestað til flutnings. Stefndi krafðist þess, að málinu yrði frestað til októbermánaðar 1983.

Mál þetta er gagnsök í hæstarettarmálinu nr. 74/1983. Bæði málin voru þingfest 2. maí sl. Með samkomulagi aðilja var aðalsökinni frestað til októbermánaðar nk., en þessu máli (gagnsökinni) til 1. júní sl.

Þar sem áfrýjandi hefur þegar samþykkt frestun aðalsakarinnar til októbermánaðar og aðalsök og gagnsök hafa ekki verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1973, þykir rétt að fresta málinu til októbermánaðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur er veittur til 3. október 1983

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 15/1981. **Bergur Haraldsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Áka Jónssyni og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson og Gautur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981 og gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum 4.521.68 krónur ásamt 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður fyrir báðum réttum.

Ökumaður bifreiðar áfrýjanda, Y 484, ætlaði að snúa bifreið sinni á vegi með því að taka svokallaða U-beyju. Slíkt er því aðeins heimilt samkvæmt 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að unnt sé að gera það án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð. Skilja verður ákvæði þetta svo, að ökumanni, sem svo ætlar að gera, beri að ganga úr skugga um, að fyrirhugaður akstursmáti geti ekki valdið öðrum vegfarendum áhættu eða óþægindum, og beri sjálfur áhættu og ábyrgð á röngu mati í þessu efni. Þá þykja ákomustaðir á bifreiðunum, vinstra afturhorn bifreiðar áfrýjanda og hægra framhorn bifreiðar stefnda Áka, og staðsetning glerbrota á akbraut, þ. e. við skiptilínu akreina, gefa til kynna, að bifreið áfrýjanda hafi að einhverju leyti verið í hægri akrein, er byrjað var að sveigja henni til vinstri. Hefur ökumaður því eigi gætt ákvæða 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Samkvæmt því, er að framan greinir, á hann höfuðsök á árekstrinum.

Sannað er með eigin framburði Bjarna Þorvarðar Ákasonar, ökumanns á bifreið stefnda Áka Jónssonar, sem studdur er af framburði móður hans, Jónínu Bjarnadóttur, að hann ók bifreiðinni með 50—60 km hraða. Hemlaför eftir bifreið hans eru talin 14 metra löng. Þykir lengd hemlafara og styrkja það, sem fram hefur komið um ökuhraða. Leyfður hámarkshraði á þessum vegi er 50 km á klst. Hefur ökumaður því eigi gætt ákvæða 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 50. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. nr. 16/1977. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum. Þykir rétt, að áfrýjandi beri tjón sitt að ⅔ hlutum sjálfur, en stefndu bæti honum það óskipt að ⅓ hluta, sbr. 68. gr. og 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar á þann hátt sem greint er í héraðsdómi. Stefnu hafa ekki andmælt fyrri lið kröfunnar tölulega. Þeir mótmæla ekki, að áfrýjandi hafi orðið af notum bifreiðar sinnar í 10 daga, eins og hann heldur fram. Hins vegar andmæla þeir því, að tjón áfrýjanda vegna afnotamissis hafi verið meira en 8.500. gkr. á dag.

Við það verður að miða, að áfrýjandi hafi notað bifreið sína við starf sitt. Þykir mega taka til greina kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar. Samkvæmt þessu verður tjón áfrýjanda talið nema 452.168 gkr. (352.168 + 100.000 gkr.), eða 4.521.68 krónum. Af þeirri fjárhæð ber stefndu samkvæmt framansögðu að greiða óskipt ⅓ hluta, eða 1.507.23 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, en vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms, en rétt þykir að dæma stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Áki Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Bergi Haraldssyni, 1.507.23 krónur með 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til

1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal óraskað. Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. nóvember sl., höfðaði Bergur Haraldsson framkvæmdastjóri, Hrauntungu 22, Kópavogi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. desember 1979, gegn Áka Jónssyni, Staðarseli 1, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 452.168 ásamt dómvöxtum frá 27. september 1979 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 452.168 með 27% ársvöxtum frá 27. september 1979 til 18. desember 1979, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfu stefnanda og þeim til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Samkvæmt framlagðri lögregluskýrslu á dskj. 3 eru málavextir þeir, að 27. september 1979 varð árekstur á Suðurlandsbraut við Hallarmúla í Reykjavík á milli bifreiðarinnar Y 484, sem er eign stefnanda, og bifreiðarinnar R 55296, eignar stefnda Áka Jónssonar. Ökumaður bifreiðar stefnanda var dóttir stefnda, Anna Rós Bergsdóttir, og ökumaður bifreiðar stefnda sonur stefnda, Bjarni Þorvarður Ákason.

Í vettvangslýsingu í lögregluskýrslunni kemur fram, að bifreiðinni Y 484 hafi verið ekið út af bifreiðastæðinu framan við Hótel Esju og síðan austur Suðurlandsbraut og við gatnamót Hallarmúla í U-beygju. Bifreiðinni R 55296 var ekið austur Suðurlandsbraut eftir vinstri akrein. Ákomustaður á Y 4848 er merktur aftarlega vinstra megin á bifreiðinni R 55296 hægra megin að framan.

Síðan segir m. a. svo í lögregluskýrslunni:

„Ökumaður bifreiðarinnar Y 484 kvaðst hafa ekkið út af bifreiðastæðinu framan við Hótel Esju og ekið rakleitt yfir á vinstri akrein Suðurlandsbrautar og síðan áfram austur götuna. Hann sagði, að er hann hafi nálgast gatnamót Hallarmúla, hafi hann ákveðið að taka U-beyju og halda vestur Suðurlandsbraut. Hann sagðist hafa gefið stefnumerki um ætlan sína og eins litið í baksýnisspegilinn og séð í honum til ferða bifreiðarinnar R 55296, en fundist hún vera það langt í burtu, að hann slyppi. Hann kvaðst síðan hafa fært bifreið sína eitthvað yfir á hægri akreininu til að ná beyjunni betur, en rétt í því sem hann beygði varð árekturinn. Ökumaður bifreiðarinnar R 55296 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsbraut eftir vinstri akrein og ætlað áfram sömu leið og verið á ca. 50 km hraða m/klst. Hann sagðist ekkert hafa veitt ferðum bifreiðarinnar Y 484 neina athygli, fyrr en hann hemlaði bifreið sinni, en þá hafi bifreiðin Y 484 verið þvert á akreininni fyrir framan hann. Hann sagðist ekkert hafa getað gert til að afstýra árekstrinum. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: Y 484, afturhöggvari, vinstra afturaurbretti og ljós og gafl. R 55296, framhöggvari, hægra framaurbretti, grill og hægra ljósker."

Lögregluskýrslunni fylgir uppdráttur af vettvangi, þar eru m. a. sýnd hemlaför R 55296 7 cm að lengd, þ. e. 14 m.

15. október 1979 óskaði ökumaður Y 484, Anna Rós Bergsdóttir, eftir að gera athugasemd við lögregluskýrsluna. Áminnt um sannsögli kvaðst hún telja uppdráttinn réttan. Varðandi skýrsluna vildi ökumaður Y 484 gera þá athugasemd, að þegar hún var spurð um, hvort hún hefði ekið yfir á hægri akrein, áður en hún beygði, þá hefði hún svarað því til, að ef svo hefði verið, hefði það aðeins verið hægri dekkin á bifreiðinni, sem hefðu verið á akreinalínunni. Hún tók einnig fram, að þegar hún leit í baksýnisspegil, hefði hún séð einhverja bifreið á eftir nokkuð langt fyrir aftan. Það væri ekki eftir sér haft, að það hafi verið bifreiðin, sem hún lenti í árekstri við. Hún hafi aðeins sagt, að hún hafi séð einhverja bifreið. Bifreið hennar hafi kastast til hægri að aftan við árekturinn og verði staða hennar á götunni að skoðast með tilliti til þess. Einnig tók hún fram, að í bifreiðinni voru þrír farþegar, sem hafi fengið að sitja í, en séu ekki tengdir sér eða skyldir. Óskaði hún eftir því, að skýrslur verði teknar af þeim.

16. október 1979 gaf ökumaður R 55296, Bjarni Ákason, skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu. Hann taldi uppdráttinn réttan í öllum aðalatriðum, en sagðist þó minna, að bifreiðin Y 484 hafi staðið aðeins aftar en sýnt er á uppdrættinum. Bifreiðin hafi færst aðeins til hægri að aftan við árekturinn, en ekki mikið. Bjarni Ákason sagði allt rétt eftir sér haft í skýrslunni. Bifreiðin Y 484 hafi komið þarna í veg fyrir sig og sé alveg fráleitt, að bifreiðinni hafi verið ekið á vinstri akrein fyrir árekturinn, því þá hefði

hún blasað við honum. Þegar hann sá bifreiðina framundan, hafi hann séð vinstri hlið hennar. Hann kvaðst hafa hlustað á, þegar lögreglan ræddi við ökumann Y 484, og hefði hún gefið mjög loðin svör við því, hvar hún ók á götunni, áður en hún beygði. Þó hefði hún sagt, að verið gæti, að hún hefði verið á báðum akreinum.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 22. október sl. kom fram hjá ökumanni bifreiðarinnar Y 484, Önnu Rós Bergsdóttur, að hún hafi ekið út af planinu við Hótel Esju og beint yfir á vinstri akrein, síðan gefið stefnuljós og ætlað að taka beyju og fara í Kópavog. Anna fullyrti, að hún hafi ekið allan tímann á vinstri akrein. Hún taldi uppdráttinn, sem fylgir lögregluskýrslunni á dskj. 3, réttan, eftir að áreksturinn varð. Anna kvaðst alveg örugglega hafa gefið stefnuljós og hafi hún tekið eins víða beygju eins og leyfilegt er og hafi hún farið eins nálægt miðlínunni og hægt var. Hún hafi séð einhvern bíl, en vissi ekki, hvort það var bifreiðin R 55296. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort það var þessi bíll. Bíllinn hafi verið langt frá. Anna staðfesti sem rétta skýrslu sína hjá lögreglu 15. október 1979. Hún sagði, að farþegar í bifreiðinni hafi verið Þóra Ásgeirsdóttir, Benedikt, sem hún vissi ekki, hvers son er, og Ýr, sem hún ekki vissi, hvers dóttir er.

Sama dag var vitnið Þóra Ásgeirsdóttir, mun til heimilis að Hrauntungu 18, Kópavogi, yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hún lýsti aksturs-leið bifreiðarinnar Y 484 þannig, að þau hafi verið að koma frá bifreiða-stæðinu á Hótel Esju og hafi þau keyrt í austur og farið sem sagt beint yfir á hægri akrein og ætlað að taka U-beyju í vestur og hafi þau verið svona nærri því stopp og þá sem sagt hafi þessi bifreið komið. Þau hafi verið, þar sem þau voru, sem sagt að beyja. Vitnið leiðrétti sig síðar og sagði, að þau hefðu ekið eftir vinstri akrein og hafi þau farið beint yfir á vinstri akrein og ekið eftir vinstri akrein allan tímann. Við beygjuna hafi bifreiðin ekki farið af vinstri akrein. Vitnið kvaðst hafa setið fram í við hlið ökumanns. Ökumaðurinn hafi gefið stefnuljós. Þau hafi ekið af bíla-stæðinu beint yfir á vinstri akreinina. Uppdrátturinn, sem fylgir lögreglu-skýrslunni, var borinn undir vitnið, og sagði vitnið, að hún gæti ímyndað sér, að R 55296 hafi verið kannski nær eyjunni meir til vinstri.

Ökumaður bifreiðarinnar R 55296, Bjarni Ákason, bar við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hafi komið akandi eftir Suðurlandsbrautinni vinstra megin og síðan hafi hann ekki vitað fyrr en að hafi komið bíll bara allt í einu fyrir framan sig og hafi hann gert sitt besta og reynt að bremsa. Hann kvaðst fyrst hafa séð bifreiðina, þegar hún keyrði fyrir sig. Bifreiðin hafi komið af hægri akrein. Sjálfur kvaðst Bjarni hafa verið á miðri vinstri akrein. Bjarni taldi, að kannski ætti bifreiðin Y 484 að vera aðeins nær Hallarmúlanum en hann er sýndur á uppdrættinum, sem fylgir lögreglu-skýrslunni á dskj. 3. Að öðru leyti taldi hann uppdráttinn réttan. Hann

kvaðst halda að hann hafi verið á svona 50—60 km hraða. Bjarni mundi ekki eftir því, að notuð hefðu verið stefnuljós á bifreiðinni Y 484. Bjarni staðfesti sem rétta skýrslu, sem hann gaf fyrir rannsóknarlögreglu 16. október 1979, en tók fram varðandi það, sem eftir honum var bókað á vettvangi, að hann hafi fylgst með umferðinni, en ekki þessum ákveðna bíl, og tók fram, að hann hafi ekki getað vitað, að hann mundi allt í einu keyra fyrir sig. Bjarni kvaðst hafa stoppað við umferðarljós og hafi verið fyrstur þar og hafi ekki verið bifreiðar á undan honum á leiðinni austur Suðurlandsbraut nema þá í það mikilli fjarlægð, að það skipti engu máli. Ekki hafi verið bílar samsíða honum nema þá bifreiðin Y 484, sem komið hafi út af Esju eða eitthvað svoleiðis. Bjarni kvaðst ekki geta sagt um það, hvort hann hafi séð, þegar Y 484 kom út af innkeyrslunni, hann kvaðst ekki muna það alveg. Með Bjarna í bifreiðinni var einn farþegi, Jónína Bjarnadóttir, móðir hans.

Jónína Bjarnadóttir, eiginkona stefnda Áka Jónssonar og móðir Bjarna Ákasonar, ökumanns R 55296, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Jónína kvaðst hafa setið við hlið ökumanns R 55296. Jónína sagði, að þau hafi farið yfir á ljósum á horni Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar og keyrt beint inn vinstri akrein, því það hafi verið strætisvagnar á ferðinni á hægri akrein, og þegar þau hafi verið á móts við Hótel Esju, hafi strætisvagn verið á ferðinni á hægri akrein og fleiri bílar. Þegar þau nálguðust gatnamótin á Hallarmúla og Suðurlandsbraut, hafi allt í einu komið bíll þversum yfir vinstri akreinina og þau hafi lent á bílnum. Jónína kvaðst fyrst virkilega hafa séð bifreiðina, þegar hún var þversum á akbrautinni fyrir framan, en kvaðst gera ráð fyrir, að það hafi verið bílar á ferðinni á hægri akrein og þessi hljóti að hafa verið ein af þeim. Á undan Y 484 á hægri akrein hafi verið strætisvagn. Jónína fullyrti, að Y 484 hafi ekki verið á vinstri akreininni, það hafi verið frí braut á undan þeim. Jónína kvaðst hafa séð Y 484 þversum yfir vinstri akrein allt í einu. Jónína taldi, að Y 484 hafi verið nær R 55296 eftir árekstur en hann er sýndur á uppdrættinum, sem fylgir dskj. 3. Jónína taldi, að R 55296 hafi verið ekið eitthvað yfir 50 km hraða.

Ýr Gunnlaugsdóttir nemi, til heimilis að Kjarrhólma 30, Reykjavík, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Ýr, að bifreiðinni Y 484 hafi verið ekið út frá Hótel Esju, skipt um akrein og farið yfir á vinstri akrein, ekið eftir henni og tekin U-beyja og hafi bifreiðin Y 484 verið í beyjunni, þegar bifreið hafi verið ekið á vinstri hlið hennar. Bifreiðin hafi kastast til. Ýr taldi uppdráttinn á dskj. 3 réttan. Ákomustaðir á bifreiðinni Y 484 sennilega rétt merktir, kannski hafi það verið meira í áttina að hurðinni en þeir eru á uppdrættinum. Ýr kvaðst hafa setið aftur í vinstra megin og ekki hafa fylgst með umferðinni. Ýr kvaðst vera óskyld Önnu

Rós, en þær þekktust þannig, að þær heilsuðust, en Ýr vissi ekki, hvers dóttir Anna Rós er.

Lögreglumennirnir Steinþór Hilmarsson og Gunnlaugur Valtýsson komu fyrir dóm vegna máls þessa. Fram kom hjá Gunnlaugi, að hann hafi gert uppdráttinn á dskj. 3, og kvaðst hann muna óljóst eftir málinu. Hann talaði ekki við neinn, gerði bara uppdráttinn, og sagði hann uppdráttinn gerðan eftir bestu vitund. Ef sjáanleg hefðu verið bremsuför eða hjólför eftir Y 484, þá hefðu þau verið látin inn á uppdráttinn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðarinnar R 55296 eigi alla sök á árekstrinum. Í fyrsta lagi hafi hann brotið gegn 50. gr. umferðarlaga, þar sem eigi sé heimilt að aka hraðar en 50 km á klst. í þéttbýli, en augljóst sé af bremsuförum bifreiðar hans, sem hafi mælst 14 metrar, áður en bifreið stefnda skall á bifreið stefnanda, og það upp í móti, að bifreiðin hafi verið á miklu meiri hraða. Í öðru lagi hafi ökumaður R 55296 gerst brotlegur við 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Í þriðja lagi hafi ökumaður R 55296 gerst brotlegur við 49. gr., 2. mgr., umferðarlaga, þar sem segi, að hraði bifeiðar megi aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti stöðvað hana á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem sé auð og hindrunarlaus framundan og ökumaðurinn hafi útsýn yfir. Þessa hafa ökumaður bifreiðar stefnda eigi gætt og sé hér um hreina aftanákeyrslu að ræða.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 352.168
2. Afnotamissir í 10 daga, kr. 10.000 á dag	— 100.000
	Kr. 452.168

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að akstur ökumanns bifreiðar stefnanda hafi á allan hátt verið réttur og í samræmi við umferðarlög, sbr. 46. gr., 2. mgr. Áður en ökumaður bifreiðar stefnanda hafi að fullu komist yfir á hinn vegarhelminginn, hafi bifreið stefnda, sem ekið hafi verið á eftir henni á sömu akrein, verið ekið aftan á bifreið stefnanda. Árekstur þessi sé að öllu leyti ökumanni bifreiðar stefnda að kenna, enda hafi ökumaðurinn ekki virst hafa huga við aksturinn, þar sem hann segi í lögregluskýrslu, að hann hafi ekki veitt bifreið stefnanda athygli, sem hafi verið ekið á undan honum góðan spöl. Ökumaður R 55296 hafi, eins og áður segir, með akstri sínum brotið gegn 49. gr., 2. mgr., umferðarlaga og 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga svo og 50. gr., 1. mgr., sömu laga. Beri því eigandi bif-

reiðarinnar R 55296 að bæta stefnanda tjón sitt ásamt ábyrgðartryggjanda bifreiðar stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ljóst sé, að meginorsök árekstursins hafi verið akstursmáti ökukonu Y 484, sem hafi skyndilega ákveðið að taka U-beyju vestur Suðurlandsbraut, og skv. framburði hennar hafi þessi ákvörðun verið tekin, þar sem hún hafi talið sig „sleppa". Með þessu akstурslagi sínu hafi hún brotið gegn 45. gr. umferðarlaga, 4. mgr., og 46. gr., 1. og 2. mgr.

Ökumaður R 55296 hafi ekið á löglegum hraða og verði það ekki virt honum til áfellis að geta ekki stöðvað bifreið sína, þegar ekið hafi verið svo skyndilega í veg fyrir hann. Bendi ákomustaðir, þ. e. vinstra afturhorn Y 484 og hægra framhorn R 55296, til þess, að bifreið stefnanda hafi nánast verið þversum á akreininni. Beri af þessum sökum að sýkna stefnda alfarið. Verði ekki fallist á það sjónarmið, er því haldið fram, að sök ökumanns R 55296 sé ekki nema að hluta.

Viðgerðarreikningum á dskj. 4—10 er ekki mótmælt og ekki dagafjölda vegna afnotamissis, en hins vegar er fjárhæð kröfu vegna afnotamissis, kr. 10.000 á dag, mótmælt, á þessum tíma hafi tryggingarfélög bætt afnotamisi með ca kr. 8.500 á dag.

Vaxtakröfu er mótmælt, þar sem einungis megi krefjast 27% ársvaxta frá 27. september til 1. desember 1979, 3% (sic) ársvaxta frá þeim degi til 17. desember 1979, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en vegna þeirrar óvissu, er ríki um vaxtafót dómvaxta, verði sérstaklega um þá fjallað við munnlegan málflutning.

IV.

Álit dómsins.

Sjónarvottar virðast ekki hafa verið að árekstri þeim, sem málið er af risið. Ökumaður bifreiðar stefnanda og ökumaður bifreiðar stefnda eru ósammála um málsatvik. Framburður ökumanns bifreiðar stefnda er studdur framburði farþega hans, sem var móðir hans. Framburður ökumanns bifreiðar stefnanda er studdur framburði farþega hennar, en það var vinkona hennar og kunningjakona.

Við niðurstöðu máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar uppdráttinn og annað, sem fram kemur í lögregluskýrsluni á dskj. 3, og þá sérstaklega það, sem sagt er um ákomustaði bifreiðanna. Á uppdrættinum er bifreiðin R 55296 sýnd eðlilega staðsett á vinstri akrein á syðri akbraut Suðurlandsvegar, og eru bremsuför bifreiðarinnar 14 m. Þessi bremsuför gefa ekki til kynna, að bifreiðinni hafi verið ekið yfir 45 km hraða, og er þá haft í huga, að áreksturinn varð á malbikuðum, þurrum og sléttum vegi, enda verður ekki á þá skoðun stefnanda fallist, að sá halli sé upp í móti

á veginum, þar sem árekstur inn varð, að það hafi teljandi áhrif á áætlaðan hraða bifreiðarinnar miðað við bremsuförin.

Þegar litið er til ákomustaða bifreiðanna, eins og þeir eru sýndir á uppdrættinum, og höfð er í huga lýsing á skemmdum á bifreiðunum í lögregluskýrslunni, þ. e. að Y 484 skemmdist vinstra megin að aftan og R 55296 hægra megin að framan, þá er það álit dómsins, að ósannað sé, að ökumaður bifreiðarinnar R 55296 hafi átt sök á árekstrinum. Niðurstað málsins verður því sú, að stefndu verða sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Áki Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bergs Haraldssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 37/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Matthíasi Garðarssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1983 að ósk ákærða. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. mars sl. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.

Verjandi krefst aðallega sýknu og að allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að refsing verði felld niður, og til þrautavara, að sekt samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði lækkuð verulega.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvísun í lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Það athugast, að í héraðsdómi greinir, að lögreglumenn hafi sinnt umkvörtun út af hundahaldi ákærða „9. júní sl.“, en á að vera 9. júní 1980.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu atferlis ákærða til refsiákvæða, en um lagaheimildir, sem hér reynir á, var fjallað í dómi Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601, er hefur fordæmisgildi. Þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en í stað fésektar komi 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður, þó svo, að 8 daga varðhald komi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Matthías Garðarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkisjóð, 6.000.00 krónur, og málskvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1974 frá 18. júní 1975, sem prentaður er í dómasafni Hæstaréttar 1975, bls. 601, var staðfest bann við hundahaldi í Reykjavík. Alkunnugt er þar, að síðan dóm-

urinn gekk, hefur fjöldi hunda verið í borginni, og oft má sjá hunda á almannafæri. Ákærða í málinu er ekki gefið að sök, að hundur hans hafi unnið mein. Með hliðjón af framangreindu og málavöxtum að öðru leyti tel ég ekki efni til að gera ákærða að greiða hærri fésekt en verið hefði samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1953, áður en henni var breytt með 10. gr. laga nr. 75/1982, þó að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga. Samkvæmt þessu tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna 2.500.00 króna sekt, sem afplánist með 4 daga varðhaldi.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 486/1982: Ákæruvaldið gegn Matthíasi Garðarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 10. nóvember 1982, gegn ákærða, Matthíasi Garðarssyni heilbrigðisfulltrúa, Krummahólum 2 í Reykjavík, fæddum 24. mars 1949 á Ísafirði, „fyrir að hafa frá 15. desember 1979 haldið hund í Reykjavík án þess að hafa til þess leyfi.

Telst þetta varða við 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982 og við 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 40/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess að greiða allan sakarkostnað."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. júní sl. voru tveir lögreglumenn sendir að Krummahólum 2 vegna kvörtunar um hundahald þar. Er þeir komu þangað, var hundur á leik þar fyrir utan. Reyndist eigandi hans vera ákærði, Matthías Garðarsson. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag sagði ákærði, að umræddan dag hefði sonur sinn verið að leik með hundinn, þegar lögreglan kom á staðinn, en kvartað hefði verið út af öðrum hundi á staðnum, sem lögreglan hafði afskipti af. Viðurkenndi ákærði að hafa haldið hundinn þrátt fyrir bann gegn hundahaldi og kvaðst ekki hafa í hyggju að losa sig við hann. Í ljós kom, að ákærði fékk hundinn þann 15. desember 1979 og hefur hann enn.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði því, þar sem honum þótti sektin of há.

Ákærði kom fyrir dóm í dag og viðurkenndi skýlaust brot það, sem hann er ákærður fyrir. Kvaðst hann enn halda fyrrgreindan hund. Kvaðst hann vilja koma því að, að aldrei væri kvartað yfir hundinum.

Niðurstöður.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að ákveða með samþykkt að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

Í 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með síðari breytingum er kveðið svo á, að hundahald sé bannað í Reykjavík nema með sérstöku leyfi. Ákvæði þetta á stoð í ofangreindum lögum, sbr. áður lög nr. 8/1924.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, geta sveitarfélög sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er þannig heimilt að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun hundahalds. Í Reykjavík hefur ekki verið sett heilbrigðissamþykkt samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981. Samkvæmt 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 halda samþykktir sveitarfélaga, sem staðfestar hafa verið af ráðherra samkvæmt lögum nr. 7/1953, gildi sínu, fari þær ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981. Ákvæði 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík fara ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið hund á heimili sínu þann tíma, sem í ákæru greinir.

Með hlisjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, en af framangreindum ástæðum þykir brot hans ekki falla undir ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum, sem máli skipta við niðurstöðu þessa máls.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75/1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Þykir refsing

ákærða hæfilega ákveðin 5.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Matthías Garðarsson, greiði sekt til ríkissjóðs kr. 5.000.00 innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Þriðjudaginn 7. júní 1983.

Nr. 72/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Regínu Stefnisdóttur
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Bann við hundahaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1983 að ósk ákærðu. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 16. maí sl. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er sakfellingu varðar, en þyngingar refsingar.

Verjandi krefst aðallega, að refsing verði felld niður, en til vara, að sekt ákærðu verði lækkuð verulega.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvísun í lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Enn fremur gerði hann þá breytingu á ákæruskjali, að í stað orðanna „apríl 1975“ komi „ágúst 1978“.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu atferlis ákærða til refsiákvæða, en um lagaheimildir, sem hér reynir á, var fjallað í

dómi Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601, er hefur fordæmisgildi. Þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en í stað fésektar komi 8 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður, þó svo, að 8 daga varðhald komi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd inna 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Regína Stefnisdóttir, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkisjóð, 6.000.00 krónur, og málskvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Með dómi í hæstaréttarmálinu nr. 23/1974 frá 18. júní 1975, sem prentaður er í dómasafni Hæstaréttar 1975, bls. 601, var staðfest bann við hundahaldi í Reykjavík. Alkunnugt er þar, að síðan dómurinn gekk, hefur fjöldi hunda verið í borginni, og oft má sjá hunda á almannafæri. Ákærðu í málinu er ekki gefið að sök, að hundur hennar hafi unnið mein. Með hliðjón af framangreindu og málavöxtum að öðru leyti tel ég ekki efni til að gera ákærðu að greiða hærri fésekt en verið hefði samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1953, áður en henni var breytt með 10. gr. laga nr. 75/1982, þó að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga. Samkvæmt þessu tel ég refsingu ákærðu hæfilega ákveðna 2.500.00 króna sekt, sem afplánist með 4 daga varðhaldi.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1983.

Ár 1983, mánudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 19/1983: Ákæruvaldið gegn Regínu Stefnisdóttur, sem tekið var til dóms þann 20. janúar sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. nóvember sl., á hendur ákærðu „fyrir að hafa frá því í apríl 1975 haldið hund í Reykjavík án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hennar varða við 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982 og við 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Fimmtudaginn 15. október 1981, um kl. 1054, var lögreglan í Reykjavík kvödd að Melgerði 3, en þar var búið að binda hund fastan við staur, en skömmu áður átti þessi hundur að hafa bitið 10 ára dreng í handlegginn. Var farið með hundinn í hundaskúr Reykjavíkurborgar, Lækjarbug við Blesugróf.

Þann 19. október 1981 gaf ákærða skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og skýrði hún þá þannig frá:

„Hundur sá, sem hér um ræðir, er í eigu Matthíasar Pétursson, Hlíðarbyggð 18, Garðabæ. Matthías hefur leyfi fyrir hundinum í Garðabæ. Ég hef haft hundinn í minni vörslu síðan í ágúst 1978. Hundurinn er núna 6 ára og 9 mánaða gamall. Þetta er sleðahundur af Síberíukyni svartur að lit.

Milli klukkan 17:00 og 18:00 síðastliðinn fimmtudag þá slapp hundurinn út frá mér, og ég hef ekki séð hann síðan. Ég frétti, að hann hafði ráðist á barn og bitið það, og hef ég athugað með það, og var mér sagt, að það myndi hafa verið það lítið, að ekki tæki því að tala um það.

Ég fer fram á að fá hundinn afhentan, og lofa ég að fara með hann til Matthíasar, strax og ég hef fengið hann.

Ég veit, að hundahald er bannað í Reykjavík og vissi það, þegar ég tók hundinn að mér."

Sama dag hafði lögreglumaður símasamband við Matthías Pétursson.

Kvað hann það rétt, að hann væri eigandi hundsins, og mundi hann taka við honum, þegar ákærða kæmi með hann.

Þriðjudaginn 23. febrúar 1982, um kl. 1125, voru lögreglumenn í eftirlitsferð á Sogavegi við Tunguveg, er þeir veittu athygli stórum svörtum hundi, sem var laus við gatnamótin. Handsömuðu þeir hundinn og færðu hann á Dýraspítalann. Hundurinn var með leðuról um hálsinn, en ómerktur.

Þann 6. maí 1982 hafði lögreglumaður samband við ákærðu og spurðist fyrir um hundinn. Kvað ákærða hundinn vera í fóstri hjá Matthíasi Péturssyni í Garðabæ.

Þann 25. júní 1982 gaf ákærða skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og skýrði þannig frá:

„Þannig er, að við eigum hundinn í raun og veru, en hann er skráður á Matthías Pétursson, Hlíðarbyggð 18 í Garðabæ. Þar er hundurinn öllu jafnan, en kemur þó af og til heim til okkar, en þá til mjög stutts tíma í senn, og svo var núna, þegar hann var tekinn, en þá slapp hann augnablik, sem varð til þess, að við misstum af honum. Mér er kunnugt um það. að hundahald er ekki leyft í Reykjavík. Þess vegna var það, að við létum skrá hann í Garðabæ, og einnig það, að hann er þar hjá Matthíasi. Við fengum hundinn sennilega í apríl 1975, en hann hefur minnst af þessum tíma verið hér í Reykjavík. Það er ekki ætlun okkar að láta hundinn frá okkur á annan veg en svona, þ. e. að Matthías annist hann, en komi með hann af og til til okkar.

Ég framvísa hér hundaleyfisgjaldskvittun nr. 173 frá Garðabæ."

Þann 23. september sl., kl. 1746, hafði lögreglumaður samband við ákærðu og spurðist fyrir um, hverju það sætti, að hundurinn dveldi ýmist hjá Matthíasi Péturssyni eða hjá ákærðu. Kvað ákærða, að eins og þá stæði á, væri hundurinn hjá henni að Sogavegi 134, en væri öllu jafnan í Garðabæ hjá Matthíasi.

Þann 14. október sl. var ákærðu boðið að ljúka málinu með dómssátt, greiðslu sektar að fjárhæð kr. 5.000.00, en hún hafnaði því. Kvaðst ákærða kannast við, að kæruefni væri rétt, en kvað hundinn ýmist dvelja á heimili hennar eða á heimili Matthíasar Péturssonar. Kvaðst ákærða þó ekki vilja ljúka málinu á framangreindan hátt, þar sem henni þótti sektin allt of há.

Ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins þann 15. desember sl. og skýrði þá þannig frá, að hundurinn væri í eigu Matthíasar Péturssonar, Garðabæ, og væri hundurinn ýmist þar, úti á landi með eiginmanni ákærðu eða á heimili hennar.

Niðurstöður.

Með 1. gr. laga nr. 8/1924 var bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilað að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með

reglugerð, sem staðfest væri af Stjórnarráðinu. Með reglugerð nr. 61/1624, sem sett var samkvæmt framangreindri lagaheimild, var kveðið svo á í 1. gr., að á kaupstaðarlóð Reykjavíkur mætti enginn hafa hund, en annars staðar í lögsagnarumdæminu geti borgarstjóri leyft þarfahunda. Bann við hundahaldi í Reykjavík var áréttað með 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Var þar sérstaklega skírskotað til nefndra laga sem heimildar fyrir þessu ákvæði samþykktarinnar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, en þau leystu af hólmi lög nr. 8/1924, var bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að ákveða með samþykkt, staðfestri af heilbrigðismálaráðuneyti, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu. Hvorki 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924 né 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hafa verið afnumdar. Verður því að telja, að enn sé í fullu gildi bann það, sem lagt var við hundahaldi í Reykjavík með nefndum ákvæðum og hafi þau fullnægjandi lagastoð í 1. gr. laga nr. 7/1953. Eigi raskar það gildi þeirra, að 1. gr. laga nr. 7/1953 mælir svo fyrir, að samþykktir, sem settar verði samkvæmt lögunum, skuli staðfestar af heilbrigðismálaráðuneytinu.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, geta sveitarfélög sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er þannig heimilt að setja í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun hundahalds. Í Reykjavík hefur ekki verið sett heilbrigðissamþykkt samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981. Samkvæmt 4. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 halda samþykktir sveitarfélaga, sem staðfestar hafa verið af ráðherra samkvæmt lögum nr. 7/1953, gildi sínu, fari þær ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981. Ákvæði 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík fara ekki í bága við ákvæði laga nr. 50/1981.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa með nokkrum hléum haldið hund á heimili sínu frá því í apríl 1975, og þykir ekki skipta máli, að hundurinn er skráður hjá Matthíasi Péturssyni í Garðabæ. Telst því sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem hún er ákærð fyrir. Þykir brot ákærðu rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali að öðru leyti en því, að brot hennar verður ekki heimfært undir ákvæði laga nr. 50/1981.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu sættist hún þann 3. mars 1978 á greiðslu 2.000 króna sektar fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7/1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980,

og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75/1982. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi í 10 daga.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigríðar Ásgeirsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.

Það athugast, að dómari sá, er bauð ákærðu að ljúka málinu með dómssátt, fór alfarið að lögum við meðferð málsins, og eru því ummæli lögmannsins í varnarskjali um meðferð dómarans á málinu órökstudd og óviðeigandi.

Dómsorð:

Ákærða, Regína Stefnisdóttir, greiði 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigríðar Ásgeirsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 2.000.00.00.

Miðvikudaginn 8. júní 1983.

Nr. 221/1982. **Saltsalan h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Landssambandi vörubifreiðastjóra
vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og
Vörubílstjórafélagsins Þróttar
og gangsök
(Örn Clausen hrl.).

Atvinnuréttindi vörubifreiðastjóra. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1982. Hann krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu. Þá er í báðum tilvikum gerð krafa um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1983. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal vegna lögbanns.

I.

Kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms byggir aðaláfrýjandi á því, að Landssamband vörubifreiðastjóra hafi í upphafi krafist viðurkenningardóms um einkarétt Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar til að annast hina umdeildu saltflutninga, sem síðar verður lýst. Er fram komið, að í héraðsstefnu 10. maí 1982 var þessi krafa gerð, en frá henni var fallið, þegar málið var munnlega flutt á bæjarþingi Hafnarfjarðar 24. júní það ár. Þar sem þess var jafnframt karafist í stefnunni, að staðfest yrði lögbann það, sem á var lagt 7. maí 1982, og dóms krafist um þá kröfu í hinum munnlega málflutningi, verður krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu og frávísun ekki tekin til greiða.

II.

Sýknukröfu sína styður aðaláfrýjandi í fyrsta lagi með þeim rökum, að hann sé ekki réttur málsaðili, þar sem lögbann hafi verið lagt við flutningum á salti með tækjum í eigu Fero s/f og Hafsteins og Sæmundar h/f. Hafi því borið að beina lögbanninu sjálfu og staðfestingarmálinu að þessum fyrirtækjum. Fram er komið, að aðaláfrýjandi hafi samið við þau um saltflutninga frá skipshlið í Hafnarfirði í birgðastöð sína í Kópavogi. Mátti því beina lögbanninu að aðaláfrýjanda og síðan staðfestingarmálinu. Verður aðaláfrýjandi ekki sýknaður vegna aðildarskorts.

III.

Þá byggir aðaláfrýjandi sýknukröfu sína í öðru lagi á því, að lögum samkvæmt hafi verið heimilt að haga hinum umdeildu saltflutningum með þeim hætti sem hann hugðist gera. Hafi lögbannið því verið ólögmætt.

Úrslit máls þessa velta á skýringu á 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en þar segir m. a.:

„Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. . .

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða seljandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er."

Það fyrirkomulag á leiguakstri með vörubifreiðum, sem um ræðir í lögunum, var í Hafnarfirði í maí 1982, sbr. reglugerð nr. 242/1971 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði. Er ljóst, að eigendur flutningatækjanna, sem aðaláfrýjandi hafði samið við um saltflutningana, voru ekki í félaginu og gerðu tækin ekki út frá stöð félagsins í Hafnarfirði.

Með lögum þeim og reglugerð, sem nefnd voru, var leiguakstur á vörubifreiðum bannaður öðrum en tilteknum aðiljum. Þarf fyrst að kanna, hvort tæki þau, sem nota átti til saltflutninga fyrir aðaláfrýjanda, voru vörubifreiðar í skilningi þessara ákvæða. Má þá hafa til hliðsjónar 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Er ljóst, að sum tækjanna, sem til saltflutninganna voru ætluð, voru bifreiðar í skilningi umferðarlaga, þ. e. dráttartæki, sem þó voru ekki dráttarvélar eftir lögunum. Auk dráttartækjanna átti að nota vagna, sem ekki eru bifreiðar í skilningi umferðarlaga. Hinar vélknúnu dráttarbifreiðar og vagnarnir, sem við þá skyldi tengja, verða ekki talin til vörubifreiða samkvæmt lögum nr. 36/1970 og reglugerð nr. 242/1971, sbr. áður lög nr. 23/1953, 25/1955, 24/1957, 40/1957, 52/1965, 1/1966 og 22/1967. Þar er þess að gæta, að tæki þessi, sem vissulega má nota til flutninga, sem framkvæma má með vörubifreiðum, voru tækninýjung, sem var til þess fallin að breyta í verulegum atriðum vöruflutningum á vegum. Þau má einnig nota til að flytja varning, sem ekki er unnt að flytja á vörubifreiðum

vegna stærðar og þunga einstakra stykkja. Ber því að taka kröfu aðaláfrýjanda um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda til greina og fella úr gildi lögbann það, sem á var lagt í fógetadómi Hafnarfjarðar 7. maí 1982.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Saltsalan h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar, og er framangreint lögbann fellt úr gildi.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Sigurgeirs Jónssonar.

I.

Við erum sammála meiri hluta dómara um það, er greinir í I og II í dómi þeirra.

II.

Þegar virt er forsaga ákvæðis 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. fyrri lög nr. 23/1953, 40/1957 og 1/1966 ásamt breytingarlögum, þykir sýnt, að tilgangur ákvæðisins sé m. a. að vernda atvinnuöryggi þeirra, er stunda leiguakstur til vöruflutninga. Með ákvæðinu er öllum mönnum á þeim stöðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, óheimilað að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Heitið vörubifreið er eigi skýrgreint í ákvæðinu. Eigi eru neinar skorður settar í ákvæðinu um gerð vörubifreiða, er hlíti ákvæðinu, eða flutningsgetu þeirra. Þegar tilgangur ákvæðisins er hafður í huga, ber að túlka það svo, að allar vörubifreiðar falli hér undir, en telja verður, að flutningstæki þau, sem greinir í málinu, séu bifreiðar í

merkingu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. og 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og skyldi nota þau til vöruflutninga. Voru tæki þessi ætluð til leiguaksturs, svo sem skýra ber það orð í ákvæðinu. Einkaréttur sá, er felst í 5. gr., 2. mgr., laga nr. 36/1970 og reglugerð nr. 242/1971, til handa stefnda Félagi vörubílaeigenda, Hafnarfirði, verður ekki skertur með samningi þeim frá 27. október 1980 milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra, sem greindur er í héraðsdómi. Gegnir hinu sama um stefnda Vörubílstjórafélagið Þrótt í Reykjavík, sbr. reglugerð nr. 244/1970, en farmi skipsins Karen Daníelsen, er mál þetta varðar, skyldi ekið frá skipshlið í Hafnarfirði til Kópavogs. Eigi eru bornar brigður í máli þessu á fyrirsvar Landssambands vörubifreiastjóra vegna félaganna tveggja, og var þessum aðilja rétt að bregðast við broti á einkarétti félaganna með kröfu um lögbann. Var lögbann réttilega á lagt og haldið til dóms að lögum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. nóvember 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. f. m., hefur Landssamband vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, og Vörubílstjórafélagsins Þróttar höfðað hinn 11. maí 1982 gegn Saltsölunni h/f, Hjarðarhaga 17, Reykjavík. Málinu var hinn 12. júlí 1972 vísað frá dómi, en með dómi Hæstaréttar hinn 20 október 1982 var hinn kærði frávísunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómkröfum sínum lýsir stefnandi svo:

„Að staðfest verði lögbann það, er lagt var á hinn 7. maí 1982, gegn því, að stefndi, SALTSALAN h.f., notaði flutningatæki í eigu FERÓ s.f., Steinaseli 6, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h.f., Tangarhöfða 4, Reykjavík, við losun á saltfarmi skipsins „Karen Danielsen" í Hafnarfirði (Hafnarfjarðarhöfn) hinn 7. maí s.l.

Krafizt er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda eftir mati dómsins, þar á meðal alls kostnaðar við lögbannsgerðina og alls kostnaðar við staðfestingarmál þetta.“

Af hálfu hins stefnda félags eru gerðar þær dómkröfur, ,,að það verði algjörlega sýknað af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefndu in solidum hæfilegan málskostnað og taki sá málskostnaður einnig til fógetaréttarmálsins.“

II.

Hinn 7. maí 1982 gerði stefnandi máls þessa þá réttarkröfu í fógetarétti Hafnarfjarðar, ,,að lagt verði nú þegar lögbann við því, að flutningatæki í eigu FERO s.f., Steinaseli 6, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h.f., Tangarhöfða 4, Reykjavík, annist akstur á salti við losun skipsins ,,KAREN DANIELSEN“ í Hafnarfjarðarhöfn á vegum Saltsölunnar h.f., Hjarðarhaga 17, Reykjavík.“

Í fógetaréttinum var mætt af hálfu Saltsölunnar h/f, sem tók sér stöðu á varnarhlið og gerði svofelldar dómkröfur: ,, Þess er krafist, að löbann þetta nái ekki fram að ganga. Gerð er sú varakrafa, nái löbann þetta fram að ganga, að gerðarbeiðanda verði gert að leggja fram tryggingu US $ 8000 á dag fyrir hvern þann dag sem vinnustöðvun þessi stendur, og hlutfallslega fyrir brot úr degi.“

Fógeti tók framkomnar kröfur til úrskurðar og kvað samdægurs, þ. e. hinn 7. maí 1982, upp rökstuddan úrskurð, og hljóðar úrskurðarorðið svo:

,,Lögbann er lagt á flutninga salts verktakanna FERÓ h/f, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h/f, Reykjavík, úr skipinu ,,KAREN DANIELSEN“ í Hafnarfjarðarhöfn á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn setningu bankatryggingar eða annarrar jafngildrar tryggingar að fjárhæð kr. 120.000.oo.“

III.

Hinn 5. maí kom skipið Karen Danielsen til Hafnarfjarðar með saltfarm í eigu Saltsölunnar h/f. Að undangengnu útboði hinn 3. maí gerði farmeigandi, Saltsalan h/f, hinn 5. maí verksamning við Fero s/f og Hafstein og Sæmund h/f um flutning á farminum í vörugeymslur farmeiganda í Kópavogi. Síðastgreind flutningafyrirtæki eru í Félagi vinnuvélaeigenda, en ekki innan vébanda vörubifreiðastjóra. Í verksamningnum er ekki tekið fram, með hvers konar bifreiðum farmurinn skuli fluttur, en verktakarnir notuðu til hans eigin tæki, dráttarbifreiðar, palllausar, en með festingar á stól, er höfðu 23 tonna burðargetu.

Í sóknarskjölum í máli þessu segir m. a.:

,,Áður, eða hinn 3. maí, höfðu eigendur farmsins afhent umbj. m.

(Vörubifriðastöð Hafnarfjarðar) svokallað útboð, dagsett þann dag. — Að sjálfsögðu vildu umbj. m. ekki þurfa að sætta sig við að þurfa í samkeppni við utanaðkomandi aðila að bjóða niður úr eigin gildandi töxtum verk af þessu tagi, sem þeir töldu sig eiga skýlausan einkarétt til að annast á sínu félagssvæði, bæði samkvæmt reglugerð, útgefinni af samgönguráðherra 3. desember 1971, svo og gildandi kjarasamningi þeirra við vinnuveitendur frá 27. október 1980.

Umbj. m. buðust frá upphafi til að annast flutninginn samkvæmt gildandi töxtum, og stendur það boð enn. Stefndi samdi síðan við ofangreinda flutningsaðila um flutninginn, sem hófst að morgni 6. maí s.l.

Til að koma í veg fyrir skýlaust brot á rétti lögbannsbeiðanda í þessu tilliti gripu umbj. m. til þess ráðs að leggja bifreiðum sínum fyrir bifreiðar flutningsaðila og hindra með því flutningana. Var þetta gert í þeirri von, að um semdist milli aðila deilu þessarar um að fá skorið úr ágreiningsefni þessu fyrir Félagsdómi, en skipið yrði losað af umbj. m. á meðan. . .“

IV.

Hin tilvitnaða 3. gr. reglugerðar nr. 242/1971 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, sett skv. heimild í 10. gr. laga nr. 36/1970, hljóðar svo:

„Vörubifreiðastöð sú, sem Félag vörubílaeigenda rekur í Hafnarfirði, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Félags vörubílaeigenda, Hafnarfirði, utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er. Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.“

Reglugerðarákvæði þetta er ítrekun á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar, sem hljóðar svo:

„Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

Deilt er um það í málinu, hvort hin tilvitnuðu laga- og reglugerðarákvæði taki til þjónustu þeirrar, sem Feró s/f og Hafsteinn og Sæmundur h/f létu stefnda Saltsölunni h/f í té. Telur stefnandi það tvímælalaust, að svo sé. Túlkun stefnda er hins vegar sú, að svo sé ekki. Bifreiðar þær, er notaðar

voru til flutninganna, hafi ekki verið vörubifreiðar í merkingu umræddra laga og reglugerðar og umræddir vöruflutningar ekki leiguakstur. Lögin nr. 36/1970 skipti leigubifreiðum í 3 flokka, leigubifreiðar til fólksflutninga, sendibifreiðar og leigubifreiðar til vöruflutninga. Varðandi leigubifreiðar til fólksflutninga þá nefni lögin nr. 36/1970 engin stærðarmörk, en reglugerðir, t. d. fyrir Reykjavík nr. 214/1972, sýni, að hugtakið leigubifreiðar til fólksflutninga afmarkist við bifreiðar, er flytja 8 farþega eða færri. Ljóst sé, að aðrar leigubifreiðar til fólksflutninga af stærri gerðum séu ekki háðar ákvæðum laga um leigubifreiðar, sbr. t. d. lög nr. 83/1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Um sendibifreiðar gildi sérstakar ákvarðanir stjórnvalda, sbr. lög um tollskrá o. fl. nr. 120/1976, 87. kafla um ökutæki og fl., lið 87.02.

Um skilgreiningu á því, hvað sé leigubifreið til vöruflutninga í merkingu laga nr. 36/1970, telur stefndi, að það hugtak verði að takmarka við venjulegar vörubifreiðar með 15 tonna burðargetu eða minna. Heldur stefndi því fram, að gildandi samning milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, sem síðar verður nánar um fjallað, verði að túlka svo, að hann nái aðeins til bifreiða innan greindra stærðarmarka, taxtar í þeim samningi og önnur atriði miði við 15 tonna burðargetu sem hámark.

Samkvæmt framlögðu vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins gildi sú meginregla, að bifreiðar með palli séu skráðar sem vörubifreiðar, en bifreiðar, sem eru palllausar, en með stól til að tengja við festivagn, séu skráðar sem dráttarbifreiðar. Bifreiðar sem þær, sem flutningsaðiljar notuðu, hafi þannig ekki verið vörubifreiðar, hvorki samkvæmt þeim skilningi, er hafi greinilega verið sameiginlegur með málsaðiljum, er þeir gerðu samning sinn, né samkvæmt skilgreiningu stjórnvalda, og í ljósi þessa verði að túlka lögin og reglugerðina.

Leiguakstur, eins og hann er skilgreindur í 5 gr. laganna nr. 36/1970 og 3. gr. reglugerðarinnar nr. 242/1971, telur stefnandi eingöngu vera það, þegar vörubifreið er leigð út ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald. Þarna sé um það að ræða, að hjá bifreiðastöðvunum sé bíllinn leigður út með manni fyrir eitt heildarverð. Dráttarbílaeigendur í Félagi vinnuvélaeigenda leigi verkfæri sín út með öðrum hætti: Tæki sé leigt út sérstaklega fyrir ákveðið gjald, en sértaxti fylgi fyrir vinnu mannsins við að stjórna tækinu. Vinnuvélaeigandinn selji út vinnu stjórnanda tækisins með álagi á því vinnu samkvæmt sérstakri heimild verðlagsstjóra.

Til vara hefur stefndi haldið því fram, að venja hafi þrengt umrætt einkaréttarákvæði 5. gr. laganna og 3. gr. reglugerðarinnar, Landssamband vörubifreiðatjóra og Vinnuveitendasambandið hafi beinlínis samið svo um í 6. gr. samnings síns, sem síðar verður lýst, að vörubílstjórfélögum og

vinnuveitendum sé heimilt að gera sérsamninga á ákvæðisvinnugrundvelli um meiri háttar akstursverkefni. Útboð og einkaréttur séu andstæður, en útboð sé hinn nauðsynlegi og eðlilegi grundvöllur ákvæðisvinnusamninga og verksamninga. Bendir stefni á, að svo til daglega sé verið að bjóða út verk, þar sem akstur vörubifreiða sé innifalinn, stundum útboð á hreinum akstri, t. d. flutningur á áli frá Straumsvík til Sundahafnar, svo dæmi sé tekið af félagssvæði stefnanda. Þannig hafi tilboðsverk viðgengist og staðreynd, að bæði einstakir vörubifreiðastjórar og stöðvarnar sjálfar hafi gert tilboð í verk og samninga um þau. Stefnandi mótmælir þessari túlkun. Í viðkomandi ákvæði sé eingöngu gert ráð fyrir, að vörubifreiðastjórafélögum (á viðkomandi svæði) sé í vissum tilvikum heimilt um *stærri verk* að vinna í ákvæðisvinnu og fara þar með niður fyrir gildandi taxta um smærri verk. Hér sé aðeins um heimild, en ekki skyldu, að ræða og fráleitt sé, að þetta skapi utanaðkomandi aðiljum rétt til að keppa við aðildarfélög kjarasamnings.

V.

Lagður hefur verið fram í málinu samningur um akstursgjöld og kjör sjálfseignarvörubifreiðastjóra milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra frá 27. október 1980, sem að framan er að vikið, og hljóðar 5. gr. samningsins svo:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hvern á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flugningstækjum allan þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum."

Í sama samningi segir m. a. svo í 6. gr.:

„Vörubifreiðastjórafélögum og vinnuveitendum er heimilt að gera sérsamning á ákvæðisgrundvelli um meiriháttar akstursverkefni."

Lagt hefur verið fram í málinu fréttabréf Vinnuveitendasambands Íslands, er nefnist VSÍ-tíðindi, 4. tbl., maí 1981. Þar segir m. a.:

„Þar sem nokkurs misskilnings hefur gætt á efni 5. gr. í kjarasamningi Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, sem hér fer á eftir, þykir rétt að skýra efni hennar nánar á þessum vettvangi."

Síðan er 5. gr. birt og síðan sagt:

„Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, tekur einungis til vörubifreiða

innan þeirra stærðarmarka, 15 tonn, sem samningurinn tekur til. Hverjum einstökum farmflytjenda er hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningsbíla, s. s. sendibíla eða dráttarbíla, án tillits til þess, hvaða vöru um er að ræða. Ákveði farmflytjandi á hinn bóginn að nota vörubifreið innan ofangreindra stærðarmarka til flutninganna, er hann skuldbundinn til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélags innan Landssambands vörubifreiðastjóra njóta forgangs."

Af hálfu sóknaraðilja í máli þessu er síðastgreindri túlkun á 5. gr. eindregið nótmælt og sá skilningur lagður á nefnt samningsákvæði, að það sé eingöngu í því tilviki, þegar flutt er *eitt stykki, er fer yfir 15 tonn,* sem einkaréttur gildi ekki.

VI.

Stefndi hefur fært fram þá málsástæðu, og raunar lagt á hana höfuðáherslu, að sýkna beri stefnda, Saltsöluna h/f, vegna aðildarskorts. Samkvæmt ályktarorði lögbannsúrskurðarins sé hin umbeðna gerð heimiluð í því formi, að lögbann sé „lagt á flutninga salts verktakanna Feró s/f og Hafsteins og Sæmundar h/f" úr umræddu skipi. Lögbannsúrskurðurinn beinist þannig ekki að stefnda í máli þessu. Stefnandi hafi ekki beint staðfestingarmáli þessu að gerðarþola samkvæmt lögbannsúrskurðinum, ekki einu sinni stefnt þeim til réttargæslu.

Enn fremur telur stefndi aðild málsin á sóknarhlið ranga, þar sem Landssamband vörubifreiðastjóra höfði málið ekki einasta vegna Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði, heldur einnig vegna Vörubílstjórafélagsins Þróttar í Reykjavík. Til svars við þessu hefur stefnandi vísað til 1. mgr 6. gr. samningsins frá 27. október 1980, þar sem segir: „Þegar um flutning frá skipshlið milli félagssvæða er að ræða, gilda vinnuskiptareglur Landssambandsins á ábyrgð viðkomandi vörubifreiðastjórafélaga."

Auk þessa hefur stefndi haldið því fram, að lögbannsúrskurðurinn sé háður öðrum þeim annmörkum, „sem leiða til ógildis hans", að því er virðist af málflutnigi stefnda þeim helstum, að fógeti hafi í forsendum úrskurðarins rökstutt niðurstöðu sína efnislega: „Þannig leiðist fógeti til þess, án þess að umbjóðandi minn fengi þar rönd við reist, að færa rök fyrir efnislegri réttlætingu á úrskurðinum eins og um staðfestingarmál væri að ræða", segir í greinargerð stefnda.

Álit réttarins.

Hæstiréttur hefur fjallað um formhlið þessa máls og þá komist að þeirri niðurstöðu, að það eigi ekki að sæta frávísun ex officio, en krafa er eigi gerð um frávísun. Málið er nú lagt öldungis óbreytt fyrir.

Í gögnum málsins kemur fram, að upphaflega beiddist Saltsalan h/f lög-

banns við hindrun Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði á umræddum saltflutningum, sbr. m. a. dskj. nr. 7 og 12 í fógetarétti, en síðar varð samkomulag um, að aðildinni yrði snúið við, og tók Saltsalan h/f sér þá stöðu á varnarhlið og hélt uppi vörnum sem gerðarþoli. Í lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda, stefnanda í máli þessu, var beiðst lögbanns við því, að flutningatæki í eigu Feró s/f og Hafsteins og Sæmundar h/f annist akstur á salti við losun skipsins Karen Danielsen *á vegum* Saltsölunnar h/f, og efnisleg niðurstaða fógeta var sú, að fallist var á kröfur gerðarbeiðanda, en verksamningur, er sýndi samband farmeiganda og flutningsaðilja, lá frammi í fógetaréttarmálinu. Kröfum um staðfestingu lögbannsins þykir vera réttilega beint að stefnda, og verður því eigi fallist á kröfu um sýknu vegna aðildarskorts.

Túlka verður samning frá 27. október 1980 um akstursgjöld og kjör sjálfseignarvörubifreiðastjóra milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra svo, að hann taki einvörðungu til bifreiða með 15 tonna hlassþunga og minna. Í því sambandi vísast einkum til 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 9. gr. umræddS samnings, en þar kemur fram, að eigi er samið um akstursgjöld fyrir stærri bifreiðar en með 15 tonna hlassþunga. Þessi túlkun styrkist enn frekar, er litið er til 4. gr. samningsins, en þar er samið um laun bifreiðastjóra á bifreiðum með 16—23 tonna hlassþunga, þótt hvergi sé í samningum samið um akstursgjöld fyrir slíkar bifreiðar.

Þótt ekki hafi tekist samningar um stærri bifreiðar en 15 tonn, þá verður ekki af því né öðrum gögnum í málinu dregin sú ályktun, að sóknaraðili hafi fallið frá þeim einkarétti, sem ákvæði laga nr. 36/1980 og reglugerðar nr. 242/1971 kunna að veita honum.

Fallast má á það, að við setningu laga um leigubifreiðar, sem sett voru ekki síst til þess að vernda atvinnuöryggi og kjör leigubifreiðastjóra sem launþega, þ. á m. sjálfseignarvörubifreiðastjóra, hafi með orðinu vörubifreið verið átt við þess konar bifreiðar, sem á þeim tíma voru almennt notaðar af félagsbundnum sjálfseignarvörubifreiðastjórum til leiguaksturs á vörubifreiðum, og að hugtakið vörubifreið í lögunum beri á hverjum tíma að skýra svo, að það taki til þess konar bifreiða, sem á hverjum tíma eru almennt notaðar til leiguaksturs. Fyrir liggur og endurspeglast m. a. í títtnefndum samningi frá 27. október 1980, að nú er þróun þar á vegi stödd, að þessi stærðarmörk eru 15 tonn. En þetta nægir þó ekki til framgangs sýknukröfu stefnda. Þótt tæki þau, sem umbjóðandi hans notaði, væru ekki vörubifreiðar í merkinu 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga um leigubifreiðar nr. 36/1971, þar sem bifreiðar með hlassþyngd yfir 15 tonn eru ekki notaðar almennt til leiguaksturs nú, þá var umræddur saltflutningur þess háttar flutningur, sem almennnt hefur verið, að færi fram með leigubif-

reiðum til vöruflutninga. Umræddur saltflutningur var að því leyti sama eðlis og þeir flutningar, sem lýst er í einkaréttarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 ná ekki að fullu tilgangi sínum til verndunar stéttarhagsmunum leigubifreiðastjóra, nema ákvæðið sé talið ná til tilviks þess, er hér um ræðir.

Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt samningsfrelsið sé ein af grundvallarreglum íslensks réttar og allar undantekningar frá því beri að túlka þröngt.

Samkvæmt þessu ber að fallast á dómkröfur sóknaraðilja í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Hafnarfjarðar 7. maí 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 7. maí 1982 (í dag), hafa gerðarbeiðendur, þeir Landssamband vörubifreiðastjóra vegna Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði og Vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar í Reykjavík farið þess á leit, að lagt verði nú þegar lögbann við því, að flutningatæki í eign FERO s/f, Steinaseli 6, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h/f, Tangarhöfða 4, Reykjavík, annist akstur á salti við losun skipsins „KAREN DANIELSEN" í Hafnarfjarðarhöfn á vegum Saltsölunnar h/f, Hjarðarhaga 17, Reykjavík.

Kröfur gerðarþola, Saltsölunnar h/f, eru þær aðallega, að lögbann þetta nái ekki fram að ganga, en til vara er gerð sú krafa, að nái lögbannið fram að ganga, verði gerðarbeiðanda gert að leggja fram tryggingu, US $ 8.000 á dag fyrir hvern dag, sem vinnustöðvun stendur yfir, og hlutfallslega fyrir brot úr degi.

Hvorugur málsaðilja hefur krafist málskostnaðar úr hendi hins.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum sem nú skal greina:

Að morgni fimmtudagsins 6. þ. m. var hafin í Hafnarfjarðarhöfn losun á saltfarmi úr skipinu „KAREN DANIELSEN", og hófu verktakarnir, FERO s/f og Hafsteinn og Sæmundur h/f, sem áður eru nefndir, samkvæmt verksamningi við eiganda farmsins, Saltsölunnar h/f í Reykjavík, gerðarþola í máli þessu, að flytja saltfarminn, 800 tonn, á stórum flutningatækjum (dráttarbifreiðum) frá skipshlið að birgðastöð gerðarþola í Kópavogi. Áður, eða þann 3. þ. m., hafði eigandi farmsins, gerðarþoli í máli þessu, afhent gerðarbeiðanda Félagi vörubílaeigenda í Hafnarfirði (og fleirum) útboðstilkynningu, þar sem óskað var eftir tilboðum í þetta akst-

ursverkefni. Útboð þetta var ekki auglýst í dagblöðum né öðrum fjölmiðlum að sögn umboðsmanns gerðarþola, heldur hafi það verið kynnt nokkrum aðiljum, þ. á m. áðurnefdnum gerðarbeiðanda, og hafi því verið um lokað útboð að ræða. Gerðarbeiðandi (Félag vörubílaeiganda í Hafnarfirði) gerði ekki tilboð í þetta verkefni og gerði síðan gerðarþoli (Saltsalan h/f) verksamning um flutning saltsins við áðurnefnda aðilja, FERO s/f og Hafstein og Sæmund h/f. Þegar um 100 tonn af salfarminum höfðu verið flutt frá skipinu um kl. 1130 í gærmorgum (6. þ. m.), lögðu nokkrir félagsmenn í Félagi vörubílaeigenda í Hafnarfirði bifreiðum sínum í veg fyrir flutningatæki áðurnefndra verktaka og hindruðu þannig framhald flutninganna. Síðdegis í gær (6. þ. m.) lagði umboðsmaður gerðarþola, Saltsölunnar h/f, fram hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði beiðni um, að lagt yrði lögbann við þessum athöfnum gerðarbeiðanda, en þegar málið út af þessari lögbannsbeiðni skyldi tekið fyrir í fógetarétti Harnarfjarðar nú í morgun (7. maí 1982), afturkallaði umboðsmaður gerðarþola í máli þessu þessa beiðni sína, en þess í stað boðaði umboðsmaður gerðarbeiðanda við það sama tækifæri, að hann mundi nú árdegis í dag leggja fram lögbannsbeiðni gegn framhaldi saltflutninganna á vegum áðurnefndra verktaka. Gerði hann það um kl. 1135 í morgun, og var þá mál þetta þingfest í fógetarétti Hafnarfjarðar að báðum umboðsmönnum aðilja viðstöddum, sem lögðu þar fram gögn sín, lýstu yfir, að þeir teldu gagnaöflun þar með vera lokið, féllu frá frekari málflutningi og lögðu málið í úrskurð, allt að undangenginni árangurslausri sáttatilraun.

Kröfu sína um framgang gerðarinnar rökstyður umboðsmaður gerðarbeiðenda m. a. með því, að þeir eigi skýlausan einkarétt til aksturs á farmi þeim, er hér um ræðir, og vísar þar til reglugerðar staðfestrar af samgönguráðuneytinu 3. des. 1971, einkum 3. gr., en þar sé átt við reglugerð fyrir vörubifreiðastjóra á félagssvæði Hafnarfjarðar. Eigi verði um það deilt, að saltflutningar af þessu tagi hafi verið í höndum lögbannsbeiðanda yfirleitt, þótt til séu önnur tæki, sem framkvæmt geta þessa vinnu. Þá segir í rökstuðning umboðsmanns gerðarbeiðanda fyrir kröfugerð sinni, að gerðarþoli hafi bent á, að þar sem útboð á verkefninu hafi farið fram, gildi ekki einkaréttur gerðarbeiðanda um flutninginn og bendi á 3. mlsgr. 6. gr. kjarasamnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, en hér sé um misskilning að ræða, þar sem í viðkomandi ákvæði sé eingöngu gert ráð fyrir, að vörubifreiðastjórafélögum (á viðkomandi svæðum) sé í vissum tilvikum heimilt að vinna stærri verk í ákvæðisvinnu og fara þar með niður fyrir gildandi taxta um smærri verk. Sé hér aðeins um heimild að ræða, en ekki skyldu, og fráleitt sé, að þetta ákvæði skapi utanaðkomandi aðiljum rétt til að keppa við aðildarfélög kjarasamnings. Enn fremur segir í rökstuðningi gerðarbeiðanda fyrir kröfu-

gerð, að svokallað útboð, sem bent hafi verið á, dags. 3 maí 1982, sé þýðingarlaust fyrir þetta mál, þar sem lögbannsbeiðandi þurfi ekki að sinna slíku, enda óheimilt að bjóða slík verk út á félagssvæðinu, og í annan stað sé hér ekki um útboð að ræða, enda hafi það ekki verið augýst með venjulegum hætti, heldur byggt sem „proforma" skjal á áðurgerðum samningi við flutningsaðilja og síðan framvísað við gerðarbeiðanda (þ. e. Félag vörubílaeigenda í Hafnarfirði) fyrir siðasakir.

Kröfu sína um, að lögbannið nái ekki fram að ganga, rökstyður umboðsmaður gerðarþola með því m. a., að sambærilegur akstur á salti og öðru fyrir Saltsöluna h/f og aðra hafi athugasemdalaust átt sér stað með „trailerum" af svipaðri stærð og notaðir eru í því tilviki, sem hér ræðir um. Á þessu sviði hafi því skapast réttarvenja. Einnig hefur umboðsmaður gerðarþola skírskotað til 6. gr. síðustu málsgr. kjarasamnings Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands, sem heimila sérsamninga um meiri háttar akstursverkefni. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola lýst þeirri skoðun sinni til rökstuðnings kröfu sinni, að tengi- og festivagnar, sem saltflutningar þeir, sem hér ræðir um, hafi farið með og eigi að fara fram með samkv. samningi við verktaka, séu allt annað en leigubifreiðar til vöruflutninga eða vöruflutningabifreiðar almennt og verði þessum tvennum ökutækjum ekki ruglað saman, enda nái lög og reglugerðir viðkomandi vörubifreiðum ekki til dráttarbifreiða með tengivagni.

Í 5. gr. samnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. okt. 1980 segir, að Vinnuveitendasambandið skuldbindi sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambandsins hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hvern á sínu vinnu- og félagssvæði og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu, og í 3. gr. reglugerðar um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutnina á félagssvæði Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði frá 3. des. 1971 segir, að öllum sé óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði utan þeirrar stöðvar. Ljóst virðist því samkvæmt framansögðu, að félagsmenn í Félagi vörubílaeigenda í Hafnarfirði eigi forgang að þeim saltflutningum, sem um ræðir í þessu máli.

Í 3. mlsgr. 6. gr. áðurnefnds samnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands segir, að vörubifreiðastjórafélögum og vinnuveitendum sé heimilt að gera sérsamninga á ákvæðisvinnugrundvelli um meiri háttar akstursverkefni. Án þess að afstaða sé tekin til þess hér, hvort um meiri háttar verkefni sé að ræða í því tilviki, sem hér ræðir um, en það kann að vera álitamál, er komist að þeirri niðurstöðu, að áðurnefnt ákvæði nefndrar greinar samningsins helgi það ekki, að verk-

efni, sem félagsmenn Félags vörubílaeigenda í Hafnarfirði virðast eiga forgangsrétt að, sé boðið út hverjum sem er, enda virðist nefnt samningsákvæði um sérsamning um einstök verkefni alfarið takmarkast við vörubifreiðatjórafélög á viðkomandi svæði og félagsmenn þeirra, þ. e. í þessu tilviki Félag vörubílaeigenda í Hafnarfirði. Upplýst er í máli þessu, að ekki hafi verið reynt að hálfu gerðarþola að gera sérsamning við nefnt félag um umrætt verkefni, heldur hafi félaginu verið gefinn kostur á að gera tilboð í verkefnið samkvæmt útboði á því. Ekki verður hér fallist á þá skoðun umboðsmanns gerðarþola, að um það hafi skapast réttarvenja að leyfa eða láta afskiptalaust fram að þessu, að ýmsir aðiljar hafi tekið að sér verkefni, sem gerðarbeiðandi virðist eiga forgangsrétt að að annast á sínu félagssvæði samkv. áðurnefndum gildandi kjarasamningi og reglugerð, né heldur verði á það fallist, að forgangsréttur gerðarbeiðanda á leiguakstri á vörubifreiðum verði með réttu rofinn, þótt flutningatæki af öðrum gerðum, sem hljóta að teljast til bifreiða, séu notuð til flutninga á einstökum félagssvæðum.

Með skírtkotun til þess, sem hér að framan segir, þykir því rétt að verða við kröfu gerðarbeiðanda um að leggja lögbann á þá flutninga, sem um ræðir í máli þessu.

Því úrskurðast:

Lögbann er lagt á flutninga salts verktakanna FERÓ s/f, Reykjavík, og Hafsteins og Sæmundar h/f, Reykjavík, úr skipinu „KAREN DANIELSEN" í Hafnarfjarðarhöfn á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn setningu bankatryggingar eða annarrar jafngildrar tryggingar að fjárhæð kr. 120.000.00.

Miðvikudaginn 8. júní 1983

Nr. 4/1983. **BJG h/f og**
Norðurverk h/f
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Vörubílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu
og gagnsök
(Barði Friðriksson hrl.).

Atvinnuréttindi vörubifreiðastjóra. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hætaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmudur Skaftason.

Aðaláfrýjandi BJG h/f skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1983. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi Norðurverk h/f skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1983. Félagið krefst þess, að synjað verði staðfestingar lögbanns, sem lagt var við akstri dráttarbíla í eigu félagsins á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar 26. apríl 1982. Þá krefst félagið sýknu af kröfum gagnáfrýjanda um viðurkenningu á einkarétti til þeirra flutninga, sem í málinu greinir. Loks krefst Norðurverk h/f málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1983. Krefst félagið staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að málskostnaður verði dæmdur því úr hendi aðaláfrýjenda óskipt í héraði. Þá krefst það málskostnaðar fyrir Hæstarétti með sama hætti.

Í máli þessu þarf að skýra 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en þar segir m. a.:

„Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. . .

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

Um það er deilt í málinu, hvort sett hafi verið reglugerð með lögmætum hætti um það fyrirkomulag, sem um ræðir í lagaákvæði þessu, og um hámarksfjölda vörubifreiða eftir 6. gr. laganna. Er því mótmælt af aðaláfrýjendum með þeim rökum, að reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu komi hér ein til alita, en henni verði ekki beitt þegar af þeirri ástæðu, að álitsumleitun eftir 6. gr., 2. mgr., laga nr. 36/1970 hafi engin verið. Fullyrðingu lögmanns Norðurverks h/f um þetta hefur að vísu ekki verið mótmælt af hálfu gagnáfrýjanda, en upplýsingar frá samgönguráðuneytinu um undirbúning reglugerðar nr. 79/1982 hafa ekki komið fram. Gildi hennar þykir ekki ráða úrslitum í máli þessu, þar sem þau ráðast þegar af skýringu á 5. gr. laga nr. 36/1970. Við þá skýringu má hafa til hliðsjónar 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Er ljóst, að sum tækjanna, sem til flutninganna voru ætluð, voru bifreiðar í skilningi umferðarlaga, þ. e. dráttartæki, sem þó voru ekki dráttarvélar eftir lögunum. Auk dráttartækjanna átti að nota vagna, sem ekki eru bifreiðar í skilningi umferðarlaga. Hinar vélknúnu dráttarbifreiðar og vagnarnir, sem við þá skyldi tengja, verða ekki talin til vörubifreiða samkvæmt lögum nr. 36/1970, sbr. áður lög nr. 23/1953, 25/1955, 24/1957, 40/1957, 52/1965, 1/1966 og 22/1967. Þar er þess að gæta, að tæki þessi, sem vissulega má nota til flutninga, sem framkvæma má með vörubifreiðum, voru tækninýjung, sem var til þess fallin að breyta í verulegu atriðum vöruflutningum á vegum. Þau má einng nota til að flytja varning, sem ekki er unnt að flytja á vörubifreiðum vegna stærðar og þunga einstakra stykkja. Ber af þeirri ástæðu að taka sýknukröfur aðaláfrýjenda til greina og fella úr gildi lögbann það, sem á var lagt í fógetadómi Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða

aðaláfrýjendum 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, BJG h/f og Norðurverk h/f, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, og er framangreint lögbann úr gildi fellt.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 10.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Sigurgeirs Jónssonar.

I.

Þegar virt er forsaga ákvæðis 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. fyrri lög nr. 23/1953, 40/1957 og 1/1966 ásamt breytingarlögum, þykir sýnt, að tilgangur ákvæðisins sé m. a. að vernda atvinnuöryggi þeirra, er stunda leiguakstur til vöruflutninga. Með ákvæðinu er öllum mönnum á þeim stöðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, óheimilað að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Heitið vörubifreið er eigi skýrgreint í ákvæðinu. Eigi eru neinar skorður settar í ákvæðinu um gerð vörubifreiða, er hlíti ákvæðinu, eða flutningsgetu þeirra. Þegar tilgangur ákvæðisins er hafður í huga, ber að túlka það svo, að allar vörubifreiðar falli hér undir, en telja verður, að flutnigstæki þau, sem greinir í málinu, séu bifreiðar í merkingu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, sbr. og 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og skyldi nota þau til vöruflutninga. Voru tæki þessi ætluð til leiguaksturs, svo sem skýra ber það orð í ákvæðinu. Einkaréttur sá, er felst í 5. gr., 2. mgr., laga nr. 36/1970 og reglugerð nr. 79/1982 til handa gagnáfrýjanda verður ekki skertur með samningi þeim frá 27. október 1980 milli Vinnuveitendasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra, sem greindur er í héraðsdómi.

II.

Fram er komið í máli þessu, að flutningar þeir frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, sem um ræðir í málinu, vörðuðu bæði sement og pípur, sbr. verksamning 7. apríl 1982, er greinir í héraðsdómi. Afstaða gagnáfrýjanda til vöruflutninga þessara verður samkvæmt gögnum málsins eigi skilin öðruvísi en svo, að hann hafi aðeins óskað að taka að sér sementsflutningana. Úr því að málið horfði svona við, átti gagnáfrýjandi ekki lögvarið tilkall til, að lögbanni yrði beitt. Ber því að taka til greina sýknukröfur aðaláfrýjenda og fella úr gildi lögbann það, sem á var lagt í fógetadómi Suður-Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, BJG h/f og Norðurverk h/f, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, í máli þessu, og er framangreint lögbann fellt úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 17. desember 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 1. og 2. maí 1982.

Málinu var hinn 28. júní 1982 vísað frá dómi, en með dómi Hæstaréttar hinn 20. október 1982 var hinn kærði frávísunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað itl efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Stefnandi er Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru Norðurverk h/f, Akureyri, og BJG h/f, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er Rafmagnsveitum ríkisins-Kröfluvirkjun, Akureyri, stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði lögbann það, er lagt var á þann 26. apríl 1982 gegn akstri stefndu á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, og að viðurkenndur verði einkaréttur stefnanda til að annast flutninga þessa.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað

að skaðlausu, þar á meðal allan kostnað við lögbannið eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Norðurverks h/f eru þær, að synjað verði staðfestingar lögbannsins og mótmælt því, að viðurkenndur verði með dómi einkaréttur stefnanda til greindra flutninga.

Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda BJG h/f eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að synjað verði staðfestingar lögbannsins, er í málinu greinir, svo og að stefnanda verði dæmt að greiða sér málskostnað.

Réttargæslustefndi, Rafmagnsveitur ríkisins-Kröfluvirkjun, hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Á árinu 1981 voru sementsflutningar frá Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík til Kröfluvirkjunar boðnir út af Rafmagnsveitum ríkisins-Kröfluvirkjun, og var sementi þá ekið af stefndu í þessu máli samkvæmt samningi frá 6. maí 1981. Samningur þessi hefði verið gerður með samþykki stefnanda, sem ekki vildi sinna þessum flutningum sl. ár. Nýr samningur hefði síðan verið gerður, án útboðs, milli sömu aðilja hinn 7. apríl 1982. Þegar stefndu svo hófu flutningana á sementi samkvæmt hinum nýja samningi hinn 26. apríl sl., sá stefnandi sig tilneyddan að leggja lögbann við flutningunum, þar sem þeir töldu hinn síðari samning skýlaust brot á einkarétti stefnanda á flutningum af þessu tagi.

Stefndi Norðurverk h/f kveður málavexti vera þá, að hinn 30. apríl 1981 hafi Rafmagnsveitur ríkisins boðið út flutninga á borleðju og sementi fyrir Kröfluvirkjun frá Húsavík til Kröfluvirkjunar í Mývatnssveit. Stefndi hafi gert tilboð í greinda flutninga og um þá tekist samningur 6. maí 1981. Eigi hafi borist tilboð frá stefnanda í flutninga þessa og hafi honum þó verið send útboðsgögn.

Þar sem flutningur þessi hafi í alla staði tekist vel, hafi í framhaldi þeirra verið gert nýtt samkomulag með samningi, dagsettum 7. apríl 1982, um áframhaldandi flutninga milli sömu aðilja. Skyldu stefndu flytja 300 tonn af sementi og 435 tonn af fóðurpípum frá Húsavík til Kröfluvirkjunar. Flytjendur hugðust framkvæma flutninga þessa með stórvirkum flutningatækjum þ. e. dráttarbílum, er draga flutningasleða. Burðargeta slíkra flutningasleða sé allt að 25 tonnum og séu þeir helmingi lengri en venjulegir vörubílspallar.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að samningurinn frá 6. maí 1981 hafi verið gerður með samþykki stefnanda, enda engin gögn til um það. Stefnanda hafi verið boðið að bjóða í flutningana í fyrra, en hann ekki sinnt því. Af því háttalagi hafi mátt ráða, að hann hefði engan áhuga á flutningunum í ár.

Lögð hefur verið fram í málinu reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu frá 5. mars 1982. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar, en í 2. mgr. 5. gr. laganna segir svo:

„Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er."

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Leiguakstur telst, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er."

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum áðurnefndrar reglugerðar og enn fremur á forgangsréttarákvæðum í 5. gr. kjarasamnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. okt. 1980, sem liggur frammi í málinu. En í munnlegum málflutningi byggði lögmaður stefnanda kröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum 2. mgr. 5. gr. fyrrgreindra laga.

Stefnandi eigi einkarétt til flutninga á farmi þeim, sem hér um ræðir (sementinu). Telur hann, að forgangsréttur félagsmanna taki til allra flutninga á farmi af þessu tagi, þ. e. á farmi, sem eigi er eitt stykki, er fer yfir 15 tonn, skuli fluttur af stefnanda.

Stefnandi hafnar alfarið þeim skilningi stendu, að þar sem útboð hafi farið fram í fyrra, gildi ekki einkaréttur stefnanda um flutninga þá, sem hér er fjallað um. Í fyrsta lagi þurfi stefnandi ekki að sinna útboði, enda sé óheimilt að bjóða slík verk út á félagssvæðinu. Í öðru lagi gildi útboð á árinu 1981 ekki um flutninga þá, sem hér er um að ræða.

Stefndi Norðurverk h/f byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að greind reglugerð nr. 79 frá 5. mars 1982 sé gildislaus. Reglugerðina skorti lagastoð, með því að lögmætum skilyrðum um tilurð hennar hafi eigi verið sinnt varðandi umsögn Vinnuveitendasambandsins, áður en hún hafi verið sett, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Þá telur stefndi, að reglugerðin eigi einungis við vöruflutningabifreiðar til leiguaksturs, en gildi ekki um dráttarbifreiðar.

Í öðru lagi hafi Vinnuveitendasamband Íslands aldrei viðurkennt einkarétt vörubifriðatjóra til aksturs á hverju félagssvæði. Hins vegar séu í kjarasamningi aðilja ákvæði um forgangsrétt vörubifreiðastjóra til leiguaksturs. Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, taki einungis til vörubifreiða innan þeirra stærðarmarka, 15 tonna, sem samningurinn tekur til. Hverjum ein-

stökum eiganda farms sé hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningabíla, s. s. sendiferðabíla eða dráttarbíla, án tillits til þess, hvaða vöru sé um að ræða.

Stefndi bendir einnig á, að samningur RARIK-Kröfluvirkjunar frá 6. apríl 1982 við stefndu um flutningana sé verksamningur, en slíkan samning hafi verið heimilt að gera þrátt fyrir forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Enn fremur að ákv. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar taki einungis til leigu- og vinnusamnings, en ekki til verksamnings.

Stefndi BJG h/f byggir sýknukröfur sínar í meginatriðum á sömu rökum og meðstefndi Norðurverk h/f.

Hér sé um að ræða flutninga með tækjum, sem ekki eru vörubifreiðar í skilningi reglugerðarinnar og ekki reknar sem slíkar. Farminn eigi að flytja fyrir ákveðið verð á grundvelli útboðs og verklýsingar og Íslensks staðals, IST 30. Reglugerðin fjalli einvörðungu um rekstur leigubifreiða til vöruflutningaaksturs. Slíkar bifreiðar séu skilgreindar í umferðarlögum, lögum um tollskrá og víðar og aðgreinist frá svonefndum dráttar- og tengivögnum, sem stefndi noti gjarnan við framkvæmd samninga.

Álit dómsins:

Í 5. gr. laga nr. 36/1970 er talað um „leiguakstur á vörubifreiðum." En þar er ekki nánar skilgreint, hvaða bifreiðar skuli teljast vörubifreiðar.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, dags. 4. maí 1982 (sbr. dskj. nr. 18), og segir þar m. a.:

„Í lögum og reglum er engin nákvæm skilgreining á mun vörubifreiða og dráttarbifreiða, og margar vörubifreiðar, sem eru með palli, eru einnig með tengibúnað fyrir aftanívagna. Í umsókn um skráningu ökutækja og í skráningarskírteini eru samt reitir til að merkja í, hvort bifreiðin er skráð sem vörubifreið eða dráttarbifreið. Sú meginregla gildir, að bifreiðar, sem eru palllausar, en með stól til að tengja við festivagn, eru skráðar sem dráttarbifreiðar, en þær, sem eru með palli, eru skráðar sem vörubifreiðar, óháð því, hvort þær eru með tengibúnað."

Að vísu voru bifreiðar þær, sem stefndu hugðust nota við flutning á sementinu, ekki venjulegar vörubifreiðar. En skv. því, sem fram er komið í málinu, var sement það, sem flytja átti með dráttarbifreiðum, þess háttar flutningar, sem flytja mátti með venjulegum vörubifreiðum.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970 verður því að telja, að það hafi verið andstætt ákvæðum greinarinnar að flytja sement það með dráttarbifreiðum stefndu, sem var tækt bifreiðum félagsmanna Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

Varðandi Þá málsástæðu stefndu, að hér sé um verksamning að ræða milli stefndu og réttargæslustefnda, sem lög nr. 36/1970 taki ekki til, þá

lítur dómari svo á, að það hafi verið andstætt ákvæðum 2. mgr. 5. gr. nefndra laga að gera samning um að láta stefndu flytja sement það, sem um ræðir í málinu, án þess að gera áskilnað um það, að félagsmenn Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu sætu fyrir um þá flutninga á félagssvæði sínu. Samkvæmt þessu ber að fallast á dómkröfur stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Viðurkenndur er einkaréttur stefnanda, Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, á félagssvæði sínu að því er varðar flutning þann á sementi, er í málinu greinir, sem fluttur varð með venjulegum vöruflutningabifreiðum.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 26. apríl 1982.

Ekki er neitt komið fram í máli þessu, er bendir til eða sanni, að ákvæði reglugerðar á dskj. nr. 1 gildi ekki um umdeildan flutning á sementi. Hefur lögbannsbeiðendum ekki verið sannanlega gefinn kostur á að gera samning um flutning né heldur að gera tilboð í hann.

Er því lagt lögbann við flutningi Norðurverks h/f og BJG h/f á honum gegn setningu bankatryggingar, kr. 50.000.00, eða annarrar jafngildrar tryggingar.

Miðvikudaginn 8. júní 1983

Nr. 52/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Antoni Ófeigi Antonssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skjalafals. Tékkar. Fjársvik. Fyrning sakaratriðis. Eigi dæmt um skaðabótakröfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 27. maí 1982. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að staðfest verði sakarmat héraðsdóms, þar á meðal sýknuákvæði um I. þátt ákæru, en jafnframt gerð krafa um þyngingu refsingar. Ágrip málsgagna bars Hæstarétti 11. f. m.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða, en samkvæmt því hefur hann verið dæmdur í sakadómi Akureyrar hinn 1. mars sl. í 3 mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir innbrotsþjófnað, framinn 19. september 1981, og fjársvikabrot, framið 2. desember 1981.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um, að sýkna beri ákærða af I. þætti ákæru, þar sem sök hafi fyrnst, en sakfella hann að öðru leyti fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök og eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi eins og í héraðsdómi. Þar sem ákærði hafði áður einungis sætt sekt fyrir smávægilegt svikabrot, en ekki refsingum fyrir hegningarlagabrot að öðru leyti, og hann hefur ekki, svo vitað sé, gerst sekur um slík brot eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms, þykir rétt að ákveða, að fullnustu 5 mánaða af refsingunni skuli frestað skilorðsbundið til 3 ára.

Skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í héraði, verða ekki teknar til meðferðar í Hæstarétti, þar sem verjandi ákærða og ríkissaksóknari hafa lýst yfir því við flutning málsins, að þeir æski þess ekki, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 7 mánuði, en fresta skal fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunakotnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Af hálfu ákæruvalds eru dómkröfur þær, „að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd.“ Samkvæmt þessu tel ég, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur hafi verið borin undir Hæstarétt eins og önnur ákvæði hins áfrýjaða dóms. Breytir engu í því efni, þó að verjandi ákærða hafi ekki krafist lækkunar skaðabótanna. En þar sem meiri hluti Hæstaréttar dæmir, að skaðabótaákvæði héraðsdóms séu ekki til endurskoðunar í Hæstarétti, eru ekki efni til, að ég fjalli um þau að öðru leyti.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Akureyrar 1. mars 1982.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. nóvember 1981, var tekið til dóms fyrr í dag. Málið er höfðað ,,á hendur Antoni Ófeigi Antonssyni húsasmið, Hafnarstræti 79, Akureyri, fæddum þar í bæ 21. desember 1944, fyrir eftirtalin brot:

I.

Falsað nafn hálfbróður síns, Bjarka Skjaldarsonar, Tálknafirði, sem útgefanda og framseljanda á víxil að fjárhæð kr. 43.000.-. Víxillinn hefur útgáfudag 20. febrúar 1976, gjalddaga 10. mars 1976 og greiðslustað í Samvinnubanka Íslands hf., útibúinu á Patreksfirði, og var seldur í þeim banka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gefið út í janúar 1981 og notað í viðskiptum í Reykjavík eftirtalda 6 tékka á reikning sinn nr. 580 í Sparisjóðnum Pundið, Hátúni 4a, Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum og svikið þannig út fé. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa:

1. Nr. 76906, kr. 550.-. Útgáfudagur 16. janúar. Greiddar með tékkanum vörur í versluninni Herraríki, Snorrabraut 56.
2. Nr. 76907, kr. 500.-. Útgáfudagur sami. Greiðsla til leigubifreiðarstjóra.
3. Nr. 76908, kr. 356.-. Útgáfudagur sami. Greiddur dvalarkostnaður í gistiheimilinu, Brautarholti 22.
4. Nr. 76921, kr. 350.-. Útgáfudagur 19. janúar. Greitt bensín á afgreiðslustöð Olís.
5. Nr. 76922, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greitt bensín á afgreiðslustað Shell.
6. Nr. 76924, kr. 700.-. Útgáfudagur sami. Tékkinn seldur, en óvíst hverjum.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

III.

Falsað nafn Ernu Þorleifsdóttur og reikingsnúmerið 3939 á tvo tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu í Grindavík, og notað tékkana í viðskiptum í Reykjavík. Tékkarnir eru báðir til handhafa:

1. Nr. 236424, kr. 500.-. Útgáfudagur 28. mars 1981. Ákærði seldi tékkann eða notaði til greiðslu, en óvíst hverjum eða hvar.
2. Nr. 236425, kr. 500.-. Útgáfudagur 29. mars 1981. Greiddar veitingar á Hótel Borg.

Teljast verknaði þessir varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

IV.

Gefið út heimildarlaust í maí 1981 alls 9 tékka á eyðublöð frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, á tilbúna reikninga og notað tékkana í viðskiptum þar og þannig svikið út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa, og er á þeim reikningsnúmerið 580, nema annars sé getið:

1. Nr. 960040, kr. 150.-. Útgáfudagur 17. maí. Greiddar með tékkanum vörur í tóbaksversluninni Florida, Hverfisgötu 74. Reikningsnúmerið 585.
2. Nr. 960041, kr. 200.-. Útgáfudagur sami. Greiddar veitingar á Hótel Borg.
3. Nr. 960042, kr. 200.-. Útgáfudagur 18. maí. Greiddar vörur í söluturni að Hagamel 67.
4. Nr. 960043, kr. 270.-. Útgáfudagur 19. maí. Greiddar vörur í versluninni Faco, Laugavegi 37.
5. Nr. 960044, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Tékkinn seldur á afgreiðslustöð Olíufélagsins hf.
6. Nr. 960045, kr. 60.-. Útgáfudagur sami. Greiðsla innt af hendi í smurbrauðsstofunni Björninn, Njálsgötu 49.
7. Nr. 960046, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í söluturni að Laufásvegi 2.
8. Nr. 960047, kr. 100.-. Útgáfudagur 21. maí. Reikningsnúmer 5801. Greiddar vörur í versluninni Vestrið, Garðastræti 2.
9. Nr. 960048, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Reikningsnúmer 1582. Greiddar vörur í Ingólfs Apóteki, Hafnarstræti 5.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

V.

Gefið út heimildarlaust á Akureyri í júní 1981 alls 8 tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu á staðnum, á tilbúinn reikning nr. 2816 og notað tékkana í viðskiptum þar í bæ og þannig svikið út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa:

1. Nr. 1224826, kr. 300.-. Útgáfudagur 17. júní. Greiddar vörur í verlsun KEA, Hafnarstræti 20.
2. Nr. 1224827, kr. 200.-. Útgáfudagur 18. júní. Greiddar vörur í Veganesti við Hörgárbraut.
3. Nr. 1224828, kr. 400.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í verslun J.M.J. við Gránufélagsgötu.
4. Nr. 1224829, kr. 100.-. Útgáfudagur 20. júní. Greiddar vörur í Ferðanesti við Eyjafjarðarbraut.
5. Nr. 1224831, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í verslun Gunnars Skjóldal á Akureyri.
6. Nr. 1224832, kr. 300.-. Útgáfudagur sami. Greiddar veitingar í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri.
7. Nr. 1224834, kr. 200.-. Útgáfudagur 21. júní. Greiddar vörur í verslun KEA, Höfðahlíð 9.
8. Nr. 1224834, kr. 100.-. Útgáfudagur sami. Greiddar vörur í Nætursölunni við Geislagötu.

Teljast verknaðir þessir varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. desember 1944 á Akureyri, og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1962 21/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7 gr. lögreglusamþykktar.

1963 26/1 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga og 47. gr. lögreglusamþykktar.

1967 13/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 16. gr. umferðarlaga.

1968 20/1 í Kópavogi. Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 20/1 1968.

1978 16/5 í Kópavogi: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur öluleyfi í 1 ár frá 16/5 1978.

1980 21/5 á Akureyri: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. og 73. gr. laga nr. 94/1933.

1980 6/6 á Akureyri: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislag. Sviptur öluleyfi ævilangt frá s. d.

1981 21/8 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Málavextir.

Liður I í ákæruskjali.

Hinn 23. ágúst 1976 sendi Samvinnubanki Íslands, útibúið á Patreksfirði, kæru til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu á Patreksfirði. Kæra þessi var svohljóðandi:

„Hjálagt sendi ég yður, herra sýslumaður, víxil að upphæð kr. 43.000.00, samþykktan til greiðslu 10. mars 1976 af Antoni Antonssyni, Tálknafirði. Víxillinn er útgefinn af Bjarka Skjaldarsyni, Tálknafirði, sem einnig hefir framselt víxilinn. Víxilfjárhæðin var ekki greidd á gjalddaga, en upp í andvirði hennar hafa verið greiddar kr. 14.712.00, svo að ógreiddar eftirstöðvar eru nú kr. 28.288.00. Útgefandinn Bjarki Skjaldarson hefir verið krafinn um greiðslu þessar fjárhæðar ásamt vöxtum og kostnaði frá falldegi víxilsins. Hann hefir aftur í samtali við forstöðumann bankans neitað að hafa nokkurn tímann skrifað á greindan víxil og hljóti því nafn sitt bæði sem útgefandi og framseljandi greinds víxils að vera falsað. Með vísun til þessa hefir hann neitað að greiða fjárhæðina eða bera nokkra ábyrgð á greiðslu hennar. Þess er því hér með beiðst, að þér takið mál þetta til rannsóknar nú hið allra fyrsta, svo að úr því fáist skorið, hvort ummæli útgefandans séu rétt, og að málið verði síðan afgreitt á viðeigandi hátt. Eftirstöðvar víxilsins kr. 28.288.00 ásamt 2% vöxtum á mánuði frá gjalddaga víxilsins og kostnaði óskast innheimt og skil fyrir greiðslunni gerð hingað.

Virðingarfyllst.
Samvinnubanki Íslands,
útibú Patreksfirði.
Svavar Jóhannsson.
Sigurgeir Magnússon."

Kæra þessi var tekin fyrir í sakadómi Barðastrandarsýslu 19. nóvember 1976, og var hún þá lögð þar fram. Þá mætti í dóminum Bjarki Þór Skjaldarson ýtustjóri, til heimilis að Túngötu 19, Tálknafirði, fæddur 31. janúar 1953 á Dalvík. Var honum í dóminum kynnt fyrrgreind kæra Samvinnubanka Íslands h/f. Fyrir dóminum kannaðist þetta vitni ekki við að hafa ritað nafn sitt á umræddan víxil og neitaði að greiða andvirði hans á þeirri forsendu, að nafn hans hafi verið falsað á víxilinn. Vitnið skoðaði víxilinn, sem lá frammi í dóminum í frumriti og er í samræmi við lýsingu í kærubréfi Samvinnubankans, og ítrekaði vitnið, að það hefði ekki ritað nafn sitt á víxilinn, hvorki sem útgefandi né ábekingur aftan á víxilinn. Af þessu tilefni tók vitnið fram, að samþykkjandi víxilsins, Anton Antonsson, sem er

ákærður í máli þessu, sé hálfbróðir sinn og hafi hann haft samband við hann, eftir að bankinn fór að krefja vitnið um greiðslu víxilsins. Vitnið sagði að ákærði hefði sagt sér, að hann hefði útfyllt víxilinn í viðurvist Sigurðar Viggóssonar, starfsmanns Samvinnubankans, og talið, að honum hafi verið kunnugt um, að hann hafi ritað nafn vitnisins á víxilinn. Þá ritaði vitnið nafn sitt þrisvar sinnum á sérstakt blað, sem lagt var fram í sakadóminum. Vitnið taldi, að ákærði væri á þessum tíma í vinnu norður við Kröflu. Hann hafi farið frá Tálkafirði snemma vorið áður eftir að hafa verið þar í nokkra mánuði.

Mál þetta var síðan sent til ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 14. nóvember 1980. Ríkissaksóknari framsendi málið til rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 26. nóvember 1980. Til rannsóknarlögreglu ríkisins virðist málið síðan hafa borist 27. nóvember 1980. Ákærði var síðan yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 11. febrúar 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann hefði haft viðskipti við Samvinnubanka Íslands h/f, útibúið á Patreksfirði, árið 1976. Ákærði kvaðst þá hafa verið í vinnu við byggingu fyrir hálfbróður sinn, Bjarka Skjaldarson, og hafi það verið á Tálknafirði. Ákærði kvaðst hafa opnað ávísanareikning hjá Samvinnubankanum á Patreksfirði, en engin önnur viðskipti hafi hann haft við bankann. Ákærði sagði, að hann hefði farið fram yfir á ávísanareikningi þessum og honum hafi því verið lokað, en Bjarki Skjaldarson hafi síðan greitt skuld ákærða við bankann. Þá var ákærða sýndur víxill Samvinnubanka Íslands h/f á Patreksfirði, sem greinir í kærubréfinu frá 23. ágúst 1976. Kvaðst ákærði þar þekkja rithönd sína sem samþykkjanda á víxlinum og muna eftir því, að hann hafi samþykkt víxil þennan og hafi víxill þessi verið greiðsla til Bjarka Skjaldarsonar upp í Cortinu bifreið, er ákærði hafi keypt af honum. Síðar, þegar ákærði hafi farið að vinna fyrir Bjarka, hafi samist svo milli þeirra, að Bjarki greiddi víxil þennan ásamt þrem öðrum víxlum, er ákærði hafði samþykkt við bílakaupin. Ákærði segir, að sig minni, að frá þessum víxli hafi verið gengið í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði og hafi hann þar ritað nafn sitt sem samþykkjandi og Bjarki Skjaldarson nafn sitt sem útgefandi. Ákærði kvaðst enga tilkynningu hafa fengið út af víxli þessum eða öðrum, sem hann hafi samþykkt vegna bifreiðarkaupanna, og því talið víst, að Bjarki hafi staðið við að greiða þá. Ákærði kveðst engan víxil hafa greitt í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði og ekki heldur neina innborgun á víxil þar. Þá var ákærða kynntur framburður Bjarka Skjaldarsonar í sakadómi Barðastrandarsýslu föstudaginn 19. nóvember 1976. Ákærði kvaðst undrandi á þessum framburði Bjarka og kvaðst vel muna eftir því, þegar Bjarki hafi skrifað á víxilinn sem útgefandi, og einnig kvaðst ákærði þekkja rithönd bróður síns á nafni hans sem útgefanda og framseljanda á víxlinum. Ákærði kvaðst

fús að gefa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins rithandarsýni, en ítrekaði það jafnframt, að Bjarki hefði skrifað nafn sitt á umræddan víxil og þar sé því ekki um neina föslun að ræða. Ákærða var kynnt krafa útibús Samvinnubanka Íslands h/f vegna eftirstöðva og vaxta og kostnaðar af umræddum víxli. Hann kvaðst fallast á kröfu þessa sem réttmæta, en ekki hafa peninga til greiðslu hennar og hann vissi ekki, hvenær af greiðslu gæti orðið.

Rannsóknarlögregla ríkisins sendi fyrrgreind rithandarsýnishorn til Maríu Bergmann rithandarsérfræðings, og er álitsgerð hennar dagsett 4. mars 1981 og er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins hef ég rannsakað eftirtalin skriftarsýni:

Vafaritun:

Þar sem orðin Bjarki Skjaldarson Tálknafirði eru rituð sem nafn útgefanda víxils frá Samvinnubanka Íslands h.f., útibúinu Patreksfirði, útg. 20. febr. 1976 (frumrit). Merkt af mér sem sýni X.

Sannaðar ritanir:

1. Þar sem orðin Anton Ófeigur Antonsson og Bjarki Skjaldarson eru rituð (frumrit dags.11.02.1981). Merkt af mér sem sýni A.
2. Þar sem orðin Bjarki Skjaldarson eru rituð (frumrit dags. 19.11.1976). Merk af mér sem sýni B.

Að lokinni rannsókn á ofannefndum sínum, er álit mitt svohljóðandi:

Ritun orðanna Bjarki Skjaldarson Tálknafirði sem nafn útgefanda á sýni X og ritunin á sýni A sýna rithönd sömu persónu.

Einkenni viðkomandi rithandar eru m. a.:

1. Ritun leggjarins í stafnum B, þar sem penninn myndar grunnan sviga í neðri hluta og síðan örlítinn krók til hægri neðst.
2. Ritun stafsins j og tenging hans við stafina á undan.
3. Stafurinn a er opinn í efri hluta og með einstaklingseinkennandi krók í byrjun.
4. Ritun stafsins k og tenging hans við eftirkomandi i.
5. Stafurinn d er með opinn krók í byrjun ritunar. Hann hefur sérstaka viðstöðu pennans neðst í þeim krók, áður en penninn er dreginn upp á við til hægri.
6. Stafurinn s (í son) er ritaður sem fleygur.
7. Ritun stafsins n sýnir sömu stafagerð á báðum ofannefndum sýnum (X og A).
8. Í orðinu Bjarki er j-ið og r-ið ótengd eftirkomandi stöfum."

Miðvikudaginn 18. mars 1981 var ákærði tekinn aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna málsins, og lá þá frammi fyrrgreind álitsgerð Maríu Bergmann, dagsett 4. mars 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði nú svo frá, að hann vildi viðurkenna, að það væri hans rithönd, sem væri á nafninu Bjarki Skjaldarson sem útgefandi og framseljandi á fyrrgreindum víxli. Hvenær eða hvar ákærði hafi ritað nafn Bjarka Skjaldarsonar á umræddan víxil, kvaðst hann ekki muna. Víxill þessi hljóti að vera til kominn vegna viðskipta ákærða og Bjarka Skjaldarsonar á árinu 1976. Ákærði kvaðst vilja geta þess, að Bjarki Skjaldarson hafi verið mikið að heiman á árinu 1976 og því sé hugsanlegt, að Bjarki hafi heimilað ákærða að skrifa nafn sitt sem útgefandi á víxilinn, en ekki kveðst ákærði muna til þess að hafa fengið hjá Bjarka skriflegt umboð til nafnritunarinnar. Ákærði kvaðst heldur ekki muna til þess, að Bjarki hafi heimilað honum með munnlegu samkomulagi að rita nafn hans sem útgefanda á víxil. Ákærði ítrekaði, að hann gæti ekkert sagt frekar um ritun sína á fyrrgreindan víxil. Ákærði vildi þó benda á, að hann hafi hlotið að hafa heimild til nafnritunar nafns Bjarka Skjaldarsonar á víxilinn, því annars hefði hann ekki þorað að fara með víxilinn í útibú Samvinnubankans á Patreksfirði, þar sem Bjarki Skjaldarson hafi haft sín viðskipti og starfsfólk bankans þekkt rithönd hans. Einnig vildi ákærði benda á, að greitt hafi verið inn á víxil þennan, en það hafi hann ekki gert. Einnig kvaðst ákærði vilja benda á, að hann hefði dvalið á Tálknafirði þar til í maí 1977 og verið með viðskipti í útibúi Samvinnubankans á Patreksfirði til þess tíma, en aldrei verið krafinn um greiðslu á víxli þessum. Ekki hafi Bjarki Skjaldarson heldur getið þess við ákærða, að hann hafi í nóvember 1976 mætt á dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu vegna falsaðs víxils, sem ákærði væri samþykkjandi á.

Niðurstaða.

Frá því að brot það, sem greinir í þessum ákærulið, var framið og þar til ákærði kom í fyrsta skipti fyrir sakadóm, liðu rúmlega 7 ár. Refsing fyrir brot það, sem hér um ræðir, eitt úr af fyrir sig færi ekki fram úr 8 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af 2. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegingarlaga nr. 19/1940 var sök þessi því fyrnd, þegar saksókn gegn ákærða hófst, og hefur rannsókn sakadóms Barðastrandarsýslu frá 19. nóvember 1976 engin áhrif á þá niðurstöðu, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þessum rökum verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið. Ákærði hefur samþykkt sakaðabótakröfu frá Samvinnubanka Íslands, útibúinu á Patreksfirði, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt vöxtum, eins og krafist var. Verða vextir miðaðir við hæstu innlánsvexti banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 23. ágúst 1976.

Liður II í ákæruskjali.

Eins og í þessum lið ákæruskjalsins greinir, gaf ákærði í janúar 1981 út 6 tékka á reikning sinn nr. 580 í sparisjóðnum Pundinu, Hátúni 4 A, Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og þannig sveik ákærði út fé. Tékkar þessir voru allir gefnir út til handhafa. Verður nú greint frá hverjum einstökum tékka:

Rannsóknarlögreglu ríkisins barst kæra vegna tékka nr. 76906 á fyrrgreindan reikning hinn 23. febrúar 1981. Kæra þessi er svohljóðandi:

„Hér með kæri ég fyrir hönd Sambands íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík, Anton Antonsson, Vesturhólum 13, Reykjavík, fyrir tékkamisferli vegna útgáfu meðfylgjandi ávísunar að fjárhæð kr. 550.00, en ávísun þessa notaði kærði til þess að greiða versluninni Herraríki, sem rekin er af Sambandinu. Ávísunin er gefin út 16. janúar s.l. á ávísanareikning nr. 580 í Sparisjóðnum Pundið, sem reyndist innistæðulaus, og var reikningi þessum lokað 20. janúar s.l. Þess er krafist, að kærði verði dæmdur til refsingar og til þess að greiða umbjóðanda mínu tékkafjárhæðina auk dráttarvaxta frá 16. janúar 1981 til greiðsludags." Undir þetta kærubréf ritar Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Miðvikudaginn 18. mars 1981 gaf ákærði skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Var honum þá sýndur tékki nr. 0076906 frá Sparisjóðnum Pundinu, útgefinn 16. janúar 1981, að fjárhæð kr. 550.00. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum. Tékka þennan hefði hann notað til fatakaupa í versluninni Herraríki og verslað fyrir fjárhæðina að fullu. Ákærði kvaðst ekki vitað annað en að innstæða væri á ávísanareikningi hans nr. 580 í Pundinu fyrir tékka þessum. Ákærði kvaðst hafa opnað ávísanareikning í Sparsjóðnum Pundinu í fyrri hluta janúar 1981 og þá lagt inn á reikninginn kr. 1.500.00 og síðan lagt inn á reikninginn kr. 1.000.00 upp úr miðjum mánuðinum. Einnig kvaðst ákærði hafa átt von á greiðslu að fjárhæð kr. 3.000.00, sem átt hefðu að fara inn á reikning hans. Ákærði kvaðst samþykkja framkomna bótakröfu vegna notkunar hans á umræddum tékka. Samkvæmt því verður ákærði dæmdur til að greiða Sambandi íslenskra samvinnufélaga kr. 550.00 ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76907 barst rannsóknarlögreglu ríkisins 6. apríl 1981, með því að Ingimar Einarsson, til heimilis að Bugðulæk 13, Reykjavík, mætti þar og gaf skýrslu um tékkann og afhenti frumrit hans. Í þessari skýrslu skýrði þetta vitni svo frá:

„Ég legg hér fram tékka á Sparisjóðinn Pundið að upphæð kr. 500.00, útgefinn 16. janúar 1981 á ávísanareikning nr. 580, stílaðan á handhafa." Tékkaeyðublaðið er nr. 76907, og er útgefandi ákærði. Tékka þennan

kvaðst vitnið hafa tekið sem greiðslu fyrir akstur, en hann kvaðst aka leigubifreiðinni R 2640 á BSR í Reykjavík. Vitnið kvaðst örugglega hafa gefið talsverða fjárhæð til baka af andvirði tékkans. Þegar tékkanum hafi verið framvísað til greiðslubanka, hafi komið í ljós, að ekki reyndist innstæða fyrir upphæðinni og reikningnum hafi síðan verið lokað þann 20. janúar 1981. Vitnið kvaðst hafa notað tékkann til greiðslu í Gjaldheimtunni í Reykjavík, og þegar upp komst, að ekki var til fyrir honum, þá hafi málið verið sent í lögmann, sem hafi innheimt tékkann hjá vitninu. Vitnið kvaðst þá hafa orðið að leysa tékkann út, en að vísu verið sleppt við kostnað. Vitnið kvaðst margoft hafa reynt að ná í ákærða, en það hafi vitninu ekki tekist.

Miðvikudaginn 6. maí 1981 var ákærði tekinn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka. Var honum sýndur tékki nr. 76907 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 500.00 og með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann útfyllt hann að öllu leyti. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir útgáfu tékka þessa eða til hvaða greiðslu hann hafi notað hann. Ákærði kvaðst ekki kannast við neinn Ingimar Einarsson, en það nafn er ritað á framsal tékkans. Ekki mundi ákærði heldur eftir að hafa notað umræddan tékka sem greiðslu fyrir akstur leigubifreiðar, en kærandi hefur haldið því fram, að hann hafi fengið tékkann fyrir leiguakstur. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér stöðuna á ávísanareikningi sínum nr. 580 í sparisjóðnum Pundinu, áður en þessi tékki var gefinn út, en ákærði kveðst hafa talið, að hann ætti þar inni fyrir tékkanum. Þá var ákærða kynnt krafa kærandans um endurgreiðslu á andvirði tékkans ásamt dráttarvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags. Ákærði taldi kröfu þessa réttmæta og að hann væri fús til að greiða hana. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Ingimar Einarssyni kr. 500.00 ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76908 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 19. maí 1981 með þeim hætti, að Hrafn Jónsson, til heimilis að Brautaholti 22, Reykjavík, ritaði kærubréf, svohljóðandi:

„Hjálagt sendist ávísun nr. 76908 á Sparisjóðinn Pundið, að fjárhæð kr. 356.00, útgefin 16. janúar 1981 á reikning nr. 580, af Antoni Antonssyni, Vesturhólum 13, Reykjavík. Ávísun þessi, sem reynst hefur innistæðulaus, var annað hvort seld í verslun minni að Brautarholti 22, Reykjavík, eða gistiheimilinu Brautarholti 22, Reykjavík. Geri ég þá kröfu, að útgefanda ávísunarinnar verði refsað lögum samkvæmt og að honum verði gert að greiða mér tékkafjárhæðina kr. 356.00 auk áfallins bankakostnaðar kr. 43.40, eða samtals kr. 399.40 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá útgáfudegi ávísunarinnar til greiðsludags.“

Fimmtudaginn 24. september 1981 gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tékki nr. 76908 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 356.00, útgefinn 16. janúar 1981 af ákærða. Ákærði kvaðst kannast við rithönd sína á tékka þessum og kvaðst hafa útfyllt hann að öllu leyti. Tékka þennan hefði hann notað til greðslu á dvalarkostnaði í Gistiheimilinu í Brautarholti 22 í Reykjavík. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því, þegar hann skrifaði og gaf út umræddan tékka, að hann væri innstæðulaus. Á þessum tíma hafi hann verið mjög ruglaður vegna áfengis- og lyfjanotkunar. Ákærða var kynnt bótakrafa Hrafns Jónssonar, Brautarholti 22, Reykjavík, dagsett 5. maí 1981, um greiðslu tékkafjárhæðarinnar auk bankakostnaðar og dráttarvaxta. Ákærði samþykkt bótakröfu þessa. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 16. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 76921 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 13. mars 1981 með bréfi Olíuverslunar Íslands h/f. Í þessu bréfi segir:

„Vér leyfum oss, herra rannsóknarlögreglustjóri, að senda yður meðfylgjandi ávísun nr. 0076921 við Sparisjóðinn Pundið á reikning nr. 580, að upphæð kr. 350.00, útgefna af Anton Antonsson, Vesturhólum 13, Reykjavík, stílaða á handhafa og framselda af oss. Afgreiðslumaður vor tók á móti ávísun þessari sem staðgreiðslu, en innistæða var ekki fyrir hendi á viðkomandi reikningi. Vér leyfum oss að gera þær kröfur, að útgefanda verði refsað lögum samkvæmt og gert að greiða skaðabætur kr. 350.00 með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá útgáfudegi 19. janúar 1981 til greiðsludags auk innheimtulauna kr. 26.50, sem greidd voru til viðkomandi banka."

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins miðvikudaginn 18. mars 1981 vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tekki nr. 0076921 frá Sparisjóðnum Pundinu, útgefinn 19. janúar 1981, að fjárhæð kr. 350.00. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum. Tékkann hefði hann notað til bensínkaupa á bensínafgreiðslustöð. Ákærði kvaðst hafa verslað fyrir alla fjárhæð tékkans, en ekkert hafa fengið þar til baka. Hann kvaðst ekki hafa vitað annað en að næg innstæða væri fyrir inni á reikningi hans fyrir tékka þessum. Ákærði samþykkti framkomna bótakröfu vegna notkunar tékkans. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 0076922 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 19. mars 1981 með bréfi Olíufélagsins Skeljungs h/f, sem var dagsett 17. mars 1981. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Vér sendum yður hér með innistæðulausa ávísun nr. 0076922 að fjárhæð kr. 300.00 að viðbættum bankakostnaði, útgefna af Antoni Antonssyni, Vesturhólum 13, 109 Reykjavík, til greiðslu hjá Sparisjóðnum Pundið, úr ávísanareikningi nr. 580. Útgefandann leyfum vér oss hér með að kæra fyrir meint hegningarlagabrot, og eru kröfur vorar í málinu þessar: 1. Útgefandinn verði dæmdur til refsingar að lögum. 2. Útgefandinn verði dæmdur til að greiða oss fjárhæð ávísunarinnar að viðbættum dráttarvöxtum, eins og þeir hafa verið ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkv. auglýsingum í Lögbirtingablaðinu þar um, fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá sýningardegi ávísunarinnar í banka til væntanlegs greiðsludags. Jafnframt eru það tilmæli vor, að oss verði á sínum tíma tilkynnt um, hver endalok þessa máls fyrir dómstólum verða.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins miðvikudaginn 6. maí 1981 vegna þessa tékka. Var honum þá sýndur tékki nr. 0076922 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 300.00, með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og að hann hafi útfyllt tékkann að öllu leyti. Tékka þenna hafi hann notað til bensínkaupa á bensínafgreiðslu Shell. Ákærði taldi, að hann hefði verslað fyrir alla fjárhæðina, en ekkert fengið til baka. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér stöðuna á ávísanareikningi sínum nr. 580 í Sparisjóðnum Pundinu fyrir útgáfu tékkans, en taldi, að innstæða hefði verið fyrir hendi á reikningnum fyrir tékkanum. Ákærða var kynnt bótakrafa Olíufélagsins Skeljungs h/f, dagsett 17. mars 1981, og samþykkti hann hana. Verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. janúar 1981.

Kæra vegna tékka nr. 0076924 á fyrrgreindan reikning barst rannsóknarlögreglu ríkisins 10. júlí 1981 með bréfi Olíufélagsins h/f, svohljóðandi:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 0076924 á Sparisjóðinn Pundið, Reykjavík, að upphæð kr. 700.00, útfgefandi Anton Antonsson. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi innistæðulaus. Hér með förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar, sem hefur áður komið við sögu vegna misnotkunar á ávísunum, verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt.“

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins fimmtudaginn 24. september 1981 vegna þessa tékka, og var honum þá sýndur tékki nr. 0076924 frá Sparisjóðnum Pundinu, að fjárhæð kr. 700.00, útgefinn 19. janúar 1981, og með nafni ákærða sem útgefanda. Ákærði kannaðist við rithönd sína á tékka þessum og kvaðst hafa útfyllt hann að öllu leyti. Ákærði kvaðst ekkert vita um notkun sína á tékka þessum og kannaðist ekki við nafn það, sem var á framsali tékkans. Ákærði ítrekaði, að hann

hafi verið illa fyrirkallaður á þessum tíma, þegar tékkinn hafi verið skrifaður, og ekki gert sér grein fyrir, hvort innstæða væri til fyrir þessum tékka. Ákærði kvaðst þó viðurkenna, að hann hafi gert sér ljóst við útgáfu sumra tékkanna úr tékkhefti því, sem hann fékk við Sparisjóðinn Pundið, að ekki væri til innstæða á reikningi hans fyrir tékkunum. Ákærða var birt krafa Rafns Skúlasonar fyrir hönd Olíufélagsins h/f, dagsett 7. júlí 1981, um, að hann endurgreiddi Olíufélaginu h/f andvirði tékkans ásamt vöxtum og kostnaði. Ákærði samþykkti bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19, janúar 1981.

Af gögnum málsins varðandi þennan ákærulið verður ráðið, að ákærði hafi vitað, að ekki var innstæða fyrir þeim tékkum, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Þá liggur það ljóst fyrir, að ákærði hefur í engu tilvikanna sagt tékkaviðtakanda frá því, að ekki væri innstæða fyrir hendi, og ekkert er fram komið í málinu um, að ákærði hafi samið við neinn tékkaviðtakanda um að geyma tékka fyrir sig. Eins og mál þetta liggur fyrir, er fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjals, og varðar háttsemi þessi ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður III í ákæruskjali.

Mánudaginn 13. apríl 1981 gaf Erna Þorleifsdóttir, til heimilis að Miðvangi 37, Hafnarfirði, skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og bar fram kæru á hendur ákærða fyrir þjófnað á tékkaeyðublöðum. Nánar skýrði hún svo frá, að hún hefði ásamt dóttur sinni farið á dansleik í samkomuhúsinu Glæsibæ í Reykjavík laugardagskvöldið 28. mars 1981. Hún kvaðst hafa setið þar til borðs með fleira fólki, sem hún hafi ekki þekkt. Við borðið hafi meðal annars verið maður, sem kallaði sig Tona, og vildi hann fá lánaðan penna. Vitnið kvaðst hafa leitað í veski sínu að penna, en engan fundið. Rétt á eftir hafi vitnið farið að dansa og veskið hafi þá orðið eftir á borðinu og Toni þessi hafi setið við borðið á meðan og einhverjir fleiri, sem vitnið ekki þekkti. Næst hafi það gerst, að haft hafi verið við hana símasamband frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík, en þar hafði vitnið ávísanareikning nr. 28. Reyndust þar vera komnar tvær ávísanir úr tékkhefti vitnisins og hafi það verið tvö síðustu eyðublöðin úr ávísanaheftinu. Vitnið kvaðst þá hafa farið að athuga tékkhefti sitt og hafi þá komið í ljós, að tvö síðustu blöðin vantaði. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um, hvar eða hvenær blöðin hafi horfið úr heftinu, en taldi mestar líkur á, að það hefði gerst í Glæsibæ í umrætt sinn. Vitnið tók það fram, að nafn hennar væri ritað á tékkana sem útgefanda, en reikningsnúmerið

væri rangt. Þó tók vitnið fram, að það hefði tékkareikning með þessu númeri í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Miðvikudaginn 6. maí 1981 mætti Ísak Örn Sigurðsson fyrir hönd Hótels Borgar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna falsaðs tékka nr. 236425 á Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 500.00. Þetta vitni sagði, að þessi tékki nr. 236425 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, að upphæð kr. 500.00, hefði verið seldur á Hótel Borg, og sagði vitnið, að þetta hefði verið greiðsla fyrir einhverjar veitingar, sem þar hafi verið keyptar. Vitnið sagði, að þegar tékkinn hafi verið sendur í innlausnarbanka, hafi komið í ljós, að hann var falsaður og úr stolnu ávísanahefti og ekki hafi tekist að fá hann greiddan. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Hótels Borgar, að fyndist sá eða þeir, sem þarna voru að verki, yrði þeim gert að greiða tékka þennan að fullu.

Kæra vegna tékka nr. 236424 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, barst rannsóknarlögreglu ríkisins 10. apríl 1981 með bréfi Olíufélagsins h/f. Í bréfi þessu segir:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 236424 á Landsbanka Íslands, útibúið í Grindavík, að upphæð kr. 500.00. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi fölsuð. Hér förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt. Ábekingur Anton Antonsson hefur nýlega greitt fyrir viðskipti með innistæðulausri ávísun, sem vér höfum orðið að innleysa, svo sem meðfylgjandi bréf ber með sér."

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékka þessara 6. maí 1981, og var honum þá sýndur tékki nr. 236424 frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 500.00, útgefinn 28. mars 1981, og með nafni Ernu Þorleifsdóttur sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann falsað tékka þennan. Hann kveðst ekki muna, með hverjum hætti hann hafi komist yfir umrætt tékkaeyðublað eða um útfyllingu þess og notkun. Ákærði kvaðst í síðari hluta marsmánaðar síðastliðnum hafa verið til meðferðar á göngudeild Landspítalans og verið á lyfjameðferð að læknisráði. Á þessum tíma hafi hann farið nokkrum sinnum á skemmtistaðinn í Glæsibæ og þar neytt áfengis. Þar hljóti hann að hafa tekið tékkaeyðublað þetta og falsað án þess að muna eftir því. Ákærði gat þess, að honum væri gjarnt að verða „black-out", ef hann neytti lyfja og áfengis, og taldi hann víst, að ástand hans hefði verið þannig, þegar hann hafi framið umrætt afbrot. Ákærði kvaðst enga skýringu geta gefið á bifreiðarnúmerinu R 66568 á bakhlið tékkans aðra en þá, að tékkinn hafi verið notaður til bensínkaupa á bifreið þessa án þess þó að muna eftir, að svo væri. Ákærða var kynnt krafa Olíufélagsins

h/f, dagsett 8. apríl 1981, um greiðslu andvirðis tékkans ásamt vöxtum og kostnaði. Ákærði samþykkti bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 28. mars 1981.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékka nr. 236425 á fyrrgreindan reikning sama dag, og var honum þá sýndur tékki þessi frá útibúi Landsbanka Íslands í Grindavík, að fjárhæð kr. 500.00, útgefinn 29. mars 1981, með nafni Ernu Þorleifsdóttur sem útgefanda. Ákærði kvaðst þekkja rithönd sína á tékka þessum og hafi hann falsað tékkann. Ekki mundi ákærði, með hverjum hætti hann hafði komist yfir umrætt tékkaeyðublað eða um útfyllingu þess og notkun. Ákærði kvaðst síðari hluta marsmánaðar síðastliðins hafa verið í lyfjameðferð á göngudeild Landspítalans, en einnig hefði hann neytt mikils áfengis og muni hann því lítið eftir gerðum sínum og oft verið í „black-out". Hann minntist þess að hafa nokkrum sinnum farið á Hótel Borg á þessum tíma til áfengisdrykkju og þar muni hann hafa notað tékkann til áfengiskaupa, eins og bakhlið tékkans beri með sér. Ástæðan fyrir því, að hann hafi skráð heimili sitt að Vesturhólum 13 í Reykjavík á tékkann, muni vera sú, að á nafnskírteini hans sé þetta heimilisfang, en þaðan sé hann fluttur fyrir löngu. Ákærða var kynnt krafa kæranda í máli þessu, og samþykkti hann hana og verður dæmdur til að greiða hana.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, og með vísan til játningar ákærða er talið fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður IV í ákæruskjali.

Í maí 1981 gaf ákærði út heimildarlaust alls níu tékka á eyðublöð frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, á tilbúna reikninga og notaði tékkana í viðskiptum þar, og þannig sveik hann út fé. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa, og er á þeim reikningsnúmerið 580, nema annars sé getið. Tékkhefti það, sem umræddir tékkar eru úr, er frá Ara Baldurssyni, til heimilis á Grýtubakka 1 á Grenivík, en tékkhefti þessu náði ákærði að stela af Ara á heimili hans að Laugavegi 147 A í Reykjavík hinn 17. maí 1981. Verður nú greint frá hverjum einstökum tékka:

Tékka nr. 960040, kr. 150.00, útgefinn 17. maí 1981, gaf ákærði út, eins og fyrr greinir, og greiddi fyrir vörur í tóbaksversluninni Florida, Hverfisgötu 74 í Reykjavík. Á tékkann ritaði ákærði reikningsúmerið 585 við Alþýðubankann í Reykjavík. Eigendur verlunarinnar Florida s/f, Kjartan Kjartansson og Rósborg Guðjónsdóttir, til heimilis að Njarðargötu 47,

Reykjavík, kváðust hafa fengið tékka þennan sem greiðslu í verslun sinni, en óskuðu ekki eftir að leggja fram kæru eða skaðabótakröfu vegna tékkans.

Tékka nr. 960041, kr. 200.00, útgefinn 17. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu á veitingum á Hótel Borg. Hótel Borg h/f gerði skaðabótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960042, kr. 200.00, útgefinn 18. maí 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í söluturni við Hagamel 67 í Reykjavík. Birgir Hermannsson, til heimilis að Granaskjóli 26, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann reki söluturninn Hagamel 67 í Reykjavík og að í síðustu viku maímánaðar hafi komið þangað maður og verslað og greitt með ávísun að fjárhæð kr. 200.00. Ávísunin hafi verið frá Alþýðubankanum, nr. 960042, útgefin á ávísanareikning 580 18. maí 1981 af Antoni Antonssyni, nnr. 0396-3519, til handhafa. Kvaðst þetta vitni hafa fengið ávísunina endursenda með þeim upplýsingum, að hún væri fölsuð. Þá sagði vitnið, að engar upplýsingar væru fyrir hendi hjá afgreiðslustúlkunni, sem afgreiddi manninn, um lýsingu á honum né fyrir hve háa upphæð hann verslaði. Þá gerði Birgir Hermannsson þá kröfu á hendur ákærða, að honum yrði gert að greiða andvirði ávísunarinnar. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960043, kr. 270.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í versluninni Faco, Laugavegi 37, Reykjavík. Eysteinn Fjölnir Arason, til heimilis að Álfhólsvegi 58, Kópavogi, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1981. Hann skýrði svo frá:

„Ég legg hér fram tékka að upphæð kr. 270.00, útgefinn þann 19. maí s.l. af Antoni Antonssyni. Tékkinn er stílaður á handhafa og útgefinn á reikningsnúmer 580 í Alþýðubankanum á eyðublaði nr. 960043. Tékki þessi var afhentur sem greiðsla fyrir vörum í versluninni Faco. Þegar tékkinn var sýndur í greiðslubanka, kom í ljós, að hann var falsaður. Mun tékkheftinu hafa verið stolið og falsaðir tékkar úr því. Ég tók ekki sjálfur við tékkanum og veit ekki, hver starfsmanna í versluninni gerði það. Fer ég fram á, að þeim seka í þessu máli verði gert að sæta refsingu lögum samkvæmt jafnframt því að greiða andvirði tékkans ásamt áföllnum kostnaði og dráttarvöxtum frá útgáfudegi til væntanlegs greiðsludags."

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960044, kr. 100.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu í afgreiðslustöð Olíufélagsins h/f. Olíufélagið h/f ritaði bréf til

rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa tékka 15. júní 1981. Þetta bréf er svohljóðandi:

„Hjálagt sendum vér ávísun nr. 960044 á Alþýðubankann h.f., Laugavegi 31, Reykjavík, að upphæð kr. 100.00. Við framvísun í greiðslubanka reyndist ávísun þessi stolin. Hér með förum vér fram á, að útgefandi ávísunarinnar, sem hefur áður komið við sögu vegna misnotkunar á ávísunum, sbr. bréf dagsett 8. apríl, verði dæmdur til að endurgreiða oss andvirði hennar ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu, jafnframt því að honum verði refsað fyrir athæfi sitt."

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960045, kr. 60.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu í smurbrauðsstofunni Birninum, Njálsgötu 49, Reykjavík. Ásgeir Guðbjartsson, til heimilis að Arnarhrauni 35, Hafnarfirði, sem rekur fyrrgreinda smurbrauðsstofuf, óskaði ekki eftir að leggja fram kæru vegna þessa tékka og ekki heldur að leggja fram skaðabótakröfu, en tékkinn hefði verið notaður til greislu veitinga í smurbrauðsstofunni.

Tékka nr. 960046, kr. 100.00, útgefinn 19. maí 1981, notaði ákærði til greiðslu á vörum í söluturni að Laufásvegi 2 í Reykjavík. Hansína G. Gísladóttir verslunarmaður, til heimilis að Vallarbraut 17, Seltjarnarnesi, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júlí 1981 vegna þessa tékka. Kvað hún tékka þennan hafa verið tekinn sem greiðslu fyrir vörur í söluturninum Laufásvegi 2 í Reykjavík og það hefði verið 19. maí 1981. Sagði þetta vitni, að útgefandi tékkans hefði sýnt skilríki. Tékkinn hefði verið lagður inn á tékkareikning í Iðnaðarbankanum, en síðan endursendur sem falsaður. Þá kraðist vitnið þess, að ákærða yrði refsað fyrir háttsemina og honum yrði gert að greiða tékkafjárhæðina ásamt dráttarvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 19. maí 1981.

Tékka nr. 960047, kr. 100.00, útgefinn 21. maí 1981, á reikningsnúmerið 5801 í Alþýðubankanum í Reykjavík notaði ákærða til greiðslu á vörum í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2, Reykjavík. Arnar Hjaltalín, til heimilis að Réttarholtsvegi 91 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékkans 1. júní 1981. Hann kvað umræddan tékka hafa verið keyptan í versluninni Vestrinu í Garðastræti 2, Reykjavík. Í ljós hafi komið, er hann var sendur í banka, að hann var falsaður. Hann gerði þær kröfur fyrir hönd verslunarinnar, að falsarinn yrði látinn endurgreiða tékkann, ef til hans næðist. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Tékka nr. 960048, kr. 100.00, útgefinn 21. maí 1981, á reikningsnúmerið 1582 notaði ákærði til greiðslu á vörum í Ingólfs Apóteki, Hafnarstræti 5, Reykjavík. Ingólfs Apótek ritaði bréf til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna tékkans 27. maí 1981. Í þessu bréfi segir:

„Hjálagður er tékki nr. 960048 að fjárhæð kr. 100.00, sem innleystur var í Landsbanka Íslands, og var hann notaður til greiðslu á vörum. Tékkinn var síðan endursendur oss af Landsbankanum á þeirri forsendu, að hann væri stolinn og falsaður. Við gerum þá kröfu, að útgefanda og eða framseljanda verði gert að greiða fjárhæð þessa tékka til baka og að honum verði refsað sem lög mæla fyrir um."

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana.

Ákærði hefur játað að hafa ritað alla þá tékka, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með vísan til þessarar játningar ákærða og þess, sem hér að framan er rakið, er fullsannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með þessari háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður V í ákæruskjali.

Í júní 1981 gaf ákærði út átta tékka á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, á tilbúinn reikning nr. 2816 og notaði tékkana í viðskiptum á Akureyri og sveik þannig út fé. Tékkar þessir eru allir gefnir út til handhafa. Tékkhefti það, sem umræddar ávísanir eru úr, var í eigu Ólafs Hrafns Ólafssonar, til heimilis að Skarðshlíð 2 C Akureyri.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins laugardaginn 18. júlí 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að það muni hafa verið föstudaginn 12. júlí 1981 sem hann hafi komið til Akureyrar frá Reykjavík. Þegar hann hafi komið til Akureyrar, þá hafi hann ekki bragðað áfengi í um það bil einn mánuð. Ákærði kvaðst síðan hafa dvalið nokkra daga heima hjá kunningja sínum, Ólafi H. Ólafssyni í Skarðshlíð 2 C á Akureyri. Ákærði segir, að Ólafur hafi verið drukkinn, þegar ákærði kom til hans, og ákærði kveðst hafa dvalið þarna hjá honum í nokkra sólarhringa án þess að neyta áfengis, en það hafi þó endað með því, að hann hafi byrjað að neyta áfengis með Ólafi. Eftir að ákærði hafi farið að drekka þarna með Ólafi, þá muni hafa liðið nokkrir sólarhringar, sem ákærði kveðst ekkert muna eftir sér.

Ólafur Hrafn Ólafsson húsasmiður, til heimilis að Skarðshlíð 2 C á Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins 15. september 1981. Í þessari skýrslu skýrir hann svo frá, að hann hafi verið með ávísanareikning í Landsbankanum á Akureyri, nr. 15798, en þeim

reikningi hafi verið lokað sumarið 1980, en ekki mundi þetta vitni nákvæmlega, hvenær það var. Vitnið kvaðst þá hafa verið nýbúið að fá sér ávísanahefti og hefði ekkert notað það. Efir að reikningi þessum var lokað, hefði vitnið sett ávísanaheftið niður í skrifborðsskúffu heima hjá sér. Ekki kvaðst vitnið hafa vitað annað en að ávísanaheftið væri í skrifborðinu, fyrr en rannsóknarlögreglumaður á Akureyri hafi haft samband við vitnið og skýrt því frá, að ávísanir hefðu borist úr þessu hefti, útgefnar af ákærða. Vitnið kvaðst þá hafa farið að athuga um heftið og þá hafi komið í ljós, að það var horfið. Það hafi síðan, að því er vitnið minnti, verið í júní 1981 sem ákærði hafi dvalið heima hjá vitninu í um það bil hálfan mánuð. Allar hirslur vitnisins hafi verið ólæstar og þar á meðal fyrrgreint skrifborð, þannig að auðvelt hafi verið fyrir ákærða að ná þessu ávísanahefti, ef hann hefði haft áhuga á því. Vitnið kvaðst um þetta leyti hafa verið ölvaður af og til og það hafi ákærði einnig verið. Vitnið taldi hugsanlegt, að ákærði hefði gefið honum af því áfengi, sem ákærði hafi keypt fyrir andvirði þessara ávísana, sem ákærði seldi úr hefti vitnisins, en vitnið kvaðst hafa verið algerlega grunlaust um það, hvaðan ákærði hefði haft þessa peninga. Ekki gat vitnið veitt nákvæmar upplýsingar um það, hvernig ákærði komst yfir ávísanaheftið.

Mánudaginn 22. júní 1981 hafði starfsmaður í Landsbanka Íslands á Akureyri símasamband við lögregluna á Akureyri og skýrði frá því, að þangað væri komin fölsuð ávísun, sem væri undirrituð af ákærða, en hann hefði engan ávísanareikning í Landsbankanum. Rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn og hafði tal af starfsmönnum í ávísanadeild bankans, og kom þá eftirfarandi fram: Ávísun, kr. 300.00, sem hér fylgir í ljósriti, er nr. 1224826 og hafði verið seld í einhverri verslun KEA. Ávísunin var úr ávísanahefti Ólafs H. Ólafssonar, til heimilis að Skarðshlíð 2 C, Akureyri, en Ólafur hafi haft ávísanareikning nr. 15798 við bankann, en þeim reikningi hafði verið lokað þann 30. júlí 1980. Rannsóknarlögreglumaðurinn hafði samband við fyrrgreindan Ólaf H. Ólafsson og fékk þær upplýsingar hjá honum, að þessu ávísanahefti hefði verið stolið frá honum. Jafnframt skýrði Ólafur frá því, að ákærði hefði dvalið hjá sér undanfarna daga.

Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri, hefur gert þá kröfu á hendur ákærða, að hann verði dæmdur til að greiða andvirði tékkans ásamt dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224827, kr. 200.00, útgefinn 18. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Veganesti við Hörgárbraut á Akureyri. Halldór Valdimarsson, starfsmaður Bílaleigu Akureyrar, til heimilis að Borgarhlíð 9, Akureyri, gaf skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglunni mið-

vikudaginn 24. júní 1981. Sagði vitnið þetta, að fyrir þessa ávísun hefði ákærði keypt vörur í Veganesti við Hörgárbraut og fengið eitthvað greitt til baka. Vitnið sagði, að þessi ávísun hefði síðan verið endursend frá banka ásamt skilaboðum um, að hún væri fölsuð. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Bílaleigu Akureyrar, að hinn seki endurgreiddi til bílaleigunnar framangreinda upphæð, kr. 200.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224828, kr. 400.00, útgefinn 18. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í verslun JMJ við Gránufélagsgötu á Akureyri. Ragnar Sverrisson verslunarmaður, til heimilis að Áshlíð 11, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna þessa tékka þriðjudaginn 23. júní 1981. Kvaðst vitnið hafa tekið við þessari ávísun sem greiðslu fyrir buxur, sem ákærði hefði keypt í verslun JMJ fimmtudaginn 18. júní 1981. Sagði vitnið, að buxurnar hefðu kostað 290.00 krónur og ákærði hefði fengið mismuninn greiddan til baka. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr banka þennan sama dag ásamt upplýsingum um, að hún væri fölsuð. Vitnið gerði þá kröfu fyrir hönd JMJ, að ákærði endurgreidi JMJ andvirði ávísunarinnar ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224829, kr. 100.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í Ferðanesti við Eyjafjarðarbraut. Valdimar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Ferðanestis, til heimilis að Vallargerði 2 D, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri fimmtudaginn 2. júlí 1981 vegna þessa tékka. Sagði vitnið, að þessi ávísun hefði verið notuð sem greiðsla fyrir vörur í Ferðanesti, sennilega 20. júní 1981. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr banka með þeirri orðsendingu, að hún væri fölsuð. Vitnið kvaðst gera þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi til Ferðanestis andvirði ávísunarinnar, kr. 100.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224831, kr. 300.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða fyrir vörur í verslun Gunnars Skjóldal á Akureyri. Gunnar Skjóldal verslunarmaður, til heimilis að Eiðsvallagötu 5, Akureyri, gaf skýrslu vegna þessa tékka hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri þriðjudaginn 23. júní 1981. Sagði vitnið, að laugardaginn 20. júní 1981 hefði ákærði komið inn í verslunina til sín. Hann hefði keypt tóbak og öl og greitt síðan

með fyrrgreindri ávísun og hafi hann fengið mismuninn til baka. Vitnið sagði, að ákærði hefði skrifað tékkann í versluninni að vitninu ásjáandi. Vitnið kvaðst síðan hafa fengið þessa ávísun endursenda úr Landsbankanum ásamt upplýsingum um það, að ávísunin væri fölsuð, og gerði vitnið þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi sér framangreinda upphæð, kr. 300.00, ásamt hæstu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224832, kr. 300.00, útgefinn 20. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri. Vitnið Karen Sædís Ágústsdóttir, til heimilis að Hrísalundi 6 A, Akureyri, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri 23. júní 1981 vegna tékkans. Vitnið skýrði frá því, að umrædd ávísun hefði komið inn á barinn hjá Páli Ellertssyni í Sjálfstæðishúsinu. Sjálfstæðishúsið hefði síðan séð um innheimtu ávísunarinnar. Hafi hún verið lögð inn í Landsbankann. Þar hafi komið í ljós, að ávísunin hafi verið fölsuð, og því hafi þurft að leysa hana út aftur. Vitnið kvaðst gera þá kröfu fyrir hönd Sjálfstæðishússins, að hinn seki greiddi andvirði ávísunarinnar ásamt hæstu leyfilegum dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Tékka nr. 1224833, kr. 200.00, útgefinn 21. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í verslun KEA, Höfðahlíð 9, Akureyri. Ísak Guðmann, aðalgjaldkeri hjá KEA, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna þessa tékka mánudaginn 6. júlí 1981. Sagði þetta vitni, að ávísunin hefði verið notuð sem greiðsla fyrir vörur í útibúi KEA í Höfðahlíð 9 og sennilega hefði eitthvað af andvirði hennar verið endurgreitt. Vitnið sagði þessa ávísun hafa verið senda til baka úr banka ásamt upplýsingum um, að hún væri fölsuð. Gerði vitnið þá kröfu fyrir hönd KEA, að hinn seki endurgreiddi til KEA andvirði þessarar ávísunar, kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 2. júlí 1981.

Tékka nr. 1224834, kr. 100.00, útgefinn 21. júní 1981, notaði ákærði til að greiða vörur í Nætursölunni við Geislagötu á Akureyri. Magnús Þórisson, eigandi Nætursölunnar við Geislagötu, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri vegna málsins 21. júlí 1981. Sagði þetta vitni, að greitt hefði verið með tékka þessum fyrir vörur í Nætursölunni, og áleit vitnið, að sá, sem greiddi, hafi fengið peninga borgaða til baka. Vitnið sagði, að tékkinn hefði verið lagður inn í Búnaðarbankann á Akureyri, en

síðan hefði borist þaðan tilkynning um, að hann væri falsaður, og vitnið þurfti að leysa tékkann til sín aftur. Vitnið kvaðst gera þá kröfu, ef til hins seka næðist, að honum yrði gert að endurgreiða andvirði tékkans ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum. Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til að greiða hana ásamt hæstu innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið og verða á hverjum tíma, frá 21. júní 1981.

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað allar þær ávísanir, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins. Með vísan til þessarar játningar ákærða, og þess, sem hér að framan er rakið, er sannað, að ákærði hefur gerst sekjur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákærusskjalsins. Með þessari háttsemi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðum refsingar.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður refsing ákærða ákveðin samkvæmt 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og hefur dómssáttin frá 21. maí 1980 ítrekunaráhrif í þessu sambandi. Verður refsing ákærða með hliðsjón af þessu ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Tekin hefur verið afstaða til skaðabótakrafna við hvern einstakan ákærulið, og verður ákærði dæmdur til að greiða skaðabætur í samræmi við það, sem þar segir.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði Hótel Borg h/f 500.00 krónur, Birgi Hermannssyni 200.00 krónur og Ingólfs Apóteki 100.00 krónur.

Ákærði greiði Samvinnubanka Íslands, útibúinu á Patreksfirði, 282.88 krónur ásamt 22% ársvöxtum frá 23. ágúst 1976 til 1. ágúst 1977, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Sambandi íslenskra samvinnufélaga 550.00 krónur,

Ingimar Einarssyni 500.00 krónur og Hrafni Jónssyni 399.40 krónur, allt ásamt 46% ársvöxtum frá 16. janúar 1981 til 1. mars s. á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Olíuverslun Íslands h/f 376.50 krónur, Olíufélaginu Skeljungi h/f 340.80 krónur og Olíufélaginu h/f 700.00 krónur, allt ásamt 46% ársvöxtum frá 19. janúar 1981 til 1. mars s. á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Olíufélaginu h/f 560.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 28. mars 1981 til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Hótel Borg h/f 200.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 17. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Faco h/f 270.00 krónur, Olíufélaginu h/f 100.00 krónur og Hansínu G. Gísladóttur 100.00 krónur, allt ásamt 42% ársvöxtum frá 19. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði versluninni Vestrinu 100.00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 21. maí 1981 til 1. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Kaupfélagi Eyfirðinga, Akureyri, 500.00 krónur, Ferðanesti 100.00 krónur, allt ásamt 39% ársvöxtum frá 2. júlí 1981 til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Sjálfstæðishúsinu 300.00 krónur, Bílaleigu Akureyrar 200.00 krónur, Jóni M. Jónssyni h/f 400.00 krónur, Gunnari Skjóldal 300.00 krónur og Magnúsi Þórissyni 100.00 krónur, allt ásamt 39% ársvöxtum frá 21. júní 1981 til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1983.

Nr. 216/1981. **Höfn h/f**
(Guðmundur Malmquist hdl.)
gegn
Sveinbirni Árnasyni h/f
(Garðar Garðarsson hdl.).

Skip. Þinglýsing. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, ,,að frumvarpi að úthlutunargerð í uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF-60, framlagt 6. apríl 1977 verði breytt á þann veg, að eftirstöðvum uppboðsandvirðisins kr. 41.513,76 að greiddum kröfum tryggðum með sjóveðarétti og 1.—7. veðrétti verði úthlutað upp í kröfur áfrýjanda skv. 4 veðskuldabréfum, útg. 21. ágúst 1975 til handhafa samtals að fjárhæð kr. 116.160,00 (gkr. 11.616.600) tryggð með 8 veðrétti og uppfærslurétti í M/b Særúnu, HF-60.“ Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir dómstóla, deila aðiljar aðeins um það, hvor þeirra eigi að ganga fyrir um greiðslu af uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, að því er varðar kröfur þær, sem í málinu greinir. Engin andmæli hafa verið höfð uppi gegn aðild þeirra að þessu leyti.

Eigi verður fallist á með áfrýjanda, að skráning umræddra veðréttinda aðilja í skipaskrá af hálfu þinglýsingardómara hafi bundið hendur uppboðsdóms við úrlausn deilu aðilja um rétthæð þessara réttinda innbyrðis.

Kyrrsetning fyrir kröfum stefnda var gerð í skipinu 17. maí 1976 og hún innrituð fyrirfram til þinglýsingar hjá embætti bæjarfógeta í Vestmannaeyjum 11. júní s. á., en skipið var þá enn skráð þar. Kyrrsetningargerðinni var síðan haldið til laga, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða úrskurði, og fjárnám gert fyrir dómkröfunni 5. ágúst 1976. Fjárnámsgerðin var innrituð fyrirfram til þinglýsingar hjá embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði hinn 27. sama mánaðar, en þá var búið að skrá skipið þar.

Telja verður, að með þessum aðgerðum hafi stefndi öðlast forgangsveð fyrir kröfum sínum gagnvart veðkröfum áfrýjanda, þar sem afhending veðskuldabréfa hans til innritunar fyrirfram hjá embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði til þinglýsingar síðar gat eigi haft nein áhrif að lögum, fyrr en skipið hafði verið skráð þar. Er ljóst, að skipið var ekki skráð í skipaskrá bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði fyrr en eftir 16. júní 1976. Varð þá ekki raskað þeim rétti, sem stefndi hafði öðlast til bráðabirgða með kyrrsetningargerðinni og síðar var tryggður með fjárnáminu og þinglýsingu þess 27. ágúst, enda hafði áfrýjandi ekki fyrir þann tíma fylgt eftir veðkröfum sínum með neinum þeim hætti, sem máli gat skipt.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málkostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 9. júlí 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, gerir sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, þær dómkröfur, að frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, sem lagt var fram á dómþingi uppboðsréttar 6. apríl 1977, verði breytt á þann veg, að eftirstöðvum uppboðsandvirðis, þ. e. þeirri fjárhæð, sem eftir verður, þegar greiddar hafa verið að fullu sjóðveðréttarkröfur og kröfur tryggðar með 1.—7. veðrétti, verði úthlutað honum upp í kröfur hans samkvæmt fjórum veðskuldabréfum, útgefnum 21. ágúst 1976 til handhafa,

samtals að fjárhæð gkr. 11.616.000, tryggðum með 8. veðrétti og uppfærslurétti í m/b Særúnu, HF 60, en eftirstöðvar þessar til úthlutunar nemi gkr. 4.278.258 samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð, en í reynd gkr. 4.151.376, sbr. uppboðsafsal frá 6. maí 1977. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, Sveinbjörn Árnason h/f, Garði í Gullbringusýslu, gerir þær dómkröfur, að frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Særúnar, HF 60, (ex Sæunn, VE 60), svo sem það hafi verið lagt fram á dómþingi uppboðsréttar Hafnarfjarðar 6. apríl 1977, verði lagt óbreytt til grundvallar við endanlega úthlutun uppboðsandvirðis, þannig að honum verði úthlutað upp í kröfur sínar þeirri fjárhæð, sem eftir verði, er sjóðveðréttarkröfur og kröfur tryggðar með 1.—7. veðrétti hafi verið greiddar, en fjárhæð þessi nemi gkr. 4.151.376 samkvæmt uppboðsafsali fyrir bátnum frá 6. maí 1977. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Samkvæmt framlögðum skjölum og öðrum málsgögnum eru málavextir þeir, að með kaupsamningi 1. júní 1975 og afsali, útgefnu 31. júlí 1975, seldi og afsalaði sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, uppboðsþola, Ingva Einarssyni, Suðurgötu 60, Hafnarfirði, m/b Sæunni, VE 60 (nú m/b Særún, HF 60), og var afsal þetta innritað til þinglýsingar í Vestmannaeyjum hinn 28. september 1975. Skipið var afhent kaupanda í Keflavík hinn 15. júní 1975. Sóknaraðili hafði keypt fiskibát þennan frá Vestmannaeyjum fyrir á árinu.

Kaupverð skipsins með fylgifé nam gkr. 24.000.000, og greiddi uppboðsþoli, Ingvi Einarsson, það m. a. með þeim fjórum veðskuldabréfum, sem hér koma við sögu, en þau voru öll út gefin af honum sjálfum hinn 21. ágúst 1975. Fjárhæð hvers þeirra nam gkr. 2.904.000, og skyldu þau greiðast á 10 árum með jöfnum afborgunum, í fyrsta sinni 15. júní 1976. Skuldin samkvæmt bréfunum var tryggð með 8. samhliða veðrétti í hinu selda skipi næst á eftir áhvílandi samningsveðum. Þá var og veðsett til frekari tryggingar gkr. 500.000 af hverri skuldabréfskröfu fasteignin Suðurgata 60 í Hafnarfirði, þannig að af heildarupphæð veðskuldabréfanna, gkr. 11.616.000, voru gkr. 2.000.000 einnig tryggðar með 5. veðrétti í greindri fasteign.

Við kaupin var Gunnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri varnaraðilja, uppboðsþola, Ingva Einarssyni, innan handar, enda var það ætlunin, að báturinn legði upp væntanlegan afla sinn hjá varnaraðilja. Mun Gunnar f. h. félagsins hafa lánað Ingva gkr. 1.000.000, sem var peningaútborgunin við samningsgerðina, og látið í té uppskrift félagsins sem tryggingu á fjóra víxla, samtals gkr. 2.000.000, sem var hluti útborgunar. Heldur sóknaraðili því fram, að Gunnar Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri hafi verið viðstaddur kaupsamningsgerðina og tekið þátt í henni með Ingva og því vitað

mætavel frá upphafi, að fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skyldi Ingvi gefa út fjögur skuldabréf að upphæð samtals gkr. 11.616.214, tryggð með veði í bátnum, og afhenda forsvarsmanni sóknaraðilja. Af hálfu varnaraðilja er öðruvísi skýrt frá málavöxtum að þessu leyti, svo sem síðar greinir.

Útgerð bátsins gekk illa hjá Ingva Einarssyni, og um áramótin 1975—1976 lá hann við bryggju í Hafnarfirði í hálfgerðu reiðileysi, og var vélarblokkin frostsprungin að talið var. Mun Gunnar Sveinbjörnsson hafa aðstoðað uppboðsþola við að kaupa vélarblokk í staðinn fyrir þá gömlu, og var bátnum þá komið fyrir í slipp hjá Bátalóni í Hafnarfirði í því skyni að gera við vélina. Þegar farið var að athuga nánar með vélina, kom í ljós, að hún var meira skemmd en talið var í upphafi, og gagnaði því ekki að skipta bara um blokkina.

Þegar hér var komið sögu, hafði Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður með bréfi, dags. 15. febrúar 1976, beiðst uppboðs á bátnum vegna vanskila á greiðslu afborgana sex handhafaskuldabréfa á 6. og 7. veðrétti, samtals að fjárhæð gkr. 6.622.200. Var uppboðið auglýst með lögboðnum hætti í Lögbirtingablaði og skyldi samkvæmt því hefjast á skrifstofu uppboðshaldara hinn 28. maí 1976.

Ingvi Einarsson hafði samþykkt sýningarvíxil að upphæð gkr. 4.000.000 til tryggingar skuld sinni við varnaraðilja. Er báturinn hafði verið auglýstur til uppboðs, fór varnaraðili að ugga um sinn hag og fól lögmanni sínum að innheimta víxilskuldina. Hófust aðgerðir með því, að beiðst var löghalds í eignum uppboðsþola til tryggingar kröfunni. Var beiðnin tekin til meðferðar í fógetadómi Hafnarfjarðar 17. maí 1976, og var þá lýst yfir löghaldi í fasteigninni Suðurgötu 60 í Hafnarfirði og m/b Sæunni, VE 60, til tryggingar kröfunni. Lögmaðurinn lagði endurrit gerðarinnar fyrir þinglýsingardómara í Hafnarfirði og óskaði þinglýsingar. Var erindið afgreitt að því er varðaði fasteignina Suðurgötu 60 og gerðin innrituð til þinglýsingar hinn 20. maí 1976 og skjalið auðkennt Litra J9 nr. 342. Jafnframt voru innheimt þinglýsingar- og stimpilgjöld. Þar sem báturinn var ekki skráður í Hafnarfirði, heldur í Vestmannaeyjum, var endurrit löghaldsgerðarinnar sent bæjarfógetanum þar með beiðni um þinglýsingu. Var endurritið innritað til þinglýsingar í Vestmannaeyjum hinn 1. júní 1976 og merkt Litra LX nr. 1016.

Með bréfi, dagsettu 17. apríl 1976, sendi Skúli Jónasson, framkvæmdastjóri sóknaraðilja, Hafnar h/f, umrædd fjögur veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs bátsins til þinglýsingar við embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði, en Skúli mun hafa álitið, að búið væri að umskrá bátinn og færa hann í skipaskrá Hafnarfjarðar. Með veðbréfunum var tékki að upphæð kr. 66.000 fyrir þinglýsingargjöldum, en búið var að stimpla þau. Þar sem bið varð á því, að veðskuldabréfin kæmu til baka, hafði Skúli síma-

samband við starfsfólk á bæjarfógetaskrifstofunni, a. m. k. þrisvar sinnum að eigin sögn, og innti eftir afgreiðslu bréfanna. Var honum strax tjáð, að eigi væri búið að umskrá bátinn til Hafnarfjarðar og því biði þinglýsing að því er hann varðaði, þar til umskráning hefði farið fram. Eigi voru bréfin heldur skráð á blað fasteignarinnar Suðurgötu 60 fyrr en 18. eða 20. júní 1976, að því upplýst þykir, og þá auðkennd Litra L9 nr. 313-316, en þinglýsingardagur tilgreindur 21. apríl 1976 og þinglýsingarstimpill með þeirri dagsetningu settur á þau. Tékki sóknaraðilja fyrir þinglýsingargjöldum var innleystur af bæjarfógetaembættinu 23. apríl 1976, en kvittun fyrir greiðslunni er dagsett 12. júlí 1976, en þá munu veðbréfin hafa verið send í pósti til sóknaraðilja.

Eigi var þess getið í athugasemd, að m/b Sæunn væri eigi á skipaskrá í Hafnarfirði, enda verið að umskrá skipið í þessum sömu svifum.

Hinn 16. júní 1976, er m/b Sæunn, VE 60, formlega umskráð og færð í skipaskrá Hafnarfjarðar undir nafninu Særún, HF 60. Eru þá færð á blað bátsins í skipaskrá samningsveð þau, er fylgdu frá Vestmannaeyjum á 1.—7. veðrétti. Síðan eru færð umrædd fjögur veðskuldabréf sóknaraðilja á 8. veðrétt og þinglýsingardagur tilgreindur 21. apríl 1976, en bréfin auðkennd Litra L9 nr. 313—316. Þar á eftir er færð löghaldsgerð varnaraðilja, sem hér um ræðir, en tilgreindur þinglýsingardagur 20. júní 1976 og merkt Litra L9 nr. 317. Löghaldsgerðin og önnur réttargerð sams konar höfðu verið á veðbókarvottorði skipsins, sem hafði verið sent með skráningarskjölunum frá Vestmannaeyjum, næst á eftir samningsveðum á 1.—7. veðrétti.

Varnaraðili höfðaði mál gegn uppboðsþola, Ingva Einarssyni, til greiðslu skuldarinnar samkvæmt sýningarvíxlinum og til staðfestingar kyrrsetningunni. Var dómur upp kveðinn í bæjarþingi Keflavkur 2. júní 1976, og voru kröfur varnaraðilja teknar að öllu leyti til greina. Dómurinn var birtur uppboðsþola 15. s. m. og fjárnáms beiðst 17. n. m. Fjárnámsgerð fór fram í fógetadómi Hafnarfjarðar 5. ágúst 1976, og var þá bent á fasteignina Suðurgötu 60 og m/b Særúnu, HF 60, til tryggingar dómsskuldinni. Lauk gerðinni með því, að fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndum eignum.

Endurrrit fjárnámsgerðarinnar var lagt inn til þinglýsingar, og samkvæmt vottorði á því er það móttekið til innritunar 27. ágúst 1976 og merkt Litra N9 nr. 232. Þótt ekki sé það fyllilega upplýst, benda gögn málsins til þess, að starfsmaður við þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði hafi, að lokinni innfærslu fjárnámsins á blað m/b Særúnar í skipaskránni, fengið bakþanka og strikað yfir veðskuldabréf sóknaraðilja, merkt L9 nr. 313—316, svo og fjárnámsgerðina. Síðan hafi hann fært aftur inn á blaðið veðskuldabréfin fjögur, tilgreint þinglýsingardag sem 18. júní 1976 og sömu auðkenni og fyrr. Að lokum fært inn fjárnámið aftur og merkt það Litra

L9 nr. 317. Virðist ætlun starfsmannsins, sem upplýst þykir, að hafi verið forstöðumaður þinglýsingardeildarinnar á þessum tíma, Gissur V. Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi, hafa verið sú að þoka veðskuldabréfunum um set til baka í veðröðinni og aftur fyrir kyrrsetnigargerð varnaraðilja.

Uppboðsmálið var, svo sem fyrr segir, þingfest 28. maí 1976. Síðan var því frestað nokkrum sinnum, uns ákveðin var sala á eigninni sjálfri 17. desember 1976, en varnaraðili hafði þá gerst aðili uppboðsmálsins. Á söluþinginu varð varnaraðili hæstbjóðandi með boði gkr. 16.000.000. Að kröfu lögmanns uppboðsþola var ákveðið annað og síðasta uppboð á bátnum hinn 31. janúar 1977. Á uppboðsþingi þann dag gekk sóknaraðili inn í uppboðið. Af hans hálfu var þá gerð svofelld bókun:

„Undirritaður handhafi 4 veðskuldabréfa, útgefinna 21. ágúst 1975 og þinglesinna 21. apríl 1976, hvert að fjárhæð kr. 2.904.000, eða samtals að fjárhæð 11.616.000, tryggð með 8. veðrétti í m/b Særúnu, HF 60, krefst þess, að á uppboðsþingi þessu verði tekin sú afstaða, að röð veða á bátnum sé þannig, að krafa Garðars Garðarssonar, hdl., að fjárhæð kr. 4.000.000, sem gert var löghald fyrir hinn 17. maí 1976 og síðan fjárnám hinn 5. ágúst 1976, að undangengnum dómi í staðfestingarmáli, sé næst á eftir kröfu minni að fjárhæð kr. 11.616.000 auk vaxta, kostnaðar og úthlutun væntanlegs uppboðsandvirðis fari eftir greindri röð. Krafa þessi er að vísu í samræmi við framlagt veðbókarvottorð, þar sem uppboðsheimild Garðars Garðarssonar, hdl., fjárnámið, er næst á eftir samningsveði mínu, en þar sem mér er ljóst, að greindur aðfararveðhafi gerir ágreining um veðröðina, krefst ég þess, að afstaða verði tekin til þessa, áður en leitað verður eftir frekari boðum í bátinn.

Komi fram mótmæli út af kröfum mínum, krefst ég þess, að uppboði verði frestað, þar til úrskurður hefur gengið um ofangreint atriði."

Lögmaður varnaraðilja óskaði þá bókað:

„Ég mótmæli þeim skilningi, sem fram kemur um veðröðina í bókun Ragnars Aðalsteinssonar, hrl., á réttarskjali nr. 61, enda er því mótmælt, að nefndum skuldabréfum hafi verið þinglýst 21. apríl 1976, en þá var báturinn skráður í Vestmannaeyjum. Ég krefst þess, að úrskurðað verði, að krafa mín sé tryggð með veðrétti í bátnum á undan skuldabréfi Ragnars Aðalsteinssonar. Jafnframt er ég því sammála, að uppboði á bátnum verði frestað, uns úrskurður um veðröðina liggur fyrir, enda gefist mér kostur á að leggja fram ítarlega greinargerð. Jafnframt lýsi ég því yfir, að boð mitt sem hæstbjóðanda á síðasta uppboði kr. 16 milljónir muni standa, uns úrskurðað hefur verið í málinu."

Er hér var komið, varð samkomulag um, að annað og síðasta söluþing yrði háð, og fór það fram 8. febrúar 1976, en þá hafði sóknaraðili fallið frá þeirri kröfu sinni, að formlegur úrskurður um veðröðina yrði felldur

áður. Hæstbjóðandi varð varnaraðili með boð gkr. 19.000.000, og krafðist hann útlagningar.

Á uppboðsþingi 6. apríl 1975 lagði uppboðshaldari fram frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðisins. Var þar gert ráð fyrir borgun upp í kröfu varnaraðilja í áttunda og síðasta tölulið, en engri greiðslu á kröfu sóknaraðilja. Þessu síðasta atriði í frumvarpinu var mótmælt af hálfu sóknaraðilja, sem krafðist úrskurðar í greinargerð, lagðri fram í þinghaldi 27. apríl 1976. Greinargerð af hálfu varnaraðilja kom fram 20. maí 1976, en þá vék hinn reglulegi uppboðshaldari, Einar Ingimundarson bæjarfógeti, sæti með úrskurði, þar sem vísað var til niðurlags 7. töluliðs 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Hafði sóknaraðili áskilið sér rétt til að krefja bæjarfógetann og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um bætur fyrir tjón það, er hann kynni að verða fyrir vegna mistaka, sem hann taldi hafa orðið í sambandi við þinglýsingu nefndra veðskuldabréfa hans, færi svo endanlega, að varnaraðilja yrði úthlutað af uppboðsandvirði skipsins á undan honum.

Undirritaður setuuppboðshaldari var skipaður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. júlí 1977. Hefur ítrekað og til þrautar undir rekstri málsins verið reynt að ná sáttum með aðiljum, en án árangurs. Málsaðiljar gerðu með sér sérstakt samkomulag hinn 20. apríl 1977 varðandi fjárhæð þá, sem hér er deilt um, þar sem féð er ekki og hefur aldrei verið í vörslum uppboðshaldara.

Svo sem áður getur, var uppboðsafsal gefið út hinn 6. maí 1977 til Gunnars Sveinbjörnssonar, Krókvöllum í Gerðahreppi, Gullbringusýslu, en varnaraðili hafði framselt honum boð sitt.

Verður nú vikið nánar að helstu málavöxtum, svo sem fram hefur komið í skýrslum fyrirsvarsmanna aðilja og vitna hér fyrir dóminum.

Skúli Jónasson, framkvæmdastjóri sóknaraðilja, kom fyrir dóminn 25. september 1978.

Hann skýrir svo frá, að á árinu 1974 hafi Höfn h/f keypt m/b Sæunni, VE 60, af Snarfara h/f í Vestmannaeyjum. Þar sem fljótlega eftir kaupin var farið að huga að sölu skipsins aftur, hafi ekkert orðið úr því að láta umskrá skipið til Siglufjarðar. Um mitt ár 1975 hafi því verið komið í sölu til Skarphéðins Bjarnasonar, skipasala í Reykjavík, og leiddi það til sölu skipsins til Ingva Einarssonar, Suðurgötu 60, Hafnarfirði. Hafi afsal verið gefið út 31. júlí 1975.

Ingvi Einarsson greiddi kaupverð skipsins og fylgifjár, sem var gkr. 24 milljónir, m. a. með 4 veðskuldabréfum að upphæð gkr. 2.904.000 hverju. Voru bréfin til 10 ára og tryggð með 8. samhliða veðrétti í skipinu næst á eftir áhvílandi samningsveðum. Þá var og veðsett til tryggingar gkr.

500.000 af hverri skuldabréfakröfu fasteignin Suðurgata 60 í Hafnarfirði með 5. veðrétti.

Skúli kveðst hafa látið stimpla veðskuldabréfin hjá bæjarfógetaembættinu í Siglufirði, og voru bréfin nokkra hríð í vörslu embættisins. Hann kvaðst hafa fengið upplýsingar um það hjá fulltrúa bæjarfógetans í Siglufirði, Hjörleifi Magnússyni, að senda bæri bréfin til bæjarfógetans í Hafnarfirði til þinglýsingar, enda hefði hann tjáð Hjörleifi, að hann vissi ekki betur en búið væri að umskrá skipið til Hafnarfjarðar, en það hafði Ingvi Einarsson lofað að gera við allra fyrstu hentugleika, svo sem samkomulag hafi orðið um skömmu eftir kaupin. Skúli sagðist því hafa sent bréfin í pósti til bæjarfógetans í Hafnarfirði ásamt tékka fyrir þinglýsingargjöldum.

Aðspurður segist Skúli ekki muna eftir eða geta útskýrt, hvers vegna veðskuldabréfin hefðu ekki verið send fyrr til þinglýsingar. Skúli segist hafa hringt, að hann telur í það minnsta þrisvar sinnum, til bæjarfógetans í Hafnarfirði og óskað eftir samtali við þann, sem hefði með þinglýsingu að gera hjá embættinu. Talaði hann við tvo aðilja í þessum símtölum, stúlku og karlmann, sem hét Viðar að hann minnir, en þorir þó ekki að fullyrða um það. Hann segist í fyrsta símtalinu hafa fengið að vita, að skjöl bátsins væru enn ekki komin til Hafnarfjarðar. Yrði þetta allt í lagi með veðskuldabréfin, eins og það var orðað, því þau yrðu geymd, þar til skjöl bátsins kæmu.

Hann segist hafa nefnt það í ofangreindum símtölum, að bréfin væru í ákveðinni veðröð. Hafi hann verið fullvissaður um, að allt yrði í lagi með það og væri ekkert annað að gera en doka við, þar til skjöl bátsins bærust til Hafnarfjarðar. Hann segir ekki hafa verið minnst á það, að rétt væri að taka bréfin og koma þeim til Vestmannaeyja til þinglýsingar. Skúli tekur fram aðspurður, að hann hafi ekki notið eða leitað lögfræðilegra leiðbeininga um þinglýsingu bréfanna nema hjá Hjörleifi fulltrúa, sem áður getur, og voru leiðbeiningar hans á þeirri forsendu reistar, að búið væri að flytja bátinn, svo sem hann hugði, að hlyti að vera. Hann segist ekki hafa leitt hugann að því eða dottið það úrræði í hug að koma bréfunum til Vestmannaeyja til þinglýsingar, er hann fékk vitneskju um, að skjöl bátsins væru ekki komin til Hafnarfjarðar.

Skúli segir, að þegar samningsumleitanir um bátakaupin hafi farið fram milli þeirra Ingva Einarssonar, hafi Gunnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri varnaraðilja, fylgst með þeim og verið viðstaddur samningsgerð að hann minnir. Aðstoðaði Gunnar Ingva á ýmsan hátt við kaupin, m. a. með því að gefa út víxla fyrir hönd varnaraðilja, sem Ingvi samþykkti. Skúli segir, að ekki hafi farið á milli mála, að Gunnar Sveinbjörnsson hafi vitað um veðröð veðbréfanna fjögurra, sem hér um ræðir.

Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson, framkvæmdastóri varnaraðilja, kom fyrir dóminn 4. nóvember 1980.

Gunnar kveðst ekki muna til þess að hafa verið viðstaddur né á annan hátt verið við gerð kaupsamnings um bátinn, en segist minna, að Ingvi hafi komið með kaupsamninginn undirritaðan og beðið sig að skrifa á hann sem vitundarvott. Hann segist ekki muna til þess að hafa kynnt sér samninginn á þessum tíma, en tekur fram, að Ingvi hafi sagt sér, áður en hann var gerður, að hann treysti sér til að ráða við öll atriði í sambandi við kaupin nema fyrstu peningaútborgunina. Í þessu sambandi tekur Gunnar fram aðspurður, að hann hafi ekki verið viðstaddur né vitað um, er afsal var gefið út til Ingva, né vissi hann á þeim tíma, að Ingvi gaf út veðskuldabréf með veði í skipinu fyrir eftirstöðvum kaupverðsins.

Skipið hafi verið gert út til fiskveiða seinni part ársins 1975 og aflanum lagt upp hjá varnaraðilja í samræmi við samkomulag þeirra Ingva.

Um áramótin 1975—1976 kveðst Gunnar hafa orðið þess var, að skipið var við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn, og hafði verið brotist inn í það þar. Kveðst Gunnar hafa farið um borð og athugað, hvernig ástatt var, og komst þá að raun um, að vélin virtist vera frostsprungin. Nokkru seinna, að hann minnir, var skipið komið upp í slipp hjá Bátalóni í Hafnarfirði. Kveðst Gunnar hafa aðstoðað Ingva við að kaupa vélarblokk til þess að setja í í staðinn fyrir þá gömlu. Þegar hér var komið sögu, segir Gunnar, að Ingvi hafi samþykkt tryggingarvíxil að upphæð kr. 4 milljónir, að sinni kröfu til tryggingar skuldum við varnaraðilja.

Þegar farið var að athuga nánar um vél skipsins, kom í ljós, að hún var miklu meira skemmd heldur en talið var í upphafi, og gagnaði því ekki að skipta um vélarblokk.

Gunnar segist hafa orðið þess áskynja nokkru síðar, að Ingvi var að leita fyrir sér um kaup á nýrri vél í skipið. Leist honum þannig á þá fyrirætlun til viðbótar því hirðuleysi, sem hann taldi Ingva hafa sýnt viðvíkjandi skipinu, að hann hafi falið lögmanni sínum innheimtu tryggingarvíxils þess, sem að ofan greinir.

Hinn 26. nóvember sl. báru vitni fyrir dóminum þau Gissur V. Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi og Erna Kristinsdóttir fulltrúi, en þau voru fastir starfsmenn í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði vorið og sumarið 1976, og eru þau bæði enn starfandi við embættið.

Í skýrslu sinni segir Gissur m. a., að hann muni eftir því, er veðskuldabréf sóknaraðilja, sem hér um ræðir, bárust embættinu í apríl eða maí 1976. Hafi eitthvað verið í veginum með að innrita bréfin þegar í stað og því hafi hann haft samband símleiðis við handhafa þeirra á Siglufirði. Hann man ekki, hvað það var, sem stóð í vegi fyrir að færa þau inn í fasteignaregistur, en hins vegar hafi ástæðan verið sú varðandi skipið, að það var

skráð í Vestmannaeyjum og hafði ekki verið flutt til Hafnarfjarðar. Að svo komnu máli hafi verið ómögulegt að sínu áliti sem lögfræðings að innrita bréfin, fyrr en skipið hefði verið formlega flutt til Hafnarfjarðar.

Gissur segist hafa verið í sumarleyfi frá 10. júní og fram yfir 10. júlí og þegar hann hafi komið aftur til starfa að fríinu loknu, hafi verið búið að flytja skipið til Hafnarfjarðar og færa það inn á skipaskrá þar undir nafninu, Særún, HF 60. Hann segist ekki vita, hver hafi skráð handhafabréf sóknaraðilja í upphafi á blað skipsins í skipaskrá. Álíti hann, að það hafi einhver lausráðinn sumarstarfsmaður gert, því hann þekki ekki rithöndina. Á hinn bóginn séu seinni færslurnar með sinni rithönd. Um skráðan þinglýsingardag í seinna sinnið, 18. júní 1976, ályktar hann, að það sé dagurinn, sem skjöl skipsins vegna flutnings þess hafi borist þinglýsingardeildinni. Hann kveðst ekki vita, hver hefur strikað yfir fyrri færslur bréfanna og fjárnáms varnaraðilja, en telur hugsanlegt, að það hafi hann sjálfur gert. Gissur segist ekki vita nákvæmlega, hvenær þessar breytingar á færslum hafi farið fram, en það hafi verið einhvern tímann milli 10. júlí og 1. október 1976. Aðspurður kveðst hann ekki muna til þess, að þeim, sem málið snerti, þ. e. málsaðiljum, væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna eða tjá sig, er þessar breytingar hafi verið gerðar. Hann segist ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort þeir hafi vitað um breytingarnar á sínum tíma.

Inntur skýringa á því, að ókleift hafi verið að fá útgefið veðbókarvottorð um m/b Særúnu, HF 60, sumarið og haustið 1976, svaraði Gissur, að hann kynni engar sérstakar skýringar aðrar en þær, að hann hefði talið veðsetningarnar, eins og þær hafi verið í registrinu, ekki vera réttar.

Erna Kristinsdóttir segir í sinni skýrslu, að hún muni eftir þessum fjórum umræddu veðskuldabréfum sóknaraðilja, en þeim hafi átt að þinglýsa bæði á fasteign og skip. Þar sem skipið hafi ekki verið skráð í Hafnarfirði, hafi hún haft samband við einhvern mann á Siglufirði, að hana minnir, og beðið um leiðréttingu á skráningunni, þar sem á því stæði. Minnir Ernu, að umræddur maður hafi ekki viljað fá veðbréfin endursend, þar sem hraða hefði átt flutningi skipsins til Hafnarfjarðar.

Hún segir, að vorið og sumarið 1976 hafi auk sín og Gissurar V. Kristjánssonar bæjarfógetafulltúa, sem hafi verið yfirmaður þinglýsingardeildarinnar, starfað þar kúrsusmenn, þ. e. laganemar í námsvinnu, en nöfn þeirra muni hún ekki.

Erna segir, að þegar hún hafi farið í sumarfrí 1976, hafi ekki verið búið að ganga frá málum varðandi þinglýsingu veðbréfa sóknaraðilja, en þegar hún hafi komið aftur til baka, hafi verið búið að leysa öll þau mál. Telur hún, að einhverjir laganemanna hafi afgreitt málið, þ. e. umskráningu m/b Særúnar, HF 60, og innritun veðbréfanna á blað skipsins í skipaskrá.

Erna kveðst oftar en einu sinni hafa haft samband við fyrirsvarsmenn

sóknaraðilja á Siglufirði út af bréfunum. Man hún ekki beinlínis eftir því, að rætt hafi verið um þann möguleika að senda bréfin til Vestmannaeyja, en telur víst, að hún hafi reifað málið við manninn út frá öllum hliðum og beðið hann um svör viðvíkjandi því, sem hann vildi gera. Minnir hana, að þessi maður hafi ekki viljað fá veðbréfin endursend, þar sem þetta væri að komast í lag, bara dagaspursmál að hana minnir.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili rökstyður dómkröfur sínar fyrst og fremst með því, að hinn 21. apríl 1976 hafi hann eignast þinglýsta, veðtryggða kröfu í hinu umrædda skipi, sem hér um ræðir. Þessi dagsetning sé ótvíræð samkvæmt áritun þinglýsingardómara á sjálf skuldabréfin, en þau séu skráð inn á blað skipsins í skipaskrá næsta á eftir áhvílandi samningsveðum á 1.—7. veðrétti og bréfin merkt Litra L9 nr. 313—316. Á eftir sé löghaldsgerð varnaraðilja færð og merkt Lirta L9 nr. 317. Þar með hafi verið upp kveðinn úrskurður þinglýsingardómara um veröð. Framlagt ljósrit blaðs skipsins úr skipaskrá Hafnarfjarðar beri þessu ljóst vitni, svo eigi verði vefengt. Það sé svo annað mál, að einhvern tíma síðar hafi skráningu þessari verið breytt, svo sem ljósritið beri með sér, þannig að strikað hafi verið yfir þær fjórar línur á blaðinu, sem veðbréfin hafi verið skráð á í upphafi og þau síðan enduruinnfærð fyrir neðan löghaldsgerð varnaraðilja með sömu auðkennum, en búinn til nýr þinglýsingardagur, hinn 18. júní 1976. Þá hafi enn fremur verið strikað ofan í þinglýsingardagsetningu löghaldsins og henni breytt. Verði ekki lesið, svo óyggjandi sé, hver talinn sé þinglýsingardagur. Í seinna sinnið virðist það vera 20. maí 1976, en þá sé búið að skrifa ofan í fyrrritaða dagsetningu, sem sýnist hafa verið 11. júní 1976.

Sóknaraðili heldur því fram og leggur á það ríka áherslu, að þinglýsingardómara hafi með öllu verið óheimilt að breyta upphaflegri skráningu sinni, þar sem í henni hafi falist endanlegur úrskurður hans, enda hafi hún að sjálfsögðu verið dómsathöfn. Því aðeins hafi þinglýsingardómara verið heimilt að taka dómsathöfn þessa upp, að um væri að ræða leiðréttingu á augljósri ritvillu, og þá hafi honum borið að kalla fyrir sig þá aðilja, sem málið varðaði, og gefa þeim kost á að tjá sig. Ágreiningslaust sé, að ekki hafi verið um slíkt að ræða, heldur hafi skráningu veðbréfa í veðmálabókum verið breytt og færð í horf, sem stangist á við áritanir á bréfin sjálf, sem þinglýsingardómari hafði afhent og komin voru út í viðskiptalífið.

Til áréttingar og frekari rökstuðnings dómkröfunni, að úthluta beri eftirstöðvum uppboðsandvirðis upp í veðkröfu hans, bendir sóknaraðili á, að til veðkröfu sinnar hafi verið stofnað á lögmætan hátt hinn 21. ágúst 1975. Fyrirsvarsmenn varnaraðilja hafi verið kunnugt frá upphafi um stofnun

kröfunnar og að uppboðsþoli hafi sett skipið að veði með 8. veðrétti til tryggingar henni auk fasteignar sinnar fyrir hluta kröfunnar. Veðskuldabréfin hafi verið afhent til þinglýsingar á heimilisvarnarþingi útgefanda og útgerðarstað skipsins, talsvert áður en löghaldið hafi verið lagt á. Þinglýsingardómari hafi veitt veðbréfunum móttöku og innritað þau fyrirfram til þinglýsingar á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 21. apríl 1976 án nokkurra athugasemda.

Sóknaraðili leggur á það ríka áherslu, að löghaldsgerð víki fyrir þinglýstu eldra samningsveði og einnig víki slík réttargerð fyrir óþinglýstu samningsveði, ef löghaldshafi vissi um það, enda styðji sanngirnis- og eðlisrök þá reglu. Því sé ljóst, að hvernig sem á mál þetta sé litið, hljóti það að leiða til þeirrar niðurstöðu, að löghaldsgerð varnaraðilja beri að telja standa að baki veðkröfunum samkvæmt umræddum skuldabréfum. Þá sé það veigamikið atriði í þessu máli, að færsla þinglýsingardómara í veðmálaskrá sé bindandi dómsathöfn, sem ekki verði breytt nema með málskoti til Hæstaréttar. Því hafi þinglýsingardómara verið óheimil breyting fyrri dómsathafnar og af því leiði, að síðari gerðir hans hafi hér ekkert gildi. Séu bæði varnaraðili og uppboðshaldari bundnir af upphaflegri röðun veða við þinglýsingu svo og við þær dagsetningar, sem skráðar séu í veðmálaskrá. Þá séu þeir jafnframt bundnir af þeirri afstöðu þinglýsingardómara, sem fram komi í framlögðum veðbókarvottorðum, en þar sé fjárnámsgerð varnaraðilja raðað á eftir veðbréfum hans, enda hafi þinglýsingardómari greinilega tekið þá afstöðu við skráningu fjárnámsgerðarinnar, að hún tæki ekki sæti löghaldsgerðarinnar, heldur skyldi hún þoka fyrir veðkröfum hans. Þessi afstaða þinglýsingardómara hafi síðan verið staðfest við útgáfu tveggja veðbókarvottorða, sem fyrir liggi í málinu. Þetta atriði eitt sér leiði til þess, að krafa sóknaraðilja hljóti fram að ganga, þar sem fjárnámsgerðinni sé ekki þinglýst fyrr en 27. ágúst 1976.

Með tilvísun til þess, sem að ofan sé rakið, telur sóknaraðili fram komið, að þyngstu og veigamestu rökin í málinu styðji eindregið kröfu hans, að úthluta beri honum eftirstöðvum uppboðsandvirðisins. Svo sem fyrr sé sagt, styðjist slík niðurstaða við bæði sanngirnis- og eðlisrök. Til réttar sóknaraðilja sé stofnað miklu fyrr en réttar varnaraðilja og með fullri vitneskju fyrirsvarsmanna hans frá upphafi. Veðbréfunum hafi verið framvísað til þinglýsingar a. m. k. einum og hálfum mánuði fyrr og eigi að telja réttaráhrif þess frá þeim tíma. Skoðað í þessu ljósi eigi ekki að vera nokkur vafi á því, að kröfu sóknaraðilja beri að taka til greina að öllu leyti.

Varnaraðili byggir rétt sinn á því, að með innritun löghaldsgerðar sinnar til þinglýsingar hinn 11. júní 1976 hafi hann öðlast 8. veðrétt í m/b Særúnu, HF 60, sem þá hafi að vísu heitið Sæunn, VE 60. Þennan umræddu dag hafi veðskuldabréfum sóknaraðilja ekki enn verið þinglýst á skipið á lög-

mætan hátt. Því sé mótmælt með öllu, sem sóknaraðili haldi fram, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja hafi vitað um tilvist veðbréfa hans og því verið í vondri trú, er löghaldið var lagt á.

Hann bendir á, að í máli þessu sé fyrst og fremst um það deilt, hvaða áhrif löghaldsgerð sín frá 17. maí 1976 hafi svo og eftirfarandi aðgerðir. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann sé þinglýsing kyrrsetningar nauðsynleg til verndar rétti kyrrsetningarhafa gagnvart samningum kyrrsetningarþola um skip, 5 smálesta eða stærra, við grandalausan 3ja mann. Í þessu sambandi sé vert að líta á það, hvaða reglur gildi um þinglestur slíkra réttinda yfir skipum.

Eftir ákvæðum 3ju gr. siglingalaga nr. 66/1963 skuli um stofnun og vernd eignarhafta á skrásettu skipi, sem sé 5 rúmlestir eða meira, fara eftir reglum um fasteignir eftir því sem við verði komið. Í 4. gr. þinglýsingarlaganna nr. 30/1928, er í gildi voru á umræddum tíma, séu fyrirmæli þess efnis, að skjali, sem snerti skráningarskylt skip, skuli þinglýsa, þar sem skipið sé skráð eða óskist skráð. Fyrir liggi í málinu skjalfest og ómótmælanlegt, að fyrst hinn 16. júní 1976 óski uppboðsþoli eftir því, að skráning skipsins sé flutt frá Vestmannaeyjum til Hafnarfjarðar. Fram til þess dags hafi það verið skráð í Vestmannaeyjum og þar og einungis þar hafi verið rétt að þinglýsa eignarhöftum á skipið. Þess vegna hafi endurrit löghaldsgerðarinnar réttilega verið sent þinglýsingardómara í Vestmannaeyjum, svo sem gert hafi verið með bréfi, dagsettu 31. maí 1976. Það gefi auga leið, hvers vegna þessi regla hafi verið sett, því gífurleg réttaróvissa væri því samfara og veðmálabókhald í raun til einskis, ef hægt væri að afhenda skjal varðandi t. d. fasteign eða skip í Vestmannaeyjum á Siglufirði eða í Hafnarfirði. Þegar þetta sé virt, komi berlega í ljós, að afhending veðbréfa sóknaraðilja til dómara í Hafnarfirði hafi ekkert gildi að lögum, hvað varði vernd veðréttinda hans í skipinu. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að í vitninsburði starfsmanna í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði komi skýrt fram, svo sem haldið sé fram af varnaraðilja hálfu, að fyrirsvarsmanni sóknaraðilja hafi strax og margoft aftur verið skýrt frá því, að skipið væri skráð í Vestmannaeyjum, og því ekki hægt að þinglýsa bréfunum í Hafnarfirði. Þá hafi þess ítrekað verið óskað við Skúla Jónasson, framkvæmdastjóra sóknaraðilja, að hann léti vitja bréfanna eða þau yrðu ella send honum til baka, en Skúli hefði óskað, að þau yrðu kyrr, þar sem verið væri að umskrá skipið til Hafnarfjarðar. Í þessu sambandi sé eðlilegt að benda á, að vitaskuld hafi fyrirsvarsmanni sóknaraðilja borið að kanna það sjálfstætt, hvar báturinn væri skráður, því augljóst hafi verið, er veðbréfin voru útgefin, hvar hann hafi verið skráður þá. Því sé svo einnig ósvarað, hvers vegna ekki farið var með bréfin til þinglýsingar fyrr en 8 mánuðum eftir útgáfu þeirra. Út af fyrir sig sé fallist á það með

sóknaraðilja, að það hafi verið rangt og vítavert að rita ekki athugasemd um löghaldsgerðina á veðbréfin. Varði það einungis bótaskyldu þinglýsingardómara, en breyti engu um veðröðina. Rétt sé að benda á það í þessu sambandi, að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1970 um skráningu skipa hafi uppboðsþola engin skylda borið til að færa skráningu skipsins til Hafnarfjarðar.

Samkvæmt því, sem nú sé sagt, verði fullyrt með góðum og gildum lagarökum, að löghaldsgerðinni hafi verið þinglýst á undan veðbréfum sóknaraðilja og taki því sæti á undan þeim í veðröðinni. Þannig hafi þessu verið fyrir komið á skjölum þeim, er þinglýsingardómara í Hafnarfirði hafi borist frá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum í sambandi við flutning skipsins, og við það hafi hann verið bundinn.

Varnaraðili heldur því fram, að samkvæmt kenningum jafnt innlendra sem erlendra fræðimanna gangi dómveð samkvæmt kyrrsentingargerð fyrir samningsbundnum eignarréttindum, sem þinglýst sé síðar, og skipti eigi máli, hvort kyrrsetningarhafi sé grandalaus eða ekki, sbr. a. m. k. tvo dóma Hæstaréttar. Önnur skipan mála mundi opna greiða leið til misferlis, þar sem gerðarþolar gætu dagsett málamyndagerninga aftur í tímann og látist þinglýsa þeim eftir aðför. Mönnum sé búin greið leið til að vernda rétt sinn með þinglýsingu og verði þeir því að bera skaðann af að láta undir höfuð leggjast að nota sér hagræðið af þinglýsingu.

Ómótmælt sé, að fjárnámsgerðin frá 5. ágúst 1976 hafi verið gerð fyrir sömu skuld og áður hafði verið lagt á löghald fyrir í skipinu. Löghaldsgerðin hafi verið staðfest með dómi og hann birtur á lögformlegan hátt. Varnaraðili heldur því fram og vísar til kenninga íslenskra sem annarra norrænna fræðimanna, að löghaldsgerðin skapi gerðarhafa rétt til að ganga að hinni kyrrsettu eign síðar við fjárnám og fá sömu réttindi og röð, sem hann öðlaðist við löghaldsgerðina. Því sé það eingöngu rangur lagaskilningur þinglýsingardómara, en ekki neinn úrskurður hans, er hann telji veðröðina vera - löghald - veðbréf sóknaraðilja - fjárnám - á veðbókarvottorðum í stað löghaldsins, svo sem lög berlega mæli. Útgáfa veðbókarvottorða sé ekki dómsathöfn. Það sé einungis ákvörðum dómara um það, hvort skjali skuli þinglýst eða ekki og svo þinglýsingin sjálf, þ. e. lestur skjalanna á bæjarþingi. Því sé uppboðsdómari á engan hátt bundinn af gerðum þinglýsingardómara í Hafnarfirði í sambandi við innfærslu og skráningu, sem hér sé deilt um. Uppboðsdómur sé án vafa réttur vettvangur til að deila um og fá úrskurðað um veðröðina og hvor aðilja fái úthlutað upp í kröfu sína af uppboðsandvirðinu og í engu bundinn af hinum umdeildu gerðum starfsfólks þinglýsingardeildar bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði.

Forsendur og niðurstaða.

Aðiljar eru á einu máli um það, að deilu þeirra um úthlutun eftirstöðva uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, beri réttilega að útkljá hér í uppboðsdóminum. Er það stutt skýrum og ítarlegum lagafyrirmælum í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Ágreiningurinn, sem hér er til úrlausnar, er í megindráttum fólginn í mismunandi skoðunum þeirra á þýðingu hinna tilteknu aðgerða þinglýsingardómara, annars vegar í Hafnarfirði og hins vegar í Vestmannaeyjum, og hvort eða að hve miklu leyti þeir sjálfir og uppboðsdómur séu af þeim bundnir. Enn fremur deila þeir um eðli og innihald þess réttar, sem kyrrsetning og eftirfarandi fjárnám færir gerðarhafa.

Veðtrygging þeirra hvors um sig í fasteigninni Suðurgötu 60 í Hafnarfirði er máli þessu óviðkomandi, en fram er komið, að hvorugur þeirra fékk nokkuð upp í kröfu sína af uppboðsandvirði, er nefnd fasteign var seld á nauðungaruppboði.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, vorið og sumarið 1976, voru í gildi lög nr. 30/1928 um þinglýsing skjala og aflýsing, en í 3ju grein þeirra segir, að skjal, sem þinglýsa eigi, skuli afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing eigi fram að fara. Í 1. mgr. 4. gr. laganna segir, að skjali, sem snerti fasteign eða skráningarskylt skip, skuli þinglýsa í þinghá, sem eignin sé eða skipið skráð eða óskist skráð. Samkvæmt þessu lagði sóknaraðili veðbréf sín réttilega fyrir þinglýsingardómara í Hafnarfirði að því er veðréttindin í fasteigninni Suðurgötu 60 áhrærði, en á röngum stað að því er varðaði veðréttindin í skipinu, þar sem þinglýsing þeirra gat aðeins farið fram í Vestmannaeyju, eins og á stóð. Verður því eigi talið, að framvísun veðskuldabréfanna til þinglýsingar í Hafnarfirði hafi haft nokkurt gildi að lögum til verndar veðréttindum sóknaraðilja í skipinu gagnvart þriðjamanni og varnaraðili þegar af þeim ástæðum á engan hátt bundinn við aðgerðir þinglýsingardómara í Hafnarfirði, hvað þessi veðréttindi snerti, þann tíma, sem skipið var enn skráð í Vestmannaeyjum.

Á hinn bóginn ber að telja, að varnaraðili hafi réttilega lagt kyrrsetningargerð sína fyrir þinglýsingardómara í Vestmannaeyjum og þar hafi henni verið þinglýst á skipið. Þar með öðlaðist varnaraðili 8. veðrétt í skipinu, skilyrtan að vísu, næsta á eftir þinglýstum samningsveðum á 1.—7. veðrétti. Hafði hann þá þokað veðréttindum sóknaraðilja í skipinu, sem þá voru óþinglýst, aftur fyrir sinn veðrétt, háð því, að hann hefði haldið kyrrsetningargerðinni til réttra laga, þ. e. fengið hana staðfesta með dómi. Breytir hér engu um hugsanleg grandsemi varnaraðilja, en hún telst eigi vera sönnuð, þar sem á þessum tíma giltu sömu reglur og nú eru skýrt skráðar í 19. og 20. gr. núgildandi þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Óvefengt er, að varnaraðili höfðaði mál á réttum tíma til staðfestingar

kyrrsetningargerðinni og til greiðslu víxilskuldarinnar og fékk dóm. Lét varnaraðili síðan fara fram fjárnám í hinum kyrrsettu eignum. Telja verður, að rétt lög standi til þess, að með því hafi varnaraðili endanlega tryggt sér áðurnefndan 8. veðrétt í skipinu á undan veðrétti sóknaraðilja samkvæmt margnefndum veðskuldabréfum, enda hafði enginn annar fjárnámshafi komist fram fyrir hann í millitíðinni. Svo sem mál þetta er vaxið og sakir stóðu, verður eigi talið, að varnaraðili geti á nokkurn hátt verið bundinn við aðgerðir starfsfólks í þinglýsingardeild bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði viðvíkjandi skráningu og breytingu skráningar veða beggja aðilja. Eigi heldur uppboðsdómur, enda þessar aðgerðir tæpast eiginlegar dómsathafnir, þegar allt kemur til alls og svo sem að verki virðist hafa verið staðið. Í þessu sambandi er athugavert, að skjöl varðandi skipið berast ekki til Hafnarfjarðar frá Vestmannaeyjum fyrr en um eða eftir mánaðamót júní og júlí 1976. Af þessum sökum hefur ekki verið hægt að færa nokkuð um áhvílandi veð í skipinu, fyrr en eftir að upplýsingar um þinglýst veð í Vestmannaeyjum lágu fyrir. Af þessu má ráða með vissu, að tilgreindir innritunardagar veðbréfa sóknaraðilja, þ. e. 21. apríl 1976 og síðan 18. júní 1976, geta ekki verið réttir.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið sagt, verður fallist á það með varnaraðilja, að með þinglýsingu löghaldsgerðarinnar í Vestmannaeyjum 11. júní 1976 hafi hann öðlast 8. veðrétt í nefndu skipi á undan veðréttindum sóknaraðilja samkvæmt umræddum veðskuldabréfum og síðan hafi veðrétturinn verið endanlega staðfestur með eftirfarandi dómi og fjárnámi til fullnustu hans og geti hinar ýmsu aðgerðir starfsfólks við þinglýsingardeild bæjarfógetaembættiisins í Hafnarfirði varðandi skráningu veða aðilja hér engu um breytt.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu varnaraðilja til greina og úrskurða, að úthluta beri eftirstöðvum uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, gkr. 4.151.376, upp í kröfu hans.

Eftir þesum úrslitum ber að leggja málskostnað á sóknaraðilja, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Ólafur St. Sigurðsson setuuppboðshaldari kvað upp úrskurð þennan. Vegna mikilla anna dómara við önnur dómstörf í embætti sínu hefur úrskurður eigi orðið upp kveðinn fyrr.

Á l y k t u n a r o r ð:

Úthluta skal eftirstöðvum uppboðsandvirðis m/b Særúnar, HF 60, gkr. 4.151.376, upp í uppboðskröfu varnaraðilja, Sveinbjörns Árnasonar h/f.

Sóknaraðili, Höfn h/f, Siglufirði, greiði varnaraðilja kr. 8.000.00

í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1983

Nr. 63/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnssn og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 2. mars 1983. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að staðfest verði sakarmat héraðsdóms, en jafnframt gerð krafa um þyngingu viðurlaga.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. maí sl.

Ákærða var birt ákæra í máli þessu á dómþingi 26. febrúar 1980. Var þá einnig tekin skýrsla af honum fyrir dómi. Dómþing voru síðan háð í málinu og skýrslur teknar af vitnum 17. apríl 1980 og 12. mars 1981.

Ákærða var skipaður verjandi 15. júlí 1982, og barst dómaranum vörn hans 14. september. Málið var næst tekið fyrir 9. desember. Auk varnarinnar var þá lagður fram vettvangsuppdráttur, myndir af vettvangi og myndir af bifreiðinni S 1394, eins og hún var eftir slysið. Þá var Bjarni Magnússon lögregluþjónn yfirheyrður sem vitni. Málið var svo dómtekið 15. desember s. á. og dómur kveðinn upp 28. s. m.

Það er meginregla við meðferð opinberra mála, að sökunauti sé gefinn kostur á að kynna sér öll gögn, sem fram koma í máli á hendur honum, og tjá sig um þau, sbr. 78. gr. og 1. mgr. 87. gr. laga

nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Sé nýrra gagna aflað, eftir að vörn kemur fram, ber að gefa verjanda kost á að koma að framhaldsvörn, sbr. 2. mgr. 125. gr. nefndra laga. Ekki verður séð, að ákærða né verjanda hans hafi verið tilkynnt um þinghaldið 9. desember né heldur að verjandanum hafi verið send hin nýju gögn og honum veitt færi á framhaldsvörn, áður en málið var dómtekið. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Það athugast, að ákærði var sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða á dómþingi 26. febrúar 1980, en slík bráðabirgðasvipting er skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ákvörðun lögreglustjóra, en eigi dómsathöfn.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rannsókn og dómsmeðferð málsins, hefur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að héraðsdómari fór eigi rétt að, er hann háði dómþing, yfirheyrði vitni og lagði fram skjöl, eftir að skrifleg vörn kom fram af hendi verjanda ákærða, en tilkynnti þó hvorki honum né ákærða sjálfum um stað og stund til þess þinghalds eða kynnti þeim hin nýju sakargögn, áður en hann dómtók málið og kvað upp dóm. Var þetta andstætt meginreglum 78. gr., 87. gr. og 121. gr. laga nr. 74/1974. Eru þau mistök í málsmeðferðinni aðfinnsluverð. Eins og þeim sönnunargögnum er háttað, sem hér er um að tefla, og þar sem fullnægjandi vörn hefur komið fram fyrir ákærða fyrir Hæstarétti, tel ég hins vegar ekki

bera réttarfarsnauðsynjar til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm samkvæmt 185. gr. laga nr. 74/1974.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, eru ekki efni til, að ég tjái mig um sýknu eða sakfellingu ákærða.

Ég er samþykkur athugasemdum meiri hluta dómenda um drátt á meðferð málsins og um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 28. desember 1982.

Árið 1982, þriðjudaginn 28. desember, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, af Sveinbirni Sveinbjörnssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1/1980: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 4. janúar 1980, gegn Guðmundi Elmari Vestmann Guðmundssyni sjómanni, Langatanga 2, Seyðisfirði, fæddum 9. mars 1960 á Seyðisfirði, fyrir að hafa sunnudaginn 16. september 1979 ekið bifreiðinni S 1394 frá Egilsstöðum áleiðis til Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði með 6 farþega, þótt hún væri aðeins gerð til að flytja 4 farþega, og að hafa, er hann ók eftir veginum skammt austan Heiðarvatns þar á heiðinni með allt að 60 kílómetra hraða í hálku og ísingu, eigi gætt nægilegrar varkárni við akstur með þeim afleiðingum, að þegar ákærði ók í snjóskafl á veginum, missti hann stjórn á bifreiðinni, hún rann út af honum og valt. Örn Helgi Ingólfsson farþegi, fæddur 6. október 1955, hlaut innvortis meiðsl á kviðarholi og brjóstholi og lést fljótlega á slysstað, og Þorvaldur Waagfjörð farþegi, fæddur 3. júní 1952, hlaut rifja- og mjaðmagrindarbrot, rifið hægri lunga og heilablæðingar og lést af þessum meiðslum á sjúkraskýlinu á Egilsstöðum kl. 1500 þennan dag.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst hér að framan, varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og i lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

Málavextir eru þessir:

Klukkan 1310 sunnudaginn 16. september 1979 var lögreglunni á Seyðisfirði tilkynnt, að mjög alvarlegt umferðarslys hefði orðið á veginum yfir Fjarðarheiði, og fór hún þegar á staðinn, sem reyndist vera rétt austan við

svokallaða Vatnsvík út úr Heiðarvatni. Þarna hafði bifreiðinni S 1394, sem er jeppi af gerðinni Chevrolet Blazer, árgerð 1976, verið ekið út af veginum, og hafði hún oltið eina eða fleiri veltur, áður en hún stöðvaðist. Tveir menn með miklum áverkum lágu skammt frá bifreiðinni, og úrskurðaði læknir, sem kom á staðinn rétt á eftir lögreglunni, að annar þeirra, Örn Helgi Ingólfsson, fæddur 7. október 1955, til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, væri látinn. Hinn maðurinn, Þorvaldur Waagfjörð, fæddur 3. júní 1952, til heimilis að Hafsteinsvegi 34, Vestmannaeyjum, var þegar fluttur á sjúkraskýlið á Egilsstöðum, en lést, skömmu eftir að þangað kom. Báðir þessir menn reyndust hafa verið farþegar í bifreiðinni S 1394.

Í ljós kom, að ökumaður á bifreiðinni S 1394, þegar slysið varð, hafði verið ákærði í máli þessu, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson. Farþegar höfðu verið alls 6, þ. e. þeir tveir, sem létust, faðir ákærða, Guðmundur Vestmann Ottósson, fæddur 6. október 1935, til heimilis að Langatanga á Seyðisfirði, Bjarni Ólafsson, fæddur 9. janúar 1935, Skerjabraut 9, Seltjarnarnesi, Hilmir Reynisson, fæddur 13. desember 1961, Suðurgötu 2, Seyðisfirði, og Sigurjón Þór Hafsteinsson, fæddur 1. maí 1958, Túngötu 15, Seyðisfirði.

Ekki munu aðrir af þeim, sem í bifreiðinni S 1394 voru, en þeir, sem létust, hafa slasast alvarlega. Ákærði fékk taugaáfall fljótlega eftir að slysið varð, þannig að flytja varð hann í sjúkrahúsið á Seyðisfirði.

Ákærði skýrði svo frá fyrir rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 16. september 1979, að um morguninn daginn, sem slysið varð, hafi hann ekið frá Seyðisfirði yfir til Egilsstaða þeirra erinda að sækja föður sinn og fleiri menn, sem voru að koma með flugvél úr Reykjavík. Sagði hann, að efst á Fjarðarheiði hefði verið frost og snjófjúk, en ekki kvaðst hann hafa orðið var við hálku á veginum.

Ákærði taldi, að hann hefði sennilega haldið aftur af stað frá flugvellinum um kl. 1230 og hefði þá verið kominn skafrenningur á heiðinni og nokkuð frost. Aðspurður um ökuhraða kvaðst ákærði halda, að hann hefði verið nálægt 60 km á klst. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við hálku, fyrr en hann hefði misst vald á bifreiðinni.

Varðandi tildrög slyssins þá kvað ákærði bifreiðina hafa lent á svellbunka og snúist til að aftan, hann reynt að ná stjórn á henni, en það ekki tekist, heldur hefði hann misst hana út af veginum.

Að sögn ákærða rotaðist hann nú, en þegar hann komst aftur til meðvitundar, sat hann við stýrið. Þegar hann komst út úr bifreiðinn, sem lá á vinstri hliðinni, sá hann, að einn farþeginn lá meðvitundarlaus hjá bifreiðinni, og voru fætur hans undir henni. Sagði ákærði, að tekist hefði að losa hann og hefði verið hlúð að honum svo og öðrum farþega, sem ákærði vissi, að lá einhvers staðar fyrir aftan bifreiðina.

Skömmu eftir að slysið varð, kvaðst mætti (sic) hafa fengið taugaáfall og muna lítið, hvað gerðist eftir það.

Aðspurður um það, hvort ákærði teldi, að bilun í bifreiðinni hefði valdið slysinu, þá kvaðst hann telja, að svo væri ekki, heldur væri skýringin hálka á veginum og einnig geti verið, að hvassviðrið hefði átt sinn þátt í því, að bifreiðin snerist.

Ákærði kom fyrir dóm 26. febrúar 1980 og skýrði þá frá tildrögum slyssins á sama hátt og hjá lögreglunni. Aðspurður taldi hann, að bifreiðin hefði oltið tvo og hálfan hring, er hún fór út af veginum. Aðspurður um hraða kvaðst ákærði ekki vita, á hve mikilli ferð bifreiðin hefði verið, þegar slysið varð, en taldi þá, að hraðinn hefði verið um það bil 30 mílur á klst.

Ákærði tók fram, að hann myndi ekki eftir því að hafa ekið í snjóskafl.

Vitnið Guðmundur Vestmann Ottóson skipstjóri var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 19. september 1979 og notaði ekki undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Sagðist vitnið hafa setið í framsæti bifreiðarinnar S 1394. Kvaðst vitnið ekki hafa verið að fylgjast með hraðamæli bifreiðarinnar fyrir slysið, en áætlaði hraðann 40—60 km/klst. Sagðist vitnið hafa tekið eftir því, að nokkru fyrir slysið hefði ökumaður dregið úr hraða frá því, sem verið hefði. Varðandi færð þá taldi vitnið, að því hefði virst mjög hált vera á blettum, en engin hálka þess á milli. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið með þeim hætti, að því er það teldi, að bifreiðin hefði snúist ótrúlega snöggt að aftan og svo lent út af veginum. Kvaðst vitnið ekki vita, hve margar veltur bifreiðin hefði oltið, þar sem það hefði strax misst meðvitund.

Vitnið Sigurjón Þór Hafsteinsson sjómaður, Túngötu 15, Seyðisfirði, skýrði svo frá hjá lögreglunni á Seyðisfirði daginn sem slysið varð, að hann hefði þá um morguninn komið með flugvél frá Reykjavík til Egilsstaða ásamt nokkrum skipsfélögum sínum af Gullveri, NS 12. Sagði vitnið, að þegar lent hefði verið á Egilsstaðaflugvelli um kl. 1215, hefði ákærði verið mættur þar til að sækja föður sinn, Guðmund Vestmann Ottóson, skipstjóra á Gullveri, NS 12. Kvaðst vitnið hafa fengið far með ákærða, þar sem engin áætlunarferð hefði verið á Seyðisfjörð. Taldi vitnið, að slysið hefði orðið um kl. 1300. Kvaðst vitnið ekki hafa verið að horfa á veginn, en taldi, að bifreiðin hefði lent í snjóskafli og ákærði misst vald á henni við það. Aðspurður um hraða bifreiðarinnar þá áleit vitnið, að hann hefði verið ca 50—60 km/klst.

Vitnið Sigurjón Þór kom fyrir dóm 17. apríl 1980 og skýrði þá nánar frá. Sagði vitnið, að sunnudaginn 16. september 1979 hefði hann hitt á Reykjavíkurflugvelli fjóra skipsfélaga sína af Gullveri, þá Guðmund Vestmann Ottóson, Bjarna Ólafsson, Hilmi Reynisson og Örn Helga Ingólfs-

son. Hefði Örn Helgi verið nokkuð drukkinn. Síðan segir í endurriti úr sakadómsbók varðandi skýrslutöku af vitninu:

„Á Egilsstaðaflugvelli hitti vitnið fyrir ákærða í málinu, sem vitnið hafði þekkt lengi, og settist með honum út í bifreiðina S 1394 og spjallaði við hann, meðan beðið var eftir töskunum. Aðspurt segir vitnið, að ákærði hafi virst hress og vel haldinn, enda nýkominn úr ökuferð um Evrópu, sem þeir vitnið ræddu um. Vitnið telur fullvíst, að ákærði hafi ekki verið undir áfengisáhrifum. Vitnið segist hafa skroppið aftur inn í flugstöðina til að versla, og er hann kom til baka, var bifreiðin orðin yfirfull af farþegum, og varð það því að setjast á geymslukassa, sem er á milli stólanna frammí bifreiðinni. Segir vitnið, að hann hafi sest þar, án þess að mótbárur um það kæmu frá ákærða eða öðrum. Vitnið segir einn mann til viðbótar hafa beðið um far, en honum verið neitað. Vitnið snéri því baki í framrúðu bifreiðinnar. Frá vitninu séð sátu í aftursætinu í sömu röð: Þorvaldur Waagfjörð við gluggann vinstra meginn, en vitnið hafði aldrei séð hann fyrr. Næstur sat Örn Helgi, þá Bjarni og Hilmir við gluggann hægra megin. Var lagt af stað og ekið sem leið liggur til Seyðisfjarðar um Fjarðarheiði. Segir vitnið menn hafa verið að spjalla saman á leiðinni, en telur, að ákærði hafi ekki tekið þátt í samræðunum, eftir að á háheiðina var komið. Skyndilega byrji bifreiðin að snúast, og segist vitnið þá hafa litið á ákærða, sem þá var að hamast við að reyna að ná stjórn á bifreiðinni aftur. Það tókst ekki, og segist vitnið muna skýrt eftir a. m. k. einni veltu, en síðan rankaði það við sér, þegar bifreiðin var stöðvuð."

Vitnið sagði, að nú hefði komið í ljós, að bæði Þorvaldur og Örn Helgi voru mikið slasaðir. Hafi Þorvaldur verið fastur undir bifreiðinni og því orðið að lyfta henni upp til að losa hann. Sagði vitnið, að þegar ákærði hefði séð, hvað gerst hafði, hefði hann misst alla stjórn á sér.

Aðspurður um ökuhraða bifreiðarinnar, þegar slysið var, sagði vitnið, að hann hefði ekki verið mikill, varla meiri en 50—60 km/klst. Tók vitnið fram, að því hefði ekki þótt neitt athugavert við akstur ákærða.

Vitnið Bjarni Ólafsson, Skerjabraut 9, Seltjarnarnesi, farþegi í bifreiðinni S 1394, sagði við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Seyðisfirði, að slysið hefði orðið eftir ca 20 mín. akstur frá flugvellinum á Egilsstöðum. Lenti bifreiðin að sögn vitnisins í snjóskafli, og missti ákærði vald á bifreiðinni við það. Þegar vitnið komst út úr bifreiðinni, sá það, að Þorvaldur Waagfjörð lá undir bifreiðinni og Örn Helgi fyrir innan hana. Vitnið kvaðst aðspurt um ökuhraða halda, að hann hefði verið ca 50—60 km/klst.

Vitnið Hilmir Reynisson kvaðst við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Seyðisfirði hafa fengið far með ákærða frá Egilsstaðaflugvelli niður á Seyðisfjörð, vegna þes að enginn áætlunarferð var þangað. Sagði vitnið, að slysið hefði orðið, þegar ekið hefði verið í ca 20 mín. Sagði vitnið, að þá hefði

það verið að sofna og því ekki fylgst með akstrinum. Kvaðst vitnið hafa rankað við sér, þegar bifreiðin fór að renna til á veginum. Hefði ákærði reynt að halda bifreiðinni á veginum, en það ekki tekist, heldur hefði hún oltið út af veginum. Kvaðst vitnið næst hafa vitað af sér, þegar bifreiðin liggur á hliðinni. Sagði vitnið, að eftir að þeir félagar hefðu lyft bifreiðinni ofan af Þorvaldi Waagfjörð, hefði það hlaupið inn að sæluhúsi, sem sé í ca 2 km. fjarlægð frá slysstað, og hringt þaðan í símstöðina á Egilsstöðum eftir hjálp.

Vitnið Jón Karlsson járniðnaðarmaður, Garðarsvegi 26, Seyðisfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði komið að slysinu, skömmu eftir að það varð. Að sögn vitnisins var þá búið að breiða yfir tvo menn þar á staðnum. Vitnið kvaðst hafa ekið þeim feðgum, ákærða og föður hans, niður á Seyðisfjörð, þar sem ákærði hefði verið búinn að fá taugaáfall. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða né nein merki þess, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Bjarni Magnússon lögregluþjónn, Túngötu 4, Seyðisfirði, kom fyrir dóm 9. desember 1983 sem vitni í máli þessu. Kvaðst vitnið hafa farið á slysstaðinn ásamt Helga Sævari Helgasyni lögregluþjóni. Að sögn vitnisins var aðkoman ömurleg. Hefði bifreiðin S 1394 verið á hliðinni utan vegar og hjá henni legið tveir menn stórslasaðir. Sagði vitnið, að læknir, sem komið hefði frá Egilsstöðum á slysstaðinn rétt á eftir vitninu, hefði þegar úrskurðað Örn Helga látinn, en hins vegar hefði verið lífsmark með hinum, sem var slasaður, og hefði hann verið fluttur til Egilsstaða.

Að sögn vitnisins fóru þeir Helgi Sævar með þá Hilmi Reynisson, Sigurjón Hafsteinsson og Bjarna Ólafsson í sjúkrahúsið á Egilsstöðum, þar sem þeir gengu undir læknisskoðun, en að því búnu voru þeir yfirheyrðir. Að yfirheyrslunni lokinni hefðu vitnið og Helgi Sævar svo farið aftur upp á Fjarðarheiði til að gera vettvangsuppdrátt og taka ljósmyndir.

Vitnið sagði aðspurt um veður á slysstað, að það hefði verið hraglandi og skafið lítillega, en úrkoma verið lítil. Einhver vindur hefði verið, en ekki kvaðst vitnið geta sagt til um hversu mikill. Vitni sagði, að hálka hefði verið á veginum yfir Fjarðarheiði, þegar slysið hefði orðið, en vegkantar auðir. Lítill snjór hefði verið og alls ekki snjóskaflar.

Aðspurt um það, hvort vitnið haldi, að bifreiðin S 1394 hefði oltið eina eða fleiri veltur, þegar slysið varð, þá kveðst vitnið ekki geta sagt til um það með neinni vissu, en kvaðst álíta, að bifreiðin hefði fyrst endastungist út af veginum, en svo oltið a. m. k. eina veltu.

Vitnið sagði aðspurt, að einhver áfengislykt hefði verið í bifreiðinni S 1394 í greint sinn og hefðu trúlega einhverjir farþegar verið undir áhrifum áfengis, en þó vildi vitnið alls ekki fullyrða neitt um það. Hins vegar taldi vitnið, að ákærði hefði ekki verið undir áhrifum áfengis.

Aðspurt segir vitnið, að bifreiðaeftirlitsmaður hefði ekki skoðað bifreiðina S 1394 á slysstað.

Bifreiðin S 1394 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni 26. nóvember 1979, þar sem hún stóð í Reykjavík. Segir svo í skýrslu skoðunarmannsins Sigþórs R. Steingrímssonar:„Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin var óökuhæf. Hemlar og önnur stjórntæki virtust eðlileg. Bifreiðin var búin grófmynstruðum hjólböðrum á öllum hjólum, nokkuð góðum".

Í vottorði Veðurstofu Íslands, sem lagt hefur verið fram varðandi veður á Seyðisfirði og Egilsstöðum 16. september 1979, segir, að kl. 09 hafi verið norðanátt, 3 vindstig á Seyðisfirði, hálfskýjað, skyggni 10 km, hiti 4.0° C. Kl. 15 hafi á sömu veðurathugunarstöð verið norðanátt, 4 vindstig, alskýjað, skyggni 2 km, hiti 5° C. Á Egilsstöðum var kl. 12 norðnorðvestanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, skýjað, skyggni 55 km, hiti 4.9° C. Kl. 15 var á sömu veðurathugunarstöð norðaustanátt, 4 vindstig, mesta veðurhæð milli athugana 4 vindstig, alskýjað, skyggni 30 km, hiti 3.8° C.

Lík beggja hinna látnu voru krufin, og hefur Bjarki Magnússon læknir gert skýrslu um krufningarnar. Í lok skýrslu hans um krufningu á líki Arnar Helga Ingólfssonar segir svo:

„Niðurstaða:
Við krufninguna fundust marghátta̋ðir innri brjóst-og kviðarholsáverkar, sem valdið höfðu miklum blóðmissi inn í vinstra brjósthol og kviðarhol (sjá lýsingu að framan). Dánarorsök mannsins hefur verið lost vegna framangreindra áverka og blóðmissis. Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lést".

Í niðurlagi skýrslu Bjarka um krufningu á líki Þorvalds Waagfjörð segir svo:
„Niðurstaða:
Við krufningu fundust marghátta̋ðir áverkar (sjá lýsingu að framan), m. a. rifja- og mjaðmagrindarbrot, rifið hægra lunga, er orsakað hafði pneumothorax hægra megin, blæðing undir heilahimnum og heilamar auk verulegra blæðinga inn í retroperitoneal vefi. Dánarorsök mannsins hefur verið pneumothorax og lost vegna framangreindra áverka samfara blóðmissi."

III.

Ljóst er, að orsök slyssins var ekki sú, að ákæröi ók í snjóskafl, svo sem segir í ákæru. Styðst sú niðurstaða bæði við framburð ákærða sjálfs, þá staðhæfingu vitnisins Bjarna Magnússonar, að engir snjóskaflar hafi

verið á veginum, svo og ljósmyndir af slysstað, sem sýna mjög óverulegan snjó á veginum.

Telja verður hins vegar, að meginorsök þess, að ákærði missti bifreiðina út af veginum, hafi verið of hraður og ógætilegur akstur miðað við það, að hálka var. Verður að telja sannað, þegar litið er til framburðar ákærða og vitna svo og ummerkja á slysstað, að ákærði hafi ekið með allt að 60 km hraða miðað við klst., þegar slysið varð. Voru hjólbarðar bifreiðarinnar þó hvorki negldir né með keðjum. Þá var ákærði rétt nýkominn yfir blindhæð, þegar hann missir vald á bifreiðinni. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Þá er sannað, að ákærði ók með 6 farþega í bifreiðinni S 1394, þótt hún væri aðeins gerð til að flytja 4 farþega. Varðar þessi hegðun ákærða við 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga, svo sem segir réttilega í ákæru. Breytir hér engu, að ekki var áætlunarferð frá flugvellinum á Egilsstöðum niður á Seyðisfjörð.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 9. nóvember 1979, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 10/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1976 10/11 á Seyðisfirði: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 14/8 1976.

1977 19/8 á Seyðisfirði: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 244. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1979 5/2 í Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga 54/1976.

Þykir refsing hans hæfileg ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4. vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér til þess að vera sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali, og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir, þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 ár

frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða árið 1979.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðsdómslögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs inna 4. vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða á árinu 1979.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðsdómslögmanns, 3.500.00 krónur.

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 57/1981. **Ægir Ómar Hraundal**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Magnúsi Fr. Árnasyni
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál. Löghaldsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sakarskiptingar og verulegrar lækkunar bótafjárhæðarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 17. mars 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 189.074.15 krónur með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 2. apríl 1980, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, „en allt að frádregnum kr. 32.400.00, sem er framreiknuð greiðsla til gagnáfrýjanda frá Brunabótafélagi Íslands upp í skaðabótakröfu hans og innt var af hendi í tvennu lagi 9/2 1980 og 17/3 1980". Þá er krafist staðfestingar á löghaldsgerð, sem framkvæmd var 1. apríl 1980 í 3. herbergja íbúð á 3. hæð til hægri í húsinu nr. 4 við Iðufell í Reykjavðk, eign aðaláfrýjanda, en löghald þetta hafði verið gert til tryggingar stefnufjárhæð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þeirra á meðal útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 4. maí 1983 á höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps gagnáfrýjanda af völdum tímabundinnar og varanlegrar örorku.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans um fébótaábyrgð áðaáfrýjanda.

Í hérðasdómi eru greindir útreikningar fyrrnefnds tryggingafræðings 20. nóvember 1979 og 21. október 1980. Í hinum nýja útreikningi er tekið tillit til kauplagsbreytinga frá síðasta útreikningi. Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast tryggingafræðingnum nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	12.400
Vegna varanlegrar örorku	kr.	164.400
Samtals	kr.	176.800

Þá segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Greiðsla að fjárhæð gkr. 2.211.290 þann 14. mars 1980 jafngildir sem næst nýkr. 32.400 nú (4. maí 1983). Þá eru eingöngu notaðir 13% ársvextir til að færa greiðsluna til í tíma. Á sama hátt jafngildir hin tiltekna greiðsla nýkr. 16.860 á slysdegi".

Gagnáfrýjandi sundurliðar höfuðstól stefnufjárhæðarinnar þannig:

1. Örorkutjón	kr.	176.800.00
2. Gleraugu	—	454.15
3. Viðgerð á tönnum	—	5.820.00
4. Miskabætur	—	6.000.00
	Kr.	189.074.15
Til frádráttar	—	32.400.00
Eftir verða því	kr.	156.674.15

Aðaláfrýjandi hefur mótmælt því, að hinn nýi útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda komist að við meðferð málsins hér fyrir dómi. Á þetta verður ekki fallist. Gagnáfrýjandi hefur uppi hærri fjárkröfu en hann gerði í héraði. Er ekki efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 45/1973.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans um 2. 3. og 4. kröfulið og 1. kröfulið að því er tekur til tímabundinnar örorku. Við ákvörðun bóta til handa gagnáfrýjanda vegna tekjutaps af völdum varanlegrar örorku ber að taka tillit til þess, að gagnáfrýjandi hélt fullum launum sínum frá slysdegi til 1. janúar 1983, að hann lét af störfum og hóf töku lífeyris úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands samkvæmt svonefndri 95 ára reglu, en um þessi atriði var upplýst við munnlegan málflutning. Þegar þessa er gætt, þykja bætur til gagnáfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið hæfilega ákveðnar 70.000.00 krónur. Ber þessu samkvæmt að taka fébótakröfu gagnáfrýjanda til greina með 82.274.15 krónum (70.000.00 + 454.15 + 5.820.00 + 6.000.00). Frá henni ber að draga inngreiðslu á tjónið, 32.400.00 krónur, sem miðast við kröfugerð gagnáfrýjanda og útreikning hans, sem ekki hefur verið vefengdur. Eftir standa þá 49.874.15 krónur, er aðal-

áfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Staðfesta ber kyrrsetningu þá, er í málinu greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Framangreind kyrrsetning er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Ægir Ómar Hraundal, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Fr. Árnasyni, 49.874.15 krónur með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 2. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þesum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Kröfugerð áfrýjanda var þannig byggð upp í héraði, að örorkutjón hans var miðað við nýjan útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 21. október 1980, en í honum er tekið tillit til kaupgjaldsbreytinga frá slysdegi til útreikningsdags. Samkvæmt því reiknast tryggingafræðingnum höfuðstólsandvirði vinnutekna-taps á slysdegi samtals gkr. 7.062. Jafnframt var í héraði gerð krafa um vexti frá slysdegi 7. janúar 1978 til greiðsludags, þar með taldir

hæstu lögleyfðir dómvextir frá stefnubirtingardegi. Vaxtakrafa var þannig sundurliðuð við dómtöku í héraði: 16% ársvextir frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til stefnubirtingardags 2. apríl 1980, en hæstu lögleyfðir dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Við útreikning verðmætis innborgana frá Brunabótafélagi Íslands í febrúar og mars 1980, gkr. 2.211.290, á útreikningsdegi hinn 17. október 1980 reiknar tryggingafræðingurinn með 13% p. a. vaxtatekjum af innborguninni í samræmi við útreikning tjónsins að því er segir í bréfi Jóns Erlings Þorlákssonar frá 21. október 1980. Fyrir sama tímabil er í kröfugerð stefnanda í héraði krafist 31% ársvaxta til 2. apríl 1980, en 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s. á. og 46% ársvaxta frá þeim degi til loka þessa tímabils hinn 17. október 1980.

Við flutnings málsins fyrir Hæstarétti er lagður fram enn nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 4. maí 1983, miðaður við verðlag (kaupgjald) við útreikning, en að öðru leyti með óbreyttum forsendum. Með þeim útreikningsmáta reiknar tryggingafræðingurinn höfuðstólsandvirði vinnuteknataps á slysdegi samtals 176.800.00 krónur (nýkr.). Jafnframt umreiknar hann greiðsluna frá febrúar/mars 1980 og telur verðmæti hennar 4. maí 1983 miðað við sömu forsendur og áður vera 32.400.00 krónur (nýkr.). Í kröfugerð fyrir Hæstarétti er vaxta krafist með sama hætti og í héraði frá 7. janúar 1978 og dómvaxta krafist frá stefnubirtingardegi í héraði til greiðsludags, svo sem gert var í héraði.

Með þeirri kröfugerð, sem að framan er lýst, krefst gagnáfrýjandi í raun tvöfaldra verðbóta á örorkutjón sitt fyrir tímabilið frá slysdegi 7. janúar 1978 til 4. maí 1983, er tjónið var síðast reiknað. Annars vegar er tjónið á slysdegi fært til samræmis við verðlag (kaupgjald) nú 4. maí 1983, en í því felst rúmlega þreföldun fjárhæðar frá fyrsta útreikningi örorkutjóns hinn 20. nóvember 1979 og miklu meiri hækkun, ef reiknað hefði verið með verðlagi á slysdegi, en hins vegar er krafist vaxta, sem eru að langmestum hluta bætur fyrir verðfall höfuðstóls, en að litlu leyti raunverulegir vextir, þ. e. áhættuþóknun og leiga eftir peninga.

Gagnáfrýjandi hefur enga varakröfu gert í málinu eða reifað málið með þeim hætti, að byggja mætti á öðrum vaxtafæti, þar sem verðbótaþáttur væri eigi innifalinn, fyrir tímabilið frá slysdegi 7. janúar 1978 til útreikningsdaga örorkutjóns, hinn 21. október 1980 í héraði eða 4. maí 1983 fyrir Hæstarétti. Hann hefur ekki heldur lagt fram neina útreikninga um fjárhæð vinnuteknataps á slysdegi miðaða við verðlag á þeim tíma, en það mundi nauðsynlegt, ef taka ætti vaxtakröfu hans til greina að fullu.

Þá er það athugavert, að í öllum útreikningum á örorkutjóni gagnáfrýjanda er eingöngu miðað við 13 af hundraði ávöxtun á ári, er höfuðstólsandvirði vinnuteknataps er fundið. Ég tel þessa vaxtaprósentu ekki í samræmi við raunverulega ávöxtunarmöguleika og því nauðsynlegt, að gefnir séu fleiri kostir í slíkum útreikningum.

Málatilbúnaður gagnáfrýjanda þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, svo miklum annmörkum háður, að eigi verði dómur lagður á málið, eins og það hefur verið lagt fyrir dómstóla. Vegna þessarar vanreifunar er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Magnús Friðrik Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Ægi Ómari Hraundal, samtals 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. apríl 1980.

Stefnandi málsins er Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, Hraunteigi 26, Reykjavík.

Stefndi er Ægir Ómar Hraundal bifreiðarstjóri, Iðufelli 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.189.415 „með 16% ársvöxtum frá 7.1. 1978 til 21.2.2978 með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en allt að frádregnum kr. 2.358.290, er voru greiddar upp í skaðabótakröfuna 9.2. 1980 og 17.3. 1980 af Brunabótafélagi Íslands. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð, sem framkvæmd var 1. apríl 1980 í 3ja herbergja íbúð á 3. hæð til hægri að Iðufelli 4, Reykjavík, eign stefnda, til tryggingar stefnufjárhæðinni."

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

II.

Tildrögum málsins er svo lýst í stefnu:

„Málavexti kveður stefnandi vera þá, að aðfaranótt laugardagsins 7. janúar 1978 hafi Magnús Fr. Árnason komið í afgreiðslu Bifreiðastöðvar Steindórs í Hafnarstræti, Reykjavík, í því skyni að fá leigubifreið til að aka sér heim. Stöðvarmaður bifreiðastöðvarinnar hafi verið stefndi. Eftir smá orðahnippingar milli Magnúsar og stefnda hafi það engum togum skipt, að stefndi réðist á Magnús og lét hann út, en á planinu fyrir utan stöðina hafi stefndi slegið Magnús tvívegis í andlitið með hægri hendi og hafi höggin lent á vinstri vanga Magnúsar. Stöðvarmaðurinn hafi síðan farið inn og hringt eftir nokkra stund á lögregluna, sem hafi komið von bráðar á vettvang. Magnús hafi þá legið á planinu, blóðugur í andliti. Lögreglan hafi flutt Magnús á slysadeild Borgarspítalans. Þar hafi komið í ljós, að Magnús var beinbrotinn í andliti. Magnús hafi legið á spítalanum til 14. janúar 1978, er hann hafi útskrifast, en honum hafi verið ráðlagt að taka sér hvíld frá störfum næstu tvær vikurnar. Afleiðingar líkamsárásarinnar séu þær, að Magnús búi við skerta örorku."

III.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Magnús greindi okkur frá því, að hann hefði verið að koma úr Búnað-

arbankahúsinu, Austurstræti 5 hér í borg, en umrætt kvöld hafði bankastjórn bankans haldið starfsfólki bankans veislu.

Magnús sagðist hafa verið töluvert ölvaður, en þó vel sjálfbjarga. Hann sagðist hafa verið búinn að bjóða nokkrum gestum heim og hafa farið að Bifreiðastöð Steindórs við Hafnarstræti þeirra erinda að fá þar leigubíl.

Hann sagðist hafa farið rakleitt inn á afgreiðslu stöðvarinnar og beðið þar um leigubíl. Einn afgreiðslumaður hefði verið þar og svarað því til, að enginn bíll væri á stöðinni og að stöðin væri að loka, og hefði afgreiðslumaðurinn síðan óskað eftir því, að hann færi út.

Magnús sagðist ekki hafa tekið eftir því, hvort einhverjir hefðu verið þarna inni í afgreiðslunni, en vera viss um, að afgreiðslumaðurinn var einn innan við afgreiðsluborðið.

Magnús sagðist hafa beðið afgreiðslumanninn um að kalla upp bíl og hafa bent á, að slíkt hefði oft verið gert, er ekki væri bíll á stöðinni.

Þessu næst hefði hann ætlað að fá sér sæti þarna á bekk og bíða, en afgreiðslumaðurinn hefði þá komið þarna fram í afgreiðsluna og stjakað honum út úr dyrunum, þó án nokkurra átaka. Magnús sagðist hafa unað þessu illa, enda hefði hann skipt við bifreiðastöðina í um 30 ár og ávallt fengið góða þjónustu og ekki átt slíkri afgreiðslu að venjast.

Hefði hann því farið aftur að dyrunum og ætlað inn og verið kominn í dyragættina, er afgreiðslumaðurinn hefði tekið þar á móti honum og varnað honum inngöngu og síðan slegið hann hnefahögg beint framan á andlitið.

Magnús sagðist aldrei hafa slegið til afgreiðslumannsins, enda hefði högg hans komið nær viðstöðulaust.

Magnús sagðist síðan muna allt mjög óljóst, en þó ráma í, að lögreglumenn hefðu verið að ræða við hann og það hefði verið á slysadeild Borgarspítala, sem hann myndi eftir því, að læknir var að kanna meiðsl hans og ræða við hann.

Á slysadeildinni hefði síðan komið í ljós, að sjónglerаugu hans vantaði, en hann hefði verið með glerаugun, er hann kom á bifreiðastöðina og þegar afgreiðslumaðurinn lamdi hann.

Magnús sagðist ávalt ganga með sjónglerаugu.

Magnús sagðist síðan eftir myndatöku og skoðanir hafa verið rúmliggjandi á slysadeild um nóttina, en morguninn eftir verið fluttur upp á deild 3A á Borgarspítala.

Þar hefðu síðan annast hann læknarnir Daníel Guðnason og Sigurjón Ólafsson. Einnig hefðu farið fram skoðanir og myndatökur, eftir að hann kom á deild 3A. Læknarnir hefðu þá sagt honum, að hann væri nefbrotinn, kinnbeinsbrotinn og kjálkabrotinn. Þá greindi Magnús okkur frá því, að gert hefði verið við kinnbeinsbrotið, og bar Magnús skurð framan við v.

eyra vegna þeirrar aðgerðar. Þá voru báðir kjálkar hans víraðir saman (tennur), og getur Magnús því einungis neytt fljótandi fæðu.

Magnús sagðist strax um nóttina á slysadeild fengið (sic) mikinn höfuðverk og svo væri enn og höfuð hans væri allt mjög aumt viðkomu. Hann sagðist hafa fengið glóðaraugu á bæði augu og mar hefði verið mikið á vinstri kinn, en þetta væri nú að mestu horfið. Magnús sagði, að eiginkona hans hefði haft samband við Kristján Steindórsson, eiganda og stöðvarstjóra Bifreiðastöðvar Steindórs, og greint honum frá, hvernig komið var.

Hefði Kristján látið leita eftir gleraugum hans og síðan hringt aftur og þá greint konunni frá því, að einungis hefði komið í leitirnar önnur eyrnaspöngin.

Magnús sagðist síðan hafa þekkt þar eyrnaspöng af sínum gleraugum, og afhenti hann spöngina, og mun hún fylgja málinu.

Þá sýndi Magnús fatnað þann, sem hann var í, en það eru jakkaföt og skyrta. Í jakkanum eru tveir litlir blóðblettir, annar í jakkahorni, en hinn á boðungi, og á skyrtu var smávegis blóð á kraga.

Fatnaðurinn var óskemmdur, en nokkuð óhreinn.

Magnús sagðist ekki hafa hlotið neina ytri áverka og væri blóðið sennilega úr nefi hans, enda hefði hann fengið blóðnasir.

Þess skal að lokum getið, að Magnús var útskrifaður af Borgarspítala í morgun, en á að vera sem mest um kyrrt.“

Stefnandi gaf aftur skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. apríl 1978 og tók þá m. a. fram:

„Afgreiðslumaðurinn hann réðist á mig með frekju þarna inni á afgreiðslunni og hrinti mér út úr dyrunum.

Ég kom engum vörnum við og féll þarna á planið, og mig minnti, að ég hefði komist í dyrnar og hann þá lamið mig, en það kann að vera misminni, en allavega man ég örugglega eftir því, að ég reyndi að rísa á fætur, og þá lamdi afgreiðslumaðurinn mig hnefahögg, og eftir það mundi ég ekkert.

Í framburði afgreiðslumannsins kemur fram, að ég hafi lamið hann, og er sú saga hans ósönn með öllu.

Hins vegar kann ég að hafa hangið eitthvað í peysu hans, en ég man bókstaflega ekkert eftir högg hans, eins og ég áðan gat um.“

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 13. október 1980. Skýrði stefnandi þá svo frá:

„Málavaxtalýsingin í stefnu hefur verið lesin upp fyrir mér. Er þar rétt frá greint: Atvikalýsingin í tölulið 3 á dskj. nr. 4 og tl. 4.8. hefur verið lesin fyrir mér. Er rétt frá greint þarna. Skýrsla lögregluþjónsins Hauks Ólafssonar á fskj. 1 með dómskj. nr. 4 hefur verið kynnt mér. Ég vil taka fram í því sambandi, að í skýrslunni stendur „lá í götunni“. Nákvæmara

er, að ég lá á stöðvarplaninu skammt fyrir utan dyr afgreiðsluhúss Bifreiðastöðvar Steindórs. Þá segir í skýrslunni: „Magnús var ekki viðræðuhæfur um áðurnefndan atburð sökum ölvunar". Ég tel, að afleiðingar árásarinnar hafi verið þær, að ég hafi misst meðvitund og verið mjög illa á mig kominn sem afleiðingar af árásinni. Megi ekki síður rekja hæfileikaskort minn til þess að ræða um atburðinn við lögreglumennina til þessa. Skýrsla mín fyrir rannsóknarlögreglu 14.1 1978 hefur verið lesin upp í réttinum. Rétt er frá greint í skýrslu þesari. Skýrslur vitnanna Kristbjargar Clausen og Bryndísar Hilmarsdóttur hafa verið lesnar upp fyrir mér. Ég geri ekki athugasemdir við skýrslur stúlknanna. Ég vil taka fram í því sambandi, að ég tel, að ég hafi verið í góðu skapi og ekki sýnt afgreiðslumanninum áreitni. Skýrsla sú, sem ég gaf á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar 18.4 1978, er rétt. Skýrsla stefnda fyrir rannsóknarlögreglu 24.1. 1978 hefur verið lesin upp. Ég mótmæli því sem alröngu, að ég hafi barið eða reynt að berja stefnda, svo sem stefndi vill vera láta. Heilsufar mitt, hvað varðar afleiðingar af árásinni, eru óbreyttar (sic) miðað við þær lýsingar, sem lesnar voru upp í þinghaldinu hér að framan, en dofatilfinningin, sem ég hefi ennþá í vinstra hluta andlitsins, er þó ekki eins slæm og fyrstu mánuðina eftir slysið. Ég hélt föstum launum mínum hjá Búnaðarbanka Íslands að fullu í veikindum mínum, en hvorki aukastörf gat ég unnið né önnur störf eftir slysið."

Stefndi gaf fyrst skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 7. janúar 1978, og var þá fært til bókar:

„Hann skýrði svo frá, að Magnús hefði komið inn á stöðina, áberandi ölvaður, til þess að fá leigubifreið. Þar sem engin bifreið hafði verið við hendina, kvaðst Ægir hafa beðið Magnús um að fá sér sæti inni á stöðinni og bíða. Í þess stað hefði Magnús ætt um stöðina með miklum fyrirgangi og hávaða. Að endingu og eftir ítrekuð tilmæli um að hafa sig hljóðan kvaðst Ægir hafa orðið að vísa Magnúsi á dyr, þar sem enginn vinnufriður hefði verið sökum drykkjuláta Magnúsar.

Ægir kvaðst hafa orðið að láta Magnús út af stöðinni með valdi. Þegar út var komið, hefði Magnús tekið á móti honum, og kvaðst Ægir þá hafa slegið Magnús tvö högg í andlitið og við seinna höggið hefði Magnús fallið í götuna. Kvaðst Ægir síðan hafa kallað á lögregluna."

Stefndi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 24. janúar 1978 og skýrði þá m. a. svo frá:

„Klukkan mun hafa verið langt gengin í eitt, þegar þarna inn á afgreiðslu stöðvarinnar kom mikið ölvaður maður.

Rétt áður höfðu komið inn tveir unglingar, sem ég taldi, að væru piltur og stúlka. Þau höfðu beðið um bíl, og ég sagði þeim, að enginn bíll væri laus, og bauð þeim að fá sér sæti og bíða næsta bíls, sem og þau gerðu.

Maðurinn, sem inn kom, heimtaði strax bíl, og er ég sagði honum, að

egninn bíll væri laus og fólk, sem ætti næsta bíl, sem kæmi, væri á stöðinni, þá var maðurinn með frekju og hávaða og heimtaði, að ég kallaði strax upp bíl, enda væri hann búinn að skipta við stöðina í 30 ár.

Ég sagði manninum, að ég gæti ekki töfrað fram bíl handa honum og hann yrði að bíða eins og aðrir.

Þessu vildi maðurinn ekki una og var með hávaða. Þarna hringdi hjá mér síminn, og vegna hávaða í manninum, þá heyrði ég ekki í þeim, sem hafði hringt, og bað ég því manninn um að hafa lægra, og er hann ekki sinnti því, þá ítrekaði ég ummæli mín og það oftar en einu sinni, enda heyrði ég heldur ekki í talstöðinni það, sem bifreiðastjórarnir voru að segja.

Þegar maðurinn ekki vildi hluta á orð mín, þá bað ég hann um að fara út, enda væri ekki vinnufriður vegna hans.

Hann hló að þessum orðum mínum og sagði, að þessi orð mín væru ærin mógðun við hann sem þekktan viðskiptavin. Maðurinn kynnti sig aldrei, og ekki þekkti ég manninn.

Þegar maðurinn síðan neitaði að fara út þrátt fyrir ítrekun mína, þá sagði ég honum, að ég yrði þá að hjálpa honum á dyr.

Maðurinn fór þó ekki þrátt fyrir þessa hótun mína, og að endingu fór ég fram á afgreiðsluna og hugði ég, að það nægði, til þess að maðurinn færi út.

Maðurinn vildi þá heldur ekki láta að orðum mínum. Endaði þetta síðan með því, að ég tók í aðra öxl, eða réttara sagt í vinstri upphandlegg hans, og opnaði um leið dyrnar, en maðurinn stóð þá fyrir framan afgreiðsluborðið.

Hann streittist ekki á móti, en var máttlaus sökum mikillar ölvunar. Það gekk því átakalaust að setja hann út, en um leið og hann kom út úr dyrunum, féll hann við, sennilega annað hvort í hálku eða þá um þröskuldinn. Ég hékk í handlegg mannsins, er hann féll, og ætlaði með því að draga úr fallinu, en hinni hendinni hélt ég í hurðina.

Maðurinn féll á bakhlutann og kom fyrst niður á rasshlutann og féll síðan endilangur.

Ég fór síðan út og ætlaði að hjálpa manninum á fætur, en þá greip hann í ermina á peysu, sem ég var í, og lamdi síðan til mín, og hitti högg hans á brjóst mitt.

Hann lamdi síðan til mín nokkrum höggum, sem lentu á brjósti mínu, en hefðu lent á höfði mínu, hefði ég ekki vikið mér undan. Þegar hann náði í peysuermina, þá dró hann mig úr erminni, er ég ætlaði að losa mig.

Það var hægri ermin. Þegar maðurinn þarna hékk í mér og var búinn að slá til mín, þá lamdi ég hann laust hnefahögg með hægri hendi, og lenti það högg mitt á vinstri vanga hans, og er hann ekki hætti höggunum til mín, þá sló ég hann annað hnefahögg með hægri hendi, og lenti það högg

einnig á vinstri vanga hans, og var þetta högg mitt fastara en hið fyrra. Við þetta högg virtist hann vankast, og ég losnaði úr taki hans á peysuerminni.

Eftir þetta fór ég inn á stöðina og hringdi á lögregluna, en maðurinn lá þá á planinu. Ég tók eftir því, að er maðurinn kom inn og er ég setti hann út, þá var hann með gleraugu á andlitinu, en er hann hékk í mér, áður en ég sló til hans, voru gleraugun ekki á andliti hans.

Lögreglan kom síðan fljótlega, og ég fylgdist með manninum og sá, að hann hreyfði sig, og ég sá lögregluþjónana síðan hjálpa manninum á fætur og leiða hann inn í Landrover jeppa, sem þeir þarna komu á.

Þeir spurðu mig síðan, hvað hefði skeð, og kemur það fram í skýrslu lögreglunnar það, sem mér og lögreglunni fór í milli. Fólkið, sem ég talaði um, að komið hefði inn á stöðina á undan manninum, var þarna inni, er ég setti manninn út, en ég tók ekki eftir því, eftir að lögreglan kom, en það var þarna inni, er ég kom inn og hringdi á lögregluna.

Ég þurfti að sinna síma og talstöð, á meðan ég beið komu lögreglunnar, en fólkið hefur þá farið út, án þess að ég tæki eftir. Ég fylgdist þó með manninum á meðan, eða eins og ég gat.

Ég vil ekkert um það segja, hvort maðurinn hefur hlotið meiðsl sín öll af höggum mínum, og hyggist maðurinn gera fébótakröfur á hendur mér, þá mun ég tjá mig um þá hlið málsins, er þar að kemur, en ég vil, að það komi hér fram, að ég tel, að ég hafi verið að verja mig, enda barði maðurinn til mín oftsinnis.

Ég vil og, að það komi hér fram, að ég var þarna einn á vaktinni, og tel, að ég hafi verið að gæta hagsmuna stöðvarinnar, og vil þá benda á, að hefði ég t. d. orðið fyrir höggum eða meiðslum, þá hefði stöðin orðið mannlaus, og í því sambandi vil ég benda á, að þarna voru þá geymdir inni miklir fjármunir, bæði í verðmætum og nokkur hundruð þúsund krónur í peningakassa."

Höfðað var refsimál á hendur stefnda fyrir sakadómi Reykjavíkur. Stefndi gaf skýrslu fyrir sakadóminum 24. september 1980. Var þá m. a. fært til bókar:

„Kveðst ákærði kannast við að hafa slegið Magnús Friðrik, en Magnús Friðrik hafi fyrst slegið sig mörg högg, þó ekki í andlitið. Ákærði segir, að maðurinn hafi að vísu beint hnefahöggum að andliti sínu, en ákærði hafi getað vikið sér þannig undan, að þau hafi aðeins komið á brjóst og axlir ákærða. Ákærði kveðst hafa slegið manninn tvö högg, fyrst laust hnefahögg í andlitið til að sýna manninum, að fleiri gætu rétt út höndina en hann, og síðan þungt hnefahögg á sama stað, og lyppaðist þá maðurinn niður. Ákærði segir, að maðurinn hafi verið allölvaður og hann hafi verið með frekju og hávaða, svo að ákærði gat ekki unnið sín störf, þar sem

hann heyrði hvorki í símanum né talstöðinni. Maðurinn vildi fá leigubifreið. Ákærði sagði honum, að bíll væri ekki tiltækur, og jafnframt að par, sem þarna var, væri á undan í röðinni. Maðurinn kvaðst vera fastur viðskiptavinur og vilja fá bíl á stundinni. Ákærði sagði manninum að seltjast á bekk og bíða, þar til röðin kæmi að honum. Ekki vildi maðurinn það. Ákærði bað þá manninn að ganga út fyrir, svo að hann hefði vinnufrið. Maðurinn neitaði að ganga út. Ákærði kvaðst þá mundu hjálpa honum við það. Maðurinn sagði þá, að ákærði skyldi reyna það. Ákærði fór þá fram fyrir afgreiðsluborðið og átti eins von á, að maðurinn mundi stimpast á móti. Svo reyndist ekki vera, og tókst ákærða að koma manninum átakalaust í dyragættina. Þar missti maðurinn fótana, en ekki veit ákærði, hvort hann datt um þröskuldinn eða hann datt á hálku. Ákærði hjálpaði manninum á fætur, en þá réðst maðurinn á hann, og í framhaldi af því urðu framangreind handalögmál."

Dómur var kveðinn upp í máli stefnda í sakadómi Reykjavíkur 11. desember 1980. Var hann dæmdur til að sæta varðhaldi í 15 daga og greiða kr. 300.000 í sekt til ríkissjóðs. „Fullnustu refsivistarinnar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955." Þá var stefndi dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Vitnið Bryndís Hilmarsdóttir, sem stödd var í afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar, þegar umræddur atburður átti sér stað, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 19. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Við höfðum rétt tekið okkur sæti, er þarna inn kom fullorðinn maður. Hann var mjög ölvaður og snéri hann sér strax að afgreiðslumanninum og bað um bíl. Ég heyrði manninn segja við afgreiðslumanninn. „Nú er ég fullur og vil komast strax heim." Ölvaði maðurinn var ekki með nein læti, en nokkuð hávær. Ég heyrði afgreiðslumanninn segja honum, að enginn bíll væri laus og að hann yrði að vera rólegur og taka sér sæti og bíða. Ölvaði maðurinn fór þá eitthvað að tala um, að hann væri búinn að skipta við stöðina í 30 ára, og heyrði ég síðan afgreiðslumanninn segja við manninn, að hann truflaði starf hans, og síðan talaði afgreiðslumaðurinn um, að henda honum út.

Ölvaði maðurinn sagði þá eitthvað í þá áttina, að það skyldi hann reyna, og ég heyrði afgreiðslumanninn þá tala um, að hann mundi láta verða af því að henda honum út.

Strax á eftir kom afgreiðslumaðurinn fram á afgreiðsluna, og var ölvaði maðurinn þá standandi, en hallaði sér upp að afgreiðsluborðinu. Ég sá þá, að ölvaði maðurinn var með gleraugu.

Afgreiðslumaðurinn tók í aðra öxl þess ölvaða og kippti honum fyrst

frá borðinu og henti honum síðan út úr dyrunum, en afgreiðslumaðurinn opnaði dyrnar með annarri hendi, en hélt í öxl mannsins á meðan. Ég sá, að maðurinn féll beint út úr dyrunum og skall á hnakkann þarna á planið, nærri beint fram af dyrunum. Afgreiðslumaðurinn fór út á eftir manninum, og ég sá hann fara út úr dyrunum.

Ég sat á bekk þarna, á meðan þetta gerðist, en þetta gerðist allt mjög snöggt. Ég sá í fætur mannsins liggjandi á planinu, þaðan sem ég sat, og stóð þá upp og fór út að glugganum, en afgreiðslumaðurinn lokaði dyrunum, eða þær lokuðust, er hann síðan fór út.

Er ég kom út að glugganum, þá sá ég afgreiðslumanninn bogra yfir manninum, og ég sá afgreiðslumanninn reiða upp hægri hönd, eins og hann ætlaði að slá manninn, en ég þorði ekki að horfa upp á slíkt og leit undan. Ég sá afgreiðslumanninn því ekki slá ölvaða manninn, en allavega var hann með þessa tilburði. Afgreiðslumaðurinn snéri bakhlutanum að mér og þó meira hægri hliðinni.

Afgreiðslumaðurinn kom fljótlega inn aftur, og ég sá þá, að hann lagaði eitthvað á sér peysuna en fór síðan í símann og hringdi.

Rétt á eftir kom þarna lögregla, en Kristbjörg hafði spurt manninn, hvort hann ætlaði ekki að hringja á lögregluna, og sagðist hann vera búinn að hringja.

Við vorum þarna úti, þegar lögreglan kom, og við sáum, að lögreglan hjálpaði manninum að standa á fætur, en hann var liggjandi, er lögreglan kom.

Maðurinn lá á planinu, er við komum út, og lá þá á bakinu.

Við gáfum okkur ekki fram við lögregluna þarna á staðnum, en ég sagði frá þessu heima, og eftir það snérum við okkur til lögreglunnar.

Ég tók eftir því, að annað auga mannsins var blóðugt, eða allavega var blóð á andliti hans, þar sem hann lá. Mér fannst þarna inni, er mennirnir áttu í orðaskiptum, að ölvaði maðurinn væri með ölvunarrugl, en afgreiðslumaðurinn fannst mér verða æstur og hortugur við manninn, og ég man, að hann sagði við þann ölvaða höstuglega að þegja. Ég er viss um, að ölvaði maðurinn tók aldrei á móti afgreiðslumanninum. Hann streittist aðeins á móti þarna inni, er afgreiðslumaðurinn var að henda honum út, og ég sá hann falla í planið, er hann kom út úr dyrunum. Ég tók eftir því, að gleraugun voru ekki á andliti mannsins, þar sem hann lá á planinu."

Vitnið Kristbjörg Clausen gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 19. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Við vorum rétt búnar að taka okkur sæti þarna á bekk, er inn kom ölvaður maður. Maðurinn snéri sér strax að afgreiðslumanninum og bað um bíl, og ég heyrði ölvaða manninn tala um, að nú væri hann fullur og vildi komast strax heim.

Afgreiðslumaðurinn sagði honum, að enginn bíll væri laus, og heyrði ég hann segja við manninn, að hann yrði að bíða.

Ölvaði maðurinn fór þá að tala um, að hann væri búinn að skipta við stöðina í 30 ár og vildi fá bíl strax, en þá sagði afgreiðslumaðurinn eitthvað á þá leið, að hann hefði ekki vinnufrið fyrir manninum sökum hávaða, og ég heyrði afgreiðslumanninn segja manninum að þegja og vera rólegum.

Þeim fór síðan eitthvað á milli, og ég heyrði afgreiðslumannin segja, að hann myndi henda þeim ölvaða á dyr, en sá ölvaði sagði, að það skyldi hann sko reyna.

Afgreiðslumaðurinn kom síðan þarna framfyrir, og þá stóð maðurinn við afgreiðsluborðið og hallaði sér þar upp að.

Ég sá afgreiðslumanninn opna dyrnar með annarri hendinni, en þrífa í þann ölvaða með hinni og kippa honum fyrst frá borðinu og síðan henda honum út úr dyrunum.

Ölvaði maðurinn streitttist smávegis á móti, en sökum ölvunar hafði hann ekkert vald yfir hreyfingum sínum. Ég sá, að ölvaði maðurinn féll beint út úr dyrunum og niður á planið, og hann kom niður á bakhlutann.

Ég sat, er þetta skeði, og sá þetta greinilega út um dyrnar, sem voru opnar þá, en afgreiðslumaðurinn fór út á eftir manninum, og dyrnar lokuðust þá á eftir honum.

Ég sá síðan ekki, hvað gerðist þarna úti, en Bryndís fór út að glugga, og hún talaði um, að afgreiðslumaðurinn hefði verið með tilburði til að lemja manninn liggjandi.

Ég sá síðan, að afgreiðslumaðurinn kom aftur inn, og hann var þá eitthvað að laga á sér peysuna, og held ég, að hann hafi þá verið kominn úr annarri erminni, allavega sá ég hann klæða sig í aðra ermina, eftir að inn kom.

Hann fór síðan í símann, og eftir þetta fórum við út.

Maðurinn lá þá á bakinu þarna á planinu, og ég sá, að blóð var á andliti hans. Ég spurði þá afgreiðslumanninn, hvort hann ætlaði ekki að hringja í lögregluna, og sagðist hann vera búinn að hringja, og rétt á eftir kom lögreglan. Ég sá manninn ekki hreyfa sig þarna á planinu. Ég tók eftir, að maðurinn var ekki með gleraugu á andlitinu, en hann var með gleraugu, er hann kom inn.“

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu sína í sakadómi 20. nóvember 1980.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að augljóst sé, að stefndi beri alla sök á tjóni stefnanda með ólögmætri og saknæmri árás á hann hinn 7. janúar 1978. Stefndi eigi að svara stefnanda bótum samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sbr. og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er á það lögð áhersla, að stefndi hafi viðurkennt brot sitt, skýrsla stefnanda og vætti vitna gefi næga sönnun um brotið og stefndi hafi með dómi sakadóms verið dæmdur til refsingar fyrir brotið.

Af hálfu stefnanda er öllum varnarástæðum stefnda andmælt sem röngum og þýðingarlausum og tilvitnunum lögmanns stefnda til einstakra lagagreina mótmælt, enda eigi lagagreinar þessar ekki við, svo sem hér standi á.

Stefnandi hafi að vísu verið við skál, en framkoma hans hafi ekki gefið stefnda ástæðu til svo mikilla harðræða sem stefndi beitti stefnanda. Stefndi hafi og ekki sannað neitt það á stefnanda, sem leitt geti til sakarskiptingar í málinu. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

V.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi unnið sér mjög til óhelgi í umrætt sinn og raunar átt sjálfur frumkvæði að átökum, þannig að ákvæði 13. kapítula Jónsbókar kunni að eiga við tilvikið, þ. e. um fangbrögð og skinndrátt. Enn fremur kenningar bótaréttarins um áhættutöku. Stefnandi hafi verið á almannafæri og rofið almannareglu og ákvæði lögreglusamþykktar um ölvun og óspektir. Stefndi hafi verið einn við gæslu og hafi framferði hans helgast m. a. af neyðarréttarsjónarmiðum og neyðarvörn. Þá komi sakarskiptingarsjónarmið mjög til álita í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi í nefnt sinn verið mjög ölvaður og brotið 123. gr. almennra hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga. Þá hafi hann neitað að yfirgefa afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar þrátt fyrir áskoranir stefnda. Þar með hafi hann brotið gegn 231. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi hafi verið upphafsmaður að þeim illindum, sem upp hafi komið þarna, með framferði sínu. Verði stefnandi því að bera meiri hluta tjóns síns sjálfur. Stefndi hafi ekki ætlað að vinna stefnanda tjón, þó að svona hafi til tekist, en í reynd sé ósannað, hvaða afleiðingar hnefahögg stefnda hafi valdið.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt.

VI.

Stefnandi, sem tekið hafði þátt í veisluhöldum í húsi, sem er skammt frá Bifreiðastöð Steindórs, fór gagngert á bifreiðastöðina að fá leigða leigubifreið til að aka sér og samferðafólki heim til sín. Þetta var á laugardagskvöldi, og mun stefnandi hafa komið á bifreiðastöðina laust upp úr miðnætti. Á þeim tíma er oft erfitt að fá leigubíla. Stefnandi var að vísu allmikið undir áhrifum áfengis og mun hafa leitað fast eftir því, að afgreiðslumaðurinn, stefndi í máli þessu, útvegaði bíl án undandráttar. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi þó ekki sannað, að háttsemi stefnanda inni

á bifreiðastöðinni hafi verið með þeim hætti, að nauðsyn hafi borið til að vísa stefnanda á brott úr afgreiðslunni. En jafnvel þótt stefnandi hefði unnið sér til óhelgi í vistarverum stöðvarinnar, gaf það stefnda engan veginn tilefni til slíkra harðræða, sem hann beitti stefnanda. Telja verður nægjanlega sannað, að stefnandi hafi fallið á stæðið utan dyra af ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á. Einnig er í ljós leitt, að stefndi sló stefnanda tvö högg. Verður að líta svo á, að þau lemstur, sem stefnandi varð fyrir í nefnt sinn, séu alfarið á ábyrgð stefnda, enda er ósannað, að framkoma stefnanda hafi, eftir að út var komið, verið með þeim hætti, að til nokkurrar sakarskiptingar eigi að koma. Ber stefndi því óskoraða fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir í nefnt sinn.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1.	Örorkutjón	kr. 7.962.000
2.	Gleraugu	— 45.415
3.	Viðgerð á tönnum	— 582.000
4.	Miski	— 600.000
	Samtals	kr. 9.189.415
	Til frádráttar komi	— 2.358.290
	Eftir verða því	— 6.831.125

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða.

Um 1. kröfulið.

Björn Önundarson læknir hefur í álitsgerð, sem dagsett er 23. október 1979, metið örorku stefnanda. Í niðurlagi álitsgerðarinnar segir svo:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 7. 9. '79. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um stöðugt nefrennsli, dofa yfir vi. kinnbeini og vi. hlið efri góms, þar með tönnum, svo og vi. hluta tungu, bitskekkju, sem hann segist þola ákaflega illa og eiga bágt með að tyggja af þeim sökum. Þá finnst honum eins og korn sé í vi. auga, einkum ef hann les mikið. Lítið bragðskyn er í vi. hluta munnhols, og kemur þetta mjög greinilega í ljós, ef slasaði er úti í kulda. Suða er fyrir vi. eyra, en ekki höfuðverkur. Þá segist slasaði eiga vanda til að fá svima yfir höfuð, sem ekki hafi borið á fyrir áðurnefnt slys. Versta telur hann þó gleymsku, sem sé orðin áberandi, en hafi ekki verið svo, áður en áðurnefnt slys átti sér stað.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 58 ára gamlan lögfræðing, sem hinn 7. 1. '78 varð fyrir árás, er hann var að leita eftir að fá leigubíl. Slasaði var barinn þungum höggum í andlitið og mun hafa misst meðvitund. Við

komu á slysadeild er slasaði mjög bólginn í andliti, talsverð blæðing var frá nefholum, og hann var með glóðarauga báðum megin, einkum var glóðaraugað vi. megin áberandi. Þá hlaut slasaði brot á vi. kinnbeinsboga, hliðarvegg efri kjálkans, þar sem sjúlkingur var tvíbrotinn, svo og framvegg efri kjálkans, sem var brotinn á einum stað. Auk þess voru nefbein brotin og hálsinn á neðri kjálka vi. megin. Talsverð skekkja var á öllum þesum brotstöðum. Vegna áðurnefndra brota var framkvæmd skurðaðgerð á Háls-, nef- og eyrnad. Borgarspítalans h. 10. 1. 1978. Slasaði var þannig vistaður á Borgarspítalanum frá slysdegi 7. 1. '78 til 14. 1. '78, en eftir það var hann til eftirlits hjá læknum deildarinnar um sinn.

Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið vegna áðurnefnds slyss í um tvo mánuði, eftir það var starfsgeta slasaða töluvert skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða. Eins og áður er fram komið, telur slasaði, að minni hans sé nú mjög skert, en svo hafi ekki verið fyrir áðurnefnt slys. Þá kvartar slasaði yfir dofa yfir vi. kinnbeini og í vinstri hlið efri góms, þar með tönnum, svo og vinstri hluta tungu. Segir hann þessa tilfinningu afskaplega óþægilega. Þá er bragðskyn verulega minnkað í vinstri hluta munnhols. Einnig kvartar slasaði um óþægindi í vinstra auga, eins og það sé korn í auganu, einkum ef hann þreytist. Þá segist slasaði iðulega fá svimakennd og suðu fyrir vinstra eyra, en ekki hefur borið á höfuðverk nú í seinni tíð. Við skoðun kemur fram, að nokkur bitskekkja er fyrir hendi hjá slasaða.

Líklegt verður að teljast, að slasaði hafi auk áðurnefndra brota hlotið heilahristing í áðurnefndri árás. Þá tekur slasaði og fram, að hann hafi óþægindi og jafnvel verk í kjálkaliðum. Ekki er útilokað, að slitgigtarbreytingar geti komið fram í kjálkaliðum slasaða vegna þeirrar skekkju, sem fyrir hendi er. Þá verður að telja líklegt, að óþægindi þau, er slasaði hefur nú, þ. e. dofakennd í efra góm og kinnbeini, svo og skert bragðskyn í vinstri hluta munnhols, nefrennsli og óþægindi í vinstra auga stafi af áðurnefndu slysi. Ekki er líklegt, að frekari bati fáist á áðurnefndum einkennum úr því sem komið er. Ekki leikur vafi á, að áðurnefnd einkenni munu skerða starfskrafta slasaða á komandi tíð, og ekki er líklegt, að úr þeim rætist, fremur mætti gera ráð fyrir, að sum þeirra versnuðu, svo sem óþægindi frá kjálkalið og ef til vil höfuðeinkenni.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 2 mánuði 100%

eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%"

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda í álitsgerð, sem dagsett er 20. nóvember 1979. Þar segir svo:

„Magnús F. Árnason varð fyrir slysi 7. janúar 1978 og slasaðist í andliti. Hann er fæddur 5. júní 1921 og hefur því verið 56 ára á lysdegi.

Björn Önundarson, læknir, hefur í örorkumati, dags. 23. október 1979, metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 2 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Magnús er lögfræðingur og starfar aðallega hjá Búnaðarbanka Íslands. Vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið voru samkvæmt skattframtölum:

	Laun	Aðrar tekjur	Alls
Árið 1975	1.677.797	55.000	1.732.797
Árið 1976	1.989.397	58.000	2.047.397
Árið 1977	3.705.315	85.000	3.790.315

Tekjurnar eru um 30% hærri en meðaltekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna sömu ár samkvæmt úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunar. Ég hef umreiknað þær vegna kaupbreytinga, og koma þá út árstekjur kr. 8.128.000 miðað við kaupgjald, eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og með því að gera ráð fyrir, að tekjutap sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, er áætlun um tekjur og tekjutap sem hér segir:

	Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
1. árið eftir slysið	4.994.000	1.583.000
2. árið eftir slysið	6.976.000	698.000
Síðan árlega	8.128.000	813.000

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.237.000
Vegna varanlegrar örorku	kr.	4.579.000
Samtals	kr.	5.816.000

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951 - 1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til launa í veikindaforföllum eða skatta."

Tryggingafræðingurinn endurreiknaði tjón stefnanda 21. október 1980 vegna breytinga á launatöxtum, frá því að fyrri útreikningur var gerður. Niðurstaða þess útreiknings varð þessi:

„Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.237.000
Vegna varanlegarar örorku	kr.	6.725.000
Samtals	kr.	7.962.000"

Stefnandi fékk þann 14. mars 1980 greiddar kr. 1.500.000 í bætur frá Brunabótafélagi Íslands og auk þess vexti frá 7. janúar 1978 til 14. mars 1980 að fjárhæð kr. 711.290, eða alls kr. 2.211.290. Varðandi þá greiðslu tók tryggingafræðingurinn fram:

„Greiðsla að fjárhæð kr. 2.211.290 þann 14. mars 1980 reiknast mér jafngilda sem næst kr. 2.379.000 nú (17. október 1980). Þá eru eingöngu notaðir 13% ársvextir til að færa greiðsluna til í tíma, enda er það í samræmi við útreikning tjónsins. Á sama hátt jafngildir hin tiltekna greiðsla kr. 1.686.000 á slysdegi."

Af hálfu stefnda er fjárhæð 1. kröfuliðsins, kr. 7.962.000 fyrir örorkutjón, andmælt sem allt of hárri. Er því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi ekki misst neins í launum sínum og hann hafi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna tímabundinnar örorku. Þrátt fyrir áskoranir hafi stefnandi ekki gert minnstu tilraun til að rökstyðja atvinnutjón fimm fyrstu mánuðina eftir slysið. Þá beri að lækka þennan bótalið samkvæmt dómvenju vegna eingreiðslu og skattfrelsis bótanna.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafði stefnandi aukatekjur umfram föst laun sem hér segir: 1974 „ýmsar tekjur kr. 45.000", 1975 „Fyrir lögfr. störf og fl. kr. 55.000", 1976 „Ýmislegt kr. 58.000.", 1977 „Ýmsar tekjur" kr. 85.000" og 1978, árið, sem stefnandi slasaðist, „ýmislegt kr. 110.000."

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni, sem neinu verulegu nemi vegna tímabundinnar örorku. Verður sá liður 1. kröfuliðs því ekki tekinn til greina.

Bætur fyrir varanlega örorku, en stefndi hefur ekki hnekkt örorkumatinu, þykja hæfilega ákveðnar kr. 4.700.000. Verður 1. kröfuliður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

Um 2. kröfulið.

Stefnandi missti gleraugu sín í átökunum. Ber stefnda að bæta stefnanda andvirði gleraugna. Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu með kr. 45.415.

Um 3. kröfulið.

Í vottorði Birgis Jóh. Jóhannssonar tannlæknis, dagsettu 11. maí 1979, segir svo:

„4. október 1978 kom til mín á stofuna Magnús Árnason, lögfr., Hraunteig 26, Rvík. Magnús hefir verið sjúklingur á stofu minni frá árinu 1966 og gengið reglulega til mín vegna tanna sinna. 6. janúar 1978 kvaðst Magnús hafa lent í slysi, og m. a. hafði efri kjálki Magnúsar brotnað, og notið meðhöndlunar á Borgarspítalanum. Er hann kom til mín 4. okt. 1978, var um verulega bitskekkju að ræða hjá Magnúsi, svo að stálgómur, er hann hefir í efri góm, er óvirkur, og þarf að smíða nýjan stálgóm. Einnig þurfti að smíða tvær nýjar „Facettukrónur" á + 1,2 í efri góm vegna bitskekkjunnar. Kostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður kr. 350.000.-."

Í vottorði sama tannlæknis, dagsettu 11. nóvember 1980 kemur þetta m. a. fram:

„1. Magnús gekk til mín á stofuna frá 4. okt. 1978 - 30. nóv. 1978, og gerði ég eftirfarandi lækningar á tönnum hans: Fylling var sett í + 3 — smíðaðar voru facettu krónur á + 1,2, í efri góm - einnig var vottorð útgefið 11. maí 1979.

2. Kostnaður við þessar aðgerðir var kr. 258.100.00.
3. Magnús á eftir að fá stálpart (gerfigóm) í efri góm.
4. Kostnaður við þá aðgerð verður kr. 323.900.00."

Telja verður, að stefnandi hafi sannað nægjanlega, að framangreindur kostnaður, kr. 582.000, sé tjón, sem rekja megi til átaka þeirra, sem málið snýst um og stefndi ber ábyrgð á. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Um 4. kröfulið.

Í vottorði Daníels Guðnasonar, læknis á Borgarspítalanum, dagsettu 26. mars 1979, segir m. a.:

„Var sjúklingur strax fluttur á Slysadeild Borgarspítalans, en þar sem hann var nokkuð við skál við komu á spítalann, var hann látinn jafna sig í hvíldarklefa á Slysadeild þá um nóttina. Áður hafði verið tekin röntgen-

mynd af andlitsbeinum, og kom þá í ljós, að hann var með brot á vi. efri kjálka og vi. kinnbeini með talsverðri skekkju á brotstöðunum. Einnig var neðri kjálkinn brotinn vi. megin, nokkru neðan við kjálkaliðinn.

Við komu á Slysadeild er sjúklingur mjög bólginn í andliti, talsverð blæðing frá nefholum, og hann er með glóðarauga, einkum vi. megin. Við þreifingu á andliti kemur í ljós, að um greinileg brot er að ræða neðan við vi. auga svo og á vi. kinnbeini. Einnig var hann mjög aumur við áþreifingu á neðri kjálka vi. megin.

Eftir að sjúklingur hafði jafnað sig nokkuð, voru teknar fullkomnar röntgenmyndir, er sýndu, eins og fyrr segir, brot á vi. kinnbeinsboga, hliðarvegg efri kjálkans, þar sem sjúklingur er tvíbrotinn, svo og framvegg efri kjálkans, sem brotinn er á einum stað. Auk þess eru nefbeinin brotin og hálsinn á neðri kjálkanum vi. megin. Talsverð skekkja er á öllum þessum brotum.

Þann 10.01.78 var svo gerð aðgerð á brotum þessum í svæfingu og færð í réttar skorður. Þurfti að gera skurð framan og ofan við vi. eyra til að komast að brotstöðunum. Einnig voru tennur sjúklings víraðar saman til að halda brotinu á neðri kjálka í réttum skorðum, og framkvæmdi Sigurjón H. Ólafsson tannlæknir þá aðgerð.

Sjúklingur lá síðan hér næstu 4 daga eftir aðgerðina og útskrifaðist þann 14.01.78, var þá líðan sjúklings nokkuð góð eftir atvikum, en honum er ráðlagt að taka sér hvíld frá störfum næstu 2 vikurnar.

Sjúklingur kom síðan til eftirlits viku eftir útskrift, og þá voru saumar fjarlægðir úr skurðsárinu framan við eyrað. Líðan sjúklings var þá góð eftir atvikum, og brotin á andlitsbeinum virtust hafa lagst í réttar skorður. Nokkur þrenging er þó á vi. nös vegna skekkju á miðsnesi. Sjúklingur var þá ennþá með tennur víraðar saman, en átti að fara til Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis vegna þessa þann sama dag.

Sjúklingur kemur síðan til undirritaðs aftur 19.02.79 til lokaskoðunar vegna vottorðs.

Að sögn sjúklings finnur hann alltaf fyrir dofatilfinningu vi. megin í efri góm og vi. kinn eftir áðurnefnt slys. Einnig telur hann, að bragðskyn vi. megin á tungu sé mun minna en hæ. megin. Auk þessa finnst honum bitið ekki passa og vera skakkt, og hann hefur kvartað um verki í kjálkaliðum, einkum vi. megin, svo og stirðleika við hreyfingar.

Að öðru leyti er heilsufar sjúklings eftir atvikum gott. Gera verður ráð fyrir, að áðurnefnd óþægindi sjúklings, svo sem dofatilfinningin í efri góm og kinninni ásamt bitskekkjunni og verkjunum í kjálkaliðunum, séu í beinu sambandi við áðurnefnt slys. Að áliti undirritaðs munu ekki vera miklar líkur á, að þessi einkenni batni mikið úr þessu."

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárri.

Með hliðsjón af þeim miklu óþægindum, sem stefnandi hefur þegar haft sem afleiðingu af þeim miklu áverkum, sem hann hlaut og stefndi ber ábyrgð á, þykir miskabótakröfu stefnanda í hóf stillt. Verður miskabótakrafa hans að fjárhæð kr. 600.000 því tekin til greina.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, eru kröfur stefnanda samkvæmt kröfuliðum 1—4 teknar til greina með kr. 5.927.415 (4.700.000 + 45.415 + 582.000 + 600.000). Til frádráttar koma kr. 2.358. 290 vegna greiðslu frá Brunabótafélagi Íslands, sem hafði ábyrgðartryggt atvinnurekanda stefnda. Eftir standa þá kr. 3.569.125, sem stefnda ber að greiða stefnanda ásamt vöxtum, sem með hliðsjón af dómvenju og með skírskotan til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 skulu reiknast þannig: 16% ársvextir frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað.

Stefnandi hefur lagt fram neðangreint yfirlit yfir útlagðan kostnað, sem hann telur, að taka eigi með við ákvörðun málskostnaðar í málinu.

Örorkumat	kr.	56.500
Örorkutjónsútreikningur	—	45.000
Örorkutjónsútreikningur	—	40.000
Löghald	—	50.200
Þinglýsing og stimplun löghalds	—	71.000
Endurrit löghalds	—	2.900
Bílkostnaður	—	2.000
Skattframtal	—	3.000
Stefnuútgáfa	—	800
Stefnubirting	—	2.800
Þingfesting	—	9.600
Myndritun	—	62.350
Endurrit og vottagjöld	—	2.100
Samtals	kr.	348.250

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 870.000 í málskostnað.

Staðfesta ber löghald, er stefnandi lét hinn 1. apríl 1980 leggja á íbúð stefnda á þriðju hæð í húsinu nr. 4 við Iðufell í Reykjavík til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Ægir Ómar Hraundal, greiði stefnanda, Magnúsi Fr. Árna-

syni, kr. 3.569.125 með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 870.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 1. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Iðufelli 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C-18/1980: Magnús Friðrik Árnason gegn Ægi Ómari Hraundal.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 kröfubréf, nr. 3 tjónakvittun. Nr. 1 fylgir með í ljósriti. Nr. 2—3 fylgir með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Björn Jónsson héraðsdómslögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 6.926.265 með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á, 19% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þ. d. til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 14.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 2.358.290. Gerðarbeiðandi leggur nú fram sem löghaldstryggingu kr. 1.200.000, sem fógeti metur gilda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Halldóra Guðrún Ólafsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola, íbúð á 3. hæð til hægri að Iðufelli 4.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 10/1982. **Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Jóni Emilssyni og gagnsök
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. september sama ár. Í þinghaldi 8. janúar 1982 var málið fellt niður, en höfðað að nýju með stefnu 14. sama mánaðar samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Aðaláfrýjendur krefjast þess, að kröfur gagnáfrýjanda „vegna umferðarslyss þess, sem málið er risið af, verði stórlega lækkaðar", en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. janúar 1982. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 103.890.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desmeber 1980 og síðan árleg á sama degi, „ til að uppfyllt verði skilyrði 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti".

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda, gerður af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi 13. júní 1983.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði aðaláfrýjandinn Magnús Magnússon, er hann ók frá Kirkjuvegi og vestur Vesturgötu

í Keflavík, veitt eftirtekt gagnáfrýjanda og þeim, sem með honum voru. Hann kveðst hafa séð, „að fólkið var ölvað". Miðað við það og aðstæður til aksturs að öðru leyti bar honum að gæta sérstakrar varúðar, er hann ók litlu síðar austur Vesturgötu í átt að fólkinu, en vætti samferðafólks gagnáfrýjanda benda til, að þess hafi hann ekki gætt. Eigi verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvar gagnáfrýjandi var á götunni, er hann varð fyrir bifreiðinni, og ekki hefur verið leitt í ljós, að orsakasamband hafi verið milli ölvunar hans og slyssins. Þykir því ósannað, að gagnáfrýjandi eigi sjálfur sök á tjóni sínu. Samkvæmt þessu ber að leggja bótaábyrgðina óskipt á aðaláfrýjendur, sbr. 1. mgr. 67. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968. Eigi eru efni til að lækka fébætur samkvæmt 3. mgr. 67. gr. sömu laga.

II.

Í héraðsdómi eru rakin þau gögn, sem fram hafa verið lögð í málinu um örorku gagnáfrýjanda, ásamt áætlunum tryggingafræðings um tjón hans hennar vegna. Örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hefur eigi verið hnekkt, og ber því að miða við það.

Hinir nýju útreikningar Þóris Bergssonar tryggingafræðings á tjóni gagnáfrýjanda af völdum tímabundinnar og varanlegrar örorku eru mjög ítarlegir. Gerir tryggingafræðingurinn þar grein fyrir tveimur mismunandi aðferðum við áætlun vinnutekna og vinnuteknataps gagnáfrýjanda. Í áætlun A, sem hann nefnir svo, kveður hann tekjurnar áætlaðar á venjubundinn hátt, þ. e. mældar í fjárhæðum miðað við kauplag, eins og það hafi verið á hverju kauplagstímabili frá slysdegi. Notaðar séu „skattframtalstekjur áranna 1977 og 1978" og örorkustig samkvæmt örorkumati læknis. Í aðferð, sem hann nefnir B, kveðst hann fara nýja leið við áætlun vinnutekna fyrir liðinn tíma og reyna með því að leiðrétta þá skekkju, sem stöðug rýrnun íslensku krónunnar valdi. Um þetta segir hann:

„Í stað þess að áætla vinnutekjur á kauplagi hvers tímabils eru hér notaðar allt frá slysdegi þær vinnutekjur sem nú áætlast. Með þeirri aðferð gerist ekki annað en að gerð er leiðrétting vegna verðrýrnunar íslensks gjaldmiðils á liðnum árum, sem þó er ekki full-

komlega nægjanlegt, þótt litlu skakki. Fyrir þessu eru mjög sterk rök. Á sama hátt þarf að leiðrétta greiðslur, sem til frádráttar koma.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	*Áætlað vinnutekjutap* *Tímabundið:*	*Varanlegt:*
1. árið eftir slysið	kr. 180.804	kr. 67.051	kr. 18.080
Síðan árlega	kr. 180.804		kr. 18.080“

Í niðurstöðum þessara útreikninga Þóris Bergssonar segir svo um verðmætistap tapaðra vinnutekna:

„Ég mun nú nota fjórar mismunandi vaxtaforsendur um ávöxtum fjár eftir 15. júní 1983. Við útreikninga taps samkvæmt aðferð A verða yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 notaðir almennir vextir af spariinnlánum, eins og þeir hafa verið ákveðnir með verðbótaþætti. Tap samkvæmt aðferð B reiknast hins vegar stöðugt með sömu vöxtum allt aftur til slysdags. Yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 verður þó vöxtunum beitt bæði sem einföldum og samsettum.

Allar fjárhæðir eru í heilum krónum.

Aðferð A.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti taps nota ég yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 almenna vexti af spariinnlánum (þessu er lýst í fylgiskjali), og verður þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum og einföldum. Eftir 15. júní 1983 eru notaðir 5%, 7%, 9% og 13% ársvextir.

Vaxtaforsenda 3 (Kallast AV 3).

Notaðir eru vextir og vaxtavextir yfir tímabilið milli slysdags og 15.-16. 1983.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast nema:

Ársvextir eftir 15.-6. 1983	*5%*	*7%*	*9%*	*13%*
v/tímab. örorku	10.637	10.637	10.637	10.637
v/varanl. örorku til 15.-6.'83	17.334	17.334	17.334	17.334
v/varanl. örorku eftir það	81.089	62.612	53.271	39.212
	109.060	90.583	81.242	67.183

Vaxtaforsenda 4 (Kallast AV 4).
Yfir umrætt tímabil eru notaðir einfaldir vextir.

Slysadagsverðmætið reiknast:

Ársvextir eftir 15.6.1983	*5%*	*7%*	*9%*	*13%*
V/tímab. örorku	10.637	10.637	10.637	10.637
V/varanl. örorku til 15.6.1983	20.284	20.284	20.284	20.284
V/varanl. örorku eftir það	117.913	91.045	77.462	57.019
Samtals	148.834	121.966	108.383	87.940

Aðferð B.

Hér eru notaðir sömu vextir allt aftur til slysdags, enda hefur verðbótaþáttur verið gerður óþarfur. Yfir tímabilið milli slysdags og 15. júní 1983 verða bæði notaðir samsettir og einfaldir vextir.

Vaxtaforsenda 1 (Kallast BV 1).
Yfir liðinn tíma eru notaðir vextir og vaxtavextir.

Slysdagsverðmætið reiknast nema:

Ársvextir allan tímann	*5%*	*7%*	*9%*	*13%*
V/tímab. örorku	66.180	65.969	65.668	65.076
V/varanl. örorku til 15.6.1983	72.920	69.999	67.276	62.360
V/varanl. örorku eftir það	232.608	164.960	129.099	80.935
Samtals	371.708	300.928	262.043	208.371

Vaxtaforsenda 2 (Kallast BV 2).
Yfir umrætt tímabil eru notaðir einfaldir vextir.

Slysadagsverðmætið reiknast:

Ársvextir allan tímann	*5%*	*7%*	*9%*	*13%*
V/tímab. örorku	66.180	65.969	65.668	65.076
V/varanl. örorku til 15.6.1983	73.266	70.613	68.191	63.921
V/varanl. örorku eftir það	236.562	170.082	135.853	88.437
Samtals	376.008	306.664	269.712	217.434“

Þegar höfð er hliðsjón af þessum útreikningum Þóris Bergssonar, meiðslum gagnáfrýjanda og öðru, sem virða ber, þar á meðal aldri hans og hjúskaparstétt, þykir eftir atvikum rétt að taka kröfu hans til greina bæði að því er varðar fjártjón og miska.

Ber aðaláfrýjendum þannig að greiða gagnáfrýjanda in solidum 103.890.00 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Sú skýring gagnáfrýjanda á vaxtakröfunni, er fyrst kom fram við munnlegan málflutning hér fyrir dóminum og að framan getur, felur í sér kröfu um greiðslu á vaxtavöxtum. Af gögnum málsins verður ekki séð, að svo vaxin efnislega hafi hún verið lögð fyrir héraðsdóm. Í dómsorði er ekki annað greint en dæmdir hafi verið einfaldir vextir í samræmi við kröfugerðina í héraði, en vegna dómvenju var nauðsynlegt að greina það skýrum orðum, ef dómsorð átti að mæla fyrir um greiðslu vaxtavaxta. Kemur krafa þessi því ekki til álita hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda in solidum 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Emilssyni, in solidum 103.890.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda í máli þessu um óskipta bótaábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 67.

gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga svo og því, að ekki sé tilefni til niðurfærslu bóta samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Ég tel einnig, að aðaláfrýjendur hafi ekki hnekkt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis og beri því að leggja það til grundvallar í málinu um tjón gagnáfrýjanda.

Ég er ósammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku gagnáfrýjanda, en með henni eru bætur ákveðnar samkvæmt áætlun dómenda, án þess að byggt sé á sérfræðilegum útreikningum og án þess að skorið sé úr því grundvallaratriði við útreikning eingreiðslu skaðabóta vegna tekjutaps, við hvaða vaxtafót skuli miða.

Ég tel útreikning dr. Péturs H. Blöndal tryggingastærðfræðings á örorkutjóni gagnáfrýjanda byggðan á traustum grunni og af fullri varúð að því er tekjur varðar. Ég tel, að við útreikning eingreiðslu í stað skaðabótagreiðslna fram í tímann beri að miða vaxtafót við raunverulega möguleika almennings til ávöxtunar peninga í opinberum innlánastofnunum eða á öðrum opinberum innlána- eða verðbréfamarkaði, eins og þeir eru, er útreikningur er gerður, eða hafa verið þá á undan. Möguleikar almennings til ávöxtunar peninga með slíkum hætti hafa um langan tíma ekki farið fram úr 5 af hundraði raunverulegs arðs á ári, en næst þeirri arðsemi eru spariskírteini ríkissjóðs talin vera, en þau hafa raunar borið lægri vexti um allmörg undanfarin ár. Ég tel því, að ekki megi lækka bætur til tjónþola við útreikning eingreiðslu meira en sem samsvari 5 af hundrað ársvöxtum, sem ég tel hámark ávöxtunarmöguleika fyrir almenning nú og að undanförnu.

Kauplagsbreytingar eru ein af forsendum fyrir niðurstöðu meiri hluta dómenda. Í því tel ég felast verðtryggingu kröfu um ákveðið tímabil. Jafnframt eru dæmdir fullir vextir með verðbótaþætti inniföldum fyrir sama tímabil. Þar tel ég um tvöfaldar verðbætur að ræða, a. m. k. að hluta.

Svo sem í héraðsdómi greinir, miðast útreikningar dr. Péturs H. Blöndal að því er vexti, launakjör og teknatjón gagnáfrýjanda varðar við 21. nóvember 1979, en kröfur gagnáfrýjanda um vaxtagreiðslur sér til handa af umkrafðri fjárhæð eru miðaðar við 1. desember 1979 sem upphafsdag. Miðað við vaxtakröfu gagnáfrýjanda, en þar

er verðbótaþáttur innifalinn, tel ég, að ekki megi leggja til grundvallar dómi nýrri útreikninga um teknatjón, ef þeir eru miðaðir við verðlag á síðara tímabili en 1. desember 1979. Ég tel því, að leggja beri útreikninga þá, sem lágu frammi í málinu í héraði, til grundvallar dómi í málinu.

Útreikningur og álitsgerð Þóris Bergssonar, cand. act., sem lögð voru fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti, stykrja grundvöll útreikninga dr. Péturs H. Blöndal og álit hans, sem miðað var við í héraðsdómi. Ég tel samkvæmt því, sem að framan greinir, að miða eigi við útreikning dr. Péturs H. Blöndal á varanlegu örorkutjóni gagnáfrýjanda, gkr. 6.351.000, svo sem héraðsdómur gerir. Jafnframt tel ég, að leggja beri til grundvallar dómi í málinu útreikning tryggingastærðfræðingsins á tímabundinni örorku, gkr. 1.502.000, eða samtals gkr. 7.853.000. Í héraðsdómi eru bætur fyrir örorkutjón til handa gagnáfrýjanda lækkaðar úr þessari fjárhæð (7.853.000) í gkr. 6.000.000, eða 60.000.00 krónur, vegna skattfrelsis, hagræðis eingreiðslu og ,,annars þess, sem hér skiptir máli.“ Ég tel bótakrefjendum ekki hagræði af eingreiðslu á verðbólgutímum, og skattfrelsi slíkra greiðslna tel ég svo óverulegan ávinning af greiðslum, sem miðast við hluta (55/100) af verkamannalaunum, að frádráttur þess vegna megi ekki nema meiru en 5—10%.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til rökstuðnings héraðsdómara tel ég, að hæfilegar bætur til gagnáfrýjanda fyrir örorkutjón hans séu gkr. 7.400.000, eða 74.000.00 krónur.

Miðað við meiðsli gagnáfrýjanda og sjúkrasögu tel ég bætur til hans samkvæmt 3. tölulið héraðsdómsstefnu (miskabætur) hæfilega metnar á 15.000.00 krónur, svo sem krafist var.

Samkvæmt því verða aðaláfrýjendur dæmdir til þess óskipt að greiða gagnáfrýjanda samtals skaðabætur að fjárhæð 89.000.00 krónur.

Í héraðsdómsstefnu krafðist gagnáfrýjandi dómvaxta af bótakröfum sínum. Fyrir Hæstarétti er krafa þessi nánar útlistuð þannig, að þess er krafist, að kveðið verði á um það í dómi (forsendum eða dómsorði), að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. desember 1980 og síðan árlega á sama degi, til að uppfyllt verði skilyrði 1. gr. laga nr. 56/1979 um dóm-

vexti, en þar segir, að vextir skuli vera „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu verðgildis fjármagns.“

Vaxaákvarðanir Seðlabanka Íslands eru m. a. byggðar á vaxtareikningi og lagningu vaxta við höfuðstól með ákveðnum millibilum, svo sem greinilega kom fram í vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands 26. febrúar 1981, er nafnvextir voru lækkaðir í tengslum við tíðari vaxtaútreikning og lagningu vaxta við höfuðstól, en jafnframt gerði Seðlabankinn grein fyrir raunávöxtun fjár á ársgrundvelli miðað við þennan útreikningsmáta. Miðað við framangreindar forsendur er krafa gagnáfrýjanda við hóf og í fullu samræmi við 1. gr. laga um dómvexti nr. 56/1979.

Skýra verður stefnukröfu um dómvexti svo, að í henni felist krafa um útreikning vaxtanna í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabankans. Útlistun gagnáfrýjanda á því, hvað í kröfu hans felist, á því fullan rétt á sér. Ber að taka vaxtakröfu hans til greina þannig, að vextir reiknist frá 1. desember 1979 til greiðsludags, svo sem greinir í dómsorði, en leggist við höfuðstól einu sinni á árinu við hver áramót.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 42.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Jóni Maríusi Emilssyni, 89.000.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 42.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Vextir skulu lagðir við höfuðstól, svo sem að framan greinir.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 24. apríl 1981.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. og 16. maí 1980.

Stefnandi er Jón Emilsson verkamaður, Vallargötu 24, Keflavík,

Stefndu eru Magnús Magnússon verkamaður, Kirkjuvegi 29, Keflavík, og Hagtrygging h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verið in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 103.890.00 með 34.5% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, útlagðs kostnaðar í málinu, kr. 1.586.00, og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 17. desember 1978, kl. 0250, var lögreglunni í Keflavík tilkynnt um umferðarslys á Vesturgötu í Keflavík. Í skýrslu lögreglumannsins Guðmundar Inga Kristinssonar segir svo:

„Undirritaður fór á staðinn ásamt H.G. a.varðstjóra. Einnig komu á staðinn lögregluþj. nr. 16, sem gerir meðfylgjandi vettvangsuppdrátt, og lögregluþj. nr. 6, 11 og 12. Ó.Þ. rannsóknarlögreglum. kom á vettvang og tók ljósmyndir, sem fylgja skýrslu þessari.

Þarna hafði bifreiðinni Ö-5069 verið ekið á gangandi mann og einnig aftan á kyrrstæða bifreiðina Ö-4671, sem stóð við h/vegarbrún á móts við hús nr. 19 við Vesturgötu.

Þar sem ökumaður og gangandi vegfarandi höfðu slasast, voru þeir fluttir á sjúkrahúsið í Keflavík til rannsóknar. Ökumaður fékk að fara heim, er búið var að gera að sárum hans, en að lokinni skoðun lækna var Jón fluttur til Reykjavíkur á Slysadeild Borgarspítala. Hann mun hafa verið nefbrotinn, kinnbeinsbrotinn, skorinn í andliti og meiddur á fæti. Þar var tekið blóðsýni úr honum kl. 05:30 af Jens Kristjánssyni lækni og það merkt Keflavík nr. 124-1978 og fær venjulega afgreiðslu.

Ökumaður Ö-5069 kvaðst hafa ekið af Greniteig og inn á Vesturgötu til austurs. Á móts við vegamót Vesturgötu, Birkiteigs hafi maður skyndilega hlaupið í veg fyrir bifreiðina. Hann kvaðst hafa sveigt bifreiðinni til hægri framhjá honum, en þá hafi annar maður birst fyrir framan hana

og hann lent á honum. Við það kvaðst hann hafa sveigt til hægri, en lenti þá á bifreið, sem þar stóð.

Farþeginn í bifreiðinni Ö-5069, Pétur Jónsson, Greniteig 20, Keflavík, kvað þá hafa ekið af Greniteig inn á Vesturgötu. Þá hafi nokkrir strákar hlaupið í veg fyrir bifreiðina. Hann kvað ökuman hafa reynt að beygja frá, en lent á einum þeirra og síðan á bifreið, sem þarna stóð.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum eru:

Ö-5069 v/framaurhlíf, vélarhúslok, höggvari dældað og framrúða og aðalljós brotið.

Ö-4671 skottlok, höggvari og hægri og vinstri afturhlíf dældað og stefnuljós brotið.

Vitni að atburði þessum voru:

Ríkharður Jósafatsson, Vesturbraut 7, Keflavík, f. 23.07.59,

Ólöf Sigurvinsdóttir, Vesturbraut 11, Keflavík, f. 12.10.58,

Edda Bergmann, Kirkjuvegi 27, Keflavík, f. 10.09.57.

Þau höfðu verið með Jóni, er atburður þessi skeði.

Á steinvegg milli innkeyrslna að húsum nr. 17 og 19 stóðu tvær áfengisflöskur, sem innhéldu einhverskonar mjöð. Þær voru teknar í vörslu lögreglunnar.

Lögreglumaður nr. 16 ók bifreiðinni Ö-5069 á lögreglustöð, og ekki þótti ástæða til skoðunar hennar hjá bifreiðaeftirliti. Blóðtökuvottorð fylgir skýrslu þessari".

Við alkóhólrannsókn Rannsóknastofu í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls vera 1.30‰ í blóðsýni því, sem stefnanda var tekið.

Í skýrslu lögreglunnar kemur fram, að bifreiðin Ö 5069 var Volkswagen fólksbifreið, en bifreið Ö 4671 Saab fólksbifreið. Þá er frá því greint, að í umrætt sinn hafi verið myrkur og skýjað, en góð lýsing og yfirborð vegarins olíuborið og fast, en bleyta á veginum. Almennur umferðarréttur er á Vesturgötu.

Vettvangsuppdráttur lögreglu sýnir eftirfarandi: Vesturgata, sem liggur frá austri til vesturs, er með 9 metra breiða akbraut, en beggja vegna eru um 3 metra breiðir malbornir vegkantar. Þvert á götuna til norðurs er Birkiteigur. Um 10 metra austan gatnamótanna eru glerbrot úr flösku á syðri helmingi Vesturgötu, um 1 metra frá vegabrún. Bifreiðin Ö 5069 er þar skammt frá við innkeyrslu að húsi nr. 17. Hún stendur á malarkantinum svo til alfarið, snýr til austurs, og er framendi hennar 6 metra frá nefndum glerbrotum. Við framendann eru „glerbrot og ryk úr bifreið" og 3½ metri er að afturenda bifreiðarinnar Ö 4671, sem einig snýr til austurs og stendur svo til að öllu leyti á malarkantinum. Aftan við bifreiðina Ö 5069 er 7 metra langt hemlafar á malarkantinum og liggur í sveig frá akbraut á stað, þar sem eru tæpkega 6 metrar að mótum Vesturgötu og Birkiteigs.

Um 3 metra framan við bifreiðina Ö 5069 er blóðblettur á akbrautinni, um 1 metra frá syðri brún hennar. Fjarlægðin milli blóðblettsins og flöskuglerbrotanna er 9 metrar.

Ljósmyndir fylgdu ekki lögregluskýrslu, sem var lögð fram í málinu, en lagðar hafa verið fram ljósmyndir, sem John Hill lögreglufulltrúi tók á vettvangi hinn 24. október 1980 að viðstöddum dómara málsins og lögmönnum aðilja.

Hjá lögreglunni í Keflavík gáfu skýrslur stefnandi, stefndi Magnús og vitnin Halldór Rúnar Þorkelsson, fæddur 12. febrúar 1954, Ólöf Sigurvinsdóttir, fædd 12. október 1958, Pétur Jónsson, fæddur 4. maí 1961, Jón Ásgeir Þorkelsson, fæddur 16. janúar 1956, og Ríkharður Jósafatsson, fæddur 23. júlí 1959. Þau gáfu einnig öll skýrslu hér fyrir dómi og að auki vitnið Steinunn Hilmarsdóttir, fædd 19. mars 1951. Verður nú greint frá framburðum þeirra:

Stefnandi skýrði svo frá, að í umrætt sinn hefði hann gengið vestur Vesturgötu ásamt Halldóri og Jóni Þorkelssonum, Eddu Bergmann, Ólöfu Sigurvinsdóttur og Ríkharði Jósafatssyni. Þau hafi verið að koma heiman frá Halldóri, sem á heima við Vesturbraut, þar sem þau hafi verið við gleðskap og hafi hann (stefnandi) verið þó nokkuð undir áhrifum áfengis. Ferðinni hafi verið heitið til systur Halldórs Þorkelssonar, en hún hafi átt heima við Greniteig. Hann kvað þau hafa gengið á hægri vegarbrún og sjálfur hafi hann örugglega verið annað hvort á jaðri akbrautarinnar eða á malargangbrautinni, þegar hann varð fyrir slysinu. Hann kvaðst þá hafa verið á móts við hornhús við Vesturgötu og Greniteig og muna eftir því, að tréverk hafi verið við lóð hússins. Hann sagði, að stefndi, sem hann þekkti vel, hafi verið búinn að aka bifreiðinni Ö 5069 fram hjá hópnum og inn á Greniteig og síðan aftur til baka á móti hópnum og hlyti hann að hafa ekið á vinstri vegarhelmingi til að stríða þeim eða eitthvað slíkt. Nánar aðspurður kvað stefnandi sér hafa fundist sem bifreiðinni væri sveigt að hópnum fremur en að henni væri ekið beina stefnu á vinstri vegarhelmingi. Hann kvaðst hafa lent framan á bifreiðinni og borist með henni alllanga leið. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund. Hann skýrði svo frá, að þegar slysið varð, hefði hann haldið á áfengisflösku, sem hefði brotnað. Varðandi meiðsli sín vísaði stefnandi til læknisvottorða, framlagðra í málinu. Í tilefni af ummælum í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis, sem síðar mun greint frá, kvaðst hann hafa átt að koma til eftirlits hinn 5. febrúar 1979, og reyndar gert það, en daginn áður hefði hann sjálfur fjarlægt gipsumbúðirnar af fætinum; sagað þær af heima hjá sér.

Stefndi Magnús Magnússon skýrði svo frá, að hann hefði verið að „rúnta“ um bæinn í umrætt sinn. Hann hafi ekið suður Kirkjuveg og tekið þar upp í bifreiðina stúlkuna Guðlaugu Þorkelsdóttur, en er þau hafi séð

Ríkharð Jósafatsson og fleiri, sem með honum voru, á Vesturgötu, austan Kirkjuvegar, hafi Guðlaug sagt, að þetta fólk væri sennilega á leið heim til hennar, og beðið hann að aka sér strax heim á Greniteig, og ætlaði hún að vera búin að læsa og slökkva öll ljós, er þau kæmu.

Stefndi kvaðst hafa gert svo, en ekið síðan aftur af stað austur Vesturgötuna á hægri vegarhelmingi. Hann skýrði svo frá, að þegar hann beygði frá Greniteigi inn á Vesturgötu, hefði hann séð Ríkharð og stefnanda á vinstri vegarhelmingi, séð frá sér. Honum hafi fundist þeir bera í bifreið, sem var kyrrstæð við vinstri vegarbrún, og hafi hann ekki tekið eftir hinum, sem voru í hópnum. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að neitt þeirra veifaði til hans. Er hann hafi verið að koma að mótum Birkiteigs og Vesturgötu, hafi Ríkharður allt í einu gengið frá vinstri vegarhlemingi, séð frá stefnda, og stefnt í veg fyrir bifreið hans. Hann kvaðst hafa kippt bifreiðinni til hægri. Rétt á eftir hafi svo stefnandi allt í einu verið kominn í veg fyrir bifreiðina. Hann kvaðst hafa snarhemlað, en ekki getað komið í veg fyrir, að bifreiðin lenti á stefnanda. Framrúðan hafi brotnað, e. t. v. vegna þess, að flaska, sem stefnandi var með, hafi lent á henni, og kvaðst hann ekkert hafa séð um stund, þar til hann lenti á kyrrstæðu bifreiðinni Ö 4671. Stefndi kvaðst hafa ekið á 35 km hraða og á sínum, þ. e. hægri, vegarhelmingi, þegar slysið varð. Hann kvaðst vita, að hámarkshraði í Keflavík sé 35 km/klst., og bifreið sín, hálfsjálfskiptur Volkswagen, árgerð 1972, væri ekki þannig gerð, að unnt hefði verið að ná miklum hraða á vegarlengdinni frá Greniteigi þangað sem slysið varð. Hann kvaðst ekki hafa gert sér að leik að sveigja að hópnum, enda hefði hann verið búinn að sjá áður, þ. e. frá Kirkjuveginum, að fólkið var ölvað.

Vitnið Pétur Jónsson kvaðst hafa verið farþegi hjá stefnda í bifreiðinni Ö 5069 og hafi þeir verið að „rúnta" þá um nóttina. Þeir hafi ekið stúlku heim til hennar á Greniteig, en síðan hafi stefndi snúið við og ekið til baka austur Vesturgötu. Hann kvaðst hafa séð nokkra unglinga á vinstri vegarhelmingi, frá sér séð, og hafi þeir gengið vestur götuna. Hann kvaðst ekki hafa séð, að þetta fólk væri undir áhrifum áfengis. Allt í einu hafi einn úr hópnum, Rikki, stokkið í veg fyrir bifreiðina, þ. e. inn á hægri vegarhelming miðað við aksturssstefnu. Stefndi hafi kippt bifreiðinni til hægri, en svo að segja í sama vettfangi hafi annar maður orðið fyrir bifreiðinni. Stefndi hafi þá beygt til hægri og bifreiðin staðnæmst á kyrrstæðri bifreið. Slysið muni hafa orðið austanvert við gatnamót Birkiteigs og Vesturgötu Hann sagði, að bifreiðnni Ö 5069 hefði ekki verið ekið hratt, alls ekki hraðar en 35—40 km/klst., og hefði stefndi snarhemlað, eftir að slysið varð.

Vitnið Halldór Rúnar Þorkelsson skýrði svo frá, að hópurinn, þ. e. auk hans, bróðir hans, Jón Ásgeir, Ríkharður Jósafatsson, Ólöf Sigurvinsdóttir,

Edda Bergmann og stefnandi, hefðu gengið vestur Vesturgötu frá húsi nr. 12 við þá götu og ferðinni verið heitið heim til Guðlaugar, systur vitnisins, sem átti heima að Greniteigi 7. Hópurinn hafi gengið á malarkanti hægra megin við akbrautina miðað við göngustefnuna og verið alveg við gatnamót Vesturgötu og Birkiteigs, er slysið varð. Jón Ásgeir og Ríkharður hafi verið fremstir og verið komnir að gatnamótunum, stefnandi næstur á eftir Ríkharði, síðan vitnið og aftastar stúlkurnar Ólöf og Edda, en vitnið hafi verið að hinkra við eftir þeim, þar sem þær höfðu dregist nokkuð aftur úr. Hann kvaðst hafa verið búinn að taka eftir stefnda, sem ók fram hjá hópnum vestur Vesturgötu, og hafi farþeginn Guðlaug, systir vitnisins, veifað til hópsins. Stefndi hafi síðan ekið til baka á móti hópnum á töluverðri ferð. Hann hafi beygt að þeim, sem voru fremstir, þ. e. Jóni Ásgeiri og Ríkharði, en síðan sveigt frá þeim aftur og í því lent á stefnanda. Stefnandi hafi verið við hægri vegarbrún, en þó aðeins inni á malbikinu. Hann hafi ekki verið kominn alveg að Birkiteignum og muni hafa verið milli húsa nr. 17 og 19 við Vesturgötu. Hann lýsti aðdraganda að slysinu nánar þannig, að bifreiðinni Ö 5069 hefði verið ekið nokkuð vinstra megin miðað við miðju vegarins, miðað við aksturssstefnu, er hún kom á móti hópnum, og síðan verið sveigt enn meira til vinstri að Jóni Ásgeiri og Ríkharði. Þegar stefndi hafi beygt að þeim, hafi þeir veifað til hans. Hins vegar sé ekki rétt, að Ríkharður hafi stokkið eða gengið í veg fyrir bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa kannast við þetta aksturslag stefnda sem leik við kunningja sína. Kvaðst hann þekkja stefnda mjög vel og sama sé að segja um þau, sem voru með honum í umrætt sinn, nema Ríkharð og Eddu. Stefndi hafi iðulega sveigt bifreið sinni að vitninu og fleirum og megi segja, að hann hafi lagt að nokkru leyti í vana sinn að „heilsa með bílnum." Hann skýrði að lokum svo frá, að hann og kunningjar hans hefðu verið undir áhrifum áfengis, stefnandi og Ríkharður mest, en stúlkurnar minnst.

Vitnið Jón Ásgeir Þorkelsson skýrði svo frá, að hann og kunningjar hans hefðu í umrætt sinn gengið vestur Vesturgötu við norðurbrún vegarins. Stefndi, sem sé góðkunningi vitnisins, hafi ekið fram hjá þeim, en síðan ekið til baka á móti hópnum. Hann kvaðst hafa gengið fremstur og verið inni á malbikinu, en þó nálægt vegarbrúninni. Ríkharður hafi gengið við hægri hlið hans á malarkantinum eða vegarbrúninni. Aftar hafi síðan gengið þeir stefnandi og Halldór Rúnar og enn aftar þær Edda og Ólöf. Hann kvað þá Ríkharð hafa verið komna á móts við Birkiteig, þegar stefndi ók af sínum rétta, þ. e. hægra, vegarhelmingi og sveigði að þeim. Stefndi hafi „gefið á pinnann" og verið kominn á þó nokkra ferð. Kvaðst hann í sama mund hafa veifað vinstri hendi til stefnda, en gat ekki sagt til um, hvort gerðist fyrr, að hann veifaði eða stefndi sveigði bifreiðinni að þeim Ríkharði. Ríkharður hafi ekki gengið í veg fyrir bifreiðina, enda verið

hægra megin við vitnið. Næst hefði það orðið, að hann heyrði „skrenshljóð" og síðan áreksturshljóð. Hann hafi þá litið við og séð, að bifreið stefnda hafði lent á kyrrstæðri Saab bifreið, og lá stefnandi fyrir framan bifreiðina. Hann sagði, að hann sjálfur svo og nefndir kunningjar hans hefðu verið undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst ekki muna, hvort kyrrstæð bifreið hefði verið við vegarbrúnina, þar sem hann var, þegar slysið varð.

Vitnið Ólöf Sigurvinsdóttir skýrði svo frá, að hópurinn hefði gengið vestur Vesturgötu á hægri vegarbrún og þær Edda Bergmann verið aftastar. Er slysið varð, hafi hópurinn verið kominn einhvers staðar móts við gatnamót Birkiteigs og Vesturgötu og sé útilokað, að nokkur þeirra, sem á undan voru, hafi gengið eða slangrað inn á veginn. Hún kvað stefnanda hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, enda verið að koma af dansleik, og sennilega Ríkharð einnig. Kvaðst hún gera sér þá grein fyrir atburðarás, að Volkswagen bifreið hefði verið ekið á móti þeim á röngum vegarhelmingi og að þeim Jóni Ásgeiri og Ríkharði, sem höfðu veifað til ökumannsins. Næst hafi hún séð stefnanda vera kominn framan á eða upp á bifreiðina, kastast upp í loft og skella síðan í götuna. Hún kvaðst ekki hafa vitað, er bifreiðin kom á móti henni, að þetta var bifreið stefnda eða að hann ók, en hún væri lítillega kunnug honum.

Vitnið Ríkharður Jósafatsson skýrði svo frá, að þau Edda, Ólöf, Halldór Rúnar, Jón Ásgeir og stefnandi hafi í umrætt sinn gengið frá Vesturbraut vestur Vesturgötu á hægri vegarhelmingi. Volkswagen bifreiðinni, sem um ræðir í málinu, hafi verið ekið vestur götuna og þegar hópurinn hafi verið kominn yfir Kirkjuveg, hafi hann séð bifreiðina koma á móti austur götuna á miklum hraða. Þeir Jón Ásgeir hafi gengið fremstir á miðjum vegi og Jón Ásgeir verið sér á hægri hönd, síðan Halldór Rúnar, en þar fyrir aftan stúlkurnar og stefnandi. Þá hafi það gerst, að Jón Ásgeir hafi ætlað að stöðva bifreiðina, veifað til stefnda, gengið að vinstri akrein vegarins eða alla vega að miðju vegarins og verið þá vitninu á vinstri hönd. Í sama mund hafi stefndi aukið hraðann, sveigt til vinstri að Jóni Ásgeiri og síðan frá honum til hægri og Jón Ásgeir þá stokkið frá. Muni stefndi hafa verið að reyna að hræða Jón Ásgeir, en þegar hann hafi verið búinn að sveigja frá honum, hafi hann orðið að beygja aftur til vinstri til að lenda ekki á kyrrstæðum bifreiðum, sem var lagt í vegkanti. Vitnið kvaðst hafa verið vinstra megin á hægri akrein, en í sama mund séð stefnanda standa í um 6 metra og í mesta lagi 10 metra fjarlægð fyrir aftan hann hægra megin á vinstri akrein og hafi hann ekki virst hafa tekið eftir bifreiðinni, sem stefndi að honum. Stefndi, sem hafi verið nýbúinn að sveigja frá kyrrstæðu bifreiðunum og verið á mikilli ferð, hafi greinilega ekki tekið eftir stefnanda, fyrr en hann var alveg að koma að honum. Þá hafi hann beygt til hægri og ekið um leið á stefnanda, sem hafi kastast í loft upp og fallið

á miðja götuna, en bifreiðin hafi haldið áfram og stöðvast á kyrrstæðri bifreið. Hann kvaðst vera nokkurn veginn viss um, að enginn annar úr hópnum en stefnandi hefði verið inni á vinstri akreininni. Ríkharður árétt-aði, að þar sem hann í framansögðu hefði nefnt hægri og vinstri væri átt við séð frá honum, er hann gekk vestur Vesturgötu. Hann kvað nefnt kunn-ingjafólk hafa haft fullkomna stjórn á sér og ekki hafa drukkið mikið áfengi. Sjálfur hafi hann verið búinn að drekka ¼ hluta úr hvítvínsflösku og verið undir litlum áhrifum.

Vitnið Steinunn Hilmarsdóttir kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu. Hún hafi verið í húsi foreldra sinna Birkiteigi 1, en átt erfitt með svefn vegna hávaða úti fyrir, eins og algengt hafi verið á þeim tíma nætur eftir dansleiki. Hún kvaðst hafa verið búin að fylgjast með umferð um Vesturgötu í þó nokkurn tíma, áður en slysið varð, úr þeim glugga af tveimur á efri hæð í austurenda hússins, sem nær er Vesturgötu. — Austurendi hússins veit að Birkiteigi, en suðurhliðin að Vesturgötu —. Hún kvaðst hafa séð fjóra unglinga, tvo pilta og tvær stúlkur, ganga upp Vesturgötu vinstra megin á götunni, þ. e. við syðri brún akbrautarinnar, og hafi hún þekkt stefnanda, Halldór Rúnar og konu hans (Ólöfu Sigurvinsdóttur). Stefnandi hafi gengið lengst til hægri (séð frá vitninu — innskot dómara), þ. e. lengst inni á götunni, en fólkið hafi verið nokkurn veginn hlið við hlið, þegar slysið varð. Kyrrstæð Saab bifreið hafi verið í vegkantinum sömu megin og fólkið gekk og snúið til austurs. Volkswagen bifreið hafi verið ekið aust-ur Vesturgötuna á u. þ. b. 35—40 km hraða og hafi hún verið á sínum rétta, þ. e. hægri, vegarhelmingi. Vitnið kvað unglingana hafa verið ölvaða og hávaðasama. Stefnandi hafi sveiflað örmunum eða veifað. Hann hafi haldið á einhverju í annarri hendi og virst ætla að stöðva bifreiðina. Sé þetta algengt háttalag hjá unglingum. Stefnandi hafi svo allt í einu stokkið til hægri (frá vitninu séð — innskot dómara) í veg fyrir bifreiðina, sem hafi lent á honum. Vitnið kvaðst hafa látið hringja á lögreglu og sjúkra-bifreið, en farið sjálf út og verið komin á slysstaðinn, áður en lögreglan kom. Stefndi hafi legið fyrir framan Volkswagen bifreiðina á móts við miðja Saab bifreiðina. Stefndi hafi verið að koma út úr Volkswagen bifreið-inni og einnig annar piltur, sem hafi verið farþegi.

III.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum á-verka þeirra, er hann hlaut við slysið. Örorkumatið, sem er dagsett 20. sept-ember 1979, hljóðar svo:

„Samkvæmt lögregluskýrslu um umferðarslys mun slys þetta hafa skeð í Keflavík. Þarna varð slasaði fyrir bifreið og hlaut þar mikinn áverka. Hann var þegar eftir slys þetta fluttur í Slysadeild Borgarspítalans í Reykja-

vík, þar sem gert var að meiðslum slasaða. Ennfremur var gerð aðgerð á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans.

Fyrir liggur vottorð undirritað af Sigurjóni H. Ólafssyni, tannlækni, dags. 7.3. '79 svohljóðandi:

„Þann 17.12 '78 kl. 0515 var komið með sjúkling á Slysadeild Bsp. Hafði hann skömmu áður orðið fyrir bifreið á götu í Keflavík. Mun sjúkl. hafa skollið framan á bílinn og síðan henzt upp á vélarhlífina og síðan með andlitið í götuna. Sjúkl. segist ekki hafa misst meðvitund og ekki hafa haft uppköst eftir slysið. Lögregla og sjúkrabíll komu strax á staðinn. Við komu á Borgarspítalann er mikil bólga í andliti sjúkl., og við skoðun og þreifingu er greinilegt, að allt miðandlit sjúklings er að meira og minna leyti brotið. Nefið er brotið við nefrótina, og allt efra andlitið er hreyfanlegt. Efri vörin er rifin í gegn á tveggja cm. svæði vi. megin við miðlínu. Tennur eru mjög lélegar, mikið skemmdar. Af röntgenmyndum að dæma hafa 3 tennur fallið burtu við slysið, voru það framtennur í neðri kjálka. Sjúkl. var tekinn til aðgerðar, og í svæfingu var eftirfarandi framkvæmt: 1. Barkaskurður var gerður til þess að auðvelda öndun eftir aðgerð. 2. Fjarlægð var 1 framtönn í neðri kjálka, þar sem hún var ónýt, og ekki var unnt að festa hana við tannbogann. 3. Þriggja cm. langt sár á tannboganum saumað. 4. Efri kjálkinn var dreginn fram, en hann hafði fallið aftur um 1½ cm., og var efri kjálkinn tengdur við neðri kjálkann, sem var nokkuð heilllegur. 5. Kinnbeinin beggja vegna voru tengd. 6. Efri kjálkinn og miðandlitið reyndar allt fest við höfuðkúpuna með upphengingarvírum frá ennisbeini og niður í neðri kjálkann. 7. Lokað var stóru sári á efri vör, sem áður er minnst á. Gert að nefbrotum. Sjúkl. þoldi aðgerðina vel, og var eftirmeðferð vandræðalaus. Þess skal hér getið að lokum, að sjúkl. hlaut einnig áverka á vinstra hné, og gerðu læknar Slysadeildar að þeim sárum sjúklings. Sú aðgerð var framkvæmd þann 21.12. '78. Var þar um að ræða slitin liðbönd á hné og læri. Vegna þessa var sjúkl. settur í gips eftir aðgerð. Nú í febrúar eða þann 6.2. '79 var sjúkl. síðan lagður inn aftur, og var gipsið ofangr. fjarlægt, og sömuleiðis voru í svæfingu fjarlægðir vírar, sem notaðir höfðu verið til meðhöndlunar á andlitsbrotum. Sjúkl. lá því inni I. frá 17.12.—29.12. '78 og II. frá 6.2.—9.2. '79".

Þá liggur fyrir vottorð undirritað af Rögnvaldi Þorleifssyni, skurðlækni við Slysadeild Bsp. Reykjavík, dags. 15.6. '79, svohljóðandi:

„Þann 17.12. '78 kl. 5.15 var maður fluttur á Slysadeildina, er kvaðst vera fyrrgreindur Jón. Þær upplýsingar fylgdu honum, svo og staðfesti hann þær að einhverju leyti sjálfur, að hann hefði kl. 3.20 þessa nótt orðið fyrir bifreið á götu í Keflavík. Hann var þá talinn hafa verið ölvaður. Jón taldi sig ekki hafa misst meðvitund við slysið og muna það a. m. k. að nokkru leyti.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Jón var vakandi og áttaður. Glögg einkenni fundust um útbreidd brot á andlitsbeinum, og var andlit mjög þrútið og bjúgfyllt. Veruleg eymsli voru á vi. hné utanverðu og einkenni um liðbandaslit þar.

Röntgenmyndir voru teknar af andlitsbeinum, sem sýndu, að beinagrind andlitsins hafði brotnað frá höfuðkúpunni um augntóftir og færst nokkuð til. Nefið var mölbrotið einnig.

Á röngenmyndum af vi. hné sást, að beinflís hafði slitnað upp úr efri enda dálksins, sem gaf til kynna, að þarna hefði hliðarbönd hnésins losnað úr dálkinum.

Sjúkl. var lagður inn á Háls-, nef og eyrnadeild spítalans, og önnuðust læknar þeirrar deildar meðferðina á andlitsáverkunum. Vísast til umsagnar þeirra um þá áverka.

Þann 21.12. gerði undirritaður síðan að hnéáverkanum. Fólst meðferðin í því, að skorið var inn á hnéð utanvert. Hliðarliðbandið hafði, svo sem búist var við, slitnað upp úr dálkhausnum og auk þess sin vöðva, sem festist á svipuðum stað (m. biseps femoris). Nokkur rifa var í liðpoka hnésins utanverðum, en ekki sáust einkenni um áverka inni í hnénu sjálfu eftir því sem best varð metið.

Fyrrgreint liðband og sin voru fest með sterkum saumum niður í sitt far á dálkshausnum og búið um hnéð í nokkuð krepptri stöðu í gipsumbúðum í lok aðgerðar.

Jón útskrifaðist frá legudeildinni þann 29.12. og kom síðan til eftirlits og framhaldsmeðferðar á göngudeild Slysadeildar og háls-, nef- og eyrnadeildar.

Á göngudeild Slysadeildar kom hann 8.1. '79, er skipt var á hnéumbúðum og saumar teknir úr vel grónu sári. Gipsumbúðir voru lagðar aftur á hné og haldið sömu kreppistöðu og áður. Gert var ráð fyrir, að sjúkl. kæmi til eftirlits þ. 5.2.

Er hnéð var skoðað þ. 5.2., gat hann kreppt það í 90° og u. þ. b. 10° vantaði upp á fulla réttigetu. Ekki verður af bókunum ráðið, að Jóni hafi verið ætlað að koma aftur á Slysadeildina vegna hnéáverkans, enda þótt enn vantaði talsvert á eðlilegt hreyfisvið hnésins. E. t. v. hefur verið litið svo á, að Jón hafi tekið meðferðina á hnéáverkanum á eigin hendur, er hann fjarlægði eða lét fjarlægja gipsumbúðir, áður en gert hafði verið ráð fyrir því".

Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 14.9. '79. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um, að hann þreytist nokkuð í vi. hné, einkum ef hann stendur lengi eða gengur mikið. Á hinn bóginn telur slasaði sig ekki höfuðveikan eftir áðurnefndan höfuðáverka, og ennfremur telur hann

ekki, að um neina missi á skynfærum, þ. e. heyrn og sjón, hafi verið að ræða.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 26 ára gamlan verkamann, sem h. 17.12. '78 slasaðist mikið í andliti og vi. hné, er hann varð fyrir bifreið í Keflavík. Slasaði var fljótlega eftir slys þetta fluttur í Borgarspítalann í Reykjavík, þar sem hann vistaðist í tvö skipti, þ. e. frá 17.12. til 19.12. '78 og frá 6.2. til 9.2. '79.

Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið vegna áðurnefnds slyss í 4 mánuði, og þar á eftir var starfsgeta slasaða verulega skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að framan greinir, hlaut slasaði mikla áverka í andliti. Allt miðandlit slasaða var meira og minna brotið. Nefið var brotið við nefrótina, og allt efra andlitið var hreyfanlegt við þreyfingu. Efri vör var rifin í gegn á 2ja cm. svæði vi. megin við miðlínu. Slasaði missti þrjár tennur við slysið. Gera varð barkaskurð til að auðvelda öndun. Ein framtönn var fjarlægð í neðri kjálka, þar sem hún var talin ónýt, og var ekki unnt að festa hana við frambogann. Þá var 3 cm. skurður saumaður á tannboga. Efri kjálki var dreginn fram, en hann hafði fallið niður um 1½ cm., og var efri kjálkinn tengdur við neðri kjálkann, sem var nokkuð heillegur. Kinnbein beggja vegna voru tengd. Efri kjálkinn og miðandlitið var allt fest við höfuðkúpuna með upphengingarvírum frá ennisbeini og niður í neðri kjálkann. Þá var stóru sári á efri vör lokað og gert að nefbrotinu. Hliðarliðband á vi. hnélið var saumað, en það hafði slitnað. Einnig var sin og vöðvi fest á fyrri festu. Engir áverkar sáust inn í hnénu sjálfu, en merki voru um rifin liðpoka.

Við skoðun er ekkert sérstakt að finna á andliti, en lýti virðast þar ekki vera, og slasaði hefur engar kvartanir fram að færa varðandi það slys. Á hinn bóginn tekur slasaði fram, að hann þreytist verulega um vi. hnélið, einkum ef hann stendur lengi eða gengur. Ekki verður fundið, að slasaði sé laus í hnéliðnum, og hann gengur óhaltur á sléttu gólfi. Hreyfingar allar í liðnum virðast eðlilegar. Ca. 15 cm. langt ör er lateralt á vi. hné. Ekki verður fyrir það synjað, að síðar meir kunni að gæta slitbreytinga og annarra óþæginda frá áðurnefndum áverka á vi. hnélið. Í hve miklum mæli eða hvenær slíkt kann fram að koma, verður nú ekki með neinni vissu sagt. Eins og áður er fram komið, verða naumast greind lýti á andliti, og slasaði tekur fram, að hann hafi ekki höfuðverk, hann sé ekki haldinn minnisleysi, sjóntruflunum eða minnkaðri sjón og telur heyrn einnig vera eðlilega.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir;

Frá slysdegi talið í 4 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli þessa örorkumats. Í skýrslu hans, dskj. nr. 4, dagsettri 21. nóvember 1979, segir svo:

„Jón starfaði sem verkamaður, þegar slysið varð. Eftirfarandi eru sýndar tekjur Jóns (TJ) samkvæmt skattframtölum, meðaltekjur verkamanna samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar (MV) og hlutfall (HL) tekna Jóns af þessum meðaltekjum:

	TJ	MV	HL
1975	471.534	1.250.000	0,377
1976	687.706	1.669.000	0,412
1977	1.698.667	2.441.000	0,696
1978	1.999.384	3.785.000	0,528

Af þesari uppsetningu sést, að Jón hafði að meðaltali 55,4% af meðaltekjum verkamanna síðustu 3 árin fyrir slysið, (þ. e. 1976 til 1978) og er þá tekið tillit til þess, að hann er frá vinnu 17 daga á árinu 1978.

Í eftirfarandi útreikningi er gert ráð fyrir hækkun launa um 6,9% 1. mars 1979, 9,22% 1. júní 1979, 3% 23. júní 1979, 9,17% 1. sept. 1979 og 13.21% þann 1. des. næstkomandi. Þá er og gengið út frá hækkun tekna verkamanna á árinu 1978, sbr. Fréttabréf kjararannsóknarnefndar.

Miðað við ofangreindar tekjuforsendur og ef gert er ráð fyrir því, að tekjutapið hafi verið og verði í hlutfalli við örorkuna, fæst tekjutjón Jóns Maríusar miðað við daginn í dag:

Tímabundin örorka til 20. nóv. 1979 + innl. vex. ...	kr.	1.502.000
framlag atv. í lífeyrissjóð	kr.	47.000
Varanleg örorka miðað við 4% RAUNVEXTI	kr.	7.230.000
framlag atv. í lífeyrissjóð	kr.	228.000

Í útreikningi þessum er gengið út frá og reiknað með 4% RAUNÁVÖXTUN og vísað í því sambandi til meðfylgjandi fylgirits.

Til glöggvunar á áhrifum vaxta á væntanlegt örorkutjón birti ég hér töflu yfir áhrif mismunandi vaxta á örorkutjón Jóns:

Raunvextir	*vænt.l. örorkutj.*	*Raunvextir*	*Vænt.l. örorkutj.*
÷ 10%	234.987.000	7%	5.068.000
÷ 5%	46.094.000	13%	3.123.000
0%	13.930.000	27% a.	1.732.000
2%	9.740.000	39,5% b.	1.306.000
4%	7.230.000	53% c.	1.097.000

a. núgildandi innlánsvextir.
b. hæstu innlánsvextir (vaxtaauki).
c. verðbólga.

Allar upphæðir eru vaxtareiknaðar miðað við 21. nóv. 1979. Frá tímabundnu örorkutjóni er rétt að draga allar bætur vegna tekjutjónsins frá slysdegi til 20. nóv. 1979. Þessar bætur skulu vaxtareiknaðar til 21. nóv. 1979 með innlánsvöxtum.

Grundvöllur útreikninganna eru eftirlifendatafla íslenskra karla skv. dánarreynslu áranna 1966—1970 og sænsk reynsla af hlutfalli öryrkja og lifandi. Væntanlegt framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð er reiknað sér, en tap þess þýðir lækkun lífeyrisréttar seinna. Ekki er tekið tillit itl greiðslu opinberra gjalda, en gera má ráð fyrir, að þeir muni nema um 15% til 30% af tekjutjóninu".

Dr. Pétur H. Blöndal hefur einnig reiknað út örorkutjón stefnanda miðað við 1%, 5% og 9% raunávöxtun. Í skýrslu, dskj. nr. 22, dagsettri 26. október 1980, segir tryggingastærðfræðingurinn, að útreikningar miðist við sömu forsendur og í útreikningi frá 21. nóvember 1979 og miðist vextir og laun við þá dagsetningu. Niðurstöður eru þannig:

„Tímabundin örorka er óbreytt með innl. vöxtum .	—	1.502.000
framlag í lífeyrissjóð	—	47.000
Varanleg örorka miðað við 1% RAUNVEXTI	—	11.555.000
framlag í lífeyrissjóð	—	364.000
Varanleg örorka miðað við 5% RAUNVEXTI	—	6.351.000
framlag í lífeyrissjóð	—	200.000
Varanleg örorka miðað við 9% RAUNVEXTI	—	4.196.000
framlag í lífeyrissjóð	—	132.000"

Skjal, er fylgdi fyrri örorkutjónsútreikningunum og ber yfirskriftina „Raunvextir", er svohljóðandi:

„Þegar rætt er um raunvexti í útreikningi á framtíðartekjutjóni manns að nafni Jón, er átt við eftirfarandi:

Gerum ráð fyrir, að Jón hafi kr. 500.000 í tekjur á mánuði og hann tapi þessum tekjum um alla framtíð. Það vill segja, að árið 1995 mun hann tapa kr. 6.000.000 á verðlagi dagsins í dag. Auðvitað tapar hann miklu mun meira eða sem nemur hækkun launa til 1995 til viðbótar þeim launum, sem hann hefur í dag. Vextir koma inn í útreikning á framtíðartekjutjóni á þann hátt, að reiknað er, hvaða upphæð þurfi að leggja fyrir í dag til þess að eiga kr. 6.000.000 árið 1995, með umræddum vöxtum. Einnig er tekið tillit til dánar- og örorkulíka Jóns til 1995. Það er því ljóst, að núgildi (þ. e. sú upphæð, sem bæta verður Jóni í dag) þess tjóns, sem Jón verður fyrir 1995, verður því lægra sem vextirnir eru hærri. En hvað mega vextirnir vera háir? Þar sem tjón Jóns þetta tiltekna ár er jafnt og þau laun, sem hann hefði haft þá, þ. e. kr. 6.000.000 hækkað í hlutfalli við laun, er ljóst, að hann verður að geta ávaxtað fjármagnið eins vel og laun hækka og þó betur, sem vöxtunum í útreikningnum nemur. Ávöxtun fjármagns, sem er meiri en nemur launahækkunum, er varla unnt að ná hér á landi nema með spariskírteinum ríkissjóðs, sem þó gefa ekki meira en 2% til 3% ávöxtun umfram hækkun launa. (Þau bestu.) Það er því ekki skynsamlegt að nota hærri vexti en 2% og í hæsta falli 4% við útreikning á bótum vegna framtíðartekjutjóns.

Hér að ofan var einungis rætt um tekjutjón Jóns árið 1995. En samsvarandi er tekjutjónið metið ár fyrir ár, og þannig er heildartekjutjónið fundið“

Lögmaður stefndu lagði fram vottorð sérfræðings í bæklunarsjúkdómum um skoðun á hnéáverka stefnanda og athugun á afleiðingum hans.

IV.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Magnúsi byggjast á því, að hann hafi með ógætilegum akstri sínum í umrætt sinn valdið stefnanda tjóni, sem honum beri að bæta samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hann hafi ekið bifreið sinni í myrkri á hægri vegarhelmingi og sveigt henni beint að hópi fólks, sem gekk á gagnstæðri brún vegar og ekið viðstöðulaust á stefnanda. Þá beri hann og fébótaábyrgð á tjóni stefnanda sem eigandi bifreiðarinnar Ö 5069 skv. 1. mgr. 67., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Ekki sé hægt að finna neina sök hjá stefnanda á slysinu og þótt hann hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, eigi sú ölvun engan þátt í slysinu eða meiðslum hans. Stefnandi hafi gengið yst á hægri vegarbrún og því átt að vera algerlega óhultur fyrir bifreið stefnda Magnúsar, sem kom á móti honum, en bar að aka hinum megin á götunni, og stefnandi hafi því enga möguleika haft á að forða sér. Kröfur stefnanda á hendur Hagtryggingu h/f byggjast á 1. mgr. 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga, sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. sömu laga.

Í greinargerð af hálfu stefnda er viðurkennt, að bótaskylda bifreiðareiganda, stefnda Magnúsar, falli undir 1. mgr. 67. gr., en bifreiðin Ö 5069 hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Hagtryggingu h/f. Því er þó jafnframt haldið fram, að óhjákvæmilegt sé að fella niður bætur að miklu og raunar mestu leyti, þar sem stefnandi hafi sjálfur verið valdur að slysinu og borið ábyrgð á því. Hann hafi verið á ferli úti á miðri götu um miðja nótt í svartasta skammdeginu, meira eða minna í hvarfi við annað fólk og auk þess miður sín að einhverju leyti vegna áfengisáhrifa. Stefndi Magnús hafi beygt af Birkiteigi inn í Vesturgötu fremur til hægri í götunni miðað við aksturssteﬁnu. Þegar bifreiðin hafi komið inn í Vesturgötu, hafi eitt ungmennanna, sem voru með stefnanda, stokkið í veg fyrir hana. Stefndi Magnús hafi sveigt bifreiðinni til hægri, en í þeim svifum hafi stefnandi, sem hafði gengið nokkru aftar og lengra til hliðar en hinn maðurinn, birst fyrir framan bifreiðina. Hafi stefndi Magnús ekki getað varnað því, að bifreiðin lenti á stefnanda, sem hafi orðið fyrir framenda hennar vinstra megin. Stefndi Magnús hafi reynt að sveigja enn legra til hægri og bifreiðin þá lent aftan á kyrrstæðri bifreið. Með tilliti til þess, að stefnandi og félagar hans hafi átt sök á því, hvernig fór, með gálausu og vítaverðu framferði, en ekkert liggi fyrir um, að nokkuð hafi verið athugavert við akstur bifreiðarinnar Ö 5069, sem hafi verið í góðu lagi, geti stefndu ekki fallist á að bera nema mjög lítinn hluta bótaábyrgðar, enda ættu bætur jafnvel að falla alveg niður. Því er haldið fram af hálfu stefndu, að telja verði ósannað, að örorka sé rétt metin og að hún sé öll afleiðing af slysinu, enda hafi stefnandi tekið sjálfur af þær gipsumbúðir, sem á voru settar vegna meiðsla í fæti. Örorkubótakrafan sé einnig allt of há fyrir þá sök, að hún sé ekki reiknuð eftir eðlilegum forsendum, sérstaklega að því leyti, að hún sé miðuð við alltof lága vexti. Miskabótakröfu er mótmælt sem of hárri og minnt á, að stefnandi hafi yfirleitt komist vel frá meiðslum sínum. Að lokum mótmæla stefndu vaxtakröfu stefnanda.

V.

Stefndi Magnús hafði, er hann ók frá Kirkjuvegi vestur Vesturgötu, séð stefnanda og þá, sem með honum voru, og gert sér grein fyrir, að um var að ræða hóp ölvaðra ungmenna. Er slysið varð, þykir hann ekki hafa hagað akstri sínum svo sem honum bar miðað við aðstæður eða sýnt þá varkárni, er ætlast varð til, er ekið var í myrkri um þéttbýlt svæði. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaganna bera stefndu óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda að því leyti sem ekki verður talið, að hann sé meðvaldur að slysinu samkv. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna.

Stefnandi var ölvaður í umrætt sinn. Hann var dökkklæddur, og af gögn-

um málsins verður ályktað, að hann hafi gengið nálægt miðju vegarins. Telja verður ljóst, að hann hafi sýnt verulegt gáleysi og sé því meðvaldur að slysinu. Hæfilegt þykir að telja stefnanda eiga ⅓ hluta sakar, þannig að stefndu beri að bæta honum ⅔ hluta tjóns hans.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón	kr.	9.007.000
2. Miskabætur	kr.	1.500.000
	Kr.	10.507.000
Frá dragast greiðslur úr sjúkra- og orlofssjóði Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur	kr.	118.000
	Kr.	10.389.000
3. Útlagður kostnaður vegna örorkumats, tjónútreiknings, læknisvottorðs, sjúkraflutnings og ljósritunar skattframtala	kr.	158.600
Einnig hefur verið lagður fram reikningur vegna viðbótar við örorkuútreikning	kr.	40.000

Kröfurnar miðast við gkr., en dómsniðurstaða við nýkr.

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum í dómkröfu stefnanda:

1.

Dómurinn telur, að leggja beri örorkumat tryggingalæknisins til grundvallar dómi í máli þessu, enda hefur því eigi verið hnekkt eða nægilega sýnt fram á, að það sé óraunhæft.

Samkvæmt því verður útreikningur dr. Péturs H. Blöndal á tekjutjóni vegna tímabundinnar örorku, gkr. 1.502.000, lagður til grundvallar. Áætlaður missir framlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð verður ekki metinn sem tjón í dómi þessum.

Varðandi tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku verður lagður til grundvallar sá útreikningur tryggingafræðingsins, er miðast við 5% ársávöxtun fjár, þ. e. gkr. 6.351.000. Um áhrif hárra vaxta í útreikningi örorkutjóns til lækkunar niðurstöðu vísast til dskj. nr. 4 og 22, en jafnframt ber að geta þess, að 5% eftirágreiddir ársvextir tákna lægri raunvexti á verðbólgutíma. Miða ber að því, að tjónþoli fái sem næst fullar bætur að því marki, sem hann dæmist eiga rétt til að öðru leyti. Ekki er ástæða til að víkja frá þeirri áratugalöngu dómvenju, að við útreikninga örorkutjóns — slysadagsverðmætis varanlegs vinnutekjutaps - skuli lagðir til grundvallar vextir af almennum spariinnlánum, enda styðst sú regla við all-

ljós rök. Þó hefur ekki verið miðað við hærri vexti en 13% á ári, þótt almennir vextir hafi orðið mun hærri, enda í þeim fólginn verulegur verðþensluþáttur. Með stoð í VI. og VII. kafla, en einkum 2. mgr. 40. gr. laga nr. 13/1979, hefur Seðlabanki Íslands við ársfjórðungslegar auglýsingar um vexti við innlánsstofnanir o. fl. frá og með 29. maí 1979 (gildistími frá 1. júní s. á.) greint heildarvexti í annars vega grunnvexti og hins vegar verðbótaþátt. Varðandi innlánsvexti almennra sparisjóðsbóka hafa grunnvextir þannig ávallt verið ákvarðaðir 5% á ári, en verðbótaþáttur hefur verið mishár.

Þegar litið er til skattfrelsis, hagræðis eingreiðslu og annars þess, sem hér skiptir máli, er hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkv. þessum lið kr. 60.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur úr sjúkra- og orlofssjóði.

2.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðið kr. 7.500.00.

3.

Stefndu hafa ekki mótmælt þessum kröfulið, en rétt er að reikna hann með málskostnaði.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda hæfilega ákveðið kr. 67.500.00. Ber að dæma stefndu óskipt til að greiða 2/3 hluta þess, eða kr. 45.000.00, ásamt vöxtum þeim, sem krafist hefur verið, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur á dómsuppsögu stafar af páskaleyfi og embættisönnun dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Magnússon og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnanda, Jóni Emilssyni, kr. 45.000.00 með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað, kr. 10.000.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 223./1981. **Hafnarbíó h/f**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Filmverhuurkantoor De Dam B.V.
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Skuldamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en þess til vara, að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 75.604.20 krónur án vaxta. Þrautavarakröfur aðaláfrýjanda eru þessar: 1. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 94.203.64 krónur án vaxta. 2. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 21.122.31 bandaríkjadollara án vaxta. 3. Að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 26.041.94 bandaríkjadollara án vaxta. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1981. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum 43.685.61 bandaríkjadollara með 10% ársvöxtum frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á. og 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir gagnáfrýjandi þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi vanefndi samning þann, er í málinu greinir, bæði að því er varðar uppgjör og greiðslu leigugjalds. Telja verður, að í skiptum aðilja í tilefni af þessum vanefndum hafi aðaláfrýjandi fallist á, að gjaldið skyldi gert upp og greitt í bandarískum dollurum. Þá ber að skýra samninginn þannig, að gera hafi átt upp leigugjald fyrir hverja mynd út af fyrir sig.

Ekki er um það deilt, að uppgjör hafi átt að fara fram og greiðslur átt að inna af hendi á þeim dögum, er greinir í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Ekki er heldur neinn ágreiningur um, hverjar séu þær fjárhæðir, sem koma eiga til skipta með aðiljum samkvæmt samningi þeirra, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Með hliðsjón af málflutningi aðilja ber að líta svo á, að fjárhæð sú, er við nefnt uppgjör reyndist umfram fyrirframgreiðsluna, 3.500.00 dollarar, hafi átt að skiptast með aðiljum á þann veg, að í hlut aðaláfrýjanda kæmi 40%, en í hlut gagnáfrýjanda 60%.

Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, en útreikningar þeir, sem byggt er á í dóminum, hafa ekki verið vefengdir miðað við þá aðferð, sem notuð var. Vextir ákveðast eins og segir í dómsorði.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 100.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hafnarbíó h/f, greiði gagnáfrýjanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h Filmverhuurkantoor De Dam B.V., 30.110.31 bandaríkjadollara með 10% ársvöxtum frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 10% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel, að vexti eigi að ákveða eins og segir í dómsorði hins áfrýjaða dóms og 16% ársvextir reiknist til 21. apríl 1982, 15% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 2. júní sl., hefur Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Filmverhuurkantoor „De Dam" B.V., Hemonylaan 21, Amsterdam 1008, Hollandi, með stefnu, birtri 11. september 1980, á hendur Jóni Ragnarssyni forstjóra f. h. Hafnarbíós h/f í Reykjavík.

Endanlegar kröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiðs US $ 43.685.61, en til vara jafngildi að íslenskum krónum með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. október 1979 til 9. janúar 1980, af US $ 30.813.95 og af US $43.685.61 frá 9. janúar 1980 til greiðsludags. Þá verði stefnda og gert að greiða stefnda málskostnað skv. lágmarkstaxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar gerðu með sér samning, undirritaðan 6. desember 1973. Fyrirtækið De Dam sem leigusali og Hafnarbíó sem leigutaki sömdu þar um leigu kvikmynda, sem gerðar eru af Charley Chaplin, eftir nánari ákvæðum, sem um greinir í samningnum, sem fram er lagður á dskj. nr. 3. Alls voru myndir þessar 10 að tölu. Á dskj. nr. 15 kemur fram þýðing löggilts skjalaþýðanda á þeim atriðum samningsins, sem aðiljar eru sammála um, að hér skipti máli. Þar segir:

„2. Landsvæði

Réttindin, sem veitt eru samkvæmt samningi þessum, ná til landsins og ríkisins Íslands, eins og til þess er stofnað, þegar samningur þessi er gerður (og sem í samningi þessum nefnist landsvæði), en þau eiga ekki að ná til skipa á úthafinu, járnbrautarlesta eða flugvéla hverju nafni sem nefnast.

3. Afgjald

(i) Í afgjald vegna leyfisins, sem veitt er samkvæmt samningi þessum, ber leyfistaka að greiða leyfisveitanda fyrirfram og vegna hluta vergrar

innheimtu samkvæmt skilgreiningu samnings þessa 35.000 Bandaríkjadollara (þrjátíu og fimm þúsund) nettó, án þess nokkru sé haldið eftir samkvæmt íslenskum ákvæðum eða öðrum, ellegar öðrum eigna-, neyslu- eða viðskiptasköttum eða útsvörum, og ofangreinda upphæð ber að greiða sem hér segir:

a)10% (3.500 Bandaríkjadollara) daginn, sem samningur þessi gengur í gildi.

b) Eftirstöðvarnar hvenær sem er eða af og til innan tímabils, sem lýkur hinn 31. desember 1974. Þegar sérhver greiðsla, sem gjaldfallin er samkvæmt staflið b) fer fram, ber leyfistaka einnig að greiða félaginu vexti, er nemi tíu af hundraði (10%) á ári af umræddri greiðslu, sem safnast saman frá degi til dags frá fyrsta degi samnings þessa, þar til umrædd greiðsla fer fram. Allar upphæðir, sem greiða ber samkvæmt staflið b), þ. á m. vexti, ber að tryggja með óafturkallanlegri ábyrgð fyrsta flokks íslensks banka, en ábyrgðarskjalið ber að afhenda leyfisveitanda við undirritun samnings þessa. Leyfistaka ber að greiða allan kostnað, sem hlýst af útvegun framgreindrar ábyrgðar. Leyfistaka ber að halda eftir einu hundraði af hundraði (100%) framangreinds óafturkræfs framlags hluta leyfisveitanda af vergri innheimtu, sem greiða ber leyfisveitanda, eins og skilgreint er í eftirfarandi ákvæðum.

(ii)Leyfistaka heimilast að draga eftirfarandi frá vergum innheimtum: Raunveruleg, rýmileg og rétt útgjöld leyfistaka, sem hljótast eingöngu í sambandi við: endurútgáfur, auglýsingar, vátryggingu, ritskoðunargjöld, útgáfaréttargjöld, innheimtukostnað á sýningum (utan málskostnað, nema leyfisveitandi hafi heimilað málaferlin skriflega), kostnað við sendingu endurútgáfu og auglýsingaefnis til eða frá leyfisveitanda, kostnað vegna nauðsynlegra þýðinga samtalsblaða, þýðinga, skráðra texta og/eða þýðinga innsetningarspjalda og tollgjalda samkvæmt reikningum til leyfistaka. Almennur rekstrar- og stjórnunarkostnaður er sérstaklega undanþeginn og ekki frádráttarbær á neinn hátt.

(iii) Umboðslaun vegna dreifingar, er nemi þrjátíu af hundraði (30%) nettó innheimtuupphæða, þar til leyfistaki hefur að fullu dregið frá framlagið, sem leyfisveitanda er greitt samkvæmt 3. lið (i) a) samnings þessa.

(iv) Þegar leyfistaki hefur dregið ofangreint framlag frá, ber honum að halda eftir fjörutíu af hundraði (40%) allra nettó innheimtuupphæða, sem síðar koma til, enda eru það umboðslaun dreifingaraðila.

(v) Orðin vergar innheimtuupphæðir eiga við allar upphæðir, sem leyfistaka greiðast vegna sýninga og hagnýtingar myndanna og útdrátta úr þeim, án nokkurs frádráttar.

(vi)Til að geta staðfest heimilaða frádrætti samkvæmt 3. lið og gagnkröfu

vegna kostnaðar leyfistaka, eins og skilgreint er í 3. lið (ii) hér að framan, ber leyfistaka að hafa aðskilið bókhald fyrir sérhverja mynd, og má á engan hátt blanda uppgjöri vegna myndar saman við neinar aðrar myndir, sem skráðar eru samkvæmt samningi þessum. Alla frádrætti og útgjöld, sem eru endurkröfuhæf, ber að skrá í bækurnar og fylgi kvittaðir reikningar, þegar mögulegt er.

4. Greiðsla

Allar greiðslur, sem leyfistaka ber að senda leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum, á að senda leyfisveitanda með ávísun eða bankayfirfærslu í gjaldmiðli landsvæðisins á reikning leyfisveitanda í Bank MEES & Hope N.V., 548 Heerengracht, Amsterdam, Hollandi, eða á annað heimilisfang, sem leyfisveitandi kann að tilkynna skriflega á hverjum tíma. Allar greiðslur, sem leyfistaka ber að inna af hendi samkvæmt samningi þessum, á að greiða leyfisveitanda í næsta mánuði eftir að leyfistaki tók við þeim, og ber leyfistaka að láta í té mánaðarleg uppgjör, er sýna viðeigandi útreikninga tekna og frádrátta aðskilið og á engan hátt reiknaða fyrir eina mynd eða fleiri fyrir sérhverja myndanna (aths. þýð.: sic).

Sé ekki hægt að senda greiðslu til þess staðar, er í samningnum greinir, vegna reglugerðar stjórnvalda, fellst leyfistaki á að fara að beiðni leyfisveitanda (svo fremi leyfistaki geti gert það að lögum og að tilskyldum viðeigandi lögum og reglugerðum) og leggja í banka á landsvæði, sem leyfisveitandi tilgreinir, upphæðina í gjaldmiðli landsvæðisins, er hefði átt að greiðast leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum, þannig að leyfisveitandi geti ráðstafað henni að eigin vild.

Leyfistaka ber að greiða hverskyns skatta, álögur eða gjöld (þar á meðal kvótaleyfi, óviss innflutningsleyfi eða ámóta álögur) samkvæmt hverskyns lagareglum, reglugerðum eða opinberum heimildum á landsvæðinu vegna leyfisgjalda, leigugjalda, filma, mynda, kálfa, auglýsinga og annars efnis eða fyrir réttindi og forréttindi til að nota það í sambandi við einhverja myndanna, hvort sem er við innflutning einhvers efnis frá leyfisveitanda samkvæmt samningi þessum eða á annan hátt. Tilgangurinn er sá, að upphæðirnar, sem í samningnum greinir og sem leyfistaka ber að greiða leyfisveitanda, séu nettó fyrir félagið og án allra skatta, álaga eða greiðslna hverju nafni sem nefnast."

Að loknum leigutíma skv. samningnum átti leigutaki að skila hverri mynd ásamt öllum fylgigögnum.

Stefndi hefur greitt sem fyrirframgreiðslu US $ 35.000.00 fyrir allar myndirnar, eða US $ 3.500.00 fyrir hverja mynd.

Mikil bréfaskipti og viðræður hafa átt sér stað milli aðiljanna, sérstaklega eftir að stefnandi fól Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni að heimta

flestar kvikmyndanna frá stefnda með fógetavaldi, en þrátt fyrir það og ítrekaðar tilraunir til reikningsuppgjörs milli aðilja, m. a. með aðstoð löggilts endurskoðanda, þá hefur það ekki tekist. Stefnufjárhæðina miðar stefnandi við útreikninga sína, sem fram koma á dskj. 11 og 12. Útreikningar stefnanda eru byggðir á upplýsingum og reikningsuppgjörum, sem forsjármaður stefnda hefur gert með aðstoð endurskoðanda, sem stefnandi réð til þess. Uppgjör endurskoðandans kemur fram á dskj. 17 og 18. Skilagreinar skv. þeim dskj. eru undirritaðar sem réttar af Jóni Ragnarssyni, forstjóra Hafnarbíós. Af stefnda hálfu er því þó haldið fram, að skilagrein, sem fram kemur á dskj. nr. 16 og einnig er undirrituð af nefndum forstjóra, eigi að gilda í uppgjöri aðilja, enda þótt stefndi hafi verið reiðubúinn til uppgjörs á grundvelli dómskj. 17—18 til samkomulags. Dómskjal 16 er fyrr unnið en uppgjör endurskoðandans, sem fram kemur á dskj. 17 og 18. Samkvæmt því uppgjöri greiddi stefndi til stefnanda $ 2.837.17. Stefnandi felldi sig ekki við það uppgjör, og því var endurskoðandinn ráðinn.

Samkvæmt dskj. 12 telur stefnandi stefnda skulda sér í fyrsta lagi skv. bréfi stefnanda, dags. 16. október 1979, þ. e. dskj. 11, $ 30.813.95, þar við bætist skv. síðara uppgjöri endurskoðandans, dómskj. 18, og útreikningi stefnanda vegna tveggja mynda í fyrsta lagi US $ 8.179.82 og í öðru lagi US $ 4.691.84, eða þannig samtals US $ 43.685.61.

Samkvæmt bréfi stefnanda, dskj. nr. 11, telur hann, að endurskoðandinn hafi misskilið samning aðilja að því er varðar 3. gr., III. IV. Efnislega eigi uppgjörsaðferð samkvæmt samningi að vera sú, að fram að þeim tíma, er Hafnarbíó hefur fengið fyrirframgreiðslu sína aftur að fullu, fái bíóið 30% af nettótekjum í dreifingarumboðslaun, en eftir þann tíma fái það 40% af nettótekjum. Stefndi, De Dam, notar 30% + 10% aðferð, því takmörkin milli þessara tveggja reikningsaðferða séu ókunn, þar sem Hafnarbíó hafi ekki skilað uppgjörum á réttum tíma. De Dam telur sig komast nær sanni þannig, því skv. þeirra útreikningum fái Hafnarbíó 37.25% af nettóhagnaði af öllum myndunum.

Útreikningar Hafnarbíós gefi þeim 56.5% hlut af nettótekjum. Mismunurinn á þessum tveimur aðferðum komi best fram á dskj. nr. 12 og sé svohljóðandi:

„HAFNARBIO SPLIT

Title	*Cross*	*Costs*	*Hafnarbíó Share*	*De Dam Share*
CHAPLIN REVUE	4.765.445	669.755	2.375.500	1.720.190
KING IN NEW YORK	3.173.606	1.075.300	1.217.018	881.288
CIRCUS	4.348.358	523.954	2.218.154	1.606.250
MONSIEUR VERDOUX	1.394.588	876.187	300.672	217.729
CITY LIGHTS	4.719.614	601.374	2.388.579	1.729.661
COLD RUSH	3.324.689	564.176	1.601.098	1.159.415
LIMELIGHT	1.250.524	498.791	436.005	315.728
KID/IDLE CLASS	2.281.313	481.268	1.044.026	756.019
GREAT DICTATOR	2.627.579	510.633	980.257	1.136.689
MODERN TIMES	2.404.795	479.006	1.007.055	918.734
	Ikr. 30.290.511	6.280.444	13.568.364	10.441.703

HAFNARBIO gets 56.5% of net (i.e. Gross less costs)

JOHN WATTS SPLIT

CHAPLIN REVUE	4.765.445	669.755	1.515.405	2.580.285
KING IN NEW YORK	3.173.606	1.075.300	776.373	1.321.933
CIRCUS	4.348.358	523.954	1.415.029	2.409.375
MONSIEUR VERDOUX	1.394.588	876.187	191.808	326.593
CITY LIGHTS	4.719.614	601.374	1.523.749	2.594.491
COLD RUSH	3.324.689	564.176	1.021.390	1.739.123
LIMELIGHT	1.250.524	498.791	278.141	473.592
KID/IDLE CLASS	2.281.313	481.268	666.016	1.134.029
GREAT DICTATOR	2.627.579	510.633	824.532	1.292.414
MODERN TIMES	2.404.795	479.006	730.859	1.194.930
	Ikr. 30.290.511	6.280.444	8.943.302	15.066.865

HAFNARBIO gets 37.25% of net (i.e. Gross less costs).“

Af hálfu stefnanda er vitnað til útreikningsaðferða stefnanda á dskj. 11 og 12 og því haldið fram, að þar sem ekki hafi borist greinargerðir og uppgjör stefnda, eins og fyrir sé lagt í samningnum, eigi að leggja útreikningsaðferðir stefnanda til grundvallar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skv. samningi aðilja eigi greiðslur hans að fara fram í íslenskri mynt. Því eigi að miða greiðslur hans við gengi íslenskrar krónu, þegar sýningum hverrar myndar lauk. Leigutími hafi verið 3 ár og hafi því leigu átt að vera lokið í árslok 1976. Hann heldur fast við uppgjör á grundvelli dómskj. nr. 16. Sýknukröfu sína byggir hann skv. greinargerð á því, að stefnandi skipti fyrirframgreiðslu US $ 35.000.00 ranglega upp á einstakar kvikmyndir. Af þessum sökum sé ætlast til, að stefndi beri tap af tveimur myndanna. Þá sé hlutur stefnda í hagnaði ranglega reiknaður í því tilviki, sem honum eru ætluð 40% af hagnaði, enda sé það viðurkennt af stefnanda í dskj. nr. 12. Enn fremur liggi það ekki ljóst fyrir, hvort tillit sé tekið til allra útgjalda, þar sem uppgjör á nettótekjum liggi ekki fyrir. Verði túlkun stefnanda á samningi málsaðilja, dskj. 3, lögð til grundvallar, verði samningurinn að dæmast ógildur, sbr. ákvæði 32. gr. laga 7/1936 og 7. gr. laga 58/1960. Bendir stefndi sérstaklega á ákvæði 18. gr. samningsins í þessu sambandi. Þá mótmælti stefndi sérstaklega kröfu stefnanda um dráttarvexti á þeim grunni, að ekki sé heimild til töku slíkra dráttarvaxta í samningi aðilja eða skv. lögum.

Álit dómsins.

Samkvæmt 3. gr. í samningi aðilja verður að telja, að samningurinn sé gerður í bandaríkjadollurum. 4. gr. samningsins þykir varða greiðslutilhögun samkvæmt samningnum, en ekki mynt né þann tíma, sem reikna eigi gengi dollars gagnvart íslenskri krónu í skiptum aðilja.

Á dómskj. 17 og 18 eru skilagreinar, sem undirritaðar eru af forsjármanni stefnda sem séu þær réttar og samdar eru samkvæmt upplýsingum hans og gögnum af endurskoðanda, sem til þess var fenginn af stefnanda. Skilagreinar þessar eru síðar gerðar, en skilagrein dómskj. 16. Stefndi uppfyllti ekki ákvæði 4. gr. samnings aðilja, sbr. dómskj. 3, sbr. dómskj. 15, um mánaðarlegt uppgjör varðandi tekjur og heimilaðan kostnað.

Af hálfu stefnda er að vísu hér fyrir dómi byggt á skilagrein dómsk. nr. 16, en þar sem forsjármaður stefnda hefur samkvæmt framansögðu undirritað skilagreinar dómskj. 17 og 18 sem réttar, upplýst er, að hann var reiðubúinn til uppgjörs á grundvelli þeirra, og hann hefur ekki farið eftir 4. gr. samningsins um mánaðarleg uppgjör, verður stefndi talinn bundinn við síðari skilagreinarnar, en stefnandi reisir útreikning stefnukröfunnar á þeim.

Að þessu skoðuðu þykir ekki annað vera hér til úrlausnar en hver eigi að vera útreikningur á afgjaldi vegna leigu á myndunum samkvæmt 3. gr. samnings aðilja. Mismunur útreikningsaðferða stefnanda og stefnda kemur fram á dómskj. 11 og 12, sbr. uppgjör dómskj. 17 og 18. Þegar skoðað er niðurlag 1. tl. 3. gr. samnings aðilja í samhengi við 3. tl. og 4. tl. sömu

greinar, þykir eiga að skipta „hreinum“ tekjum vegna leigu á myndunum þannig, að fyrst eigi að óskiptu að reikna stefnda jafngildi fyrirframgreiðslunnar, $ 3.500.00, af hverri mynd, en þó aldrei hærri fjárhæð en 30% af „hreinum“ tekjum. Séu „hreinar“ tekjur hins vegar hærri, verði skipting þess, sem umfram er, í hlutföllunum 40% og 60%.

Útreikningur skiptingarinnar verður þá þannig:

Mynd og sýningardagur		*„Hreinar tekjur“*	*$ 3.500 eða 30%*	*Til skipta í 40% og 60%*	*Hafnarbíó 40%*	*De Dam 60%*	*Gengi dollars*	*De Dam í dollurum*	*Fyrirfr. greiðsla*	*Eftir stöðvar*
Chaplin Revue	20/12 '78	4.095.690	418.950	3.676.740	1.470.696	2.206.044	318.50	6.926.35	3.500	3.426.35
A King in New York	18/1 '78	2.098.306	418.950	1.679.356	671.742	1.007.614	315.00	3.199.77	3.500	0
The Circus	26/11 '77	3.824.404	418.950	3.405.454	1.362.182	2.043.272	213.40	9.574.85	3.500	6.074.85
Monsieur Verdoux	7/4 '77	518.401	155.520	362.881	145.152	217.729	192.40	1.131.64	3.500	0
City Lights	26/12 '76	4.118.240	418.950	3.699.290	1.479.716	2.219.574	189.90	11.688.12	3.500	8.188.12
The Gold Rush and										
A Dogs Life	19/12 '77	2.760.513	418.950	2.341.563	936.625	1.404.938	170.30	8.249.78	3.500	4.749.78
Limelight	28/10 '75	751.733	225.520	526.213	210.485	315.728	165.90	1.903.12	3.500	0
The Kid and the										
Idle Class	24/4 '75	1.800.045	418.950	1.381.095	552.438	828.657	151.00	5.487.79	3.500	1.987.79
The Great Dictator	6/6 '74	741.551	222.465	519.086	207.634	311.452	94.20	3.306.28	3.500	0
Sama	20/4 '78	1.375.395		1.375.395	550.158	825.237	255.30	3.232.42		3.232.42
The Modern Times	23/12 '73	1.315.217	294.000	1.021.217	408.487	612.730	84.00	7.294.40	3.500	3.794.40
Sama	7/2 '75	30.093		30.093	12.037	18.056	119.70	150.84		150.84
Sama	14/10 '77	580.479		580.479	232.192	348.287	209.20	1.664.85		1.664.85
		24.010.067	3.411.205	20.598.862	8.239.544	12.359.318		63.809.21		33.269.40
Frá dregst innborgun skv. fskj. með dskj. nr. 11										3.159.09
Skuld Hafnarbíós við De Dam										30.110.31

Upphafstíma vaxta samkvæmt kröfu stefnanda er ekki sérstaklega mótmælt, og þykir því mega við hann miða. Samkvæmt stoð í samningi aðilja og ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vanskilavexti af erlendum skuldum, sbr. auglýsingar, sem gildi tóku 1. júní 1980, 13. febrúar 1981 og 1. júní 1981, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, þykir rétt að ákveða hæð vaxta sem hér segir: 10% ársvexti frá 16. október 1979 til 1. júní 1980, 13% ársvexti frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en 15% ársvexti frá þeim tíma til 1. júní 1981, en 16% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00, og hefur þá verið litið til málskostnaðarreiknings stefnanda, dómskj. 32.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni hæstaréttarlögmanni og Jónatan Þórmundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Hafnarbíó h/f, greiði stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Filmverhuurkantoor „De Dam" B.V., $ 30. 110.31 með 10% ársvöxtum frá 16. október 1979 til 9. janúar 1980 af $ 21.267.80 og af $ 30.110.31 frá þeim degi til 1. júní 1980, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 40.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför.

Föstudaginn 24. júní 1983.

Nr. 205/1980. **Hekla h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík og Hótel Heklu
(Ólafur Axelsson hrl.).

Vörumerki. Firma. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota nafnið Hótel Hekla í firma sínu og skylt að láta afmá nafnið úr verslanaskrá Reykjavíkur að viðlögðum dagsektum, er renni til áfrýjanda, og að fullnægingarfrestur skyldunnar verði 15 dagar frá uppkvaðningu dóms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fyrir Hæstarétti greinir aðilja eingöngu á um það, hvort firmanafn stefnda brjóti í bága við rétt áfrýjanda samkvæmt hinu skráða vörumerki hans HEKLA.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1/1969 um tilkynningar og skráningu vörumerkja o. fl. skal í tilkynningu um vörumerki til vörumerkjaskrár tilgreina þá vöruflokka og flokka þess verks eða þjónustu, sem merkið óskast skráð í samkvæmt flokkaskrá þeirri, sem er fylgiskjal með reglugerðinni. Í flokkaskrá þessari eru taldir 42 flokkar, 1—34 fyrir vörur og 35—42 fyrir þjónustu. Hótelrekstur er ekki nefndur sérstaklega í neinum flokkanna og fellur því undir 42. flokk, sem kallast „önnur þjónusta, sem flokkar nr. 35—41 ekki taka til."

Eins og greinir í héraðsdómi, fékk áfrýjandi vörumerkið HEKLA skráð í vörumerkjaskrá fyrir allar vörur og þjónustu í 1.—42. flokki hinn 21. ágúst 1975. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1968 veitir skráning þessi áfrýjanda vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni vörumerki, sem villst verður á og hinu skráða merki. Tekur vernd þessi, eins og áður segir, til hótelrekstrar, enda þótt áfrýjandi hafi ekki neytt réttar síns að því leyti. Verður því að telja, að notkun stefnda á nafninu Hótel Hekla í atvinnurekstri og skráning þess í firmaskrá hinn 6. apríl 1977 hafi veri óheimil. Ber samkvæmt því og með lögjöfnun frá 10. gr. laga nr. 42/1903 að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota nafnið Hótel Hekla í firma sínu og að hann verði skyldaður til þess að láta innan 15 daga frá birtingu dóms þessa afmá nafnið úr verslanaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 300.00 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna í Reykjavík, skal óheimilt að nota nafnið Hótel Hekla í firma sínu, og ber honum að láta innan 15 daga frá birtingu dóms þessa afmá nafnið úr verslanaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 300.00 króna dagsektum, sem renni til áfrýjanda.

Stefndi greiði áfrýjanda 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Áfrýjandi fékk skráð í vörumerkjaskrá hinn 21. ágúst 1975 vörumerkið HEKLA nr. 293/1975 fyrir allar vörur í 1.—42. flokki vöruflokkaskrár samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1/1969. Ekki var

skráð sérstaklega, að vörumerkið væri ætlað fyrir veitinga- eða gistihúsarekstur fremur en aðrar þjónustugreinar, sem koma í 42. flokk vöruflokkaskrárinnar. Áfrýjandi hefur ekki með höndum veitingasölu eða rekstur gistihúsa, er hann noti hið skráða vörumerki sitt við, og sá atvinnurekstur fengi ekki samrýmst tilgangi félagsins, eins og hann hefur verið tilkynntur til hlutafélagaskrár. Í firma stefnda, svo sem það hefur verið skráð, kemur á hinn bóginn skýrt fram, að framangreind starfsemi er sú atvinna, sem firmað er notað við. Er af þessum sökum ekki ætlandi, að villst verði á vörumerki áfrýjanda og hinu skráða firma. Verður ekki talið, að áfrýjandi hafi fyrir skráningu vörumerkis síns öðlast slíkan einkarétt til orðsins HEKLA, að hann geti fyrir lögjöfnun frá 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð eða vegna ákvæða 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, nú 30. gr. laga nr. 56/1978, fengið stefnda dæmt óheimilt að nota það orð í skráð firma sitt á þann hátt sem hann hefur gert.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, en rétt sé, að málskostnaður fyrir Hæstarétt falli niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. febrúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hekla h/f, Laugaveg 170 - 172, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 24. október 1977, á hendur Húsbyggingasjóði Framsóknarfélaganna og Hótel Heklu.

Tilorðning málshöfðunarinnar segir stefnandi vera þá, að hinn 12. ágúst 1942 hafi verið skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur félag stefnanda Heildverslunin Hekla h/f. Hafi tilgangur félagsins verið umboðs- og heildverslun, þ. á m. inn- og útflutningsverslun og skyld atvinna. Nafni félagsins hafi síðan verið breytt hinn 20. desember 1968 í „HEKLA" h/f. Jafnframt hafi þá verið bætt við tilgang félagsins „rekstur verkstæða hverskonar, iðnaður, svo og smásöluverslun og lánastarfsemi." Hinn 21. ágúst 1975 hafi félagið fengið skráð í vörumerkjaskrá vörumerkið „HEKLA" sem nr. 293/1975 fyrir allar vörur og þjónustu í 1. - 42. flokki „Vörumerkjaskrár."

Hinn 6. apríl 1977 hafi svo verið skráð í firmaskrá Reykjavíkur með ótakmarkaðri ábyrgð firmað „HÓTEL HEKLA." Samkvæmt tilkynningunni til firmaskrárinnar var eigandi þessa firma talinn vera „Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna" hér í borg og formaður þess félagsskapar

svo og firmans „HÓTEL HEKLA“ talinn Jón Aðalsteinn Jónasson, Skipholti 64 hér í borg.

Þessa skráningu á firmanafninu „HÓTEL HEKLA“ telur stefnandi brot gegn vörumerkjarétti sínum til vörumerkisins „Hekla“, sem hann hafi með skráningu í 42. flokk vörumerkja m. a. fengið til hótelreksturs. Af þessu tilefni gerir stefnandi þær dómkröfur:

Að stefnda verð dæmt óheimilt að nota nafnið „Hótel Hekla“ í firma sínu.

Að honum verði talið skylt að láta afmá nafnið úr „Verzlunarskrá Reykjavíkur“ að viðlögðum dagsektum, sem renni til stefnanda, og að fullnægjufrestur skyldunnar verði 15 dagar frá birtingu dóms í máli þessu.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Stefnandi styður kröfur sínar með tvennum hætti. Í fyrsta lagi telur hann, að skrásetningarvaldsmanni hafi borið að synja skráningar á tilkynningu Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna. Bendir hann á í því sambandi, að Húsbyggingasjóðurinn sé félgasskapur, sem hafi breytilega félagatölu svo og breytilegan fjárstofn. Leiði því af 33. gr. c) laga nr. 42/1903 um firmu, að slíkt félag skuli talið félag með takmarkaðri ábyrgð. Samkæmt 16. gr. sömu laga skal slíkt félag vera skráð, en Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna er óskráður. Telja verður því félagi með takmarkaða ábyrgð óheimilt að nota á tilteknum þætti atvinnu sinnar sérstakt firma, sem gaf eigi til kynna, að um væri að ræða atvinnurekstur félags með takmarkaðri ábyrgð. Þá bendir stefnandi á það, að tilkynninguna til firmaskrárinnar skorti formskilyrði 18. gr. laganna nr. 42/1903, þar sem þar komi ekki ótvírætt fram, að í henni séu nöfn allra félagsmanna, heldur er þar aðeins getið stjórnarmannna Húsbyggingasjóðsins. Bendir hann og á 9. gr., 2. mgr., laganna. Verður varla annað ráðið en að þeir einir séu eigendur og því geti skuldheimtumenn Hótels Heklu gengið að eignum þeirra einna. Af þessu öllu leiði, að ef viðurkennt verði, að óskráð firma geti verið skráður eigandi annars firma, býður það heim þeirri hættu, að hægt verði að ganga á svig við íslenskar lagareglur um skrásetningu firma. Þar sem hins vegar að skráningarvaldsmaður skráði tilkynningu Húsbyggingasjóðs Framsóknarfélaganna til firmans „Hótel Hekla“, verður að skylda stefnda félag til að þola það, að það verði með dómi dæmt að hlutast til um, að það verði afmáð úr firmaskrá á þeim forsendum, sem að framan er rakið.

Í öðru lagi styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að með skráningu firmans „Hótel Hekla“ hafi stefndi brotið gegn lögvernd vörumerkis síns,

sem hann, eins og áður segir, fékk skráð í alla flokka, 1 - 42, vörumerkjaskrár samkv. fylgiskjali með reglugerð nr. 1 2. janúar 1969, sbr. lög 47/1968. Í þessu efni rekur stefnandi lögvernd vörumerkis gagnvart firmanafni, sem hann þó telur ekki vera nægilega skýrð með gildandi lagaákvæðum. Niðurstaða hans er hins vegar sú, að þar sem um sé að ræða eðlislík hugtök, hljóti lögjöfnun milli firma og vörumerkis að vera tæk, þegar skera þurfi úr um rétt eldra vörumerkis gagnvart yngra firma eða öfugt. Telur hann því vörumerki samkvæmt íslenskum rétti hafa sterkari lagavernd en firmanafn og bendir á í því efni til þess, að vörumerkjalög séu yngri lög en firmalög. Í samræmi við þessa niðurstöðu bendir stefnandi á, að hann hafi mjög lengi notað orðið „Hekla" fyrir starfsemi sína. Fyirtæki sitt hafi verið og er mjög athafnasamt og umsvifamikið og hafði því náð verulegri markaðsfestu. Því hafi forráðamenn fyrirtækisins séð ástæðu þess að fá nafn fyrirtækisins skráð sem vörumerki í alla 42 vöruflokka, þar með talinn hótelrekstur, ef til slíks kæmi af hálfu félagsins. Bendir stefnandi m. a. á í því sambandi, að hann reki mötuneyti fyrir starfsfólk sitt, þar sem öll áhöld séu til lögð af sinni hálfu og séu þau merkt með vörumerki sínu, „HEKLA H.F." Af þessu leiði, að með skrásetningu stefnda á firmanafninu „Hótel Hekla" hafi hann brotið gegn ákvæðum 4. gr., sbr. 6. gr., 7. gr. og 14. gr., 4 tölul., laga nr. 47/1968 svo og 10. gr. laga nr. 42/1903. Enn fremur ákvæðum 8. gr. Parísarsamþykktar, sbr. lög nr. 102/1961, svo og 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn ólögmætum verslunarháttum, þar sem með skráningu firma stefnda sé veruleg hætta á því, að villst verði á starfsemi stefnda við viðskiptasvið stefnanda.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum í fyrsta lagi, að tilkynning sín til firmaskrárinnar og skrásetning firmans Hótel Hekla fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til slíks í firmalögum. Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna í Reykjavík sé juridisk persóna að lögum, sem sé eigandi að hinu skráða firma og beri jafnframt ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess með öllum eignum sínum. Komi þetta skýrt fram í tilkynningunni. Jafnframt komi þar fram, hverjir séu í stjórn sjóðsins og hver hafi prókúruumboð. Í annan stað telur stefndi umrædda skrásetningu á engan hátt brjóta gegn vörumerkjarétti stefnanda. Stefndi fékk skrásett vörumerkið „HEKLA" og því ætlað að ná til allra vöruflokka, þ. e. 1.—42. Það verði að viðurkennast, að í vissum undantekningartilfellum geti skráð vörumerki útilokað skráningu á firma. En það eigi aðeins við, ef vörumerkið hefur náð mjög sterkri ímynd í hugum fólks um ákveðna vöru, sérstök gæði o. s. frv., þ. e. vörumerkið sé mjög virkt innan skráðs vöruflokks og enginn munur í raun gerður á því og firma. Ef hægt væri að láta skrá hin og þessi nöfn sem vörumerki í alla flokka, gefi auga leið, að slíkt mundi leiða til algerrar einokunar á nafninu á öllum sviðum, virkum sem óvirkum, og

þar með fenginn einkaréttur að viðkomandi nafni, og það jafnvel þó væri ekki notað. Slík niðurstaða mundi leiða til þess, að réttarstaða vörumerkis gagnvart firma yrði langtum sterkari en milli firmanafna innbyrðis, þar sem hægt væri að nota sömu nöfn í firmu, aðeins ef þau eru nægilega sérgreind, þannig að engin ruglingshætta sé fyrir hendi. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, er eitt frægasta staðarnafn á Íslandi. Ótækt væri að veita einum aðilja, stefnanda í þessu tilviki, slíkan einkarétt til notkunar nafnsins. Stefnandi rekur ekki hótel, og þar af leiðandi er nafnið óvirkt af hans hálfu. Höfuðatriði sé, þegar meta eigi lagavernd vörumerkis, að eigi skapist hætta á því, að ruglingur verði. Firmanafn sitt kveður stefndi svo afmarkað og bundið við þann rekstur, sem fyrra orðið gefi í ljóst, að ekki hin minnsta hætta sé fyrir hendi, að ruglingur eigi sér stað. Með skráningu firmanafns síns hafi stefndi því á engan hátt brotið gegn rétti stefnanda.

Eins og fyrr segir, er krafa stefnanda studd þeim rökum, að skráningarvaldsmanni hafi borið að synja um skrásetningu hins stefnda firma, þar sem lögskilyrði skorti til skrásetningarinnar. Skráningarvaldsmanni hefur ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í þessu efni. Það er álit dómsins, að krafa stefnanda í málinu verði eigi til greina tekin af þessari málsástæðu einni saman, og verður því tekin afstaða til síðari málsástæðu hans. Hún byggist, eins og fyrr er frá greint, á því, að með skrásetningu firma stefnda hafi hann brotið gegn lögvernduðum vörumerkjarétti sínum. Fallast má á það með stefnanda, að skráð vörumerki hafi lagavernd gagnvart síðara skráðu firma, enda mjótt bil þar á milli, þegar meta á verndina. Stefnandi fékk skráð vörumerkið „HEKLA“ í alla flokka, 1.—42., í vörumerkjaskrá samkv. fylgiskjali með reglugerð nr. 1 frá 2. janúar 1969, sbr. lög nr. 47/1968. Sú vörumerkjaskrá er allítarleg varðandi vörur, en hins vegar takmarkaðri varðandi þjónustu, þótt ætla megi, að reynt hafi verið að gera þann flokk tæmandi. Ljóst er hins vegar, að slík skrá verður aldrei tæmandi talin, og því verður að líta svo á, að 42. flokkur, „önnur þjónusta, sem flokkar nr. 35—41 ekki taka til,“ sé ætluð til væntanlegra möguleika á sviði þjónustu, sem við upptalningu hafi ekki verið séð fyrir, hver yrði. Verður ekki á það fallist með stefnanda, að með skrásetningu vörumerkis síns í þann flokk hafi hann öðlast ótakmarkaða skráningu á nafninu HEKLA um alla framtíð. Nafnið er og eitt kunnasta staðarnafn hér á landi. Það er hins vegar grundvallarsjónarmið í vörumerkja- og firmanafnsvernd, að ekki verði skráð slíkt, ef einhver hætta verði því samfara, að ruglings kunni að gæta. Í hér umræddu tilviki er í firmanafni stefnda fullkomlega afmarkað starfssvið hans, þ. e. hótelrekstur eingöngu. Stefnandi hefur í starfsemi sinni ekki slíkan rekstur. Verður í því sambandi ekki talið, að rekstur mötuneytis hans fyrir starfsfólk sitt megi jafna við hótelrekstur.

Af þessu þykir leiða, að ruglingshætta sé eigi fyrir hendi milli vörumerkis stefnanda og firmanafns stefnda. Er það því niðurstaða dómsins, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir þó rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Húsbyggingasjóður Framsóknarfélaganna og Hótel Hekla, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Heklu h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1983.

Nr. 119/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Má Kjartanssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, sem skráð var í sakadómsbók við uppkvaðningu úrskurðarins 10. þ. m., í því skyni „að fá honum hnekkt." Barst kæran Hæstarétti 14. þ. m.

Í greinargerð til Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 hefur varnaraðili krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Greinargerð hefur ekki borist Hæstarétti frá ákæruvaldi.

Hinn 12. þ. m., áður en skjöl kærumálsins höfðu verið send Hæstarétti, var varnaraðili látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Er um það skráð svo í sakadómsbók 13. þ. m.:

„Um kl. 18.00 í gær, sunnudaginn 12.6. 1983, hafði Már Kjartansson úrskurðarþoli í máli þessu eðlilegar hægðir og fylgdi (sic) þeim engin fíkniefni. Sá grunur um, að Már geymdi fíkniefni innvortis, var þar með úr sögunni, og var honum þegar sleppt lausum úr gæsluvarðhaldi.

Dómari náði símasambandi við Hilmar Ingimundarson hrl. í morgun um kl. 10.30 og skýrði honum frá ofangreindu. Nefndur lögmaður kvað skjólstæðing sinn halda fast við kæru úrskurðarins til Hæstaréttar Íslands til að fá skorið úr um réttmæti hans."

Samkvæmt framansögðu hafði varnaraðili verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi, áður en skjöl málsins voru send Hæstarétti. Var því óþarft fyrir hann að halda kærumálinu áfram til að fá bundinn enda á gæsluvarðhaldsvist sína.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir hafa verið tilefni til að úrskurða varnaraðilja til að sæta gæsluvarðhaldi. Verður krafa hans um, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður verður ekki felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. júní 1983.

Ár 1983, föstudaginn 10. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Þann 8. júní sl. var Már Kjartansson, fæddur 13. júlí 1950, til heimilis að Gnoðarvogi 36, Reykjavík, handtekinn við komu hingað til lands með m/s Eddu ásamt Páli Konráð Konráðssyni Þormar, fæddum 2. júlí 1953, til heimilis að Hverfisgötu 32, Reykjavík. Við leit á Má fannst hassmoli og tvær hasspípur. Einnig hylki, er innihélt leifar af hvítu dufti, er gefur svörun hjá lögreglu sem kókaín.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu, sbr. dskj. nr. II, kveðst Már hafa farið með flugi laugardaginn 29. maí 1983 með Páli Konráðssyni. Hann kveður þá hafa ferðast um Luxemburg, Þýskaland, Danmörk, Holland og Belgíu á

þessu ferðalagi, sem stóð frá 29. maí sl. til 8. júní, þegar þeir komu til landsins með m/s Eddu.

Már kveðst hafa fengið um 30.000 kr. í gjaldeyri fyrir þessa ferð og eytt honum að mestu í ferðinni í áfengisdrykkju.

Már kveðst í greindri yfirheyrslu hafa keypt eitt gramm af hassi í Danmörku og hafi það verið afgangurinn af því efni, sem fannst á honum við komuna hingað til lands.

Aðspurður um hvíta efnið, sem einnig fannst á honum, segir Már það vera pevitin, sem hann fékk að eigin sögn samkvæmt læknisráði í Þýskalandi. Hasspípurnar tvær kveðst Már hafa keypt í Kaupmannahöfn.

Páll Konráð Konráðsson Þormar var einnig yfirheyrður sama dag hjá lögreglu, sbr. dskj. nr. III. Hann bar í meginatriðum á sama veg og Már um þetta ferðlag þeirra. Hann kveðst hafa fengið svipaðan ferðagjaldeyri og eytt honum í þessu ferðalagi, en aldrei þó í fíkniefni.

Hvorugur þessara manna kveðst hafa séð til neyslu eða kaupa hins á fíkniefnum.

Í lögregluskýrslu, sbr. dskj. nr. II, bls. 2, var Má bent á, að hann væri grunaður um að hafa fíkniefni fólgin innvortis, og fór hann í röntgenmyndatöku um kl. 1800 í gær af því tilefni. Að sögn Kristjáns Sigurjónssonar læknis, sem annaðist myndatökuna, var töluvert í ristli Más, en ekkert hægt að segja um það, hvað það var.

Klukkan 1830 í gær kom Már hingað fyrir dóm. Hann kvaðst reiðubúinn til þess í ljósi niðurstöðu röntgenmyndatökunnar að reyna að hafa hægðir í þar til gert salerni.

Nú, kl. 1615 í dag, mætti Már aftur hér í dómi og hafði þá ekki haft hægðir frá því í gær. Þá kvaðst hann hafa neytt lítillar fæðu þann tíma.

Ásgeir Karlsson lögreglumaður, sem hefur aðallega annast rannsókn þessa máls, kvað Má sýnilega reyna að liggja sem mest kyrru fyrir, en Már er geymdur í klefa með myndatökuútbúnaði í, svo hægt sé að fylgjast sem best með háttalagi hans í þágu rannsóknar.

Bæði Már og Páll Konráðsson hafa gerst sekir um fíkniefnamisferli.

Frá september hafa 7 menn verið handteknir grunaðir um að geyma fíkniefni innvortis, og reyndist sá grunur réttur varðandi 6 þeirra. 3 þessara manna sitja nú í gæsluvarðhaldi.

Hjá einum þessara manna komu fíkniefnin ekki niður fyrr en á 6. degi eftir handtöku, en sá maður neytti ekki matar og hélt sem mest kyrru fyrir.

NIÐURSTAÐA

Samkvæmt ofansögðu og gögnum þessa máls er Már grunaður um brot gegn lögum nr. 65/1974 og relugerð 390/1974, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhaldi í máli þessu.

Að öllu þessu athuguðu og virtu og með vísan til 67. gr., 1. mgr., 1. tölul., laga 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Má Kjartanssyni í þágu rannsóknar þessa máls að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir ákveðið allt að 7 dögum frá kl. 1900 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Már Kjartansson, fæddur 13. júlí 1950, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá kl. 1900 föstudaginn 10. júní 1983 að telja.

Mánudaginn 27. júní 1983.

Nr. 123/1983. **Valdstjórnin**
gegn
Guðmundi Þór Guðmundssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting felld niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Með kæru 16. júní 1983, er barst Hæstarétti sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði fellur úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Eigi hefur borist greinargerð né kröfur frá ríkissaksóknara.

Rannsóknargögn fela eigi í sér könnun á því, hversu traust sú aðferð sé, sem lögreglumenn beittu til að mæla ökuhraða varnaraðilja, bæði almennt og svo sem hér stóð á. Að svo vöxnu máli var eigi fullnægjandi grundvöllur til að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða, svo sem lögreglustjórinn í Reykjavík gerði hinn 19. apríl 1983. Ber því að fella úr gildi hinn kærða úrskurð svo og fram-

angreinda ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis varnaraðilja til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 15. júní, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa.

Guðmundur Þór Guðmundsson, Skaftahlíð 8, fæddur 13. mars 1962, hefur í dag krafist þess, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis, er lögreglustjórinn í Reykjavík ákvað 19. apríl sl. og birt var Guðmundi 1. þ. m., verði felld úr gildi. Dómaranum bárust gögn máls þess í hendur 6. þ. m.

Í skriflegri ákvörðun lögreglustjórans um sviptinguna segir, að Guðmundi sé gefið að sök, að hann hafi ekið bifreiðinni G 16065 með 129 km/klst hraða „á mældum vegarkafla austur Miklubraut" þann 25. mars 1983. Kæran er studd skýrslum tveggja lögreglumanna. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðin R 42500 mæld í sama skipti á sama hraða og bifreiðin G 16065, og var síðarnefndu bifreiðinni ekið á vinstri akrein fast á eftir R 42506. Máli ökumanns bifreiðarinnar R 42506 var þann 4. maí sl. lokið hér í dóminum með dómssátt gegn 5.000.00 króna sektargreiðslu og ökuleyfissviptingu í 3 mánuði.

Samkvæmt sakavottorði kærða sættist hann í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. júlí 1981 á greiðslu 1.000.00 króna sektar og að vera sviptur ökuleyfi 1 mánuð frá 17. júlí 1981 fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 varðar mjög vítaverður akstur sviptingu réttar til að stýra vélknúnu ökutæki. Samkvæmt 6. mgr. sömu greinar skal lögreglustjóri svipta mann leyfi til bráðabirgða, ef hann telur hann hafa unnið til sviptingar. Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið, verður krafa um, að bráðabirgðasviptingin verði úr gildi felld, því eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um, að Guðmundur Þór Guðmundsson verði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, verður eigi hnekkt.

Mánudaginn 27. júní 1983.

Nr. 118/1982. **Steypustöðin h/f**
(Svala Thorlacius hdl.)
gegn
Jóni Sigvaldasyni
(Arnmundur Backmann hdl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Kvörtun. Fyrning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1981. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum meðdómsmönnum, um það, að skemmdir á útveggjum í húsi stefnda verði raktar til þess, að steinsteypunni, er áfrýjandi seldi honum, hafi verið áfátt að gæðum, er hún var lögð í steypumótin, en ósannað er, að of mikil vatnsblöndun í steypuna, ef henni hefur verið til að dreifa, hafi verið að beiðni stefnda eða manna á hans vegum. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að nein þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem hafi undanþegið hann skaðabótaábyrgð á göllum á steinsteypunni eftir ákvæðum 3. mgr. 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en á því ákvæði reisir stefndi dómkröfur sínar í málinu alfarið.

Við það þykir mega miða, að stefndi hafi ekki orðið var við, að steinsteypunni hefði verið áfátt, fyrr en skemmdir komu í ljós í útveggjum húss hans síðari hluta júnímánaðar 1976. Þá var hins vegar fyrir löngu fallinn niður allur réttur hans til skaðabóta úr hendi áfrýjanda samkvæmt framangreindu lagaákvæði, þar sem nær 14 ár voru liðin, frá því að stefndi veitti steypunni viðtöku, og því úti sá ársfrestur, sem 54. gr. lausafjárkaupalaga setur kaupanda til að

bera fyrir sig, að söluhlut hafi verið ábótavant. Er í því sambandi þess að geta, að hvorki verður á það fallist með stefnda, að umrætt ákvæði taki ekki til hinnar seldu steinsteypu vegna þess, að fyrir notkun sína hafi hún orðið hluti af fasteign, né er því haldið fram í málinu, að undantekningarákvæði greinarinnar eigi við í skiptum málsaðilja.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var því að vísu haldið fram af hálfu stefnda, að nefnd 54. grein lausafjárkaupalaga ætti engu að skipta um úrslit þessa máls vegna þess, að áfrýjandi hefði ekki borið fyrir sig ákvæði hennar fyrr en í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi í upphafi málssóknarinnar. Ekki verður þó séð, að stefndi hafi hreyft þessu í málinu fyrr en við munnlegan flutning þess fyrir Hæstarétti, svo sem sagt var, og auk þess kemur það fram í bréfi áfrýjanda til stefnda 29. mars 1977, þar sem áfrýjandi hafnar bótakröfum hans, að áfrýjandi hefur þá þegar bent á það, hve langur tími væri liðinn frá skiptum aðilja, synjun sinni til skýringar. Þegar af þessum ástæðum verður ekki fallist á það með stefnda, að áfrýjandi hafi með framkomu sinni firrt sig rétti til að bera fyrir sig ákvæði margnefndrar 54. greinar lausafjárkaupalaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda í málinu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Steypustöðin h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóns Sigvaldasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hlutans, en með eftirarandi rökstuðningi:

Enda þótt steypa verði ekki að fasteign, fyrr en hún hefur bundist og breyst í varanlegt mannvirki, þá er það ekki sjálfgefið, að hún falli undir fyrningarákvæði laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, þar

sem hún er allt annars eðlis en venjulegur verslunarvarningur, sem téð lög taka fyrst og fremst til. Það eru einkum og sér í lagi hinar ýmsu framleiðsluvörur, sem daglega ganga kaupum og sölu, svo sem skæði og klæði, tól og tæki alls konar, sem lög nr. 39/1922 taka yfir. Einkum verður munurinn milli steypu og annars lausafjár skýr, þegar kemur til gallanna og uppgötvunar þeirra. Í venjulegum verslunarvarningi koma gallar yfirleitt fljótt fram eða unnt er að staðreyna þá tiltölulega tímanlega með vandlegri skoðun. Um steypu er þessu þveröfugt farið. Erfitt er að staðreyna galla á steypuefni við afhendingu, og gallar koma yfirleitt ekki í ljós fyrr en mörgum árum síðar, m. a. vegna þess, að steypan er venjulega varin með pússningu eða málningu, nema hvort tveggja sé. Það er því með öllu ótækt að fella skaðabætur vegna steypugalla undir hinn skamma fyrningarfrest 54. gr. laga nr. 39/1922. Slíkt leiðir til ranglætis gagnvart kaupanda, gerir ábyrgð seljanda of léttvæga og stuðlar því eigi að vöruvöndun. Því þarf að skapa dómvenju á þessu sviði, er tekur sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðilja, kaupanda og seljanda steypuefnis. Þess vegna ber að leitast við að finna jafnvægi á metaskálunum milli skaðabótaréttar kaupanda annars vegar og ábyrgðar seljanda hins vegar. Í þeirri leit hljóta lög nr. 15/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda að verða fyrst á vegi. Í þeim lögum er hvergi berum orðum vikið að fyrningu á skaðabótakröfum vegna steypugalla. Því er eðli málsins rétt að skipa kröfu þessari undir ákvæði 4. gr., 2. mgr., laganna og miða við 10 ára fyrningarfrest. En þar með er málið eigi leyst, því að enn á eftir að ákveða upphaf fyrningarfrestsins. Við þá ákvörðun verður að leggja höfuðáherslu á hagsmuni seljanda, ella yrði ábyrgð hans úr hófi. Af þeim sökum er ekki fært að miða við það tímamark, er kaupandi verður gallans var. Þess vegna þykir rétt að miða upphaf fyrningarfrests við afhendingu steypunnar, sem var 20. júní 1962. Stefndi kvartaði við áfrýjanda sumarið 1976. Var þá skaðabótaréttur hans fallinn niður fyrir fyrningu skv. 4. gr., 2. tl., laga nr. 14/1905.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., höfðaði Jón Frímann Sigvaldason, Faxatúni 32, Garðabæ, gegn Steypustöðinni h/f, Sævarhöfða 4,

Reykjavík, með stefnu, birtri 25. júní 1979. Stefnandi höfðaði framhaldssök í málinu með stefnu, framlagðri í dómi 14. október 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 99.250.00 með 43.5% ársvöxtum frá 19. apríl 1980 til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 14. október s. á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, samtals kr. 38.345.12.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt reikningi, samtals kr. 17.972.00.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum 4. desember sl. Hinn 22. janúar sl. gáfu skýrslur fyrir dóminum Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, Jónas K. Guðbrandsson, fyrrum starfsmaður stefnda, Sigursteinn Jónsson múrarameistari, Geir Ó. Oddsson trésmíðameistari og matsmennirnir Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og dr. Ragnar Ingimarsson prófessor.

Árið 1959 keypti stefnandi lóðina nr. 32 við Faxatún í Garðahreppi, nú Garðabæ, í því skyni að byggja á henni einbýlishús. Stefnandi réð Skúla H. Norðdahl arkitekt til þess að teikna húsið, Gunnar Ingibergsson innanhússarkitekt til þess að teikna innréttingar, Guttorm Þormar byggingaverkfræðing til þes að teikna þak, járnalögn, skolp- og vatnsleiðslur og burðarsúlur, Pál Lúðvíksson vélaverkfræðing til þess að teikna hitalögn og Gísla Jónsson rafmagnsverkfræðing til ráðgjafar við teikningu raflagnar. Þá réð stefnandi Sigurð Hjálmarsson sem trésmíðameistara og Sigurstein Jónsson sem múrarameistara.

Hús stefnanda er ásamt bílskúr að flatarmáli u. þ. b. 162 m^2.

Árið 1960 um haustið kom stefnandi fyrir burðarsúlum, 46 talsins, undir sökkul hússins. Sumarið 1961 steypti hann sökkulinn og gekk frá grunninum, þannig að næsta byggingarstig var að járnbinda plötu og steypa.

Vorið 1962 var plata hússins járnbundin og steypt. Síðan var tekið til við að slá upp fyrir veggjum húss og bílskúrs, og voru þeir steyptir um sumarið, 30. júlí.

Steypu í sökkul og plötu hússins keypti stefnandi hjá stefnda, og var hún flutt blauthrærð í tunnubílum á byggingarstaðinn.

Steypu í veggi keypti stefnandi einnig hjá stefnda og pantaði hann 1½ m^3 af steypu með 350 kg af sement í hvern m^3, 3 m^3 með 300 kg af sementi í hvern m^3 og 27½ m^3 með 250 kg af sementi í hvern m^3, eða samtals 32 m^3 af steypu. Loftblendi var einnig pantað í steypuna.

Stefnanda var gerður reikningur fyrir þessari úttekt, sem dagsettur er 30. júlí 1962. Úttektin er þannig sundurliðuð: 32 m^3 án sements á kr. 316.47, kr. 10.127.04, 8.3 tonn sement á 1.370.00, kr. 11.371.00, loftblendi pr. kr. 208.00. Samtals kr. 21.706.04.

Stefnandi kvaðst hafa gert steypupöntunina í samræmi við fyrirmæli verkfræðingsins, Guttorms Þormar, og hefði hann tekið fram, þegar hann gerði pöntunina, að í steypuna ætti að setja loftblendi.

Steypa sú, sem fór í útveggi hússins, var flutt þurrhrærð á byggingarstaðinn, en þar var hrærivél, sem efnið var sett í og blandað vatni. Steypan var síðan hrærð og því næst hífuð í mótin með þar til gerðum útbúnaði. Þetta annaðist starfsmaður stefnda, Jónas K. Guðbrandsson.

Stefnandi kvað múrarameistarann, Sigurstein Jónsson, í fyrstu hafa annast niðurlagningu steypunnar, en steypuvinnan hafi byrjað kl. 0800 að morgni. Eftir 1½ tíma hafi múrarameistarinn farið af staðnum og við hans starfi tekið Geir Oddsson trésmíðameistari. Við niðurlagninguna hafi verið notaður „víbrator", og hefur stefnandi lagt fram reikning yfir leigu á „víbrator" þann 30. júlí frá Almenna byggingarfélaginu h/f því til sönnunar. Steypumótin hefðu og verið barin að utan með hamri.

Við niðurlagninguna munu hafa unnið 5 - 6 menn að stefnanda meðtöldum.

Stefnandi kvað múrarameistarann ekki hafa haft önnur afskipti af blöndun steypunnar en þau að framfylgja fyrirmælum verkfræðingsins um að hafa steypuna stífa og hefði hann brýnt fyrir þeim, sem unnu að niðurlagningunni, að fylgjast með því, að svo væri. Þetta staðfesti múrarameistarinn í skýrslu sinni.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvaðan efni í steypuna, sem fór í veggi hússins, hefði verið tekið, en sagðist viss um, að það hefði verið landefni, en ekki sjávarefni, en slíkt sjáist glöggt af efninu sjálfu.

Stefnandi kvað sér kunnugt um, að efnið, sem fór í steypuna í sökkul hússins, hefði verið tekið í Esjubergi.

Framkvæmdastjóri stefnda kvaðst ekki vita, hvar efnið í steypuna hefði verið tekið, en aðeins væri um að ræða efni frá Esjubergi og sjávarefni frá Björgun h/f. Framkvæmdastjórinn sagði, að á þessum tíma hefði loftblendi yfirleitt verið notað í þá steypu, sem stefndi framleiddi, en einstaka viðskiptavinur hefði óskað eftir því að fá loftblendilausa steypu. Reynt hefði verið að miða magn loftblendisins við 3% og hefði loftblendið verið blandað í steypuna í steypustöðinni, en ekki á byggingarstaðnum. Til þessa hefði verið notaður handvirkur útbúnaður. Nú sé mun meira vitað um loftblendi en verið hafi á þessum tíma og sé yfirleitt miðað við, að loftmagn steypunnar sé 5½—6%.

Stefndi hafi rekið eigin rannsóknarstofu og tekið reglulega sýnishorn af

sandi, möl og steypu, mælt loft o. fl. Steypusýni hafi líklega verið tekin tvisvar á dag. Sýnin hafi verið rannsökuð á rannsóknarstofu stefnda og einstaka sinnum hjá Atvinnudeild Háskólans.

Varðandi blöndun steypuefnis hefði verið tekið tillit til sérstakra óska viðskiptavinanna, t. d. þegar um vandasamar steypuframkvæmdir hafi verið að ræða, en í megindráttum hefðu kaupendur á þessum tíma einungis tiltekið, hversu mikið sement ætti að fara í steypuna. Síðar hefði steypan verið seld eftir brotþolsflokkum.

Geir Oddsson trésmíðameistari kvaðst ekki minnast þess, að sýni hefði verið tekið af steypunni, sem fór í veggi hússins, eða sigmál hennar hefði verið mælt. Steypan hefði verið frekar stíf en hitt.

Múrarameistarinn, Sigursteinn Jónsson, kvaðst almennt hafa miðað við, að sigmál steypu væri 5 - 7, en reynt hefði verið að hafa steypuna eins stífa og hægt var. Sigursteinn kvaðst hafa múrað hús stefnanda að utan.

Jónas K. Guðbrandsson, sem vann við að hræra steypuna, er fór í útveggi hússins, kvað það vatnsmagn, sem almennt hafi verið sett í steypu, hafa verið miðað við, að sigmál steypunnar yrði 6 - 8 og hefði stefndi mælt sigmál steypu, sem hann seldi, einu sinni á dag. Stundum hefði steypan verið höfð blautari að ósk byggjanda. Mælir hefði verið notaður til að mæla vantsmagnið. Alger undanteking hafi verið, ef ekki var beðið um loftblendi í steypu. Jónas mundi ekkert sérstaklega um steypuna, sem stefnandi keypti.

Stefnandi kvað hús sitt hafa verið múrhúðað og málað veturinn og vorið 1963. Hörðnun steypunnar hafi verið eðlileg og allt virst í góðu lagi. Hann hafi málað húsið aftur árið 1968 og næst árið 1973. Sumarið 1976 hafi hann ætlað að mála húsið. Þá hafi hann verið búinn að finna lausa fleti í múrhúðuninni og fengið Björn Sævar Númason múrarameistara til þess að gera við múrhúðunina, áður en málað yrði. Viðgerðin hafi hafist 20. júní 1976. Þegar byrjað hafi verið að brjóta hina lausu múrhúðun, hafi fylgt henni 1—3 cm af steypunni í veggjunum. Stefnandi kvaðst þá hafa stöðvað verkið þegar í stað og haft samband við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem sent hefði menn á staðinn til skoðunar og sýnatöku tveim dögum síðar.

Niðurstöðum rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins er lýst í bréfi, dags. 29. júní 1976. Segir þar eftirfarandi:

„Þriðjudaginn 22. þ. m. fóru tveir starfsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og boruðu kjarna úr veggjum hússins Faxatún 32 í Silfurtúni. Var borað á tveimur stöðum í austurhlið hússins, annars vegar í eldhúsvegg og hins vegar í þvottahússvegg. Eru staðirnir merktir á meðfylgjandi teikningu.

Við borun á báðum þessum stöðum reyndist erfitt að ná heilum kjörnum,

þar eð þeir vildu molna niður, þegar borað var. Náðust aðeins tveir nýtanlegir kjarnar til brotþolsprófana í eldhúsvegg og aðeins einn í þvottahússvegg. Niðurstöður rannsókna á þessum kjörnum eru sýndar í meðfylgjandi töflu. Við skoðun á kjörnum var áberandi, að nokkurn sand virtist vanta í efnið, en það, sem vakti þó meiri athygli, var hin brúna litaráferð á sementefjunni, en hún var óeðlilega lin, og hversu mikill raki var í henni. Virtust gæði steypunnar vera svipuð í gegnum vegginn.

Niðurstöður rannsóknar eru þær, að styrkleiki steypunnar sé svo lítill sökum lélegrar sementefju, að vafasamt sé að brjóta eldri pússninguna af húsinu og pússa á ný. Eru miklar líkur á því, að slík viðgerð yrði ekki varanleg."

Með bréfinu fylgir tafla með svohljóðandi yfirskrift:

„TAFLA — Borkjarnar úr veggjum hússins Faxatún 32.

Sýni			*Brotþ.(kg/cm²)*		*Rúmþ*	
Merking	*Lengd,l cm*	*Þvermál, þ. cm*	*Mælt*	*Leiðrétt m.t.t. l/þ*	*á röku sýni kg/m*	*Athugasemdir*
I, eldhús	8,8	7,48	149	137	2640	Borað á sjö stöðum.
I, eldhús	12,6	7,48	110	108	2540	
II, þvottah.	11,2	7,48	118	114	2490	Borað á fimm stöðum"

Stefnandi kvaðst þegar í stað hafa haft samband við stefnda og á staðinn hefði komið Sveinn Valfells og síðar Halldór Jónsson. Þeir hefðu talið öll tormerki á, að hægt væri að greina orsök gallanna, en sagt, að steypan væri ónýt og boðist til að láta sig fá steypu í stað hinnar ónýtu. Þeir hefðu einnig talið sig geta lánað loftpressu til þess að brjóta veggina niður.

Stefnandi kvaðst ekki hafa viljað una þessu boði. Sér hafi fundist, að af hálfu stefnda væri vilji til þess að koma lengra til móts við sig með bætur, og hafi hann því viljað gefa forstjórum stefnda góðan tíma til þess að hugsa sitt ráð, enda hafi verið ljóst, að ekki mundi vinnast tími til viðgerða það árið. Biðlund sína hafi svo þrotið og hafi hann þá ritað stefnda bréf, dags. 23. mars 1977, og hafi hann þar gert stefnda ákveðið sáttatilboð.

Bréf þetta er svohljóðandi:

„Í framhaldi af munnlegum viðræðum, sem ég átti við yður, herra forstjóri, síðastliðið sumar vegna steypugalla, sem þá komu fram á húseign

minni Faxatúni 32, Garðabæ, vildi ég gera yður tilboð um samkomulag í máli þessum um bótagreiðslu af hálfu fyrirtækis yðar.

Eins og yður er kunnugt, er neðri hluti útveggja í húsi mínu og hluta bílskúrs ónýtur. Samkvæmt niðurstöðum athuganna Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, sem hjálagt fylgir í ljósriti, er styrkleiki steypunnar langt neðan við þau mörk, sem sett eru um steypustyrk í I. St. um styrkleika steinsteypu, sem gefin hafa verið út af Iðnþróunarstofnun Íslands.

Ódýrasta lausn til viðgerðar á galla þessum virðist vera sú að klæða allt húsið með plastklæðningu eða annarri sambærilegri klæðningu. Ég vil taka fram, að ég er ekki sáttur við slíka lausn og mun freista þess að gera við húsið á annan og dýrari hátt, þar sem slík klæðning mun rýra húseignina mjög í endursöluverði, þar sem leyndir gallar undir slíkri klæðningu kunna að reynast dýrkeyptir, ef ekki er skýrt réttilega frá við sölu.

Til sátta í máli þessu er ég fús til að fallast á, að þér greiðið mér skaðabætur, sem svara til kostnaðarverðs við slíka klæðningu, þ. e. efnis- og vinnulaunakostnaður, sem mun vera um kr. 1.200.000 samkv. upplýsingum frá innflytjanda slíkra klæðninga, Andra h/f, auk kostnaðar við matsgjörð R.B. kr. 21.000.

Ég vildi óska eftir viðræðum við yður um tilboð þetta, en vil einnig taka það fram, að náist ekki samkomulag á grundvelli þessa tilboðs, áskil ég mér rétt til að breyta kröfugerð minni á þann veg, að húsinu verði komið í það horf sem orðið hefði, ef engir steypugallar hefðu í ljós komið, þannig að ég sé jafn settur fyrir og eftir tjón samkvæmt almennum reglum um skaðabótarétt.

Sömuleiðis áskil ég mér rétt til breytinga á kröfugerð, ef breytingar verða á vinnulaunum eða efniskostnaði samkv. framansögðu, þar til máli þessu lyktar."

Þessu bréfi stefnanda svarar forstjóri stefnda með svohljóðandi bréfi, dags. 29. mars 1977:

„Skv. IST 10, Gr. 8.5., virðast borkjarnar úr steypunni standast kröfur S120, sem gætu verið tilætluð steypugæði við steypuna 1962, ef dæma má eftir sementsmagninu.

Vér munum ekki leiða getum að því hér, hvað sé, né hversvegna, athugavert við umrædda steypu, né hverjum það sé að kenna. Steypuskemmdir eiga sér margvíslegar orsakir, t. d. sementsgalla, óheppilega meðferð í niðurlögn og vatnsblöndun, of langur biðtími hrærðrar steypu, erfiðar veðrunaraðstæður, óheppileg pússning, óheppilegt steypuefni osfrv. Vegna þess hve langt er um liðið frá steypu þessarri er erfitt að dæma hér um.

Steypustöðin hf. telur sig enga ábyrgð bera vegna steypuskemmda á húsinu Faxatún 32. Sáttatilboð yðar, sem fram kemur í bréfinu, föllumst vér ekki á.

Vér erum hinsvegar, svo sem vér höfum þegar tjáð yður, reiðubúnir að liðsinna yður við viðgerðir eftir atvikum og skv. nánara samkomulagi, og erum vér til viðræðu um það hvenær sem er.“

Hinn 10. maí 1977 ritar lögmaður stefnanda bréf til stefnda og sendir afrit af bréfinu til allra stjórnarmanna í fyrirtækinu. Þar er tekið fram í upphafi, að stefnandi hafi falið lögmanninum að leita réttar hans vegna steypugalla, sem fram hafi komið í húsi stefnanda. Í niðurlagi bréfsins segir eftirfarandi

„Það fer auðvitað ekki á milli mála, að tjón Jóns vegna steypugalla þessa er óskaplegt. Hann er sannfærður um sök steypustöðvarinnar og fulla bótaskyldu. Þegar er hafinn undirbúningur að því að senda hina gölluðu steypu til efnagreiningar í U.S.A. Hér með er yður tilkynnt, að ef þér viðurkennið ekki bótaskyldu yðar með samkomulagi við umbjóðanda minn Jón Sigvaldason áskilur hann sér rétt til höfðunar skaðabótamáls á hendur Steypustöðinni h.f. strax að lokinni þeim rannsóknum og efnagreiningu, sem nú fara í hönd.“

Þrír kjarnar voru boraðir til rannsókna, kjarnar nr. 1 og 2 úr vegg, þar sem steypan var talin gölluð, en kjarni nr. 3, þar sem hún var talin ógölluð.

Niðurstöður rannsóknarinnar í Bandaríkjunum voru sendar stefnanda með bréfi, dags. 27. apríl 1978, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Byggingartæknilegar Rannsóknarstofur
Deild innan Portland Sements Samtakanna
5420 Old Orchard Road
Skokie, Illinois 60077 USA
Hr. Jón Sigvaldasson, Faxatúni 32, Silfurtúni, Ísland.

Hr. Sigvaldason:

Hjálögð skýrsla, samin af D. H. Campbell, skýrir frá árangri af steinfræðilegri athugun á þrem borkjörnum í sambandi við steypuskemmdir á húsi yðar, sem lýst var í bréfi Dr. Þorsteins Helgasonar þann 6. mars.

Ég er þeirrar skoðunar, að skýrslan sjálf lýsi fyllilega árangri athuganna og þurfi ekki frekari skýringa við. Hún gefur til kynna, að gæðatap steypunnar, sem hefur hátt vatns-semtentshlutfall, stafi af margendurteknum áhrifum frosts og þýðu. Skorturinn á fullnægjandi grófum fylliefnum og gnótt fínna fylliefna og fylliefnaryks hafa án efa stuðlað að hinu háa vatnssementshlutfalli og hinni miklu holrýmd og óþéttileika í þessari augljóslegu lélegu steypu.

Reikningur okkar fyrir þessa vinnu verður sendur til yðar eftir um það bil fjórar vikur.

Það hefur verið ánægjulegt að hafa getað aðstoðað yður í þessum efnum.
Yðar einlægur
J. J. Shideler, framkvæmdastjóri
Stjórnunar- og Tækniþjónustudeild."

Niðurstöður rannsóknarinnar eru svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

"J. J. Shideler
Höfuðstöðvum
Varðandi: Gæðarýrnun á steyptu húsi (Þorsteinn Helgason) þrír borkjarnar úr steypu (Merktir Sýni 1, 2 og 3, Mynd 1), teknir úr steyptum vegg í húsi, sem sagt er í eigu Hr. Jóns Sigvaldasonar í Silfurtúni, Íslandi, bárust frá Hr. Þorsteini Helgasyni í Reykjavík. Borkjarnarnir svara til skemmdra og óskemmdra hluta veggjarins. Hr. Helgason skýrði svo frá í bréfi sínu dagsettu 6. marz 1978, að hlutar af veggjum hússins væru að springa, jafnframt því að útfellingar kæmu fram, og óskaði eftir steinfræðilegri athugun til að ákveða mögulegar orsakir gæðarýrnunarinnar.

NIÐURSTÖÐUR

Allir kjarnarnir eru að verulegu leyti úr sams konar steypu með stökkbreytilegri kornadreifingu fylliefna. Skortur á grófum sandi er augljós. Meðalkornastærð fínu fylliefnanna er aðeins 0,25 mm, sem er ákaflega lágt gildi fyrir „vanalega" steypu. Fylliefnin eru álitin varanleg og efnasambönd, sem koma fram við skaðleg efnahvörf, fundust ekki. Steypan er ekki loftíblönduð og sýnir hlutfallslega háa gleypni (7.4 og 8.8%). Gnótt finna fylliefna og fylliefnaryks, tengt við hve lítið er um portland sementskorn, sem eru óbundin vatni, gefur til kynna, að steypa með háu vatns-sementshlutfalli hafi verið lögð og þannig stuðlað að þróun mikils holrýmis og óþéttileika. Höfuðástæða skemmdanna virðist stafa af áhrifum margendurtekins frosts og þýðu á steypu, sem hefur hátt vatns- sementshlutfall og er ekki loftíblönduð.

AÐFERÐIR

Hver kjarni var sagaður í tvennt, samsíða lengdarás kjarnans, síðan slípaður og skoðaður undir stereosmásjá. Kjarnar Nr. 2 og 3 voru valdir til nánari skoðunar, og voru borkjarnar, eina tommu í þvermál, teknir úr miðju hvors kjarna. Þunn sýni (steypusneiðar, sem hafa verið límdar á glerplötur með epoxy límí og slípaðar niður, uns þykkt þeirra er aðeins 0.025 mm) voru búin til úr einnar tommu kjörnunum og skoðuð í smásjá undir polariseruðu ljósi.

Fylliefni

Grófu fylliefnin eru náttúruleg möl, sem samanstendur af ýmsum tegundum bassalts og inniheldur breytilegt magn af plagíóklasa, seguljárnsteini og járn- magnesíum steinefnum (pýroxen og ólivín). Steinar með miklu serpentíni eru algengir. Mikið af dökklitu gleri kemur fram í sumum steinum. Mesta stærð grófu fylliefnanna er 3.2 cm. Fínu fylliefnin virðast vera tilbúinn (mulinn, þýð.) sandur, sem inniheldur sömu steintegundir og lýst er að ofan, en af meðalstærð, sem er um það bil 0.25 mm. Fylliefnin eru hörð og álitin varanleg. Ekki varð vart við efnasambönd, sem koma fram við efnahvörf milli sementsefju og fylliefna.

Þunn sýni

Sementsefja kjarna 2 og 3, eins og séð í þunnum sýnum, samanstendur af vef að mestu leyti ókrystallaðra efnasambanda, sem koma fram við efnahvarf sements og vatns. Hlutfallslega lítið er um portland sementskorn, sem ekki hafa gengið í efnahvarf með vatni, og er röðun þeirra 3 á samanburðarkvarða frá 0 - 10. Athyglisvert er, hve lítið er af kalsíumhydroxíði. Mjög mikið er af fylliefnaryki (pozzolan?). Þessar staðreyndir gefa til kynna hátt vatns- sementshlutfall, sem stafar ef til vill að hluta af gnótt hlutfallslega fíns fylliefnis (hin stökkbreytilega kornadreifing) og fylliefnaryki. Vatnssementshlutfallið virðist nokkuð minna í kjara 3, en er samt talið „hátt".

Kjarni 1 (punktar)

Auðkennandi eiginleikar fylliefna og sementsefju eru eins og áður er lýst. Gnótt af kalkspati, sem hefur myndast við síðari efnahvörf, er á yfirborði gamallar þversprungu, en svipar að öðru leyti til þess, sem fannst í kjörnum 2 og 3, sem lýst er nánar. Svæði með stórum holrýmiseiningum, sem stafa af innilokuðu lofti, kemur fram í miðjum kjarnanum.

Kjarni 2

Lengd kjarnans er 6.8 tommur (17.3 cm). Pússningarlög, sem eru í meðallagi lin, eru 0.4 tommur (1 cm) (að utan) og 0.7 tommur (1.75 cm) (að innan) að þykkt. Kjarnaþvermál er 2.75 tommur (7.0 cm). Sementsefjan er miðlungsgrá að lit og nokkuð lin. Trjáspónn leyndist í kjarnanum, 1.5 tommur (3.8 cm) frá ytra yfirborði. Yfirborð kjarnans klofnar auðveldlega, þegar höggvið er í hann með rannsóknarstofuhamri, og sárið sýnir, að mjög fáir steinar brotna, en það gefur til kynna, að hefting sementsefju og fylliefna sé veik. Áætlað loftmagn steypunnar (pússningin undanskilin) er minna en 1%. Hefting pússningarinnar við steypuna var veik að utan, en hlutfallslega sterk að innan. Hárfín þversprunga, 0,7 tommur (1.75 cm) frá ytra yfirborði, nær þvert yfir kjarnann. Rúmþyngd er 151.7 lbs/ft^3 (2430 kg/m^3). Gleypni (þurrkaður við 105° C í 24 tíma) er 8.8%, sem er hátt gildi og leiðir líklega til vatnssogs.

Kjarni 3

Lengd kjarnans er 7.0 tommur (17.8 cm). Múrhúðun að utan er 0.4 tommur (1 cm) þykk og að innan 0.6 tommur (1.5 cm.) þykk. Sementsefjan er ljósgrá (nærri hvít), nokkuð stökk og lin. Hefting fylliefna og sementsefju er augljóslega veik. Áætlað loftmagn er 1—2% (allt holrými vegna innilokaðs lofts). Hinar stóru holrýmiseiningar vegna innilokaðs lofts benda líklega til lélegrar þjöppunar. Sumar af þessum holrýmiseiningum eru þaktar á yfirborðinu með ettringite (sem er kalsíumbrennisteins-ál hydrat). Pússningin að utan og innan hefur sterka heftingu við steypuna. Nokkrar sprungur koma fram í steypunni, samsíða ytri endafletinum og allt að 2.5 tommum (6.3 cm.) inn í kjarnann. Sprunguvíddin er allt frá hárfínum sprungum upp í 0.5 mm, og sumar sprungurnar ná þvert yfir kjarnann. Rúmþyngd er 159.7 lbs/ft^3 (2558 kg/m^3) og gleypni er 7.4%.

R. C. O'Neill (sign.)
Steinafræðideild

D. H. Campbell (sign.)
Steinfræðideild"

Hinn 18. maí 1978 ritaði lögmaður stefnanda svohljóðandi bréf og sendi afrit þess til allra stjórnarmanna í hinu stefnda fyrirtæki:

„Vegna steypugalla þeirra, sem fram komu á húsinu að Faxatúni 32, Garðabæ, og ég skrifaði yður bréf út af þann 10. maí 1977 fyrir hönd eiganda þess, sendist yður hér með ljósrit niðurstöðu rannsóknar, sem fram var látin fara í Illinois í Bandaríkjunum fyrir skömmu á borkjörnum úr steypunni. Í ljós kemur, að steypa þessi reyndist verulega gölluð. Mikið vatn, of fíngerður sandur, skortur á lofti (loftblendi) og þar með stórlega skert frostþol eru þær orsakir, sem rannsóknin leiddi í ljós.

Áður en lengra er haldið með málsókn og öðrum opinberum aðgerðum, er þess farið á leit við yður á ný, að þér komið til samningaviðræðna við mig og Jón Sigvaldason með hugsanlega lagfæringu hússins og sanngjarnar bætur til Jóns í huga. Hafi svar ekki borist frá yður fyrir 1. júní, lítum vér svo á, að þér kærið yður ekki um friðsamlega lausn þessa deilumáls."

Með bréfi, dagsettu 6. maí 1978, bað lögmaður stefnanda sýslumanninn í Kjósarsýslu um að dómkveðja tvo matsmenn til þess að skoða og meta steypuskemmdir í húsi stefnanda. Hinn 29. júní 1978 voru þeir Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og dr. Ragnar Ingimarsson prófessor dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Matsgerð þeirra, dagsett 20. nóvember 1978, er svohljóðandi:

„Með dómkvaðningu hr. Más Péturssonar, héraðsdómara, dags. 29. júní 1978, vorum við undirritaðir Bragi Þorsteinsson, verkfræðingur, Bergstaðastræti 28, Reykjavík, og dr. Ragnar Ingimarsson, prófessor, Mávanesi 22,

Garðabæ, kvaddir til „að framkvæma mat varðandi húsið að Faxatúni 32, Garðabæ, samkvæmt nánari tilgreiningu í matsbeiðni."

Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmenn láti í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

„1. Ýtarlega lýsingu að undangenginni skoðun á ástandi hinna gölluðu veggja.
2. Hverjar séu orsakir hinna umræddu steypugalla.
3. Að meta til tjóns umræddra galla, miðað við að úr þeim verði bætt."

Boðað var til skoðunarfundar 20. júlí, s.l. Viðstaddir á fundinum voru Jón Sigvaldason, Guðmundur Karl Jónsson, lögfræðingur, Þorsteinn Helgason, verkfræðingur, Halldór Jónsson, verkfræðingur (vegna Steypustöðvarinnar h.f.) og undirritaðir matsmenn.

Dómkvaðning og matsbeiðni voru upp lesin. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins né útnefningu matsmanna.

Matsmönnum var afhent afrit af bréfi dr. Þorsteins Helgasonar til dr. Donald M. Campbell við Portland Cement Association, dags. 6. marz 1978, ásamt fylgiskjölum. Skoðun fór þvínæst fram.

Neðri hluti af veggflötum við suð-austur horn hússins hefur verið höggvinn upp. Við skoðun var ljóst, að steinsteypan í þessum veggjahlutum er mjög léleg og brotnar auðveldlega í sundur undan hamarshöggum. Þegar komið er upp í miðja vegghæð, virðast gæði steinsteypunnar verða önnur og mun betri en í neðri hlutum veggjanna. Skoðun á öðrum veggflötum hússins benti til þess, að í neðri hlutum veggjanna væri léleg steypa. Sprungumyndun, útfellingar og hljómur steypunnar, þegar slegið var í hana, studdu þetta. Matsbeiðandi benti á, að hann hefði óvænt orðið var við, að mikill raki væri í austurvegg bílskúrs og að málning á þessum vegg væri farin að láta á sjá. Hann tók fram, að steypan í þessum vegg væri ekki hin sama og í neðri hlutum íbúðarhússins.

Fundi var nú slitið, en matsmenn kváðust líklega koma aftur á staðinn og skoða frekar. Fulltrúi matsþola kvað ekki þörf að boða sig aftur.

Matsmenn komu nokkrum sinnum á staðinn síðar og létu m. a. höggva nokkrar holur í þá vegghluta, sem töldust skemmdir. Hvarvetna reyndist steinsteypan mjög rök og meir.

Niðurstöður matsmanna:

1. Matsmenn telja, að steinsteypa í neðri hlutum útveggja íbúðarhúss svo og í neðri hluta norðurveggs bílskúrs sé mjög alvarlega skemmd. Er hér mjög nærri því að vera um helming af útveggjafleti hússins að ræða. Skemmda fleti teljum við vera þá sömu, sem sýndir eru á mynd 2, sem

er fylgiskjal með áðurnefndu bréfi dr. Þorsteins Helgasonar, að viðbættum flötum á norðurhluta austurveggs og norðurvegg bílskúrs.

2. Matsmenn telja, að skemmdir steinsteypunnar séu vegna frostáhrifa. Teljum við, að orsakanna sé að leita í ófullnægjandi steinefnasamsetningu steinsteypunnar og skorti á fíngerðum lokuðum loftbólum, sem verndað gætu steinsteypuna vegna þenslu, sem leiðir af frystingu raka í henni. Niðurstöðu þessa byggjum við á þeim skemmdaeinkennum, sem við höfum skoðað, athugun á áðurnefndri skýrslu frá Portland Cement Association og athugunum, sem við höfum gert á gleypni steinsteypumola úr veggjum hússins.

3. Við teljum nauðsynlegt að höggva verulega utan af þeim vegghlutum, sem skemmdir eru, kasta múrlögun á þá aftur, múrhúða veggfletina í heild og mála þá að lokum. Kostnað við þessa framkvæmd teljum við rétt metinn á kr. 2.640.000.00 — TVÖÞÚSUNDSEXHUNDRUÐOGFJÓRTÍUÞÚSUNDKRÓNUR. —" (sic)

Hinn 8. desember 1978 ritar lögmaður stefnanda stefnda enn bréf og krefur hann um greiðslur skaðabóta á grundvelli niðurstöðu matsmanna að viðbættum áföllnum kostnaði stefnanda.

Þessu bréfi lögmannsins svarar forstjóri stefnda með bréfi, dagsettu 18. desember 1978, og segir stefnda ekki til viðræðu um neinar bætur né ábyrgð í sambandi við málið.

Mál þetta var þingfest 28. júní 1979, og í stefnu þess gerir stefnandi kröfu til, að stefndi greiði sér skaðabætur að fjárhæð gkr. 3.337.863 ásamt vöxtum. Af hálfu stefnda var greinargerð lögð fram í málinu 20. september s. á.

Formaður dómsins fékk málið til meðferðar 16. nóvember 1979, og nokkru seinna tjáði lögmaður stefnanda honum, að frekari gallar hefðu komið í ljós á húsi stefnanda, eftir að mat var framkvæmt, og óskaði eftir því, að málinu yrði frestað í því skyni, að framkvæmt yrði framhaldsmat á steypuskemmdum á húsinu, og var sá frestur veittur í þinghaldi 7. desember 1979.

Stefnandi mun hafa byrjað viðgerð á veggjum hússins sumarið 1979. Í ljós mun hafa komið, að steypugallarnir voru víðfeðmari en áður hafði verið talið. Stefnandi taldi, að sú aðferð, sem matsmennirnir lögðu til, að notuð yrði við viðgerðirnar, dygði ekki, þar sem steypan muni hafa reynst jafnskemmd í gegnum veggina, og því taldi stefnandi nauðsynlegt að brjóta veggina í burtu og steypa þá upp á nýjan leik. Var viðgerðin framkvæmd með þeim hætti bæði á húsi og bílskúr. Í málinu hafa verið lagðar fram ljósmyndir, sem sýna mjög vel, hvernig viðgerðin var framkvæmd.

Hinn 31. júlí 1979 bað stefnandi Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins enn um rannsókn á steypu í húsi sínu. Voru nú teknir borkjarnar úr norður-

vegg íbúðarhússins svo og plötu og sökkli að norðanverðu, enn fremur úr norður- og austurvegg bílskúrsins.

Rannsóknastofnunin skilaði niðurstöðum 12. nóvember 1979, og segir í þeim eftirfarandi:

„INNGANGUR

Að beiðni Jóns Sigvaldasonar fóru tveir starfsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og boruðu kjarna á tíu stöðum úr veggjum íbúðarhúss og bílskúrs að Faxatúni 32 skv. fyrirsögn Jóns.

Á fylgiskjölum 1—3 er staðsetning borstaða gróflega sýnd. Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum þeirra rannsókna, sem framkvæmdar voru á kjörnunum.

RANNSÓKNIR

Eftirtaldar rannsóknir voru framkvæmdar:

1. Kjarnar voru skoðaðir í smásjá og metnir skynmati.
2. Brotþol var mælt á þeim kjörnum, sem hægt var.
3. Loftinnihald í kjörnum 1, 2, 4, 6 og 8 var mælt.

NIÐURSTÖÐUR

1. Skoðun kjarna í smásjá.

Kjarni nr.	Athugasemdir
1	Heill kjarni í gegnum vegg. Lengd 16 + 1 cm. Steypa virðist eðlileg.
2	Ystu 2 cm brotnir upp fyrir borun. Lengd kjarna 15 cm. Steypa virðist eðlil.
3	Heill kjarni í gegnum vegg. Lengd 18 cm. Steypa virðist eðlileg.
4	Kjarni úr plötu, brotinn til beggja enda. Járn skáhallt í gegnum kjarna. Steypan virkar veik.
5	Ystu 2 cm brotna af kjarna. Lengd 16 cm. Steypa virðist eðlileg.
6	Kjarni í tveimur hlutum vegna skila í vegg. L_1 = 7 cm, L_2 = 5 cm. Steypa eðlileg.
7	Ystu 2 cm brotna af kjarna. Lengd 13 cm. Steypa virðist vera veik.
8	Ystu 2 cm brotna af kjarna. Lengd 12 cm. Steypa virðist eðlileg.
9	Kjarni heill. Lengd 16 cm. Sprungur samsíða yfirborði (frostskemmdir)
10	Lengd kjarna 10 cm. Steypa sprungin (frostskemmdir) og virðist vera veik.

2. *Brotþol*

Brotþol var mælt á öllum kjörnum nema nr. 6, sem var of stuttur. Niðurstöður mælinga eru sýndar í töflu nr. 1

TAFLA 1 — brotþolsniðurstöður

Kjarni	Lengd kjarna (cm)	Þvermál kjarna (cm)	Brotþol(kg/cm²) Mælt	Brotþol(kg/cm²) Leiðrétt m.t.t.L/Þ	Athugasemdir
1	13,6	7,45	165	162	
2	12,2	—	153	148	
3	14,9	—	229	229	
4	12,4	—	83	81	Stál í hlið kjarna. Niðurst. vafasöm
5	10,9	—	218	211	
7	11,8	—	123	119	
8	8,3	—	140	126	
9	10,2	—	134	127	
10	8,4	—	120	108	

3. *Loftmælingar*

Heildarloftmagn var talið í fimm kjörnum með því að skoða þversnið í smásjá (ASTM-C457). Niðurstöður voru eftirfarandi:

Kjarni nr.	*Loftmagn*
1	1,8%
2	2,0%
4	6,8%
6 (innri hluti)	2,7%
8	1,4%

Síðar eða 9. janúar 1980 var mælt loftinnihald í kjarna nr. 3, og reyndist það vera 1,4% svo og í kjarna nr. 5, sem reyndist vera 1,7%."

Hinn 8. febrúar 1980 bað stefnandi um framhaldsmat á steypuskemmdunum, og sama dag voru þeir Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og dr. Ragnar Ingimarsson prófessor dómkvaddir til þess að framkvæma það. Í framhaldsmatsgerð þeirra, sem dagsett er 19. apríl 1980, er greint frá beiðn-

inni um dómkvaðningu, og er því ekki ástæða til þess að rekja hana sérstaklega.

Í upphafi matsgerðarinnar segir svo:

„Með dómkvaðningu hr. Guðmundar L. Jóhannessonar, dags. 8. febrúar 1980, var okkur undirrituðum, Braga Þorsteinssyni, verkfræðingi, Bergstaðastræti 28, Reykjavík, og dr. Ragnari Ingimarssyni, prófessor, Mávanesi 22, Garðakaupstað, falið „að framkvæma framhaldsmat á steypuskemmdum hússins að Faxatúni 32, Garðabæ, (bílskúr) sbr. nánari tilgreiningu í matsbeiðni."

Undirritaðir matsmenn skiluðu matsgjörð vegna steypuskemmda umrædds húss 20. nóvember 1978 og 14. maí 1979."

Matsgerðin frá 14. maí hefur ekki verið lögð fram í málinu, og byggir stefnandi engar kröfur á henni. Síðan er í þessari matsgerð lýst niðurstöðum fyrri matsgerða. Þá segir eftirfarandi í beinu framhaldi: „Í matsbeiðni dags. 8. febrúar 1980 segir m. a.: „Nú er viðgerð íbúðarhússins lokið að mestu leyti, og viðgerð bílskúrs stendur fyrir dyrum. En vegna þess að skemmdir reyndust talsvert miklu umfangsmeiri en ráð er fyrir gert í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna, er nauðsynlegt að óska framhaldsmats, heildarmats á steypuskemmdum íbúðarhússins og bílskúrsins, sem byggist á nýjum rannsóknum og upplýsingum, sem ekki lágu fyrir hendi, þegar mat nr. 2 var framkvæmt, mats sem tekur tillit til þess, að steypuskemmdirnar voru talsvert umfangsmeiri en í ljós kom við fyrsta og annað mat, þar sem sökklar voru verulega skemmdir á öllu húsinu og nauðsynlegt reyndist að brjóta 7 - 11 cm inn í sökklana alveg í jörðu vegna frostskemmda, svo og að í áætlunum matsmanna í matsgerð nr. 1 var gert ráð fyrir því höggvið væri utan af hinum gölluðu flötum og síðan múrfyllt, en í ljós kom við viðgerð, að slík framkvæmd var ekki möguleg. Í því sambandi skal bent á, að Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins átti í verulegum erfiðleikum með að ná nýtanlegum kjörnum til rannsóknar. Reynt var að fara að forskrift hinna dómkvöddu matsmanna varðandi vesturvegg í stofu, en tilraun sú mistókst með öllu, og steypan molnaði öll niður, þótt gætt væri ýtrustu varfærni og notuð minnsta gerð af loftbor. Þá skal bent á það, að í mati nr. 2 var, eins og áður segir, gert ráð fyrir klæðningu utan á austurvegg bílskúrs, en í ljós hefur komið síðar, að ekki er pláss fyrir slíka klæðningu á lóðinni nr. 32 við Faxatún, og þar að auki liggja nú fyrir rannsóknir borkjarna steypunnar í bílskúrnum, þannig að ekkert verður til fyrirstöðu að leggja nú mat á ástæður steypuskemmdanna svo og að meta til tjóns gallana á bílskúrnum í heild með varanlega steinviðgerð í huga. Ennfremur skal á það bent, að meta þarf tjón á gluggum og sólbekkjum, sem kom í ljós og stafaði af vatnsmettun steinsteypunnar. Ennfremur komu sprungur fram innanhúss á ýmsum stöðum, og flísar losnuðu

á baðherbergi, og miðstöðvarlögn rofnaði á einum stað auk þess sem málning og veggfóður spilltist. Allt þetta þarf nú að meta í einu heildarmati. Þá skal bent á, að endurleggja þurfti gangstétt og endurnýja blómabeð, sem rifið var upp, svo og að meta skemmdir á verönd og sólskýli."

Boðað var til skoðunarfundar að Faxatúni 32, Garðabæ, miðvikudaginn 20. febrúar s. l. kl. 1630. Boðun var gerð með símskeytum.

Viðstaddir á fundinum voru Jón Sigvaldason, Faxatúni 32, Garðabæ, Þorsteinn Helgason, verkfræðingur, Bogahlíð 8, Reykjavík, og undirritaðir matsmenn. Arnmundur Backmann, hdl., mætti á fundinum, þegar nokkuð var liðið á hann, en enginn fulltrúi matsþola kom á fundinn.

Dómkvaðning og matsbeiðni voru upp lesin. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins né útnefningu matsmanna.

Jón Sigvaldason afhenti matsmönnum eftirfarandi gögn:

1. Niðurstöður rannsókna, sem gerðar hafa verið á steinsteypu úr veggjum umræddds húss — rannsókn nr. H79/536. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, dags. 12. nóv. 1979 og 9. jan. 1980.
2. Möppu með myndum, teknar meðan á viðgerð útveggja stóð, ásamt öðrum gögnum.

Skoðun fór nú fram, og var fyrst skoðað útanhúss. Búið var að framkvæma viðgerðir á flestum útveggjum hússins að öðru leyti en því, að veggirnir höfðu ekki verið málaðir. Mátti af þessum sökum sjá, hversu umfangsmiklar viðgerðirnar höfðu orðið, svo og af myndum, sem látnar höfðu verið í té. Viðgerðir á austurvegg sunnan við aðalinngang höfðu að umfangi verið mjög svipaðar og áætlað hafði verið í matsgerð, dags. 20. nóvember 1978, að öðru leyti en því, að steinsteypa hafði verið numin á brott alveg inn að einangrun, sbr. meðfylgjandi mynd 1. Þá hafði komið í ljós, að undirstykki eldhúsglugga voru það illa farin af raka, að nauðsynlegt var að skipta um þau. Á suðurvegg höfðu viðgerðir orðið töluvert umfangsmeiri en áætlað hafði verið í fyrri matsgerð. Annarsvegar hafði reynst óhjákvæmilegt að fjarlægja steinsteypu í veggnum alveg inn að einangrun, og hins vegar varð að höggva töluvert utan af sökklum undir veggnum. Hið síðarnefnda leiddi til röskunar á lóðarfrágangi við vegginn. Suðurveggurinn er sýndur á meðfylgjandi mynd 2. Á vesturvegg, sunnan við svaladyr, hafði umfang viðgerða orðið töluvert meira en ráð hafði verið fyrir gert í fyrri matsgerð. Eins og áður hafði steinsteypa verið numin á brott inn að einangrun, en auk þess hafði reynst nauðsynlegt að höggva töluvert utan af sökklum, sbr. mynd 3. Hliðarstykki í svalahurð hafði reynst svo skemmt af raka, að nauðsynlegt hafði verið að skipta um það. Til að framkvæma viðgerðir á sökklum hafði reynst óhjákvæmilegt að rífa pall við svaladyr, á meðan á viðgerð stóð. Umfang viðgerða á nyrðri hluta vesturveggsins

hafði orðið mjög svipað og reiknað hafði verið með í fyrra mati að öðru leyti en því, að nauðsynlegt hafði reynst að brjóta nokkuð utan af sökklum. Þá hafði steypa í veggjunum verið numin á brott inn að einangrun, sbr. mynd 4. Umfang viðgerða á norðurvegg hafði orðið svipað og reiknað hafði verið með í fyrra mati. Það hafði þó þurft að brjóta aðeins hærra upp eftir veggnum en áætlað hafði verið, en austast á veggnum (við kyndiklefa) hafði steypan reynst það góð, að hún var látin standa. Þá hafði einnig reynst nauðsynlegt að brjóta nokkuð utan af sökklum, sbr. mynd 5. Enn hefur ekki verið gert við skemmdir á þeim hluta austurveggs hússins, sem snýr að bílskúr, sbr. mynd 6. Reikna verður með, að gera þurfi við þennan vegg upp undir gluggahæð syðst, en í nokkru minni hæð nyrst að kyndiklefa. Ekki hafa farið fram viðgerðir á steinsteypu bílskúrsveggja. Norðurveggur bílskúrs, upp að gluggum, sýnir svipuð einkenni og þeir vegghlutar íbúðarhússins, sem nauðsynlegt reyndist að endursteypa. Austurveggur bílskúrsins (langveggur) reyndist mjög sprunginn, og steinsteypan í honum var mjög rök og gaf frá sér dautt hljóð, þegar slegið var í hana. Málning á þessum vegg er illa farin, sbr. mynd 7.

Skoðun fór nú fram innanhúss. Í svefnherbergi var bent á, að sprungur hefðu myndast í veggjum, er viðgerð fór fram. Ekki reyndist auðvelt að fylgja þessum sprungum eftir, þar eð veggir eru veggfóðraðir. Bent var á, að sólbekkir hefðu verið endurnýjaðir. Í barnaherbergjum voru sprungur við glugga, og bent var á, að ofnalögn hefði skemmst, er viðgerð fór fram. Í eldhúsi var bent á lárétta sprungu, sem komið hefði í austurvegginn, um það bil í 1,2 m hæð frá gólfi. Í stofu var bent á sprungur undir veggfóðri, sem talið var, að hefðu komið fram, á meðan á viðgerð stóð. Í baðherbergi var bent á mikla losun flísa (tæplega 400 flísar) sem orðið hefði, er viðgerðir fóru fram.

Að ofangreindri skoðun lokinni var fundi slitið.

Niðurstöður matsmanna.

Íbúðarhús.

1. Matsmenn telja enn sem fyrr, sbr. matsgerð, dags. 20. nóvember 1978, að skemmdir séu vegna frostáhrifa. Teljum við, að orsakanna sé að leita í ófullnægjandi steinefnasamsetningu steinsteypunnar og skorti á fíngerðum lokuðum loftbólum, sem verndað gætu steinsteypuna vegna þenslu, sem leiðir af frystingu raka í henni. Niðurstöðu þessa byggjum við á þeim skemmdaeinkennum, sem við höfum skoðað, athugun á áðurnefndri skýrslu frá Portland Cement Association og athugunum, sem við höfum gert á gleypni steinsteypumola úr veggjum hússins.

2. Umfang steynsteypuskemmda teljum við nú, að hafi verið nokkru meiri en kom fram í fyrrnefndri matsgerð frá árinu 1978. Skoðun á viðgerð-

um flötum og ljósmyndum, er teknar voru af viðgerðum á hinum ýmsu stigum, teljum við nægilegan grundvöll til að meta umfang skemmdanna. Ekki teljum við nein rök finnast fyrir því, að meira hafi verið numið á brott af gamalli steypu en þörf var á. Mulningur sá, er sýndur er á mynd 8, bendir mjög til þess, að sú steypa, sem brotin var í burtu, hafi verið mjög veik.

3. Á grundvelli þess, sem að ofan er sagt, teljum við, að kostnaður við endurnýjun á skemmdri steynsteypu íbúðarhússins, endurmúrhúðun, málningu ásamt viðgerðum á fúnum glugga og dyrastykkjum og lagfæringu á múr- og lóðarspjöllum vegna framkvæmdanna sé rétt metinn á kr. 8.065. 000.00 — ÁTTAMILLJÓNIRSEXTÍUOG FIMMÞÚSUNDKRÓNUR. — Kostnað við lagfæringu á flísum í baðherbergi höfðum við metið á kr. 60.000.00 — SEXTÍUÞÚSUNDKRÓNUR. —

4. Í mati okkar, dags, 14. maí 1979, var gert ráð fyrir, að langveggur bílskúrs yrði klæddur með loftræstri útveggjaklæðningu. Í matsbeiðni þeirri, sem nú liggur fyrir, er óskað eftir mati á varanlegri steinviðgerð auk þess sem óskað er eftri mati á ástæðum steypuskemmda í bílskúrsveggjunum á grundvelli þeirra rannsókna, sem þegar hafi verið gerðar.

Við teljum, að niðurstöður rannsókna á steinsteypu úr veggjum bílskúrsins bendi til þess, að hún sé haldin sömu göllum og steinsteypa sú, sem fjarlægð var úr íbúðarhúsinu.

Kostnað við að brjóta niður norður- og austurveggi bílskúrs og steypa þá á ný, einangra og múrhúða metum við á kr. 1.800.000.00 — ÁTJÁNHUNDRUÐÞÚSUNDKRÓNUR —

Heildarniðurstöður þessa mats eru samkvæmt ofangreindu kr. 9.925. 000.00 — NÍUMILLJÓNIRNÍUHUNDRUÐTUTTUGUOGFIMMÞÚSUNDKRÓNUR —"

Matsmennirnir staðfestu matsgerðir sínar fyrir dóminum 22. janúar sl. Þeir svöruðu einnig ýmsum spurningum varðandi eðli og gerð steinsteypu, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér.

Stefnandi höfðaði framhaldssök með framlagningu stefnu í dómi 14. okt. sl., eins og að framan greinir. Í framhaldsstefnu gerir hann kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða til viðbótar í skaðabætur gkr. 8.412.245, en í stefnu málsins gerði hann kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð gkr. 3.337.863. Hluti beggja þessara fjárhæða er matskostnaður og málskostnaður af ýmsu tagi. Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum og sundurliðaði þannig, að hann krafðist greiðslu skaðabóta að fjárhæð gkr. 9.925.000, en það er sú fjárhæð, sem matsmenn telja, að kostað hafi og kosta muni að bæta úr steypugöllunum. Stefnandi krefst greiðslu mats- og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, gkr. 3.834.512.

Stefnandi mun hafa lokið viðgerð á bílskúr sumarið 1980, og hafa þá allar steypuskemmdir verið lagfærðar að frátöldum þeim hluta austursveggs hússins, er snýr að bílskúr. Viðgerðum var hagað á þann veg í stórum dráttum, að fyrst voru brotnar raufar í gegnum hinn gallaða hluta veggjanna og í raufarnar settar burðarsúlur úr málmi og stífaðar með fleygum. Burðarsúlurnar voru húðaðar með gúmmíi til þess að koma í veg fyrir, að þær sprengdu síðar steypuna. Að svo búnu voru veggirnir á milli þeirra brotnir. Stóð þá eftir einangrun og múrhúðun að innanverðu. Þessi aðferð hafði í för með sér sáralitla röskun innanhúss. Síðan var soðin saman grind úr steypustyrktarjárni upp við einangrunina, á hana sett múrhúðunarnet og múrlögun kastað á. Var þá komið innra byrði steypumóta. Ytra byrðinu var slegið upp með venjulegum hætti. Síðan voru veggirnir steyptir og múrhúðaðir.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að niðurlagning steypunnar hafi í einu og öllu verið mjög vönduð. Þess hafi verið sérstaklega gætt að fylgja þeim fyrirmælum verkfræðings stefnanda að hafa steypuna eins stífa (þurra) og kostur var. Þá hafi liðið mjög skammur tími, frá því að steypan var blauthrærð þar til hún var lögð. Pöntun á steypunni hafi verið gerð samkvæmt fyrirmælum verkfræðingsins, þ. á m. þeirra, að hún skyldi innihalda loftblendi. Viðhald hússins hafi verið með ágætum, það hafi verið málað fljótlega, eftir að múrhúðun að utan lauk, og síðan árið 1968 og 1973. Útilokað sé að rekja orsakir steypugallanna til nokkurra atvika, sem stefnandi beri ábyrgð á.

Gallarnir á steypunni hafi ekki komið í ljós fyrr en á árinu 1976, þegar stefnandi hafi ætlað að gera við sprungur, sem þá hafi verið sjáanlegar á útveggjum, áður en húsið yrði málað að utanverðu. Þegar í ljós hafi komið við nánari athugun, að ekki var um venjulegar steypusprungur að ræða, hafi stefnandi þegar í stað, eða 22. júní 1976, óskað eftir því við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, að hún tæki sýni til rannsóknar, og hefðu niðurstöður rannsóknarinnar legið fyrir 29. s. m. Stefnandi hafi síðan kvartað við stefnda og krafiðst bóta, fyrst munnlega og síðan með bréfi, dags. 23. mars 1977. Stefndi hafi hafnað bótaskyldu með bréfi sínu, dags. 29. mars 1977.

Stefnandi hafi látið rannsaka steypusýnin, sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins tók úr útveggjunum, hjá rannsóknarstofum Portland Cement Association og hafi sú rannsókn farið fram í apríl 1978. Þá hafi stefnandi látið dómkveðja matsmenn til þess að skoða steypugallana og meta tjón vegna þeirra og hafi matið legið fyrir 20. nóvember 1978. Þegar

frekari steypugallar hafi komið í ljós, hafi stefnandi beðið Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um rannsókn á þeim og hafi hún legið fyrir 12. nóvember 1979 og í framhaldi af því hafi verið óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að framkvæma framhaldsmat á steypugöllunum og hafi það legið fyrir 19. apríl 1980. Stefnandi hafi því kvartað við stefnda og gert kröfur á hendur honum svo fljótt sem verða mátti og gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að upplýsa orsök og eðli steypugallanna.

Niðurstöður rannsóknaraðilja og matsmanna séu einróma á þann veg, að steypuskemmdirnar stafi af því, að steypan hafi verið gölluð. Sé þar bæði um að ræða steypu, sem farið hafi í sökkul hússins og útveggi. Skilin á milli gallaðrar og ógallaðrar steypu í útveggjum hússins virðist fylgja þeirri hæð, sem steypt hafi verið í fyrir hádegi á steypudaginn 30. júlí 1962. Steypu þessa hafi stefndi selt stefnanda sem ógallaða vöru. Líkur bendi til þess, að stefndi hafi ekki látið loftblendi í steypuna, annað hvort vegna handvammar eða vegna þess, að um loftblendilausa steypu hafi verið að ræða, sem fara hafi átt til annars kaupanda en stefnanda. Sé um að ræða vörusvik eða vítavert gáleysi af hálfu stefnda. Steypan hafi í öllu falli ekki fullnægt þeim kröfum, sem gera megi til steypu sem þeirrar, er pöntuð hafi verið, og beri stefndi ábyrgð á því tjóni, sem leitt hafi af þeim göllum, sem steypan hafi verið haldin, bæði kaupum á nýrri steypu og öllum viðgerðarkostnaði.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að um ábyrgð stefnda á steypugöllunum og því tjóni, sem af þeim leiddi, verði að hafa hliðsjón af lögum nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Steypukaupin verði að teljast tegundarákveðin samkvæmt 43. gr. laganna og því fari um bótaskyldu samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar. Samkvæmt þessu sé ábyrgð stefnda hlutlæg og því ekki þörf á að sanna sök hans varðandi steypugallana.

Ljóst sé, að steypugallarnir hafi verið leyndir. Útilokað sé, að þeir kæmu í ljós, þegar steypan var afhent, og ekki sé hægt að rannsaka steypuna á byggingarstað að nokkru gagni. Gallar í steypu komi yfirleitt ekki í ljós, fyrr en mörgum árum eftir að steypt hafi verið, og t. d. geti múrhúðun leynt þeim svo lengi sem hún endist. Þá sé steypan orðin hluti af fasteign og því sé eðlilegt að hafa hliðsjón af reglum um fasteignakaup, þegar um galla sem þessa sé að ræða.

Um kvartanir vegna leyndra galla í fasteign verði að miða við ákvæði 52. gr. laga nr. 39/1922, en fráleitt sé að miða við ákvæði 54. gr. sömu laga. Eins og að framan sé rakið, hafi stefnandi komið kvörtunum sínum og kröfum á framfæri við stefnda eins fljótt og auðið hafi verið, eftir að gallarnir komu í ljós, og sé því ekki um að ræða neins konar tómlætisverkanir.

Skaðabótakrafa stefnanda sé ekki fyrnd. Eðlilegt sé að telja fyrningar-

frest 10 ár samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905, en þótt talið yrði, að fyrningarfresturinn sé 4 ár samkvæmt 3. gr. sömu laga, þá sé ljóst, að krafa stefnanda sé ófyrnd, þar sem fyrningarfrestur byrji ekki að líða, fyrr en gallarnir komi í ljós, sem verið hafi sumarið 1976, en stefna í málinu hafi verið birt 25. júní 1979.

Engin ástæða hafi verið til þess að sækja múrarameistara hússins til saka, þar sem hann hafi engu getað ráðið um blöndun steypunnar, eftir að pöntun hafi verið gerð, enda hafi hann gætt þess að hafa steypuna eins stífa og hægt var. Útilokað hafi verið fyrir hann að rannsaka steypuna á byggingarstað að nokkru gagni.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda sé byggð á niðurstöðu matsmanna, sem ekki hafi verið hnekkt. Málskostnaðarkrafa sé byggð á framlögðum reikningum.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að krafa sú, sem stefnandi haldi fram, að hann eigi á hendur stefnda, sé fyrnd. Viðskipti aðilja hafi farið fram í júlí og ágúst árið 1962 og þá hafi fyrningarfrestur byrjað að líða. Viðskiptin séu lausafjárkaup, en ekki sala á fasteign. Því fari um rétt stefnanda til þess að bera fyrir sig, að steypan hafi verið gölluð, eftir ákvæðum 54. gr. laga nr. 39/1922. Þegar stefnandi hafi borið fyrir sig, að steypan væri gölluð, hafi ársfresturinn samkvæmt 54. gr. verið löngu liðinn. Hafi stefnandi átt einhvern rétt á hendur stefnda, sé hann löngu fallinn niður vegna tómlætis, enda hafi stefndi hvorki tekið ábyrgð á hinni seldu vöru né haft svik í frammi.

Ekki sé um að ræða leyndan galla. Hafi einhverju verið ábótavant um samsetningu steypunnar, hefði það átt að koma í ljós við skoðun hennar á byggingarstað. Samkvæmt byggingarsamþykkt Garðahreps nr. 11 14. janúar 1961, sem í gildi hafi verið, þegar steypukaupin fóru fram, beri múrarameistari ábyrgð á því, að gæði steypunnar séu eins og gert sé ráð fyrir í byggingarsamþykktinni. Ef gallar hefðu komið í ljós við skoðun, hefði múrarameistarinn átt að kvarta og skila steypunni, sem hefði verið auðsótt mál við stefnda. Málssókn þessari hefði því átt að beina gegn múrarameistaranum, þar sem hann beri ábyrgð á gæðum steypunnar. Verði litið svo á, að um viðskipti aðilja gildi almennur fyrningarfrestur samkvæmt lögum nr. 14/1905, sé krafa stefnanda samt sem áður fyrnd, og gildi þá einu, hvort beitt sé 3. gr. laganna um 4 ára fyrningarfrest eða 4. gr. um 10 ára fyrningarfrest. Báðir þessir frestir hafi verið liðnir, þegar stefna var birt í málinu, enda verði að miða upphaf þeirra við afhendingardag steypunnar.

Stefndi hafi aldrei viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart stefnanda og þótt svo yrði litið á, að krafa stefnanda væri ófyrnd, þá beri stefnda aldrei

skylda til þess að greiða stefnanda hærri bætur en nemi verðmæti þeirrar steypu, sem gölluð sé talin.

Ekki sé upplýst, af hverju meintir steypugallar stafi. Þar geti komið til ýmis atriði, s. s. að steypan hafi verið höfð of blaut og sé það á ábyrgð múrarameistarans, því að vatni sé blandað í steypuna eftir fyrirmælum hans. Mismunur á gæðum þeirrar steypu, sem notuð hafi verið fyrir og eftir hádegi, bendi til þess, að eitthvað hafi verið athugavert við vatnsmagn, niðurlagningu steypunnar eða annað slíkt, sem leitt hafi til gallanna. Múrarameistarinn, sem beri ábyrgð á þessum atriðum, hafi ekki verið allan tímann á byggingarstaðnum til þess að sjá um niðurlagningu og blöndun steypunnar og verði stefnandi að bera ábyrgð á því.

Í ljós hafi komið, að sýni þau, sem tekin hafi verið úr steypunni, hafi haft nægjanlegt brotþol.

Þótt loftinnihald steypunnar sé lítið, sanni það engan veginn, að ekki hafi verið sett loftblendi í hana. Loftinnihald steypu geti minnkað, sé hún höfð of blaut eða látin bíða of lengi, frá því hún var hrærð þar til hún var lögð niður. Ekki hafi verið almennt viðurkennt á þessum tíma, að notkun loftblendis væri æskileg, og einnig hafi verið notað minna magn en nú sé talið æskilegt.

Stefndi mótmæli öllum bótakröfum stefnanda bæði efnislega og tölulega svo og málskostnaðarkröfu.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um, hvaða gallar voru á steypunni, sem fór í sökkul og neðri hluta útveggja húss stefnanda svo og veggi bílskúrs að hluta til og hver sé orsök gallanna. Af sjálfu leiðir, að umdeilt er, hver ber ábyrgð á göllunum og því tjóni, sem af þeim leiddi.

Þá er og deilt um, hvort stefnandi kom kvörtunum sínum og kröfum á framfæri við stefnda innan þess tíma, að þær teljist ekki fallnar niður vegna tómlætis og sömuleiðis hvort kröfurnar séu fyrndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1905.

Enn fremur er deilt um fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda.

Óumdeilt er, að stefnandi keypti sjálfur steypuna hjá stefnda, enda stóð hann fyrir byggingu húss síns, en réð fagmenn til einstakra þátta byggingarframkvæmdanna eins og byggingarlöggjöfin gerði ráð fyrir. Viðskipti stefnanda og stefnda voru því milliliðalaus, og þykir ábyrgð múrarameistarans gagnvart stefnanda ekki skipta máli um deiluefnið, eins og það liggur fyrir dóminum.

Upplýst er, að stefnandi keypti steypuna í sökkul húss og bílskúrs sumarið 1961, og sumarið 1962 keypti hann steypuna í útveggina, nánar tiltekið 30. júlí.

Fyrir liggur í málinu skrifleg pöntun stefnanda á þeirri steypu, sem fór í útveggi. Það, sem fram kemur í pöntuninni, er, hvert skuli magn steypunnar, sementsmagn í hvern rúmmetra steypu svo og að loftblendi skuli sett í hana, en magn þess er ótiltekið.

Ekki er upplýst, að pöntun stefnanda á steypu í sökkul hússins hafi í neinu verulegu verið frábrugðin framangreindri pöntun.

Framkvæmdastjóri stefnda skýrði frá því fyrir dóminum, að á þessum tíma hefði steypa ekki verið seld eftir brotþolsflokkum, eins og síðar varð, heldur hefði tilgreining kaupanda á þeirri steypu, sem hann pantaði, í flestum tilvikum einungis verið sú að tiltaka, hversu mikið sement skyldi sett í steypuna. Yfirleitt hefði loftblendi verið blandað í steypuna, en einstaka kaupandi hefði þó óskað eftir því, að það væri ekki gert.

Miða verður við, að stefnandi hafi í báðum tilvikum pantað steypu af þeirri gerð og styrkleika, sem almennt var á þessum tíma notuð í hús af svipaðri gerð og hann var að byggja, og hafi mátt treysta því, að hann fengi slíka steypu afhenta.

Sumarið 1976 og síðar kom í ljós, að steypan, sem um er deilt, sýndi merki um óeðlilega litla endingu, og hófst stefnandi þegar handa að láta rannsaka hana.

Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 29. júní 1976 er þess getið, að erfitt hafi reynst að ná heilum borkjörnum úr steypunni vegna þess, að þeir hafi viljað molna við borun. Þeir kjarnar, sem náðust heilir, voru brotþolsprófaðir, og reyndist brotþol þeirra óeðlilega lágt miðað við það, sem vænta mátti og eðlilegt getur talist, þegar haft er í huga sementsmagn, sem pantað var í steypuna, og aldur hennar. Þá kemur fram í skýrslunni, að nokkurn sand hafi virst vanta í steypuna, hún hafi brúna litaráverð, sé óeðlilega lin og innihaldi mikinn raka.

Niðurstöður rannsóknar Portland Cement Association frá því í apríl 1978, en þar voru rannsökuð tvö sýni steypunnar úr neðri hluta útveggja hússins og eitt úr efri hluta útveggjanna, eru á þá lund, að steypan sé léleg og komi þar margt til. Kornstærðardreifingu steypuefna sé ábótavant, skortur sé á loftíblöndun og steypan sé mjög vantsdræg. Enn fremur er á það bent, að vatns-sementshlutfall steypunnar sé hátt og hafi það stuðlað að þróun mikils holrýmis og óþéttileika. Þá segir orðrétt í skýrslunni: „Höfuðástæða skemmdanna virðist stafa af áhrifum margendurtekins frosts og þíðu á steypu, sem hefur hátt vatns-sementshlutfall og er ekki loftíblönduð."

Þá segir í bréfi til stefnanda frá framkvæmdastjóra stjórnunar- og tækniþjónustudeildar rannsóknastofnunarinnar eftirfarandi:

„Skorturinn á fullnægjandi grófum fylliefnum og gnótt fínna fylliefna

hafa án efa stuðlað að hinu háa vatns-sementshlutfalli og hinni miklu holrýmd og óþéttileika í þessari augljóslega lélegu steypu.“ Í skýrlunni fær steypan úr neðri hluta veggjanna í flestu verri dóm en steypan úr efri hlutanum.

Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dags. 12. nóvember 1979, um rannsókn á borkjörnum úr norðurvegg og sökkli íbúðarhússins og norður- og austurvegg bílskúrs kemur fram, að brotþol kjarnanna er yfirleitt lítið, en þó að jafnaði meira en þeirra kjarna, er stofnunin rannsakaði árið 1976, og enn fremur að loftinnihald þeirra er í flestum tilvikum lítið. Enda þótt sýnin, sem rannsökuð voru, hafi ekki verið tekin úr veggjunum með reglulegu millibili, gefa lýsingar dómkvaddra matsmanna það ótvírætt til kynna, að ástand steypunnar hafi verið mjög svipað, þar sem gallar á henni komu í ljós. Niðurstöður matsmannanna eru samhljóða þeim rannsóknum, sem gerðar voru á rannsóknastofnunum.

Rannsóknir þær, sem að framan hefur verið lýst, leiða ótvírætt í ljós, að steypan í neðri hluta útveggja íbúðarhúss og norðurvegg bílskúrs svo og í austurvegg bílskúrs var haldin alvarlegum göllum og svaraði engan veginn þeim kröfum, sem gera mátti til steypu sem þeirrar, er pöntuð var, og er þeim lýst í rannsóknunum.

Í ljós kom, þegar viðgerðir hófust, að steypa í sökkli hússins reyndist einnig skemmd, og telja matsmenn þá steypu vera haldna sömu göllum og steypuna í útveggjum.

Ekkert þykir hafa komið fram, sem bendir til þess, að meðhöndlun og niðurlagningu steypunnar á byggingarstað hafi verið ábótavant miðað við það, sem venja var á þessum tíma. „Vibrator“ var notaður við niðurlagninguna, en notkun þess háttar tækis var þá ekki nærri eins algeng og síðar varð. Rúmþyngd steypunnar hefur verið mæld, og eru þær niðurstöður eðlilegar. Enda þótt í skýrslu Portland Cement Association sé tekið fram, að „loftpokar“ séu í steypu í einum borkjarnanum og það talið benda til lélegrar þjöppunar steypunnar, verður slíkt tæplega talið til orsakavalda þeirra skemmda, er fram komu. Að vísu ber þess að gæta, að vatns-sementshlutfall steypunnar er talið vera hátt, sem gæti bent til þess, að steypan hafi verið höfð of blaut. Stefnandi heldur því staðfastlega fram, að steypan hafi verið höfð eins þurr og kostur var samkvæmt fyrirmælum verkfræðings síns, og sama bar múrarameistarinn fyrir dóminum. Ekkert þykir hafa komið fram, sem bendir til þess, að steypan hafi verið óeðlilega blaut, nema niðurstöður rannsókna á vatns-sementshlutfalli steypunnar, en í því sambandi verður þess að gæta, að óeðlilega lítið sement í steypu og eðlilegt vatnsmagn getur gert það að verkum, að vatns-sementshlutfall steypunnar verður hátt með sama hætti og þegar um óeðlilega mikið vatnsmagn, en eðlilegt sementsmagn, er að ræða.

Viðhald hússins verður að telja, að hafi verið með ágætum.

Endingarþol steypu er ýmsu háð, en telja verður, að áraun veðurs skipti þar höfuðmáli. Í útveggjum húsa hérlendis hefur steypa enst áratugi, þegar allt er með felldu, og má t. d. í því sambandi benda á, að í Reykjavík standa fjölmörg 40 - 50 ára gömul hús, byggð úr steinsteypu, óskemmd að mestu eða öllu. Ekki er því fráleitt að ætla, að endingartími steinsteyptra húsa sé a. m. k. 40 ár, komi ekkert sérstakt til, og stundum mun lengri. Þegar um svo örar og útbreiddar skemmdir er að ræða sem í húsi stefnanda, er augljóst, að steypan er gölluð, þar sem umfangsmikilla viðgerða var þörf að 15 árum liðnum frá byggingu hússins.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins sú, að hin umdeilda steypa hafi verið haldin alvarlegum göllum og orsakir þeirra sé að rekja til ástæðna, sem stefndi ber ábyrgð á, en ekki stefnandi.

Stefndi heldur því fram, að sú skaðabótakrafa, sem stefnandi kunni að eiga á hendur stefnda, sé fallin niður. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann hafi ekki kvartað um galla við stefnda innan árs frá þeim tíma, að steypan var afhent, eins og ráð sé fyrir gert í 54. gr. laga nr. 39/1922, sem nái til tilviks sem þessa. Í öðru lagi vegna þess, að skaðabótakrafan sé fyrnd samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1905 og skipti þá ekki máli, hvort krafa sem þessi fyrnist á 4 eða 10 árum, þar sem mun lengri tími en 10 ár hafi liðið, frá því að steypan var afhent þar til mál þetta var höfðað.

Miða verður upphaf fyrningarfrests samkvæmt lögum nr. 14/1905, sbr. 5. gr. laganna, við þann tíma, er gallarnir komu í ljós og stefnanda var mögulegt að staðreyna umfang þeirra.

Stefnandi kveðst hafa orðið var við lausa fleti í múrhúðun hússins, áður en hann ætlaði að mála það að utan sumarið 1976. Þegar viðgerð hófst þann 20. júní, hafi alvarlegar skemmdir á steinsteypunni komið í ljós, en stefnandi hófst þegar handa um að kanna þær. Þessari frásögn stefnanda hefur stefndi ekki mótmælt. Stefnandi höfðaði mál þetta 25. júní 1979.

Frekari gallar en í upphafi voru taldir vera á steinsteypunni munu hafa komið í ljós, eftir að fyrstu matsgerð vegna þeirra var lokið, þ. e. 20. nóvember 1978, og var framhaldssök í málinu höfðuð út af þeim 14. okt. 1980.

Birting stefnu og framlagning framhaldsstefnu í dómi rauf fyrningarfrest á skaðabótakröfum stefnanda. Eftir atvikum málsins skiptir ekki máli, hvort fyrningarfrestur á skaðabótakröfum stefnanda er miðaður við ákvæði 3. eða 4. gr. laga nr. 14/1905, þar sem fyrningarfresturinn var rofinn innan 4 ára, frá því hann byrjaði að líða. Kröfur stefnanda eru því ófyrndar.

Varðandi skyldu stefnanda til þess að kvarta við stefnda vegna galla á steypunni til að firra sig tómlætisverkunum verður að hafa í huga, að steypa er efni af því tagi, að yfirleitt verður ekki ætlast til, að kaupandi við afhendingu hennar sjái eða megi sjá, að gæðum hennar sé ábótavant.

Ekki er heldur hægt að gera ráð fyrir, að gallar í steypu komi í ljós þegar á fyrsta ári eða fyrstu árum, heldur þarf yfirleitt nokkuð langan tíma til. Þá má og líta til þess, að fastlega má gera ráð fyrir, að stefndi hafi talið sig vera að selja og ekki síður kaupandi að kaupa steypu, sem hefði venjulegan endingartíma, sem telja verður mun lengri en líkur stóðu til með þá gölluðu steypu, sem stefnandi fékk afhenta, enda þótt stefndi hafi ekki tekið sérstaka ábyrgð á því. Þegar þetta er haft í huga, þykir útilokað eðli málsins samkvæmt að miða við, að stefnandi kvartaði við stefnda um galla á steypunni innan árs frá afhendingu hennar.

Í þessu tilviki verður að miða tómlætisverkanir við, að kvartanir hafi borist, jafnskjótt og gallarnir komu í ljós.

Eins og áður segir, vissi stefnandi fyrst um gallana í júní árið 1976. Í bréfi stefnanda til forstjóra stefnda, dags. 23. mars 1977, kemur fram, að þeir hafa átt viðræður um steypuskemmdirnar sumarið 1976, en þeim viðræðum lýsti stefnandi í skýrslu sinni fyrir dóminum. Í bréfinu segir, að forstjóra stefnda sé kunnugt um, að neðri hluti veggja hússins og hluta bílskúrs sé ónýtur. Þá setur stefnandi fram sáttatilboð um greiðslu skaðabóta, en áskilur sér jafnframt rétt til þess, verði sáttatilboðinu hafnað, að heimta frekari bætur. Í svarbréfi forstjóra stefnda, dags. 29. mars 1977, kemur fram, að stefndi telur sig ekki bera ábyrgð á steypuskemmdunum, en kveðst þó reiðubúinn að liðsinna stefnanda við viðgerðir.

Samkvæmt þessu þykir stefnandi hafa kvartað við stefnda, jafnskjótt og við mátti búast, og verður því ekki talið, að skaðabótakrafa hans sé fallin niður vegna tómlætis.

Eins og að framan er sagt, verða orsakir steypuskemmdanna raktar til atvika, er stefndi ber ábyrgð á. Um er að ræða framleiðsluvöru stefnda, sem haldin er göllum og seld er stefnanda milliliðalaust. Bótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda þykir mega byggja á 43. gr. laga nr. 39/1922. Stefndi hefur haldið því fram, að honum beri aldrei að greiða hærri bætur en nemi verðmæti þeirrar steypu, er reyndist gölluð. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Líta verður svo á, að bótaábyrgð stefnda nái til þess, að honum beri að bæta stefnanda auk verðmætis steypunnar það tjón, sem varð á öðrum hlutum hússins vegna steypugallanna, og þann kostnað, sem af viðgerð hússins leiddi, þ. m. t. þær skemmdir, sem hún óhjákvæmilega hafði í för með sér.

Stefnandi byggir fjárhæð bótakröfunnar, kr. 99.250.00, á niðurstöðum dómkvaddra matsmanna. Stefndi hefur ekki hnekkt þeim niðurstöðum. Á þeim þykir mega byggja niðurstöðu dómsins um bótafjárhæð, og verða því bótakröfur stefnanda teknar til greina að fullu.

Af fjárhæðinni dæmast 31% ársvextir frá 19. apríl 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvextir frá þeim degi til 14. október s. á., 46% ársvextir frá

þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim tíma til dómsuppsögudags og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Diðrik Helgason múrarameistari og dr. Óttar P. Halldórsson prófessor.

Uppsaga dómsins hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés og utanfarar annars meðdómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Steypustöðin h/f, greiði stefnanda, Jóni Fr. Sigvaldasyni, kr. 99.250.00 með 31% ársvöxtum frá 19. apríl 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 14. október s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 61/1983. **Haukur Leósson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson)
Framkvæmdasjóði Íslands
(enginn)
Landsbanka Íslands
(enginn)
Útvegsbanka Íslands
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Sparisjóði vélstjóra
(enginn)

Jóni Magnússyni
(Benedikt Sveinsson hrl.)
Boga Ingimarssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Guðmundi Jónssyni
(Hákon Árnason hrl.)
Magnúsi Fr. Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Ara Ísberg
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Olíufélaginu Skeljungi h/f
(Gestur Jónsson hrl.)
Huxley Ólafssyni
(Hákon Árnason hrl.)
Diðrik Sigurðssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Reinholt Kristjánssyni
(enginn)
Jóni Ingólfssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Hirti Torfasyni
(sjálfur)
Einari Bergmann
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Pétri Valdimarssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Grétari Haraldssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Iðnaðarbanka Íslands h/f
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Hörpu h/f
(enginn)
Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f
(enginn)
Gunnari Sæmundssyni
(sjálfur)
Sveini Finnssyni f. h. dánarbús

Baldvin K. Sveinbjörnssonar
(enginn)
Einari Sigurðssyni
(enginn)
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Þórarni Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Tómasi Zoëga
(Benedikt Sveinsson hrl.)
og Jónasi Gústavssyni borgarfógeta
(sjálfur).

Uppboðsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Með dómi 21. febrúar 1983 var því máli vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess aðallega, „að hinni áfrýjuðu uppboðsgerð verði hrundið og synjað verði um framgang hennar að öllu leyti, en til vara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar."

Áfrýjandi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík, Útvegsbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Olíufélagið Skeljungur h/f, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Jón Magnússon, Bogi Ingimarsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Fr. Árnason, Ari Ísberg, Huxley Ólafsson, Diðrik Sigurðsson, Jón Ingólfsson, Einar Bergmann, Pétur Valdimarsson, Grétar Haraldsson, Gunnar Sæmundsson, Þórarinn Árnason og Tómas Zoëga krefjast staðfestingar hins áfrýjaða uppboðs og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, sem sækir þing af hálfu handhafa veðskuldabréfs, útgefins 1. ágúst 1977, upphaflega að fjárhæð 1.200.000 gkr. og tryggðs með 5. veðrétti í fasteigninni Viðjugerði 8, krefst sýknu af kröfum áfrýjanda.

Af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsbanka Íslands, Sparisjóðs vélstjóra, Reinholds Kristjánssonar, Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, Sveins Finnssonar f. h. dánarbús Baldvins Kr. Sveinbjörnssonar og Einars Sigurðssonar hefur ekki verið sótt þing.

Fram er komið, að Harpa h/f hefur fengið uppboðskröfu sína greidda, og hefur uppboðsbeiðni hennar verið afturkölluð.

Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður sótti þing ástefndur og krafðist staðfestingar hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Jónas Gústavsson borgarfógeti hefur komið fyrir Hæstarétt. Hann krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda.

Síðari hluta árs 1979 og til 4. september 1980 bárust yfirborgarfógetanum í Reykjavík 5 beiðnir um nauðungaruppboð á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg, sem er eign áfrýjanda. Þann dag var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur „að selja við nauðungaruppboð Viðjugerði 8, eigandi Haukur Leósson, eftir kröfu Helga V. Jónssonar o. fl." Lágu þá frammi uppboðsbeiðnir frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Sparisjóðs vélstjóra, Útvegsbanka Íslands og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni vegna Diðriks Sigurðssonar auk beiðna, sem síðar hafa verið afturkallaðar.

Í réttinum voru mættir af hálfu uppboðsbeiðenda Þorvaldur Lúðvíksson og Jóhann Gíslason, en eigandi eignarinnar var ekki viðstaddur.

Sala var ákveðin á eigninni sjálfri „29. 10. (sic) kl. 15:00" að undangenginni auglýsingu í dagblöðunum.

Uppboðsmálið var næst tekið fyrir 2. apríl 1981.

Var þá m. a. bókað:

„Uppboðið var auglýst í 38. (sic), 60. og 64. tbl. Lögbirtingablaðs 1980 og í dagb. Vísi. . . .

Eigandi eignarinnar er mættur . . .

Þessi boð komu fram: Kr. 500.000.00 Grétar Haraldsson hrl. . . .

Fleiri boð komu ekki fram. . . .

Mættur Haukur Leósson biður um, að fram fari annað og síðasta uppboð, og fer það fram hér á sama stað í júní n. k. uppboðsdagur ákveðinn síðar og þá auglýstur á venjulegan hátt.“

Enn bárust yfirborgarfógetanum beiðnir um nauðungaruppboð á þessari sömu fasteign til 22. september 1981. Þann dag fór áfrýjandi þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að sér yrði veitt heimilt til greiðslustöðvunar í allt að þrem mánuðum samkvæmt ákvæðum II. kafla gjaldþrotalga nr. 6/1978. Með úrskurði sama dag varð skiptaráðandinn við beiðni áfrýjanda. Að ósk áfrýjanda ákvað skiptaráðandinn með úrskurði 21. desember 1981, að heimild til greiðslustöðvunar skyldi framlengd í allt að tveim mánuðum.

Hinn 23. mars 1982 var haldið annað og síðasta uppboð á eigninni samkvæmt ákvörðun í uppboðsrétti 2. apríl 1981.

Í þinghaldi þessu var m. a. bókað:

„Við fyrstu fyrirtöku uppboðs þessa í uppboðsrétti þann 4. september 1980 var ákveðin sala, sem fram skyldi fara þann 29. september sama ár.

Samkvæmt beiðni uppboðsþola og með samþykki allra uppboðsbeiðenda var því söluþingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981.

Á því uppboðsþingi kom fram eitt boð í eignina, kr. 500.000.00 frá Grétari Haraldssyni hrl.

Eftir beiðni uppboðsþola var ákveðið, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni í júnímánuði 1981, en því söluþingi síðan frestað utan réttar samkvæmt beiðni uppboðsþola og með samþykki uppboðsbeiðenda til 25. september 1981.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur fékk uppboðsþoli þann 21. september 1981 heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði og síðan heimiluð greiðslustöðvun í aðra tvo mánuði með úrskurði skiptaréttar, dags. 21. desember 1981.

Að lokinni greiðslustöðvun var ákveðið, að sala á eigninni færi fram í dag.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi og í Morgunblaðinu. . . .

Uppboðsþoli Haukur Leósson er sjálfur mættur og með honum Árni Grétar Finnsson, hrl., sem óskar eftir því við uppboðsbeiðendur, að þeir veiti frest á uppboði þessu, en uppboðsbeiðendur samþykkja ekki frestun á uppboðinu. . .“

Hæsta boð í eignina, kr. 2.400.000.00, kom frá Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 5. apríl 1982 skyldi taka ákvörðun um framkomin boð í húseignina Viðjugerði 8 á uppboðsþinginu 23. mars. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Kristinn Sigurjónsson hrl., sem var hæstbjóðandi á uppboðinu og bauð hann kr. 2.400.000.00.

Þá er einnig mættur í réttinum Tómas Zoëga læknir.

Mættur Kristinn Sigurjónsson hrl. lýsir því yfir, að hann framselji mættum Tómasi Zoëga boð sitt í eignina, og Tómas lýsir því yfir, að hann yfirtaki boðið ásamt þeim skuldbindingum, sem uppboðsskilmálar leggja hæstbjóðanda á herðar.

Uppboðshaldari lýsti því yfir, að hann samþykkti ofangreint boð í hina seldu eign ásamt framsali þess til Tómasar Zoëga.

Mættur Tómas Zoëga greiðir í réttinum uppboðskostnað kr. 63.257.00 og kr. 416.743.00 upp í uppboðsverðið."

Uppboðshaldarinn útbjó síðan frumvarp að úthlutunargerð uppboðsverðsins.

Í þinghaldi 3. júní 1982 lagði uppboðshaldarinn frumvarpið fram svo og bréf áfrýjanda, þar sem hann mótmælti fyrirhugaðri úthlutun og lýsti yfir, að hann hygðist áfrýja uppboðinu til Hæstaréttar. Las uppboðshaldarinn bréf áfrýjanda í réttinum, en þar voru mættir margir lögmenn, er uppboðshaldari nafngreinir. Þeir samþykktu allir úthlutunarfrumvarpið eins og það lá fyrir.

Var síðan m. a. bókað: „Vegna mótmæla Hauks Leóssonar verða þeir aðilar, sem gert hafa kröfu, sem sæta mótmælum hans, boðaðir til sérstaks réttarhalds síðar, og verður fyrirtökudagur ákveðinn síðar. . . ."

Hinn 7. júní 1982 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að ganga frá uppgjöri uppboðsverðsins. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Helgi Ólafsson f. h. Tómasar Zoëga og með honum Skarphéðinn Þórisson hrl.

Mættur Helgi býður fram greiðslu á eftirstöðvum uppboðsverðsins að svo miklu leyti sem það fær ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign, en fyrir liggja yfirlýsingar frá mörgum veðhöfum,

þar sem þeir samþykkja, að kröfur þeirra megi hvíla áfram á eigninni.

Uppboðshaldari lætur þess nú getið, að honum hafi verið sýnd áfrýjunarstefna, þar sem uppboðinu er áfrýjað til Hæstaréttar, og sé því ekki hægt að gefa kaupanda afsal fyrir eigninni.

Við þessar aðstæður óskaði mættur Helgi eftir fresti til n. k. þriðjudags til að greiða eftirstöðvar uppboðsverðsins, og féllst uppboðshaldari á þann frest."

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að ekki hafi verið staðið rétt að undirbúningi hins áfrýjaða uppboðs og meðferð þess. Hafi uppboðssalan hinn 23. mars 1982 haft eitthvert sjálfstætt gildi, þá sé hún marklaus vegna þessa.

Er bent á, að uppboðshaldari hafi ekki tilkynnt áfrýjanda uppboðsbeiðnir, er þær bárust, svo sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949.

Frumvarp að uppboðsskilmálum hafi ekki legið fyrir fyrr en þremur dögum fyrir þingfestingu uppboðsmálsins og hafi uppboðshaldari ekki staðfest það með undirskrift sinni. Brjóti þetta í bága við ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1949.

Þá er bent á, að Útvegsbanki Íslands sé uppboðsbeiðandi á grundvelli þriggja veðskuldabréfa, hvers að fjárhæð gkr. 1.000.000, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1949. Uppboðsheimild sé því ekki rétt lýst í auglýsingum í Lögbirtingablaði, þar sem hún sé sögð eitt veðskuldabréf að fjárhæð gkr. 3.000.000. Uppboðsauglýsing liggi ekki frammi í málinu, en hún sé ígild stefnu í almennu dómsmáli. Þá sé heldur ekki rétt, að Helgi V. Jónsson sé uppboðsbeiðandi, svo sem fram komi í bókunum uppboðsmálsins, enda sé Helgi ekki aðili málsins.

Þá sé ósannað, að uppboðshaldari hafi sent áfrýjanda uppboðsauglýsingu eða aðra tilkynningu um uppboðið, svo sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Hafi áfrýjandi, sem ekki var viðstaddur þingfestingu málsins, ekki, svo sannað sé, fengið tilkynningu um næsta þinghald, sem bókað sé, að átt hafi að fara fram 29. október. Hann hafi heldur ekki fengið tilkynningu um söluþingið 2. apríl 1981, þó hann hafi þá verið viðstaddur, þar sem hann var á heimili sínu, er uppboðið fór fram.

Bent er á, að endurrit af bókunum málsins og skjöl þess beri með

sér, að veðbókarvottorð, sem sagt sé lagt fram við þingfestingu 4. september 1980, hafi ekki verið gefið út fyrr en 15 dögum síðar og lagt fram 2. apríl 1981. Bókanir málsins beri einnig með sér, að ekki hafi verið þingað í uppboðsmálin 29. október 1980 eða 29. september s. á., sem virðist hafa átt að vera fyrirtökudagur málsins samkvæmt bókun í þinghaldi 23. mars 1982, en málið næst tekið fyrir 2. apríl 1981 og eignin þá boðin upp. Ekki sé þá neitt skráð í þingbók um samhengi uppboðsins og þingfestingar 4. september 1980. Hafi það ekki verið fyrr en 23. mars 1982, er annað og síðasta uppboð skyldi fara fram, sem bókuð hafi verið frásögn af frestun málsins utan réttar, án þess að tilgreind væru forföll eða frestunin réttlætt með öðrum hætti.

Þá er talið ljóst af auglýsingum í Dagblaðinu Vísi 20. mars 1982 og Morgunblaðinu 21. s. m., að ekki hafi verið fullnægt ákvæði 3. mgr. 29, gr., sbr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Skipti ekki máli, þó áfrýjandi hafi verið staddur á uppboðinu, því hann geti ekki fallið frá fresti, sem tilskilinn sé með þessum lagaákvæðum.

Einnig er talið ljóst, að uppboðshaldari hafi ekki verið búinn að samþykkja boð hæstbjóðanda, Kristins Sigurjónssonar, er það hafi verið framselt Tómasi Zoëga. Hafi Tómas ekki staðið við uppboðsskilmálana, því hann hafi aðeins greitt 1/6 hluta kaupverðsins og ekki boðið fram greiðslu á eftirstöðvum, fyrr en frestur til þess samkvæmt uppboðsskilmálunum var liðinn.

Enn fremur er á það bent, að bókanir málsins beri ekki með sér, að áfrýjandi, sem sé ólöglærður, hafi notið leiðbeiningar uppboðshaldara, svo sem skylt sé að lögum.

Loks er vakin athygli á, að í dómsgerðir málsins vanti fimm skjöl.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að þeir gallar séu á meðferð uppboðsmálsins, sem valdi ógildingu þess.

Uppboðshaldarinn, Jónas Gústavsson borgarfógeti, hefur fyrir Hæstarétti lýst gangi uppboðsmálsins.

Hann kveður þá venju hafa skapast við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að tilkynningar til uppboðsþola um framkomnar uppboðsbeiðnir séu sendar í almennum pósti. Frumvörp að uppboðsskilmálum séu stöðluð og prentuð. Hafi frumvarp þannig útbúið legið frammi og síðan verið gefið út 1. september 1980, þegar engar athugasemdir hafi komið fram. Veðbókarvottorð, sem lagt hafi

verið fram við þingfestingu málsins, hafi glatast og því hafi nýtt veðbókarvottorð verið lagt fram, er næst var háð þing í málinu. Ákveðið hafi verið, að sala á eigninni færi fram 29. september 1980, og því sé um misritun að ræða í dómsgerðum, þar sem skráð sé „29. 10“. Ekki hafi orðið af sölu eignarinnar, því málinu hafi verið frestað utan réttar að beiðni áfrýjanda og með samþykki kröfuhafa, til þess að honum gæfist tími til að greiða úr fjárhagsvanda sínum.

Er annað og síðasta uppboð hafi verið ákveðið 23. mars 1982, hafi áfrýjanda verið tilkynnt um það með hraðbréfi og uppboðið auglýst í dagblöðum með venjulegum hætti. Uppboðshaldarinn kveðst hafa leiðbeint áfrýjanda við meðferð uppboðsmálsins, þótt ekki hafi það verið skráð í þingbók.

Fallast verður á það, að misbrestur hafi orðið á því, að gætt hafi verið ákvæða laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Uppboðshaldari stóð ekki að tilkynningum til áfrýjanda um framkomnar uppboðsbeiðnir með þeim hætti, að hann tryggði sér sönnun fyrir þeim. Skjöl málsins bera það ekki með sér, að uppboðshaldari hafi tilkynnt áfrýjanda uppboðið, svo sem boðið er í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Þá var málinu frestað fjórum sinnum milli þingfestingar 4. september 1980 og 2. apríl 1981 með ákvörðun uppboðshaldara utan réttar, án þess nokkur grein sé gerð fyrir þeim frestunum í þingbók, er uppboð fór fram 2. apríl 1981, og er fyrst sagt frá þeim með bókun í þinghaldi 23. mars 1982, án þess þó að þær séu réttlættar með forföllum eða á annan hátt.

Eins og að framan greinir, mætti áfrýjandi við uppboðið 2. apríl 1981 og fékk þá ákveðið annað og síðasta uppboð á eigninni. Einnig var hann viðstaddur þinghald á heimili sínu 23. mars 1982, er annað og síðasta uppboð var háð. Naut hann þar aðstoðar lögmanns. Átti hann kost á að koma að mótmælum gegn grundvelli uppboðsins og meðferð málsins hjá uppboðshaldara. Engin mótmæli komu þó fram af hans hálfu.

Þar sem svo var ástatt, og ekki er fram komið, að þeir annmarkar á meðferð uppboðsmálsins, sem að framan greinir, hafi valdið áfrýjanda réttarspjöllum, þykir ekki alveg næg ástæða til þess, að þeir eigi að valda ógildingu á nauðungarsölunni. Samkvæmt því og þar sem ekki hafa komið fram mótmæli gegn sjálfum uppboðs-

grundvellinum, verða kröfur stefndu teknar til greina og hin áfrýjaða uppboðsgerð staðfest.

Framangreindir gallar á málsmeðferð héraðsdómara eru aðfinnsluverðir.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Útvegsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Olíufélaginu Skeljungi h/f, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Jóni Magnússyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Huxley Ólafssyni, Diðrik Sigurðssyni, Jóni Ingólfssyni, Einari Bergmann, Pétri Valdimarssyni, Grétari Haraldssyni, Gunnari Sæmundssyni, Þórarni Árnasyni og Tómasi Zoëga málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers þeirra.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Útvegsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Olíufélaginu Skeljungi h/f, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Jóni Magnússyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Huxley Ólafssyni, Diðrik Sigurðssyni, Jóni Ingólfssyni, Einari Bergmann, Pétri Valdimarssyni, Grétari Haraldssyni, Gunnari Sæmundssyni, Þórarni Árnasyni og Tómasi Zoëga málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara og Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara

Á uppboðsþingi 4. september 1980 var uppboðsþoli ekki staddur, og er ekki vitað um það, hvort hann vissi um uppboðsbeiðni eða aðrar framkomnar uppboðskröfur. Er þing skyldi næst heyja um málið, en ekki er ljóst af málsgögnum, hvort það var 29. september eða 29. október 1980, var ekki mætt af hálfu neins af aðiljum uppboðsmálsins. Féllu þinghöld niður allt til 2. apríl 1981, er dómþing

er næst háð og þá til sölu á eigninni að undangengnum auglýsingum í dagblaði. Þar var áfrýjandi mættur, en naut ekki aðstoðar lögmanns, og ekki verður af bókunum í þingbók ráðið, að hann hafi notið leiðbeininga dómara. Ekkert var þá bókað um samhengi milli þinghaldsins 4. september 1980 og söluþinghaldsins 2. apríl 1981. Það er fyrst í þinghaldi 23. mars 1982, er halda skyldi annað og síðasta uppboð á eigninni, að bókað er í þingbók, að málinu hafi verið frestað fjórum sinnum utan réttar milli 4. september 1980 og 2. apríl 1981.

Eins og að framan greinir, var ekki mætt af hálfu neins af sóknaraðiljum, er annað dómþing skyldi heyja í málinu, og forföllum ekki lýst eða önnur réttlæting tilgreind, hvorki fyrr né síðar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 118. og 223. gr. laga nr. 85/1936, varð málatilbúnaður sóknaraðilja í héraði Útvegsbanka Íslands, Sparisjóðs vélstjóra, Einars Viðar hæstaréttarlögmanns vegna Gísla Sveinssonar og Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns vegna Diðriks Sigurðssonar af þessum sökum ónýtur, og bar uppboðshaldara að fella málið niður. Bókun uppboðshaldara í þinghaldi 23. mars 1982, er halda skyldi annað og síðasta uppboð á eigninni, nærfellt ári eftir að uppboð á eigninni hafði farið fram, þar sem segir: „. . . var því söluþingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981," breytir ekki þessari stöðu.

Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja málsmeðferð alla frá þingfestingu málsins hinn 4. september 1980 og synja um framgang nauðungarsölunnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 69/1980. **Guðmundur Einarsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Herdísi Tryggvadóttur
og gagnsök
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1980. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. nóvember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. nóvember 1981. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér gkr. 12.900.527, þ. e. 129.005.27 krónur, með 9% ársvöxtum frá 14. september 1968 til 15. júlí 1974 með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum skv. 1. gr. laga um dómvexti, viðauka við lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nr. 56/1979 frá 15. júní 1979 til greiðsludags, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 14. júní til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og áframhaldandi dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. alls útlagðs kostnaðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem héraðsdómari kvað upp með sérfróðum meðdómendum, þykir mega staðfesta

niðurstöðu hans um fébótaábyrgð aðaláfrýjanda og úrlausn hans um einstaka liði í kröfugerð gagnáfrýjanda að öðru en því, að rétt þykir að færa kostnað við úrbætur á húsinu til verðlags 3. mars 1978, er matsmennirnir Hannes Davíðsson og Kristinn Sigurjónsson luku matsgerð sinni. Þykir sú fjárhæð hæfilega ákveðin gkr. 2.900. 000 þ. e. 29.000.00 krónur.

Ber því aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda gkr. 4.350.000, þ. e. 43.500.00 krónur með þeim vöxtum frá 3. mars 1978 sem segir í héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi greiði 37.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Einarsson, greiði gagnáfrýjanda, Herdísi Tryggvadóttur, 43.500.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 29. júní 1983 og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 37.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 11. febrúar 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 9. janúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 6. maí 1974, af Herdísi Tryggvadóttur, þá til heimilis að Garðaflöt 23, Garðahreppi, gegn Guðmundi Einarssyni verkfræðingi, til heimilis að Gimli við Álftanesveg.

Stefnukröfur voru í upphafi þær, að stefndi greiði stefnanda kr. 1.573. 800 með 9% ársvöxtum frá 14. september 1968 til greiðsludags og málskostnað skv. taxta LMFÍ.

Stefndi krafðist í upphafi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi, en til vara stórlegrar lækkunar á stefnukröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Með stefnu, birtri 1. september 1978, höfðaði stefnandi framhaldssök á hendur stefnda. Við munnlegan málflutning gerði stefnandi kröfur byggðar á framhaldsstefnunni, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 12.900.527 með 9% ársvöxtum frá 14. september 1968 til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum skv. 1. gr. laga um dómvexti, viðauka við lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nr. 56/1979 frá 14. júní 1979 til greiðsludags, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 14. júní til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og áframhaldandi dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins, þ. á m. alls útlagðs kostnaðar og kostnaðar vegna málflutnings um frávísunarkröfu stefnda.

Stefndi gerði í framhaldssök sömu kröfur og í upphaflegri málssókn, um sýknu aðallega, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

II.

Málavextir.

Aðiljar gerðu með sér kaupsamning hinn 18. febrúar árið 1967, og keypti stefnandi af stefnda húseign í smíðum að Garðaflöt 23 í þáverandi Garðahreppi.

Stefndi, Guðmundur Einarsson verkfræðingur, byggði húsið, og fylgdi kaupsamningnum framkvæmdalýsing, þar sem lýst var, í hvaða ástandi hann mundi afhenda húsið. Stefndi byggði þarna tvö hús, að Garðaflöt 23 og 25, sem voru eins og höfðu verið teiknuð af Hrafnkeli Thorlacius arkitekt og Birni Emilssyni tæknifræðingi. Húsin voru bæði reist um veturinn 1966—1967, nær því samtímis, og var Guðmundur Jónasson byggingameistari að báðum húsunum, og reisti vinnuflokkur hans þau. Byggingaraðferðin var svonefnd „lift-slab" aðferð, þar sem súlur eru aðalburðarstoðir, loftplatan er steypt á gólfplötu og er síðan lyft með vökvalyftum. Útveggir eru forsteyptir samlokuveggir úr tveimur steypulögum með einangrun á milli, og voru þeir verksmiðjuframleiddir hjá Steinstólpum h/f, en

reistir á staðnum, þegar loftplötunni hafði verið lyft af gólfplötunni. Sumir útveggja voru úr tré og gleri, sem náði niður að gólfi. Frágangur veggeininga var þannig, að 10 cm breitt járn var sett 5 cm ofan í hið steypta gólf, og var söguð rauf fyrir því eftir á. Veggelementum var síðan lyft innan frá og tyllt á fjarlægðarklossa við járnið, sem kom í bil á milli steypulaga veggsins. Hið steypta lag veggsins, sem út sneri, náði niður, en hitt steypulagið sem sneri inn í húsið, var þá í 4 cm hæð frá gólfi. Eins cm bil var milli gólfsins og veggelementsins að utanverðu. Veggelementið var látið nema við járnið að utan, og var járnið notað sem stýring, þegar veggirnir voru settir upp. Rauf varð því að utanverðu, 1 cm, og var fyllt upp í hana með þankítti. Gólfplatan náði út fyrir veggina allt í kringum húsið í sömu hæð og myndar þannig pall í kring, 50—60 cm breiðan.

Í kaupsamningi aðilja var verð hússins ákveðið kr. 2.200.000, og skyldi kaupandinn greiða kr. 2.005.000 í útborgun frá undirskrift samnings fram að 17. júní 1967, en þá gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 195.000. Gert var ráð fyrir því, að þá hefði seljandi lokið framkvæmdum við húsið skv. framkvæmdalýsingunni og að þá ætti kaupandi rétt á að fá afsal fyrir eigninni, en framkvæmdalýsingin laut að framkvæmdum í innréttingum, gluggum og hurðum, hitunarkerfi, frágangi lóðar svo og þakeinangrun. Stefnandi flutti í húsið í lok ágúst 1967 ásamt börnum sínum. Afsal hafði þá ekki verið gefið út, og er engin skýring komin fram í málinu á því. Um veturinn 1967—1968 bjó stefnandi í húsinu ásamt börnum sínum, og hinn 14. september 1968 var afsalið gefið út. Við afsalsgerðina var einnig gerður viðbætir við kaupsamninginn frá 18. febrúar 1967, og er viðbætirinn, sem báðir aðiljar undirrituðu svohljóðandi:

„Viðbætir við hinsvegarritaðan kaupsamning.

Fljótlega eftir að kaupandi flutti í húsið, í ágústlok 1967, kom fram leki með útveggjum, niður við gólfplötu. Ennfremur hefur trefjaplastþaklag sprungið víða, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Seljandi hefur gert ráðstafanir til lagfæringar, en reynsla er ekki komin á, hvort þær séu fullnægjandi. Skuldbindur seljandi sig til að laga greinda framkomna galla frekar, ef nauðsyn krefur, þannig að varanleg bót verði að, kaupanda að kostnaðarlausu. Gjört við undirskrift afsals.

Garðaflöt 23, 14. september 1968.

Guðmundur Einarsson Herdís Tryggvadóttir.“

Um frágang á þankítti milli veggeininga og gólfplötu að utanverðu er það að segja, að sumarið eftir að húsið var byggt, þ. e. sumarið 1967, áður en stefnandi flutti í húsið, fóru menn byggingameistarans yfir þéttingarnar að utan og endurnýjuðu þær. Talið var, að þær hefðu ekki verið

settar á heppilegum tíma og því hafi endanlega átt að ganga frá þeim um sumarið. Þá kom í ljós, að enginn galli var á þéttingunum á húsinu nr. 25, en þéttingarnar á húsi stefnanda nr. 23 þurftu lagfæringar við, og voru þær gerðar. Eftir að stefnandi flutti í húsið, varð hún vör við raka og leka með samskeytum við gólfplötu og þakleka. Stefnda var gert viðvart, og gerði hann ráðstafanir til úrbóta, og sumarið 1968 var af hálfu stefnda farið yfir þéttingar á samskeytum veggja og gólfplötu á nýjan leik. Veturinn 1968—1969 taldi stefnandi lekann halda áfram, bæði frá þaki og við gólf, og hinn 20. ágúst 1969 var haldinn fundur í skrifstofu lögmanns stefnda, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns. Tilefni fundarins var að ræða leiðir til úrbóta á þeim vanda, sem skapast hafði við lekann á þaki hússins. Í fundargerð, sem rituð var um fundinn, kemur fram, að þakið hafi verið lagt í ágúst 1967 af Þorsteini Gíslasyni málarameistara, að gallar hafi komið strax í ljós á einangrun þaksins og að í nóvember 1967 hafi komið sprungur í yfirborð og vatn hafi runnið undir einangrun og um allt þak. Gert hafi verið við sprungurnar, en án árangurs. Samkomulag varð með aðiljum, að heppilegast yrði að skipta að fullu um alla einangrun og klæðningu þaksins, sem yrði gert með pappa og asfalti, og tók Þorsteinn Gíslason að sér að annast verkið, enda hafði hann ábyrgst þakið. Gert var við þakið á þennan hátt, og er það úr sögunni, en ekki var gert við málningarskemmdir, sem orðið höfðu innanhúss af lekanum.

Sumarið 1971 kom í ljós, að vatnslögnin í húsinu var skemmd, og kom leki fram á þremur stöðum. Kvartað var yfir þessu til stefnda og hann beðinn að bæta úr, en undirtektir urðu litlar. Þar kom, að stefnandi sneri sér til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu með bréfi, dags. 22. janúar 1973, og óskaði þess, að útnefndir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að segja fyrir, hvernig lagfæra skyldi galla á húsinu, og lagt var fyrir matsmennina þetta verkefni:

1. Að segja fyrir um, hvernig skuli koma í veg fyrir leka með útveggjum niðri við gólfplötu, svo varanlegt sé.
2. Að meta kostnað við þessa viðgerð.
3. Að segja, hvaða skemmdir hafi orðið innanhúss vegna þaklekans og lekans við gólfplöturnar.
4. Að meta kostnað við þessar viðgerðir. Í þessu sambandi tók matsbeiðandi fram, að hún hafi látið mála að hluta innanhúss til bráðabirgða og óskaði mats á kostnaði við það.
5. Að kanna skemmdir á miðstöðvarlögn og orsakir þeirra og segja fyrir um varanlega viðgerð.
6. Að meta kostnað við þessa viðgerð.
7. Að segja, hvort húsið teljist og hafi talist íbúðarhæft vegna framan-

talinna galla og meta til peninga afnotamissi af húsinu vegna gallanna og viðgerða á þeim.

Dómkvaddir voru þeir Vilhjálmur Þorláksson verkfræðingur og Sigurður Oddsson tæknifræðingur, og skiluðu þeir matsgerð sinni 18. mars 1973. Lýstu þeir því, sem fyrir augu bar við skoðun:

„Málning í lofti hefur flagnað allmikið af í öllum herbergjum hússins. Hér er um nokkuð þykka málningu (hraunmálningu) að ræða, sem myndar stórar flyksur. Matsbeiðandi sagði, að málningin hefði byrjað að flagna af fyrri hluta vetrar 1967—68. Ekki sást, að málning í lofti hefði verið lagfærð, að utan smávegis blettun með þynnri málningu í stofulofti, sem engan veginn huldi skemmdirnar. Raki var sýnilegur yfir glugga í stofu, og virtist hann stafa af slaga á járnplötu, sem var ofáná stálsúlu í glugganum.

Raki var mjög víða við mót veggja og gólfs. Frágangur á húsinu á mótum gólfplötu og útveggja er þannig, að gólfplatan gengur í sömu hæð út fyrir vegginn og myndar pall allt í kringum húsið.

Veggirnir standa á þessari plötu, nema múrlag er þar á milli. Að utan er þétt með gúmmíkítti. Undir ca miðjum vegg er flatjárn, sem fellt er niður í sagaða rauf í gólfplötuna og nær ca 5 cm upp úr plötunni.

Við teljum þetta óvenjulega lausn og nokkuð viðsjárverða, þar sem snjór og vatn getur staðið uppi á pallinum. Kuldabrúin, sem gólfplatan myndar, verður mikil, og hitaleiðni flatjárnsins eykur hættuna á slagamyndun. Í herbergi í NA-horni náði rakinn víða ca 30 cm inn á gólfið. Ullargólfteppi á filti var skemmt út við veggi, fúkkalykt var og pöddur í rakanum. Sökkull á fataskáp á innvegg var lítilsháttar skemmdur við útvegginn.

Í þessu herbergi rufum við múr og einangrun niður við gólf og skoðuðum áður greint flatjárn. Flatjárnið var blautt og að okkur virtist af slaga. Þar sem matsbeiðandi tjáði okkur, að rakamyndun væri líka á sumrin og sérstaklega í rigningum, teljum við að einnig leki með flatjárninu.

Í baðherbergi, sem var flísalagt, sáust ekki skemmdir við gólfið.

Í herbergi milli baðherbergis og hjónaherbergis var álíka raki og skemmdir á teppi og í NA-herbergi. Þar var einnig mikill raki við innvegg að baðherbergi. Var ályktað, að orsök þessa raka væri loki á vatnslögn að salerni.

Í hjónaherbergi var málað gólf. Þar var mikill raki við báða útveggi og jafnt við steypta veggi og glugga, sem ná niður að gólfi.

Í stofu er gólf einnig málað. Rakinn náði ekki eins langt inn á gólfið og í herbergjum við norðurvegg, en var þó víðast sýnilegur í kverk meðfram útvegg.

Í eldhúsi var gólf lagt vinylhúðuðum korkflísum. Skemmdir voru meðfram veggjum, og einnig höfðu flísar losnað upp úr miðju gólfi. Upplýst var, að þessar skemmdir stöfuðu af leka á neysluvatnsrörum. Ennfremur

var upplýst, að neysluvatnslögn í þvottahúsi og eldhúsi hefði verið endurnýjuð á árinu 1972.

Innveggir í stofu, veggir í barnaherbergjum á norðurhlið og innveggir í eldhúsi voru málaðir með brúnni olíumálningu. Matsbeiðandi sagði veggi í eldhúsi og barnaherbergjum vera málaða með tveimur yfirferðum og að þessi málning hefði verið framkvæmd á síðastliðnu ári.“

Matsmennirnir gerðu þessar tillögur til úrbóta:

„1. Við teljum, að gera megi við málningu í lofti á eftirfarandi hátt: Fjarlægja alla lausa málningu, bera hraunmálningu í skellurnar og mála síðan allt loftið með einni yfirferð af hraunmálningu af hæfilegri þykkt og síðan með einni yfirferð af plastmálningu með herði. Stálplötu yfir stofuglugga, sem getið var í lýsingu skoðunar, þarf að einangra.

2. Úrbætur vegna leka og slagamyndunar niður við gólfplötu.

Með tilliti til þess, að hér er um óvenjulegt byggingarlag að ræða, teljum við, að erfitt sé að staðhæfa um varanleik viðgerðar.

Aðgerðir, sem myndu breyta gerð byggingarinnar í grundvallaratriðum, yrðu mjög kostnaðarsamar og hlytu að breyta verulega útliti hússins.

Við teljum því viðgerð þá, sem nú verður lýst, helst koma til greina: Samskeyti útveggja og gólfplötu yrðu þétt á eftirfarandi hátt: Söguð yrði lárétt rauf í útveggi ca 10 cm fyrir ofan pall og höggvið neðan raufar ca 3 cm djúpt úr útveggnum. Einnig yrði höggvið ca 1,5 cm djúpt úrtak úr pallinum á ca 7 cm breidd útfrá veggnum. Sárið yrði sléttað með múr og síðan límdur asfaltpappi (rennupappi) í þessa kverk og múrað slétt yfir, styrkt með vírneti. Múrinn yrði látinn mynda rauf við sagaða flötinn efst og yrði þar þétt með gúmmíkítti. Þar sem gluggar eru, yrði sett áfella utan á undirstykkið, þannig að líma mætti pappann á hana í sama fleti og á veggnum. Vinkill (ca 3—3 cm) beygður úr t. d. 1,5 mm seltuvörðu áli yrði settur undir glerlistann og gengi niður yfir pappann. Þar sem léttar einingar (klæðning á trégrind) eru í útveggjum, yrði að koma pappanum undir klæðninguna.

Að innanverðu yrði rofið innra byrði veggja á hæð við flatjárnið og ennfremur höggvnir ca 2,5 cm úr gólfinu á ca 30 cm breidd innan við flatjárnið. Límd yrði ca 2 cm þykk ræma úr frauðgleri á flatjárnið (sem áður þarf að hreinsa) og borið asfalt á yfirborð hennar. Límt yrði einnig ca 2 cm þykkt frauðgler í gólfraufina svo og það, sem á vantar í veggraufina, og síðan yrði sett trefjagler yfir og innan á einangrunina.

Þennan frágang að innanverðu teljum við nauðsynlegan til að fyrirbyggja slagamyndunina.

Þar sem ullarteppi eru í herbergjum, þarf að endurnýja þau.

Mála þarf alla veggi og setja gólflista, sem á útveggjunum myndu hylja

skemmdir á þeim. Matsgerð okkar miðast við þá aðferð, en þess má geta, að gólflistar væru ekki nauðsynlegir, ef útveggir yrðu málaðir með hraunmálningu eða veggfóðraðir.

Í eldhúsi þar að endurnýja korkflísalögn á gólfi.

3. Viðgerð á neysluvatnsrörum:

Notuð hafa verið mjúk eirrör, og teljum við, að tæring innan frá (þyttatæring) valdi lekanum. Ekki er auðvelt að koma hér við annarri gerð röra, og er því miðað við, að í stað þeirra röra, sem ekki hefur verið skipt um, verði dregin hreinsuð eirrör (sjá grein um þetta efni í Iðnaðarmál, 1. hefti 1971).“

Kostnað töldu matsmennirnir þennan:

„1. (liður 2 í matsbeiðni) Kostnað við viðgerð á leka og slaga niður við gólf metum við þannig:

Viðgerð að utan:	kr.	125.000.-
Viðgerð að innan:	—	155.000.-
	Kr.	280.000.-

2. (liður 4 í matsbeiðni) Metið er nýviði að frádreginni fyrningu:

Endurnýjun á teppum, korkflísum og málningu á veggjum	kr.	92.000.-
Málning á veggjum, sem matsbeiðandi hefur látið framkvæma	—	8.000.-
Málning á lofti		45.000.-
	Kr.	145.000.-

3. (liður 6 í matsbeiðni)

Viðgerð á neysluvatnslögn, þ. e. þá, sem gerð hefur verið, og þá, sem eftir er að framkvæma, metum við á ...	kr.	50.000.-
Tilheyrandi múrbrot, viðgerð á baðherbergi o. þ. h. metum við á	—	20.000.-
	Kr.	70.000.-

4. (liður 7 í matsbeiðni)

Eins og komið hefur fram hér á undan, er slagi við útveggi í flestum herbergjum. Rakinn veldur skemmdum á málningu og gólfum. Pöddur safnast í rakann, og fúkkalykt er í herbergjum.

Við teljum, að þetta valdi miklum annmörkum á að búa í húsinu og miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, hafi svo verið síðan veturinn 1967—68.

Við treystum okkur þó ekki til að segja til um, hvort húsið fullnægi kröfum opinberra aðila um hollustuhætti, og því ekki heldur til að að meta til verðs afnotamissi af húsinu. Okkur þykir hins vegar sýnt, að húsið fullnægi ekki þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til íbúðarhúsnæðis.

Við teljum, að æskilegt sé að flytja úr húsinu, meðan viðgerð fer fram, en hún mundi, að okkar dómi, taka um það bil 6 vikur, og teljum við afnotamissi vegna viðgerðar hæfilega metinn á kr. 30.000.-

19. mars 1973

Vilhjálmur Þorláksson Sigurður Oddsson."

Stefnandi taldi matsgerð þessa ófullnægjandi, og fann hún helst að því, að matsmenn hefðu ekki talið víst, að aðferð sú, sem þeir hafi bent á til viðgerðar, væri fullnægjandi, og einnig taldi hún viðgerðarkostnað of lágt áætlaðan í matinu. Stefnandi fór því fram á yfirmat með bréfi, dags. 24. ágúst 1973, og vísaði þar um málavexti og upplýsingar til beiðni, en tók fram til viðbótar eftirfarandi:

„Yfirmats er einkum beiðst vegna þess, að matsmenn hafa ekki bent á viðgerð, sem þeir telja varanlega með vissu, til að fyrirbyggja leka og slagamyndun við gólf. Óskar matsbeiðandi sérstaklega, að bent verði á aðferð, sem örugg sé til að bæta úr göllum á byggingunni, jafnvel þótt hún valdi útlitsbreytingu á húsinu, og kostnað við varanlega viðgerð þurfa yfirmatsmenn að gefa upp. Matsmenn hafa ekkert sagt um, hvernig þurrka skuli þá veggi, sem blautir eru orðnir, né heldur, hvort veggir og gólf er orðið skemmt af raka sem afleiðing af göllunum. Nauðsynlegt er að fá álit yfirmatsmanna um þetta. Matsbeiðandi telur fjárhæðir allar of lágt áætlaðar, og er óskað yfirmats á þeim öllum svo og öðrum greinum matsins."

Til yfirmatsins voru dómkvaddir verkfræðingarnir Júlíus Sólnes prófessor, dr. Ragnar Ingimarsson dósent og dr. Óttar P. Halldórsson forstjóri. Skiluðu þeir matsgerð sinni hinn 31. janúar 1974, og þar segir:

„Í svefnherbergi í norð-austur hluta hússins kom í ljós, að mikill raki var við gólf og í neðsta hluta veggja, einkum við austurhlið. Í hjónaherbergi var töluverður raki við gólf. Teppi voru skemmd í báðum herbergjunum. Yfirmatsmenn töldu rétt að fá rakamælitæki til afnota til að athuga rakadreifingu við útveggi. Við skoðun var yfirmatsmönnum gerð grein fyrir víðtækum skemmdum, sem orðið hafa á málningu, einkum í loftum.

Við skoðun utanhúss var vakin athygli á málningarskemmdum neðst á

veggjaeiningum svo og sprungum, sem myndast hafa efst í þessum einingum.

Frekari skoðun fór að lokum fram innanhúss og þá skoðaðar skemmdir, sem orðið höfðu á veggjum og gólfi í þvottahúsi og eldhúsi. Málning var víða skemmd á útveggjum, og einnig fundust skemmdir á sökklum tréskápa.

Haukur Jónsson, hrl., kvaðst mundu senda yfirmatsmönnum undirmatsgerð, en yfirmatsmenn kváðust mundu nálgast teikningar af húsinu sjálfir.

Ákveðið var, að yfirmatsmenn framkvæmdu frekari athugun á rakadreifingu við útveggi, og óskaði Tryggvi Ófeigsson að vera viðstaddur þá athugun. Fundi var þvínæst slitið.

Yfirmatsmenn fengu undirmatsgerð og teikningar í hendur. Eftir að hafa borið saman lýsingu undirmatsmanna á umfangi skemmda og viðgerða og niðurstöður eigin skoðunar, telja yfirmatsmenn sig geta staðfest lýsinguna í meginatriðum.

Miðvikudaginn 17. október s. l. komu tveir yfirmatsmenn í húsið og gerðu all víðtækar mælingar á rakadreifingu við útveggi. Herdís Tryggvadóttir og Tryggvi Ófeigsson voru viðstödd athugunina.

Niðurstöður mælinga voru þær, að mikill raki væri neðst í útveggjum og á gólfplötu við útveggi í mestum hluta hússins. Áberandi mestur var rakinn þó við steyptan vegg í norð-austur hornherbergi, við steyptan vegg í norð-vestur horni hússins, við steyptan vegg í suð-vestur horni stofu og við steyptan suðurvegg eldhúss. Lítill raki reyndist vera við vesturvegg stofu, við suðurglugga stofu og við vesturvegg eldhúss.

Vegna utanfarar yfirmatsmanna var frekari aðgerðum frestað, og var það gert í samráði við Má Pétursson, héraðsdómara.

Sunnudaginn 4. nóvember fóru yfirmatsmenn allir í skoðunarferð að Garðaflöt 25, húsi Gísla Sigurðssonar. Það hús er systurhús húss Herdísar Tryggvadóttur, byggt eins og á sama tíma. Við skoðun kom í ljós, að þar gætir vart raka í neinum mæli. Á nokkrum stöðum í húsinu sást þó votta óverulega fyrir afleiðingum rakamyndunar í kverkum við gólf.

Föstudaginn 9. nóv. komu tveir yfirmatsmanna í húsið og framkvæmdu athuganir á frágangi á múrsæti útveggjaeininga við gólf. Tvær dætur Herdísar Tryggvadóttur voru þá í húsinu.

Yfirmatsmenn boruðu göt í gegnum flatjárn undir útveggjum (sbr. 2. 2.). Í ljós kom, að múrsæti útveggjaeininga nær inn að flatjárninu, en á teikningum er gert ráð fyrir holrúmi milli járnsins og múrsætis. Þá var og athugaður frágangur undir timburveggjaeiningum, en hann reyndist vera í samræmi við teikningar.

Síðari hluta desembermánaðar fóru tveir yfirmatsmanna tvívegis í skoðunarferðir um húsið. Beindist athugunin í þau skipti einkum að tregðu,

sem virðist vera á hitunarkerfi hússins og leiðir til þess, að hitastig innanhúss er óviðunandi lágt. Í síðari skoðunarferðinni var sérfræðingur í lofthitakerfum yfirmatsmönnum til aðstoðar, og gaf hann leiðbeiningar um, hvernig mætti að öllum líkindum ráða bót á þeim vanköntum, sem á hitakerfinu voru, en þeir virtust fyrst og fremst stafa af viðhaldsleysi.

Föstudaginn 28. des. s. l. boðaði Herdís Tryggvadóttir einn yfirmatsmanna á vettvang í því skyni að sýna mikinn leka, sem þá hafði komið fram í húsinu. Veður hafði þá skyndilega hlýnað eftir langvarandi frost, og gerði allmikla úrkomu, en krap og klaki á pallinum við vesturveggbrún olli því, að vatn safnaðist saman og stóð uppi við húsið á nokkrum stöðum. Hafði mikils leka orðið vart við gólf, og höfðu teppi orðið gegnsósa á kafla. Mestur var lekinn í norð-vestur herbergi og við vesturvegg stofu.

Á grundvelli þeirra athugana, er að ofan er lýst, gera yfirmatsmenn eftirfarandi athugasemdir og tillögur.

ORSAKIR GALLA OG AÐFERÐIR TIL ÚRBÓTA.

2.1. Orsakir leka og slagamyndunar við gólf.

Orsakir lekans og slagamyndunar við skil gólfs og útveggja eru að öllum líkindum fleiri en ein. Fyrst má telja, að óvenjulegur frágangur útveggja, þ. e. a. s. tenging við gólfplötu, ráði hér miklu um, en mjög er vikið frá hefðbundnum byggingarháttum, sem tíðkast hér á landi.

Til nánari skýringar má einkum benda á tvö atriði. Hið fyrra er frágangur einangrunar flatjárnsins, sem stýrir útveggjaeiningum öllum og er til þéttingar. Daggarpunktur veggþversniðsins gegnum járnið liggur við járnið, þar sem einangrun er öll innan þess. Þannig er hætta á rakaþéttingu við járnið. Þar að auki er járnið mjög kalt vegna óeðlilega mikillar kuldabrúar, en gólfplatan nær minnst um 50 cm út fyrir járnið. Ennfremur verður að teljast mjög óeðlilegt, að enginn vatnshalli eða hæðarmunur er tekinn á gólfpall utan veggja, þannig að vatn og ís getur legið á felluþéttingum.

Þá má einnig benda á óheppilega einangrun, sem sett er innan á sökkulinn. Vegna hennar þrýstast kuldalínurnar enn meir upp að nefndu járni undir veggjum og hefði verið mun betra, að einangrun hefði verið sett utan á sökkulveggina, þar sem jarðvegur liggur ekki að sökklum. Hefði þetta tvímælalaust orðið til að draga úr gólfkulda við útveggi og minni hætta orðið á rakaþéttingu við járnið. Mæla yfirmatsmenn með því, að slík einangrun verði sett utan á sökkulveggina.

Í öðru lagi er alltaf hætta á, að felluþéttingar gefi sig með tímanum, þannig að vatn komist þar í gegn og leki undir járnið komi fram inni á gólfi. Þessi hætta er að auki meiri, ef meðferð felluefna er ekki rétt í upphafi, eins og oft vill verða. Rétt er líka að geta þess, að slíkar felluþéttingar þarfnast reglulegs viðhalds.

2.2 Steinsteyptar útveggjaeiningar.

Yfirmatsmenn telja rétt að benda á tvær mismunandi leiðir til úrbóta.

A. Hreinsað verði allt felluefni, sem nú er fyrir hendi, úr fellum útveggjaeininga niður við gólf að utanverðu, allt umhverfis húsið.

Eftir að felluefnið hefur verið fjarlægt og fræst úr múrnum ca. 2 cm inn undir vegginn, verði sárið hreinsað vel, gúmmílista þrýst inn í botn raufarinnar og síðan kíttað með silikon gúmmíkítti (eða öðru jafn góðu kítti) í felluna. Áríðandi er, að verkið sé unnið í þurru veðri og af kunnáttumönnum.

Ekki er mælt með því að einangra flatjárnið að innan. Rökin fyrir því eru þau, að eigi rakaþétting (kondens) sér stað, sem e. t. v. gæti komið fyrir í mjög köldum veðrum, nái inniloft að þurrka slíkan raka, auk þess sem raki flökti greiðar burt. Ennfremur er minni hætta á rakaþéttingu á járninu, ef ekki er einangrað innan á það, þar eð járnið verður ekki eins kalt. Er því mælt með því að fjarlægja alla einangrun, sem nú er fyrir hendi innan á flatjárninu. Loftræstur gólflisti verði síðan látinn hylja loftrúmið við gólf.

Yfirmatsmenn telja og nauðsynlegt, að sökkulveggir verði einangraðir með 2,5 cm frauðgleri að utanverðu og bikað yfir. Fyllt verði að með jörð, þar sem því verður við komið.

Með reglulegu eftirliti og viðhaldi á fellum útveggjaeiningganna að utanverðu má ætla, að þannig verði komið í veg fyrir allan leka gegnum veggina. Hins vegar er enn um verulega kuldaleiðni að ræða í gegnum járnið, og er ekki hægt með fullri vissu að útiloka rakamyndun innan við járnið. Nauðsynlegt er, að húsið verði alla tíð vel upphitað.

Þá er bent á, að þar sem enginn vatnshalli er á gólfpalli utanveggja, þ. e. frá veggjum, er felluefnum hætta búin, þar sem vatn og ís liggur á fellum. Er rétt að gera ráðstafanir til þess að koma vatninu burt með því að bora göt í gegnum gólfpallinn rétt fyrir framan útveggina með hæfilegu millibili.

Að lokum telst óhjákvæmilegt að mála útveggina vegna viðgerðanna.

Með því að yfirmatsmenn telja sig ekki með fullri vissu geta sagt til um, hvort ofangreindar ráðstafanir séu fullnægjandi, er hér gerð grein fyrir annarri leið, sem þeir telja vænlegri til varanlegra úrbóta. Sú aðferð hefur verulega útlitsbreytingu hússins í för með sér.

B. Hér er þá gert ráð fyrir, að allar steinsteyptar útveggjaeiningar verði klæddar að utanverðu með klæðningu úr bylgjuáli, bylgjuplasti, eða öðru efni jafngóðu. Þessi klæðning verði fest á þverbönd úr trélistum, sem festir eru utan á steinveggina.

Neðsta listanum verði fest í um það bil 15 cm hæð yfir gólfpalli. Fyrir neðan listann verði komið fyrir 2 sm þykkri frauðglereinangrun, sem

stendur þá á gólfpallinum þétt að veggnum. Frauðglereinangrunin verði límd á silikongúmmíþéttiefni og þrýst vel að vegg og niður á gólfpall. Yfirborð frauðglersins verði bikað.

Nauðsynlegt er, að þetta verk, svo sem aðrar felluþéttingar, verði unnið af fagmönnum og í þurru veðri.

Til þess að tryggja, að vatn safnist ekki fyrir og liggi ekki að veggásetu, telja yfirmatsmenn rétt, að gerðar séu tvær hliðarráðstafanir. Annars vegar, að boruð verði niðurfallsgöt hæfilega víð og með hæfilegu millibili fast við frauðglerseinangrunina og hins vegar, að fræst sé grönn rauf í gólfpallinn utan við göt þessi og felldur í hana málmlisti, sem standi nokkuð upp úr pallinum og verði beygður að húshliðinni. Þessi listi verði settur í því skyni að koma í veg fyrir, að vatn utan að pallinum leggist að þéttingunum sjálfum og valdi hugsanlegum leka, eins og matsmenn hafa staðfest við skoðun, að gerist nú.

Einangrun sökkla og frágangur við gólfkverk innanhúss telja yfirmatsmenn, að eigi að vera með sama hætti og lýst er í A.

2.3 Timbureiningar, gluggar.

Hliðstætt því, sem áður er lýst um steinveggi, gera yfirmatsmenn tvær tillögur til úrbóta, að því er timbureiningu snertir.

A. Undir gluggum og timbureiningum verði hreinsað allt undan einingum að utan, inn að flatjárni, ca. 2 sm þykkir strimlar úr frauðgleri verði síðan límdir í silikongúmmíþéttiefni undir einingarnar. Frauðglerinu verði þrýst vel inn undir tréð og síðan bikað yfir.

Boruð verði göt með hæfilegu millibili í gegnum gólfpallinn við veggina, svipað og áður hefur verið lýst.

Frágangur sökklaeinangrunar verði á sama hátt og áður er lýst fyrir steinsteyptar útveggjaeiningar.

Að innan verði hreinsuð burt einangrun við flatjárnið og komið fyrir sams konar gólflista og áður er lýst.

B. Í viðbót við þann frágang, sem þegar hefur verið lýst í A, telst aukið öryggi fengið með því að fræsa rauf í gólfpall með sama hætti og áður var lýst og fella í hana málmlista, sem jafnframt tengdist botnstykki timbureiningu (gluggaeiningu).

2.4. Lagfæringar innanhúss

Þar sem ullarteppi eru á gólfum, þarf að fjarlægja þau. Einnig þarf að fjarlægja gólfflísar af eldhúsgólfi. Þá þarf að hreinsa burt einangrun frá flatjárninu að innanverðu undir steineiningunum, eins og fyrr greinir. Sömuleiðis þarf að taka burt trégólflista undir timbureiningum og fjarlægja síðan einangrun þá, sem liggur undir og upp að flatjárninu.

Til þess að fá burt rakann úr húsinu verði húsið kynt rækilega um nokkurn tíma og jafnframt loftað vel.

Eftir að málað hefur verið (sjá 2.5.) verði ullarteppi endurnýjuð og gengið frá gólflistum að innanverðu í öllu húsinu. Eins verði gert við sökkul tréskápa, þar sem rakaskemmdir hafa komið fram. Korkflísalögn í eldhúsi verði síðan endurnýjuð.

2.5. Málning innanhúss.

Útveggir allir verði hreinsaðir að innanverðu og málaðir (blettun og ein umferð).

Varðandi málningu á loftum telja yfirmatsmenn, að viðgerð og málning á loftum, eins og lýst er í undirmatsgerð, sé fullnægjandi.

2.6. Viðgerð á neyzluvatnsrörum.

Yfirmatsmenn staðfesta hér tillögur undirmatsmanna.

KOSTNAÐUR.

3.1. Kostnaður við viðgerðir utanhúss á útveggjaeiningum vegna leka og slaga niður við gólf.

Eins og lýst er í 2. kafla, er um að ræða tvær leiðir til úrbóta. Kostnað við þær metum við þannig:

A. (grein 2.2A og 2.3.)		
Viðgerð á steineiningum:		
kíttun, einangrun og málning	kr.	75.000.-
Viðgerðir á timbureiningum:		
einangrun og kíttun	—	45.000.-
Einangrun sökkulveggja	—	35.000.-
Bora göt	—	20.000.-
Alls	kr.	175.000.-
B. (grein 2.2B og 2.3.)		
Viðgerð á steineiningum:		
einangrun og klæðning utan á veggi	—	115.000.-
Viðgerð á timbureiningum	—	45.000.-
Einangrun sökkulveggja	—	35.000.-
Bora göt, saga raufar, málmlisti	—	60.000.-
Alls	kr.	225.000.-

3.2 Lagfæringar innanhúss.
Endurnýjun á teppum og korkflísum í eldhúsi. Lagfæringar og málning á innveggjum. Viðgerð á sökklum tré skápa. Gólflisti ..... Alls kr. 95.000.-

3.3. Málning lofta og útveggja að innan.

Málning á loftum	—	45.000.-
Málning á útveggjum að innan	—	20.000.-
Alls	Kr.	65.000.-

3.4. Viðgerð á neyzluvatnslögn ..... — 90.000.-

3.5. Afnot af íbúð og afnotamissir vegna viðgerða — 36.000.-

4. NIÐURSTÖÐUR YFIRMATS.
Niðurstöður yfirmats þessa verða því sem hér segir:

1) Miðað við lausn A	—	461.000.-
Ófyrirséð ca. 15%	—	69.000.-
	Kr.	530.000.-

- krónur fimmhundruð og þrjátíu þúsund

2) Miðað við lausn B	—	541.000.-
Ófyrirséð ca. 15%	—	81.000.-
	Kr.	622.000.-

- sexhundruð tuttugu og tvö þúsund -"

Að fengnu yfirmatinu höfðaði stefnandi mál þetta.

III.

Gangur málsins fyrir dómi.

Aðiljar gáfu skýrslur sínar fyrir dómi 19. og 23. september 1974. Að þeim loknum var málinu frestað um óákveðinn tíma. Þegar kom fram í júlí 1976, bað lögmaður stefnanda þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að endurmeta byggingargalla á húsinu. Dómkvaddir voru þeir Kristinn R. Sigurjónsson trésmíðameistari og Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, og var lagt fyrir þá að segja til um, hvort hægt væri að bæta úr göllunum þannig, að um varanlega viðgerð yrði að ræða, og eignin geti orðið í samræmi við þær vonir, sem eigandi hafði ástæðu

til að gera sér við kaupin. Telji matsmennirnir slíka viðgerð framkvæmanlega, þá beri þeim að meta til fjár, hvað slík viðgerð mundi kosta miðað við núverandi byggingarkostnað og segja til um orsakir framkominna galla.

Vísað var í upphaflega matsbeiðni, dags. 22. janúar 1973, og fyrir matsmennina lagt, að matið færi fram í samræmi við hana. Matsmennirnir skyldu einnig segja til um, hvað ógallað hús af sömu stærð, með standsettri lóð og öðru, sem tilheyrir, mundi kosta á almennum sölumarkaði, ef þeir kæmust að þeirri niðurstöðu, að húsið væri ekki viðgerðarhæft, annað hvort af faglegum ástæðum eða vegna kostnaðar. Stefnandi flutti úr húsinu með börn sín í júlímánuði 1976, en þegar í júnímánuði 1974 hafði heilbrigðisfulltrúinn í Garðahreppi vottað, að húsið væri óíbúðarhæft í þáverandi ástandi. Hinn 19. apríl 1977 var dómkvaddur Hannes Kr. Davíðsson arkitekt í stað Sigurgeirs Guðmundssonar skólastjóra, sem beiðst hafði lausnar vegna veikinda. Matsmennirnir hófu störf sín og boðuðu til skoðunarfundar hinn 24. nóvember 1977. Endurmatsgerð sinni skiluðu þeir hinn 3. mars 1978 og staðfestu hana fyrir dómi hinn 6. júní s. á. Í endurmatsgerðinni segir m. a.:

„Fyrir lá, að húsið er byggt þann veg, að loftplata er steypt á golfplötunni og síðan lyft upp í hæð og fest þar á fyrirfram reistar súlur „lift slab method". Aðspurður um aðskilnað milli platnanna segir Guðmundur, að ofan á gólfið, sem var vélslípað, hafi verið borið silicon til að tryggja, að steypan í loftplötunni næði ekki bindingu við steypu gólfsins.

Eins og sagt var, er húsið byggt með „lift slab mehtod", þannig verða útveggir allir sem og innveggir settir upp, eftir að búið er að lyfta loftplötunni í sína hæð. Svo virðist sem arkitektinn hafi óskað þess, að loftplata næði nokkuð út yfir útveggi, og er trúlega byggt á útlits- og hlífðarsjónarmiðum. Til þess að mynda undirstöðu undir loftplötuna í steypu hefur gólfplatan svo verið færð út til sömu marka og loftplatan skyldi hafa.

Við yfirlitsskoðun matsmanna komu í ljós áberandi sprungur milli lofts og veggjahluta á fleiri stöðum í húsinu. Einnig var sprunga í gólfi í svefnherbergi í norð-vestur horni. Þar var einnig lóðrétt sprunga milli útveggjarvegghluta og innveggjar að norðurvegg, reyndist hún allt að 15 mm, sjá mynd nr. 1 og 1b. Glufur við loft reyndust vera 1—9 mm. Af sjálfu leiðir, að þetta skapar mikla kælingu og óæskilega lofthreyfingu í húsinu. Einnig kom í ljós við skoðun, að rör fyrir raflagnir í útveggjum höfðu verið látin í bil milli gólfs og neðri brúnar vegghluta og lágu þar sums staðar út að þéttijárni úr plötunni óeinangruð. Sjá mynd 2, 3 og 4. Við almenna skoðun komu einnig í ljós víðtækar málningarskemmdir á loftum. Sjá myndir 5 og 6. Vatns- eða rakaskemmdir voru nokkuð áberandi á loftum og gólfum við útveggi og rakalykt undir teppum. Sjá mynd 7.

Eftirfarandi athuganir voru gerðar.

Kannað var, hvort frágangur gólfa væri eins og greint er frá á uppdráttum. Voru í því skyni boruð göt í gólfplötu, og kom þá niður í einangrunarplast, þykkt þess var ekki sannprófuð, en undir þvottahússgólfi er þykktin 2."

Gerðar voru rakamælingar í loftplötu í mismunandi dýpt, og sýndu þær vaxandi raka eftir því sem dýpra var farið upp í plötuna. Sjá meðfylgjandi greinargerð frá Rannsóknastofnun Byggingariðnaðarins, dags. 23. janúar s. l.

Þá voru gerðar athuganir á viðloðun málningar við loftplötu og veggi, en málningarskemmdir voru einnig á innra borði útveggja, sjá mynd 8. Sjá meðfylgjandi greinargerð frá Rannsóknastofnun Iðnaðarins, dags. 23. 2. 1978.

Þá var gerð könnun á hæð gólfa og neðra borði loftplötu, samanber greinargerð frá Braga Þorsteinssyni og Eyvindi Valdemarssyni, verkfræðingum, dags. 12. 12. 1977. En gólfsprunga á norð-vesturhorni hússins svo og ábending Herdísar um þrálátar klóakstíflur gat hvort tveggja bent til hreyfinga í grunni.

Matsmenn skoðuðu pappalögn á þaki, og eru þar 4 loftræstihettur. Pappi var mjög víða laus frá undirlagi og á nokkuð stórum blettum. Önnur loftræsting en umræddar hettur var ekki sjáanleg. Vegna veðurs var pappalögn ekki opnuð til könnunar á rakastigi í einangrun.

Matsmenn grófu inn undir sökkul á norðurhlið hússins í stefnu af gólfsprungu, til könnunar á sökkuldýpt. Hún reyndist vera 15 cm undir efra borði jarðvegs. Kannað var með teini á öðrum stað undir sömu hlið austar, og reyndist hún vera eins ca. 15 cm. Við vesturvegg eru festiplötur loftplötu á súlum óeinangraðar um kulda, en súlur þessar eru í útvegg, og plöturnar ganga því sem næst að hálfu inn í upphituð herbergi með óumflýjanlegri slagamyndun. Athugun matsmanna leiddi í ljós verulega tæringu á flatjárni, sem steypt er í gólfplötu til þéttingar undir vegghlutum. Þar kom einnig í ljós, að rör fyrir raflagnir voru mjög ryðguð á köflum.

Athuganir matsmanna á hita í húsinu nú, eftir að hitaveita er komin, benda ekki til neinna óeðlilegheita, örari kólnun í þessu húsi en í systurhúsinu, sem um getur í skýrslu frá Blikksmiðjunni Vogi, er ekki óeðlileg miðað við þann óþéttleika, sem er á skeytum útveggja og lofts. Verður að líta svo á, að þar með sé svarað þeim þætti matsbeiðnarinnar. En þann tíma,, sem matsmenn hafa umgengist húsið, hefur kynding virst með eðlilegum hætti, lofthiti um + 20° celcius. En á tímabilinu frá 24/11 1977 til 23. 2. 1978 komu matsmenn samtals 15 sinnum í húsið til athugana og mislangra rannsóknardvala.

Vegna sprungu í gólfi um þvert norðvesturhorn hússins ásamt mikilli útbeygju á vegghluta úr steini létu matsmenn kanna hæðir á gólfi og lofti,

sem áður sagði. Sjá meðfylgjandi uppdrátt frá Braga Þorsteinssyni, verkfræðingi. Þessi athugun leiddi í ljós misgengi milli lofts og gólfs á nokkrum stöðum, þó óverulegt, þegar litið er til þess, að gólfplata er einangruð fyrir hitaflæði að ofan og að sökkulbrúnir ná rétt undir yfirborð jarðar eða ca. 15 cm., sem er mjög afbrigðilega grunnt, samanber 20. gr. byggingarsamþ., er í gildi var 1966 og 5. 1. 1. í byggingarsamþ. Garðahrepps frá 1967, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að frost geti valdið hreyfingu á fyllingu. Óvarlegt er að treysta því, að fyllingarefni sé algerlega fínefnasnautt, en rannsókn á fyllingarefni virðist ekki hafa farið fram skv. áður umgetnum upplýsingum Guðmundar Einarssonar. Og úttekt á grunni af hálfu byggingarfulltrúa hefur ekki farið fram, samanber yfirlýsingu hans, dags. 14. febrúar 1978, þar sem allar úttektir á húsinu eru skráðar. Matsmenn telja eðlilegt, að fyllt sé að húsinu með moldarjarðvegi, svo dýpt á sökkli í jörð aukist og verði að minnsta kosti 45 cm. Þessi aðfylling verði ca. 1 m á breidd. Samskeyti veggja og gólfplötu eru að nokkru gerð samkvæmt uppdráttum. Það er um innsteypt flatjárn, sem gengur upp úr gólfplötu og pressast inn í einangrunarlag útveggja, þar sem steinn er (sandwich), en gengur upp í rauf í botnstykkjum þeirra vegghluta, sem eru úr timbri, svo og upp í rauf í undirstykki glugga. Sjá verkteikningar arkitekta og verkfræðinga. Járnkantur þessi er lokaður fyrir rakaflæði og skapar því slaga, nema sérstakar ráðstafanir séu gerða. Á teikningum arkitektsins er fram tekið, að holrúmið innan járnkantsins undir gluggum og vegghlutum skuli fyllast með urethan frauði. Þetta einangrunarefni á að vera mun rakaþéttara „diffusionsþéttara" að sögn framleiðanda en polystyren, og má ætla, að ef fyllstu vandvirkni hefði verið gætt í upphafi og full viðloðun hefði fengist við aðliggjandi fleti, þá væri ástandið ekki eins slæmt og nú er. Matsmenn benda á, að sú ákvörðun að nota þetta holrúm fyrir röralagnir hefði að verulegu leyti dregið úr áhrifum urethan frauðsins. Sú einangrun, sem í raun var notuð, er polystyren frauð „einangrunarplast," sem stungið er í rifuna eftir á, og gefur augaleið, að slík ífylling er ekki sambærileg því að spraut urethan frauði, sem þá þenur sig út í holrúmið. Auk þess sem polystyrenið er engan veginn þétt fyrir rakaflæði. Þarna hefur því heitt loft úr herbergjum hússins átt lítið hindraðan aðgang að köldu járninu með þeim afleiðingum, sem ljósar eru. Eins og áður var sagt, er járn þetta víða orðið mjög tært og sums staðar svo, að göt eru á. Auk þess verður að hafa í huga, að botnplata er jafnhá utan og innan veggja, sjá uppdrætti. Á suður-og norðurhlið gengur botnplatan 50—60 cm út fyrir veggi. Þetta hefur þau áhrif, að fúgan milli veggjar og gólfs liggur undir stöðugu vatns- og snjóálagi, ef þannig viðrar, auk þess sem platan verkar sem kuldabrú inn, með slagamyndun á gólfi sem afleiðingu. Kælingarflötur er margfaldur miðað við venjulegan frágang eða í suðurhlið 120 cm á móti 12, ef platan

stæði ekki út miðað við lengdarmetra í vegg. Í norðurhlið og austurhlið að hluta eru sambærilegar tölur 90 cm á móti 12. Greinilegt er, að tilraunir hafa verið gerðar til að þétta umræddra fúgu utanfrá með ísprautun polysulfids, en af framansögðu er ljóst, að slíkar aðgerðir læknuðu ekki ástandið, eins og þó mun hafa verið tilgangurinn. Ef litið er til skeytanna við loftið, þá sést, að þar er í framkvæmdinni ekki gert ráð fyrir neinni hreyfingu milli byggingarhlutanna. Að hún á sér þó stað, sést á þeim hæðarmælingum, sem gerðar voru, svo og þeirri opnun á skeytunum, sem hefur átt sér stað, sjá t. d. mynd 7. Mesta opnun, sem við mældum, var 9 mm, eins og áður var sagt. Ef litið er til uppdráttar, þá sést bæði á teikningum arkitekts og verkfræðings, að reiknað hefur verið með úrtaki í neðri brún plötu og seinni aðfyllingu 2,5 cm á þykkt, sjá blað arkitekts nr. 3. 2, og 2 cm, sjá teikningu arkitekts nr. 4. 1. og teikn. verkfræðings nr. 2566, bls. 3. Óhjákvæmilegt er að gera þétta fúgu við loftið, sem hafi möguleika til að taka upp umtalsverða hreyfingu milli veggja og lofts, og verður ekki séð, á hvaða forsendum því hafi verið sleppt. Ennfremur skal á það bent, að loftplata gengur umtalsvert út yfir veggi með þar af leiðandi aukinni kælingu. Á uppdráttum sést, að gert hefur verið ráð fyrir, að aðfyllingarefnið væri jafnframt til einangrunar, svo drægi úr kuldaleiðni inn á loftið.

Úrtak í loftplötunni er verulega mjórra heldur en sýnt er á uppdráttum með þar af leiðandi skertum möguleikum til einangrunar. Auk þess sem hún hefur alls ekki verið framkvæmd. Eins og áður var sagt, fór fram athugun á viðloðun málningar innanhúss, var hún gerð af Rannsóknastofnun Iðnaðarins, og var henni lokið 22. 2. s. l. Þessi athugun sýnir, að innra borð vegghluta úr steini hefur mjög slæma yfirborðsfestu fyrir málningu, sjá meðfylgjandi skýrslu, punktar A1-6 og B1-6. Sjá einnig lágmarkskröfur N. Í. F., sem fylgja sömu skýrslu. Einnig verður að hafa í huga skekkjur í vegghlutum, sem komið hafa fram, sjá áður umtalaða útbeygju í norðurvegg, einnig óþéttleika í hornskeytum steinelementa.

Mjög erfitt er að skipta algerlega um vegghluta þar sem festingarnar eru steyptar ofan frá ofan í vegghlutana. Mundu slíkar aðgerðir kosta fjarlægingu þaks á svæðum. Við leggjum því til, að viðgerð útveggja fari fram á eftirfarandi hátt:

1. Gólfplata fyrir utan veggi verði skorin burtu og sárið múrhúðað og „terrass" verði lækkuð um ca. 15—17 cm. Gólfhluti í „terrass" verði einnig skorinn burtu. Síðan sé fúga undir steinelementum söguð upp og hreinsuð vandlega og þétt með polysulfid.

Áður umræddur innsteyptur járnkantur verði fjarlægður, raflagnir undir vegghlutum séu fjarlægðar, enda orðnar mjög skemmdar, og er útleiðsla á þeim sumum. Síðan verði holrúmið fyllt m. urethan frauði. Hreinsa skal upp skeyti við loft á sama hátt og gera þéttifúgu „þan." Að þessu loknu

leggjum við til, að sett verði vatnsvarnarklæðning á grind utan á alla lokaða veggfleti í útveggjum og þeir réttir af. Efni í grindinni væri 1½" × 2" fúavarið.

Ástæðulaust er að reikna með grind utan á vegghluta úr timbri, en reiknað er með klæðningu á þá fleti einnig, þar sem viðbúið er, að núverandi plötur eyðileggist við tilraunir til að fjarlægja þær, sem þó er nauðsynlegt vegna frágangs vatnsbretta og athugana á einangrun. Efni klæðningar getur verið að vali, lóðrétt timburklæðning, báruál, báruplast eða bárujárn. Í kostnaðaráætlun er gengið út frá báruáli. Viðfangsefni matsmanna er að segja fyrir um frágang til tæknilegra úrbóta, en ekki taka arkitektoníska ákvarðanir.

Vatnsklæðningin skal ganga fast að loftplötu og komi þar dropskör undir plötu og fyrir utan klæðningu lögð í þéttiefni, einnig gangi klæðningin hið minnsta 5 cm niður fyrir samskeyti við gólfplötu. Undir gluggum og timburvegghlutum skal ganga frá málmvatnsbretti, er gangi út yfir plötubrún, eftir að afskurður hefur farið fram. Undir vatnsbretti skal tryggja loftrás, og einangra skal með urethan frauði undir glugga eins og timbur vegghluta. Fjarlægja skal núverandi járnkant. Ekki er tekin afstaða til efnis í vatnsbretti að öðru leyti. Í kostnaðaráætlun verður gengið út frá seltuþolnu aluminium. Eins og áður var sagt, þá liggja raflagnir nú andstætt reglugerðarákvæðum um huldar lagnir að óeinangruðum flötum, gólfi og innsteyptu flatjárninu með þeim afleiðingum, sem áður var á minnst, tæring í rörum og útleiðsla. Við teljum, að lagnir þessar verði að endurnýja og færa þær innar, svo löglegur umbúnaður fáist. Þegar litið er til meðfylgjandi festuathugunar á málningu á útveggjum, þá sést, að innra byrði vegghluta úr steini gefur ekki lágmarksfestu, og verður því að byggja upp nýtt yfirborð undir málninguna.

Eins og framar var sagt, þá vantar þétti- og hreyfifúgu milli vegghluta og lofts. Einnig segir að sjálfsögðu til sín að innan, áður umrædd útbeygja, í vegghluta.

Matsmenn telja, að best verði ráðin bót á þessum göllum, þ. e. flutningi raflagna, nýtt yfirborð undir málningu og afréttingu veggja, með því að setja upp grind á innri hlið veggja og klæða síðan. Þar kemur til greina að nota þilplötur undir málningu, spónlagðar plötur eða panelklæðningu, en eins og áður var sagt, þá tökum við ekki afstöðu til arkitektoníska ákvarðana, en í kostnaðaráætlun er reiknað með þilplötum 16 mm og málningu. Um viðarvegghluta gildir öðru máli. Þar þarf að endurnýja og flytja raflagnir innar, svo löglegur umbúnaður fáist, einnig þarf þar að gera þétti- og hreyfifúgu við loft.

Raflagnir má flytja innfyrir gólf og gera þar stokk yfir í sambandi við gólflista, og gildir það sama um glugga. En ekki verður séð ástæða til að

klæða innan á þessa veggbluta eins og steinhlutana. Þó teljum við ástæðu til, að könnuð verði rýrnun á plasteinangrun í grind timburvegghluta, þegar farið verður í endurbætur.

Eins og að framan var sagt, þá vantar hreyfifúgu milli allra útveggja og lofts. Einnig þarf að ráða bót á þeirri kuldabrú, sem er yfir útveggi, kuldaleiðni í steinplötu. Eins og áður var bent á, var gert táð fyrir nokkurri einangrun og þéttingu við loft á uppdráttum arkitekts og verkfræðings. Sé litið til festuathugana á málningu við stein, þá sést, að þær eru allar undir lágmarki, utan á bletti, sem var sérstaklega hreinsaður, yfirborð steypu var hreinsað með skröpun og sandpappírsslípun. Síðan tvímálað með Hörpusilki. Sýni merkt C á yfirlitstöflu. Sýni merkt A og B voru einnig úr tvímáluðum blettum með sama efni. Önnur sýni voru tekin af málningu, sem fyrir var í húsinu, þ. e. sýni merkt D, E og F.

Rakakannanir á loftplötu leiddu í ljós vaxandi raka upp í plötunni allt upp í 5,2% í 55 mm dýpt. Rannsókn þessi bendir til, að nauðsynlegt sé að setja rakaþétt lag fyrir neðan steypuna til að stöðva rakaflæði, „diffusion," upp í steypuna og yfirliggjandi einangrun, en loftræstingu hennar virðist ekki fullnægt með áður áminnstum 4 lofthettum.

Matsmenn telja, að eðlilegast sé að ráða bót á nú umræddum göllum, þ. e. skorti á hreyfifúgu við loft, kuldabrú yfir veggi, málningarfestu og rakaflæði, með því að setja grind neðan á loftplötu, einangra í hana ca. 50—60 cm inn á loftin frá útvegg, eftir að gengið hefur verið frá þéttifúgu með listum á loftið við útveggi. Síðan komi rakavarnarlag og gætt sé ítrustu vandvirkni á skeytum og um allan frágang, síðan verði klætt neðan á grindina með panel, massivum eða úr plötum, spónlögðum eða máluðum. Eins og áður er sagt, tökum við ekki endanlegar ákvarðanir um yfirborðsáferð. Þéttilista við hreyfifúgu skal skrúfa í loftplötu í butylundirburð, og í listann skal gera úrtak fyrir „þanefni" að veggelementum. Þetta á einnig við um þéttingu að utanverðu. Þéttilistinn gæti verið úr 1½" × 2" valinni furu. Grind neðan á loftið væri fest með skotnöglum, lista 1" × 2" m. ca. 50 cm millibili, eftir því sem gengur upp í stærðir loftanna.

Hér hafa verið raktir þeir gallar, sem matsmenn hafa séð og kannað í húsinu Garðaflöt 23 í Garðabæ samkvæmt matsbeiðni og eiga rót í byggingalagi hússins. Einng þær aðgerðir til úrbóta, sem við teljum nauðsynlegar til þess eins og segir í matsbeiðni:

„Að um varanlega viðgerð sé að ræða og eignin geti orðið í samræmi við þær vonir, sem eigandi hafði ástæðu til að gjöra sér við kaupin."

Matsmenn hafa ekki tekið í kostnaðaráætlun tillit til ef til vill nauðsynlegrar endurmálunar á innveggjum.

Varðandi lið 7 í matsbeiðni taka matsmenn fram, að eins og húsið birtist þeim, þá teljum við það vart íbúðarhæft, en þar sem okkur er ekki ljóst,

á hvaða tíma það ástand skapaðist né heldur hver óþægindi og útgjöld eigandi hefur haft af afnotamissi hússins, treystum við okkur ekki til að svara þessum lið með verðbótaákvörðun.

Þær aðgerðir til varanlegra útbóta, sem við höfum hér lagt til, að gerðar verði, teljum við, að muni kosta á núverandi verðlagi kr. 7.750.000.-, sjömilljónirsjöhundruðogfimmtíuþúsund 00/100. Þessi upphæð er miðuð við byggingarvísitölu dagsins í dag 176 stig."

Stefnandi höfðaði framhaldssök í málinu með framhaldsstefnu, birtri 1. september 1978, og byggði kröfurnar á grundvelli hins nýja endurmats og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 12.900.527 ásamt vöxtum. Stefndi krafðist enn sýknu sem áður, en síðar krafðist hann frávísunar framhaldssakar, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði dómsins hinn 12. september 1979.

Hinn 13. júlí 1978 seldi stefnandi húsið á kr. 17.000.000 með kaupsamningi gerðum við Kristbjörn Þórarinsson kafara. Í kaupsamningnum var tekið fram, að húsið væri gallað og illa útlítandi og að kaupanda væri kunnugt um þetta. Hann hafi skoðað húsið vandlega og kynnt sér endurmatsgerðina og hann taki á sig alla áhættu af göllum á húsinu.

Vitnið Kristbjörn Þórarinsson kafari kom fyrir dóminn 8. október 1979 og bar, að við sölu á húsinu hafi verið óskað eftir tilboði og það hefði verið komið 15 milljóna tilboð og það hafi bætt 2 milljónum við og fengið húsið. Vitnið hafi talið húsið að sumu leyti gott, en að öðru leyti ekki, jafnvel mjög slæmt. Önnur einbýlishús, sem vitnið hafi skoðað, hafi kostað frá 28. milljónum upp í 36 milljónir á þessum tíma, ofar í þessu hverfi, og hafi vitnið miðað tilboð sitt við að vera búinn að koma húsinu í mjög gott stand fyrir 35 milljónir. Vitnið kvaðst ekki sammála öllum atriðum í endurmatsgerðinni, sem það hafði kynnt sér, t. d. hvernig ætti að gera við og klæða það að utan. Vitnið hafi gert við á tveimur stöðum, þar sem þurfti að stöðva leka, á norðurhlið og austurhlið, og sett þar þéttiefni að utanverðu. Síðan hafi vitnið brotið kantinn af gólfplötunni, sem staðið hafi út fyrir vegginn. Vitnið kvaðst mundu skipta um steinveggi í húsinu og láta hina nýju veggi ná 10 cm niður fyrir efri brún á gólfplötu, enda séu núverandi veggir meira og minna skemmdir og sprungnir. Vitnið kvaðst hafa fjarlægt timburvegg, sem byggður hafði verið við bakinnganginn og milliganginn milli bílskúrs og íbúðarhúss. Timburveggurinn hafi gert gang þennan að innigangi, en nú sé hann útigangur. Þarna hafi verið mikill raki, þegar heitt var, enda hafi regnið komist þarna inn. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við breytingu á loftinu í húsinu eftir 2 - 3 mánuði, þá hafi loftið í húsinu orðið eðlilegt. Áður hafi loftið verið rakt og húsið allt gegnumkalt

og teppi og dúkar í herbergjum hafi verið blaut. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við annað en viðloðun málningar væri í lagi.

IV

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á þeim rökum, að húsið hafi verið haldið stórkostlegum göllum, sem stefnda beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum, og að stefndi hafi sjálfur gefið út yfirlýsingu um að bæta þessa galla. Stefnandi hafi við kaupin á húsinu átt að fá húsið afhent í ástandi, sem sé sambærilegt við ástand nýrra einbýlishúsa á Íslandi almennt. Stefndi hafi ekki afhent slíkt hús, þar sem í ljós hafi komið, að talsvert hafi skort á, að húsið hefði slíka áskilda eiginleika. Stefndi, sem sé verkfræðingur að mennt og starfi sem slíkur, hafi þarna verið að gera tilraun við bygginginu á íbúðarhúsum og hann hafi við samningsgerðina ekkert nefnt, að þarna væri um tilraun að ræða, og ekkert nefnt, að eitthvað sérstakt bæri að varast við notkun hússins, og ekkert tekið fram, að þetta hús væri eitthvað frábrugðið íbúðarhúsum almennt. Stefnandi, sem sé á engan hátt fróð um húsbyggingar, hafi þannig ekki verið vöruð við byggingarlagi hússins né því, að sérstakt eftirlit og viðhald þyrfti að viðhafa. Strax um haustið 1967, eftir að flutt var í húsið, hafi stefnandi orðið vör við leka við gólfplötu og frá þaki. Hún hafi kvartað við stefnda og beðið hann úr að bæta og hafi hann gert einhverjar tilraunir, en ekki hafi þótt sýnt, þegar afsalið var gefið út hinn 14. september 1968, hvort þær umbætur mundu duga. Þess vegna hafi aðiljar undirritað yfirlýsinguna með kaupsamningnum á afsalsdeginum, þar sem stefndi hafi lofað að lagfæra greinda framkomna galla þannig, að varanleg bót yrði af kaupanda að kostnaðaralausu. Þrátt fyrir eftirgangsmuni stefnanda hafi stefndi ekki efnt þetta loforð, nema að því er snerti lagfæringu á þakinu. Stefnanda hafi því verið nauðungur sá kostur að biðja um dómkvaðningu matsmanna til þess að segja til um gallana og hvað kostaði úr að bæta. Stefnandi hafi talið undirmatsgerðina og yfirmatsgerðina ófullnægjandi, þar hafi ekki verið tekið tillit til alls, sem þyrfti til varanlegrar viðgerðar, og mötin hafi byggst á ónógum athugunum og matsupphæðir hafi verið peningalega allt of lágar. Þess vegna hafi stefnandi fengið dómkvadda tvo sérfróða menn til endurmats á göllunum og afleiðingum þeirra og sé það mat langítarlegast og byggt á vönduðustu rannsóknum og byggi stefnandi dómkröfur sínar á því.

Stefnandi bendir á, að í ljós sé leitt, að gallana á húsinu megi flokka í ýmsa flokka. Í fyrsta lagi sé um að ræða leka og raka með útveggjum við gólfplötu. Í öðru lagi hafi verið þakleki, þá skemmdir á neysluvatns-

lögn, málningarskemmdir innanhúss og svo aðrir byggingargallar og skemmdir innanhúss.

Öll mötin beinist að þessum göllum, en matið frá 3. mars 1978 sé langbest unnið og því besta sönnunargagnið í málinu. Með því telji stefnandi í ljós leitt, að hér sé um upphaflega og upprunalega byggingargalla á húsinu að ræða, sem stefndi beri fulla ábyrgð á, enda hafi gallarnir á engan hátt komið af völdum stefnanda né aðilja á hennar vegum og séu á engan hátt á hennar ábyrgð. Stefnandi andmælir alfarið þeirri málsástæðu stefnda, að hún hafi átt að annast viðhald á húsinu að því leyti að fylla sífellt upp í raufir á útveggjum með þéttiefni. Slíkt teljist ekki „viðhald" á húsi og hafi húsið alls ekki átt að þurfa slíkt „viðhald." Húsið þurfi að halda vatni og því hafi það frá upphafi verið haldið alvarlegum byggingargöllum vegna gallaðs frágangs á útveggjum við gólf. Bendi stefnandi á orð yfirmatsmanns Júlíusar Sólnes fyrir dómi 5. febrúar 1979, er hann hafi borið, að eigandi hins hússins hafi sagst nánast vera með þéttisprautuna á lofti allt sumarið.

Stefnandi rökstyður fjárhæð dómkrafna með því að benda á, að heildarmatsupphæð matsins frá 3. mars 1978 hafi verið kr. 7.750.000, sem hafi verið miðuð við verðlag á þeim tíma, eða byggingarvísitölu 176 stig. Byggingarvísitala hafi hins vegar verið 217 stig, þegar framhaldsstefnan var gerð, og því hafi fjárhæð þessi verið reiknuð kr. 9.555.750. Þegar aðili sé skaðabótaskyldur fyrir skaðaverk innan saminga, beri að dæma fullar bætur á tjóni hans og taka fullt tillit til breytinga á verðmiðli, enda beri að gera tjónþola eins settan eins og hann væri, ef ekkert tjón hefði orðið. Nú sé byggingarvísitala 398 stig og því kosti viðgerð meira í dag en áður og þess vegna eigi ekki að miða bótafjárhæð við þann tíma og þá byggingarvísitölu, sem gilti, þegar viðgerðir gátu hafist. Við þennan kröfulið bæti stefnandi síðan kröfu um bætur vegna afnotamissis af húsinu, kr. 1.800.000, eftir að stefnandi hafi þurft að flytja úr því með börn sín í júlí 1976, og kr. 200.000 í bætur fyrir óþægindi og fyrirhöfn, kr. 1.294.777 vegna kostnaðar matsmanna og loks kr. 50.000 vegna viðgerðar á neysluvatnslögn. Samtals nemi fjárhæðir þessar kr. 12.900.527, en í raun sé tjón stefnanda miklu stórfelldara, eins og komið sé fram í verðrýrnun hússins við sölu þess í júlí 1978. Þá hefði stefnandi að réttu lagi átt að fá fyrir það kr. 32.000.000, en fékk aðeins kr. 17.000.000 vegna hinna stórkostlegu galla.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi sjálf beri alfarið ábyrgð á því, hvernig húsið hafi orðið, og sé eingöngu viðhaldsleysi hennar um að kenna, hvernig farið hafi. Stefndi hafi frá upphafi bent á þetta og eftir hina löngu málsmeðferð bendi hann á, að í ljós sé leitt, að sjónarmið hans hafi ætíð átt við rök að styðjast. Nú byggi stefnandi kröfur sínar á „endurmati," sem fram hafi farið árið 1977 - 1978. Þessu „endurmati" hafi af hálfu stefnda ætíð verið mótmælt sem málinu óvið-

komandi, enda hafi mjög óvenjulega verið að því staðið. „Endurmatið" hafi verið á sömu göllunum (sic), sem þegar hafi verið metnir í undirmati og yfirmati, löngu áður en endurmatið fór fram. Ekkert viðhald hafi farið fram í húsinu frá upphafi og hafi endurmatsmennirnir ekki kynnt sér fyrri matsgerðir og þar með ástand hússins árið 1973 til þess að kynna sér, hvað hefði gerst í húsinu á þessum árum, sem það hafi staðið autt langtímum saman. Stefnandi hafi fengið mat á skemmdum þegar árið 1973 og þá hafi henni ekki verið neitt að vanbúnaði að láta viðgerðir fara fram. Ekki sé unnt að halda endalaust áfram og láta meta sömu hlutina upp aftur og aftur og fá sífellt nýjar fjárhæðir fram og séu þessi vinnubrögð stefnda óviðkomandi. Í ljós sé leitt, að stefnandi hafi ekkert látið gera við húsið frá upphafi og að frá 1976 hafi það auk þess staðið algerlega autt og ónotað. Fjárhæðir í mötum verði að miða við þann tíma, sem viðgerðir gátu hafist, og sé löng dómvenja fyrir því og þegar af þeirri ástæðu beri að hafna grundvelli dómkrafna stefnanda, endurmatinu, þar sem slíkt mundi leiða til þess, að tjónþoli væri að hagnast á drættinum. Við hverju sé að búast varðandi hús, sem standi autt langtímum saman árin 1974—1978?

Stefndi bendi á, að hér sé ekki einungis um að ræða kostnaðarhækkanir milli áranna 1974 og 1978, heldur komi fram viðbótargallar vegna viðhaldsleysis. Yfirmatið í máli þessu sé eina sönnunargagnið um ástand hússins, eins og það hafi verið og kostnað þá. Þessu mati hafi ekki verið hnekkt af hálfu stefnanda og engin dæmi séu um, að nýtt „endurmat" tveggja manna á sömu göllum geti hnekkt yfirmati þriggja manna. Ranglega hafi verið staðið formlega að dómkvaðningu endurmatsmannanna og sé það ekkert gagn í málinu af þeim sökum. Ekki sé efnishlið „endurmatsins" vænlegri. Upplýst sé, að endurmatsmennirnir dragi verulega rangar ályktanir.

1. Þeir byggi oft á umsögnum annarra, helst stefnanda, en geri ekki sjálfstæðar athuganir. Þetta komi fram um hita í húsinu og í orðum þeirra um „þrálátar stíflur" í frárennslislögnum. Um hitann sé það að segja, að ofnbrennarinn hefði þurft loft til að brenna, en stefnandi hafi lokað fyrir loft í tækin með því að byggja veggi milli hússins og bílskúrs. Þetta hafi gert hitunartæki hússins óvirk og valdið rakanum í því.

2. Endurmatsmenn giski á efnið í grunni hússins, en upplýst sé, að það sé algerlega frostfrítt efni. Andstætt orðum endurmatsmanna hafi úttekt á grunni farið fram með járnbindingunni.

3. Dregnar hafi verið rangar ályktanir um rakamælingar og sé það upplýst með gögnum í málinu og sé þar með fallin niður þörf á að klæða loftið innan, sem hafi verið stór hluti „endurmatsins."

4. Upplýst sé, að viðloðun málningar sé góð, andstætt orðum endur-

matsmanna. Þannig beri að hafna endurmatsgerðinni algerlega, bæði að formi og efni, og þá standi yfirmatsgerðin eftir í málinu.

Stefndi hafi tekið afstöðu til yfirmatsgerðarinnar í upphafi máls þessa og hann ítreki, að ágreiningur aðilja sé, hvað teljist „gallar" á þessu húsi. Stefnandi hafi keypt af stefnda hús í smíðum af sérstakri gerð og upplýst sé, að þörf hafi verið á, að fylgst væri með felluþéttingum á húsinu. Það hafi stefnandi ekki gert og því hafi hún sýnt vanrækslu. Hún hafi heldur ekki gætt þess, að ekki mætti liggja snjór, ís eða vatn við samskeyti húshluta, og raki hafi því komið. En stefnandi hafi einnig breytt veggjunum og þar með loftinntaki og því hafi einungis komið rakt loft inn í húsið. Þessi breyting hafi verið gerð að stefnda fornspurðum og í heimildarleysi. Þegar stefnandi hafi kvartað við stefnda vegna þakleka, hafi þegar verið gerðar ráðstafanir og hafi stefnandi samþykkt, að Þorsteinn Gíslason málarameistari sæi um þær viðgerðir. Hún hafi því einnig átt að snúa sér til hans vegna málningarskemmdanna, sem stöfuðu af þaklekanum, og hafi þær því ekki verið stefnda viðkomandi. En rakann í húsinu megi alfarið telja á ábyrgð stefnanda vegna vanrækslu hennar á felluþéttingum og stefndi leggi áherslu á, að upplýst sé, að hér komi einnig til veggirnir, sem stefnandi lét setja milli húss og bílskúrs, sem orsakað hafi saggann í lofti hússins. Þannig séu þrír þættir, sem sameiginlega hafi valdið skemmdunum í húsinu af raka: ónóg umhirða umhverfis húsið, ónóg þétting með þéttiefni og það, að lokað var fyrir loft inn í húsið, og þetta sé alfarið á ábyrgð stefnanda.

Stefndi bendir auk þess á, að kröfur í framhaldssök séu fyrndar, þ. e. þær, sem ekki hafi þegar verið gerðar í frumsök. Hann mótmælir einnig vísitöluhækkunum á kröfum og kröfum um bætur vegna afnotamissis og bendir á, að í raun eigi stefnandi einungis rétt á að krefjast bóta vegna þess, sem hún ekki fékk, þegar hún seldi húsið í júlí 1978. Í sáttaboði árið 1977 hafi stefndi boðist til að kaupa húsið á kr. 15 milljónir, en því boði hafi stefnandi ekki tekið. Sú fjárhæð hefði með vísitöluhækkun reiknast kr. 25 milljónir árið 1978, þegar stefnandi seldi húsið á kr. 17 milljónir, og slíkt sé stefnanda sjálfri um að kenna.

V.

Niðurstaða.

Upplýst er, að samskeyti útveggja og gólfplötu í húsi því, sem stefnandi keypti af stefnda í febrúar 1967, hafi verið þannig, að 1 cm breið rauf hafi verið milli gólfplötu og veggeininga og að rauf þessi hafi verið fyllt með þéttiefni, sem þarfnast hafi reglulegs eftirlits og viðhalds, en 5 cm breitt járn hafi staðið upp úr gólfplötunni og gengið upp í holrúm innan

við ytra steypulagið í veggeiningunum. Járn þetta hafi átt að stöðva vatnsrennsli að utan, ef ytra þéttiefni brygðist, en gólfplatan hélt áfram út fyrir veggina í sömu hæð og myndaði pall í kringum húsið 50—60 cm á breidd. Þarna var því ekki stallur eða vatnslás fyrir utanaðkomandi vatn, en járnið átti að koma í staðinn fyrir slíkt. Járn þetta var sett í rauf, sem skorin var í gólfið. Ekki var notað ryðfrítt stál, og hlaut því járnið að ryðga með tímanum. Slíkur frágangur er ekki viðhlítandi, þar sem vatn af pallinum kemst auðveldlega að járninu og yfir það, ef uppistaða myndast fyrir utan og undir járnið, ef steypan liggur ekki nægilega þétt að því. Þetta verður því að teljast hönnunargalli, sem krefst verulegs eftirlits og viðhalds, ef ekki eiga skemmdir að verða. Enn fremur getur myndast þétting vatnsgufu við járnið að innan og valdið rakaskemmdum, eins og bent er á í yfirmati.

Stefndi hefur sjálfur borið fyrir dóminum, að þessi byggingaraðferð hafi haft þá kosti, að unnt hafi verið að haga veggeiningum eftir óskum eigandans, en á móti hafi komið vandamál varðandi samskeyti á útveggjum, sem kallað hafi á eftirlit. Upplýst er, að þurft hafi að lagfæra þéttingarnar um sumarið 1967, þar sem þær höfðu ekki tekist sem skyldi, þegar húsið var byggt þá um veturinn. Stefndi hefur og borið, að hann myndi ekki til þess, að um það hafi verið rætt við kaupin, að húsið þyrfti sérstakt viðhald og eftirlit. Stefnandi, sem ekki er byggingarfróður, verður ekki talinn hafa átt að vera það kunnugt, að húsið þyrfti viðhald og eftirlit umfram venjuleg steinsteypt hús. Líkur eru fyrir því, að stefndi hafi í upphafi talið frágang samskeytanna fullnægjandi og því hafi hann ekki við kaupin aðvarað stefnanda um hið sérstaka eftirlit og viðhald, sem síðar kom í ljós, að húsið þarfnaðist.

Með yfirlýsingu þeirri, sem aðiljar undirrituðu hinn 14. september 1968, verður að telja, að stefnandi renni stoðum undir það, að hann hafi kvartað yfir leka með útveggjum við gólf, fljótlega eftir að flutt var í húsið. Þó lét stefndi ekkert gera við felluþéttingar þá, sem þó höfðu mistekist við byggingu hússins. Stefnandi hefur þó borið, að stefndi hafi um sumarið 1968 séð um, að þankítti var sett í samskeytin við gólfplötuna allt í kringum húsið og að þetta hafi virst hjálpa eitthvað.

Dómurinn telur, að í ljós sé leitt, að umrætt viðhald á felluþéttingum og eftirlit með húsinu sé svo sérstakt, að þarna sé um galla á húsinu að ræða, og fellst dómurinn á mötin í málinu að því leyti. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi kynnt stefnanda þetta né að stefnanda hafi átt að vera um þetta kunnugt á annan hátt, og ber honum því að bæta stefnanda það tjón, sem hann hefur orðið fyrir vegna gallans. Til þess að bæta úr þessum galla telur dómurinn, að fjarlægja þurfi framlenginguna á gólfplötunni, sem myndar pall í kringum húsið. Við það mundi vatn ekki safnast og leita inn í raufina og inn í húsið og því væri nægilegt, þegar pallurinn

hefur verið fjarlægður, að ganga frá sárinu með múrhúðun, þéttingu og dropskör og væri slíkt auðvelt í framkvæmd. Á þessa lausn var fyrst bent í endurmati því, sem skilað var 3. mars 1978, og telur dómurinn aðrar lausnir, sem fram komu í undirmati og yfirmati, ekki eins sannfærandi. Dómurinn fellst þó ekki á með endurmatsmönnum, að ástæða sé til að klæða húsið utan, þegar pallurinn hefur verið fjarlægður. Dómurinn telur kostnað við þessa framkvæmd vera hæfilega metinn kr. 1.800.000. Að þessari framkvæmd lokinni þyrfti að mála húsið að utan, og telur dómurinn kostnað við það hæfilega metinn kr 700.000.

Dómurinn telur, að kröfur stefnanda í framhaldssök séu ekki fyrndar, þar sem ekki er í ljós leitt, að gallar þessir hafi verið staðreyndir fyrir september 1968.

Afleiðingu þessa hönnunargalla telur dómurinn vera ýmsar skemmdir innanhúss, svo sem á teppum, gólfkorki, gólflistum og raflögnum, og stafa þessar skemmdir sumpart af leka og sumpart af rakamyndun innanhúss. Einnig er hugsanlegt, þótt ekki hafi verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum, að samverkandi þáttur sé of hátt rakastig í húsinu langtímum saman, er stafað hafi af því, að byggt hafi veri fyrir loftinntak hitunarkerfisins, eins og fram er komið í málinu, að gert hafi verið af hálfu stefnanda. En þetta er ósannað af stefnda hálfu, og verða því skemmdirnar taldar afleiðingar nefnds hönnunargalla, sem stefnda ber einnig að bæta. Tjón af þessum lið er í endurmati talið samtals kr. 1.100.000, og telur dómurinn það hæfilega metið.

Dómurinn fellst ekki á, að viðloðun málningar sé ábótavant, heldur telur sýnt með rannsókn í matsgerð endurmatsmanna, að viðloðun málningar sé í lagi.

Upplýst er, að rifur séu milli veggeininga og lofts á nokkrum stöðum og að útveggir séu bognir og rifur séu milli innveggja og útveggja. Þetta tels byggingargalli, sem stefnda ber að bæta, og telst kostnaður við viðgerð hæfilega metinn kr. 300.000, sbr. endurmatsgerð.

Dómurinn fellst ekki á, að sýnt sé, að raki sé óvenjumikill í loftplötu og að nauðsynlegt sé því að setja rakaþétt lag fyrir neðan steypuna til þess að stöðva rakaflæði. Hins vegar er sýnt, að mála þarf húsið að innan vegna viðgerðanna og þaklekans, og ber stefnda að bæta stefnanda kostnað við það, sem telst hæfilega metinn kr. 800.000.

Upplýst er, að neysluvatnslögn hafi tærst, og ber stefnda að bæta það, þar sem um leyndan galla var að ræða. Telst kostnaður hæfilega metinn kr. 50.000.

Kostnað við úrbætur á göllum þeim, sem stefndi verður talinn bera ábyrgð á, telur dómurinn því hæfilega metinn kr. 2.500.000 fyrir lagfæringar utanhúss miðað við núverandi verðlag og byggingarvísitölu. Kostnaður við

að mála húsið innan, kr. 800.000, er einnig miðaður við núverandi byggingarvísitölu. Dómurinn telur, að þar sem ekki hafi verið sýnt fyrr en með endurmati 3. mars 1978, hvernig bæta ætti úr galla á samskeytum gólfplötu og veggja, og að þar sem dómurinn kemst að niðurstöðu um aðra útfærslu á því, að sanngjarnt sé að reikna með verðlagi og byggingarvísitölu við uppkvaðningu dóm um þessa liði. Þeir verða því teknir til greina með kr. 3.300.000 samtals.

Þar sem fallist er á endurmat um lið vegna skemmda innanhúss, kr. 1.100.000, og klæðningu á veggi og lagfæringu á rifum, kr. 300.000, verða þeir reiknaðir með verðlagi við útgáfu framhaldsstefnu, eins og þar er krafist, og verða því teknir til greina með kr. 1.700.000 samtals.

Stefnandi hefur gert kröfu um bætur vegna afnotamissis á húsinu í 2 ár, kr. 1.800.000. Þessum kröfulið mótmælir stefndi og bendir á, að afnotamissi stefnanda af húsinu megi alfarið rekja til framkvæmdaleysis hennar sjálfrar. Dómurinn telur, að upplýst sé, að húsið hafi orðið óíbúðarhæft vegna framangreindra galla þegar árið 1974 og að stefnandi hafi á þeim tíma ekki sýnt slíkt aðgerðarleysi, að honum hafi verið um það að kenna. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina með kr. 1.200.000.

Bætur vegna viðgerðar á neysluvatnslögn eru hæfilega ákveðnar kr. 50.000.

Rétt þykir að taka til greina kröfu stefnanda um bætur fyrir óþægindi og fyrirhöfn, kr. 200.000.

Reikningar matsmanna, kr. 1.294.777, teljast hluti málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda verður gert að greiða stefnanda samtals kr. 6.450.000, þ. e. kr. 3.300.000 + kr. 1.700.000 + kr. 1.200.000 + kr. 50.000 + kr. 200.000. Vextir reiknast ekki af fjárhæð þeirri, sem miðuð var við verðlag við uppkvaðningu dóms, kr. 3.300.000, fyrr en frá uppkvaðningardegi dómsins, en rétt þykir að reikna vexti af kr. 3.150.000 frá útgáfudegi framhaldsstefnu 1. september 1978, eins og krafist var af stefnanda við munnlegan málflutning, enda var þeim vaxtafæti ekki andmælt tölulega.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 2.500.000, þar með talinn matskostnaður og málskostnaður vegna flutnings um frávísunarkröfu stefnda.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason, dómari skv. sérstakri umboðsskrá, Bárður Daníelsson verkfræðingur og Diðrik Helgason múrarameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Einarsson, greiði stefnanda, Herdísi Tryggvadóttur, kr. 6.450.000 með 19% ársvöxtum af kr. 3.150.000 frá 1. sept-

ember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 14. júní 1979, en með dómvöxtum skv. 1. gr. laga um dómvexti nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, þ. e. 34.5% ársvöxtum frá 14. júní 1979 til 1. september s. á., með 39.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þ. d. til 11. febrúar 1980 og með áframhaldandi dómvöxtum af kr. 6.450.000 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.000 í málskostnað, þar með talinn matskostnað og kostnað vegna málflutnings um frávísunarkröfu stefnda.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 89/1980. **Vegagerð ríkisins**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
eigendum Neðra-Dals I og II,
Ingólfi Ingvarssyni
Guðrúnu Auðunsdóttur
Ólafi Helga Auðunssyni
Hafsteini Auðunssyni
Ingigerði Önnu Auðunsdóttur
Hálfdáni Auðunssyni
Jónatan Jakobssyni
Konráði Óskari Auðunssyni
Valdimar Auðunssyni
Kristjönu Kristófersdóttur
dánarbúi Vigdísar Kristófersdóttur
Guðrúnu Geirsdóttur
Láru Leifsdóttur
Hrönn Leifsdóttur og
Auðuni Leifssyni
og gagnsök.
(Unnsteinn Beck hrl.).

Eignarnámsbætur. Vegalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. júní 1980, birtri 28. september 1980. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en til vara, að kröfur þeirra verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum óskipt úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1980 á grundvelli 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefjast þeir þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim

21.435.00 krónur (2.143.500 gkr.) með 13% ársvöxtum frá 25. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1982 og 5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda að mati dómsins ásamt 27% ársvöxtum frá 1. janúar 1980 til 31. október 1982, en 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar, svo sem greinir í aðalkröfu.

I.

Eftir að mál þetta var upphaflega höfðað, eru aðiljarnir Leifur Auðunsson, Margrét Auðunsdóttir, Vigdís Kristófersdóttir og Þorbjörg Kristófersdóttir látnir. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi tóku hlut Þorbjargar að erfðum systur hennar Kristjana og Vigdís Kristófersdætur, en dánarbú Vigdísar er óskipt og hefur tekið við aðild hennar að málinu. Hlutur Leifs Auðunssonar féll að erfðum til ekkju hans og barna, Guðrúnar Geirsdóttur og Láru, Hrannar og Auðunar Leifsbarna, og eru þau nú aðiljar að málinu. Eiginmaður Margrétar Auðunsdóttur, Jónatan Jakobsson, hefur hlotið eignarhlut hennar og tekið við aðild hennar að málinu.

II.

Mál þetta fjallar um töku aðaláfrýjanda, Vegagerðar ríkisins, á grjóti og möl úr eignarlandi gagnáfrýjenda á því tímabili, er greinir í héraðsdómi. Aðilja skilur eigi á um, hvert efnismagn hafi verið tekið, svo sem lýst er í héraðsdómi. Miða ber við það, að efnistakan hafi farið fram með heimild í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, áður 24. gr. vegalaga nr. 34/1947, og ber að ákveða bætur samkvæmt ákvæðum X. kafla fyrri laganna, sbr. og IV. kafla síðargreindu laganna.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að kröfur gagnáfrýjenda séu fyrndar, og kemur fyrningarviðbáran því eigi til álita í dómi þessum.

III.

Fallist er á úrlausn héraðsdóms um, að gagnáfrýjendur eigi rétt til eignarnámsbóta vegna efnistöku aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi bauð eigi fram fégreiðslu vegna efnistökunnar. Ákvörðun eignarnámsbóta ber að miða við staðgreiðslu og almennt við það tímamark, er eignarnámsmati lýkur. Svo sem greinir í héraðsómi, þykir viðmiðun matsnefndar eignarnámsbóta eigi fá staðist. Er rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að miða tímamark í þessu efni við uppsögu héraðsdóms, og er þá miðað við, að gagnáfrýjendur eigi rétt á vöxtum frá gjalddögum einstakra bótakrafna. Með vísan til 17. gr. laga nr. 11/1973 og með hliðsjón af gögnum þeim um verðmæti jarðefna, er málið varðar, og enn með vísan til almennra reglna um eignarnámsbætur þykja bætur hæfilega ákveðnar 18.000.00 nýjar krónur með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags, en krafa gagnáfrýjenda um hærri vexti kemur eigi til álita, þar sem um hana er eigi gerður áskilnaður í áfrýjunarstefnu.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Vegagerð ríkisins, greiði gagnáfrýjendum, framangreindum eigendum jarðanna Neðra-Dals I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi, 18.000.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., höfðuðu eigendur jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1969, á hendur Vegagerð ríkisins og gerðu þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 80.450. 000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar.

Hinn 5. maí 1971 höfðuðu stefnendur framhaldssök og gerðu þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 88.292.46 auk 8% ársvaxta af kr. 7.776.16 frá 1. janúar 1966, af kr. 42.756.60 frá 1. janúar 1967, af kr. 30.122.70 frá 1. janúar 1969, í öllum tilvikum til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Í framhaldsstefnu var því jafnframt lýst yfir, að krafa stefnenda í aðalastök lækk-

aði í kr. 56.315.00, en krafist var vaxta og málskostnaðar af þeirri fjárhæð sem fyrr.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að hann yrði sýknaður af kröfum stefnenda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins. Til vara var þess krafist, að kröfur stefnenda yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður yrði látinn niður falla.

Dómur var kveðinn upp í málinu 13. desember 1971. Var honum áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar hinn 12. nóvember 1973 var dómur bæjarþingsins ómerktur frá og með þinghaldi 26. júlí 1971 og vísað til meðferðar bæjarþings Reykjavíkur að nýju til meðferðar og dómsálagningar. (Sjá dómasafn Hæstaréttar bindi XLIV, bls. 811).

Stefnendur höfðuðu á ný framhaldssök í málinu, Eru endanlegar dómkröfur stefnenda þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 2.143.500.00 auk 13% ársvaxta frá 25. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, er sé framreiknuð til 25. apríl 1977, frá því jarðefni þau voru tekin, sem fjallað er um í máli þessu, auk vaxta eins og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað, þar með talinn ferðakostnaður, frá því er rekstur málsins hófst, eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnenda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Frá árinu 1949 hefur Vegagerð ríkisins tekið grjót úr Stampagili í landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi til framkvæmda, sem hún hefur haft með höndum. Frá árinu 1959 hefur Vegagerð ríkisins tekið jarðefni úr Fagrafelli í landi sömu jarðar sem ofaníburðarefni. Samkvæmt beiðni vegamálastjóra dómkvaddi sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hinn 24. apríl 1965 tvo menn til að „meta til peningaverðs bætur fyrir landsspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi." Með bréfi, dags. hinn 10. ágúst 1965, óskuðu landeigendur einnig eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta til peningaverðs jarðefni þau, sem tekin höfðu verið, o. fl.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Ásgeirs L. Jónssonar vatnsveitufræðings og Marteins Björnssonar verkfræðings, segir svo:

„Með dómkvaðningu sýslumanns Rangárvallasýslu þann 24. apríl 1965

var okkur undirrituðum falið samkvæmt beiðni vegamálastjóra, dags. 13. okt. 1964, „að meta til peningaverðs bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi."

. . . . .

Eftir að haldnir höfðu verið fjórir fundir með málsaðiljum, skrifuðum við sýslumanni Rangárvallasýslu og óskuðum eftir skýringu á því, hvað fælist í orðalagi dómkvaðningarinnar: „bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku."

Svarið, sem okkur barst, var ný dómkvaðning, kveðin upp í aukadómþingi Rangárvallasýslu 16. ágúst 1965, þar sem okkur að beiðni umboðsmanns landeiganda Neðra-Dals, dags. 10. ágúst 1965, er falið að:

„1. Mæla svo sem unnt er það magn efnis, sem Vegagerð ríkisins hefur þegar tekið til ofaníburðar og annarra samgöngubóta úr landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi.
2. Meta það magn, sem greinir í 1. tölulið, til peningaverðs.
3. Meta til peningaverðs þau jarðefni, sem Vegagerð ríkisins kann eftirleiðis að taka úr nefndu landi til áðurgreindra afnota."

Samkvæmt okkar skilningi er hér um tvær matsbeiðnir að ræða: Þá fyrri frá Vegagerð ríkisins með eigendur Neðra-Dals sem matsþola, en hina síðari frá eigendum Neðra-Dals með Vegagerð ríkisins sem matsþola.

. . . .

Samkvæmt beiðni umboðsmanns landeigenda Neðra-Dals (sbr. dómkvaðningu 16. ágúst 1965) mældum við þ. 27. sept. 1965 rúmtak malar- og grjótnáms Vegagerðar ríkisins í Fagrafelli og Stampagili. Samkvæmt þessum mælingum reiknast okkur malarnámið í heild *12700 m*^{3}, er verður að meðaltali *2540 m*^{3} á ári yfir tímabilið 1959 til 1963 að báðum árum meðtöldkvaðningu 16. ágúst 1965) mældum við þ. 27. sept. 1965 rúmtak malar- og tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum. Ekki er vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur eru fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn, og þá sérstaklega hvað grjótnámið áhrærir.

Ágreiningi málsaðila, sem komið hefur fram undir málsmeðferð, um hald sumra ákvæða vegalaga nr. 71/1963 gagnvart stjórnarskrá ríkisins, vísum við frá sem okkar verkefni óviðkomandi.

Þar sem bæði málin, eins og að framan segir, hafa verið sótt og varin sameiginlega, þ. e. sem eitt mál væri, verður hér um þau fjallað sameiginlega, en matskostnaði haldið aðgreindum.

Matsatriði.

Málsaðilar hafa hvor um sig látið rannsaka sýnishorn af ofaníburðarefni frá Fagrafelli. Niðurstöðum rannsóknanna ber ekki nákvæmlega saman, sem að sjálfsögðu ber að rekja til mismunandi sýnishorna. Hér ber þó það lítið á milli, að ekki þótti ástæða til að láta óvilhallan fagmann velja sýnishorn til frekari rannsókna. Rannsóknirnar staðfesta sem sé þá reynslu, er þegar hefur fengist, að ofaníburðarefnið úr Fagrafelli er gott bindiefni fyrir haldbetri ofaníburð, s. s. úr Markarfljótsaurum, en vantar slitþol eitt út af fyrir sig. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur milli málsaðila.

Umrætt efni þykir ekki henta til annars en vegagerðar og hefur þess vegna ekki markaðsmöguleika á öðru sviði, að því er séð verður. Vegagerð ríkisins, sem annast alla opinbera vegi, er þar með eini notandi þessa efnis. Í einkavegi („heimreiðir"), sem eru mest 200 m að lengd, verður þetta efni ekki sótt langar leiðir.

Á stóru svæði hefur Vegagerð ríkisins ekki aðgang að góðu bindiefni í slitlag veganna nema í Fagrafelli og fáum stöðum öðrum undir Eyjafjöllum. Þetta bindiefni gefur margföldu efnismagni aukið verðmæti, hliðstætt sementi í steinsteypu. Hér er því tvímælalaust um verðmæti að ræða, sem almennt séð virðist ekki sanngjarnt að telja viðkomandi eigendum verðlaust, ef lagabókstafur ekki hamlar.

Efnistakan í Fagrafelli virðist hafa verið úr sem næst gróðurlausu brattlendi. Jarðraskið hefur því ekki valdið teljandi gróðurfarstjóni, og ekki hefur til þessa verið raskað ræktunarhæfu landi í námustæðinu. Hins vegar hafa orðið nokkur lýti á landinu, sem munu vara eitthvað lengur en efnistakan, en síðan lagast mikið af sjálfu sér á fáum árum án aðgerða. Ekki er líklegt, að sjálf malarnáman reynist búfénaði hættuleg eða valdi umferð um landið teljandi óþægindum. Þar sem efnistakan verður hér metin til verðs, þykir ekki rétt að reikna bætur fyrir jarðraskið sérstaklega, en ef svo bæri við, að ófyrirsjáanleg slys yrðu á skepnum í sambandi við námuna, þá verður Vegagerð ríkisins að sjálfsögðu skaðabótaskyld hverju sinni eftir málavöxtum.

Vegurinn að malarnámunni er mikið ágreiningsefni málsaðila. Vegagerð ríkisins telur veginn auka verðmæti Fagrafells, ef nokkurt sé, og þá sérstaklega landsins umhverfis og neðan við fellið. Landeigendur aftur á móti segja veginn vera sér einungis til tjóns, og ráðunautur þeirra, dr. Bjarni Helgason, telur hættu á vaxandi jarðvegseyðingu vegna þessarar vegagerðar.

Vegur þessi liggur á alllöngum kafla meðfram fornum lækjarfarvegum, og er þar naumast breytinga að vænta. Að öðru leyti hefur vegagerðin gert skurð eða pælu meðfram veginum, sem á pörtum hefur grafið sig niður á fast, enda er jarðvegur þarna víðast grunnur. Að sjálfsögðu hafa nokkur

landspjöll orðið á gróðurlendinu vegna vegarins, og ekki verður synjað fyrir, að þau kunni að aukast.

Í niðurlagi 59. gr. gildandi vegalaga stendur svo: „Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir." Samkvæmt þessu lagafyrirmæli eiga landeigendur að vera tryggðir gegn landskemmdum, s. s. uppblæstri, eins og verða kann á hverjum tíma. Hér kemur því ekki til mála að meta aðrar skemmdir en þegar eru orðnar.

Þá kemur til álita, hvort vegurinn sé til nokkurs gagns fyrir landeigendur. Til þess að malarnáman nýtist, þarf veg. Sá vegarkostnaður gerir malartökuna óhagstæðari, það er: lækkar malarverðið, miðað við að vegarins hefði ekki þurft með.

Bréf Ingólfs Ingvarssonar (málsskjal nr. 9) upplýsir, að hann hefur hafið ræktun við rætur Fagrafells og lagt veg að fjárhúsi, sem er þar skammt frá, áður en Vegagerð ríkisins hóf grjót- og malarnám á þessum slóðum. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Verður því að álíta, að eigendur Neðra-Dals hafi verið búnir að fullnægja sinni búsþörf fyrir veg á þessum stað um ófyrirsjáanlegan tíma. Hins vegar mun Vegagerð ríkisins halda veginum við, og er réttmætt að taka tillit til þess.

Þar sem grjótnámið er, virðist yfirborð jarðar hafa verið lítt grónir flagmóar, að því er séð verður, sem sé magur jarðvegur, en væntanlega ræktanlegur.

Um grjótnámið er svipað að segja og um malarnámið. Grjótið hefur einungis verið notað af því opinbera til styrktar vatnsvarnargörðum á vatnasvæði Markarfljóts. Það er dýrt í vinnslu og því ólíkleg söluvara til annarra afnota en verið hefur. Eins og fyrr segir, reiknast okkur grjóttakan nema alls *11300 m³*, eða að meðaltali um *700 m³* á ári yfir tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum.

Niðurstöður.

Sambærilega hliðstæðu, er nota megi sem fyrirmynd að mati þessu, hefur hvorugur málsaðili bent á, og matsmönnum hefur heldur ekki tekist að afla þeirra. Hér verður því tiltækilegast að hafa hliðsjón af landverði jarða og meta landeigendum tiltölulega ríflega þóknun fyrir efnistökuna eftir þeirri sígildu reglu, að einstaklingar, sem færa verða fórn fyrir þjóðfélagið eða hið opinbera, fái eftir málavöxtum hluta sinn ríflega greiddan, án þess að um auðgunarfyrirbæri sé að ræða.

Á þessum forsendum þykir rétt að meta:

malarnámið á kr. 2.00 rúmmetrann og
grjótnámið á kr. 1.50 rúmmetrann.

Mat þetta miðast við árið 1964. Þurfi matið að grípa aftur í tímann, er rétt að hagga því í samræmi við verðgildi krónunnar. Hið sama gildir um framtíðina frá árinu 1964 að telja, nema ef nýtt viðhorf skapast vegna óvænts markaðar á möl og grjóti, sem réttlætir endurskoðun á máli þessu."

Með bréfi, dags. hinn 24. janúar 1967, fór vegamálastjórinn fram á það við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, að dómkvaddir yrðu þrír menn til að framkvæma yfirmat. Í matsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, Árna Jónassonar bónda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns og Ögmundar Jónssonar verkfræðings, sem dagsett er hinn 5. júlí 1968, segir svo:

„Eins og fram kemur hér á undan, leggur Vegagerð ríkisins áherslu á það, að yfirmatsgerðin verði sundurliðuð vegna fyrningar, enda viðurkenni Vegagerðin aðeins skaðabótakröfur, er fram komi innan árs, frá því að efnistaka er framkvæmd, samanb. 63. gr. vegalaga nr. 71 frá 1963. Einnig óskar Vegagerðin sérstaklega eftir sundurliðun á efnistöku í Stampagili, þar sem Vegagerðin telur sig hafa haft fullt samþykki landeigenda fyrir grjótnáminu þar fram að þeim tíma, er matsbeiðnin kom fram. Lögmaður matsþola bendir hins vegar á, að ekki sé mögulegt að sundurliða efnistökuna með hliðsjón af fyrningu, þar sem Vegamálastjórnin hafi ekki hirt um að tilgreina, hve mikið hefur verið tekið af efni eða hve mikið jarðrask hefur farið fram ár hvert, frá því að takan og jarðraskið byrjuðu. Það sé þannig sök starfsmanna ríkisins, að ekki sé hægt að fullnægja kröfum þeim um sundurliðun í sambandi við fyrningu, sem Vegagerðin fari nú fram á. Auk þess mótmælir lögmaðurinn, að 63. gr. vegalaga eigi hér við, bæði vegna þess að hún sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár Íslands um friðhelgi eignarréttarins, og einnig vegna þess, að enginn viti, hvenær hluti krafna matsþola kann að vera fyrndur, þótt fyrning í þessu falli hefði við rök að styðjast. Einnig mótmælir lögmaður matsþola, að samþykki landeigenda hafi legið til töku efnisins úr Stampagili, og telur engar sannanir liggja fyrir um það í málinu, að slíkt samþykki hafi nokkru sinni verið gefið. Og þótt Auðunn í Dalseli kunni að hafa gefið slíkt samþykki, þá muni hann sjálfur að sjálfsögðu hafa gert það í þeirri fullu vissu, að séð mundi verða fyrir greiðslu til hans fyrir efni það, sem Vegagerðin kynni að taka úr landinu.

Í matsgerð undirmatsmanna er tekið fram, að ekki sé vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur séu fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn og þá sérstaklega að því er grjótnámið áhrærir. Ekki hefur þetta atriði verið upplýst frekar fyrir yfirmatsmönnum en var gert fyrir undirmatsmönnum. Yfirmatsmenn líta svo á, að ekki sé unnt að taka kröfu Vegagerðarinnar um sundurliðun vegna fyrningar til greina, enda óupplýst með öllu í máli þessu, hvenær efnistaka sú var framkvæmd, sem hér um ræðir. Gegn mótmælum matsþola er það einnig ósannað í málinu, að Vegagerðin hafi haft samþykki landeigenda til töku efnisins úr Stampagili og

ósannað, að slík efnistaka mætti fara fram um ótiltekinn tíma ókeypis. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn líta á kröfur matsþola í máli þessu sem ófyrndar, er matsbeiðnin kom fram, og framkvæma matið á þeim grundvelli.

Þá hefur Vegagerð ríkisins óskað sérstaklega eftir því, að fullkomlega væri aðgreint milli tjóns vegna landsjalla og jarðrasks annars vegar og verðmætis efnisins hins vegar. Yfirmatsmenn líta svo á, að allri efnistöku eins og þeirri, sem hér um ræðir, fylgi óhjákvæmilegt jarðrask. Efnistakan í Fagrafelli og Stampagili hefur verið gerð úr gróðurlitlu landi. Efnistaka þessi hefur því ekki enn sem komið er valdið tjóni á ræktuðu landi eða ræktunarhæfu landi. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn í þessari matsgerð meta verðmæti efnisins, sem tekið hefur verið úr Fagrafelli og Stampagili, en ekki meta matsþola sérstaklega bætur fyrir jarðrask það, sem efnistökunni fylgir.

Að því er varðar afleggjara þann að malarnámunni, sem Vegagerðin hefur látið gera, þá líta yfirmatsmenn svo á, að vegur þessi sé óhjákvæmilegur vegna umræddrar efnistöku. Ekki er sjáanlegt, að vegur þessi komi landeigendum að nokkru gagni, og verður því kostnaður við vegagerð þessa ekki látinn hafa áhrif á úrslit málsins.

Með hliðsjón af framangreindu verður kostnaður vegna mats í einstökum liðum ekki sundurgreindur. Yfirmatsmenn líta svo á, að efni það, sem hér um ræðir í Stampagili og Fagrafelli, sé eignarrétti undirorpið í merkingu stjórnarskrárinnar og þurfi matsþoli því ekki að sætta sig við það, að það sé tekið bótalaust. Ekki verði heldur fullyrt, að efni þetta sé eða verði verðlaust um alla framtíð.

Viðurkennt er í máli þessu, að á svæðinu umhverfis Markarfljót í Rangárvallasýslu sé gnægð af sterkri blágrýtismöl, sem hafi mikinn slitstyrkleika og sé því hentug sem ofaníburðarefni, en skorti hins vegar tilfinnanlega bindiefni. Efni það, sem tekið hefir verið úr Fagrafelli, hentar vel sem bindiefni í hinni sterku blágrýtismöl á þessu svæði og gefur góða áferð. Yfirmatsmenn hafa ekið eftir og skoðað veg þann, sem bindiefni þetta er notað í, og er hann að þeirra áliti betri en hann annars mundi vera, eins og nærliggjandi vegir sýna, því bindiefnið treðst ágætlega, og lítið virðist rjúka úr því. Auk þess sem vegur þessi er þannig betri en hann annars mundi vera, ef bindiefni þetta væri ekki notað, þá er einnig líklegt, að viðhaldskostnaður hans verði minni en ella.

Nærtækt efni, sem hefir mikinn slitstyrkleika, er þannig hægt að nota, ef efninu úr Fagrafelli er blandað saman við það.

Ef efni þetta væri ekki fyrir hendi, yrði að flytja allan ofaníbúrð mun lengra að eða kosta til vinnslu á efni til þess að fá álíka gott slitlag á veginn

og nú fæst með notkun efnisins úr Fagrafelli. Notkun þessa efnis sparar því flutningskostnað eða vinnslukostnað.

Þegar virt eru þau atriði, sem rakin hafa verið hér að framan og sú vitneskja, sem yfirmatsmenn hafa um greiðslur fyrir jarðefni annars staðar, þá telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta móbergið í Fagrafelli á kr. 5.00 pr. m^3, og miðast það mat við árið 1967 og meðalbyggingarvísitölu þess árs, sem er 2888. Samkvæmt meðalbyggingarvísitölu ársins 1966 er fjárhæðin þá kr. 4.70 pr. m^3 það ár, kr. 3.94 pr. m^3 árið 1965 og kr. 3.50 pr. m^3 1964.

Með hliðsjón af því, sem við á af framangreindu, telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta grjótið úr Stampagili á kr. 1.50 pr. m^3, og er þá einnig miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins 1967. Samkvæmt því yrði rúmmetrinn 1966 kr. 1.41, árið 1965 kr. 1.18 og árið 1964 kr. 1.05.

Yfirmatsmenn hafa hér að framan miðað við byggingarvísitölu, enda telja þeir hana réttastan mælikvarða á verðlagsbreytingar á þessu sviði. Samkvæmt því telja yfirmatsmenn rétt, að verð á framangreindum jarðefnum hækki eða lækki í framtíðinni með hliðsjón af byggingarvísitölu á hverjum tíma. Sama gildir um verð á efni því, sem tekið hefir verið fyrir 1964.

Umboðsmenn beggja aðila hafa tekið fram, að þeir óski ekki eftir nýjum mælingum á magni þess efnis, sem Vegagerð ríkisins hefir tekið úr landi jarðarinnar Neðra-Dals.

Umboðsmaður matsþola (eigenda Neðra-Dals) hefir krafist þóknunar til sín vegna hagsmunagæslu við matið.

Þar sem matsþolandi á samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar að fá fullar bætur fyrir eign sína, sbr. og 59. gr. vegalaga, 1. mgr., ber Vegagerð ríkisins að greiða allan kostnað af yfirmatinu, þ. á m. þóknun til umboðsmanns matsþolanda, er ákveðst kr. 12.000.00, og þóknun yfirmatsmanna."

Hinn 23. apríl 1970 framkvæmdi matsmaðurinn Ögmundur Jónsson að beiðni lögmanns stefnanda útreikning á verðmæti malar og grjóts, sem tekið var fram til ársins 1965 og á árunum 1965 - 1969 að báðum árunum meðtöldum. Um grundvöll útreikningsins og nánari sundurliðun hans segir svo í bréfi verkfræðingsins.

„Einingarverðin eru skv. yfirmati okkar Árna Jónassonar, bónda, Egils Sigurgeirssonar, hrl., og undirritaðs, dags. 5. júlí 1968. Matsverðið er breytilegt og fylgir meðalbyggingarvísitölu hvers árs, sjá bls. 12 í yfirmatsgjörðinni. Þar eru einingarverðin tilgreind fyrir árin 1964 - 1967. Á sama grundvelli reiknast einingarverðin: Möl (móberg) 5.55 kr. pr. m^3 1968, 6.83 kr. pr.m^3 1969, grjót 1.66 kr. pr. m^3 1968, 2.05 kr. pr. m^3 1969.

Magnstölur eru skv. bréfum frá Vegagerð ríkisins, dags. 19.1. og 21.1. s.l. Ljósrit bréfanna hef ég fengið í hendur.

Möl (móberg):

1965	1764 m³	á kr. 3.94	= kr.	6.950.16
1966	8396 m³	á kr. 4.85	= kr.	40.720.60
1967				
1968	0 m³	á kr. 5.55	= kr.	0.00
1969	3690 m³	á kr. 6.83	= kr.	25.202.70

Grjót:

1965	700 m³	á kr. 1.18	= kr.	826.00
1966	700 m³	á kr. 1.41	= kr.	987.00
1967	700 m³	á kr. 1.50	= kr.	1.050.00
1968	4600 m³	á kr. 1.66	= kr.	7.636.00
1969	2400 m³	á kr. 2.05	= kr.	4.920.00

Þar sem magn malartöku er gefið upp samanlagt fyrir árin 1966 og 1967, er valið meðalverð þessara ára, kr. 4.85 pr. m³, þ. e. gert er ráð fyrir sama magni hvort árið.

Auk þessa hafið þér óskað eftir því, að reiknað væri verðmæti malar (móbergs) og grjóts, sem tekið var, áður en undirmatið fór fram, og á því verði, er yfirmatið metur fyrir árið 1964. Undirmatsmenn mældu magnið, og hafið þér tjáð mér það símleiðis. Ég tek enga afstöðu til verðlagningarinnar.

Möl:
12700 m³ á kr. 3.50 = kr. 44.450.00

Grjót:
11300 m³ á kr. 1.05 = kr. 11.865.00.“

Með bréfi, dags. 9. apríl 1974, vísaði lögmaður stefnanda málinu til matsnefndar eignarnámsbóta skv. 2. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Úrskurður matsnefndarinnar gekk 1. maí 1976, og er hann svohljóðandi:

„I.

Málavextir eru þeir, að frá árinu 1949 hefur Vegagerð ríkisins tekið blágrýti úr svonefndu Stampagili í landi Neðra-Dals I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi til framkvæmda, sem hún hefur haft með höndum, og frá árinu 1959 hefur Vegagerðin tekið efni úr Fagrafelli í landi sömu jarða sem ofan-

íburðarefni í Suðurlandsveg. Hvort tveggja efnið er tekið úr óskiptu landi jarðanna.

Ekki hefur Vegagerðin greitt landeigendum neitt fyrir efnistöku þessa, og er því raunar haldið fram af hennar hálfu, að samþykki landeigenda hafi legið fyrir til efnistöku allt fram til ársins 1964, að krafa kom fram um bætur vegna malartöku í Fagrafelli, og til ársins 1965, að krafist var mats á grjótnámunni í Stampagili.

Landeigendur mótmæla því, að um nokkra slíka heimild hafi verið að ræða eða svo mikið sé víst, að ekki hafi legið fyrir samþykki fyrir efnistökunni án endurgjalds.

Með því að ekki tókust samningar milli aðila um bótagreiðslur vegna efnistökunnar, voru dómkvaddir matsmenn hinn 24. apríl 1965, og kváðu þeir upp matsgerð sína 28. desember 1966. Ekki vildu aðilar una mati þeirra, og hinn 27. febrúar 1967 voru dómvaddir yfirmatsmenn, sem kváðu upp úrskurð hinn 5. júlí 1968.

Vegagerð ríkisins vildi ekki una yfirmatinu, og höfðuðu landeigendur þá mál til heimtu bóta á grundvelli þess með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1969. Dómur gekk í héraði 13. desember 1971. Áfrýjunarstefna til Hæstaréttar var gefin út 7. febrúar 1972 og gagnáfrýjunarstefna 21. febrúar 1972. Með dómi Hæstaréttar 12.nóvember 1973 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað á ný.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1974, óskað Sveinbjörn Jónsson, hrl., eftir því f. h. umbjóðenda sinna, eigenda Neðra-Dals I og II, að metnar yrðu eignarnámsmati bætur úr hendi Vegagerðar ríkisins vegna efnistökunnar með vísan til dóms Hæstaréttar frá 12. nóvember 1973 og 10. gr. laga nr. 11/1973.

II.

Eignarnámsheimildina fyrir töku þessara jarðefna er að finna í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sbr. 1. nr. 23/1970, sbr. 1. nr. 80/1973, sbr. nú 1. nr. 66/1975. Gegn mótmælum eignarnámsþola verður ekki talið, að samþykki þeirra hafi legið fyrir um heimild til handa eignarnema til töku jarðefna án bóta.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikið magn var tekið af grjóti árlega á árunum 1949 til 1964 né af möl á árunum 1959 til 1963, en árið 1964 mun ekki hafa verið tekin möl úr Fagrafelli. Undirmatsmennirnir Ásgeir L. Jónsson og Marteinn Björnsson framkvæmdu mælingu á rúmtaki námanna 27. september 1965, og varð niðurstaða þeirra, að malarnámið væri í heild 12.700 m^3 eða teknir hefðu verið að meðaltali 2.540 m^3 á árunum 1959 til 1963, en grjótnámið mældist 11.300 m^3 eða um 700 m^3 á árinu að jafnaði á árunum 1949 til 1964. Þessum tölum hefur ekki verið mótmælt

af aðilum, og engin tök eru á að staðreyna þær frekar nú, og þykir því verða að leggja þær til grundvallar. Hins vegar liggja fyrir tölur frá eignarnema um efnistöku á árunum 1965 til 1969, og eru þær sem hér segir:

Malartaka úr Fagrafelli 1965	1.764 m³
1966 - 1967	8.396 m³
1968	0 m³
1969	3.690 m³
Samtals	13.850 m³

Grjótnám úr Stampagili 1965	700 m³
1966	700 m³
1967	700 m³
1968	4.600 m³
1969	2.400 m³
Samtals	9.100 m³

Tölur þessar hafa ekki verið véfengdar, og verður því á þeim byggt.

Um notkun efnisins liggur það fyrir, að blágrýtið úr Stampagili var notað til gerðar varnargarða við Markarfljót, en mölin úr Fagrafelli notuð til ofaníburðar í Suðurlandsveg og þá blönduð saman við grófari möl af Markarfljótsaurum. Óumdeilt virðist vera, að mölin úr Fagrafelli hentar vel til þessara nota vegna bindieiginleika sinna, þótt hún ein sér henti miður til ofaníburðar vegna lítils slitþols.

Af hálfu eignarnámsþola er því haldið fram, að verðgildi efnisins, sem tekið hefur verið, sé hátt. Að því er mölina varðar sé hún ómissandi fyrir vegagerðina, svo sem hér standi á, og aðstaða til efnistökunnar sérstaklega þægileg. Móbergshlíðarnar undir Vestur-Eyjafjöllum séu fyrsta móbergið á Suðurlandsvegi, sem sé auðsótt til vegagerðar. Þá telja þeir, að það eigi ekki að valda lækkun á bótum vegna þessa efnis, þótt ekki sé sýnt, að það hafi almennt markaðsverð, þar sem það stafi af einkarétti eignarnema til vegagerðar, auk þess sem óreynt sé, hvort ekki væri unnt að selja efnið einkaaðilum til vegagerðar utan þjóðvegakerfisins. Þá benda þeir á, að markaður sé fyrir blágrýti til legsteinagerðar.

Enn fremur telja eignarnámsþolar, að þeir hafi orðið fyrir beinu tjóni vegna afnotamissis af landi því, þar sem námurnar eru, og þá fyrst og fremst vegna missis beitar.

Loks benda eignarnámsþolar á, að samningar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu um efnistöku eignarnema annars staðar, alls 102 talsins, sýni,

að hann telji sér skylt að greiða fyrir efni, sem hann notar og tekið er í byggð, enda sé annað andstætt öllum reglum og í hlutarins eðli.

Af hálfu eignarnema er því haldið fram, að engar bætur eigi að greiða vegna efnistökunnar. Komi þar fyrst til, að efnið hafi ekkert sölugildi á almennum markaði, enda sé eignarnemi sá eini, sem geti hagnýtt sér það, og sé efnið því í reynd einskis virði og jafnvel þótt talið væri, að einhverjir markaðsmöguleikar væru fyrir efnið, þá sé magn þess nánast óþrjótandi.

Þá er því mótmælt, að hagræði eignarnema af efnistöku á þessum stað eigi að orka á bótafjárhæð, heldur eigi að leggja tjón landeigenda til grundvallar, en það sé í raun ekkert, því landið, þar sem efnistaka fer fram, sé að mestu ógróið og alveg óræktanlegt.

Þá telur eignarnemi, að verði talið, að eignarnámsþolar eigi rétt til bóta vegna efnistökunnar, eigi kostnaður vegna vegagerðar að námunni í Fagrafelli að dragast frá bótum. Eignarnemi lagði veg þennan árið 1958 og telur kostnað hafa verið kr. 78.500.00 á verðlagi þess árs.

III.

Matsnefndin hefur farið á vettvang ásamt umboðsmönnum aðila og nokkrum eigendum Neðra-Dals. Skoðuð voru ummerki í Stampagili og efnisnáman í Fagrafelli, svo og var næsta nágrenni námunnar skoðað. Einnig var vegurinn að námunni skoðaður, farið var á varnargarð við Markarfljót, og loks fóru matsnefndarmenn heim í Neðra-Dal og skoðuðu ummerki vegna efnistökunnar þaðan séð.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram 13. nóvember 1975. Leitað var um sættir með aðilum, en árangurslaust.

Eignarnámsheimildina er að finna í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sbr. 1. nr. 23/1970, sbr. 1. nr. 80/1973 og nú 1. nr. 66/1975. Ber að meta til fébóta efnistöku, sem eignarnemi hefur látið fara fram á árunum 1949 til 1969 úr landi Neðra-Dals I og II, svo og landspjöll og jarðrask vegna þessa.

Í 59. gr. vegalaga segir, að hver landeigandi sé skyldur til að láta af hendi land það, er þurfi undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og að leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur sé grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skuli því aðeins greiddar, að þeirra sé krafist og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Svo sem fyrr segir, telur eignarnemi, að nokkur hluti af kröfu eignarnámsþola sé niður fallinn fyrir fyrningu. Matsnefndin telur það vera utan við verksvið sitt að taka afstöðu til þessa álitaefnis, en telur rétt að sundurliða niðurstöður sínar með tilliti til þessarar kröfugerðar, þannig að sérstaklega sé tekin afstaða til malartekju til og með árinu 1962, en bótakrafa mun hafa komið fram vorið 1964, en bætur vegna grjótnáms til og með

árinu 1963 séu metnar sérstaklega, en beiðni um mat kom fram 24. apríl 1965. Er á því byggt, að efnistaka hafi farið fram á sumrin. Lagt er til grundvallar, að malartekja árin 1959 til 1962 að báðum árum meðtöldum hafi numið samtals 10.160 m^3, en grjótnám árin 1949 til 1963 að báðum árum meðtöldum samtals 10.500 m^3.

Þá kemur til álita, hvort landeigendur eigi rétt til endurgjalds fyrir það efni, sem tekið hefur verið úr landi þeirra af eignarnema, eða hvort efni þetta sé verðlaust.

Að því er mölina varðar verður að telja upplýst, að hún sé hentugt vegagerðarefni, svo sem hún er notuð og hafi þar með í eðli sínu verðgildi, þótt ekki hafi verið sýnt fram á, að um aðra kaupendur sé að ræða nú en eignarnema. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt svipað efni megi finna annars staðar í grennd. Sýnist þetta efni ekki í eðli sínu frábrugðið öðru vegagerðarefni, sem tekið er í byggð víðsvegar um landið, þótt það sé að vísu talið óhæft sem steypuefni. Hins vegar er á það að líta, að við mat á verðgildi efnisins, að eignarnemi þurfti að gera sérstakan veg að námunni til hagnýtingar hennar.

Af hálfu eignarnámsþola hefur verið bent á sérstaklega, að markaður sé fyrir blágrýti til legsteinagerðar. Ekki hefur þó verið sýnt fram á, að náman í Stampagili henti til þessara nota, og ekkert efni hefur þannig verið selt úr henni. Þótt einhver hluti efnisins hentaði til legsteinagerðar, er markaður lítill. Allt að einu verður að telja, að um sé að ræða jarðefni, sem hefur verðgildi til mannvirkjagerðar og eignarnámsþolar eigi því að fá bætt.

Þegar tekið hefur verið tillit til framangreindra atriða, verðs á sambærilegu efni víðs vegar um land svo og þeirra breytinga á verðlagi, sem matsnefndin álítur, að hér eigi að skipta máli, telur hún, að verðmæti efnisins sé hæfilega metið sem hér segir:

Malartekja 1963 og fyrr kr. 18.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964, þar af vegna malar, sem tekin var 1963, kr. 3.000.00.

Grjótnám 1963 og fyrr kr. 13.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964.

Malartekja 1965 - 1969 að báðum árum meðtöldum kr. 37.500.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Grjótnám 1964 - 1969 að báðum árum meðtöldum kr. 25.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Þá kemur til álita, hvort matsbeiðendur kunni að eiga sérstakan rétt til bóta fyrir jarðrask og landspjöll.

Malarnám í Fagrafelli er í brattri skriðu, lítt gróinni þar sem náman er. Gróður er heldur ekki mikill í Stampagili. Þau afnot, sem tapast hafa af landi þessu, eru lítils háttar beitarafnot. Sýnast ekki efni til að meta landeig-

endum bætur vegna þessa sérstaklega, þar sem fjárhagstjón þeirra vegna þessa virðist hverfandi lítið, enda bætur metnar vegna efnistökunnar.

Þá greinir aðila á um það, hvort kostnaður við vegalagningu þá, sem eignarnemi framkvæmdi að námunni, eigi að dragast frá bótum. Eignarnemi telur, að vegurinn auki verðmæti landsins og eigi kostnaðurinn því að koma til frádráttar bótum.

Eignarnámsþolar halda því hins vegar fram, að vegagerð þessi hafi verið þeim til einskis gagns, enda hafi þegar verið lagður vegur um landið á þessum stað, sem fullnægt hafi þörfum þeirra. Þvert á móti hafi hin nýja vegagerð enn aukið á landspjöll vegna efnistökunnar, og hafa þeir krafist þess, að landinu verði komið í sama horf og var fyrir vegalagninguna.

Vegagerð þessi, sem er um 750 m. langur vegur frá þjóðvegi að malarnámunni, var framkvæmd án alls samráðs við landeigendur. Vegurinn var að hluta lagður ofan á eldri vegarslóða, og verður að telja, að landeigendur hafi ekki slíkt hagræði af vegagerð þessari til eigin nota, að hann hafi aukið verðgildi landsins sem slíks, og verður því ekki fallist á þessa kröfu eignarnema.

Rétt þykir samkvæmt 11. gr. laga nr. 11/1973, að eignarnemi greiði eignarnámsþolum fyrir lögfræðilega aðstoð við matsmálið kr. 50.000.00.

Þá er rétt, að eignarnemi greiði til Ríkissjóðs samkvæmt 11. gr. sömu laga kostnað af starfi matsnefndar kr. 155.000.00.

Úrskurð þennan hafa kveðið upp þeir Jóhannes L. L. Helgason, hrl., varaformaður nefndarinnar, og matsmennirnir Guðmundur Magnússon, prófessor, og Ragnar Ingimarsson, prófessor, sem varaformaður hefur kvatt til meðferðar þessa máls samkvæmt 2. gr. laga nr. 11/1973.

MATSORÐ:

Verðmæti jarðefna, sem eignarnemi, Vegagerð ríkisins, hefur tekið úr landi Neðra-Dals I og II á árunum 1949 - 1969 að báðum meðtöldum, telst hæfilega metið sem hér segir:

Malartekja árið 1963 og fyrr kr. 18.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964, þar af kr. 3.000.00 vegna efnistöku 1963.

Malartaka árið 1965 - 1969 að báðum meðtöldum kr. 37.500.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Grjótnám árið 1963 og fyrr kr. 13.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964.

Grjótnám árin 1964 - 1969 að báðum meðtöldum kr. 25.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Eignarnemi greiði eignarnámsþolum kr. 50.000.00 í málskostnað.

Eignarnemi greiði til Ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndar kr. 155.000.00."

Eru endanlegar dómkröfur stefnenda sundurliðaðar þannig:

I. Möl:

Malartaka frá 1949 - 1964.		
Rúmmetrar 12700, er miðað við einingar-		
verð kr. 50.00 pr. rúmm.	kr.	635.000.00
Malartaka 1965 - 1970.		
Rúmmetrar 13850, er miðað við einingar-		
verð kr. 50.00 pr. rúmm.	kr.	692.500.00
Samtals	kr.	1.327.500.00

II. *Grjót:*

Grjóttaka frá 1949 - 1964,		
rúmmetrar 11300, miðað við einingarverð		
kr. 40.00 pr. rúmm.	kr.	452.000.00
Grjóttaka 1965 - 1970,		
rúmmetrar 9.100, en miðað við einingar-		
verð kr. 40.00 pr. rúmm.	kr.	364.000.00
Samtals	kr.	816.000.00

Samtals nemur krafa vegna malartöku og grjóttöku fyrir ofangreint tímabil því kr. 2.143.500.00.

Af hálfu stefnenda er greiðsluskylda stefnda byggð á því, að efnistaka stefnda úr landi jarðarinnar Neðra-Dals hafi verið algerlega án leyfis landeigenda og hafi stefndi ekki tilkynnt landeigendum töku jarðefnanna. Samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem fram komi í 67. gr. stjórnarskrárinnar, beri stefnda að greiða bætur fyrir töku efnis í landi stefnenda og jarðrask, sem af henni leiði. Þá er því haldið fram, að reglur vegalaga um fyrningu krafna sem þessara fái ekki staðist að lögum, þar sem þær brjóti í bága við grundvallarreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Er því einnig haldið fram, að líta beri svo á, að með töku jarðefnanna um langt árabil hafi farið fram óslitin viðskipti aðiljanna og því sé ekki neinn hluti kröfu stefnenda fyrndur. Er því haldið fram í þessu sambandi, að á stefnda hvíli algerlega sönnunarbyrði um atriði, er fyrning verði byggð á. Beri í því sambandi að taka tillit til þess, að stefndi hafi ekki tilkynnt eigendum jarðarinnar töku jarðefnanna og hafi ekki gert þeim grein fyrir magni því, sem tekið var frá ári til árs. Er því og mótmælt, að landeigendur hafi gefið samþykki sitt fyrir töku jarðefnanna.

Fjárhæð endanlegrar körufgerðar stefnenda í málinu er byggð á því, að niðurstaða matsnefndar um eignarnámsbætur verði ekki lögð til grundvallar í máli þessu, þar sem nefndin hafi ekki gætt réttra sjónarmiða við ákvörðun bóta, enda sé ljóst af gögnum, sem fram hafa komið í málinu, að fjárhæð dómkröfu stefnenda sé eðlilegar og sanngjarnar bætur. Sé það á valdi dómsins samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 11/1973 að taka þá kröfu til greina. Af gögnum þessum komi fram, að algengasta verð á jarðefnum eins og þeim, sem fjallað er um í máli þessu, sé kr. 40.00 - 60.00 fyrir hvern rúmmetra efnis. Beri að taka tillit til þess, að möl sú, sem tekin var í landi stefnenda til ofaníburðar í vegi, sé sérstaklega góð til þeirra nota, þar sem hún bindist sérstaklega vel öðrum jarðefnum í veginum og skapi sérstaklega gott yfirborð, sem endist vel. Þá sé mölin gott fyllingarefni. Jarðefni þetta sé fyllilega sambærilegt við slík jarðefni annars staðar á landinu og jafnvel betra. Af hálfu stefnenda er því mótmælt, að vegarframkvæmdir, sem stefndi hafi lagt í til að komast að námunum, þar sem mölin og grjótið er tekið, hafi nokkra þýðingu fyrir þá, og eigi þær framkvæmdir því ekki að leiða til lækkunar bóta.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að síðari málsliður 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sem í gildi voru, þegar sú efnistaka fór fram, sem fjallað er um í máli þessu, og samhljóða ákvæði í yngri lögum leiði til þess, að menn verði að þola bótalaust jarðrask og eignarnám á óyrktu landi sínu, nema sýnt sé fram á og sannað, að þeir verði fyrir beinu tjóni, svo sem um sé að ræða skemmdir á ræktunarhæfu grónu landi eða beitilandi eða um sé að ræða töku jarðefnis, sem aðeins sé til í takmörkuðu magni á markaðssvæði. Þessi almenna takmörkun eignarréttar hafi verið í vegalögum frá fyrstu tíð, sbr. lög nr. 25/1887 um vegi, en það hafi verið gert ráð fyrir, að bætur ættu einungis að koma til, ef efni í vegi væri tekið, svo að til skaða væri fyrir landeigenda. Grundvöllur þessarar takmörkunar eignarréttar sé ljóslega sá, að bættar samgöngur á landi séu vafalaust allra hagur og til þess að auðvelda slíkar framkvæmdir séu með lögum leyfð afnot af eign annars manns, sem honum séu bagalaus. Það sé fram komið og sé samræmd skoðun þeirra matsmanna, sem fjallað hafa um mál þetta, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, svo neinu nemi, við jarðrask við efnistöku í Fagrafelli og Stampagili. Haldi stefndi því og fram, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna sjálfrar töku efnisins, þar sem það sé og hafi verið þeim verðlaust, og ekki hafi þeir heldur orðið fyrir fjárhagstjóni vegna jarðrasks við efnistökuna. Því hljóti þeir að gjalda þeirrar takmörkunar eignarréttarins, sem fram komi í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963 og síðari lögum um sama efni. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að mikill hluti krafna stefnenda sé fyrndur. Samkvæmt 63. gr. vegalaga nr. 71/1963 og samhljóða ákvæðum yngri vegalaga skuli krefjast

skaðabóta, er af vegagerð og vegaviðhaldi leiðir, innan árs, frá því að verk það var unnið, sem skaðanum olli. Sé meginforsenda fyrningarákvæðis þessa sú óvissa og sönnunarerfiðleikar, sem upp komi, þegar eldri kröfur komi til álita. Bóta fyrir efnistöku í Fagrafelli hafi fyrst verið krafist vorið 1964. Til álita komi því eingöngu bætur fyrir malartöku frá árinu 1963 til ársins 1969 að báðum árum meðtöldum. Stefndi hafi ekki látið starfsmenn sína mæla efnismagn, sem tekið var úr Fagrafelli og Stampagili fram til ásloka 1964, þar sem engin krafa um bætur hafi komið fram fyrr en það ár og því ekki um það hirt að halda saman tölum um efnismagn. Undirmatsmenn hafi mælt rúmtak malar, sem tekin var á tímabilinu 1959 til 1963 að báðum árum meðtöldum og hafi þeim talist svo til, að það væri samtals 12.700 m^3, eða 2540 m^3 að meðaltali á ári. Ekki sé vitað með vissu, hve mikið magn var tekið árið 1963, en samkvæmt mælingum undirmatsmannanna hafi meðaltalstaka malar verið 2540 m^3 það ár. Árið 1964 muni engin möl hafa verið tekin, en árin 1965 til 1969 hafi verið teknir samtals 13850 m^3. Við ákvörðun bóta fyrir malartöku í Fagrafelli beri samkvæmt þessu að miða við það tjón, sem hlotist hafi við töku á 16390 m^3 (2540 + 13850) af möl, en ekki 26550 m^3, eins og stefnendur geri kröfu til. Þá kemur fram af hálfu stefnda, að byrjað hafi verið á grjótnámi í Stampagili á árinu 1949 með samþykki þáverandi landeiganda. Krafa um bætur fyrir það hafi fyrst komið fram í bréfi, dags. 24. apríl 1965. Því sé fallinn niður réttur til skaðabóta fyrir grjót, sem tekið var fyrir 24. apríl 1964. Undirmatsmenn hafi mælt rúmtak grjóts, sem tekið hafi verið á tímabilinu 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum, og hafi þeim talist til, að það væri samtals 11300 m^3, eða 700 m^3 á ári að meðaltali. Árið 1964 hafi því að líkindum verið teknir 700^3 og árin 1965 til 1969 samtals 9100 m^3. Við ákvörðun bóta fyrir grjótnám beri því að miða við það tjón, sem hlotist hafi við töku 9800 m^3 (700 - 9100) af grjóti, en ekki 20300 m^3, eins og stefnendur geri kröfu til. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ekki verði byggt á undirmatsgerð og yfirmatsgerð, sem fyrir liggja í málinu, því þær séu ekki byggðar á réttum sjónarmiðum. Er því einnig haldið fram, að ekki verði byggt á niðurstöðu matsnefndar eignarnámsþola, það mat nefndarinnar sé ekki byggt á réttum sjónarmiðum og niðurstaðan því ekki í neinu samræmi við verðmæti jarðefnanna. Fram sé komið, að mölin úr Fagrafelli þyki ekki henta til annars en vegagerðar, og þá einungis þegar búið sé að blanda hana öðru efni, þar sem hana skorti slitstyrkleika. Mölin sé því ekki markaðsvara á öðru sviði og þó að hún væri góð til annarra nota, væri samt sem áður ekki um sölumöguleika að ræða sökum staðsetningar námunnar utan markaðssvæða. Jafnvel þótt ekki verði fallist á þessi rök og efnið talið verðmætt í sjálfu sér, þá beri stefnendum samt sem áður ekki bætur fyrir efnistöku stefnda, því ótæmandi magn sé enn eftir til nytja fyrir stefnendur,

ef sölumöguleikar eru fyrir hendi. Þá er því haldið fram, að um aðrar mögulegar nytjar af landinu en hugsanlegt efnisnám sé ekki að ræða sökum þess, að náman sé hátt í gróðurlausri brattri hlíð Fagrafells. Að því er varðar grjótnámið í Stampagili þá er því haldið fram, að yfirborð landsins hafi verið lítt grónir flagmóar, sem hafi alls ekki verið vænlegir til ræktunar, en almennur markaður fyrir grjót sé ekki fyrir hendi þarna. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hagur stefnda af því að þurfa ekki að flytja efni í vegarstæðið um lengri veg geti verið forsenda fyrir ákvæðum bótafjárhæðar. Samkvæmt 59. gr. vegalaga og almennum reglum bótaréttar sé það tjón landeigenda, sem eigi að bæta, ef tjón er fyrir hendi, og eigi hagnaður eignarnema ekki að hafa nein áhrif á þá ákvörðun. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verð það, sem matsnefndin byggi niðurstöðu sína á, sé framreiknað til verðlags í dag, sé það tvöfalt hærra en verð það, sem stefndi hafi greitt fyrir sams konar jarðefni á markaðssvæðum í grennd við þéttbýlissvæði snemma á þessu ári. Komi þetta raunar fram í úrskurði nefndarinnar í öðru máli. Með hliðsjón af breyttu verðlagi greiði stefndi nú kr. 4.00 - 20.00 fyrir hvern rúmmetra af möl í næsta nágrenni þéttbýlissvæða, en kr. 1.30 - 5.30 fyrir hvern rúmmetra af skertu landi utan markaðssvæða. Sé því ljós, hversu fráleitar kröfur stefnenda séu, enda verði bætur fyrir jarðefni þau, sem tekin voru í landi stefnenda, ekki með neinum rökum borin saman við verð jarðefna í næsta nágrenni við markaðssvæði Stór-Reykjavíkur, þar sem veruleg eftirspurn sé fyrir slík efni og verð þeirra ráðist af framboði og eftirspurn.

Þá kemur fram af hálfu stefnda, að á árinu 1968 hafi stefndi lagt veg á sinn kostnað að malarnámu í Fagrafelli og hafi kostnaður við vegarlagninguna numið kr. 78.500.00 á verðlagi þess tíma, en ef kostnaður þessi sé færður til verðlags og annars vegar við byggingarvísitölu júní 1968 og hins vegar í janúar 1979, þá samsvari hann kr. 1.212.000.00. Sé það krafa stefnda, ef talið verði, að stefnendum beri bætur fyrir efnistöku í landi Neðra-Dals, að þá eigi kostnaður við lagningu vegar, sem teljist eign stefnenda, að koma til frádráttar bótum samkvæmt framangreindu sjónarmiði og sé þá vafalaust, að allt það tjón, sem stefnendur kunna að hafa orðið fyrir við töku stefnda á möl í Fagrafelli og grjóts í Stampagili, sé að fullu bætt og vel það.

Með dómi Hæstaréttar 12. febrúar 1973 var matsgerðum þeim, sem fram höfðu komið í málinu, vikið til hliðar og stefnendum gefinn kostur á að láta meta að nýju bætur fyrir efnistöku stefnda samkvæmt ákvæðum laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Matsnefnd samkvæmt 2. gr. laganna hefur metið bætur, og hefur sú matsgerð verið rakin hér að framan. Í matinu eru bætur fyrir hluta jarðefnanna miðaðar við staðgreiðslu 1. janúar 1964, en að öðru leyti eru bæturnar miðaðar við greiðslu 1. janúar

1970. Ekki verður fallist á það sjónarmið stefnda, að samkvæmt grundvallarsjónarmiðum í vegalögum frá upphafi hafi stefnda verið heimilt að taka jarðefni úr landi stefnenda til vegalagningar og vegaviðhalds án bóta. Þá verður ekki fallist á það með stefnda, að jarðefni þau, sem fjallað er um í málinu, verði þegar af þeirri ástæðu að teljast verðlaus, að stefndi sé nánast eini aðilinn, sem hafi áhuga á að nýta þessi efni, enda má í því efni líta til þess, að efnistakan hefur óhjákvæmilega í för með sér vissar eignakvaðir. Það er ósannað, að fyrri eigandi jarðarinnar Neðra-Dals hafi veitt samþykki sitt til efnistöku stefnda, sem falið hafi í sér afsal bótakrafna úr hendi stefnda. Starfsmenn stefnda létu ekki mæla efnismagn það, sem tekið var fram til ársloka 1964. Var það ekki fyrr en matsmenn mældu efnismagn þetta við undirbúning undirmats. Þykir þetta valda því, að krafa stefnenda um bætur fyrir efnismagn það, sem tekið var fram til ársloka 1964, sé ekki fallin niður fyrir fyrningu.

Það verður að telja grundvallarreglu við ákvörðun eignarnámsbóta að miða við staðgreiðslu, er eignarnámsmati lýkur, enda séu bætur þá greiddar, en eins og áður er rakið, er í mati matsnefndar eignarnámsbóta í máli þessu miðað við staðgreiðslu fyrir hluta jarðefnanna 1. janúar 1964 og hinn hlutann 1. janúar 1970. Af þessum sökum ber að miða bætur til stefnenda við núverandi verðlag. Á hinn bóginn verður ekki talið, að í umræddu mati hafi verið tekið nægilegt tillit til þess, að ekki hefur verið sýnt fram á, að til sé að dreifa almennum markaði fyrir þessi efni. Er sú niðurstaða dómsins studd upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu um verðlagningu sams konar eða svipaðra jarðefna í frjálsum samningum. Samkvæmt þessu þykja bætur til stefnenda fyrir efnistöku þá, sem fjallað er um í málinu, hæfilega ákveðnar kr. 1.100.000.00. Hefur þá verið tekið tillit til þess, að stefnendur eiga rétt á nokkrum vöxtum frá réttum gjalddögum bóta, enda þótt bætur séu miðaðar við núverandi verðlag. Með hliðsjón af kröfugerð stefnenda verður stefnda gert að greiða 27% ársvexti af þessari fjárhæð frá deginum í dag að telja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 700.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, vegamálastjóri f. h. Vegagerðar ríkisins, greiði stefnendum, eigendum jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi, kr. 1.100.000.00 með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags og kr. 700.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 247/1980. **Lífeyrissjóður verslunarmanna**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
veðdeild Landsbanka Íslands f. h.
Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna
Byggingarsjóðs ríkisins
(Stefán Pétursson hrl.).

Uppboðsmál. Gildi veðréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. desember 1980.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að uppboðskrafa áfrýjanda að fjárhæð 27.113.80 krónur verði að fullu tekin til greina við úthlutun uppboðsandvirðis íbúðar nr. 1 - 2 í Möðrufelli 13 að fjárhæð 52.153.50 krónur. Hann krefst og málskostnaðar í uppboðsrétti og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Einnig krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Íbúð sú, sem fjallað er um í máli þessu, var byggð á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Reykjavík. Er hún háð ákvæðum reglugerðar nr. 78/1967, sbr. reglugerð nr. 122/1968, sem taldar voru settar samkvæmt lögum nr. 97/1965 um breytingu á lögum nr. 19/1965 og lögum nr. 8/1968. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, áttu reglugerðirnar stoð í lögum nr. 30/1970 og nr. 106/1970.

Enginn ágreiningur er um, að reikna beri verð íbúðarinnar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins sem forkaupsréttarhafa og þar með þá fjárhæð, sem kemur til úthlutunar til þeirra, sem rétt eiga til greiðslu af uppboðsandvirði, svo sem hér segir:

Eftirstöðvar upphaflegs kaupverðs.		
2.830.000 gkr. ÷ 614.349 gkr. .		2.215.651 gkr.
Greiðslur kaupanda	614.349 gkr.	
Vísitölubætur á greiðslur	2.156.979 gkr.	
Samtals verðbættar greiðslur kaupanda		2.771.328 gkr.
Mat matsmanna		228.371 gkr.
	Samtals	5.125.350 gkr.

Veðskuldabréf það með 1. veðrétti, sem í málinu greinir, er gefið út til veðdeildar Landsbanka Íslands. Þar sem það er gefið út fyrir láni af fé úr Byggingarsjóði ríkisins, sem veitt var samkvæmt ákvörðun Húsnæðismálastofnunar, er fer með stjórn Byggingarsjóðs ríkisins, svo og vegna tengsla framangreindra stofnana samkvæmt lögum nr. 30/1970 verður að líta svo á, að veðdeildin verði að sæta sömu takmörkunum á rétti sínum samkvæmt veðskuldabréfinu og hlíta sömu vörnum í málinu varðandi innheimtu ógoldinna eftirstöðva þess og Byggingarsjóður ríkisins hefði orðið að gera, ef skuldabréfið hefði verið gefið út til hans.

Krafan samkvæmt framangreindu veðskuldabréfi er sundurliðuð þannig í skjölum málsins:

Skuldabréf, útgefið 10. apríl 1975, upphaflega að fjárhæð	2.264.000 gkr.,
að eftirstöðvum	2.215.652 gkr.
Vísitöluálag, sem fallið er á þær eftirstöðvar (Grunnvísitala 1563 stig, en vísitala 1. október 1979 7051 stig, eða 351.12% hækkun, en 3/10 af þeirri hækkun bætast við eftirstöðvar lánsins). Vextir 9.75% af eftirstöðvum frá 1. maí 1979 - 24. október 1979	2.356.124 gkr. 104.413 gkr.
Samtals	4.676.189 gkr.

Skýra verður ákvæði laga nr. 30/1970 og 106/1970 þannig eftir orðalagi sínu og forsögu, að við endursölu íbúðar, sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur neytt forkaupsréttar að eða hefur fengið út-

lagða á nauðungaruppboði, fylgi þau lán, sem veitt hafa verið á grundvelli laganna. Taki síðan nýr eigandi við lánunum, eins og þau eru hverju sinni, ef fyrri eigandi hefur átt íbúðina skemur en 10 ár.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði uppboðsþoli eignast umrædda íbúð með afsali 10. apríl 1975. Var því óheimilt að reikna vísitöluálag á eftirstöðvar veðskuldabréfs þess, sem tryggt var með 1. veðrétti og var í höndum veðdeildar Landsbanka Íslands, er forkaupsréttar var neytt, svo sem að framan segir.

Krafa áfrýjanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum.

Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að honum verði úthlutað af uppboðsverðinu 27.113.80 nýkrónum næst á eftir kröfu veðdeildar Landsbanka Íslands, sem verður samkvæmt því, sem að framan er rakið, 23.200.65 nýkrónur (22.156.52 + 1.044.13 krónur).

Rétt þykir, að veðdeild Landsbanka Íslands f. h. Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna Byggingarsjóðs ríkisins greiði áfrýjanda, Lífeyrissjóði verslunarmanna, 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Krafa áfrýjanda, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að fjárhæð 27.113.80 krónur greiðist af verði íbúðar að Möðrufelli 13, Reykjavík, 1 hæð, merktrar 1 - 2, næst á eftir kröfu stefnda, veðdeildar Landsbanka Íslands f. h. Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna Byggingarsjóðs ríkisins, að fjárhæð 23.200.65 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 12.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. september 1980.

Af hálfu Lífeyrissjóðs verslunarmanna eru gerðar svolátandi réttarkröfur í uppboðsréttarmáli þessu:

Aðallega, að uppboðskrafa lífeyrissjóðsins, kr. 2.850.662, verði að fullu tekin til greina við úthlutun uppboðsandvirðis íbúðar nr. 1 - 2 í Möðrufelli 13 ásamt 4.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.400.000 frá 14. mars 1980

til 31. maí s. á., en síðan með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1980 til greiðsludags.

Til vara, að söluverð, þ. e. matsverð, nefndrar eignar verði framreiknað til þess dags, er eignin verður lögð veðdeild Landsbanka Íslands f. h. Húsnæðisstofnunar ríkisins út til eignar, og verði þá fullt tillit tekið til verðhækkunar íbúðarinnar, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, sbr. 1. gr. reglugerðar 122/1968, frá því söluverð eða matsverð íbúðarinnar var reiknað út í desember 1979 skv. þágildandi byggingarvísitölu, 7051 stigi, sbr. rskj. 11, og lagt er til grundvallar í frumvarpi til úthlutunar 18. febrúar 1980.

Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Af hálfu veðdeildar Landsbanka Íslands f. h. Húsnæðisstofnunar ríkisins svo og af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins er þess krafist, að frumvarp til úthlutunar verði staðfest og að Lífeyrissjóður verslunarmanna verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 2. þ. m.

Þann 10. apríl 1975 gaf Húsnæðismálastjórn ríkisins út afsal til Gunnars Jökuls Hákonarssonar fyrir 2ja herbergja íbúð á 1. hæð f. m., merktri 1 - 2, í húsinu nr. 13 við Möðrufell hér í borg. Þessi íbúð er byggð af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar.

Í afsali segir á þessa leið: „Um kaup og sölu og framleigu á íbúð þessari fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 122 frá 23. apríl 1968 um breytingu á reglugerð nr. 78/1967, sbr. lög nr. 8/1968 um breytingu á lögum nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og er reglugerð nr. 122/1968 prentuð á 3. síðu afsalsins. — *Óheimilt er kaupanda að veðsetja eign þessa án samþykkis húsnæðismálastjórnar. Heildarveðsetning má aldrei vera hærri en nemur kostnaðarverði eignarinnar að viðbættu álagi skv. 1. gr. reglug. nr. 122/1968 og frádreginni fyrningu.*“

Afsali þessu var þinglýst þann 25. ágúst 1975.

Jafnframt gaf afsalshafi út skuldabréf fyrir íbúðarláni, F flokki 3. Lánsfjárhæðin er kr. 2.264.000 og endurgreiðist með 151.500 kr. árgjaldi 1. - 15. maí árlega frá og með árinu 1978, þó með þeim fyrirvara, að breyting kunni að verða til hækkunar, ef umsamdir 5% ársvextir hækki, og þann 1. maí 1975 og síðan á sama degi 1976 og 1977 skyldi greiða vexti o. fl. með þeirri vísitölubreytingu, sem verða kynni frá grunnvísitölu bréfsins, sem er 1563. Þá eru nokkur ákvæði, sem nánar tiltaka um verðtryggingarálag og útreikning vísitölu svo og dráttarvexti, ef afborganir eru ekki inntar af hendi innan 1 mánaðar frá gjalddaga. Til tryggingar skuldinni er ofan-

nefnd íbúð veðsett með 1. veðrétti og samhliða kr. 283.000 hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Bréfið geymir ákvæði um, að ef gjöld til veðdeildarinnar skv. framansögðu verða ekki greidd á tilteknum tímum, sé allt lánið gjaldfallið án uppsagnar og megi þá ganga að veðinu með nauðungaruppboði skv. 39. gr. laga nr. 95/1947 og laga nr. 57/1949. Þessu bréfi er þinglýst 25. ágúst 1975.

Á 2. veðrétt þessarar eignar er þann 14. desember 1977 þinglýst 1.400.000 kr. skuldabréfi til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, útgefnu s. d. af Margréti Kolbeins, konu Gunnars J. Hákonarsonar, sem einnig undirritar skuldabréfið. Bréfið kveður á um 20 jafnar afborganir, þá fyrstu þann 14. desember 1979, og skal greiða hæstu fasteignalánavexti af skuldinni, og fyrsti greiðsludagur þeirra er þann 14. desember 1978, en greiðslustaður er tilgreindur í bréfinu. Þá segir, að ef ekki er staðið í skilum um umsamdar greiðslur, skuli skuldin öll í gjalddaga fallin og megi þá taka veðið fjárnámi skv. 15. gr. laga nr. 29/1885 eða selja á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar skv. 39. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887.

Byggingarsjóður ríkisins hefur samþykkt veðsetningu þessa með áritun á bréfið á útgáfudegi þess. Skuldabréfinu er þinglýst s. d.

Á veðbókarvottorði á rskj. 3 er auk nefndra veðskulda getið fjölda fjárnámsgerða, sem fram hafa farið á árinu 1979.

Gjaldheimtan í Reykjavík krafðist nauðungaruppboðs á eign þessari með bréfi til uppboðsréttar Reykjavíkur þann 12. júlí 1978. Var gerðarþola tilkynnt um framkomna uppboðsbeiðni þann 29. ágúst s. á., auglýsing var send til birtingar 14. septemer, og birtist hún í 72., 75. og 79. tbl. Lögbirtingablaðsins 1978, en uppboð var tekið fyrir 16. nóvember 1978. Fór uppboð fram þann 2. febrúar 1979, en 2. og síðasta uppboð, sem krafist var, að fram færi, náði fram að ganga þann 24. október 1979. Voru þá m. a. komnar fram uppboðsbeiðnir veðdeildar Landsbanka Íslands, dags. 20. september 1978, og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, dags. 10. júlí 1979.

Hæsta boð, kr. 8.000.000, átti Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, en á uppboði þessu kom fram krafa frá veðdeild Landsbanka Íslands og Byggingarsjóði ríkisins að mega ganga inn í hæsta boð eða íbúðin yrði þeim lögð út á matsverði, eftir því hvort reyndist lægra.

Samkvæmt beiðni Húsnæðismálastofnunar ríkisins voru þann 26. nóvember 1979 dómkvaddir menn til að meta til peninga endurbætur og fyrningu á umræddri íbúð skv. reglum reglugerðar nr. 122/1968. Er matsgerðin lögð fram sem rskj. 13 í máli þessu. Matsverð íbúðarinnar er skv. yfirlýsingu veðdeildarinnar kr. 5.215.350.

Þá hefur veðdeildin gefið upp stöðu láns á 1. veðrétti, en það var upphaflega kr. 2.264.000. Þann 22. janúar 1980 nam skuldin kr. 4.676.189.

Þykir ekki ástæða til þess að fara nánar út í forsendur þær og útreikninga, sem liggja að baki þessum tölum.

Þann 8. febrúar 1980 barst uppboðsréttinum uppgerð á 2. veðréttarskuld þeirri, er Lífeyrissjóður verslunarmanna á að heimta, og nemur krafa sjóðsins í uppboðsverðið samtals kr. 2.850.662 að meðtöldum vöxtum, dráttarvöxtum til 14. mars 1980 og innheimtulaunum.

Uppboðsrétturinn gerði frumvarp að úthlutun uppboðsverðs þann 18. febrúar 1980. Segir þar, að kaupandi hafi verið veðdeild Landsbanka Íslands fyrir matsverð, 5.215.350 kr., og skiptist það þannig, að fyrst greiðist Gjaldheimtunni í Reykjavík kr. 81.468, sem eru fasteignagjöld 1979, þá fær veðdeild Landsbanka Íslands kr. 4.676.189, en kr. 457.693 ganga til Lífeyrissjóðs verslunarmanna upp í 2. veðréttarskuld. En auk uppboðsverðs greiði kaupandi kr. 52.592 í dráttarvexti, og af þeim ganga kr. 11.400 til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, en kr. 41.192 til Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Af hálfu Lífeyrissjóðs verslunarmanna er bent á það, að hér sé um að ræða svonefnda framkvæmdanefndaríbúð, sem sé byggð og seld af Húsnæðismálastofnun ríkisins samkv. lögum 30/1970 og reglugerð 122/1968, sbr. reglugerð 78/1967. Ráðstöfunarréttur kaupanda yfir þessum íbúðum sé mjög takmarkaður skv. 26. gr. nefndra laga. Þetta sé mjög villandi fyrir 3ja mann, sem gangi til viðskipta við kaupandann. Því megi telja, að þegar veðdeild Landsbankans veitir f. h. Húsnæðismálastofnunar heimild til að veðsetja slíka íbúð, megi jafna þeirri veðsetningarheimild til þess, að eigandi væri þar sjálfur að verki. Eigi stofnunin því að bera ábyrgð á þeirri veðsetningu, sem um ræðir í máli þessu, þannig að krafa lífeyrissjóðsins gangi fyrir um úthlutun uppboðsandvirðis.

Á það sé að líta, að 26. gr. laga nr. 30/1970 geymi fortakslaust bann við því, að framkvæmdanefndaríbúð verði veðsett nema fyrir lánum úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna. Þrátt fyrir þetta hafi Húsnæðismálstofnun haft frumkvæði að því að brjóta þetta bann á þann hátt, að tekið sé upp í form afsala hennar ákvæði um, að veðsetning sé óheimil nema með samþykki stofnunarinnar, sbr. rskj. 2. Í skjóli þessarar heimildar hafi miklum fjölda veðbréfa verið þinglýst á hér umræddar íbúðir. Húsnæðisstofnunin verði sjálf að bera ábyrgð á þeim veðsetningum, sem hún hafi þannig heimilað þvert ofan í bein lagafyrirmæli, eins og hér hafi verið gert að því er varðar kröfu lífeyrissjóðsins.

Um leið og Húsnæðismálastofnun hafi þannig þvert ofan í lög tekið sér vald til að leyfa veðsetningar almennt, hafi sá varnagli þó verið settur, að heildarveðsetning megi aldrei vera hærri en sem nemur kostnaðarverði eignar að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar kunni að hafa verið, en að frádreginni fyrningu. Þannig megi eignin ekki vera veðsett fyrir

hærri fjárhæð en sem nemur matsverði, þ. e. söluverði skv. 26. gr. laga 30/1970, sem lagt sé til grundvallar, ef stofnunin krefst útlagningar við nauðungaruppboð á eigninni. Það sé augljóst, að Húsnæðismálastofnun hljóti sjálf að gæta þess, að ekki sé farið út fyrir þessi veðsetningarmörk, enda verði áskilnaður um samþykki stofnunarinnar ekki skilinn öðruvísi en svo að gera henni fært að gæta þessara marka. Hún hafi líka allar þær upplýsingar, sem máli skipti í þessu sambandi. Sé þetta því brýnna, er litið sé á ákvæðin um útlagningarverð í 26. gr. annars vegar og hins vegar á fasteignamat og brunabótamat. Hér hafi lífeyrissjóðurinn veitt Margréti Kolbeins lán í því trausti, að af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins, sem samþykkti veðsetninguna, væri gætt nefndra veðsetningarmarka. En nú hafi komið á daginn, að sjóðurinn hafi algerlega brugðist þessari skyldu, og verði Húsnæðismálastofnun að bera hallan af þessum mistökum sínum og á veðsetningu þeirri, sem hér um ræðir.

Þess er getið, að bú Margrétar Kolbeins, er fékk lífeyrissjóðslán það, er deilumál þetta snýst um, hafi nú verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Þannig sé víst, að lífeyrissjóðurinn tapi kröfu sinni, ef hún fæst ekki greidd af uppboðsandvirði íbúðarinnar.

Að því er viðkemur varakröfu lífeyrissjóðsins þá verði að telja sanngjarnt, að sjóðurinn njóti þeirrar hækkunar, sem orðið hafi á svonefndu söluverði íbúðarinnar vegna hækkunar á byggingarvísitölu allt frá því að matsgerð fór fram í desember 1979 og þar til íbúðin verður út lögð Húsnæðisstofnun. Hins vegar væri heldur óeðlilegt, að stofnunin nyti þessarar verðhækkunar við endursölu á íbúðinni ofan á þau mistök, sem henni hafi orðið á varðandi heimild til veðsetningarinnar og að framan er lýst.

Málsútlistun varnaraðilja veðdeildar Landsbanka Íslands vegna Húsnæðisstofnunar ríkisins hefst með því að rekja nokkuð sögu þeirra lagaákvæða, sem gildi um ágreining þann, er hér er til meðferðar. Þessi ákvæði eigi sér aðdraganda, er hefjist í aðalatriðum með setningu laga nr. 97/1965, er grundvöllur var lagður að svonefndri framkvæmd byggingaráætlunar, sbr. reglugerð nr. 78/1967 um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þar hafi verið ákveðið, að sérstök framkvæmdanefnd skyldi annast þessar íbúðabyggingar, svonefndar F. B. íbúðir.

Reglugerð þessi hafi einnig áskilið Húsnæðismálastofnuninni forkaupsrétt, ef eigandi slíkrar íbúðar vildi selja hana, og kaupverð íbúðar skyldi þá vera kostnaðarverð. En ef nauðungaruppboð stæði fyrir dyrum, skyldi stofnunin segja til þess með ákveðnum fyrirvara, hvort fyrirhugað væri að neyta þess réttar.

Nú hafi lögum um Húsnæðismálstofnunina verið breytt með lögum nr. 8/1968. Í 1. gr. þessara laga komi fram regla sú, er úrslit máls þessa ráðist af, í eftirfarandi orðum greinarinnar:

„Enginn, sem eignast hefur íbúð samkvæmt þessari mgr., má selja hana, nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjaldaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna..... Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð..."

Samsvarandi ákvæði hafi verið sett í reglugerð 78/1967 um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, sbr. reglugerð nr. 122/1968.

Nú hafi verið sett heildarlög um Húsnæðismálstofnun ríkisins nr. 30/1970 og þau hafi leyst hin eldri lög af hólmi. En skv. ákvæði til bráðabirgða, 3. tölulið, var sagt, að haldast skyldu í gildi óbreytt lög og reglugerðir um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík.

Þessi ákvæði hafi svo verið ítrekuð með lögum 106/1970 um sölu á íbúðum, sem byggðar hafi verið af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík. Vilji löggjafarvaldsins sé því ekki vafa undirorpinn.

Sú staðhæfing Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að með hinu áritaða veðsetningarleyfi til Margrétar Kolbeins hafi Húsnæðismálastofnun tekist á hendur eins konar ábyrgð á veðkröfu sjóðsins, fái engan veginn staðist. Ekki sé alveg ljóst, hvort átt sé við einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð, en hvað sem um það megi segja, þá hafi enginn samningur eða yfirlýsing átt sér stað, sem byggja mætti á slíka ábyrgð og útilokað, að veðleyfi geti haft að geyma ábyrgðaryfirlýsingu.

Þegar það sé borið fram í málinu af hálfu lífeyrissjóðsins, að það sé aðeins á valdi Húsnæðismálastjórnar að segja til um það, hver heildarveðsetning mátti vera, þá sé þess að gæta, að auðvelt hefði verið fyrir forráðamenn lífeyrissjóðsins að fá allar upplýsingar hjá stofnuninni um það, fyrir hversu hárri upphæð hlutur eiganda stæði, að öllu öðru en viðkæmi endurbótum og fyrningu, en þaraðlútandi upphæðir skipti ekki meginmáli. Kvöð um hámark veðsetninga hafi einnig verið þinglýst og hefðu forráðamenn sjóðsins átt að kynna sér, hvað í henni fælist, áður en afráðið yrði að veita eiganda íbúðarinnar umrætt lán. Það sé helst að sjá af málflutningi lífeyrissjóðsins, að hann hafi tekið veðsetninguna gilda vegna þess, að með áritun

veðleyfis hafi hann mátt halda, að ekki væri farið út fyrir leyfða heildarveðsetningu, og hafi útgáfa veðleyfis því verið mistök af hálfu veðdeildar Landsbankans, sem Húsnæðismálastofnun verði að bera ábyrgð á. Því er mótmælt, að þessi málsástæða komist að í uppboðsrétti, og er henni mótmælt í heild.

Varakröfu lífeyrissjóðsins í máli þessu er mótmælt og dregið í efa, að hún sé dómtæk. Óljóst sé nú, hvenær hún geti orðið virk, enda ekkert afráðið um sölu þessarar íbúðar eins og sakir standa.

Af hálfu Lífeyrissjóðs verlsunarmanna hefur verið fært fram í máli þessu, að með því að áskilja samþykki Húsnæðismálastjórnar ríkisins til veðsetninga á íbúðum, sem stjórnin afsalar, hafi hún átt frumkvæði að því, að reglur 26. gr. laga nr. 30/1970 yrðu brotnar, en þar segir, að þar greindar íbúðir megi alls ekki veðsetja nema til tryggingar ákveðnum lánum. Í þessu sambandi er þess að gæta, að 3. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum þessum segir fyrir um það, að haldast skuli þrátt fyrir tilkomu laganna áður lögleidd ákvæði um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík, en íbúð sú, er hér um ræðir, var byggð samkvæmt þeirri áætlun. Verður því að telja, að tilvitnuð lagagrein eigi hér ekki við og að Húsnæðismálastjórn hafi verið heimilt að setja þetta ákvæði í afsalið á rskj. 2 og að leyfa veðsetningar, þ. á m. til Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Í afsalinu eru skráðar þær reglur um útlagningarrétt Húsnæðismálastjórnar og reglur um útreikning útlagningarverðs, sem lög nr. 8/1968 mæla fyrir um, svo sem þær koma fram í reglugerð nr. 122/1968. Eftir þinglýsingu afsalsins hefur sá, er hugleiðir að veita lán út á íbúðina, að vísu að ganga um það, að réttarstaða hans, ef til nauðungaruppboðs kemur, getur orðið með allt öðrum og óhagstæðari hætti en almennt er um fullnustu veðhafa við nauðungaruppboð. Það hvílir að sjálfsögðu á honum sjálfum að afla eftir fremstu föngum vitneskju um þá meginþætti, sem lúta að væntanlegri ákvörðun útlagningarverðs, ef til nauðungaruppboðs skyldi síðar koma. Þegar af þessari ástæðu verður ekki fallist á það, að ritun á skuldabréf Lífeyrissjóðs verslunarmanna um veðsetningarheimild jafgildi ábyrgð þess, að veðkröfu sjóðsins skuli borgið við nauðungaruppboð án tillits til þinglýsingarstöðu kröfunnar.

Eins og varakrafa lífeyrissjóðsins er sett fram í málinu, þykir hún ekki hafa við lög að styðjast.

Þannig verður niðurstaðan sú, að kröfum Lífeyrissjóðs verslunarmanna er hafnað, en frumvarp til úthlutunar uppboðsverðs ber að staðfesta.

Rétt þykir að leggja málskostnað á Lífeyrissjóð verslunarmanna, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin 150.000 kr.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Réttarkröfum sóknaraðilja, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, í máli þessu er hafnað, og staðfestist frumvarp það til úthlutunar uppboðsandvirðis, er gert var þann 18. febrúar 1980.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum málskostnað, 150.000 kr., innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. júlí 1983.

Nr. 137/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Úlfari Þormóðssyni.

Kærumál. Hald á munum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Með kæru 14. þ. m., er barst Hæstarétti 17. þ. m., hefur varnaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, að því er ætla verður í því skyni, að úrskurðinum verði hrundið og hald það, sem lagt hefur verið á 4445 eintök af 2. tölublaði 43. árgangs Spegilsins og 174 eintök af 1. tölublaði 1. árgangs Samvisku þjóðarinnar verði fellt úr gildi.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Lögregla lagði hald á blöð þau, sem hér er um að ræða, eftir ósk ríkissaksóknara, sem síðan hefur höfðað opinbert mál gegn varnaraðilja, m. a. til upptöku á blöðunum. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal hald leggja á muni, sem ætla má, að gerðir verði upptækir, og er eigi gert ráð fyrir, að til þess þurfi úrskurð dómara. Eigi er að því er varðar prentað mál gerð um þetta nein undantekning, og hún þykir heldur eigi verða leidd af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Var ákæruvaldinu þannig heimilt að leggja hald á blöðin án undangengins dómsúrskurðar, en varnaraðili átti þess síðan kost að

bera ákvörðunina undir sakadóm og að kæra úrlausn sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Svo sem áður greinir, hefur mál til upptöku blaðanna þegar verið höfðað, og verður í því máli leyst úr því, hvort krafa þessi verður tekin til greina. Eru því eigi efni til þess að hnekkja ákvörðun ákæruvaldsins um hald á blöðunum.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 72. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 á hver maður rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Hin síðastgreindu orð bera skýra svo rúmt, að lögregluvöld skuli leita úrskurðar dómara, áður en þau leggja hald á útgefið rit eftir heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974, vegna þess að efni rits er talið slíkt, að það beri að gera upptækt með dómi. Þess var ekki gætt, er hald var lagt á 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins og 1. tbl. 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar.

Með ákæruskjali, dags. 28. júní sl., var varnaraðili ákærður til refsingar fyrir brot á 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 3. mgr. 3. gr., 10. gr., 15. gr. og 30. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 vegna útgáfu og dreifingar framangreindra rita. Jafnframt er þess krafist í ákæruskjali, að bæði ritin verði gerð upptæk með dómi. Ekki verður talið loku fyrir það skotið, þegar efni ritanna er virt, að sú krafa kunni að verða tekin til greina. Er því ekki rétt, úr því sem komið er, að fella niður hald það, sem lagt var á ritin, og fá þau í hendur varnaraðilja, og það því fremur sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi hreyft neinum athugasemdum, er hjá honum voru tekin þau eintök af 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins, er hann hafði í sínum vörslum 30. maí sl., heldur afhenti þau lögreglumönnum „góðfúslega," að því er segir í lögregluskýrslu, og heimilaði lögreglumönnum leit í húsakynnum sínum að fleiri eintökum.

Með þessum forsendum er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

28. f. m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Úlfari Þormóðssyni blaðamanni, Grjótagötu 9, Reykjavík, fæddum 19. júní 1944, „fyrir að hafa með útgáfu og dreifingu tímaritsins „Spegilsins" 2. tbl. 43. árgangs dagana 27. - 30. maí 1983 og blaðsins „Samviska þjóðarinnar" 1 tbl. 1. árgangs þann 3. júní 1983 og síðar gerst brotlegur gegn 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gegn lögum um prentrétt nr. 57/1956."

Í I., II., III. og IV. kafla ákærunnar er ákæruandlagið nákvæmlega tilgreint. Í V. kafla ákærunnar eru dómkröfur m. a. um, að ákærði sæti skv. 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga upptöku á 4445 eintökum „Spegilsins" og 2 eintökum af blaðinu „Samviska þjóðarinnar."

Við þingfestingu málsins 6. þ. m. breytti vararíkissaksóknari með bókun kröfugerðinni þannig, að krafist var upptöku á 174 eintökum af síðargreinda blaðinu.

Aðdragandinn að málshöfðun þessari var sá, að framangreint tölublað „Spegilsins" var gefið út af ákærða 27. maí sl. 30. s. m. var að tilhlutan ákæruvaldsins lagt hald á af lögreglunni öll tiltæk eintök í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Samkvæmt yfirliti frá skrifstofu ríkissaksóknara var lagt hald á samtals 4445 eintök, þar af í Reykjavík 2435 eintök. Flest þau eintök voru tekin á hinum ýmsu sölustöðum, en heima hjá ákærða lagði lögreglan hald á 98 eintök samkvæmt tilvísun hans, heima hjá öðrum starfsmanni blaðsins á 240 eintök samkvæmt tilvísun systur starfsmannsins og í prentsmiðjunni Odda á 6 eintök.

Með auglýsingu, dagsettri 10. júní sl., birti ríkissaksóknari í 61. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 16. f. m., þá ákvörðun sína að leggja á ofangreint hald með skírskotun til 29. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1956.

Er dómari málsins fékk gögn ákæruvaldsins í hendur, fékk hann einnig í hendur bréf Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns til yfirsakadómara frá 16. f. m. Í bréfinu var farið fram á, að dómurinn felldi „úr gildi ákvörðun lögreglunnar í Reykjavík um að leggja hald á 2. tbl. tímaritsins „Spegilsins," þar sem lögmaðurinn taldi, að lögreglunni hefði borið að afla dómsúrskurðar til aðgerðanna.

21. f. m. tilkynnti einn af fulltrúm yfirsakadómara ríkissaksóknara um bréf lögmannsins með því að senda honum afrit þess. Samdægurs skrifaði fulltrúinn lögmanninum og gaf honum kost á að rökstyðja beiðni sína með greinargerð.

Sú greinargerð barst fulltrúanum kl. 1500 föstudaginn 24. f. m. Þannig stóð sá þáttur málsins, er ákæra var gefin út.

Við þingfestingu málsins 6. þ. m. var lögmaðurinn skipaður verjandi ákærða. Þá óskaði verjandinn eftir að fá að skila framhaldsgreinargerð vegna breyttra forsendna, og vararíkissaksóknari óskaði eftir, að sú greinargerð yrði send embættinu og ákæruvaldinu gefinn kostur á kröfugerð. 11. þ. m. lagði verjandi fram á dómþingi framhaldsgreinargerð og breytti kröfugerðinni þannig, að hald ákæruvaldsins á tímaritunum „Speglinum" og „Samvisku þjóðarinnar" yrði fellt úr gildi, þar eð ákæruvaldið hafði ekki aflað sér dómsúrskurða til aðgerðanna.

Með bréfi embættis ríkissaksóknara, dags. 11. júlí sl., sem dómaranum barst kl. 1300 í gær, segir m. a.:

„Komi til þess, að þér, hr. sakadómari, verðið við beiðni lögmannsins og takið álitaefni þetta til úrskurðar með einhverjum hætti, sem vandséð er, hvernig má verða eftir þessum leiðum, þá er af ákæruvaldsins hálfu höfð uppi sú krafa, að greind haldlagning á tímaritinu „Speglinum" verði úrskurðuð lögleg."

Vegna framangreindra efasemda í bréfi ríkissaksóknara lætur dómurinn sér nægja að vísa í 172. gr. laga nr. 74/1974, þar sem aðilja er lögmæltur réttur til að kæra til æðra dóms úrskurði og ákvarðanir um efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku. Slíkan rétt getur ákærður maður ekki nýtt sér, eins og hér stendur á, nema dómarinn taki til afgreiðslu kröfu verjanda með einum eða öðrum hætti, svo sem aðgerðarleysi.

Krafa verjanda tengist meðferð sakadómsmálsins gegn ákærða, sbr. 10. tl. 172. gr. framangreindra laga. Dómurinn er því bær um að taka einfalda ákvörðun og því fremur að úrskurða um ágreiningsefnið. Mörk réttarfarslaganna á milli ákvörðunar og úrskurðar eru ekki skörp, en ljóst er, að úrskurður er mun vandaðri afgreiðsla en einföld ákvörðun. Því telur dómurinn óheimilt að taka aðeins ákvörðun um efni, sem ber að úrskurða, en ávallt heimilt að úrskurða, þegar ákvörðunar er aðeins krafist.

Ríkissaksóknari reisti ákvörðun sína um haldlagninguna á 43., sbr. 21. gr. laga nr. 74/1974 og fól lögreglustjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum úti á landi að framkvæma haldlagninguna.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að ákv. VI. kafla og VII. kafla laga nr. 74/1974 beri að skoða í þessu sambandi í heild sinni. Ljóst er, að ef framkvæma þarf leit í skilningi VII. kafla til að koma fram haldi, þarf yfirleitt dómsúrskurð, en ella hefur ákæruvaldið og lögreglan víðtæka heimild til að leggja hald á skv. 43. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki kom til neinnrar lögþvingaðrar leitar í húsakynnum ákærða eða annarra manna við aðgerðir lögreglunnar. Dómurinn getur því ekki fallist

á að fella beri haldlagninguna úr gildi vegna ólögmætis. Enn fremur lítur dómurinn svo á með skírskotun til 43. gr. laganna og upptökukröfu ákæruvaldsins í málinu, að hald á 4445 eintökum „Spegilsins" og 174 eintökum af „Samvisku þjóðarinnar" skuli standa óhaggað.

Úrskurðarorð:

Óhaggað skal standa halda á 4445 eintökum 2. tbl. 43. árgangs tímaritsins „Spegilsins" og á 174 eintökum af 1. tbl. 1. árgangs tímaritsins „Samviska þjóðarinnar."

Þriðjudaginn 26. júlí 1983.

Nr. 141/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Lee Reyni Freer.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. þ. m., er barst Hæstarétti 22. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 21. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með tilvísun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 gert kröfu til þess, að Lee Reynir Freer verði úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 31. ágúst 1983.

Kærði hefur ekki mótmælt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. þ. m. var stolið um kr. 1.500.00 úr húsinu nr. 13 við Lerkihlíð hér í borg. Kærði hefur játað innbrot þetta og þjófnað. Kærði hefur játað að hafa farið inn í tvö hús í Hafnarfirði síðastliðna nótt í þjófnaðarskyni og stolið úr öðru þeirra útvarpstæki og úr hinu kr. 1.000.00. Til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins er enn fremur kæra út af öðru þjófnaðarbroti, sem rannsóknarlögreglunni barst í dag og kærði er grunaður um aðild að. Ákæra, dags. 8. júlí sl., þar sem kærða er gefið að sök að hafa gert tvær tilraunir til þjófnaðar í júní sl., var birt honum í sakadómi Reykjavíkur í dag. Kærði var látinn laus af Litla - Hrauni hinn 20. maí sl.

Kærði er síbrotamaður. Þykir með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og skal kærði með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. ágúst 1983, enda eru ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lee Reynir Freer, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. ágúst 1983, kl. 1700.

Þriðjudaginn 9. ágúst 1983.

Nr. 142/1983. **Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson**
gegn
Grímu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Réttarfar. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað hinn kærða úrskurð upp 21. júlí 1983 í fógetarétti Akureyrar. Hafa sóknaraðiljar skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru sama dag samkvæmt heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 27. júlí sl. og greinargerð af hálfu sóknaraðilja 3. þ. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að úrskurðinum verði hrundið og „tilgreindum aðila, vitnum og sýslunarmönnum verði heimilað að gefa skýrslu fyrir fógetaréttinum í máli þessu, um það hvernig staðið var að birtingu greinds dóms Hæstaréttar." Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að ekki hafi verið löglega staðið að birtingu dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. mars 1983 í máli þeirra og varnaraðilja. Hafa þau krafist þess, eins og greint er í hinum kærða úrskurði, að tilteknir menn verði kvaddir fyrir fógetaréttinn til skýrslugjafar um það, hvernig dómsbirtingin 9. apríl sl. hafi farið fram.

Bera má upp fyrir fógeta varnir og mótmæli, sem gerðarþoli telur vera því til fyrirstöðu, að fógetagerð megi fara fram, þar á meðal hvort dómur, sem er grundvöllur aðfarar, hafi verið löglega birtur. Ber fógeta að skera úr slíkum ágreiningi með úrskurði, ef krafist er, sbr. 41. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Í hinum kærða úrskurði segir, að vefenging birtingarvottorðsins eigi ekki undir úrskurð fógetaréttar. Hefur fógeti því ekki úrskurðað um framangreinda kröfu sóknaraðilja, eins og honum bar að gera. Verður því ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að taka málið til löglegrar meðferðar og úrskurðar um framangreinda kröfu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að kveða upp úrskurð um framangreinda kröfu sóknaraðilja.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 21. júlí 1983.

Lögmaður gerðarþola, þeirra Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson, hefur krafist þess, að gerðarþoli Ólafur Rafn Jónsson sem aðili og Baldur Halldórsson, Hlíðarenda, Akureyri, Gunnar Berg, Skarðshlíð 2 G, Akureyri, sem vitni og stefnuvottarnir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson sem sýslunarmenn komi hér fyrir réttinn og gefi skýrslu um það, hvernig staðið var að birtingu dómsins þann 9. apríl 1983. Ástæðuna fyrir þessari beiðni kveður lögmaðurinn vera þá, að samkvæmt fréttum í blöðum og ljósmyndum, er segja frá, er dómur þessi hafi verið birtur, komi ekki fram, að aðrir en Gísli Ólafsson stefnuvottur hafi birt hæstaréttardóm þann, er til grundvallar liggur í máli þessu, og hafi aðfararfrestur því ekki byrjað að líða, sbr. 3. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 28/1981, hinn 9. apríl sl. og megi aðför af þessari ástæðu ekki fara fram.

Málssvari gerðarbeiðanda hefur talið sjálfsagt, að stefnuvottar komi fyrir réttinn til að votta um það, hvernig staðið var að birtingu dómsins.

Fógeti synjaði um gagnaöflun þessa.

Niðurstaða.

Fyrir réttinum liggur vottorð stefnuvotta um, að birting dómsins hafi farið fram hinn 9. apríl 1983 á lögmætan hátt fyrir báðum dómþolum. Vefenging þessa vottorðs á ekki undir úrskurð fógetaréttar og kemur því ekki í veg fyrir, að gerðin nái fram að ganga, sbr. 4. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Ályktarorð:

Gerðinni skal fram haldið.

Mánudaginn 29. ágúst 1983.

Nr. 148/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Thorsteinsson.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. ágúst 1983, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt bréfi sakadóms Reykjavíkur 15. þ. m. hefur varnaraðilja verið gert kunnugt um framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Frá honum hafa engar kröfur eða athugasendir borist.

Á sakavottorði varnaraðilja, dagsettu 2. mars 1983, sem lagt var fram í sakadómi, þegar hin kærða dómssátt var gerð, var þess ekki getið, að hinn 25. ágúst 1980 gekkst varnaraðili undir dómssátt í sakadómi Garðakaupstaðar, þar sem honum var gert að greiða 120.000 króna sekt til ríkissjóðs og var sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 10. júlí 1980 að telja fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. greinar umferðarlaga og 1. mgr. 24. greinar áfengislaga. Hafði sú dómssátt vegna mistaka eigi verið færð á sakaskrá fyrr en 30. júní 1983 að því er segir í kæru ríkissaksóknara.

Samkvæmt framansögðu var hin kærða dómssátt gerð við varnaraðilja vegna kæru á hendur honum fyrir ítrekað brot á 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Var því eigi heimilt samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ljúka málinu með þeim hætti. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að fella dómssáttina úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 16. mars, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birgi Þormar. Fyrir tekið: Kæra á hendur Hallgrími Thorsteinsson fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti:

Nr. I bréf lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 11. mars 1983.

Nr. II möppu með málsskjölum.

Klukkan 1330 kemur í dóminn kærði, Hallgrímur Thorsteinsson fréttamaður, Grenimel 12, nafnnr. 3677-5440, fæddur 14. september 1955 í Reykjavík.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Mánudaginn 21. febrúar 1983 ók hann bifreiðinni R 10400 frá Grenimel að Elliðavogi.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 0.80‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 2 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 20. apríl 1983, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 5 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 602.00, fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 8. mars 1983.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Þriðjudaginn 30. ágúst 1983.

Nr. 156/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Símoni Wiium.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. þ. m., er barst Hæstarétti 26. þ. m., og gert þá kröfu, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Fallast má á það, að hætta kunni að vera á því, að varnaraðili muni torvelda rannsókn út af brotum þeim, sem hann er sakaður um, ef hann heldur óskertu frelsi. Þykir því mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 25. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögergla ríkisins hefur krafist þess, að kærða, Símoni Sigurðssyni Wiium bílstjóra, fæddum 30. janúar 1946, Grænuhlíð 26 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. september 1983 vegna gruns um auðgunarbrot.

Málavextir.

Til rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Þorsteins Guðmundar Hjálm-

arssonar á hendur Símoni Sigurðssyni Wiium fyrir auðgunarbrot. Kæran, sem er dagsett 19. júlí sl., greinir ítarlega frá fjármálalegum samskiptum kærða og kæranda í sjö liðum. Kærða er þar gefið að sök að hafa með ýmsum hætti misfarið með eigur kæranda, bæði fasteignir og lausafé.

Í greinargerð lögmanns kemur eftirfarandi fram:

Kærandi er dómvörður í Hæstarétti. Á árinu 1978 kom kærandi þangað þeirra erinda að sækja dóma Félagsdóms, sem þar voru þá geymdir. Stofnaðist þá til kunningsskapar milli kærða og kæranda, sem leiddi til þess, að kærði fór að aðstoða kæranda við ýmis störf. Það var síðan á árinu 1979, að kærandi veiktist alvarlega, og var kærði honum mjög hjálplegur, meðan á veikindum stóð.

Kærandi hafði hugleitt að kaupa íbúð í miðborginni. Í desember 1979 bauðst kæranda í gegnum bróður kærða, Dan S. V. Wiium, íbúð til kaups að Þórsgötu 8, og þarfnaðist hún lagfæringa. Kærandi átti þá íbúð að Goðheimum 6, sem hann seldi til að fjármagna kaup á íbúð að Þórsgötu og lagfæringar á henni. Íbúðin að Goðheimum 6 var metin á 25.000.000 - 30.000.000 gkr., og kaupandi var kærði. Kaupverð íbúðar að Þórsgötu 8 var 14.000.000. gkr. Dan S. V. Wiium gekk frá kaupum á íbúðinni í Goðheimum 6. Enginn kaupsamningur var gerður. Í afsali var engin grein gerð fyrir söluverði íbúðar. Annar bróðir kærða, Sigurður Wiium, gerði skattframtal fyrir kæranda, m. a. 1980, og kemur þar fram, að söluverð íbúðar að Goðheimum 6 hafi verið 20.000.000. gkr. Mismun á verði þessara tveggja íbúða segist kærði vera búinn að greiða, þ. e. 6.000.000. gkr., en ekkert hefur verið lagt fram því til staðfestu.

Kærði bauð kæranda að annast öll fjármál kæranda vegna veikinda hans, þ. á m. að ganga frá kaupum á íbúðinni að Þórsgötu 8 og annast lagfæringar. Kærði fékk kæranda til að afhenda sér allar bankabækur sínar. Kærði og eiginkona kærða hafa tekið samtals út 94.086.64 kr. úr ofangreindum bankabókum. Kærði hefur viðurkennt úttekt á 65.400.00 kr., og tilgreinir lögmaður kærða, Sigurður H. Guðjónsson héraðsdómslögmaður, í bréfi, dags. 7. febrúar sl., að fé þetta hafi að öllu leyti runnið til Þorsteins, m. a. til lagfæringar á íbúð, en engar nótur hafa verið lagðar fram því til staðfestu. Kærði telur kæranda hafa lánað sér 28.886.00 kr., sem hann hafi endurgreitt, en ekkert liggur frammi því til sönnunar.

Síðan á árinu 1982 hefur kærandi margkrafið kærða um uppgjör, annars vegar vegna kaupa á íbúð að Goðheimum 6, þar sem kærandi telur, að ekki hafi endanlega verið gengið frá kaupverði, og hins vegar vegna standsetningar að Þórsgötu 8, þ. e. skil á vinnulaunanótum svo og nótum vegna viðgerða og efniskaupa, allt án árangurs.

Kærði hafði til geymslu trésmíðavélar og ýmis vinnuáhöld kæranda svo og efni. Kærði hefur ekki skilað kæranda áhöldum né efni (hnotuspæni).

Hins vegar er upplýst, að kærði seldi án vitundar kæranda Böðvari Böðvarssyni framkvæmdastjóra 3 trésmíðavélar á árinu 1980 fyrir 650.000 gkr. án þess að standa skil á söluandvirði. Kaup þessi hefur Böðvar staðfest í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 10. júlí sl.

Kærandi átti sjötugsafmæli á árinu 1980. Var haldinn fagnaður á heimili kærða af því tilefni. Kærði (sic) lagði fram fé til kaupa á veisluföngum, þ. á m. áfengi. Kærði skilaði hluta af áfengi aftur til ÁTVR, en hefur ekki staðið skil á því fé til kæranda.

Kærandi kveður kærða hafa á árinu 1981 tekið að ófrjálsu a. m. k. tvo fimmhundruðkróna seðla úr peningaskáp í skrifstofu kæranda, sem voru hluti af launum hans.

Kærandi er einhleypur og barnslaus og á því enga skylduerfingja. Kærandi kveður kærða hafa hvatt sig til að gera erfðaskrá kærða til hagsbóta. Erfðaskráin var gerð 25. ágúst 1980. Efni hennar var á þá leið, að kærði skyldi erfa allar eigur kæranda eftir hans dag. Erfðaskrá þessi hefur nú verið afturkölluð.

Kærandi hefur margkrafið kærða um uppgjör, eins og fyrr sagði, og skil þeirra fjármuna, sem hann hafði með að gera fyrir kæranda, svo og að endanlega yrði gengið frá samningi um verð á íbúðinni að Goðheimum 6, án árangurs. Lögmenn kærða og kæranda hafa staðið í bréfaskriftum og í greinargerð, sem lögmaður kærða, Sigurður H. Guðjónsson héraðsdómslögmaður, sendi lögmanni kæranda, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, með bréfi, dags. 7. febrúar sl., kemur fram, að kærði telur nú, að kærandi skuldi sér 138.000.00 kr. vegna lagfæringa á íbúð á Þórsgötu 8, en engin gögn liggja frammi, er staðfesta þetta.

Kærandi og kærði voru samprófaðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 23. ágúst sl. án árangurs.

Kærði kom fyrir dóm þann 24. ágúst sl. og mótmælti efni kæru rannsóknarlögreglu ríkisins.

Rannsókn þessi er mjög umfangsmikil, og er hún mjög skammt á veg komin. Kærði er undir rökstuddum grun um stórfellt misferli í framangreindum viðskiptum kærða og kæranda, og hætt er við, að kærði, Símon Sigurðsson Wiium, geti torveldað rannsókn málsins, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. september 1983, kl. 1700.

Úrskurðarorð:

Kærði, Símon Sigurðsson Wiium, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. september 1983, kl. 1700.

Föstudaginn 16. september 1983.

Nr. 134/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
(Árni Grétar finnsson hrl.).

Þjófnaður. Reynslulausn. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. júní sl. Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst s. á. Af hálfu ákæruvalds er krafa gerð um þyngingu refsingar.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara um brot það, sem ákærða er gefið að sök. Með brotinu rauf hann skilyrði reynslulausnar, er hann fékk 13. júlí 1982. Ber að dæma refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Með þessari athugasemd þykir eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, greiði allan kostnað af áfrýj-

un sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Grindavíkur 13. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 13. apríl, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1980/1982: Ákæruvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem þingfest var 11. janúar sl. og dómtekið 5. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 19. nóvember sl., á hendur Jóni Helga Bjarnasyni, nú til heimilis að Furulundi 4 H, Akureyri, en áður að Vesturbraut 3, Grindavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir að hafa laugardaginn 14. ágúst 1982, er ákærði var gestur í húsinu nr. 27 við Bröttukinn í Hafnarfirði stolið sambyggðu útvarps- og segulbandstæki og vasatölvu.

Telst þetta vara við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Mánudagsmorguninn 16. ágúst sl. kærði Petrea Finnbogadóttir þjófnað á sambyggðu útvarps- og segulbandstæki og vasatölvu, sem átt hefði sér stað á heimili sínu, Bröttukinn 27, Hafnarfirði, laugardaginn næstan á undan milli kl. 15 - 17. Grunaði hún ákærða sterklega um að hafa framið þjófnað þennan, en hann hafði komið með manni hennar inn á heimilið í umrætt sinn.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa framið þjófnað þann, sem hann er ákærður fyrir, og selt þýfið á kr. 400.00 inni á BSÍ í Reykjavík. Ekki þekkti hann kaupandann.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiddi undir rannsókn málsins framkomna skaðabótakröfu.

Ákærði hefur samkv. sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga, og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000. kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.

1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1977 6/10 í Hafnarfirði: Dómur: 7 mán. fangelsi fyrir brot á 244., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr., 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.

1980 18/2 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 13/3 í Hafnarfirði: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1981 4/2 dómur Hæstaréttar varðandi dóm uppkveðinn 6/10 1977: Ákvæði hérðasdóms um refsingu ákærða, ökuleyfissviptingu hans og greiðslu sakarkostnaðar staðfest.

1981 4/2 dómur Hæatréttar varðandi dómana, uppkveðna 18/2 1980 og 13/3 1980: Ákærði sæti fangelsi í 4 mán. auk greiðslu skaðabóta.

1981 27/3 á Akureyri: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1982 5/1 á Akureyri: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1982 dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm, uppkv. 27/3 1981: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

1982 13/7 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 233 dögum.

Ákærði hefur ekki afplánað þá 233 daga, er greinir í sakavottorðinu, og ber nú samkv. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma í einu lagi refsingu þá, sem ólokin er, og refsingu fyrir brot það, sem nú er ákært fyrir, og þykir refsing hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Þriðjudaginn 20. september 1983.

Nr. 102/1983. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

A

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Lögræði. Sýknað af kröfu um sviptingu sjálfræðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var að ósk skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1983.

Af hálfu valdstjórnarinnar er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum valdstjórnarinnar í málinu og allur kostnaður málsins, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns, verði greiddur úr ríkissjóði.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lagði skipaður talsmaður varnaraðilja fram bréf dr. Tómasar Helgasonar yfirlæknis um vistun varnaraðilja í Kleppsspítala 16. nóvember 1982 til 9. febrúar 1983 og aftur frá 18. febrúar til 20. júlí 1983 og dvöl hans óslitið síðan á einu af heimilum spítalans.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er krafa valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu eingöngu byggð á ákvæði 1. töluliðar 5. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Skilja verður kröfugerð og málatilbúnað valdstjórnarinnar svo, að geðveiki varnaraðilja sé ein ástæða kröfu um sjálfræðissviptingu.

Í málinu liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um, hversu oft og hversu lengi varnaraðili hafi verið vistaður á Kleppsspítala. Um geðheilsu hans liggja fyrir 4 vottorð Lúðvíks Ólafssonar læknis, eins og greinir í héraðsdómi, svo og álit Hrafns V. Friðrikssonar læknis, sem kemur fram í beiðni um sjúkrahúsvist 16. nóvember 1982. Í síðastgreinda skjalinu kemur ekki annað fram frá lækninum sjálfum en að sjúklingur hafi við skoðun verið nokkuð ruglaður og liðið illa af innri spennu. Síðar í skjalinu segir, að vegna geðveiki A sé nauðsynlegt, að hann komist á sjúkrahús. Jafnframt er tekið fram, að sjúklingur telji sjálfur, að hann þurfi að komast á sjúkrahús til að fá lyfjameðferð.

Í vottorðum Lúðvíks læknis Ólafssonar er varnaraðili talinn haldinn geðklofasýki. Í vottorðum þessa læknis kemur fram, að í viðtölum hafi ekki borið á neinum ranghugmyndum varnaraðilja, og í síðasta vottorðinu, að hann hafi verið rólegur og greinargóður. Jafnframt má ráða af vottorðunum og öðru, sem fram hefur komið í málinu, að varnaraðili hafi oft verið vistaður á geðsjúkrahúsi að eigin vilja, en erfiðleikar hans aðallega verið í því fólgnir, að hann hætti lyfjameðferð, er út af sjúkrahúsi kom. Í vottorðunum kemur m. a. fram, að varnaraðili sé ófær um að sjá sér farborða og því nauðsynlegt að svipta hann sjálfræði.

Eins og að framan greinir, er í vistunarbeiðni Hrafns V. Friðrikssonar ekki greint frá geðheilsu varnaraðilja sem niðurstöðu af athugunum læknisins sjálfs. Verður því ekki á henni byggt um það atriði. Í vottorði Lúðvíks Ólafssonar er greint frá félagslegum erfiðleikum varnaraðilja vegna slita á tengslum við sambýliskonu og getuleysi aldraðra foreldra til þess að veita honum skjól svo og því, að sjálfur sé hann ófær um að sjá sé farborða. Hins vegar kemur fram, að í viðtölum læknisins við sjúklinginn var hann rólegur og greinargóður og að ekki bar á neinum ranghugmyndum.

Með vísan til framanritaðs verður að telja ósannað, að varnaraðili

hafi sökum geðveiki verið ófær um að ráða persónulegum högum sínum, er hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, samanber 1. tölul. 5. gr. lögræðislaga. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns varnaraðilja hér fyrir dómi, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, en ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óbreytt.

Dómsorð:

Varnaraðili A á að vera sýkn af kröfu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur, og fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Sératkvæði
Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara

Ég tel, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ég er sammála málskostnaðarákvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. mars 1983.

Ár 1983, föstudaginn 25. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 114/1983: Valdstjórnin gegn A (sjálfræðissviptingarmál), sem tekið var til dóms 23. mars sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari af valdstjórnarinnar hálfu með málshöfðunarskjali, dagsettu 21. desember 1982, gegn varnaraðilja A, Reykjavík, fæddum 1946 þar í borg, til sviptingar sjálfræðis af ástæðum, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði. Málið er höfðað samkvæmt heimild í 2. og 6. tl. 7. gr. lögræðislaga, sbr. 4. tl. 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Málavextir eru sem hér segir:

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. október sl., og bréfi B, Reykjavík, móður varnaraðilja, dags. 16. nóvember sl., var þess krafist, að varnaraðili yrði sviptur sjálfræði. Í bréfum þessum kemur fram, að krafist er sjálfræðissviptingar, til þess að unnt verði að vista varnaraðilja á viðeigandi sjúkrahúsi.

Í máli þessu hafa verið lögð fram fjögur vottorð Lúðvíks Ólafssonar, heimilislæknis varnaraðilja, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Í vottorði hans, dags. 31. maí 1982, sem ritað er að beiðni þáverandi sambýliskonu varnaraðilja, D, segir svo: „A hefur um árabil verið geðveikur, haldinn geðklofasýki. Vegna þessa hefur hann oftsinnis dvalið á Kleppsspítala um lengri eða skemmri tíma. Yfirleitt mun hann hafa útskrifast þaðan í allgóðu ástandi, en yfirleitt sótt aftur í sama horfið, þar sem hann hefur ekki hirt um að fá áframhaldandi lyfjameðferð. Sjúkdómur A hefur valdið miklu álagi á fjölskyldu hans, einkum D, þar sem börnin eru enn ung. Dóttirin, 4 ára, er þó farin að skilja, að eitthvað er athugavert við föður hennar. Erfiðleikarnir eru einkum vegna ósveigjanleika A og krafna hans um, að framfylgt sé óraunhæfum óskum af hans hendi. Einnig á hann til að æsast mjög, ef honum er gert á móti skapi. Hefur D margoft flúið að heiman þess vegna og hefur því ekki komið til líkamlegra átaka um árabil á milli hennar og A. 30.05.82 lét D flytja A í fangageymsluna að Hverfisgötu. Hafði hún þá um morguninn vaknað við, að A tók sofandi dóttur þeirra fram í eldhús og reyndi að koma ofan í hana vítamínum. Viðskipti mín við A hafa einkennst af fáskiptni hans. Ég sá A í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu 31.05.82. Kvartaði hann um innri spennu, en sýndi lítið sjúkdómsinnsæi að öðru leyti. Hafði hann enga hugmynd um, hver aðdragandi var að handtöku hans 30.05.82.

Saga A og versnandi heilsufar bendir eindregið til þess, að hann muni ekki geta séð um sig sjálfur og einnig að hann kunni að vera hættulegur öðrum, einkum fjölskyldu sinni. Þar sem D treystir sér ekki til þess að ala önn fyrir honum, sé ég ekki önnur úrræði en að hann verði sviptur sjálfræði, svo hægt verði að finna honum samastað, eins og best verður á kosið.“

Í öðru vottorði Lúðvíks, dags. 7. október 1982, sem einnig er ritað að beiðni D, segir m. a. svo um varnaraðilja: „Nú er svo komið, að D treystir sér ekki til þess að búa með honum lengur. Sjúkdómur hans er farinn að setja áberandi mark á allt fjölskyldulífið. A er mjög ósveigjanlegur í óraunhæfum kröfum sínum til annarra fjölskyldumeðlima. Ég sá A síðast á heimili sínu þ. 07.10.82. Í viðtali við hann kom ekkert fram, er benti til ranghugmynda, hins vegar gaf hann mjög óljósar hugmyndir um framtíðaráætlanir. Hann sýndi merki um lítið sjúkdómsinnsæi.

Heilsufarssaga A bendir eindregið til þess, að hann sé ófær um að sjá um sig sjálfur.“ Að öðru leyti er þetta vottorð læknisins í samræmi við vottorð hans, dags. 31. maí 1982. Framangreind tvö læknisvottorð fylgdu bréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins.

Þriðja vottorð læknisins, sem dags. er 16. nóvember 1982, er sama efnis og hin fyrri, og vísar læknirinn m. a. til þeirra. Í þessu vottorði segir m. a.: „A hefur eftir síðustu útskrift af Kleppi haft samastað hjá foreldrum sínum, en öldruð móðir hans treystir sér ekki til að hafa hann í því ástandi, sem hann er. Ástand hans mun vera slíkt, að hann er ófær um að sjá um sig sjálfur.“ Í vottorði þessu kemur fram, að læknirinn hafði ekki tök á að sjá varnaraðilja daginn, sem það er ritað, en vísað er til læknisvottorðs Hrafns V. Friðrikssonar, dags. sama dag, sem vikið verður að hér á eftir.

Í síðasta vottorði Lúðvíks Ólafssonar læknis, dags. 19. nóvember 1982, segir svo: „Að beiðni lækna Kleppsspítalans skoðaði ég A í gær í húsnæði spítalans, Víðihlíð.

Í viðtalinu var A rólegur og greinargóður. Ekki bar á neinum ranghugmyndum. Hins vegar kom fram, að sjúkdómsinnsæi hans er lítið, og reyndar kann hann því illa að vera flokkaður sem „sjúklingur“. Af þeim ástæðum hafnar hann áframhaldandi lyfjameðferð, er út af sjúkrahúsi er komið. Hefur þetta ítrekað leitt til ruglástands og jafnvel árásartilhneigingar. Þó þykir honum engan veginn fullreynt, að hann geti ekki „fungerað“ án lyfja.

Fyrri saga A er slík, að hann virðist ekki geta sinnt þörfum sínum. Nú þegar hann og D, fyrrum sambýliskona hans, hafa slitið samvistum, á hann ekki í nein hús að venda. Er því fyrirsjáanlegt, að ítrekað þurfi að leggja hann inn á geðsjúkrahús til lyfjameðferðar. Foreldrar hans aldraðir treysta sér ekki til þess að hýsa hann, þegar ástand hans er slæmt. M. t. t. ofansagðs tel ég, að A sé ófær um að sjá sér farboða og því nauðsynlegt að svifta hann sjálfræði, svo grípa megi inn í meðferð á hans sjúkdómi, þegar þörf krefur.“

Í beiðni Hrafns V. Friðrikssonar læknis um sjúkrahúsvist fyrir varnaraðilja, sem dagsett er 16. nóvember 1982, segir, að varnaraðili hafi verið færður í fangageymslu lögreglunnar 15. nóvember að beiðni sambýliskonu hans vegna geðveiki. Hann hafi útskrifast frá Kleppsspítala fyrir 2 - 3 vikum, en muni ekki hafa tekið geðlyf að undanförnu. Enn fremur segir svo: „Við skoðun í dag er sjúkl. nokkuð ruglaður og líður mjög illa af innri spennu. Hann telur sjálfur, að hann þurfi að komast á sjúkrahús til að fá lyfjameðferð. Vegna geðveiki A og ástands er nauðsynlegt, að hann komist á sjúkrahús í dag.“ Hrafn V. Friðriksson læknir hefur staðfest sjúkrahúsvistunarbeiðni sína fyrir dómi.

Samkvæmt upplýsingum í bréfi Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Klepps-

spítala, dags. 9. desember 1982, hefur varnaraðili legið á spítalanum sem hér segir:

„02.03.72 — 16.03.72	01.06.72 — 22.06.72
24.11.75 — 19.01.76	17.11.78 — 15.12.78
21.03.79 — 08.06.79	07.08.79 — 14.08.79
19.09.79 — 06.11.79	17.04.80 — 30.04.80
10.03.82 — 24.03.82	31.05.82 — 18.08.82
18.08.82 — 11.09.82	09.10.82 — 29.10.82“

Þá var varnaraðili inn lagður 16. nóvember 1982 og var enn á spítalanum hinn 9. desember sl. Samkvæmt upplýsingum, sem dómari máls þessa fékk á deild VIII á Kleppsspítala 22. febrúar sl., útskrifaðist varnaraðili þaðan 9. febrúar sl., en var lagður inn á ný 18. sama mánaðar.

Móðir varnaraðilja, B, Reykjavík, kom fyrir dóminn 19. nóvember sl. og staðfesti framangreinda sjálfræðissviptarbeiðni sína, en skoraðist undan vitnisburði samkvæmt heimild í 3. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Sama dag kom einnig fyrir dóminn D, Reykjavík. Kvaðst hún hafa verið í sambúð með varnaraðilja frá því í mars 1976 þar til um vorið 1982, er þau slitu samvistum. Þau hafi ekki gifst, en hún hafi verið unnusta hans, á meðan sambúð þeirra varði, og hafi þau eignast þrjú börn, en tvö þeirra, 4 ára og 2 ára, séu á lífi. D skoraðist undan vitnisburði samkvæmt heimild í 2. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Varnaraðili kom einnig fyrir dóminn sama dag. Hann gerði engar athugasemdir við gögn málsins, en vildi ekki tjá sig neitt um þau.

Hinn 19. janúar sl. barst dóminum bréf B, ódagsett, þar sem hún afturkallar beiðni sína um, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði.

Varnaraðili kom á ný fyrir dóminn við þingfestingu máls þessa hinn 22. febrúar sl. Er hann var spurður, hvort hann teldi sig eiga við andlegan sjúkdóm að stríða, kvað hann sér stundum vera þungt fyrir hjarta og yfir höfði. Hann kvaðst hafa verið útskrifaður af Kleppsspítala 9. febrúar sl., en leitað þangað aftur 18. sama mánaðar, þar sem hann var húsnæðislaus, en ekki vegna þess, að hann teldi sig þurfa læknisaðstoð. Hann kvaðst fá þar lyf, en hann tæki þau ekki inn samkvæmt læknisráði utan spítalans, þar sem hann áliti sig geta verið án þeirra og ekki vera haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem geri lyfjameðferð nauðsynlega. Hann kannaðist við, að D hafi flúið af heimili þeirra vegna erfiðleika í sambúð þeirra. Kvað hann erfiðleikana stafa af lyfjatökum hans samkvæmt læknisráði, en áhrif þeirra séu misjöfn eftir því, hvernig hann er fyrirkallaður. Varnaraðili vissi ekki, hvort sambúð þeirra D væri lokið.

Spurningum dómarans um það, hverjar ástæður varnaraðili telji vera

fyrir vistunum hans á Kleppsspítala og hvort hann verði var breytinga á ástandi sínu, er frá þeim líður, svaraði hann út í hött.

Varnaraðili var andvígur því, að þeir læknar, sem hafa haft með hann að gera, yrðu kvaddir fyrir dóminn til vitnisburðar í máli þessu.

Niðurstöður.

Af hálfu talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, er þess krafist, að synjað verði kröfu valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu. Talsmaðurinn bendir á, að móðir varnaraðilja hafi afturkallað sjálfræðissviptingarbeiðni sína og að framhald málsins byggist því á beiðni og sé á ábyrgð dómsmálaráðuneytisins. Ástæða móður varnaraðilja fyrir sjálfræðissviptingarbeiðni, þ. e. „að hægt verði að koma honum á geðsjúkrahús", sé ekki lengur fyrir hendi, þar sem hann hafi útskrifast af Kleppsspítala 9. febrúar sl., en leitað þangað af eigin hvötum 18. febrúar vegna húsnæðisleysis. Þá telur talsmaðurinn vafasamt, hvort ástæða þess, að dómsmálaráðuneytið óskaði sjálfræðissviptingar á varnaraðilja, sé lengur fyrir hendi, og bendir á, að ekki liggur fyrir yngra læknisvottorð en síðan 19. nóvember sl.

Samkvæmt b lið 6. tl. 7. gr. lögræðislaga getur dómsmálaráðuneytið gert kröfu um lögræðissviptingu, þegar það telur það réttmætt vegna tilmæla aðilja sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina eða vegna vitneskju um hag aðilja, er það hefur fengið á annan hátt. Svo sem að framan greinir, fylgdu bréfi dómsmálaráðuneytisins, þar sem gerð var krafa um sjálfræðissviptingu varnaraðilja, tvö vottorð heimilislæknis hans, og var annað þeirra eins dags gamalt, dags. 7 október sl., en hitt var dags. 31. maí sl. Bæði þessi vottorð voru rituð að beiðni D. Samkvæmt þessu hafði dómsmálaráðuneytið nýleg gögn um varnaraðilja undir höndum, er það gerði kröfu um sjálfræðissviptingu hans. Við meðferð málsins var aflað nýrra vottorða Lúðvíks Ólafssonar læknis og Hrafns V. Friðrikssonar læknis, svo sem að framan er rakið, en varnaraðili lagðist gegn því, að þeir læknar, sem hafa haft með hann að gera og ætla verður, að hafi mesta vitneskju um andlega heilsu hans, yrðu kvaddir fyrir dóminn til vitnisburðar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 74/1974. Er því ekki annað fært en að byggja á fyrirliggjandi læknisvottorðum í máli þessu.

Svo sem að framan greinir, var varnaraðili lagður inn á KLeppsspítalann í 13. sinn hinn 16. nóvember sl., og 9. desember sl., þegar bréf Lárusar Helgasonar yfirlæknis er skrifað, hafði hann dvalið þar samtals í 426 daga. Varnaraðili telur sig ekki þurfa á læknisaðstoð að halda né vera haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem geri lyfjameðferð nauðsynlega, og taki því ekki lyf samkvæmt læknisráði. Hann gat ekki gert grein fyrir vistunum sínum á Kleppsspítala.

Telja verður sannað með framangreindum vottorðum heimilislæknis varnaraðilja og Hrafns V. Friðrikssonar læknis, að varnaraðili sé haldinn geðklofasýki á svo háu stigi, að hann sé af þeim sökum ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum. Þykir því rétt, með vísan til 1. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 að verða við kröfu valdstjórnarinnar og svipta varnaraðilja sjálfræði. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt 15. gr. lögræðislaga ber að dæma ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Varnaraðili A skal sviptur sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur.

Fimmtudaginn 22. september 1983.

Nr. 8/1981. **Örn S. Agnarsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigurði Ó. Jónssyni
og gagnsök
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Skuldamál. Áfrýjun. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. janúar 1981. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 27. febrúar 1981. Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti og við munnlegan málflutning krafðist hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 21.134.36 með 14% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1976, af kr. 16.209.08 frá þeim degi til 1. apríl 1977, af kr. 20.714.76 frá þeim degi til 15. apríl 1977, af kr. 21.134.36 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 28% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi og til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnstefnu greinir dómsorð hins áfrýjaða dóms, en hvorki er þess getið, í hvaða skyni gagnáfrýjað sé né hverjar dómkröfur gagnáfrýjandi geri. Gagnáfrýjunarstefnan fullnægir því ekki ákvæðum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa gagnsök málsins sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Verður að skýra málflutning gagnáfrýjanda svo, að hann krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að til kaupa á bifreiðinni G 4238 lagði gagnáfrýjandi verðmæti, sem námu gkr. 1.500.000. Aðilja greinir á um, hvernig gagnáfrýjandi skyldi fá það fé endurgreitt. Er gerð grein fyrir þessum ágreiningi í hinum áfrýjaða dómi.

Það er ósannað, að samið hafi verið um, að gagnáfrýjandi skyldi annast rekstur bifreiðarinnar og taka greiðslu af þeim hagnaði, sem af rekstrinum yrði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir verða ekki dæmdir frá fyrri tíma, en birtingu héraðsdómsstefnu, 23. júní 1980, svo sem segir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Örn S. Agnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Sig-

urði Ó. Jónssyni, kr. 15.000.00 með 46% ársvöxtum frá 23. júní 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983 og síðan hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 6. þ. m., hefur Sigurður Jónsson, Breiðvangi 24, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. júní 1980, á hendur Erni Agnarssyni, Miðvangi 99, Hafnarfirði.

Í máli þessu verða fjárhæðir tilgreindar í gömlum krónum nema í dómsorði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 2.113.436 með 14% ársvöxtum af kr. 1.500.000 frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1976, af kr. 1.620.908 frá þeim degi og til 1. apríl 1977 og af kr. 2.071.476 frá þeim degi til 1. apríl 1977, en af kr. 2.113.436 frá þeim degi til 21. nóv. 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi og til 21. febr. 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. júní 1979, en með 23% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. sept. 1979, en með 28% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. des. 1979, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi og til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Í stefnu segir m. a.:

„Tilefni máls þessa er það, að á árinu 1976 eða réttara sagt 22. okt. það ár þá ákvæðu stefnandi, stefndi og Bragi Jónsson, sem bjó þá að Miðvangi 123 í Hafnarfirði, að hefja rekstur á vörubifreið af gerðinni Ford, sem bar skrásetningarmerkið G-4238. Bifreið þessi var keypt og var skráð á nafn stefnda Arnar. Stefnandi lagði til fyrirtækisins bifreið sína, sem var Ford Mustang árg. '73 og var metin á kr. 1,5 millj. og gekk sem greiðsla

upp í kaupverð vörubifreiðarinnar. Þá greiddi stefnandi ýmsa reikninga í sambandi við endurbætur og rekstur á bifreiðinni að fjárhæð kr. 492.528.-, og hann vann við fyrirtækið fyrir upphæð kr. 120.908.-. Ætlunin var hjá þremenningunum að gera formlegan samning um reksturinn, en úr því varð ekki, og stefndi Örn seldi bifreiðina án þess að gera hinum aðilunum nokkra grein fyrir útkomu eða skila þeim andvirði bifreiðarinnar. Ljóst er því, að stefndi skuldar stefnanda stefnufjárhæðina kr. 2.113.436.-, sem honum ber að greiða ásamt vöxtum, eins og tilgreint er hér að ofan. Stefndi hefur eigi fengist til að gera upp skuldina, og er málshöfðun því nauðsynleg."

Málsástæður stefnda koma í aðalatriðum fram í skriflegri aðiljayfirlýsingu hans, er lögð var fram í málinu og hljóðar svo:

„Ég undirritaður Örn Sigurður Agnarsson, Miðvangi 99, Hafnarfirði, gef hér með svofellda aðilaskýrslu vegna bæjarþingsmáls, er Sigurður Jónsson hefur höfðað gegn mér.

Er umrædd bifreið var keypt, hafði ég starfað hjá Jóni V. Jónssyni um 2ja ára skeið. Jón hafði keypt bifreiðina nokkru áður, en hún var ekki á hans nafni og skráð sem Y-4229. Jón Ólafsson, hrl., hafði gert fjárnám í bifreiðinni, og var búið að biðja um uppboð á bifreiðinni ásamt Ford T 8000, árg. 1974, G-997 MAN - dráttarbíl og G-2151 Mercedes Benz vörubíl. Synir Jóns, Bragi og Sigurður, fá mig til þess að bjarga þessum vandamálum fjölskyldunnar með því að taka á mig fjárskuldbindingar, þ. e. leysa áðurnefnd fjárnám og fleira, og var bifreiðin sett á mitt nafn og þá skráð sem G-4238. Sigurður lét bifreið sína uppí þessi kaup þannig, að á bifreiðinni hvíldu skuldir hjá Sveini Egilssyni h.f. vegna viðgerða og fleira, og tók Sveinn Egilsson h.f. við afsali fyrir bifreið Sigurðar. Var bifreið Sigurðar þar metin af honum og Sveini Egilssyni h. f. á kr. 1.500.000.00. Eftir þetta taka þeir bræður Bragi og Sigurður við bifreiðinni og gera hana út. Um þetta leyti var ég starfsmaður á vélaverkstæði föður þeirra. Þeir bræður gera síðan bílinn út og þá oft í verkum hjá Jóni V. Jónssyni s. f., enda var Bragi þá aðalrekstraraðili að fyrirtækinu, þar sem Jón V. Jónsson var mikið fjarverandi, s. s. vegna sjúkravistar. Þeir bræður nota bifreiðina í ýmis verk, s. s. við Víðivang í Hafnarfirði á vegum Hafnarfjarðarbæjar, við Flyðrugranda í Reykjavík, akstri á steypumöl fyrir Breiðholt sunnan úr Stapafelli, hjá Ísal hf., Hesthúslóðir og fyrir Þórð Eyjólfsson o. fl. Ég vissi ekki mikið um þetta, enda var hér um að ræða verk ýmist á vegum Jóns V. Jónssonar s. f. eða Braga Jónssonar eða annarra. Reka þeir bílinn frá hausti 1976, þar til ég tek bifreiðina seint í apríl 1977. Þá skráði ég bílinn á bifreiðasölu, en erfiðlega gekk að finna kaupanda. Ég hafði ekki séð uppgjör fyrir bifreiðina og ekki haft neinar tekjur af bifreiðinni eða vinnu. Sigurður og Bragi höfðu alfarið haft með rekstur bifreiðarinnar að

gera og samið um verk og greiðslur. Reikningar vegna vinnu Sigurðar svo og viðgerðir, varahlutir og olía í máli þessu hljóta að tilheyra útgerð Sigurðar á bifreiðinni og mér gersamlega óviðkomandi. Þá efast ég og um, að reikningar þessir séu vegna bifeiðar þessarar að öllu leyti, þar sem bifreiðar Jóns V. Jónssonar s. f. tóku útá reikning Sigurðar, þar sem faðir hans hafði ekki lánstraust.

Gert var ráð fyrir við kaup bifreiðarinnar, að Sigurður fengi umræddar krónur 1.500.000.00 greiddar með ofangreindum hætti við verk bifreiðarinnar. Þeir bræður létu mér hinsvegar aldrei í té uppgjör vegna bifreiðarinnar, en þegar bifreiðin var tekin af þeim í apríl, taldi ég, að Sigurður hefði fengið sinn hlut greiddan og vel það. Ég hafði hinsvegar orðið fyrir ýmsum útgjöldum, s. s. vöxtum og kostnaði við kaup bifreiðarinnar auk þess, sem gera þurfti við bílinn vegna notkunar hans, og hafði bíllinn slitnað mikið.

Sigurður mótmælti og ekki þessum aðgerðum mínum né sölu bifreiðarinnar. Bifreiðin var seld 14. 9. 1977. Seinna um haustið 1977 er ég boðaður til Hrafnkels Ásgeirssonar, hrl., ásamt þeim Sigurði og Braga. Á þeim fundi kemur fram, að Sigurður telur sig eiga inni vegna útgerðar bifreiðarinnar, m. a. hjá Jóni V. Jónssyni s. f. umtalsverðar fjárhæðir. Telur Sigurður erfitt fyrir sig að ná þeim peningum út, en reynir að telja mér trú um það, að slíkt væri auðveldara fyrir mig. Vildu þeir fá mig til að yfirtaka þær kröfur gegn því, að ég undirritaði skuldaviðurkenningar og annað á móti. Eg mótmælti þessu. Síðan gerist ekki neitt í málinu fyrr en við málssókn þessa, sem kom mér mjög á óvart, þar sem ég taldi máli þessu lokið.

Ég fæ ekki annað séð en Sigurður hafi náð sínum peningum til baka og vel það. Það er rangt hjá vitninu Kolbrúnu Jónsdóttur, systur Sigurðar, að ég hafi átt nokkurn þátt í að semja reikingsyfirlit það, er fyrir liggur í málinu. Vinnunótur og rekstur bifreiðarinnar var í höndum Sigurðar og Bragi honum til aðstoðar.

Ég varð fyrir talsverðu tjóni vegna þessara viðskipta, þar sem ég þurfti m. a. að leggja út fyrir kostnaði og varð fyrir vinnutjóni. Þegar bifreiðin var um vorið í verki hjá Álverinu í Straumsvík, var ég á bifreiðinni í ca. hálfan mánuð og fékk þá vinnu aldrei greidda frá Sigurði, hann var þá með bifreiðina sem undirverktaki í verki, er Jón V. Jónsson var með fyrir Ísal h.f. Bifreiðastjórar á bifreiðinni G-4238 voru ekki ráðnir af mér. Steingrímur Magnússon er eiginmaður Kolbrúnar, systur Sigurðar Jónssonar, en um ráðningu Ólafs Jóhannssonar veit ég ekki, nema hvað hann hafði verið bifreiðastjóri á bifreiðum Jóns V. Jónssonar áður og eftir þetta."

Rekstursyfirlit það, sem stefndi vitnar til, dskj. nr. 52 í máli þessu, hljóðar svo:

16/11	Þórður Eyjólfsson 330 t. hraun 60/-	kr.	19.800.-
18/11	Þórður Eyjólfsson 880 t. hraun 60/-	—	52.800.-
18/11	Þórður Eyjólfsson 220 t. hraun 60/-	—	13.200.-
17/11	Bæjarsj. Hf. 5 st. dv. 2722/-	—	13.610.-
19/11	Breiðholt 770 hraun 65/-	—	50.050.-
20/11	Breiðholt 660 hraun 65/-	—	42.900.-
22/11	Breiðholt 1350 hraun 65/-	—	87.750.-
23/11	Breiðholt 1200 hraun 65/-	—	78.000.-
25/11	Hraunbrún 280 hraun 50/-	—	14.000.-
25/11	Þórður Eyjólfsson 280 hraun 60/-	—	16.800.-
25/11	Breiðholt 220 hraun 65/-	—	14.300.-
25/11	Breiðholt 1 st. dv. 2722/-	—	2.722.-
6/12	Straumsvík 2½ st. dv. á 2722/-	—	6.805.-
9/12	8 st. dv. á 2722/-	—	21.776.-
10/12	5 st. dv. á 2722/-	—	13.610.-
	Olía 70 lítra á 33/- ÷	—	2.310.-
	Kaup Steingr. Magnússonar ÷	—	96.349.-
	Afsláttur til Þórðar Eyjólfsson 8% ÷	—	8.208.-
	Keirsla v/G-3255 (sic.) ÷	—	77.500.-
	1250 tunnur.		
4/2- 7/2	v/Norðurbæjar verk 1100 tunnur á 40/-	—	44.000.-
5/2- 6/2	v/Flyðrugranda 1540 tunnur á 65/-	—	100.100.-
	10 st. 2500/-	—	25.000.-
8/2-11/2	Norðurbær 900 tunnur á 35/-	—	31.500.-
	4 tímar 2844/-	—	11.376.-
11/2	Örn Agnarsson pen. 100.000.- ÷	—	100.000.-
	Norðurbær 3700 tunnur á 35/- hraun	—	129.500.-
	1300 tunnur á 45/- sandur	—	58.500.-
	Laun Ólafs Jóhannssonar ÷	—	103.938.-
	Bragi V. Jónsson v/frand. ÷	—	40.000.-
	Bragi V. Jónsson bók 4/3 kr. spurning. ÷ ...	—	105.000.-
	Örn Bæjarsj. ÷	—	65.000.-
		kr.	249.794.-“

Raunar virðist niðurstöðutala þessa yfirlits ekki vera kr. 249.794, heldur 913.090 ÷ 533.305 = 379.785.

Þrátt fyrir framburð Kolbrúnar Jónsdóttur hér fyrir dómi verður ekki annað ráðið af þeim gögnum, sem nú liggja fyrir í máli þessu, en að þetta yfirlit sé nánast vipskiptareikningur þessarar bifreiðarútgerðar hjá Jóni V.

Jónssyni s/f, hvort sem þar er um tæmandi viðskiptareikning að ræða eður ei. Ekki er annað fram komið en allar tekjufærslur á yfirlitinu eigi við verk, sem Jón V. Jónsson s/f var með, og allar skuldfærslur séu greiðslur Jóns V. Jónssonar s/f vegna þessarar bifreiðar, þar af hafi kr. 100.000 greiðst til stefnda og kr. 65.000 vegna hans til bæjarsjóðs.

III.

Álit réttarins:

Það er ósannað, að stefnandi Sigurður hafi tekið við neinum greiðslum vegna vinnu umræddrar bifreiðar. Stefndi Örn hefur ekki sýnt fram á nein atvik, er leiði til þess, að stefnandi Sigurður verði talinn ábyrgur gagnvart honum um að standa skil á útistandandi skuldum hjá þriðja aðilja vegna vinnu bifreiðarinnar. Stefndi Örn getur því ekki skuldajafnað slíkum kröfum við stefnukröfu Sigurðar.

Stefnandi Sigurður telur sig hafa greitt reikninga vegna bifreiðarinnar, samtals að fjárhæð kr. 492.528, þar af kr. 155.210 fyrir gasolíu og kr. 314. 860 fyrir hjólbarða og hjólbarðaviðgerðir, sem hvort tveggja eru daglegar rekstrarvörur. Afgangurinn, kr. 22.458, er ýmsar smávörur, sem tilheyra daglegum rekstri. Á því tímabili, er Sigurður greiddi þessa reikningar, var bíllinn í nokkuð samfelldri vinnu hjá Jóni V. Jónssyni s/f, og það fyrirtæki lét einnig í té olíu á bílinn, greiddi bifreiðastjórum, er honum óku, vinnulaun o. s. frv., samanber tilvitnað yfirlit. Það er ósannað, að stefndi Örn (sem raunar mótmælir reikningnum að hluta sem þessari bifreið óviðkomandi) hafi nokkru sinni farið þess á leit við stefnanda Sigurð, að hann greiddi þessa reikninga, eða yfirleitt veitt honum umboð til þess að greiða þá án þess að innheimta fyrst fé til þess hjá fyrirtækinu, sem bifreiðin var í vinnu hjá.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af þessum kröfulið með þeim rökum, að stefnandi telst, eins og á stóð, hafa farið út fyrir umboð sitt með því að greiða reikningana án þess að innheimta fyrst fé til þess.

Kröfu stefnanda um greiðslu vinnulauna að fjárhæð kr. 120.908 vegna vinnu við standsetningu bifreiðarinnar á tímabilinu 22. október 1976 til 21. nóvember sama ár hefur stefndi mótmælt, m. a. sem rangri að hluta til. Umrædd viðgerðarvinna fór að sögn stefnanda fram á verkstæði Jóns V. Jónssonar s/f. Stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis, vann einkum á þungavinnuvélum og að því er virðist jafnframt á verkstæðinu eftir því sem til féll.

Telja verður, eins og á stendur, að það hafi ekki verið upplýst eða skýrt í málinu, hverju það sætir, að stefnandi krefur beint fyrir verk, sem hann vinnur á verkstæði vinnuveitanda síns, í stað þess, svo sem venja er, að

starfsmaður krefji vinnuveitanda sinn um laun og vinnuveitandinn síðan viðskiptavininn.

Samkvæmt því verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina vegna vanreifunar.

Það er sannað og raunar óumdeilt í málinu, að stefnandi lét stefnda í té bifreið sína, sem gekk í makaskiptum upp í bifreið stefnda, og að bifreið stefnanda var í þeim viðskiptum metin á kr. 1.500.000. Þeirri viðmiðunarfjárhæð hefur ekki verið hnekkt, og þar sem ósannað er, svo sem áður er greint, að stefndi eigi nokkrar kröfur á stefnanda til skuldajafnaðar, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 385.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Agnarsson, greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, nýkrónur 15.000.00 með 13% ársvöxtum frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 14. janúar 1981, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags, og nýkrónur 3.850.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. september 1983.

Nr. 80/1981. **Pétur Ingólfsson f. h. Verslunarinnar Viktoríu** (Jón Bjarnason hrl.) gegn **Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h. S. A. R. L. ELGI** (Páll A. Pálsson hrl.).

Lausafjárkaup. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1981. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að frá 1. desember 1981 verði ársvextir af dæmdri fjárhæð 15% til 1. febrúar 1982, 14.5% frá þeim degi til 1. mars s. á., 15% frá þeim degi til 21. apríl s. á., 14.5% frá þeim degi til 1. júní s. á., 14% frá þeim degi til 1. júlí s. á., 13.5% frá þeim degi til 1. október s. á., og 13% frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinir almennu söluskilmálar, er prentaðir voru aftan á lista þann, er áfrýjandi pantaði eftir, voru stefnda tvímælalaust til hagsbóta. Stefndi hefur lýst yfir því, að hann byggi ekki á skilmálum þessum, og áfrýjandi kveðst ekki hafa veitt þeim athygli, er hann pantaði. Þar sem hvorugur málsaðilja ber skilmála þessa fyrir sig, koma þeir ekki til álita í málinu. Ber því að dæma mál þetta eftir íslenskum lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, svo sem haldið er fram af stefnda, enda ósönnuð sú fullyrðing áfrýjanda, að samið hafi verið um annað, úr því að hann vill ekki byggja alfarið á hinum almennu söluskilmálum. Áfrýjandi heldur því ekki fram, að rangt hafi verið

að stefna honum á varnarþingi sínu. Ekki vefengir hann heldur aðild stefnda að máli þessu né fjárhæð dómkröfunnar.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að vextir ákveðast svo sem í dómsorði greinir, sbr. 2. mgr. c liðar III. kafla í auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., sem útgefnar eru 29. maí 1980, 9. febrúar 1981 og 29. maí 1981, svo og 2. mgr. c liðar 2. tl. IV. kafla auglýsinga um sama efni frá 5. apríl 1982 og 29. október 1982, sem allar eru gefnar út samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10/1961.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 23.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ársvextir af dæmdri fjárhæð eiga að vera 15% frá 1. janúar 1981 til 31. desember 1981, 14% frá þeim degi til 21. apríl 1982 og 13% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Pétur Ingólfsson f. h. Verslunarinnar Viktoríu, greiði Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni f. h. S. A. R. L. ELGI 23.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 30. desember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 18. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni og birtri 9. september 1980, af Páli Arnóri Pálssyni héraðsdómslögmanni f. h. firmans S. A. R. L. ELGI, Le bois de la noe, St. Etienne de Montluc, Frakklandi, gegn Pétri Ingólfssyni, Kleppsvegi 136, Reykjavík, einkaeiganda Verslunarinnar Viktoríu, Laugavegi 12, Reykjavík, f. h. verslunarinnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði skuld að fjárhæð franskir frankar 31.114.00 ásamt 16% ársvöxtum frá 1. febrúar 1978 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 1.110.601.

Hið stefnda firma gerir þær dómkröfur, að það verði algerlega sýknað af dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða því hæfilegan málskostnað.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að einkaeigandi hins stefnda firma, Pétur Ingólfsson, og eiginkona hans, Auður Viktoría Þórisdóttir, pöntuðu vörur af stefnanda. Stefnandi framleiðir kvenfatnað, og gerðu forsvarsmenn stefnda pöntun á skyrtum og treyjum og fylgihlutum á sýningarsvæði í París, þar sem þau hittu forsvarsmann stefnanda hinn 25. október 1977. Tvær aðskildar pantanir voru gerðar, sú fyrri var smá og var vetrarpöntun, en sú hin síðari var blönduð vetrar- og sumarpöntun, sem skyldi afhenda í janúar 1978. Fyrri pöntunin átti að koma strax, sem og hún gerði. Hún kom í pakkapósti í flugi og var leyst út og greidd, og er hún úr sögunni. Mál þetta fjallar um stærri pöntunina eingöngu.

Pantanirnar voru báðar gerðar á prentað skjal frá stefnanda, sem útfyllt var og frá gengið á staðnum og undirritað af Auði Viktoríu Þórisdóttur. Stefnandi hefur lagt fram í málinu frumrit af stærri pöntuninni. Þar kemur fram, að mestur hluti pöntunarinnar átti að fara í janúar 1978, en hluti hennar, 36 skyrtur af tegundinni „Idefix" og 48 stk. af tegundinni „Asterix", hafi átt að fara „immediatly", eins og handskrifað er á pöntunina. Skrifað er á pöntunina, að vörurnar eigi að sendast „EUR 1 AIR PARCEL AGAINST DOCUMENTS". Starfsmaður stefnanda útfyllti sjálfur pöntunareyðublaðið á staðnum í samráði við og samkvæmt fyrirmælum stefnda. Enska var töluð, og hefur forsvarsmaður stefnda og einkaeigandi, Pétur Ingólfsson, borið, að aðiljar hafi átt gott með að skilja hvor annan. Stefndi fékk afrit af pöntuninni í sínar hendur, en á bakhlið skjalsins eru ekki prentaðir „almennir söluskilmálar" þeir, sem prentaðir eru á bakhlið frumritsins á frönsku, ensku, þýsku og ítölsku, en hljóða þannig í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Almennir söluskilmálar vorir eru hinir sömu sem hjá hinu Franska iðnsambandi kvennaklæðnaðar. Viðskiptamaðurinn lýsir yfir því, að hann þekki þessa skilmála og fallist á þá. Öll andstæð ákvæði - klásúlur - ábendingar eða skilyrði eru ekki viðurkennd og eru talin marklaus.

Vörur vorar eru seldar við brottför úr verksmiðju og flytjast á ábyrgð kaupanda, jafnvel þó að salan kveði á um „Franco de Port" (þ. e. kaupandi laus við flutningskostnað). Verð vort ber að skilja utan skatta og með fyrirvara um hækkun, er stafi af lagalegum, skattalegum og faglegum ráðstöfunum. Afgreiðsludagsetningar vorar eru alltaf miðaðar við úr verksmiðju og aftur til jafnlengdar þeim aukatöfum, sem verða vegna erfiðleika á útvegun birgða eða hindrunar í framleiðslu. Óviðráðanleg tilvik (force majeure) og tilfallandi leysa oss undan ábyrgð varðandi réttilega framkvæmd samningsins. Komi til vondar upplýsingar (um viðskiptamanninn) eða synjun um að taka afstöðu (til viðskiptamannsins) eða vanskil, áskiljum vér oss rétt til þess að framkvæma ekki afhendingu og gæti viðskiptamaður-

inn þá ekki krafist skaðabóta. Afgreiðsluseinkun réttlætir ekki brottfellingu né riftun pöntunar nema eftir skriflegt samþykki vort og eftir áskorun viðskiptamannsins með ábyrgðarbréfi, sendu innan 15 daga eftir allra síðasta tiltekinn afgreiðsludag.

Sérhverja umkvörtun, eigi hún að vera gild, skal bera fram með ábyrgðarbréfi innan 8 daga frá móttökudegi vörunnar.

Sérhverri vöruendursendingu, sem ekki er heimiluð, verður hafnað. Heimilaðar endursendingar verða tilefni til skipta, en séu þau ógerleg, kemur til innfærsla til eignar.

Greiðsludagsetning miðast við dagsetningu vörureiknings. Nú er greiðsla innt af hendi eftir tiltekinn gjalddaga og reiknast þá dráttarvextir samkvæmt þeim vaxtafæti, sem í gildi var, þegar þetta gerðist. Af þessu leiðir auk þess, að skjöl verða afhent til lögfræðistofu vorrar, en af íhlutun hennar leiðir svo í skaðabótaskyni þóknun, sem áætluð er 15% af innheimtufjárhæðinni.

Staðurinn, þar sem mál mundu gagna til dóms, er MANTES, en þar eru vörurnar alltaf greiddar, hverjir sem afhendingarstaðir eða sendingaraðferðir kunna að vera.

Sérhver gerð pöntunar felur í sér, að meðaðili samþykkir hina almennu söluskilmála vora og skuldbindur sig til þess að hlíta í hugsanlegum málaferlum klásúlunni hér að ofan um dómsaðila./."

Stefnandi sendi vörurnar í 5 pökkum í flugfragt, og komu vörurnar hingað í febrúarbyrjun 1978. Einn reikningur var yfir vörusendingu þessa, dags. 30. janúar 1978, samtals að fjárhæð franskir frankar 31.114.00, sem er stefnufjárhæðin. Stefndi þurfti því að leysa vöruna út í einu lagi, eins og á stóð, en hann taldi það sér um megn fjárhagslega. Varan lá því áfram hjá flugfélaginu. Stefndi hefur hér fyrir dómi lýst því yfir, að hann hafi þá haft hug á því að hafa samband við stefnanda og fá hann til þess að skipta sendingunni í hluta til afhendingar. Hann hafi haft símasamband við stefnanda og þar hafi frönskumælandi aðili komið í símann, en sjálfur hafi hann talað ensku. Stefndi hafi farið fram á skiptingu sendingarinnar, en hann viti ekki, hvort þessi tilmæli hafi komist til skila, þar sem svarað hafi verið á frönsku, en hann hafi ekki vitað, hvort aðilinn stefnandamegin á línunni skildi enska tungu. Stefndi fór fram á það við tollyfirvöld hér á landi, að honum væri heimilað að leysa vörusendingu þessa út í hlutum, en það hafi ekki verið talið unnt, þar sem einn reikningur og EFTA - fylgiskjal var yfir alla sendinguna. Stefndi ritaði stefnanda bréf, dags. 12. mars 1979, á enskri tungu og fjallaði þar um þessa vörusendingu frá árinu áður. Stefndi sagði í bréfinu, að ómögulegt hafi reynst að leysa svo stóra vörusendingu út úr banka og tolli í einu og að í byrjun hafi hann reynt að fá vörusendingunni skipt í nokkra hluta, en það hafi ekki fengist. Stefndi

sagði í bréfinu, að eitthvað hafi farið úrskeiðis í sendingardeild stefnanda og bauðst til að greiða sendingarkostnað vörunnar til Íslands og endursendingarkostnað til Frakklands, þar sem hann gæti ekki tekið við vörunni. Stefnandi svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 6. apríl 1979, og segir þar í þýðingu löggilts skjalaþýðanda um þessa hugmynd stefnda:

„Þér munuð skilja það, að vér getum alls ekki fallist á þessa uppástungu. Það eru reyndar liðnir 15 mánuðir, síðan vér sendum yður þessar vörur, og ef þér hefðuð átt í einhverjum erfiðleikum með að leysa út skjölin, þar yður að láta oss tafarlaust vita um það og hefðum vér þá gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að þér gætuð tekið vöruna út í pörtum, eins og þér óskuðuð.

Nú er oss ekki lengur kleift að taka aftur þessar vörur, því að fyrir oss væru þær ekki lengur seljanlegar."

Stefnandi skoraði á stefnda að leysa vöruna til sín, svo hún yrði ekki seld á uppboði. Þessari áskorun var ekki sinnt.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndi geti ekki með rökum vefengt kröfu stefnanda. Krafan sé til komin vegna vörukaupa og stefnda hafi borið að greiða vöruna samkvæmt reikningi. Öll mótmæli stefnda séu allt of seint fram komin og riftun því útilokuð. Það hafi fyrst verið undir rekstri þessa máls, sem stefndi hafi vakið athygli á því, að varan hafi ekki átt að koma með flugfragt, heldur í flugpósti. Þessi mótbára sé eins og aðrar, sem ekki hafi við rök að styðjast, allt of seint fram komin. Stefnandi vísi í 27. gr. kaupalaga nr. 39/1922 um fresti í verslunarkaupum. Hann bendi og á það, að ekki sé einu sinni upplýst, að stefndi hafi ætlast til, að varan yrði send í pósti, þar sem hann í bréfi sínu til stefnanda hinn 12. mars 1979 nefni „air freight", sem sé flugfragt. Hér sé um stórfellt tómlæti af hálfu kaupanda að ræða og beri honum að greiða stefnanda, seljanda vörunnar, reikning þann, sem upp hafi verið settur, enda hafi honum ekki verið andmælt tölulega. Stefnandi byggi rétt sinn ekki á skilmálum þeim, sem prentaðir hafi verið á bakhlið pöntunarblaðs, enda sé borið af forsvarsmönnum stefnda, að þeim hafi ekki verið kynntir þessir skilmálar sérstaklega. Hann byggi því á lögum nr. 39/1922 um lausafjárkaup, 27. gr. og 52. gr., þar sem ekki hafi verið um annað að samið.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að aðiljar hafi samið um ákveðna söluskilmála, og því eigi lög um lausafjárkaup ekki við skv. 1. gr. þeirra. Stefnandi hafi alvarlega vanefnt samning aðilja með því að senda ekki rétt magn svo og með því að senda vöruna í einu lagi, en ekki í fimm til sex pökkum, eins og um hafi verið samið, og með því að senda ekki strax þann hluta pöntunarinnar, sem strax hafi átt að senda. Vegna þessara

alvarlegu vanefnda hafi stefndi talið sér heimilt að neita viðtöku á þessari vörusendingu. Stefndi hafi strax gert athugasemdir við sendinguna símleiðis, eins og borið hafi verið hér fyrir dómi. Stefndi geri ekki kröfu um frávísun málsins, þótt í söluskilmálum hafi verið, að mál út af pöntun þessari skyldi flytja í Nantes í Frakklandi, en ljóst sé, að þetta sé atriði, sem dómurinn taki af sjálfsdáðum til athugunar.

Niðurstaða.

Stefndi hefur tekið til varna í máli þessu án þess að hreyfa nokkrum mótmælum um varnarþing.

Dómurinn tekur ekki til athugunar af sjálfsdáðum, hvort nokkuð sé athugavert við það, að málið sé höfðað hér á varnarþingi stefnda.

Forsvarsmaður stefnda, Pétur Ingólfsson, ritaði bréf til stefnanda hinn 12. mars 1979 með athugasemdum um vörusendingu frá stefnanda, sem hann hafði pantað og sem honum hafði borist í febrúarbyrjun 1978. Í bréfinu segir forsvarsmaður stefnda, að hann hefði átt að rita stefnanda fyrr, og biðst afsökunar á seinlæti sínu. Þessar kvartanir stefnda í verslunarkaupum voru allt of seint fram komnar, þar sem allir frestir til slíkra mótmæla voru löngu út runnir, hvort sem litið er til skilmála á pöntunarblaði aðilja eða til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Forsvarsmaður stefnda hefur hér fyrir dómi leitast við að halda því fram, að hann hafi komið athugasemdum á framfæri við stefnanda símleiðis í tæka tíð. Gegn andmælum stefnanda er fullyrðing þessi ósönnuð, enda er ekkert í málinu, sem styður hana.

Stefndi hefur ekki andmælt kröfu stefnanda, hvað fjárhæð snertir. Þar sem ekkert er komið fram í málinu, sem réttlætt getur synjun stefnda á greiðslu, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma stefnda til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina með vöxtum, eins og krafist er, og málskostnað, sem ákveðst gkr. 850.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, Pétur Sigurðsson kaupmaður og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Ingólfsson f. h. Verslunarinnar Viktoríu, greiði stefnanda, Páli Arnóri Pálssyni héraðsdómslögmanni f. h. S. A. R. L. ELGI, franska franka 31.114.00 með 16% ársvöxtum frá 1. febrúar 1978 til greiðsludags og kr. 850.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1983.

Nr. 171/1983. **Haukur Leósson**
gegn
Tómasi Zoëga.

Kærumál. Útgáfa uppboðsafsals. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1983, sem barst Hæstarétti 2. september 1983. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að synjað verði kröfu varnaraðilja um útgáfu uppboðsafsals fyrir fasteigninni Viðjugerði 8 í Reykjavík að svo stöddu. Til vara krefst hann, að afsal verði gefið út til varnaraðilja „gegn greiðslu á vöxtum af uppboðskaupverði þannig: 34% af kr. 185.257 frá 5/4 1982 til 5/6 1982, en af kr. 1.983.257 frá þ. d. til 1/11 1982, en 42% ársvöxtum af kr. 1. 983.25 frá þ. d. til greiðsludags hinn 7/7 1983." Sóknaraðili krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lagaheimild brestur til, að sóknaraðili beri mál þetta undir Hæstarétt með kæru, sbr. e lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Haukur Leósson, greiði varnaraðilja, Tómasi Zoëga, 3.000.00 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1983.

Sóknaraðili, Tómas Zoëga læknir, hefur gert þær réttarkröfur, að uppboðsrétturinn gefi þegar í stað út afsal til hans fyrir fasteigninni nr. 8 við

Viðjugerði hér í borg og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja, Hauks Leóssonar, Viðjugerði 8.

Varnaraðili, Haukur Leósson, hefur krafist þess aðallega, að synjað verði að svo stöddu um útgáfu afsals, en *til vara,* að afsal verði gefið út til sóknaraðilja gegn greiðslu vaxta af uppboðsverðinu þannig: 34% ársvaxta af kr. 183.257.00 frá 5. apríl 1982 til 5. júní s. á., en af kr. 1.983.257.00 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, og 42% ársvaxta af kr. 1.983.257.00 frá þeim degi til greiðsludags, 7. júlí 1983. Þess er krafist, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fór fram þann 16. þ. mán.

Fasteignin nr. 8 við Viðjugerði hér í borg var boðin upp á nauðungaruppboði þann 23. mars 1982. Hæstbjóðandi varð Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og nam boð hans kr. 2.400.000.00.

Uppboðsskilmálar voru hinir tíðkanlegu hér í borg. Skyldi kaupandi greiða ¼ hluta boðsins, um leið og það yrði samþykkt, en eftirstöðvar skyldu greiðast innan tveggja mánaða frá samþykki að svo miklu leyti sem þær fengju ekki að hvíla áfram á eigninni. Er kaupandi hefði þannig efnt uppboðsskilmála, skyldi hann fá afsal gefið út fyrir eigninni.

Við réttarhald í uppboðsrétti þann 5. apríl 1982 framseldi hæstbjóðandi Tómasi Zoëga boð sitt, og stóð Tómas um leið skil á ¼ hluta boðsins. Jafnframt greiddi hann allan kostnað uppboðsins. Var boðið um leið samþykkt.

Er Tómas bauð fram eftirstöðvar uppboðsverðsins þann 7. júní 1982 og krafðist jafnframt útgáfu uppboðsafsals, hafði uppboðsþolinn, Haukur Leósson, áfrýjað uppboðinu til Hæstaréttar. Mátti því ekki að svo búnu gefa afsal, sbr. ákvæði 33. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1949. Fór engin greiðsla þá fram af hálfu Tómasar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 29. júní 1983, var uppboðið staðfest.

Tómas Zoëga greiddi eftirstöðvar boðs síns þann 7. júlí 1983 og krafðist jafnframt útgáfu uppboðsafsals sér til handa. Höfðu þá borist mótmæli Hauks Leóssonar gegn útgáfu afsals. Í réttarhaldi í uppboðsréttinum þann 26. júlí sl. var ákveðið, að um ágreining þennan yrði rekið sérstakt uppboðsréttarmál. Það mál er hér til úrskurðar.

Af hálfu sóknaraðilja, Tómasar Zoëga, er það staðhæft, að hann hafi efnt uppboðsskilmála að öllu leyti og eigi því kröfu til þess að fá uppboðsafsal útgefið. Dráttur sá, er orðið hafi á efndum uppboðskaupanna, sé aðeins varnaraðilja, Hauki Leóssyni, að kenna, einkum áfrýjun þeirri, er hann hafi ráðist í. Sóknaraðili bendir á það, að stofnast hafi gagnkvæmur

samningur við samþykki boðs, annars vegar hafi átt að greiða uppboðsverðið, hins vegar að gefa afsal fyrir eigninni. Nú hafi uppboðsrétturinn ekki mátt inna af hendi þá samningsskyldu að gefa út afsal, enda þótt skil uppboðsverðs væru boðin fram, og að sama skapi hafi þá frestast sín skylda til að greiða uppboðsverðið, uns þeirri efndahindrun, er áfrýjun varnaraðilja hafði komið til vegar, yrði rutt úr vegi með staðfestingu uppboðsins í Hæstarétti. Þetta leiði af almennum reglum, sbr. t. d. 14. gr. laga nr. 30/1922, sbr. jafnframt 7. gr. uppboðsskilmálanna. Sé því ekki um það að ræða, að stofnast hafi nokkur skylda sóknaraðilja til að svara vöxtum af boðinu, og slík skylda verði ekki leidd af öðrum atvikum, svo sem verðhækkun hér umræddrar fasteignar frá uppboðsdegi, eða af ákvæðum uppboðsskilmála.

Því er haldið fram af varnaraðilja hálfu, að hann hafi haft alla ástæðu til þess að láta reyna á lögmæti uppboðsins fyrir Hæstarétti. Áfrýjun hafi staðið því í vegi, að uppboðskaupum mætti ljúka. Engu að síður hafi sóknaraðili átt að greiða uppboðsverðið á þeim gjalddögum, sem ljóslega voru tilteknir í skilmálum þeim, sem hann hafði skilyrðislaust undirgengist, ef hann vildi fá uppboðsafsal. Skilmálar geymi engin ákvæði um frávik frá gjalddögum og gagnkvæmni sú, sem sóknaraðili hafi haldið fram og byggt á, eigi ekki við í kaupum sem þessum, hvorki samkvæmt almennum reglum né samkvæmt skilmálum. Enda þótt tíðkað sé að beita ákvæðum lausafjárkauplaga nr. 39/1922 um fasteignakaup að vissu leyti, þá séu kaup við nauðungaruppboð frábrugðin almennum fasteignakaupum að því leyti t. d., að uppboðsþoli sé ekki seljandi og ráði engu um söluskilmála.

Það sé þannig ljóst, að sóknaraðili hafi átt að efna skilmála að sínu leyti. Hann hafi kosið að láta það undan fallast og verði því að greiða vexti af uppboðsfénu allt til þess, er hann greiddi loks þann 7. júlí 1983. Þess sé jafnframt að gæta, að nú orðið séu vextir ekki aðeins leiga af peningum og bætur fyrir greiðsludrátt, heldur og bætur fyrir verðrýrnun peninga, og er á það sé jafnframt litið, hve fasteignaverð hafi hækkað hér í borg, frá því uppboð fór fram, væri sú niðurstaða ósanngjörn, ef sóknaraðili skyldi ekki greiða vexti, er varnaraðili mundi þá verða krafinn um. Vera megi, að veðhafar í eigninni hafi rétt til þess að reikna upp kröfur sínar miðað við greiðslu 1983 frá því 1982, er frumvarp til úthlutunargerðar var gert.

Eins og mál þetta er vaxið, verður að líta svo á, að með greiðslu sinni á uppboðsverðinu, kr. 2.400.000.00, hafi sóknaraðili, Tómas Zoëga, efnt uppboðsskilmála og beri því að taka til greina kröfu hans um útgáfu uppboðsafsals honum til handa.

Málskostnaður á að falla niður í uppboðsréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboðsafsal skal gefið út fyrir fasteigninni Viðjugerði 8 til sóknaraðilja, Tómasar Zoëga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. september 1983.

Nr. 53/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hallgrími Inga Hallgrímssyni
(Örn Clausen hrl.).

Sýknað af ákæru um tilraun til manndráps. Líkamsárás samkv. 2. mgr. 218. gr. alm. hegningarlaga. Tilraun til nauðgunar. Brot gegn 1. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 15. febrúar 1983 áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 refsingu til þyngingar. Krefst hann þess, „að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði ákveðin eigi undir 12 ára fangels.“

Ágrip barst Hæstarétti 28. júní 1983.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði aðeins refsað samkvæmt 218. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýknaður af ákæru fyrir brot á 194. gr., sbr. 20. gr., og 211. gr., sbr. 20. gr., og 202. og 220. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmd málsvarnar- og réttargæslulaun.

I.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hefur Læknaráð að ósk ríkissaksóknara látið uppi álit á niðurstöðum í álitsgerð Karls Strand geðlæknis um geðhagi og sakhæfi ákærða. Í ályktun ráðsins 8. júní 1983 er fallist á niðurstöður læknisins.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð Stefáns Skaftasonar yfirlæknis, dags. 20. september 1983, um heilsuhagi A. Segir þar, að niðurstöður heyrnarrannsóknar, sem fram fóru dag þann, er vottorð var samið, séu „að heita má nákvæmlega eins" og þær, er greinir í vottorði yfirlæknisins 18. nóvember 1982, sem rakið er í héraðsdómi. Þá segir svo m. a. í vottorðinu: „Ég er sannfærður um, að þessa heyrnarskemmd má rekja til áðurnefnds höfuðáverka, og byggi ég það af (svo) reynslu minni af niðurstöðum á heyrnarrannsóknasjúklingum, er hlotið hafa slíka höfuðáverka.

Auk þess vil ég geta þess, að A fékk lömun í vinstri andlitshelming vegna höfuðkúpubrotsins, en við það skarst í sundur andlitstaugin á leið sinni í gegnum miðeyra.

Gerðar voru tvær aðgerðir á sjúklingi til að tengja saman taugarenda, önnur af undirrituðum hér á Íslandi, en hin í Ameríku. Við skoðun í dag virðist komin töluverð hreyfing í kringum vinstra munnvik og vinstra auga, en engin í enni vi. megin, og hafa því aðgerðir þessar borið allgóðan árangur.

Þess er aftur á móti ekki að vænta, að heyrn sjúklings batni miðað við það, sem nú er í dag, og tel ég heyrnarskerðingu þá, er A varð fyrir við áðurnefndan áverka, valda henni allnokkrum erfiðleikum við skynjun máls, sérstaklega í margmenni."

II.

Samkvæmt sakargögnum er ákærði sannur að sök um hrottafengna og stórfellda líkamsárás og misþyrmingu á stúlkunni A, sem þá var aðeins 15 ára gömul.

Er læknisgögnum um hinar afdrifaríku og sumpart varanlegu afleiðingar atlögunnar fyrir heilsu stúlkunnar rækilega lýst í héraðsdómi, sbr. og læknisvottorð það, er greinir hér að framan.

Fallast ber á það mat héraðsdómara, að varhugavert sé að telja, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að verða stúlkunni að bana eða að langlíklegast hafi mátt telja, svo sem málið horfði við

ákærða, að líkamsárásin mundi hafa dauða stúlkunnar í för með sér. Ber samkvæmt því að staðfesta héraðsdóm um sýknu af ákæru fyrir brot á 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu samkvæmt 218. gr., 2. mgr., sömu laga, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr., er gengu í gildi 1. október 1981, svo og varðandi brot á 220. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sjálfur lýst því í skýrslum sínum, að hann hafi ætlað sér að komast yfir stúlkuna, en hafi orðið ofsareiður, er hún vildi ekki þýðast hann. Þá lýsir hann því einnig, þ. á m. í dómskýrslu, að hann hafi haft tilburði til að hafa samfarir við stúlkuna, er hún var orðin rænulaus. Eru skýrslur hans um þetta þó að vísu hvarflandi og tímaröð atburða óviss. Gögn um það, hvernig stúlkan var útleikin, mjög blóðug og særð, m. a. á brjóstum og kynfærum, og nærbuxur teknar niður um hana og hún klæðlítil að öðru leyti, svo og önnur verksummerki samkvæmt vettvangskönnun veita því mikla stoð, að ákærði hafi haft tilburði til að eiga samfarir við stúlkuna að óvilja hennar. Frá þessari fyrirætlan sinni hvarf hann af ástæðu, sem hann greinir og um getur í héraðsdómi. Þegar allt þetta er virt, þykir atferli ákærða einnig varða við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur sakargögn, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga með verknaði þeim, er lýst er í ákæru.

Með vísan til álitsgerðar geðlæknis og sálfræðings og staðfestingar Læknaráðs á niðurstöðum geðlæknis verður að telja ákærða sakhæfan.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði gerðist sekur um stórfellda og stórháskalega líkamsárás, þar sem beitt var hættulegu verkfæri gegn viðkvæmum líkamshlutum og högg greidd í höfuð árásarþola með grjóti. Hann skildi stúlkuna eftir á afviknum stað á vetrarkveldi, klæðlitla, mjög særða og rænulausa. Ráðstafanir þær, er hann gerði til þess, að sjúkralið yrði kvatt á vettvang, voru ónógar, og ekki gekk hann úr skugga um, hvort þær hefðu komið að haldi. Við refsiákvörðun ber að taka tillit til sakaferlis hans, sem lýst er í héraðsdómi. Þykir refsing hans með vísan til þessa og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í hin-

um áfrýjaða dómi, en gæsluvarðhaldsvist, er ákærði hefur sætt óslitið frá 6. desember 1981, á að koma refsivist hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdómara á að vera óröskuð, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, Hallgríms Inga Hallgrímssonar, óslitið frá 6. desember 1981 á að koma refsivist til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óhaggað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. desember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 7. desember, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 483/1982: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Inga Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms 15. f. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 29. júlí sl., gegn „Hallgrími Inga Hallgrímssyni, Þverholti 18 E, Reykjavík, fæddum þar í borg 20. júlí 1953, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Fyrir tilraun til manndráps, líkamsárás og tilraun til nauðgunar með því að hafa á tímabilinu kl. 20 — 22 föstudagskvöldið 4. desember 1981 veist með hrottafengnum og lífshættulegum hætti að stúlkunni A, Reykjavík, fæddri 1966, á lóðinni og í skúr við húsið Þverholt 18 B í Reykjavík, en þangað hafði ákærði fengið stúlkuna til að fylgja sér, barið hana með steini nokkur högg í höfuðið, þannig að hún missti rænu, stungið hana með skrúfjárni stungur í höfuð og andlit og á brjóst og læri, rifið hana úr öllum fötum nema nærskyrtu og haft í frammi tilburði til samfara við hana rænulausa, borið logandi kveikjara að kynfærum hennar og brjóst-

um, en yfirgefið hana síðan rænulausa, liggjandi úti, þar sem hitastig var lítið eitt yfir frostmarki, og eigi gert neinar viðhlítandi ráðstafanir til þess að tilkynna um ástand hennar, sem til þess leiddi, að stúlkan fannst af hreinni tilviljun og var ekki flutt á sjúkrahús fyrr en um kl. 02 um nóttina. Við skoðun á Slysadeild var ástand hennar og ákomur með eftirgreindum hætti: Hún var rænulaus, og hiti mældist neðan við 34° C, alblóðug í andliti og á höfði og með skurði og sár á vinstri kinn, enni og í hnakka og aftan við eyra, sem var tætt og marið. Allur hægri andlitshelmingur var marinn og blár, og þar voru um það bil 19 lítil stungusár og áverki og blæðing á hægra auga. Roðarendur voru á hálsi og á vinstra brjósti, og upp frá því voru 21 stungusár, og framan á vinstra læri, litlu neðan við nára, 5 stungusár. Á vinstri geirvörtu og á bletti út frá henni, á kynfærum og á innanverðum báðum lærum voru brunasvæði með III° bruna. Skrámur, marblettir og fleiður voru á vinstri fæti og hægri hendi og úlnlið, og vinstra lunga var samanfallið. Á langri sjúkrahúsvist undirgekkst hún margar skurðaðgerðir, þ. á m. vegna heyrnardeyfu svo og æðaskemmda í höfði og lömunar í andliti, en þær afleiðingar atlögunnar auk ýmissa annarra munu varanlegar.

Atferli ákærða telst varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 um breyting á þeim lögum, 194. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

II. Fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. desember 1981 brotist inn í Safnarabúðina, Frakkastíg 7 í Reykjavík, og stolið 260 segulbandsspólum (kasettum) með tólist, einu útvarps- og segulbandstæki og peningakassa.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur í málinu, að hann verði sýknaður af ákæru um tilraun til manndráps og nauðgunar og brots á 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hann verði aðeins dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot á 218. gr. og 244. gr. laganna. Þá er þess krafist, að verjandanum verði dæmd hæfileg réttargæslu- og málflutningslaun.

Í skýrslu Þórs Gunnlaugssonar lögregluþjóns segir að kl. 2235 laugardaginn 5. desember 1981 hafi ölvaður maður hringt á slökkvistöðina og tilkynnt um mann, illa á sig kominn, sem lægi í götunni við Þverholt 18. Sjúkrabifreið og lögreglubifreið fóru á vettvang. Þrátt fyrir ítrekaða leit í Þverholti og á Rauðarárstíg fannst enginn maður. Því var talið, að um gabb væri að ræða.

Í sömu skýrslu segir, að kl. 0155 næstu nótt hafi Andrés Sigurðsson, Þverholti 18 A, fæddur 6. júní 1953, tilkynnt lögreglunni, að mikið slösuð stúlka væri í skúr við hús nr. 18 í Þverholti. Á vettvangi vísaði Andrés lögreglumönnum á stúlku, sem lá á hurð, að mestu inni í skúr, en fætur voru þó rétt utan við dyragættina. Gluggaplast hafði verið breitt yfir blóðugan líkama hennar, sem var að mestu nakinn. Andlitið var mjög illa farið og korraði í stúlkunni. Hún var mjög köld viðkomu og kynfæri hennar blóðug. Lögreglumennirnir hlúðu að rænulausri stúlkunni eftir föngum og óskuðu eftir sjúkrabifreið. Stúlkunni virtist hafa verið nauðgað, þar sem föt hennar voru bæði í skúrnum og fyrir utan hann auk fleiri muna, svo sem lítils skrúfjárns með rauðu skafti.

Ákærða í málinu hafði verið sleppt úr fangageymslu lögreglunnar kl. 2239 3. s. m., og minntist fangavörður þar, Steinunn Hansdóttir, þess, að ákærða voru við brottför afhent tvö lítil rauð skrúfjárn. Ákærði var þá þegar eftirlýstur, og var hann fljótlega handtekinn í Pósthússtræti. Ákærði var með blóðbletti á buxum og höndum, svo og var hann aurugur. Hann hafði meðferðis skrúfjárn sömu tegundar og fannst á vettvangi. Einnig var hann með svokallaða tíðatappa og kvenúr af gerðinni Jacuet Doros nr. 1848. Ákærði var færður til blóðtöku kl. 0400.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn kl. 0200. Sigurbjörn V. Eggertsson gerði skýrslu um athugun á vettvangi. Í henni segir: „Umræddur skúr er járnsleginn timburskúr, suð—austan við húsið Þverholt 18 A, og er hann sambyggður öðrum skúr.

Gengið er inn í skúrinn á vesturhlið, og er mikið af alls konar drasli í skúrnum og hann sjáanlega í óhirðu og löngu búið að brjóta hurðina af lömum. Hurðin liggur ofan á drasli inni í skúrnum, og stendur annar endi hennar ca. 30 cm út fyrir dyrastaf. Ofan á hurðinni og til hliðar við hana liggur stórt gluggaplast, og er það talsvert blóðugt. Mikið blóð er innst á hurðinni svo og á bútum af einangrunarplasti, sem liggja á henni. Innst á hurðinni liggur píramídalagaður lófastór steinn, og er hann mikið blóðugur. Einnig er ofan á hurðinni hvítur sokkur, og er blóð á honum.

Til hægri, þegar komið er inn i skúrinn, liggur svartur öklahár hægrifótarskór ofan á gluggaplastinu, og er hann með tveimur rennilásum sitt hvoru megin við ristina. Einnig er þar gömul og rifin vattúlpa með hettu, og er blóð í henni.

Til vinstri innan við dyrnar liggur snælda (kasetta) „The great Johnny Cash“ og litljósmynd af sjö unglingum, og er hún blóðug.

Innst í skúrnum undir hillu á austurvegg liggur hvítur plastpoki, og er lítilsháttar blóðkám á honum. Í pokanum er ein óátekin hvítvínsflaska af tegundinni „Carmel Hock“ frá Ísrael og fjórar rafhlöður 1,5 v af tegundinni „National.“

Utan við dyrnar er ýmiss konar drasl, en til hægri liggur á jörðinni vesti, sem rifið er í sundur að aftan. Í einum vasa vestisins er púðurdós og átekinn Camel—filter sígarettupakki og í öðrum vasa félagsskírteini, útgefið af Æskulýðsráði Reykjavíkur með yfirskriftinni „Þróttheimar" nr. 124. Á skírteinið er vélritað nafnið A, fædd '64, s.". Hjá vestinu liggur jakki mjög óhreinn, og í vasa hans er hvítur fingravettlingur.

Til vinstri utan við dyrnar er tréfleki, og ofan á honum er hvítur sokkur. Undir vestari enda flekans er tóm hvítvínsflaska sömu tegundar og sú, er fannst í plastpokanum. Þrem metrum vestan við dyrnar liggur svartur vinstri-fótarskór sömu tegundar og fannst inni. Fyrir vestan skóinn liggur grannt skrúfjárn með rauðu plasthaldi.

Á suðurhlið er glerlaus gluggi. Blóðkám er á bárujárninu neðarlega, í grasi og á stórum steini við húshliðina.

Á austurhlið er blóðkám á bárujárninu neðarlega og í grasi við skúrinn. Þar í litlu skoti liggur á jörðinni lítil peningabudda, „tíðatappar," tegund „ob,"og græn hárgreiða nokkuð austar. Við skúrhliðina liggur hvítur fingravettlingur, og er blóð á honum.

Skammt austan við suðurhorn skúrsins liggja tvær litlar hvítar tölur á jörðinni, og hafa þær sjáanlega verið festar með rauðum tvinna. Á jörðinni við skúrhornið liggur hnefastór steinn, og má greina ljós hár á honum."

Sigurbjörn V. Eggertsson gerði einnig sérstakar skýrslur um lýsingu á fatnaði ákærða og stúlkunnar. Eru þær á þessa leið:

1. Lýsing á fatnaði ákærða:

„Úlpa:

Rauðbleik vatteruð nylon úlpa með hettu og rennilás að framan. Áberandi óhreinindi eru aftan á úlpunni neðst og upp á bak. Óhreinindi og litur úlpunnar gera erfitt að sjá blóð á henni, en við blóðprófun kemur í ljós, að daufar blóðstrokur eru á úlpunni neðarlega að framan, á báðum ermum hennar, við hægri öxl að framan og aftan á hægri olnboga.

Jakki:

Blár gallajakki hnepptur að framan, tegund Mako Jeans. Blóðblettir eru á vinstri kraga og framan á jakkanum ofan og neðan við efstu tölu. Blóðstrokur eru þar fyrir neðan, en þó áberandi mest 8 cm ofan við mitti.

Peysa:

Rauð langerma peysa úr acryl og ullarblöndu. Á peysunni er ekkert að sjá umfram venjulegt slit.

Buxur:

Blåar gallabuxur úr bómullarblöndu, tegund Lee. Buxurnar eru mikið blóðugar að framan frá buxnastreng niður að klofbót og niður báðar skálmar frá lærum og niður úr. Töluvert blóð er aftan á buxunum, en þó mest aftan á hægri skálm.

Nærbuxur:

Bláar stuttar bómullarnærbuxur. Blóðstroka er á miðjum streng að framan, og blóðblettir eru neðan við strenginn. (Sjá ljósmynd).

Sokkar:

Hvítir þykkir hnéháir sokkar. Sokkur hægri fótar er með tveimur áberandi blóðblettum, annar utanvert á rist, en hinn utanvert á kálfa 15 cm ofan við ökkla.

Skór:

Svartir leggháir leðurskór með rennilás innanfótar og 3 cm háum hælum. Skóstærð nr. 8. Á vinstri skó er blóð ofan á rist. Á hægri skó er blóð utan og ofan við rist.

Þar sem talað er um blóð og blóðprófun í skýrslunni, er átt við, að framan-greindir hafa gefið blóðsvörun við Leuco-Malachite Green blóðprófun.

Við handtöku var Hallgrímur Ingi með eftirtalda muni og peninga í vösum: Svart seðlaveski með persónuskilríkjum, ísl. kr. 206.60, danskar kr. 0020, tvo gaskveikjara af tegundinni „Imco 3500" (einnar fyllingar kveikjarar), gulllitað kvennmannsúr með svartri leðuról, tegund „Jaquet-Droz," aftan á það er nr. 1848, átekinn Chesterfield sígarettupakki, nokkrar lausar sígarettur og sígarettustubbar, brotinn eldspýtustokkur, nokkrar lausar eldspýtur ónotaðar, brotin lítil svört hárgreiða, fylling í kúlupenna, nokkrir „tíðatappar" af tegundinni „ob," hulstur utan af snældu (kassettu) merkt „Country Giants," verðmerkt kr. 89.-, lítið skrúfjárn með rauðu haldi 12,8 cm langt, en lengd frá haldi fram á odd er 4,8 cm."

2. Lýsing á fatnaði A:

„Að sögn lækna var A aðeins klædd í nærskyrtu við komuna í Slysadeild og hún klippt utan af henni svo og mjótt hálsbindi, sem hefði verið um háls hennar. Sokkabuxur og gallabuxur hefðu verið um annan ökkla hennar, en annar fatnaður legið laus innan í teppi, sem hefði verið utan um A. Hér á eftir fer lýsing á fatnaði A, annars vegar fatnaði, sem kom með henni í Slysadeild, og hins vegar fatnaði, er fannst á vettvangi.

Fatnaður, sem tekinn var í Slysadeild Borgarspítalans.

Nærbuxur:

Svartar nærbuxur úr teygjanlegu efni. Klofbótin er rifin úr buxunum að framan. Erfitt er að sjá blóð á buxunum, en við blóðprófun kom í ljós, að blóð er til staðar í buxunum að framan.

Nærbolur:

Gráblár stutterma nærbolur, sem klipptur var utan af A í Slysadeild Borgarspítalans. Bolurinn er mikið blóðugur að framan og aftan. (Sjá ljósmynd).

Hálsbindi:

Svart mjótt hálsbindi, sem klippt var sundur í Slysadeild Borgarspítalans.

Bindið er mikið blóðugt.

Skyrta:

Rauðbleik skyrta, stutterma með litlum kraga úr „polyester" og bómullarefni. Skyrtan er hneppt að framan með 7 tölum, og vantar allar tölurnar nema þá neðstu, og er hún saumuð á skyrtuna með rauðum þræði. Skyrtan er alblóðug að aftan og framan frá hálsi og niður úr. (Sjá ljósmyndir).

Sokkabuxur:

Bláar sokkabuxur úr „nylon" teygjuefni. Nokkrar blóðstrokur eru í buxunum að framan, aðallega hægra megin um 8 cm fyrir neðan mitti.

Buxur:

Ljósar tvílitar gallabuxur úr bómullarefni, tegund Lee Cooper. Buxurnar eru mjög óhreinar og blóðugar. Áberandi mest blóð er vinstra megin í streng að framan og framan á hægra læri. Einnig eru buxurnar blóðugar að aftan, mest á vinstra læri. Saumspretta er á 10 cm löngum kafla innanvert á hægri buxnaskálm, 2 cm frá klofbót.

Hér á eftir fer lýsing á fatnaði, sem fannst á vettvangi:

Sokkar:

Hvítir þykkir ökklaháir sokkar. Blóð er á báðum sokkunum. Ofan við hæl og aftan til á öðrum þeirra eru blóðstrokur. Áberandi meira blóð er á hinum sokknum (þeim er fannst inni í skúrnum), en á honum er blóðblettur ofan á rist og blóðstrokur aftan á.

Fingravettlingar:

Hvítir prjónaðir fingravettlingar úr ullarefni. Á vinstri handar vettling (sem fannst austan við skúrinn) eru blóðblettir lófamegin á stroffi og niður á handarjaðar. Ekkert athugavert er að sjá á hægri handar vettling (sem fannst í hægri jakkavasa A, en jakkinn fannst á jörðunni vestan við skúrinn).

Vesti:

Dökkt vesti með gráum röndum (langröndótt) úr klæði, silkifóðrað. (Fannst á jörðinni vestan við skúrinn). Vestið er hneppt að framan með 5 tölum, og eru þær allar á því. Það er hengilrifið, þannig að bak vestisins er rifið beggja vegna frá hliðunum að aftan og vinstri helmingur einnig rifinn frá að ofan, þ. e. við öxl. Mikið blóð er á innan— og utanverðu fóðrinu að ofan og á innanverðu fóðrinu frá hægri öxl niður á brjóst. Á vinstri hluta vestisins frá öxl og niður á innan á vasa, sem er á neðri hluta þess helmings. Framan á vestinu báðum megin við hálsmál eru blóðstrokur á 7 — 8 cm löngum kafla. Blóðblettur er á miðjum hægri helmingi að framan, 15 cm neðan við öxl. Mikil óhreinindi eru á vestinu. Á vinstri helmingi vestisins, að framan eru tvö merki (hringlaga nælur) með erlendri áletrun.

Jakki:

Svartur karlmannsjakki úr klæði, silkifóðraður, einhnepptur með þremur tölum merktur Föt h.f. Reykjavík. (Jakkinn fannst á jörðinni vestan við skúrinn). Jakkinn er mjög óhreinn, þ. e. moldarklessur aftan og framan á honum. Vinstri ermin er inni í jakkanum (sennilega vegna þess að jakkinn hefur verið dreginn af handleggnum). Jakkinn er mikið blóðugur við hálsmál, bæði að aftan og framn. Blóð er einnig framan á jakkanum við axlir og blóðflekkur á móts við efstu og næst efstu tölur hægra megin að framan. Blóblettir eru á og ofan við brjóstvasa á vinstri hlið að framan. Blóðstrokur á uppbroti framan á hægri ermi og á utanverðum hægri olboga. Stórir blóðflekkir eru aftan á jakkanum neðan við hálsmál og niður á herðablöð, og blóðstrokur ná niður á bak 25 cm frá hálsmáli.

Skór:

Svartir ökklaháir leðurskór með þverrifluðum gúmmísólum. Skórnir eru fóðraðir og með rennilásum sitt hvoru megin við rist. Skóstærð nr. 39. Töluvert blóð er á vinstri skó utanverðum. Blóð er á hægri skó að utanverðu aftan við rennilás. Einnig blóðdropi ofan á rist að framan. Töluvert blóðkám er á innanverðum hægri skónum ofan og aftan við rennilás, eins og eftir fingurfar.

Þar sem talað er um blóð og blóðprófun í skýrslunni, er átt við, að framangreindir blettir hafa gefið blóðsvörun við Leuco—Malachite Green blóðprófun."

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var hiti kl. 1800 4. desember 1981 2.2 stig, kl. 2100 2.4 stig og kl. 2400 2.1 stig. Þann 5. desember var hitastigið kl. 0300 1.6 stig. Veðurhæð var á þessum tíma 1—2 stig, en mesta veðurhæð milli athugana 1—3 stig.

Vitnið Andrés Björn Lingberg Sigurðsson vélstjóri, nú til heimilis að Brekkubæ 10, áður að Þverholti 18 A, fæddur 7. júní 1953 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið heim til sín frá Austurbæjaríói ásamt fleirum að aflokinni miðnætursýningu Leikfélags Reykjavíkur. Vitnið stytti sér leið frá Rauðarárstíg með því að fara um lóðina hjá Ísaga h/f og síðan yfir lágreistan vegg. Er vitnið kom upp á vegginn, sunnan og vestan við Þverholt 18 A, heyrði það stunur, mjög lágar. Vitnið taldi í fyrstu, að þetta hljóð kæmi frá húsinu, en áttaði sig síðar og gekk á hljóðið. Er vitnið kom að skúr, sem stendur austan og sunnan við húsið, sá það í fót á mennskju og bert læri. Buxurnar voru um ökklann. Vitnið gerði sér strax grein fyrir, að þarna væri um kvenmann að ræða, sem líklega hefði verið tekið með valdi. Mikið myrkur var þarna, en vitnið sá samt móta fyrir höfði, og fannst vitninu andlitið vera mjög dökkt. Plast var yfir stúlkunni og huldi hana að mestu. Vitnið sá mikið blóð á andlitinu. Vitnið hljóp strax inn til sín og lét lögregluna vita. Eftir það fór vitnið inn í skúrinn

með teppi og lagði yfir hana. Þar eð vitninu fannst það dragast, að lögreglan kæmi, hringdi það á nýjan leik. Stuttu seinna kom lögreglan og sjúkrabifreið. Vitnið og eiginkona þess fóru út kl. 2000 kvöldið áður og komu aftur heim kl. 2300. Síðan fóru þau eftir skamma stund á leiksýninguna. Á meðan þau dvöldu heima, urðu þau hvorki vör mannaferða né heyrðu neitt óvenjulegt.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögregluþjónn, nú til heimilis að Suðurvegi 2, Skagaströnd, fæddur 14. desember 1946 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt frá kl. 2000 til kl. 0600 á laugardagsmorgun og verið skráður ökumaður lögreglubifreiðar. Kl. 2235, er bifreið vitnisins var stödd á Breiðholtsbraut, var vitnið beðið að fara að Þverholti 18, „en þangað væri sjúkrabifreið að fara vegna manns, sem lægi þar í götunni." Vitnið setti á ljós— og hljóðmerki til forgangs og ók rakleitt í Þverholt. Vitnið ók í norður frá Háteigsvegi og að Stórholti. Vitnið svipaðist um eftir manni í götunni og til hliðar við hana, en varð ekki var við neinn. Vitnið sneri þá við og ók suður Þverholt að Háteigsvegi. Þar hitti vitnið slökkviliðsmenn á sjúkrabifreið. Þeir kváðust vera búnir að aka Þverholtið báðum megin og Rauðarárstíg, en ekkert séð. Því töldu þeir, að um gabb hefði verið að ræða. Vitnið ók þá Rauðarárstíg til norðurs, en varð einskis vart. Vitnið sagði, að lögreglumennirnir hefðu ekki farið út úr bifreiðinni til athugunar, en þeir lýstu upp svæðið báðum megin Þverholtsins, en sáu engan mann, hvorki liggjandi né uppistandandi.

Seinna útkallið í Þverholt barst kl. 0155. Vitnið taldi, að það hefði þá verið í bifreiðinni, statt í hverfinu. Vitnið var fljótt að Þverholti 18. Þar var fyrir ungur maður, sem vísaði á stúlkuna í skúrnum. Vitnið lýsti inn í skúrinn með vasaljósi. Þá sá vitnið, að kona lá á bakinu ofan á hurð, og var teppi breytt yfir hana. Til hliðar við konuna var plast, sem var talsvert blóðugt. Stúlkan var að mestu nakin og buxurnar niður um ökkla, höfuðið, brjóstin og lífið atað blóði. Við viðkomu reyndist fótur hennar vera mjög kaldur. Stúlkan lá með vinstri fót því sem næst beinan, og náði hann aðeins út fyrir hurðina, en hægri fótur hennar var aðeins krepptur og út til hliðar. Höfuðið hallaði aðeins til vinstri, og á hurðinni við háls hennar, undir hægra eyra, var grjót. Vitnið sá, að blóð var á þeim hluta þess, sem sneri upp.

Lögreglumennirnir Valgarður Sveinn Hafdal og Óskar Kristjánsson, sem voru með vitninu Þór Gunnlaugssyni í báðum útköllunum, hafa skýrt frá með svipuðum hætti. Þeir töldu þó, að þeir hefðu verið á Breiðholtsbraut (Reykjanesbraut), er seinna útkallið kom, en í hverfinu eða á lögreglustöðinni, er hið fyrra barst.

Vitnið Stefán Steingrímsson brunavörður, Engihjalla 1, Kópavogi, fæddur 15. mars 1950 í Reykjavík, hefur borið, að hann hafi verið sendur ásamt

Gunnari Jónssyni brunaverði á sjúkrabifreið að Þverholti 18 kl. 2230, „Þar hefðu verið slagsmál og maður laminn þar til óbóta og væri hann úti og neðan við húsið.“ Þeir óku að húsi í Þverholti, sem þeir töldu vera nr. 18, verksmiðjuhúsi norðan við Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, sem er númer 20. Vitnið fór út úr bílnum og barði að dyrum á ljóslausu húsinu. Enginn svaraði. Á meðan kom lögreglubifreið á vettvang. Brunaverðirnir óku þá norður Þverholtið, sneru síðan við og óku aftur suður götuna rólega. Jafnframt leituðu þeir meðfram veginum. Þeir urðu einskis varir. Því óku þeir niður á Rauðarárstíg og norður hann að húsi nr. 31. Þar óku þeir inn á lóðina, þar sem bílaleigan Falur var áður. Sú lóð er á bak við hús nr. 18 við Þverholt. Ekki urðu þeir neins varir þarna á lóðinni. Þeir óku síðan aftur á Rauðarárstíg og hittu þar aftur á lögreglubifreiðina. Lögreglumennirnir kváðust vera búnir að aka þarna um og ekki orðið neins varir. Brunaverðirnir óku þá norður Rauðarárstíg, austur Stórholt og suður Þverholt að húsi nr. 18 (áðurgreindu verksmiðjuhúsi). Þar fór vitnið aftur út úr bifreiðinni og athugaði betur við húsið og inn í sund við hliðina. Þá fór vitnið upp á þak húsnæðis, sem Falur hafði. Vitnið gekk eftir því og meðfram þakbrúninni án þess að verða vart við neitt. Eftir þetta var talið, að um gabb væri að ræða, og var leitinni hætt.

Seinna útkallið barst um kl. 0200. Þá var vitnið Stefán og Gunnar aftur staddir á slökkvistöðinni. Lögreglan var á vettvangi og vísaði á stúlku, illa útleikna, sem var inni í skúr á lóðinni. Hún umlaði stöðugt með korrandi andardrætti, en mjög lágt. Stúlkan var aðeins í bol að ofan, en ber að neðan, nema hvað buxur voru um annan ökklann. Mikið storknað blóð var á andliti stúlkunnar. Vitnið sá einnig, að einhver sár voru á brjósti og einhverjir áverkar á lífi. Brunaverðirnir fluttu síðan stúlkuna á Borgarspítalann.

Gunnar Jónsson brunavörður hefur skýrt frá á svipaðan hátt.

Vitnið Logi Már Einarsson brunavörður, Hæðargarði 34, fæddur 4. ágúst 1955 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi tekið við símaboðum frá ókunnugum tilkynnanda, sem varð tilefni þess, að sjúkrabifreið var send í Þverholtið. Vitnið kvaðst muna nokkuð glöggt eftir þessu símtali, sér hafi fundist grunsamlegt, hvað tilkynnandi var rólegur. Tilkynnandi sagði, að slagsmál hefðu verið fyrir neðan hús eitt í Þverholti, sem vitnið mundi ekki lengur númer á. Vitnið kvaðst hafa gefið sjúkrabifreið viðeigandi ljósmerki og jafnframt komið framangreindum skilaboðum um hátalarakerfið. Jafnframt var lögreglan látin vita um beinu línuna. Vitnið hélt síðan áfram að tala við tilkynnanda, en sér hefði ekki tekist að veiða neitt meira upp úr honum. Brunaverðirnir höfðu samband við vitnið frá vettvangi. Þeir hefðu ekkert fundið og lögreglan væri komin. Þeir kváðust þó ætla að leita frekar og tilkynntu síðar, að þeir hefðu ekkert fundið og lög-

reglan væri farin. Ekki mundi vitnið eftir, að brunaverðirnir hefðu beðið um frekari upplýsingar, á meðan þeir voru á vettvangi, en vitnið taldi það líklegt, því slíkt væri venja. Ekki minntist vitnið þess, að fjarskiptamiðstöð lögreglunnar hefði leitað nánari skýringa á kvaðningunni. Loks taldi vitnið víst, að það hefði sagt mönnunum á sjúkrabifreiðinni, að þetta væri fyrir neðan Þverholt 18, og það hafi ítrekað það við þá á vettvangi.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla rannsóknarlögreglu ríkisins um eftirritun af hljóðritun á ofangreindri tilkynningu. Upphaf tilkynningar er tímasett kl. 22.33.10, en lok 22.34.10. Endurritunin er á þessa leið:

„„Slökkvistöðin.“
„Fengið sjúkrabíl í Þverholt 18?“
„Í?“
„Þverholt 18.“
„Já, hvar í húsinu?“
„Ee, það er einhvers staðar fyrir utan vinn .... einhvers staðar.“
„Hvað segirðu.“
„Það er fyrir neðan einhvers staðar .. fyrir .. Þverholt 18.“
„Fyrir? “
„Neðan Þverholt 18.“
„Þverholt 18?“
„Yes“
„Hvað er um að vera þar?“
„Ha?“
„Hvað er að ske?“
„Það eru slagsmál eða eitthvað svoleiðis“
„Slagsmál já, og?“
„Það er gult hús“
„Já já, heyrðu bíddu“
„Ha, haló, hvað segirðu?“
„Bíddu aðeins“
„Ég held hann sé að deyja (þögn smá stund) haló — haló“
„Já bíða andartak, ég er að senda bílinn“
„Yes“
„Heyrðu, fyrirgefðu, hérna — bíllinn er á leiðinni, hva, eru slagsmál þarna fyrir neðan Þverholt 18 eða í Þverholti 18?“
„Liggur fyrir neðan Þverholt 18“
„Fyrir neðan Þverholt?“
„Já, hann liggur þar fyrir utan eða ...“
„Já já, veistu nokkuð meira um þetta?“
„Nei ekki neitt“

„Allt í lagi, bíllinn er á leiðinni“

„Já, þakka þér fyrir“

„Já, blessaður “ “

Vitnið Aðalsteinn Rúnar Björnsson verkamaður, Ferjubakka 16 hér í borg, fæddur 3. mars 1966, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að koma út úr húsi við Þorfinnsgötu um kl. 2215 umrætt föstudagskvöld. Gekk vitnið norður Snorrabraut í áttina að Hlemmi, þar eð það hugðist fá sér far með strætisvagni í miðborgina. Ókunnugur maður vék sér að vitninu og bað það að hringja á sjúkrabifreið. Aðspurður um ástæðuna fyrir þessari beiðni sagði maðurinn, að slagsmál hefðu orðið í Þverholti 18 og lægi maður þar. Þeir gengu saman spölkorn, og við verslunina Teninginn við Snorrabraut sagði vitnið manninum, að þeir gætu hringt þar. Maðurinn bað vitnið að segja eitthvað á þessa leið í símann: „Að senda sjúkrabíl í Þverholt 18, þar sem hefðu orðið slagsmál. Síðan sagði hann mér, að það væri í einhverjum skúr og maðurinn væri að deyja. Ég tók þessu þannig, að hann ætti við víndauða.“ Vitnið hélt síðan eitt síns liðs að Hlemmi, en vissi ekki, hvað varð um manninn, hann hefði ráfað þarna eitthvað um. Um það bil 40 mínútum síðar, eftir að hafa rætt við kunningja á Hlemmi, tók vitnið sér far með vagni á leið 4, Hagar—Sund. Aftarlega í vagninum sat maðurinn, sennilega í þriðju eða fjórðu sætaröð. Vitnið kallaði til mannsins og minnti hann á, að það hefði hringt fyrir hann á sjúkrabíl. Maðurinn svaraði því engu, og höfðu þeir ekki frekari samskipti. Vagnstjóri kom aftur í vagninn og talaði eitthvað við manninn. Ekki veitti vitnið því athygli, hvort maðurinn yfirgaf vagninn á Hlemmi eður ei.

Vitnið var nokkuð undir áhrifum áfengis og taldi, að maðurinn hefði komið þannig fyrir sjónir, að hann væri undir áhrifum áfengis eða lyfja. Vitnið lýsti manninum á þessa leið:

„Hann er sennilega rúmlega 175 cm á hæð, illa rakaður og með yfirvaraskegg, hann var með sár einhvers staðar í andlitinu og einhvern veginn þrútinn fannst mér. Hann var í rauðri úlpu, sem var frekar síð, en ég tók ekki eftir buxum eða skóm, sem hann var í. En ég man, að hann hélt á grænum poka, sem ég var að reyna að kíkja í, en gat það ekki. Ég gæti trúað, að í pokanum hafi verið flöskur, því það var þannig lagað.“

Er vitnið frétti um atburðinn í Þverholti, hafði það samband við lögreglustöðina og skýrði frá þætti sínum í tilkynningu til slökkvistöðvarinnar.

Guðbjartur Fransson strætisvagnabílstjóri, Sundlaugavegi 20, fæddur 12. september 1920 í Reykjavík, hefur gefið svohljóðandi skýrslu í málinu:

„Hann skýrir frá því, að föstudagskvöldið 4. desember s. l. hafi hann verið við störf og ekið leið nr. 4, sem heitir Hagar—Sund. Frá Hlemmtorgi kveðst hann, á leið í Sund, fara á tímabilinu 15 til 18 mínútur fyrir heila og hálfa tímann og hafa biðstöð gegnt Þróttheimum við Holtaveg, þar sem

fram fer svokölluð tímajöfnun. Á þeim stað segist mætti á stundum bíða í 10 mínútur.

Mætti kveðst hafa séð í síðdegisblaðinu Dagblaðið og Vísir nú á dögunum mynd af manni, sem þar var nefndur árásarmaðurinn úr Þverholtinu. Segist hann hafa þá verið að reyna að rifja upp, hvaðan mætti kannaðist við svip þess, sem myndbirtur var. Segir hann sér það ljóst nú og lýsir því þannig, að klukkan sennilega um 18 mínútum fyrir 23.00 umrætt föstudagskvöld hafi þessi maður komið í vagninn við Hlemmtorg og sest aftur í. Segir hann nánar hvar í vagninum, að það hafi sennilega verið í 3ju sætaröð að aftan. Frá Hlemmtorgi kvaðst mætti hafa ekið með nokkra farþega og allir yfirgefið vagninn við fyrrnefnda biðstöð gegnt Þróttheimum nema hinn umræddi maður, sem í vagninn kom við Hlemmtorg. Sá hafi þá sofið í vagninum. Kveðst mætti hafa reynt ítrekað að vekja manninn í vagninum, en það ekki tekist. Hann hafi síðan haldið frá biðstöðinni og áleiðis að Hlemmtorgi. Þar hafi komið þó nokkrir farþegar í vagninn, og í þeirri bið þar segist mætti ítrekað hafa reynt að vekja hinn umrædda mann, en sem fyrr án árangurs. Frá Hlemmtorgi kveðst mætti hafa ekið niður í miðbæ, en stöðvað á biðstöð við Bergstaðastræti og þar haldið áfram þeim aðgerðum að reyna að vekja manninn. Það hafi loks tekist á þá leið, að mætti náði að vísa honum út úr vagninum.

Mætti segir aðspurður, að maðurinn hafi haft meðferðis plastpoka, er hafi verið gulur að lit með grænum stöfum á. Honum er þó ekki ljóst, hvað var í pokanum, en út úr vagninum hafi hann haft pokann með sér. Eftir þetta segist mætti ekki hafa séð umræddan mann og telur sig hafa verið að sjá hann í fyrsta sinn umrætt föstudagskvöld.

Mætti er spurður, hvort hann geti lýst klæðnaði mannsins sem og útliti hans. Um þetta segir hann: „Hann var í dökkri úlpu, en eftir öðrum klæðnaði tók ég ekki. Hárið á honum er sennilega roðalitað, og hann var með yfirvaraskegg og sennilega einhverjar skrámur í andlitinu. Ég tel, að maðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis eða lyfja. Í svefninum lá hann einhver veginn fram fyrir sig með hangandi höfuðið."

Þá er mætti spurður, hvort umræddur maður hafi verið í fylgd með einhverjum. Þessu svarar mætti þannig, að sá hafi án efa verið einn síns liðs. Mætti er spurður, hvort hann hafi séð eitthvað við hendur mannsins, sem vakið hafi athygli. Svarar hann því til neitandi. Hann er spurður, hvort hann hafi séð blóð á manninum. Því svarar hann til neitandi, ekki nema skrámurnar í andlitinu, sem áður getur.

Loks er fyrir mætta lögð ljósmynd úr myndasafni RLR, nr. 1457. Hann er spurður, hvort hann kannist við manninn á myndinni. Segir hann þarna vera þann, sem var farþegi með vagninum og lýst hefir verið hér að framan. Hann hafi komið í vagninn sennilega 18 mínútum fyrir kl. 23.00, verið kyrr

í vagninum á biðstöðinni við Þróttheima, þaðan sem mætti ók kl. 23.09 og niður að Hlemmtorgi, frá Hlemmtorgi ekið kl. 23.20 og kominn að Bergstaðastræti kl. 23.25 og þá vísað manninum út."

Vitnið Ingimundur Guðbjörn Steindórsson gæslumaður í biðskýli SVR á Hlemmtorgi, Fannarfelli 4 hér í borg, fæddur 25. desember 1920 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við störf í skýlinu á tímabilinu kl. 1600 til 2330 föstudaginn 4. desember f. á. Eftir að vitninu var sýnd mynd af ákærða úr safni rannsóknarlögreglunnar, kvaðst það kannast við manninn vegna ítrekaðra afskipta af honum í biðskýlinu. Hann hefði vanið þangað komur sínar og komið þar síðast um kl. 1900 þennan föstudag. Vitnið mundi glögglega eftir því að hafa vísað manninum sjálft úr skýlinu, þar sem hann var ölvaður, ágengur við fólk og olli ónæði. Maðurinn var með hvítan plastpoka og pappakassa. Vitnið mundi eftir, að maðurinn var að tala við tvær stúlkur inni í skýlinu, sem sátu á bekk. Vitnið mundi eftir stúlkum þessum sem gestum, er komið hefðu nokkrum sinnum. Ekki vissi vitnið, hvað þeim fór á milli, en eftir að manninum var vísað út um dyr skýlisins, sem snúa að Laugavegi, sátu stúlkurnar kyrrar einhverja stund, a. m. k. fóru þær ekki út á eftir manninum. Vitnið neitaði því, að maðurinn hefði komið í skýlið aftur síðar sama kvöld, enda skýlið ekki opið eftir kl. 2100 vegna ölvunar. Ekki bar vitnið kennsl á nafn stúlkunnar „A" eða kom henni fyrir sig, er því var sýnd mynd af henni.

Faðir ákærða, Hallgrímur, kom að máli við rannsóknarlögreglumanninn Sigurbjörn Víði Eggertsson þann 5. desember 1981 og spurði um starf hans á vettvangi. Var honum sagt, hvað hefði komið fyrir. Hallgrímur kvaðst hafa komið út um kl. 2100 kvöldið áður og þá séð son sinn vera að ráfa á lóðinni austan við húsið. Reyndi Hallgrímur að fá hann inn, en það var árangurslaust. Ákærði var eitthvað undarlegur og með eitthvað í höndunum, sem Hallgrímur taldi vera ferðaútvarpstæki. Ekki var Hallgrímur ákærða frekar var og fór að sofa um kl. 0100.

Vitnið Guðmundur Ómar Þráinsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að kl. um 1900 föstudaginn 4. desember 1981 hafi hann beðið strætisvagns á Hlemmtorgi við Laugaveg. Þá sá vitnið ákærða sitja á bekk við skýlið, og var hann að tala við unga stúlku. Ákærði var með einhvern poka, sennilega svartan, en vitnið sá ekki, hvað var í pokanum. Ákærði var klæddur í rauða hettuúlpu og bláar gallabuxur. Ákærði virtist undir einhvers konar áhrifum. Stúlkan var ljóshærð, en kollurinn nokkuð dekkri. Var hún dökkklædd að ofan, en vitnið tók ekki eftir klæðnaði hennar að neðanverðu. Vitninu virtist fara vel á með ákærða og stúlkunni, en vitnið heyrði ekki, hvað þau ræddu sín á milli. Um það bil 30 mínútum eftir að ákærði var eftirlýstur, sá vitnið hann í Austurstræti, og var hann að tala við einhvern mann, en hvarf skyndilega, þegar hann tók eftir lögreglunni, Eftir að ákærði

var eftirlýstur og vitnið frétti um árásina á stúlku í Þverholti, fór vitnið á Borgarspítalann og komst að raun um, að hér var um sömu stúlku að ræða og vitnið hafði séð á tali við ákærða á Hlemmi.

Vitnið Sævar Gunnarsson lögreglumaður, Hrafnhólum 4 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á vakt óeinkennisklætt við Landssímahúsið í Kirkjustræti, er það heyrði í talstöð fyrirmæli um, að ákærði yrði handtekinn. Þá var nokkuð liðið á laugardagsnóttina. Skömmu fyrir tilkynninguna hafði vitnið séð ákærða á gangi í miðborginni. Vitninu fannst hann eitthvað undarlegur, því hann var klæddur í úlpu og dró hettuna fram yfir andlitið. Vitnið hitti á ákærða í Pósthússtræti í beinu framhaldi af tilkynningunni. Vitnið gekk til ákærða og bað hann að koma með sér á miðbæjarstöðina. Ákærði kvaðst ekki mega vera að því, því hann ætlaði að hitta krakka og hugðist ganga brott. Vitnið tók þá í handlegg hans og gekk með hann á stöðina. Vitnið tók eftir, að ákærði var óhreinn, bæði föt og andlit. Ákærði var „talsvert" ölvaður.

Ákærði var lokaður inni í fangageymslu lögreglunnar kl. 0341.

Vitnið D ... fædd...1966 í Reykjavík, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að föstudaginn 4. desember f. á. hefði hún, E og A farið saman eftir hádegi í bæinn og verið þar til kl. rúmlega 1600. Þá tóku þær strætisvagn heim. Á meðan þær voru í miðborginni, fóru þær inn í verslunina London á mótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Þar inn kom áberandi ölvaður maður. Var hann með hljómflutningstæki, sem mikil tónlist heyrðist úr. Stúlkurnar töluðu ekki við manninn og hann ekki við þær að öðru leyti en því, að hann bað viðstadda að hlusta á tónlistina. Allar þrjár sáu manninn þarna í fyrsta sinn, og veittu þær honum athygli vegna ölvunar og tónlistarinnar. Vitnið taldi, að A hafi haft meðferðis í bænum um 300 krónur. Vitnið og hún urðu samferða heim, og frétti vitnið ekkert af henni fyrr en næsta dag. Í dóminum hefur vitnið skýrt svo frá, að þær þrjár hafi keypt hvítvínsflösku af ölvuðum manni í verlsuninni. Ekki var því til að dreifa, að þær ættu að hitta manninn síðar.

Vitnið E..., fædd... 1966, hefur við rannsókn málsins borið, að það hafi farið ásamt D og A nokkru eftir hádegið í miðbæinn. Um miðjan dag hefðu þær þrjár verið staddar í versluninni London. Þá kom þar inn mjög áberandi ölvaður maður, er hélt á einhverju tæki, er spilaði tónlist. Þær hafi veitt honum athygli fyrir það eitt, hversu mjög áberandi hann var í sinni framkomu. Stuttu eftir að maðurinn kom inn, fóru þær allar út án þess að ræða við hann. Vitnið kvaðst hafa séð manninn þarna í fyrsta sinn og taldi, að svo hefði einnig verið um vinkonur sínar. Um manninn hefðu þær ekkert frekar rætt. Stuttu eftir að þær fóru úr versluninni, fóru þær heim með strætisvögnum, vitnið með einum, en hinar tvær með öðrum. Vitnið frétti ekkert af A fyrr en næsta dag og þá, að hún hefði orðið fyrir árás.

Er vitnið sá mynd af þeim grunaða í dagblaði, sá vitnið, að um sama mann var að ræða og þær sáu í versluninni London. Í dóminum bar vitnið, að þær hefðu keypt hvítvínsflösku af manninum í versluninni og hefði A greitt kaupverðið. Minnti vitnið, að þær hefðu opnað flöskuna niðri í bæ og rétt dreypt á henni.

Vitnið F ..., fædd ... 1966 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hún hafi hitt A á heimili hennar, eftir að hún kom úr fyrrgreindri ferð í bæinn með D og E. Vitnið sagði, að A hafi verið með eitthvað af hvítvíni, en vitnið sá ekki áfengisáhrif á henni. Þeim fór ekkert sérstakt á milli, en A bað vitnið að koma með sér í bæinn. Ekki hafði vitnið hug á því, og fór A þá með kunningjakonu þeirra G ....

Ekki vissi vitnið annað um það ferðalag en þær hefðu orðið viðskila um kl. 1800, er G ætlaði í tónlistartíma, en A heim. Það næsta, sem vitnið frétti af A, var, að hún hefði orðið fyrir árás. Ekki kvaðst vitnið vita til þess, að A þekkti hinn grunaða mann.

Vitnið G ..., fædd ... 1966, kvaðst hafa hitt A umræddan dag samkvæmt umtali á ..., sennilega um kl. 1700. Gengu þær um Laugaveginn og skildu á horninu á Barónsstíg. Giskaði vitnið á, að þá hefði klukkan verið á milli 1800 — 1830. Vitnið sagði henni að fara heim, því hún hafði haft orð á, að hún hefði neytt áfengis, og vitnið sá á henni nokkur áfengisáhrif til augnanna. Auk þess höfðu þær tvær ásamt F, E og D gert ráð fyrir að hittast um kvöldið eins og venjulega án þess að vera búnar að ákveða að fara eitthvað sérstakt.

Vitnið H ..., fædd ... 1968, hefur skýrt svo frá, að umrætt sinn hafi hún beðið eftir strætisvagni í biðskýlinu. Taldi vitnið, að klukkan hefði þá verið 1910 — 1930. Þá sá vitnið tilsýndar, er A gekk út úr biðskýlinu með einhverjum manni, sem var með yfirskegg og brúnskollitað hár. Þau fóru í áttina að Laugavegi. Ekki vissi vitnið um tildrögin að brottför þeirra og sá ekki neitt athugavert.

Vegna þess hve A slasaðist illa í árásinni, var ekki hægt að spyrja hana um málavexti fyrr en að nokkrum tíma liðnum og þá með mjög takmörkuðum árangri. Fyrir liggur skýrsla rannsóknarlögreglunnar um yfirheyrslutilraunir, dags. 23. desember 1981, og er hún á þessa leið:

„Fimmtudaginn 17. og föstudaginn 18. desember s. l. var haft samband við lækna á gjörgæsludeild Borgarspítalans og þeir m. a. um það spurðir, hvort unnt væri að ræða við A um málavexti. Báða dagana var það talið af og frá, enda ástand hennar þá slæmt. Síðari daginn var þó talið, að mjög styttist í, að hún færi af gjörgæsludeild til veru á annarri deild, en endanleg ákvörðun hefði ekki verið um það tekin.

Mánudaginn 21. desember s. l. bárust þessu embætti þær upplýsingar, að A væri nú komin á deild A—5 á sjúkrahúsinu og þar ein á stofu. Undir-

ritaður ásamt Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni fór strax næsta dag, þriðjudaginn 22. þ. m., á þá deild til að kanna, hvort unnt væri að tala við A. Hjúkrunarfræðingur deildarinnar skýrði frá því, að A væri nýkomin úr aðgerð, þar sem hún hefði verið svæfð. Ástand hennar væri því þannig, að ekkert samband næðist við hana.

Í dag, miðvikudaginn 23. desember, fóru undirritaðir á ný á Borgarspítalann sömu erinda og fyrr. Með vitund og leyfi hjúkrunarfræðings ræddum við stuttlega við A, en það viðtal varð mjög stutt.

A lýsti því, að hún heyrði mjög illa, sem væru afleiðingar aðgerðarinnar frá því í gær m.a. Hún gat greinilega greint frá nafni, fæðingarári og öðrum persónulegum upplýsingum svarað. Kvaðst heita fullu nafni ..., fædd í Reykjavík ... 1966, nafnnr. ..., til heimilis að ... þar í borg, sími ....

Er kom að því að spyrja um málsatvik, svaraði hún því til, að sjálf myndi hún ekkert eftir því, er gerðist. Hún myndi ekki, hvort hún hefði verið ein, er hún hitti manninn, eða hann verið einn. Hins vegar væri búið að segja henni ýmislegt af því, er muni hafa gerst, en sjálf myndi hún ekkert. Þá lýsti hún því og, að aðgerðin frá því í gær hefði haft á hana þau áhrif, að vera fremur slöpp þessa stundina, er væntanlega myndi breytast, er líða tæki á daginn."

1. febrúar sl. var gerð ný skýrsla um yfirheyrslutilraunir, og er hún á þessa leið:

„Talaði ég (Sigurbjörn V. Eggertsson) við B ... f. ... 1962, nafnnr. ..., og sagði hann foreldra sína ekki vera heima. Aðspurður sagði hann, að systir sín A væri nú á Borgarspítanaum, þar sem hún hefði gengist undir höfuðaðgerð s. l. fimmtudag, þ. e. 28.01. 1982. Hefði þurft að opna höfuð hennar til þess að komast fyrir blæðingu bak við auga, þar sem fyrri aðgerðir hefðu ekki borið tilætlaðan árangur. Ekki kvaðst B vita, hvort A væri enn á Gjörgæsludeild, en þar hefði hún verið eftir aðgerðina."

11. febrúar sl. reyndist unnt að yfirheyra A. Var þá tekin af henni svohljóðandi skýrsla:

„Mætta segist ekki muna til að geta lýst, hvað gerðist þann dag, er hún varð fyrir árásinni. Hins vegar hafi henni verið sagt eitt og annað um málið og m. a. af vinkonum hennar þeim E og D, sem mætta segir jafnframt bekkjarfélaga í skóla. Í spjalli með þeim hafi rifjast upp fyrir henni vera þeirra í miðbænum fyrr þann dag, er árásin mun hafa orðið, og einnig eftir að hafa séð ljósmynd af árásarmanninum í Dagblaðinu á sínum tíma upp fyrir henni rifjast nánar það atvik. Þannig kveðst mætta geta frá eigin brjósti lýst veru sinni í bænum með þeim E og D. Segir hún þær þrjár hafa á leiðinni heim komið við í „sjoppunni" London við Austurstræti. Sennilega hafi það verið einhvern tíma um miðjan daginn, milli klukkan 14.00 og 15.00. Þar inni hafi mætta líklega verið að versla eitthvað án þess

að muna nánar hvað. Þá muni hún eftir manni, sem inn í „sjoppuna" kom, og vera mun sá hinn sami og ljósmyndin var af í Dagblaðinu, sem áður er getið. Hann hafi verið með útvarpstæki meðferðis og jafnvel kassa, sem í var áfengi. Hún segist muna vel eftir útvarpstækinu og einnig því, að maður þessi var með kassa að auki, sem í var áfengi. Inni í „sjoppunni" hafi maðurinn, sem mætta segir, að greinilega hafi verið ölvaður, verið með útvarpstækið opið og í því verið tónlist. Hann hafi síðan farið að leita á tækinu eftir öðrum útvarpsstöðvum. Hafi hann í því sambandi beint orðum sínum til mættu og þeirra, er með henni voru, og sagt þeim að hlusta. Eitthvað hafi það verið efnislega á þá leið, þó hún muni orðaskipti ekki glögglega. Segist hún hafa tekið undir orð mannsins og ekkert frekar leitt hann hjá sér. Henni fundist eðlilegt að veita honum áheyrn, sem henni virtist hann ætlast til af þeim stöllum. Hún segir engin orðaskipti hafa farið fram þeirra í milli utan „sjoppunnar" og telur þær stöllur hafa farið þaðan út á undan manninum.

Mætta er spurð, hvort þær stöllur hafi haft vín um hönd í ferð þeirra um bæinn. Svarar hún því til neitandi, en vín hafi hún drukkið þennan dag, þó það hafi verið síðar. Þá er hún spurð, hvort hún hafi falast eftir víni af manni þeim, er með útvarpstækið kom inn í verslunina London. Um það segist hún ekki viss. Eftir atriði í þeim dúr muni hún óljóst, en segir það ekki óhugsandi, að hún hafi beðið hann að selja sér vín, því þennan dag hafi hún verið að hugleiða að reyna með einhverjum hætti að verða sér út um létt vín. Mætta er spurð, hvort maðurinn hafi látið að því liggja, hvaða vín hann væri með meðferðis. Hún kveðst ekki muna eftir því, en ítrekar, að ekki sé fráleitt, að hún hafi beðið hann að útvega henni vín. Hún er spurð, hvort frekari orðaskipti hafi farið fram hennar í milli og mannsins. Kveðst hún ekki vita eða muna til þess, enda ekki um margt unnt að ræða við al-ókunnuga menn.

Mætta segist ekki geta tímasett, hvenær þær vinkonur fóru heim, en sig rámi í, að hún hafi farið með sama strætisvagni og D, en E líklega með vagni númer 5. Hún hafi orðið viðskila við D og síðan haldið heim í .... Þar kveðst hún hafa verið um einhvern tíma og m. a. þvegið þvott. Stuttu síðar kveður hún vinkonu sína og skólafélaga F hafa komið heim til hennar og þær setið þar einhverja stund eða þar til enn ein vinkona og skólafélagi hringdi til mættu og bað hana að hitta sig í miðbænum. Sú heitir G. Kveðst mætta hafa verið reiðubúin til að fara aðra ferð í bæinn og sagt skilið við F, er mun hafa haldið heim til sín. Áður en þetta var og raunar áður en F kom heim til mættu, segist hún hafa fengið sér í eitt glas og drukkið af hvítvíni, er til hafi verið heima. Kveðst hún telja líklegt, að einhver af heimilisfólkinu hafi átt vínið. Ekki segist hún muna tegundarheiti og telur sig ekki hafa fundið til áhrifa af víninu.

G segist mætta A hafa hitt á Barónsstíg við hárgreiðslustofuna Hödd, eins og ákveðið hafði verið. Segist hún telja klukkuna hafa verið um 17.30, er þær hittust. Eitthvað hafi þær verið á gangi fram til þess tíma, er G átti að mæta í spilatíma, sem vera mun um kl. 18.30. Þær hafi orðið viðskila í námunda við biðstöð S. V. R. við Hlemmtorg og í framhaldi af því hafi mætta farið á nefnda biðstöð til að ná strætisvagni heim. Þannig segist hún hafa verið á biðstöðinni á tímabilinu frá klukkan 18.30 til 19.00. Aðspurð kveðst mætta ekki muna eftir neinum sérstökum, er hún hitti að máli á Hlemmtorgi og alla vega geti hún ekki nefnt nafn í því sambandi, hafi hún hitt einhvern.

Eftir þetta segist mætta ekkert muna. Hún muni ekki eftir að hafa hitt hvorki á Hlemmtorgi né þar hjá hinn umræddu árásarmann og segist aldrei hafa hitt hann nema í það skiptið, sem lýst er hér að framan, við verslunina London eða þar inni. Að sama skapi muni hún ekki til þess eða neitt um það atriði, hvort nokkur gaf sig á tal við hana á Hlemmtorgi. Hún muni það eitt að hafa farið þangað og hugsanlega beðið úti eftir vagni, án þess hún geti um það borið. Mætta er spurð, hvort hún og nefnd G hafi haft vín um hönd, er þær hittust. Svarar hún því til neitandi.

Annað um tilvik það, sem hér um ræðir, kveðst mætta A ekki geta borið og ítrekar, að alfarið virðist hafa lokast fyrir minni hennar, eftir að hún kom að Hlemmtorgi og hugðist fara þaðan og heim með strætisvagni. Hins vegar hafi henni verið sagt af kunningjafólki, fjölskyldu og hjúkrunarliði, hvað gerðist, en sjálf muni hún ekkert af því og ekki muna til þess að hafa fundið til sársauka.

Mætta er spurð, hvort hún muni til þess að hafa haft fé meðferðis í bænum greint sinn. Svarar hún því til játandi og segist hafa verið með á bilinu frá kr. 300.00 til 500.00 í bæði skiptin, sem hún fór í bæinn. Hafi nú þá nýverið fengið greitt fyrir blaðburð og húshjálp, kr. 300.00 í öðru tilvikinu, en kr. 200.00 fyrir húshjálpina.

Mætta er spurð, hvort hún hafi verið með armbandsúr á sér í sama skipti. Kveðst hún telja sig geta fullyrt um það, hún beri ætíð á sér armbandsúr. Henni er sýnt armbandsúr, tegund Jaquet Droz, sem er með svartri leðuról, en gulllituðum kassa. Kveðst hún þekkja úr þetta sem sitt og um það sé hún viss.

Mætta er spurð, hvort hún muni eftir klæðnaði þeim, er hún var í umræddan dag. Segist hún muna það vel. Segist hafa verið í svörtum leðurskóm með tveimur rennilásum á hvorri hlið, eftir sokkunum muni hún ekki, en buxur hennar hafi verið hvítar og appelsínugular fyrir neðan hné. Skyrtu hafi hún verið í, einnig appelsínugulri með síðum ermum, en þó geti hugsast, að ermarnar hafi hún verið búin að klippa af. Það hafi staðið til, en hvort því var lokið, muni hún ekki. Á skyrtunni hafi verið tölur. Þá hafi

hún verið í svörtu vesti með gráum röndum langsum og svörtum eða dökkum herrajakka. Hún hafi ekki verið í brjóstahaldara og muni ekki eftir nærbuxunum. Hún skýrir frá því að hafa verið með blæðingar þennan dag og þær byrjað einmitt þá. Hún muni eftir að hafa keypt tíðatappa fyrr um daginn og telur sig hafa verið með þá öskju í sínum fórum, er hún yfirgaf G og hélt að Hlemmtorgi."

Í dóminum hefur A sagt, að hún geti ekki borið frekar um málið en hjá rannsóknarlögreglunni, að því undanteknu, að hún hafi keypt hvítvínsflösku af manninum, sem þær vinkonur hittu í versluninni London. Maðurinn hafi boðið áfengi til sölu. Vitnið taldi, að hún hefði greitt fyrir flöskuna 50 — 60 krónur. Vitnið fór með flöskuna heim. Ekki var því til að dreifa, að vitnið hefði mælt sér mót við manninn á Hlemmi. Vitnið gat ekkert sagt um, hvort maðurinn var þar með útvarpstæki, enda myndi það ekki, hvað þar fór fram.

Vitnið kvaðst enn (15. 11. 1982) vera undir læknishendi og eigi í jólaleyfinu að fara í skoðun til Bjarna Hannessonar læknis og Stefán Skaftason læknir hefði skoðað það um morguninn. Vitnið kvaðst heyra nú betur, væri þó ekki orðið gott. Vitnið taldi, að sjónin væri svipuð og áður.

Vitnið hóf nám í Menntaskóla Reykjavíkur sl. haust og sagði, að námið hefði gengið eðlilega. Eftir atburðinn þurfti vitnið að hætta námi í Langholtsskóla, en fékk samt að hefja nám í menntaskóla samkvæmt meðmælum frá Langholtsskólanum.

Ákærði hefur verið ítrekað yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni og í dóminum. Hefur gengið á ýmsu við þær yfirheyrslur, en þó hefur fengist nokkuð heilleg mynd af því, sem gerðist, ef framburðir ákærða eru bornir saman við hin sýnilegu gögn málsins. Þar eð ákærði er einn til frá sagnar um málsatvik, eftir að hann og stúlkan fóru frá Hlemmi, verður að rekja framburði hans lið fyrir lið um árásina sjálfa, en greinargóð gögn liggja fyrir um afleiðingar verknaðarins, sbr. síðar.

Ákærði kom til fyrstu yfirheyrslunnar kl. 1231 laugardaginn 5. desember f. á. Þá skýrði hann svo frá, að um kl. 1900 eða 2000 kvöldið áður hafi hann verið staddur talsvert undir áfengisáhrifum í biðskýlinu á Hlemmtorgi. Ákærði hafði meðferðis 3 flöskur af léttu víni frá Ísrael. Ákærði tók þá tali stúlku, sem hann sá í fyrsta sinn, í því skyni að hafa við hana kynmök. Ákærði kvaðst hafa sagt við hana: „Má ég fara upp á þig og í staðinn skal ég gefa þér þessar þrjár flöskur og peningana, sem ég er með, sem er yfir 200 krónur?" Ákærði sagði stúlkuna hafa fallist á þetta, og héldu þau áleiðis að Þverholti 18, þar sem ákærði er skráður til lögheimilis hjá foreldrum sínum, þótt hann eigi þar ekki greiðan aðgang vegna föður síns. Ákærði fór með stúlkuna inn í skúr, sem er rétt hjá húsi foreldra hans. Að sögn ákærða færði stúlkan sig úr síðbuxum, sem hún var í, og

fór síðan höndum um ákærða. Stúlkan hætti síðan við, færði aftur upp buxurnar og lét að því liggja, að hún vildi eigi hafa mök við hann. Ákærði varð sár yfir því, að stúlkan „gekk á bak orða sinna", greip stein, sem hann taldi sig hafa fundið rétt utan við skúrinn, og sló stúlkuna með honum í höfuðið. Högginu fylgdi hann eftir með því að hrinda henni á bakið að auki. Ákærði taldi stúlkuna hafa misst rænu við þetta. Ákærða brá þó svo, að hann greip til þess ráðs að hringja á sjúkrabíl, en mundi ekki, hvaðan hann hringdi eða í hvaða númer.

Ákærði var á ný yfirheyrður eftir hádegi sama dag, og hófst sú yfirheyrsla kl. 1319. Ákærði kvaðst þá hafa verið einn á ferð í skýlinu, verið einn, er hann hitti stúlkuna, og farið einn með henni í Þverholt. Ekki hafi neinn þriðji aðili komið við sögu í samskiptum þeirra. Aðspurður, hvaða erindi ákærði hafi átt í skýlið, svaraði ákærði á þessa leið:

„Ég var að leita mér að stúlku. Ég var undir áhrifum. Ég sá þessa stúlku og sá líka, að hún var undir áhrifum víns. Það voru einhverjir krakkar í kringum hana. Ég kallaði í hana út úr hópnum og bað hana að tala við mig, sem hún og gerði. Við fórum út úr biðskýlinu við Laugaveginn, þar sem strætisvagnarnir fara niður Lagaveginn. Þar úti spurði ég hana, hvort ég mætti fara upp á hana fyrir þetta vín, eins og ég sagði, og peningana. Hún var strax til í það, og síðan gengum vi saman. Við fórum eftir Rauðarárstígnum og að brunarústum Egils Vilhjálmssonar. Þar fórum við inn um glugga á brunnu húsi, hún fór fyrst, en ég ákvað, að þangað skyldum við fara. Ég sá fljótlega, að þar inni var ekkert til að leggja sig á, svo við fórum út aftur. Mér hafði þá komið í hug skúr, sem er rétt hjá heima, og þangað gætum við farið, sem og við gerðum. Ég gat ekki farið inn þar, sem ég á heima, pabbi vill mig ekki þangað.

Frá Rauðarárstíg gengum við veginn, þar sem Dagblaðið er með hús, og síðan inn Þverholtið og beint að skúrnum. Skúrinn er opinn, það er engin hurð fyrir honum. Þar inni er drasl, til dæmis hvítt plast og spýtur. Ég man ekki betur en hún hafi farið fyrst inn í skúrinn og ég strax á eftir. Það var myrkur inni í skúrnum og ekki hægt að kveikja ljós. Hún byrjaði á því að kyssa mig, og ég tók á móti með kossum, en áður hafði ég lagt vínið frá mér. Eftir nokkra kossa klæddi hún sig úr buxunum og nærbuxunum líka, en þó bara niður fyrir hné. Ég gerði það sama og hún, klæddi mig úr mínum buxum og nærbuxum, einnig niður fyrir hné. Hún lagðist á bakið, og ég var búinn að leggjast ofan á hana í smá stund, þegar hún sagðist vera hætt við að leyfa mér að fá það hjá henni. Þá greip mig reiði, og ég stóð upp, fór út til að ná í stein, sem ég ætlaði að berja hana með. Hún lá, á meðan ég fór út, og var liggjandi með buxurnar niður um sig, þegar ég kom inn í skúrinn með steininn. Með honum barði ég hana í hausinn, en man ekki nákvæmlega hvar, en sennilega í 3 skipti. Hún talaði ekk-

ert við mig eftir höggin, en það umlaði í henni. Ég var með kveikjara á mér og tók hann upp til að lýsa framan í hana. Ég sá, að það var mikið blóð í andlitinu hennar. Ég var með tvö skrúfjárn á mér, annað lítið, en hitt stórt. Ég tók upp stóra skrúfjárnið og stakk hana með því í brjóstið held ég, en man ekki, hvort ég gerði það í gegnum fötin eða eftir að hafa fært þau upp fyrir brjóstin á henni. Ég stakk hana nokkrum sinnum, en man ekki, hversu oft. Síðan stakk ég hana í höfuðið, en ég man ekki hvar eða hversu oft, en alla vega í nokkur skipti. Þegar þetta var búið, rann af mér vínið."

Er gengið var frekar á ákærða, kannaðist hann við að hafa notað kveikjarann frekar og sagði:

„Já, ég gerði það. En það var áður en ég barði hana í hausinn. Ég setti kveikjarann í klofið á henni, og hárin þar sviðnuðu. Hún kipptist við, en lá samt kyrr. Strax á eftir þessu fór ég út til að ná í steininn og barði hana með honum eftir að hafa sviðið hárin við kynfæri hennar. Ég gerði þetta af þeirri ástæðu, að hún hætti við að leyfa mér að fá það hjá henni, ég var svo ofsa reiður. Þegar ég áttaði mig á öllu þessu blóði, hljóp ég eitthvað, man ekki hvert, og hringdi á sjúkrabíl og bað þá um að koma fljótt. Það getur vel verið, að ég hafi beðið einhvern um að hringja fyrir mig, ég man þetta ekkert, ég var í svo miklu uppnámi."

Í lok yfirheyrslunnar var ákærði spurður, hvernig hann hafi skilið við stúlkuna, og er niðurlagið svohljóðandi:

„Hann segir: „Áttu við, hvort ég hafi breitt eitthvað yfir hana?" Mætti er spurður, af hverju slík athöfn komi upp í huga hans.

Hann segir: „Ég hélt, að þú ættir við það, hvort ég hafi breitt eitthvað yfir hana. Ég man ekki, hvort ég gerði það. Ég var í svo miklu uppnámi."

Þá er mætti spurður, hvort hann hafi notað eitthvað af því dóti, sem í skúrnum var, til að koma í veg fyrir hljóð frá stúlkunni. Svarar hann þessu neitandi.

Hann er spurður, hvort hann hafi notað eitthvað af hinu hvíta plasti, er hann segir m. a. vera í skúrnum. Svarar hann því til neitandi, eða eftir því muni hann ekki."

Ákærði var færður samdægurs fyrir dóm. Hann játaði þá skýlaust að hafa veist að stúlkunni með líkamlegu ofbeldi, margsinnis barið hana með steini, stungið hana með skrúfjárni, borið eld að kynfærum hennar og yfirgefið hana, eftir að hún missti meðvitund.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 27. janúar sl. skýrði ákærði frá atburðum með fyllri hætti en áður og viðurkenndi í upphafi yfirheyrslunnar, að hann hefði haldið undan nokkrum atriðum og greint ranglega frá öðrum. Ákærði bar, að það hefði ekki komið til tals, að hann fengi að hafa kynmök við stúlkuna, þau hafi farið saman til þess eins, að hann

fengi að kyssa hana. Rétt væri, að þau hefðu komið við í brunarústunum á Rauðarárstíg á leiðinni í skúrinn í Þverholti. Þar kvaðst ákærði hafa kysst hana á munninn og hún tekið á móti. Kossar þeirra stóðu mjög stutt, og hljópst stúlkan á brott úr skúrnum og í áttina að Þverholtinu. Ákærða tókst að grípa hana, er hún var komin talsvert upp fyrir horn, og stöðva hana. Ákærði sneri upp á hönd hennar og náði að taka upp stein rétt við ofanverðan skúrinn og sló stúlkuna með honum í höfuðið, sennilega ekki nema eitt högg. Síðan dró ákærði stúlkuna rænulitla niður með skúrnum og inn í hann. Ákærði sagði stúlkuna hafa fallið við fyrsta höggið og lent utan í skúrnum. Áður en hann dró stúlkuna inn í skúrinn, kvaðst hann hafa stungið hana nokkrar stungur í andlitið með skrúfjárni því, sem hann var með. Síðan kom ákærði stúlkunni fyrir á hurð inni í skúrnum. Þar sló hann hana með steini 3 eða 4 högg í höfuðið til að þagga niður í henni, en frá henni komu einhver hljóð. Ekki mundi ákærði gjörla, hvort hann hefði tekið fyrir munn stúlkunnar, áður en hann veitti henni fleiri högg, en sig rámaði í, að hann hefði gripið eitthvað nærliggjandi drasl, bréf eða annað, og sennilega komið því fyrir í munni hennar. Eftir að ákærði veitti stúlkunni höggin, stakk hann hana víðs vegar um andlitið með skrúfjárni. Að því loknu kvaðst hann hafa fært stúlkuna úr buxunum niður fyrir hné og þá farið sjálfur úr buxum og nærbuxum. Þá lagðist hann ofan á stúlkuna, og var ætlunin að hafa við hana samfarir. Ákærða reis hins vegar ekki hold. Því færði hann upp um sig buxurnar á ný. Þessu næst tók ákærði kveikjara og bar logann upp að kynfærum stúlkunnar „til að gera eitthvað, sem hann segist ekki geta lýst." Skapahárin hafi sviðnað, enda hélt hann loganum nokkra stund. Síðan bar ákærði logann að brjóstum hennar og taldi sig hafa sviðið sennilega vinstra brjóstið. Ekki kvaðst ákærði átta sig á, hve lengi hann hélt loganum við brjóstið.

Ákærði kom á ný fyrir dóm 3. febrúar sl. Þá kvaðst ákærði vilja koma því að, að fyrr þennan umrædda dag hafi hann hitt þessa sömu stúlku niðri í miðbæ. Hann minnti, að hún hefði verið með fleiri krökkum. Ekki þekkti ákærði stúlkuna. Hafi stúlkan komið til hans að fyrra bragði og nauðað í honum að selja sér léttvín, sem hann var með á sér. Gerði ákærði það. Seinna um kvöldið, er hann hitti hana á ný á Hlemmi, fór hún aftur að nauða í honum að selja sér áfengi. Samþykkti ákærði það gegn því, að hann fengi að kyssa hana. Nánar mundi ákærði ekki eftir aðdragandanum að því, að þau fóru að skúrnum. Stúlkan hefði ekki lofað sé öðru en kossi. Ákærði sagði, að frásögn sín af atburðum hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar sl. væri rétt.

Eftir birtingu ákæru í dóminum 6. október sl. kvaðst ákærði ekki mótmæla því, að hann hefði gerst sekur um líkamsárás, en neitaði, að fyrir sér hefði vakað að fremja manndráp og nauðgun. Ákærði neitaði að hafa

skilið stúlkuna eftir bjargarlausa án þess að gera nokkrar ráðstafanir vegna ásigkomulags hennar. Ákærði kvaðst ekki mótmæla því sérstaklega, að áverkar á stúlkunni hafi verið af völdum atlögu sinnar.

Ákærði var að lokum yfirheyrður í dóminum 15. f. m. Ákærði sagði, að ekki hefði verið um það að ræða, að hann hefði mælt sér mót við stúlkuna á Hlemmtorgi, er hann seldi henni áfengi fyrr um daginn. Ákærði kvaðst nú ekki muna, hvað átti sér stað fyrir utan skúrinn, en hann efaðist ekki um, að hann hafi veitt stúlkunni þá áverka, sem á henni voru. Aðspurður um það, sem átti sér stað inni í skúrnum, kvaðst ákærði aðeins muna eftir steininum og skrúfjárninu. Steininn notaði ákærði til að slá stúlkuna með í höfuðið, en mundi ekki, hve oft hann sló hana. Ákærði mundi eftir að hafa stungið stúlkuna með skrúfjárninu, en það hafi ekki verið eins oft og gögn málsins bæru með sér. Ákærði kvaðst ekkert hafa munað eftir kveikjaranum, fyrr en hann var minntur á hann. Þá rifjaðist upp, að hann „hefði eitthvað brennt" stúlkuna. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort hann tók stúlkuna úr fötunum, og vísaði í því sambandi á hið háa alkóhólmagn í blóði sínu.

Aðspurður, hvað vakað hefði fyrir ákærða með því að fara með stúlkuna í skúrinn, sagði hann, að stúlkan hefði gefið sig á tal við hann á Hlemmi og viljað fá meira áfengi. Úr hafi orðið, að stúlkan hafi komið með honum og lofast til að kyssa hann fyrir. Í skúrnum leitaði ákærð á stúlkuna, sem hann taldi, að hefði gefið sér undir fótinn. Stúlkan ýtti ákærða frá sér harkalega, og féll hann um koll. Stúlkan hljóp út úr skúrnum og ákærði á eftir henni og síðan myndi hann ekki meir. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa leyst niður um sig í því skyni að hafa samfarir við stúlkuna. Ákærða var bent á, að fram hefði komið, að hann hefði hætt við samfarirnar, þar sem honum hafi eigi risið hold. Ákærði kvaðst þá hafa sagt það, sem honum fannst sennilegast, en hann myndi raunverulega ekki eftir neinu nema steininum og skrúfjárninu. Ákærði mundi eftir að hafa breitt plast yfir stúlkuna, en að öðru leyti mundi hann ekki eftir viðskilnaðinum við hana. Ekki mundi ákærði, hvert hann fór, er han skildi við stúlkuna, og ekki eftir handtöku sinni. Ákærði kvaðst ekki vefengja skýrslu sína frá 27. janúar sl.

Ákærði sagði að lokum, að þjófnaðinum 3. desember 1981 væri rétt lýst í ákæru.

Í vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, segir um rannsókn á blóðsýni og þvagsýni, sem ákærða voru tekin eftir handtöku:

„Magn alkóhóls í blóði var 2.16‰. Barbitúrsýrusambönd voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Leitað var að benzódíazepínsamböndum í blóði. Í blóðinu var díazepam 500 ng/ml og umbrotsefni þess, nordíazepam

(desmetýldíazepam) 500 ng/ml og auk þess nítrazepam 50 ng/ml. Önnur benzódíazepínsambönd voru ekki í blóðinu. Í þvagi fannst 7—amínó-umbrotsefni nítrazepams. Magn alkóhóls í þvagi var 1.14‰.

Niðurstöðutölur þessara rannsókna benda eindregið til þess, að maðurinn hafi verið ölvaður, þegar sýni voru tekin. Magn benzódíazepínsambanda benda til töku díazepams og nítrazepams í lækningalegum skömmtum. Þessi lyf og alkóhól hafa samverandi verkun. Maðurinn hefur þannig verið með öllu ófær um að stjórna vélknúnu ökutæki."

Við meðferð málsins hafa verið lögð fram nokkur læknisvottorð varðandi skoðun, meðferð og áverka stúlkunnar A. Samkvæmt þeim er ekki hægt að gefa endanlegt vottorð um ástand hennar, og er ekki ólíklegt, að hún þurfi að fara í fleiri aðgerðir. Vottorðin eru þessi:

1. Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsett 5. desember 1981:

„Þ. 5/12 1981, kl. 02.10, var flutt á Slysadeildina stúlka, er reyndist vera fyrrgreind A.

Þær upplýsingar fylgdu henni, að hún hefði skömmu áður fundist liggjandi í skúr í miðbæ Reykjavíkur, næstum nakin og mjög illa til reika að öðru leyti.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi í meginatriðum eftirfarandi í ljós: Sjúkl. var mjög köld á að taka og hiti mældist neðan við 34°C. Hún var nokkuð bláleit á vörum og víðar. Hún umlaði nokkuð, en var a. ö. l. rænulaus og svaraði ekki tiltali. Hún var alblóðug í andliti og á höfði.

Af ytri áverkum greindust þessir helstir: Allur hægri andlitshelmingur var marinn og blár og blæðing kringum hæ. aug. Ca. 2 cm skurður var á vi. kinn og auk þess fleiðursár þar. 6 cm skurður var í enni, upp við hársrætur. Síðar kom einnig í ljós tættur og marinn skurður á hnakka, ca. 5 — 6 cm langur og marflekkur í kringum hann.

Hæ. ytra eyra var mjög tætt og marið. Skurðir voru aftan við eyrað. Stunguskurðir, einn eða fleiri utanvert við hæ. auga, virtust ná inn í augntóft. Ljósop hæ. auga var ofurlítið víðara en þess vinstra, en við frumrannsókn var ástand hæ. auga ekki nánar kannað. Við lauslega skoðun virtist sjálft augað þó ekki skaddað.

Alls voru um það bil 19 lítil stungusár hæ. megin í andlitinu og í kringum hæ. auga.

Fremur óljósar roðarendur voru á hálsi, framan til og hliðlægt báðum megin.

Framan á vi. brjósti og ofan geirvörtu og upp frá brjóstinu á svæði, sem var u. þ. b. 10 cm í þvermál, var 21 stungusár, hvert um sig u. þ. b. 1 cm á lengd. 5 stungusár með sams konar útliti voru framan á vi. læri

litlu neðan við nárann. Vi. geirvarta og blettur út frá henni var brenndur, að því er virðist með III.° bruna. Brunasvæði þetta er ca. 3 x 3 cm að stærð. Brunablettir með sams konar útliti, þ. e. a.s . hvítleitri húð og bendandi til III.° bruna, voru í klofi sjúklings, annars vegar á hæ. læri innanverðu upp undir hæ. skapabarmi (labium majus). Þessi blettur var ca. 6 x 2½ cm að stærð. Sams konar brunablettur var innan á vi. læri, sem náði að hluta til yfir á skapabarminn. Blettur þessi var nokkru lengri, eða líklega ca. 8 cm á lengd. Skapabarmurinn og munaðarhóllinn (mons veneris) vi. megin var nokkuð brenndur. Það blæddi frá fæðingarvegi.

Smá skrámur voru framan á vi. fótlegg. Marblettur var á vi. rist.

Þverlæg grunn fleiður voru aftan á þjóhnöppum og spjaldhrygg.

Maráverki var á hæ. hendi og hæ. úlnlið.

Gerðar voru strax ráðstafanir til þess að gefa sjúklingi vökva í æð og útvega blóð. Blóðþrýstingur var þokkalegur við komu, en féll síðan, batnaði þó fljótt, er sjúkl. fékk vökvann.

Sjúkl. var hituð upp með þar til gerðum teppum og teknar síðan röntgenmyndir af brjósti og kviðarholi. Í ljós kom, að loftleki var á vi. lunga og samfall á því.

Á röntgenmyndum af kviðarholi sást ekkert athugavert.

Tölvusneiðsmyndir voru teknar af höfði sjúklings, og greindist þar ekki brot né áverki á heila.

Tilkvaddur var kvensjúkdómalæknir (Andrés Ásmundsson), sem kannaði áverka á getnaðarfærum sjúklings og skoðaði hana m. t. t. hugsanlegrar nauðgunar. Skv. bókun var all stór og djúpur skurður vi. megin milli skapabarma og fram fyrir sníp (clitoris). Saumaði hann þetta sár. Undirrituðum er ekki nánar kunnugt um innri áverka sjúklings á þessum stað.

Á skurðstofu var síðan komið fyrir sogslöngu í vi. fleiðruholi (pleura) og það tengt við sog á venjulegan hátt. Skv. röntgenmynd þandist lungað þá út með eðlilegum hætti.

Jafnframt var gert að hinum fjölmörgu stungusárum framan á brjósti, læri og í andlitinu. Flipaplastic var gerð í hnakka sjúklings til þess að takast mætti að þekja svæðið, sem höfuðleður vantaði á. Auk þess kom í ljós á hvirflinum framarlega 2 cm sár, sem var saumað.

Tætlurnar á ytra eyranu hæ. megin voru sniðnar nokkuð til og hagrætt og eyranu a. ö. l. hagrætt og saumað saman, þannig að áferð varð all góð.

Eftir rannsókn þessa og meðferð, sem var all tímafrek og umfangsmikil, hafði almennt ástand sjúklings ekki breyst að neinu verulegu marki. Hún var enn rænulaus að mestu, kveinkaði sér þó og bylti sér.

Að aðgerðum loknum skoðaði augnlæknir (Guðmundur Viggósson) sjúkl. á Gjörgæsludeild Bsp. Skv. viðtali undirritaðs við hann hefur sjúkl. hlotið verulegan áverka á hæ. auga, sem virðist stafa af þungu höggi á

augað. Augasteinninn er skaddaður, og telur augnlæknirinn, að það hljóti að leiða til vaxandi starblindu á auganu. Hann telur líklegt, að síðar meir þurfi að skera augað upp til að bæta úr blindunni að því marki, sem það reynist unnt. Hann taldi sig ekki geta með neinni nákvæmni metið það, hvort ytri stjórnstöðvar augans eða taugar í augntóft væru sködduð, en kvað ekkert benda ákveðið í þá átt. Hann kvað vi. auga vera eðlilegt og óskaddað.

Geta ber þess, að efni, sem líktist mylsnu úr frauðplasti, var í munni sjúkl., en ekki sýnilegir áverkar í munnholi.

Ljóst er þannig, að sjúklingur hefur hlotið mjög víðtæka áverka, sérstaklega höfuðáverka, varanlega áverka á hæ. auga, brjóstholsáverka, víðtæka skurðáverka og auk þess áverka á ytri getnaðarfæri og fæðingarveg. Ennfremur III.° brunabletti.

Ástand sjúklings gefur ekki tilefni til að ætla, að áverkarnir reynist lífshættulegir."

2. Vottorð Andrésar Ásmundssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, dags. s. d.:

„Um kl. 03 hinn 5/12 1981 var hringt í mig frá Slysavarðstofunni og ég beðinn að skoða stúlku vegna gruns um nauðgun. Þegar ég kom í Borgarspítalann, var verið að taka fjölda röntgenmynda af stúlkunni, sem var meðvitundarlaus. Persónuskilríki gáfu til kynna, að stúlkan væri A, f. ... '66, nafnnr. ..., til heimilis að ... í Reykjavík. Var mér tjáð, að stúlkan hefði fundist meðvitundarlaus, alblóðug í skúr í Þverholti. Röntgenmynd sýndi, að vinstra lunga var samanfallið, og var því stungið gúmmíröri inn í lungnasekkinn þeim megin og stöðugt sog sett á, svo að lungað gæti þanist út.

Vegna ofangreindra rannsókna og aðgerðar komst ég ekki að til að skoða stúlkuna fyrr en um kl. 05.30. Allsterk áfengislykt var úr vitum stúlkunnar. Hún svaraði ekki nafni, en hreyfði sig og varði við sársauka. Höfuð hennar var alblóðugt, og hafði hún marga skurði í hársverðinum. Glóðarauga hægra megin, og var sjáaldrið á hægra auga mikið víðara en á vinstra og dró sig ekki saman við ljós. Við hægra munnvik var frekar lítið, en að því er virtist djúpt sár, óreglulega lagað, líkast því, að það væri eftir stungu, en hefði rifnað út úr stungunni. Á húð yfir vinstri helmingi brjóstkassans var fjöldi af smá stungum. Merki eftir sams konar stungur voru á kvið og vi. læri framanverðu, ofarlega. Voru stungurnar margar og lágu þétt. Ofarlega á innanverðu h. læri var um 8 cm langt og 1 cm breitt brunasár. Einnig voru merki um bruna á h. labium minor (blygðunarbarminum minni) og á lærum rétt fyrir aftan kynfærin. Hár á kynfærum vinstra megin höfðu verið sviðin burt. Á mótum minni og stærri blygðunarbarmsins vinstra megin var um 7 cm langt, djúpt sár með sléttum köntum, og náði

sárið upp á lífbein. Saumaði ég þetta sár. Þroti var í litlu blygðunarbörmunum frammi við snípinn. Kynfærin voru alblóðug. Stúlkan hafði í leggöngum bómullartappa og var greinilega með tíðir. Meyjarhaftið var órofið og engin merki um blæðingu þar. Meyjarhaftið var eftirgefanlegt og var auðvelt að þreifa leggöngin með tveim fingrum. Fullt var af blóði í leggöngum, en ekki var hægt að sjá neinn áverka þar inni. Sýni af blóðinu í leggöngunum var tekið á glerplötu og sent í Rannsóknastofu Háskólans til að leita að sáðlum.

Til viðbótar ofangreindum áverkum má geta þess, að hægri eyrnasnepill var rifinn. Samkvæmt upplýsingum Slysavarðstofunnar var líkamshiti stúlkunnar undir 34 gráðum.

Samkvæmt ofanrituðu hefur stúlkan orðið fyrir lífhættulegri líkamsárás og skilin eftir á afviknum stað. Fjöldi áverkanna og brunasár benda til sadistiskra tilhneyginga árasarmannsins. Útlit áverkanna bendir til þess, að notað hafi verið tiltölulega mjótt, skerandi verkfæri. Ekki verður af skoðuninni ráðið, hvort árásarmaðurinn hafi haft við hana samfarir, en ólíklegt verður það að teljast, því að bómullartappinn í leggöngunum var það digur, að erfitt hefði verið fyrir penis að fá pláss líka."

Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði fundust ekki sæðisfrumur í ofangreindu sýni.

3. Vottorð Rögnvalds Þorleifssonar, dagsett 27. mars sl.:

„Eins og fram kemur í frumvottorði, voru brunaáverkar á vinstra brjósti sjúklings og ytri getnaðarfærum svo og innanvert á hæ. læri upp við nára. Með því að upphaflega var ekki ljóst, hversu djúpur bruninn væri á öllum stöðunum, var beðið átekta, þar til dauði vefurinn hafði afmarkast.

Þ. 22/12 var síðan gert að brunaáverkunum á getnaðarfærunum og innanvert á hæ. læri. Dauð húð var þá klippt burtu af innanverðu lærinu, og varð eftir það sár, ca. 8 x 4 cm að stærð. Þetta sár var þakið með mjög þunnri húðbót, sem tekin var utanvert af vi. mjöðm sjúklings. Brunasvæðið á vi. skapabarmi reyndist vera ca. 8 x 2 cm að stærð, og var þar um að ræða bruna í gegnum húðina. Þetta svæði var einnig hreinsað upp þ. 22/12 og flutt á það mjög þunn húðbót eins og sárið innanvert á vi. læri.

Ekki þótti ástæða til að gera neitt að brunaáverkanum á vi. brjósti, enda hafði þar myndast þurr skorpa, sem síðan datt af, er sárið var gróið undir henni.

Húðbæturnar, sem fluttar voru á brunasvæðin, greru eðlilega og vandkvæðalaust við sárgrunninn, og var meðferðinni á brunaáverkunum þar með lokið. Undirritaður hefur ekki skoðað sjúkl. í seinni tíð m. t. t. þessarra áverka, en ekki er ástæða til að ætla, að þeir verði sjúklingi að neinu verulegu meini.

Ekki er ólíklegt, að örvefur hafi gróið fyrir mjólkurgangana í vi. geir-

vörtu. Úr því verður varla skorið fyrr en á kann að reyna. Vafasamt er, hvort hægt yrði þá að opna gangana, þó sýnist það ekki óhugsandi.

Nefna ber, að áverkarnir í höfuðleðri sjúklings og ytra eyra hennar svo og stungusár víðs vegar greru eðlilega og án fylgikvilla. Nokkur ör urðu eftir stungusárin einkanlega.

Undirrituðum er kunnugt um, að sjúkl. hefur verið skorin upp oftar en einu sinni vegna æðaáverka í höfði, er hún hlaut þ. 5/12, og mun meðferð á þeim áverka ekki enn lokið. Vísast að öðru leyti til umsagnar hlutaðeigandi lækna."

4. Vottorð Arons Björnssonar, aðstoðarlæknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, dags. 15. apríl sl.:

„Vísað er til vottorða, útgefinna af Rögnvaldi Þorleifssyni þann 5. 12. 81 og 27. 3. 82.

Til viðbótar þeim áverkum, sem áður hafa verið tíundaðir, hefur komið í ljós við frekari rannsóknir æðaskemmd í höfði, sem myndast hefur við árásina þann 5. desember 1981. Þessi æðagalli hefur m. a. valdið verulegum þrýstingi aftan á hæ. auga, þannig að það er nú áberandi mikið útstætt miðað við það vi. Þrjár aðgerðir hafa þegar verið framkvæmdar hér á Borgarspítalanum, allar í janúarmánuði '82, til lagfæringar á áðurn. skemmd, en þær hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Það er þess vegna sem A er send utan til Hanover í New Hampshire í Bandaríkjunum þann 13. 4. 1982 til framhaldsmeðferðar á títtnefndri skemmd.

Frekari vottorð varðandi þetta atriði verða að bíða enn um sinn, þar til árangur þessarar síðustu meðferðar verður að fullu ljós. Bjarni Hannesson, taugaskurðlæknir, mun væntanlega gefa út slíkt vottorð síðar.

Það er rétt að taka það fram einnig, að A var í aðgerð á vegum háls-, nef-, og eyrnalækna (Stefáns Skaftasonar) hér á Borgarspítalanum í marsmánuði '82 vegna áverkans á vi. eyra og lömunar í andliti, og vísast til umsagnar Stefáns Skaftasonar varðandi það atriði."

5. Vottorð Stefáns Skaftasonar, yfirlæknis háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, dagsett 4. maí sl.:

„Ofangreindur sjúklingur varð fyrir líkamsárás þ. 5. 12. '81 og lá lengi á handlækningadeild Borgarspítala af þeim orsökum. Fékk þá allmikinn höfuðáverka með þeim afleiðingum m. a., að vinstri hluti andlits varð lamaður, og sjúklingur fékk heyrnardeyfu á vinstra eyra. Við skoðun á eyranu kom í ljós, að stórt gat var á vinstri hljóðhimnu, sem orsakaðist af áðurnefndu höfuðhöggi, enda hafði sjúkl. alllengi eftir á útferð úr eyra, í upphafi blóðlitaða.

Með tilliti til áðurnefndrar heyrnardeyfu var ákveðið að leggja inn sjúkl. á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans og gera heyrnarbætandi aðgerð á henni og samtímis kanna svæði það í miðeyra, sem andlitstaugin gengur

í gegnum, þar eð ástæða var til að ætla, að höfuðkúpan hafi brotnað og brotfletir legið í gegnum þennan hluta miðeyrans og valdið þannig lömun á andlitsvöðvum sjúklings vinstra megin.

Sjúkl. var því lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans þ. 21. 3. '82 og lá inni til og með 26. 3. '82.

Þ. 22. 3. '82 var gerð áðurnefnd aðgerð á sjúklingi og framkvæmd svokölluð tympanoplastik nr. I á vinstra eyra ásamt mastoidectomia totalis sinister.

Grædd var ný hljóðhimna á sjúkling, og auk þess var svæði það, sem andlitstaugin gekk í gegnum, kannað mjög rækilega, og sáust þar engar brotlínur, er skýrt gætu lömun sjúklings. Er því orsök lömunarinnar að leita enn hærra en samsvarar þessu svæði og sennilega alveg uppvið höfuðkúpubotn (basis cranii).

Ástæða er til að ætla, að A fái eðlilega heyrn á vinstra eyra eftir hljóðhimnuágræðsluna, en engan bata á andlitslömuninni eftir aðgerðir þessar."

6. Vottorð Bjarna Hannessonar, læknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, dags. 4. nóvember sl.:

„Í bréfi yðar frá 8. okt. 1982 er farið fram á að fá nýtt læknisvottorð um heilsufar A, f. ...'66, og um þá læknismeðferð, sem hún hefur hlotið, frá því að fyrri vottorð voru gefin út. Sjúkl. hafði fengið slæman höfuðáverka við árásina, og sem afleiðingu af því var sjúkl. með lömun vi. megin í andliti, hún fékk fistil á milli aðalslagæðar og aðalbláæðar til heilans hæ. megin, og orsakaði það, að sjúkl. er með mjög útstandandi auga h. megin með þrota í augnloki og slímhimnum, þá var sjúkl. með minnkaða heyrn báðum megin og var með gat á hljóðhimnu á vi. eyra, og miðeyrnabein voru sömuleiðis úr liði skv. tölvusneiðmyndum. Í apríl s. l. fór sjúkl. í aðg. við Dartmouth Medical School affiliated Hospital, og þar var gerð aðgerð á sjúkl., og nervus facialis vi. megin var frílögð, og við skoðun þann 21. 10. 82 kemur í ljós, að sjúkl. hefur fengið töluv. mátt í vi. helming andlits, og má reikna með því, að sá bati haldi áfram, og er trúlegt, að sjúkl. fái fullan mátt í andlitið. Í sömu sjúkdómslegu í apríl voru undirbundnar æðar, sem liggja að ofannefndum fistli á milli slagæðar og bláæðar h. megin í höfði sjúkl., og við þá aðgerð fékk sjúkl. talsv. bót, en augað er ennþá útstandandi, og er það töluv. lýti, aftur á móti hefur sjúkl. fulla sjón á auganu, og sjónhimnan er nú við síðustu skoðun augnlæknis eðlil.

Í dag er því ekki hægt að gefa endanlegt vottorð um ástand sjúkl., og það er ekki ólíklegt, að sjúkl. þurfi að fara í fleiri aðgerðir varðandi fistilinn, sem hún hefur á milli slagæðar og bláæðar hæ. megin. Sömuleiðis þarf sjúkl. að fara aftur í heyrarmælingar, og vísast til Stefáns Skaftasonar læknis varðandi það atriði."

7. Vottorð Stefáns Skaftasonar, dags. 18. f. m.:

„Það vottast hér með, að ofangreindur sjúkl. hefur verið í heyrnarfræðilegri rannsókn hjá undirrituðum í dag. Svokölluð tónheyrnarmæling sýnir miðlæga heyrnardeyfu fyrir hátíðnistóna 2000 rið og þar yfir á báðum eyrum. Auk þess hefur sjúkl. leiðslutruflun í hæ. miðeyra. Heyrnarþröskuldur er við 25 heyrnareiningar á hæ. eyra og 20 heyrnareiningar vi. eyra. Talgreining er 100% á báðum eyrum.

Niðurstaða þessarar rannsóknar leiðir því í ljós, að áðurgreindur sjúkl. hefur hátíðnisheyrnartap á báðum eyrum, sem rekja mætti til höfuðáverka þess, er hún varð fyrir í ágústmánuði 1981.

Þar sem engar heyrnarmælingar eru tiltækar á sjúkl. fyrir það slys, er ekki mögulegt að bera saman heyrnarrit tekin bæði fyrir og eftir áverkann. Ég byggi því þessa niðurstöðu mína hvað varðar heyrnartap það, er A hefir í dag, á reynslu minni, er ég hef fengið við heyrnarrannsóknir sjúkl., er hlotið hafa höfuðáverka og verið í heyrnarfræðilegum rannsóknum hjá mér af þeim sökum."

Ákærði hefur langan afbrotaferil að baki og hefur sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1970 16/1 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga, sbr. 20. gr.

1970 20/2 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Dómur uppkvaðinn 16. janúar 1970 dæmdur með).

1971 4/5 Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1971 15/7 Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1972 4/4 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1973 5/1 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 217., 244. og 245. gr. hegningarlaga.

1973 14/2 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing, sbr. 78. gr. hegningarlaga.

1974 11/3 Reykjavík: Dómur: Sviptur sjálfræði skv. 1., 3. og 4. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947.

1974 19/8 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1975 20/6 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 27. gr. og 3.

mgr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 20/6 1975.

1976 28/6 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 4/2 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 26/10 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 4/3 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1980 1/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1981 12/2 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1981 18/11 Reykjavík: Sátt, 120 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Á meðan á rannsókn málsins stóð, hafði Karl Strand yfirlæknir ákærða til geðrannsóknar. Skýrsla um þá rannsókn liggur fyrir í málinu og er dagsett 31. mars 1982. Niðurstaða skýrslunnar er á þessa leið:

„H. I. H. er persóna, sem ólst upp utan foreldraheimilis mikinn hluta bernsku sinnar og þá ætíð vansæll. Í fjölskyldu hans má finna drykkjuhneigð á aðra hlið, en geðkvilla á hina. Bróðir hans er geðveikur um langan tíma. Skólanám var slitrótt og gagnslítið, og maðurinn er mjög ófróður í bóklegum fræðum og um almenn þekkingaratriði. Hann er treggáfaður og hefir engan áhuga á að afla sér fræðslu, les þó biblíuna með sprettum.

Hann hefir reykt og neytt áfengis nær stöðugt frá fermingaraldri, stöku sinnum getað hætt að drekka fáeinar vikur, en aldrei til lengdar. Þá hefir hann notað lyf sem vímugjafa, ýmsar tegundir, þó ekki ópíum, heroin né kokaine, svo vitað sé. Er mjög háður áfengi og lyfjum.

Kynlíf hans er misheppnað, og dulin kynvilluhneigð er að líkindum til staðar.

Hann hefir framið fjölda afbrota, sem nær öll eru þjófnaður í margskonar formi, í auðgunarskyni. Vitað er um eina árás á mann með hníf, en engar árásir á konur nema þjófnað á tösku með valdi.

Þetta síðasta brot vitnar um hóflausa reiði og misþyrmingu, sem minnir á kvalalosta (sadism). Hann kann skil á réttu og röngu, en missir stjórn á skapi sínu drukkinn og undir áhrifum lyfja. Ekki er vitað til, að hann hafi misþyrmt konu fyrr á þennan hátt né neytt konur til kynmaka.

Geðrannsókn leiðir í ljós greinilega geðvilluskapgerð — psychopathic personality —, kaldlyndi, kæruleysi, takmarkaða siðferðiskennd og van-

hæfni að læra af reynslu. Refsingar í formi sekta og fangavistar breyta ekki hátterni hans til batnaðar.

Einkenni um virka geðsjúkdóma finnast ekki hjá H. I. H. Að áliti geðlæknis er hann sakhæfur.“

Skýrslunni um geðrannsóknina fylgdi skýrsla frá Kristni Björnssyni sálfræðingi um athugun hans á ákærða. Niðurstaða hans er á þessa leið:

„Hér er um að ræða treggefinn eða tornæman mann, sem auk þess hefur lítt þjálfað hæfileika sína við nám eða þroskandi athafnir.

Hann er haldinn miklum tilfinningalegum dofa eða kaldlyndi ásamt andfélagslegum hneiguðum af því tagi, sem einkennandi eru fyrir geðvilluskapgerð (psychopathy).

Geðheilsa er við mörk þess eðlilega, og persónuleiki er eindregið „schizoid“ og hætta gæti verið á frekari þróun í þá átt.

Geðvilla ásamt „schizoid“ skapgerð hljóta ávallt að gera aðlögun og tengsl við fólk erfið og geta skapað hættu í umgengni við aðra, einkum ef áfengis eða lyfja er neytt.

Með tilliti til greindar og geðheilsu ætti Hallgrími að vera ljósar afleiðingar gerða sinna, hann ætti því að geta borið ábyrgð á þeim og talist sakhæfur.

Vegna skapgerðaeinkenna, er geta gert manninn viðsjárverðan í samskiptum, má telja langvarandi eftirlit eða pössun nauðsynlega, ef hann verður frjáls ferða sinna.

Endurþjálfun mundi krefjast mikils, en væri mikilvægt að reyna. Langvarandi verkþjálfun ásamt slökun og annarri sállæknandi meðferð án lyfjanotkunar, sem framkvæmd væri á lokaðri stofnun, mundi þá helst geta borið árangur.“

Eftir að ákærði og stúlkan yfirgáfu biðskýlið á Hlemmtorgi, eru ekki aðrir til frásagnar um atburðarásina en ákærði. Samkvæmt meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 verður því að byggja á framburði hans að mestu við úrlausn málsins, þótt framburður hans hafi á ýmsan hátt reynst reikull og gloppóttur. Með játningu ákærða, vettvangskönnun, könnun á klæðum hans og stúlkunnar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði veittist með hrottafengnum og hættulegum hætti að stúlkunni, eins og lýst er í ákæru, og með þeim afleiðingum, sem greinir í framlögðum læknisvottorðum, sem rakin hafa verið. Raunar er ekki enn séð fyrir endann á afleiðingum árásarinnar.

Ekki er fyllilega ljóst, hvað vakað kann að hafa fyrir ákærða með atferli sínu, sem vart hefur verið skipulagt fyrirfram, að öðru leyti en því, að hugur hans hafi staðið til að hafa við hana kynferðismök, samfarir eða annars konar mök, sbr. framburð hans um kossaloforð stúlkunnar. Ekki benda gögn málsins til þess, að stúlkan hafi nauðug farið upphaflega með

ákærða, en hún virðist að sögn ákærða hafa reynt að komast brott, er hún varð þess áskynja, hvað vakti fyrir honum. Ekki liggur fyrir vitneskja um, hvað vakað hefur fyrir stúlkunni að fara með ákærða. Þegar mið eru tekin af áfengiskaupum hennar fyrr um daginn, verður að teljast líklegt, að hún hafi viljað fá meira áfengi. Styðst þetta við framburð ákærða. Um þetta verður ekkert þó fullyrt með vissu. Því verður gengið út frá, að stúlkan hafi farið í upphafi með honum af frjálsum vilja, en viljað losna, er henni var ljóst, hvað vakti fyrir ákærða. Ákærði var þá ekki á því að sleppa henni, heldur elti hana og yfirbugaði. Eftir að hann færði hana á ný í skúrinn, lét hann ekki þar við sitja, heldur hélt áfram að misþyrma henni. Ekki verður fullyrt með vissu, að ákærði hafi ætlað sér að hafa samfarir við stúlkuna bjargarlausa. Fram hefur þó komið hjá honum við yfirheyrslu, að hann hafi flett hana klæðum og sjálfur fækkað fötum, en hann hafi reynst getulaus til samfara, er á átti að herða. Þá hafi hann reiðst og brennt stúlkuna. Staðreynd er, að stúlkan fannst fáklædd. Það gæti bent til þess, að ákærði hafi ætlað að hafa við hana samfarir, þó slíkt gæti líka bent til annars, svo sem brenglaðrar kynferðistilhneigingar. Verður það að teljast jafnlíklegt, þegar virt er, hvar á líkamanum ákærði brenndi stúlkuna, skapahár og brjóstvörtu, sem bendir eindregið til, að þessi þáttur atlögunnar hafi a. m. k. stafað af einhvers konar kynferðislegum tilhneigingum. Þegar hin takmörkuðu gögn málsins að þessu leyti eru virt, verður því ekki fullyrt með vissu, að ákærði hafi brotið gegn 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga með athæfi sínu, heldur beri að heimfæra árás ákærða undir 202. gr. laganna auk 2. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Ekki verður heldur fullyrt, að ákærði hafi ætlað að bana stulkunni vísvitandi eða honum hafi ekki dulist, að langlíklegast væri, að áverkar hennar mundu leiða til bana. Ekki eru því tök á að heimfæra verknað ákærða undir 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Hins vegar telur dómurinn, að það háttalag ákærða að skilja hana eftir stórslasaða utan alfaraleiðar og í miklum kulda varði við 1. mgr. 220. gr. laganna, enda þótt hann hafi gert ófullnægjandi tilraun til að hún fengi hjálp. Ekki er vitað, hve löngu það var, eftir að ákærði yfirgaf hana. Ekki verður ákærði einn sakaður um, að hjálpin barst eins seint og raun varð á, og telur dómurinn þessa tilraun vera ákærða til nokkurra málsbóta, þótt hún leysi hann með engu móti undan ábyrgð samkvæmt síðastnefndu lagagreininni.

Þjófnaður ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. desember 1981 í Safnarabúðinni, Frakkastíg 7 hér í borg, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 telst hæfilega ákveðin fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. desmeber 1981 allt til þessa dregst frá með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, en málið flutti af hálfu ákæruvaldsins Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, og réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hallgrímur Ingi Hallgrímsson, sæti fangelsi í 10 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 6. desember 1981 til 7. desember 1982 dregst frá refsingunni að fullu.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, að fjárhæð 12.000.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 24.000.00 krónur.

Föstudaginn 30. september 1983.

Nr. 161/1983. **Ríkissaksóknari**
gegn
yfirsakadómaranum í Reykjavík og Eggert Bjarna Arnórssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru, sem skráð er í sakadómsbók 30. ágúst 1983, en vitneskju um dóminn hafði hann ekki fengið fyrr en daginn áður. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og til uppsögu efnisdóms samkvæmt ákæruskjali, útgefnu 2. júní 1983, á hendur varnaraðilja, Eggert Bjarna Arnórssyni.

Varnaraðili, Eggert Bjarni, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 30. ágúst 1983, en frá yfirsakadómaranum í Reykjavík hefur engin greinargerð borist.

Engir annmarkar eru á ákæru í máli þessu, sem verða máttu til þess, að dómari synjaði að láta birta ákæruna og þingfesta að því búnu málið á hendur varnaraðilja, Eggert Bjarna, eftir því sem fyrir er mælt í 3. mgr. 115. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. og 23. gr. laga nr. 107/1976. Athugast í því sambandi, að geðhagir sökunauts og þá sérstaklega sakhæfi hans eru meðal þeirra atriða, sem rannsókn fyrir dómi hlýtur að beinast að eftir því sem tilefni reynist til, sbr. d lið 2. tl. 75. greinar laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að birta varnaraðilja, Eggert Bjarna, ákæruskjal í málinu og taka það til dómsmeðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að birta varnaraðilja, Eggert Bjarna Arnórssyni, ákæruskjal, útgefið 2. júní 1983, og taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 260/1983: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní sl., á hendur ákærða, „Eggert Bjarna Anrórssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, til heimilis að Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954, fyrir að hafa aðfaranótt 9. ágúst 1982 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík, ráðist á Guðmund Gígju rannsóknarlögreglumann, út af starfi hans sem lögreglufulltrúa við fíkniefnadeild lögreglunar í Reykjavík og afskiptum hans af ákærða í því starfi og slegið hann hnefahögg í andlitið, svo að Guðmundur féll á höfuðið á steinsteypta stétt, missti meðvitund skamma stund, marðist á hnakka og hruflaðist á olnboga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. ágúst sl., um kl. 0126, er lögreglumenn óku fram hjá veitingahúsinu Hollywood, veittu þeir athygli manni, er lá þar á gangstéttinni, og héldu dyraverðir ákærða þar rétt hjá. Var ákærði færður í fangageymslur lögreglunnar, þar sem Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður kvað ákærða hafa selgið sig í andlitið. Guðmundur ritaði rannsóknarlögreglustjóra bréf, og segir svo í bréfinu: „Málavextir eru þeir, að ég var staddur í veitingahúsinu Hollywood í gærkvöldi ásamt eiginkonu minni. Um kl. 01:00 var ég á leið út úr húsinu, en stoppaði um stund við fatageymslu hússins til að fá afhenta yfirhöfn. Þá fer Eggert Bjarni að tala við mig að fyrra bragði, en ég hafði ekki séð hann eða talað við hann fyrr um kvöldið. Eggert Bjarni lýsti því þarna, hvað honum þætti leitt að sjá mig enn á lífi og hvað það væri slæmt, að ekki væri búið að taka af mér hausinn. Síðan sagði hann:„Nú verður að fara að taka af þér hausinn.“ Meðan ég náði í yfirhöfn konu minnar, sagði Eggert Bjarni m. a. við hana, að ég væri „óþverri og skepna, sem ætti að þurrka af yfirborði jarðar.“

Á leið út úr veitingahúsinu sá ég Eggert Bjarna utan við húsið, og gekk ég þá þannig frá húsinu, að ég þyrfti ekki að koma nálægt honum til að losna við að hlusta frekar á hótanir hans. Síðan veit ég ekki frakar, hvað gerist fyrr en eitthvað síðar, að mér er sagt, að Eggert Bjarni hafi slegið mig í rot og ég við það fallið í götuna, en hann hafi verið handtekinn af lögreglu.

Áverkar mínir eftir þessa árás eru bólga á neðri kjálka, hægra megin, kúla á höfði og hrufla á vinstri olnboga. Minnisleysi um sjálfan atburðinn og höfuðverkur, sem ég er með, benda til snerts af heilahristingi.

Orsök þessarar árásar Eggerts Bjarna á mig má rekja til þess tíma, sem ég var lögreglufulltrúi í Fíkniefnadeildinni í Reykjavík. Eggert Bjarni var þá margoft handtekinn vegna meiri háttar brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá og síðan hefur Eggert oft lýst því yfir, að hann ætlaði að drepa ákveðna starfsmenn Fíkniefnadeildarinnar og Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum. Sagði hann m. a. oft, að hann hefði gert lista yfir þá menn, sem hann ætlaði að drepa, og væri ég yfirleitt efstur á listanum sem yfirmaður Fíkniefnadeildarinnar. Þessar hótanir ítrekaði Eggert margsinnis í samtölum við mig og starfsmenn Fíkniefnadeildarinnar og dómstólsins, t. d. Ásgeir Friðjónsson og Þórð Þórðarson dómara og Bjarnþór Aðalsteinsson, Magnús G. Kjartansson og Reyni Kjartansson rannsóknarlögreglumenn og fleiri.

Einnig skal bent á fíkniefnamál frá því í febr. 1980, þegar lagt var hald á allmargar túbur af dýnamíti, sem Eggert og bróðir hans Sumarliði höfðu undir höndum, að þeirra sögn í þeim tilgangi að sprengja upp heimili undirritaðs og fleiri starfsmanna Fíkniefnadeildar. Þá höfðu þeir þegar gert tilraun til að kanna sprengimátt dýnamítsins.

Þá skal einnig bent á það, að Sumarliði, bróðir Eggerts, hefur lýst áhyggjum sínum vegna þess, að Eggert sé full alvara með þessum hótunum og Sumarliði óttist, að Eggert láti verða af framkvæmdum.

Ég tel tvímælalaust, að það sé þráhyggja hjá Eggert Bjarna, að hann verði að drepa framangreinda menn og árásin á mig hafi verið í samræmi við þá fyrirætlan. Ég tel einnig, að Eggert Bjarni sé alls ekki andlega heilbrigður, m. a. vegna fíkniefnaneyslu, og fullvíst, að hann hafi ætlað að ganga af mér dauðum, ef hann gæti.

Samkvæmt ofanskráðu kæri ég hér með Eggert Bjarna Arnórsson til refsingar fyrir hótanir, líkamsárás og ætlaða morðtilraun og áskil mér allan rétt til að koma fram með bótakröfur á síðara stigi þessa máls."

Sama dag gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði hann þannig frá:

„Mætti segir, að hér sé um að ræða rógburð og lygar af hálfu Guðmundar Gígja. Mætti kveðst vilja, að hann gefi aðra skýrslu, þar sem hann segi satt og rétt frá og dragi róg sinn til baka.

Mætti er beðinn um að svara því, hvort hann hafi slegið Guðmund Gígja í andlitið fyrir utan veitingahúsið Hollywood s. l. nótt.

Mætti segist hafa slegið til Guðmundar, þar sem hann hafi verið að forða sér í burtu. Mætti segist ekki hafa tekið eftir því, hvar höggið lenti, en segist reikna með, að það hafi lent á kinninni. Mætti segist hafa séð Guðmund óljóst á rassgatinu, annaðhvort í falli eða að rísa upp.

Mætti er spurður að því, hvort hann hafi slegið Guðmund af ásettu ráði og þá hver ástæðan hafi verið.

Mætti segist hafa slegið Guðmund af ásettu ráði. Þetta segist mætti hafa gert, vegna þess að í mörg undanfarin ár hafi hann reynt að fá þennan mann kærðan fyrir rógburð, lygar, þjófnað, lögreglusamsæri gegn fólki út í bæ. Fyrir að láta aðra sparka fólki úr embætti og fyrir barsmíðar og meiðyrði.

Mætti segir, að ekki hafi verið ætlun sín að valda Guðmundi miska með þessu höggi, heldur hafi ætlunin verið sú að stoppa hann af í að hlaupa í burtu. Jafnframt því að slá Guðmund þá kveðst mætti hafa unnið sér inn ástæðu til þess, að dómstóll mundi skipa rannsókn á hans embættismisferlum undir lögreglustjórninni. Þá einnig að rógberinn Guðmundur Gígja verði látinn gera reikningsskil á rógburði og lygaþvættingi og öðru misferli.

Mætti er spurður að því, hvort rétt sé eftir honum haft í skýrslu Guðmundar Gígja, að hann hafi ávarpað Guðmund inni í fyrrgreindu veitingahúsi og haft á orði, að leitt væri að sjá hann á lífi og síðan orðrétt „Nú verður að fara að taka af þér hausinn."

Þetta segir mætti, að sé rógburður og lygar.

Mætti er þá spurður að því, hvort rétt sé, að hann hafi sagt við eiginkonu

Guðmundar Gígja, að Guðmundur væri óþverri og skepna, sem ætti að þurrka út af yfirborði jarðar.

Mætti segir, að þetta séu lygar og rógburður. Það, sem hann hafi sagt við Guðmund, hafi verið, að hann væri glæpadólgur, og við eiginkonu Guðmundar hafi hann sagt, að Guðmundur væri óþverri og skepna. Þegar mætti var leiddur út í lögreglubifreiðina framhjá mannþrönginni, þá hafi hann snúið sér við og sagt til Guðmundar „Þú morðingjatetur."

Hér óskar mætti eftir að endurtaka fyrri kröfu sína um, að Guðmundur Gígja segi satt og rétt frá.

Mætti er inntur eftir því, hvað hæft sé í því, að mætti hafi áður verið með hótanir við Guðmund Gígja og aðra starfsmenn Fíkniefnadeildar og Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, eins og fram kemur í skýrslu Guðmundar Gígja.

Mætti segir, að þetta séu hreinar og beinar óþverralygar og rangsnúningur á hans orðum. Í þessu sambandi vísar mætti til kærubréfa til dómsmálaráðherra, sem hann hafi sent á árinu 1980 og oft síðar í viðtölum.

Mætti er spurður að því, hvort hann hafi haft í hótunum um að sprengja heimili Guðmundar Gígja og annarra starfsmanna Fíkniefnadómsstólsins í loft upp, eins og kemur fram í skýrslu Guðmundar Gígja.

Mætti kveðst vilja benda á skýrslu um þetta efni, sem liggi hjá ríkissaksóknara, þar sem málið hafi verið látið niður falla. Mætti kveðst krefjast þess, að Guðmundur Gígja verði kallaður fyrir dómstól og dæmdur fyrir undirritaðan lygaþvætting.

Að lokum er mætti spurður að því, hvort hann hafi haft í hótunum um að sprengja lögreglustöðina í Reykjavík í loft upp.

Mætti vísar aftur til 50 daga yfirheyrslu um það mál.

Mætti er spurður að því, hvenær hann hafi komið í fyrrgreindan skemmtistað í gærkvöldi og hvort og þá hve mikið áfengi hann hafi verið búinn að drekka, þegar hann sló Guðmund Gígja.

Mætti telur, að hann hafi komið á staðinn laust eftir kl. 24:00 og keypt sér Vodka í tvö glös, og segist hann hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar umræddur atburður skeði. Mætti segir, að atburðurinn hafi orðið mun mildari fyrir það, að mætti hafi verið undir áhrifum áfengis, og verið í góðu skapi, þegar hann kom inn í húsið."

Þann 9. ágúst sl. voru teknar skýrslur af Gunnari Ólafssyni og Stefáni *Rúnari* Bjarnasyni, dyravörðum í Hollywood, og báru þeir báðir, að ákærði hefði slegið Guðmund í andlitið.

Þriðjudaginn 10. ágúst gaf Guðmundur Gígja skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins og staðfesti kærubréf sitt.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 30. ágúst sl., fannst við skoðun á kæranda mar á hnakka og hrufl á vinstri olnboga.

Þann 19 apríl sl. endursendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglu ríkisins málið og krafðist þess, að teknar yrðu skýrslur af vitnunum Hjördísi Jónasdóttur, eiginkonu kæranda, og Ólöfu Oddsdóttur, Hraunteigi 3. Þá verði kærandi inntur eftir því, hvort hann geri bótakröfur í málinu, og kærða verði loks kynnt framkomin gögn í málinu.

Hjördís L. Jónasdóttir gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 17. maí sl. og skýrði þá þannig frá:

„Hún segist lítið geta sagt um þetta mál, því árásarmaðurinn hafi ráðist fyrirvaralaust að eiginmanni hennar og slegið hann í andlitið. Mætta segist þó hafa orðið þess vör, þegar þau hjónin voru að ná í yfirhafnir sínar eftir skemmtunina, að þessi maður var með leiðinda orðbragð við Guðmund og m. a. hafi hún heyrt manninn segja, að réttast væri að þurka Guðmund af yfirborði jarðar.

Mætta segir, að Guðmundur hafi hlegið að manninum, en ekki heyrt hann svara honum neinu. Mætta segist muna eftir því, að þegar Guðmundur var að fara niður útitröppurnar, þá hafi kærður staðið þar fyrir neðan tröppurnar, og segist hún hafa óttast, að maðurinn léti verða af hótunum sínum. Hún segist þá hafa snúið sér til eins af dyravörðum hússins og skýrt honum frá ótta sínum, þegar hún svo leit við aftur, þá hafi Guðmundur legið á stéttinni.

Mætta segir, að dyraverðirnir hafi strax hlaupið til og gripið kærða og haldið honum, þar til lögreglan kom, en hún hafi komið þarna að mjög fljótlega. Mætta segir, að Guðmundur hafi staulast fljótlega á fætur, en hann hafi greinilega verið ruglaður eftir árásina. Mætta segist hafa viljað láta Guðmund fara á Slysadeildina, en hann hafi ekki viljað það og þau farið strax heim. Mætta segist ekki hafa séð áverka á Guðmundi þarna um nóttina, en þegar farið var að gæta að því daginn eftir, hafi mátt sjá mar og bólgu í andliti hans.

Mætta segir, að með þeim hafi verið Ólöf Oddsdóttir, en mætta heldur, að hún geti lítið sagt um það, sem þarna skeði, annað en að kærði réðist á Guðmund og sló hann niður fyrir utan samkomuhúsið.

Mætta er innt eftir því, hvort umræddur árásarmaður hafi verið með ónæði, með símahringingum eða á annan hátt, á heimili þeirra

Mætta segist ekki hafa orðið þess vör, en eiginmaður hennar hafi haft orð á því við hana, að kærði hafi stundum áður verið með hótanir og ónæði við hann. Annað segist mætta ekki hafa að segja um þetta mál.“

Vitnið Ólöf Jóna Oddsdóttir gaf sama dag skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði þannig frá:

„Mætta segist muna eftir þessum atburði. Hún segist hafa farið í umrætt samkomuhús þetta kvöld með þeim Hjördísi og Guðmundi. Mætta segist hafa orðið vör við, að árásarmaðurinn hafi verið með hótanir við Guðmund

þar inni í húsinu og m. a. hafi hún heyrt hann hóta Guðmundi því að slá hann niður, þegar hann kæmi út.

Mætta er innt eftir því, hvort árásarmaðurinn hafi verið áberandi ölvaður, þegar umræddur atburður skeði. Jafnframt er hún innt eftir því, hvort hún sjálf og þau hjónin Hjördís og Guðmundur hafi verið búin að drekka mikið áfengi þar um kvöldið.

Mætta segist ekki hafa séð, að árásarmaðurinn væri áberandi ölvaður. Mætta segist hafa smakkað áfengi, en alls ekki í neinu óhófi. Mætta segir, að þau hjónin hafi smakkað áfengi, en telur sig geta fullyrt, að það hafi verið í hófi.

Mætta segir, að áður en þau fóru út úr húsinu, hafi hún farið til eins af dyravörðum hússins og beðið hann um að fylgjast með Guðmundi, á meðan hann kæmist út í leigubíl, til þess að kærði næði ekki til hans, eins og hann áður hafði hótað. Mætta segir, að kona Guðmundar hafi viljað láta kalla á lögregluna, en Guðmundur ekki viljað það.

Mætta er spurð að því, hvort hún hafi séð áverka á Guðmundi eftir árásina.

Mætta segist ekki hafa tekið eftir því og ekkert kannað það. Hún segir, að Guðmundur hafi fallið á hnakkann við höggið, sem maðurinn veitti honum. Guðmundur hafi rotast og verið nokkra stund að jafna sig. Mætta segir, að lögreglan hafi ekið henni heim skömmu síðar."

Þann 18. maí sl. mætti kærandi hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og skýrði frá því, að hann teldi ekki ómaksins vert að leggja fram bótakröfu á hendur ákærða.

Þann 19. maí sl. fóru Gísli Guðmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, þar sem ákærði afplánaði refsidóm. Var ákærða kynnt framkomin gögn í málinu og hann inntur eftir því, hvað hann hefði frekar um málið að segja. Er þá eftirfarandi bókað eftir ákærða:

„Mætti segir, að svo að eitthvað réttlæti verði í þessu máli, þá víki rannsóknarlögreglan sem rannsóknaraðili vegna stórfelldrar hlutdrægni með óorðum í skýrslum, greinilega búið til af skýrslutaka, og þessu máli verði vísað til óhlutdrægra aðila. Jafnframt vill hann benda á, að í þeim skýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir, séu það niðrandi unnar, að ekki verði komist hjá þeirri kröfu. Ennþá hafi skýrsla lögreglunnar í Reykjavík verið lögð fram í málinu, enda hafi lögreglan á sínum tíma orðið meiriháttar illir yfir þeirri skýrslutöku, enda ætlaði hún sér sjálf að vinna að þessu máli með sínu hugarfari og sínum vinnubrögðum. Þetta hafi mætta verið tjáð á lögreglustöðinni í Reykjavík af skýrslutaka þar.

Mætti vill benda á, að William Möller hafi heimtað skýrsluna strax úr

höndum skýrslutaka vegna blaðamanna, sem voru mættir á lögreglustöðina, sem voru kvaddir á staðinn af lögreglunni til ætlunar svertunar og eyðileggingar á mannorði þess að sitja í fangelsi, á meðan fréttaflutningur kæmist til prentunar í blöðum, og var jafnframt neitað að tala við blaðamenn sjálfir til að gefa rétta mynd af því ferli, sem leiddi til þess, að Guðmundur og hans líkir eigi löðrung skilið.

Þá vill mætti benda á, að hann hafi ekki í hyggju að greiða Guðmundi neinar bætur fyrir timburmenni né eftirköst af hans eigin sukki, en kæri hann jafnframt til skaðabótagreiðslu á þeim rógburði, ærumeiðandi ummælum og mannsvertu, sem hann hafi valdið mætta með skrifum sínum með máli sínu, með athæfum sínum. Allt sé þetta gert í krafti lögreglustjörnunnar.

Mætti óskar eftir því, að dómur meti skaðabætur til mætta.

Þá kveðst mætti vilja benda á skýrslu, sem Guðmundur gefur í málinu. Guðmundur leyfir sér að benda á, að mætti sé meiriháttar afbrotamaður og stórglæpamaður yfir höfuð, sem hann telur sig hafa sannanir fyrir frá lögreglunni og skýrslum lögreglunnar. Jafnframt vilji hann vekja athygli á því, að samkv. lögum um opinbera starfsmenn þá er þeim hvergi gefin heimild til misnotkunar og rangtúlkunar á þeim skýrslum, sem gefnar hafa verið hjá því embætti, og þá vilji hann benda á refsilög, kafla um brot í opinberu starfi, dómsákvæði laga til heimildar dómara fyrir tveggja ára fangelsisdóm og allt að 6 fyrir slíkan rógburð og rangfærslu og misnotkun, sem hann sé hér með, og vísar í til staðfestingar sínu máli, í kærunni. Og mætta þykir það sjálfsagt, að dómari skoði þá þau lög, sem þessi aðili sé búinn að brjóta, greinilega eingöngu ætlaða til svertingar á mannorði mætta og hann fái þann dóm, sem lög kveða á um.

Þá kveðst mætti vilja benda á skýrslu Gísla Guðmundssonar, sem hann hengi aftan í skýrslu mætta til enn frekari svertunar á mannorði mætta, eins og greinilega sést, því sannleikurinn sé sá, að í bifreið þeirri, sem mætta var ekið í heim frá Hegningarhúsinu að heimili mætta, var mætti spurður að, hvort hann hefði í hyggju að hefna sín á Guðmundi með því að ráðast á heimili hans og börn eða búhluti. Kvað mætti ekki svo vera, en bað Gísla Guðmundsson sérstaklega fyrir því að skila því til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að hafa hemil á þessum lævísa rógbera, svo ekki hlytist frekari illyndi af hans hálfu. Skýrslu þessa lítur mætti á sem niðrandi pésa til þess að ennfrekar að eyðileggja mannorð mætta með útúrsnúningi, sem greinilega kemur fram í því hugarfari, sem myndar þennan pésa.

Að lokum óskar mætti eftir því, að þessu máli verði vísað til löglegrar og óhlutdrægrar meðferðar og skýrslutöku, sem er ekkert viðriðin lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómsembætti í land-

inu og ennfremur viðriðinn ríkissaksóknara. Og verði þessu máli vísað til Dómsmálaráðuneytisins, sem samk. lögum má vísa því til sérstakrar dómsrannsóknar."

Í lok skýrslunnar bókar skýrslutaki, að erfitt hafi verið að taka heillega skýrslu af ákærða vegna vanstillingar hans og ofstopa.

Eins og að framan er rakið, má ljóst vera, að vafi leikur á því, að ákærði sé andlega heilbrigður. Þyrfti að leggja ákærða undir sérfræðilega læknisrannókn í þessu skyni, sbr. d lið 75. gr. laga nr. 74/1974.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 gera ráð fyrir, að áður en opinbert mál er höfðað, hafi farið fram frumrannsókn, til þess að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar, svo sem segir í 32. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976. Þá segir í 115. gr. laga nr. 74/1974, að virðist ríkissaksóknara það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semji hann ákæru, en láti annars við svo búið standa.

Eins og að framan er rakið, verður að telja, að frumrannsókn máls þessa sé ólokið, og ber því að vísa ákæru í máli þessu frá dómi.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 143/1982. **Auður R. Torfadóttir**
gegn
Hafsteini Hjaltasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auður R. Torfadóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 237/1982. **Hörður Ólafsson**

gegn

Erlu Bjarnadóttur

og Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 153/1983. **Ólafur Baldursson**

gegn

Þorsteini Sigurðssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Baldursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 159/1983. **Jón Konráðsson**

gegn

Hafdísi Sigurgeirsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 160/1983. **Jón Konráðsson**

gegn

Sigurgeiri Jónatanssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 181/1983. **Aðalgeir Sigurgeirsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalgeir Sigurgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 205/1981. **Daníel Ágústínusson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
félagsmálaráðherra
(Sigurð Ólason hrl.)
og
forseta bæjarstjórnar Akraness
f. h. bæjarstjórnarinnar
(Árni Guðjónsson hrl.).

Stjórnsýsla. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi daginn áður. Endanlegar kröfur hans hér fyrir dómi eru þessar:

„*að* hinum áfrýjaða dómi verði hrundið,

að samþykkt bæjarstjórnar Akraness á fundum bæjarstjórnar 10. apríl 1979 á synjun forseta bæjarstjórnar á bókun frá áfrýjanda á fundum bæjarstjórnarinnar 13. og 27. mars 1979 verði dæmd markleysa og felld úr gildi svo og

að úrskurði félagsmálaráðuneytisins, uppkveðnum 29. október 1979, í kærumáli áfrýjanda verði hrundið með dómi réttarins.

Þá er krafist málskostnaðar til handa áfrýjanda úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum."

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar.

Af hálfu bæjarstjórnar Akraness er einnig krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki hinn 13. mars 1979 eða síðar átt lögvarinn rétt til að fá bókaðar athugasemdir sínar vegna ummæla annars bæjarfulltrúa á fundi 28. nóvember árið áður. Breytir það ekki þessari niðurstöðu, að á fundinum í nóvember hafði áfrýjandi áskilið sér rétt til að svara síðar. Þá fær það ekki heldur breytt niðurstöðunni, að áfrýjandi hafði átt við nokkur veikindi að stríða á þessum tíma. Að þessari niðurstöðu fenginni verður ekki dómur á það lagður, hver verið hefði réttur áfrýjanda til að fá athugasemd bókaða á fundinum 28. nóvember eða skömmu síðar. Áfrýjandi vildi eigi una synjun forseta bæjarstjórnar á kröfu hans um bókun, en bæjarstjórn staðfesti ákvörðun forseta. Skaut áfrýjandi málinu þá til félagsmálaráðuneytisins. Hér fyrir dómi var því hreyft af hálfu forseta bæjarstjórnar, að málskotsheimild hefði skort. Kröfur sínar byggir bæjarstjórnarforsetinn þó ekki á þessu atriði, og verður ekki um það fjallað.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Rétt er, að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 19. maí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1980 og 14. mars s. á., af Daníel Ágústínussyni bæjarfulltrúa, Háholti 7, Akranesi, gegn Svavari Gestssyni félagsmálaráðherra, Drápuhlíð 5, Reykjavík, f. h. félagsmálaráðuneytisins og Valdimar Indriðasyni, forseta bæjarstjórnar Akraness, Háteigi 14, Akranesi, f. h. bæjarstjórnar Akraness.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að úrskurður hins háa félagsmálaráðnuneytis í kærumáli hans, uppkveðinn 29. október 1979 af Hallgrími Dalberg f. h. ráðherra, verði með dómi þessum hrundið og *að jafnframt* verði samþykkt bæjarstjórnar Akraness á fundi bæjarstjórnar 10. apríl 1979 á synjun forseta bæjarstjórnar á bókunum frá stefnanda á fundum bæjarstjórnarinnar 13. og 27. mars 1979 dæmd markleysa og felld úr gildi,

að forseta bæjarstjórnar verði að hrundnum úrskurði félagsmálaráðuneytis gert að sjá svo um, að umbeðin bókun stefnanda, sem synjað var um á fundi bæjarstjórnar 13. mars 1979, verði færð til bókar á næsta bæjarstjórnarfundi eftir birtingu dóms í málinu,

að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi forseti bæjarstjórnar Akraness f. h. bæjarstjórnarinnar gerir og þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi er bæjarfulltrúi á Akranesi fyrir Framsóknarflokkinn. Á bæjarstjórnarfundi hinn 28. febrúar 1978 var með níu samhljóða atkvæðum samþykkt tillaga frá stefnanda og öðrum bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins, Ólafi Guðbrandssyni, þess efnis, að það skuli vera meginregla að bjóða út hinar helstu framkvæmdir, þar með talin meiri háttar viðhaldsvinna við fasteignir bæjarins. Þá um haustið 1978 samþykkti bæjarráð að bjóða út málningu í leikskóla bæjarins við Skarðsbraut, sem var í byggingu. Fjögur tilboð bárust, og voru þau lögð fram á bæjarstjórnarfundi hinn 14. nóvember 1978, sem var 491. fundur bæjarstjórnarinnar. Þrjú tilboðanna, frá Málningarþjónustunni h/f, Ríkharði Jónssyni s/f og Halli og Sveini s/f,

voru nákvæmlega jafnhá, kr. 2.600.758, en hið fjórða, frá Málningarverki s/f, var lægst, kr. 1.943.000. Þetta vakti athygli á fundinum, og urðu um þetta talsverðar umræður, sem stefnandi hóf með ræðu. Samkvæmt endurriti fundargerðar spurði hann m. a., hvers konar vinnubrögð þetta væru hjá þessum sömu mönnum, þeir lýsi sig fylgjandi frjálsum útboðum, en komi síðan á fund undir forystu fulltrúa þeirra í bæjarstjórn, Ríkharðs Jónssonar, og ákveði að senda inn nákvæmlega samhljóða tilboð. Ef þetta væri ekki lögbrot, þá væri það algert siðleysi í viðskiptum. Hann flutti tillögu þeirra Ólafs Guðbrandssonar um, að athugað væri, hvort hin samræmdu tilboð brytu ekki í bága við nýsett lög nr. 56 frá 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Inn í þessar umræður spunnust umræður um ræðu Ríkharðs Jónssonar undir fyrri dagskrárlið, þar sem hann varaði við þeirri stefnu að taka tilboðum, sem væru langt undir kostnaðaráætlun, og að stefna bæjarins ætti að vera sú, að við útboð, þar sem kostnaðaráætlun lægi fyrir, ætti ekki að taka tilboðum, sem vikju verulega frá þeirri áætlun. Í endurriti af fundargerð má sjá, að karp mikið hefur verið á milli stefnanda og Ríkharðs Jónssonar bæjarfulltrúa og að stefnandi hefur m. a. sagt í lok síðustu ræðu sinnar um þennan lið, að hann mótmælti ræðu Ríkharðs, sem hann væri svo oft búinn að flytja þarna, og teldi hann ekki ástæðu til að láta henni ómótmælt frekar en vant væri. Bæjarráð hafði samþykkt að taka lægsta tilboðinu, og var afgreiðsla þess samþykkt með átta samhljóða atkvæðum. Tillaga stefnanda og Ólafs Guðbrandssonar var einnig samþykkt með 4:3.

Næsti fundur í bæjarstjórn Akraness var haldinn 28. nóvember 1978, hinn 492. Forseti setti fundinn og stjórnaði honum. Hörður Pálsson tók til máls um fundargerð síðasta fundar og kvaðst vilja mótmæla því, að svona mikið væri bókað um ákveðið mál síðustu fundargerð (sic), nauðaómerkilegt mál að hans mati. Stefnandi mótmælti orðum Harðar og kvað þarna hafa verið eðlilega bókað. Ríkharður Jónsson óskaði þá bókunar vegna ummæla stefnanda á síðasta fundi í umræðum um lið 3 í fundargerð bæjarráðs:

„Vegna þessara ummæla óska ég, að bókað sé, að hér sé farið með staðlausa stafi af hálfu Daníels Ágústínussonar og rakalaus ósannindi, sem eingöngu séu viðhöfð til að niðurlægja mig í starfi sem bæjarfulltrúa.

Ríkharður Jónsson“

Stefnandi áskildi sér rétt til að svara þessu síðar. Forseti taldi þetta stefna í óefni að hafa þennan háttinn á með bókanir bæjarstjórnarfunda og að tímabært væri að huga að því að breyta þessu.

Eftir þetta veiktist stefnandi og sótti ekki nokkra fundi bæjarstjórnar vegna forfalla. Hann var þó á fundi 494 hinn 9. janúar 1979 og fundi 496 hinn 13. febrúar 1979. Á fundi 498 hinn 13. mars 1979 kom stefnandi með bókun. Þá strax í upphafi fundar, áður en gengið var til dagskrár, tók stefnandi til máls og óskaði bókunar á athugasemd, sem hann las upp, og tilefni hennar væri athugasemd Ríkharðs Jónssonar á bæjarstjórnarfundi 492 hinn 28. nóvember 1978. Forseti synjaði því, að athugasemdin yrði færð í gerðabók. Ríkharður fór nokkrum orðum um málið, stefnandi ítrekaði ósk sína, en forseti synjaði á ný.

Næsti fundur, hinn 499., var haldinn 27. mars 1979. Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1979 var þá til seinni umræðu, og fóru því fram almennar umræður um málefni bæjarins. Stefnandi ákvað að taka þetta atriði þar upp. Hann flutti almenna ræðu, sem stóð í klukkustund og tíu mínútur. Hann óskaði þess, að ritari bókaði efnislegan útdrátt úr ræðunni, en bókaði orðrétt þann kafla ræðunnar, sem fjallaði um umræður á bæjarstjórnarfundi 14. nóvember 1978. Forseti synjaði því á þeim forsendum, að um væri að ræða sömu bókun og synjað hefði verið um að bóka á síðasta fundi.

Á næsta bæjarstjórnarfundi, hinum 500sta, sem haldinn var 10. apríl 1979, mótmælti stefnandi þessari málsmeðferð, þegar fundargerðin var lögð fram. Forseti tók til máls og skýrði afstöðu sína, að hann hefði úrskurðað, að athugasemd stefnanda skyldi ekki færð í bækur. Stefnandi óskaði þess, að úrskurður forseta yrði borinn upp til atkvæðagreiðslu. Forseti talaði tvisvar aftur, og stefnandi þrisvar, og aðrir tóku einnig til máls, þar á meðal Jóhann Ársælsson, sem lagði til, að skipuð yrði nefnd fjögurra fulltrúa, einum frá hverjum flokki, og ætti hún að komast að niðurstöðu um, hvernig fundargerðir skyldu ritaðar. Tillaga Jóhanns var samþykkt 7:0. Þá var borinn upp úrskurður forseta. Þrír voru með honum, tveir á móti, en forseti greiddi ekki atkvæði né heldur Ríkharður, Jóhann og Guðlaugur Ketilsson.

Stefnandi vildi ekki una þessari afgreiðslu málsins og kærði hana því til félagsmálaráðuneytisins. Úrskurður var kveðinn upp í félagsmálaráðuneyti af Hallgrími Dalberg ráðuneytisstjóra hinn 29. október 1979, og varð niðurstaða sú, að úrskurður forseta bæjarstjórnar skyldi vera óraskaður.

Stefnandi taldi úrskurð þennan rangan. Hann bað um orðið utan dagskrár á 513. fundi bæjarstjórnar hinn 27. nóvember 1979 og óskaði bókunar í gerðabók. Eftir nokkrar umræður og orðaskipti var lagt til og samþykkt, að afgreiðsla á bókunarbeiðni stefnanda væri frestað til næsta fundar. 514. fundur var haldinn 18. desember 1979. Á dagskrá var úrskurður félagsmálaráðuneytisins, og var þar skráð bókun stefnanda frá 513. fundi. Tók stefnandi þar fram, að hann teldi óhjákvæmilegt að vísa úr-

skurðinum til dómstólanna og fá úr því skorið, hvort hann fengi staðist fyrir dómi. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að synjanir forseta bæjarstjórnar Akraness á bókunum frá honum 13. mars og 27. mars 1979 hafi verið lögleysa og að synjun bæjarstjórnar Akraness á umgetnum bókunum sé lögleysa, þar sem þær brjóti í bága við ákvæði 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 svo og við 6. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna á Akranesi. Úrskurður félagsmálaráðuneytis sé af sömu rökum einnig rangur. Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 58/1961 eigi hver fulltrúi, sem eigi sé samdóma hinum, rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Þetta ákvæði sé tekið upp í 6. gr. samþykktarinnar. Hér sé því um skýlausan rétt stefnanda og annarra bæjarfulltrúa til bókunar að ræða og með synjun sinni hafi forseti bæjarstjórnar því brotið á honum lögboðinn rétt. Ákvörðun bæjarstjórnar samkvæmt 11. gr. samykktarinnar geti ekki rænt hann þessum rétti. Auk þessa hafi venja myndast um það, að bæjarfulltrúar hafi komið að bókunum eftir vild, mörgum alllöngum, og hafi forseti ekki synjað þeim um þennan tvímælalausa rétt fyrr en nú. Forseti beri þá skyldu skv. 4. gr. reglugerðarinnar að sjá svo um, að allt fari löglega fram. Þessa skyldu hafi hann augljóslega vangeymt og þess vegna standist ekki úrskurður hans. Bókaðar hafi veri án nokkurrar hindrunar svívirðingar um stefnanda og hann sagður fara með staðlausa stafi og rakalaus óssannindi. Þessum orðum Ríkharðs Jónssonar hafi stefnandi þurft að svara og vegna efnis þeirra hafi hann orðið að hrekja þau með heimildum. Slíkt sé ekki unnt að gera á stundinni, það krefjist umhugsunar og undirbúnings. Eftir veikindaforföll sín hafi hann síðan komið með bókun, sem hrakti orð Ríkharðs, en honum hafi verið neitað um hana, neitað að bera hönd fyrir höfuð sér í deilu við stjórnmálaandstæðing. Jafnræðisreglan, „equality of arms", hafi þarna verið brotin á stefnanda vegna stjórnmálalegs mismunar. Þegar þetta sé virt, sé ljóst, að það ákvæði reglugerðarinnar, sem úrskurður félagsmálaráðuneytis hafi byggst á, þ. e. 2. mgr. 4. gr., að unnt sé að skjóta úrskurði forseta til úrlausnar bæjarstjórnar, geti ekki leitt til þess, að úrskurður bæjarstjórnar sé endanlegur. Reglugerðarákvæði geti ekki gengið gegn lögbundnum reglum. Hér hafi einfaldlega verið um ritskoðun stjórnmálaandstæðings að ræða og hér hafi átt að svipta hann grundvallar mannréttindum. Verði úrskurður félagsmálaráðuneytis látinn standa, leiði það til þess, að forseti bæjarstjórnar geti úrskurðað um hvað sem er, svipt bæjarfulltrúa málfrelsi og atkvæðisrétti, og meiri hluti bæjarstjórnar gæti síðan samþykkt slíka úrskurði. Réttur minni hluta í bæjarstjórnum væri þá enginn. Hlutverk dómstóla sé að vernda grundvallarmannréttindi, sem pólitískir meiri hlutar

sveitarstjórna reyni að gera að engu. Reglugerðarákvæði 11. gr. um, að afl atkvæða ráði úrslitum, geti ekki svipt menn rétti, sem þeir eigi samkvæmt lagareglu frá löggjafarvaldinu, þar sem reglugerðir geti aldrei gengið framar settum lögum frá Alþingi. Spurningin, sem dómstóllinn svari, sé þessi: Er 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga í gildi eða ekki?

Stefndi félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins styður sýknukröfu sína þeim rökum, að synjun forseta bæjarstjórnar á því að láta bóka tiltekin „ummæli" stefnanda í fundargerðabók bæjarstjórnar Akraness hafi verið samþykkt á löglegan hátt á fullskipuðum fundi og að úrskurður ráðuneytisins brjóti ekki í báta við 29. gr. sveitarstjórnarlaga né 6. gr. reglugerðar um stjórn bæjarmálaefna Akraness. Bókun sú eða bókanir, sem stefnandi vildi fá skráðar í fundargerðabók bæjarstjórnar, hafi verið miklu lengri en svo, að heimfæra mætti undir regluna um „ágreiningsálit ..... ritað með fáum orðum." Synjun forseta og úrskurður hafi verið innan löglegra embættistakmarka hans og úrskurði hafi verið skotið til bæjarstjórnar, sem hafi staðfest hann. Úrskurði félagsmálaráðuneytis, sem byggður hafi verið á réttum og löglegum grundvelli, verði því ekki hnekkt með dómi. Réttar allra aðilja hafi verið gætt í hvívetna. Ef krafa stefnanda næði fram að ganga, mundi niðurlag 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar vera þýðingarlaust og hver, sem bókunar krefðist, um hvað sem væri, gæti náð sínu fram. Stefndi bendir auk þess á, að hér sé um óraunhæft mál að ræða og hagsmunir séu engir. Dómstólar eigi ekki að taka til greina slík mál, sem búið sé að afgreiða á lögformlegan hátt. Eðli bókaðra athugasemda sé um ágreiningsatriði um mál, sem séu til afgreiðslu og fyrirliggjandi. Bókun stefnanda hafi ekki verið um fyrirliggjandi mál, heldur mál, sem afgreitt var fyrir löngu, og sé því fráleitt að ljá máls á slíkum kröfum auk þess sem bókun stefnanda hafi tæpast fullnægt laga- og velsæmisskilyrðum.

Stefndi forseti bæjarstjórnar Akraness f. h. bæjarstjórnar Akraness styður sýknukröfu sína þeim rökum, að synjun hans á að láta bóka tiltekin „ummæli" stefnanda í fundargerðabók bæjarstjórnar hafi verið samþykkt með lögformlegum hætti á 500. fundi bæjarstjórnar. Samþykkt bæjarstjórnar brjóti á engan hátt í bága við ákvæði 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 né 6. gr. reglugerðar um stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar nr. 230/1978, sem tekin sé upp úr sveitarstjórnarlögum. Um lagahlið málsins og deilu þessa verði að segja, að skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar skuli rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skipað með lögum. Með sveitarstjórnarlögunum hafi löggjafinn útdeild valdi sínu og sveitarstjórnir eigi að vera sjálfstæðar skv. 1. gr. laganna. Samkvæmt þessu sé tæmandi talning á því, sem ráðuneyti megi grípa inn í málefni sveitarfélaga, og þurfi að vera bein lagaheimild til þess. Í máli þessu hafi úrskurður forseta bæjarstjórnar verið borinn upp og sam-

þykktur með löglegum hætti og um slíkt eigi félagsmálaráðuneyti ekki úrskurðarvald. Hins vegar eigi dómstólar úrskurðarvald um slíkan ágreining og sé málið því réttilega höfðað hér fyrir bæjarþinginu. Stefndi telur, að hér sé um vandasamt úrlausnarefni að ræða, sem varði grundvallarréttindi. Hins vegar megi ekki fallast á það með stefnanda, að sambærilegt sé að synja um bókun á ummælum í fundargerðabók og að synja um orðið eða atkvæðisrétt. Ljóst sé, að synjun forseta 13. mars 1979 hafi byggst á því, að fyrrgreind lagaákvæði beri að túlka svo, að þau eigi við um ályktarnir sveitarstjórna og að hver fulltrúi, sem ekki sé samdóma hinum, eigi rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og þannig sé tryggt, að stuttar greinargerðir með sératkvæðum fáist bókaðar. Hér hafi ekki verið að gera ályktun, heldur sé hér um að ræða einhvers konar ræðu- eða ritdeilu í fundargerðabók bæjarstjórnar um mál, sem afgreitt var með átta samhljóða atkvæðum á fundi bæjarstjórnar 14. nóvember 1978. Krafa stefnanda löngu síðar um að fá athugasemdir sínar um aðdraganda þessa fullafgreidda máls bókaðar í fundargerðabókina fullnægi því ekki ákvæðum 29. gr. sveitarstjórnarlaga um, að það sé ágreiningsálit og að hann hafi ekki verið samdóma hinum. Þótt tíðkast hafi að undanförnu, að bæjarfulltrúar fengju bókuð ýmis ummæli, verði að líta svo á, að það sé alfarið mat forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnarinnar sjálfrar, hve lengi og hve langt skuli ganga í slíku. Hér verði að spyrja, hvar vera skuli endir allrar þrætu í sveitarstjórn, hjá henni eða hjá dómstólum landsins. Bókanir þurfi að vera gerðar á réttum stað og á réttum tíma, annað leiði til endalauss karps. Þótt tíðkast hafi einhvern tímann að synja ekki um bókanir bæjarfulltrúa, þá sé ekki um venju að ræða, sem skapi rétt eða skyldu. Ósiður verði ekki að réttarvenju hér á landi.

Niðurstaða.

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar segir, að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þessi grundvallarregla hefur verið skilin svo rúmt, að dómstólar séu yfirleitt bærir til að skera úr hverskyns ágreiningi um lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalds, sé ágreiningi til dóms skotið af þar til bærum aðilja. Verður því fjallað efnislega um kröfur stefnanda og um málsástæður hans, en þar eru tvær aðgreindar.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að forseta bæjarstjórnar Akraness sé aldrei heimilt að synja bæjarfulltrúa um bókun ummæla í fundargerðabók, verði þau talin ágreiningsálit. Þess vegna hafi forseti bæjarstjórnar synjað um nokkuð, sem honum var í lögum beinlínis skylt að veita. Synjunin hafi af þessum sökum verið ólögmæt.

Skyldur forseta bæjarstjórnar eru samkvæmt II. kafla reglugerðar um

stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar þær að stjórna umræðum á fundum, að sjá um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, allar tillögur séu skráðar og allar ályktanir rétt og nákvæmlega bókaðar. Hann á að sjá um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurða um skilning á fundarsköpum. Honum ber því einnig að sjá um, að ágreiningsálit þess fulltrúa, sem eigi er samróma hinum, verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, sé þess óskað. Samkvæmt þessu er það skylda forseta að synja um bókanir á óþarfa athugasemdum eins og hverju öðru óviðkomandi málefni á fundum til þess að sjá um, að allt fari skipulega fram. Með hliðsjón af þessum grundvallarreglum um fundarstjórn verður að túlka ákvæði 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga svo, að bæjarfulltrúar hafi ekki sjálfdæmi um það, hvaða ummæli þeir telji ágreiningsálit, sem skylt sé að rita í gerðabókina. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að synjun forseta hafi sem slík verið háð efnisannmörkum, sem geri hana ólögmæta.

Í öðru lagi telur stefnandi, að synjun forseta bæjarstjórnar á bókun athugasemda hans hafi verið valdníðsla, þar sem hún hafi byggst á ólögmætum sjónarmiðum. Þá skipti ekki máli um lögmæti hennar, að bæjarstjórn hafi samþykkt hana og félagsmálaráðuneyti að auki.

Stefnandi áskildi sér rétt hinn 28. nóvember 1978 til að svara bókuðum ummælum Ríkharðs Jónssonar um, að hann færi með staðlausa stafi og rakalaus ósannindi. Áskilnaður stefnanda var eðlilegur, eins og á stóð. Stefnandi neytti hins vegar ekki þess réttar, sem hann hafði áskilið sér, fyrr en hinn 13. mars 1979 og hafði þó samkvæmt gögnum málsins komið á fundi bæjarstjórnar 9. janúar 1979 og 13. febrúar s. á. Þegar stefnandi kom með hina rituðu bókun sína, var deila hans og annars bæjarfulltrúa löngu liðin, og telja verður, að stefnandi hafi sjálfur með aðgerðarleysi sínu gert sitt til þess að eyða deilunni.

Fyrst stefnandi neytti ekki áskilins réttar á eðlilegum tíma, verður að telja, að forseta hafi verið heimilt að synja um þessa bókun, þegar þar að kom. Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á, að ólögmætra sjónarmiða hafi gætt við synjun bókunar hans, og var úrskurður forseta bæjarstjórnar því lögmætur.

Niðurstaða verður því sú, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóminn. Uppsaga hefur dregist vegna sérstaks umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndu, Svavar Gestsson félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins, og Valdimar Indriðason, forseti bæjarstjórnar Akraness f.

h. bæjarstjórnar Akraness, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Daníels Ágústínussonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. október 1983.

Nr. 139/1981. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Árni Kolbeinsson hdl.)
gegn
hafnarstjóranum í Reykjavík
f. h. hafnarsjóðs
og gagnsök
(Eiríkur Tómasson hdl.).

Lóðarleiga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1981. Gerir hann þær kröfur aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 12.604.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 14. febrúar 1979 til 1. júní sama ár, 22% frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 19. mars 1981 og dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 9.724.00 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði af 2.431.00 krónu frá 2. janúar 1979 til 31. mars sama ár, af 4.862.00 krónum frá 1. apríl 1979 til 30. júní sama ár, af 7.293.00 krónum frá 1. júlí 1979 til 30. september sama ár og af 9.724.00 krónum frá 1. október 1979 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 22. júlí 1981. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 55.512.28 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði af 13.877.09 krónum frá 2. janúar 1979 til 31. mars sama ár, af 27.754.18 krónum frá 1. apríl 1979 til 30. júní sama ár, af 41.633.23 krónum frá 1. júlí 1979 til 30. september sama ár og af 55.512.28 krónum frá 1. október 1979 til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Hann krefst málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjandi sýknu af kröfum aðaláfrýjanda.

Eins og á stóð um samskipti aðilja máls þessa, skiptir eigi máli, þótt aðaláfrýjandi krefðist eigi yfirmats um leiguna samkvæmt 5. gr. laga nr. 86/1943. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda standa hvorki réttarfarsreglur, ákvæði laga nr. 71/1966 né önnur lagaákvæði í vegi fyrir þeirri niðurstöðu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 13.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði gagnáfrýjanda, hafnarstjóranum í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs, 13.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstareéttardómara.

Ég er sammála lið I í dómi meiri hluta dómenda.

Leigusamningur sá, sem aðiljar málsins gerðu með sér hinn 17. janúar 1967, er sérlega hagstæður leigusala að því er ákvörðun leigugjalds varðar, en samkvæmt 3. gr. samningsins ákveður leigusali það einhliða til fimm ára í senn. Við skýringu samningsákvæðis þessa verður að hafa það í huga, hversu mjög hallast á með samningsaðiljum að þessu leyti.

Verður því að skilja ákvæði 3. gr. samningsins um ákvörðun leigu-

gjalds svo, að gagnáfrýjanda hafi verið óheimilt að hækka leiguna innan hvers 5 ára tímabils og að skylt hafi verið að tiltaka leiguna með fastri fjárhæð, hvernig svo sem sú fjárhæð var út reiknuð. Samningurinn veitti gagnáfrýjanda þannig ekki heimild til þess að láta leiguna vera breytilega innan tímabilsins, svo sem með því að miða hana við fasteignamat, eins og það væri á hverjum tíma. Gagnáfrýjandi ákvað leiguna ekki formlega fyrir tímabilið 1974—1979, heldur sendi aðaláfrýjanda reikning fyrir fyrsta ársfjórðung 1975, og bar reikningurinn með sér, að leiga var þar miðuð við fasteignamat. Mátti aðaláfrýjandi því treysta því, að fjárhæð leigunnar, eins og hún kemur fram á reikningi þessum, skyldi haldast óbreytt út tímabilið og að ársleigan til loka ársins 1979 væri ákveðin 972.400 gkr.

Aðaláfrýjandi greiddi áðurnefndan reikning, og síðan greiddi hann leigu þá, sem hann var krafinn um og breytileg var eftir fasteignamati hverju sinni, allt til ársloka 1978. Greiðslur þessar innti hann af höndum án fyrirvara, og var þó ljóst af reikningum gagnáfrýjanda, að leigan var reiknuð sem prósenta af fasteignamati og breyttist frá ári til árs. Eins og hér stendur á, verður eigi fallist á, að aðaláfrýjandi geti endurheimt hina ofteknu leigu úr hendi gagnáfrýjanda. Hins vegar er honum óskylt að greiða hærri leigu fyrir árið 1979 en gagnáfrýjandi ákvað fyrir árið 1975.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina þrautavarakröfu aðaláfrýjanda um, að hann verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 9.724.00 krónur ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík vegna ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, hafnarstjóranum í Reykjavík vegna hafnarsjóðs, 9.724.00 krónur ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði af 2.431.00 krónu frá 2. janúar 1979 til 31. mars sama ár, af 4.862.00 krónum frá 1. apríl 1979 til 30. júní s. á., af 7.293.00 krónum frá 1. júlí 1979 til 30. september s. á. og af 9.724.00 krónum frá 1. október 1979 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. apríl sl., höfðaði hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs Reykjavíkur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. september sl., gegn tollstjóranum í Reykjavík til greiðslu á skuld vegna lóðarleigu tollsvöðvarbyggingarinnar að Tryggvagötu 19, Reykjavík, fyrir árið 1979 að fjárhæð kr. 5.551.228 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.387.709 frá 2. janúar 1979 til 31. mars s. á., af kr. 2.775.418 frá 1. apríl 1979 til 30. júní s. á., af kr. 4.163.323 frá 1. júlí 1979 til 30. september s. á. og af kr. 5.551.228 frá 1. október 1979 til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um greiðslu á kr. 3.108.468 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 777.117 frá 7. janúar 1979 til 31. mars s. á., af kr. 1.554.134 frá 1. apríl 1979 til 30. júní s. á., af kr. 2.331.351 frá 1. júlí 1979 til 30. september s. á. og af kr. 3.108.468 frá 1. október 1979 til greiðsludags. Þess er og krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins.

Upphaflega krafðist stefndi þess, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskosnaður að mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum 21. nóvember sl., var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

Dómkrafa stefnda í aðalsök er, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með gagnstefnu, þingfestri og birtri 19. mars sl., höfðaði stefndi, tollstjórinn í Reykjavík, gagnsök í máli þessu gegn hafnarstjóranum í Reykjavík til greiðslu á nýkr. 12.604.00 úr hendi hafnarstjóra f. h. hafnarsjóðs ásamt 19% ársvöxtum frá 14. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 19. mars 1981, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að mati réttarins.

Þess er krafist, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um dómkröfu í gagnsök.

Gagnstefndi krefst sýknu af kröfum gagnstefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að mati dómsins.

Til var er vaxtakröfu í gagnsök mótmælt sérstaklega, bæði upphæð vaxta og upphafsdegi.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að með samningi á dskj. 3 leigði hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurhafnar tollstjóranum í Reykjavík lóð norðan Tryggvagötu milli Naustanna og Pósthússtrætis, 4846.3 m² að stærð.

3. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

„Hafnarstjórn ákveður ársleigu lóðarinnar til fimm ára í senn, þó í fyrsta skipti fyrir tímabilið 1/1 1967 - 31/12 1969. Hafnarstjórn hefur þegar ákveðið leigu fyrir fyrsta tímabilið kr. 75.00 pr. m². Leigan greiðist fyrirfram ársfjórðungslega 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert með einum fjórða hluta ársleigunnar í hvert sinn.

Alla skatta og opinber gjöld, sem lögð kunna að verða á lóðina sem gjaldstofn, greiðir leigutaki."

Með bréfi, dags. 15. des. 1969, dskj. 4, var aðalstefnda tilkynnt, að hafnarstjórn hafi ákveðið leigu á leigulóð stefnda að Tryggvagötu 19 kr. 80.00 á m² á ári fyrir matstímabilið 1. janúar 1970 til 31. des. 1974.

Á fundi hafnarstjórnar 14. nóvember 1974 var lagt til, að lóðarleiga yrði miðuð við fasteignamat lóða, svo sem það á hverjum tíma er lagt til grundvallar við ákvörðun á fasteignaskatti, og skyldi lóðarleigan ákvarðast 4% af fasteignamati, dskj. 5. Þessi tillaga virðist hafa verið samþykkt á fundi hafnarstjórnar 18. nóvember 1974, dskj. 6 og dksj. 7, en í dskj. 7, sem er bréf hafnarstjóra til fyrrverandi tollstjóra, dags. 21. mars 1975, segir m. a. svo:

„Þann 5. júní 1973 ákvað borgarráð að leiga fyrir lóðir borgarinnar, sem leigðar eru til iðnreksturs, skuli miðuð við % af fasteignamati lóðar. Var gjaldið ákveðið 2% af fasteignamati. Félagsmálaráðuneytið taldi, að ekki þyrfti sérstakt leyfi ráðuneytisins til slíkrar breytingar, enda þótt hún hefði í för með sér breytingar á leigugjaldi fjölda lóða, einkum til hækkunar. Í samræmi við þessa ákvörðun ákvað hafnarstjórn á fundi sínum 18. nóvember síðastliðinn að innheimta lóðarleigu af lóðum hafnarinnar sem 4% af fasteignamati þeirra. Mismunur milli borgar og hafnar byggist á því, að leigur voru almennt 2 - 3 sinnum hærri á m² hjá höfninni, svo og þeirri staðreynd, að fasteignamat endurspeglar ekki verðmætismismun hafnarlóða borið saman við borgarlóðir nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting á leigugjaldi einstakra lóða er mjög mismunandi, en í heild mun breytingin hafa í för með sér um 30% tekjuaukningu fyrir hafnarsjóð. Hækkunin kemur einkum niður á þeim, sem hafa á leigu dýrmætustu lóðir við höfnina.

Ákvörðun hafnarstjórnar er í samræmi við ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 395/1974 um hafnarmál, en þar segir: „Lóðagjöld af löndum hafna skulu almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðanna, allt að 5%"."

Árin 1977 og 1978 mun stefndi hafa greitt reikninga stefnanda fyrir lóðarleigu, sem var 1.12% af nýju fasteignamati.

Með reikningi 2. janúar 1979 krafði aðalstefnandi aðalstefnda um lóðarleigu 2% af lóðarmati, þ. e. kr. 1.387.709 á fyrstu tveim ársfjórðungum ársins 1979 og kr. 1.387.905 á tveim síðari ársfjórðungum ársins 1979. Með bréfi, dags. 23. janúar 1979, dskj. 8, vakti aðalstefndi athygli aðalstefnanda á því, að leiga samkvæmt 3. gr. samningsins á dskj. 3 væri ekki laus til ákvörðunar fyrr en í lok ársins 1979.

Í bréfi aðalstefnanda til aðalstefnda, dags. 6. febrúar 1979, dskj. 9, segir m.a ., að síðasta ákvörðun hafnarstjórnar á leigu fyrir lóð stefnda til 5 ára hafi runnið út í árslok 1974, sbr. bréf 15. des. 1969, og hafi stefndi síðan ómótmælt greitt lóðarleigu miðað við fasteignamat. Verði því að telja, að stefndi hafi í raun fallist á breytingu á 3. gr. leigusamningsins, þannig að leigan miðist við fasteignamat lóðarinnar. Í samningnum séu reyndar engin fortakslaus ákvæði um, að leigan geti ekki verið breytileg innan 5 ára tímabilsins, svo sem skilningur stefnda virðist vera.

Með bréfi, dags. 7. febrúar 1979, dskj. 10, óskaði aðalstefndi eftir, að upplýst væri, með hvaða hætti hafnarstjórn hafi ákveðið lóðarleiguna fyrir tímabilið 1. janúar 1975 til 31. desember 1979. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um, hvaða breytingar hafnarstjórn telji, að orðið hafi á fasteignamati lóðarinnar og á hvaða tímum.

Í svarbréfi aðalstefnanda til aðalstefnda, dags. 8. febrúar 1979, dskj. 11, kemur m. a. fram, að 31. desember 1976 hafi tekið gildi nýtt fasteignamat. Í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 115/1976 hafi hafnarstjórn samþykkt 13. janúar 1977, að leiga af lóðum hafnarsjóðs skuli reiknuð 1.12. af fasteignamati, er tók gildi 31. desember 1976. Með samþykkt hafnarstjórnar 11. janúar 1979 hafi verið ákveðið að leiga af lóðum í eigu hafnarsjóðs skuli árið 1979 reiknast 2% af fasteignamati. Hér sé um að ræða hækkun úr 1.12% til samræmis við hækkun á leigu borgarsjóðs úr 0.58 í 1.0%. Ekki hafi farið fram sérstök ákvörðun á leigu lóðarinnar Tryggvagötu 19, heldur heildarákvörðun um leigugjald almennt af lóðum í eigu hafnarsjóðs, enda engin ákvæði í leigumála um, að svo þurfi að vera. Síðast í bréfi þessu segir svo: „fasteignamat lóðarinnar Tryggvagötu 19 hefir breyst þannig:

Mat 31.12.1970 kr. 24.310.000
Mat 31.12.1975 kr. 33.183.150
Mat 31.12.1976 kr. 145.860.000
Mat 31.12.1977 kr. 195.452.000
Mat 31.12.1978 kr. 277.541.840“

Á dskj. 14—21 eru reikningar stefnanda til stefnda fyrir lóðarleigu. Á dskj. 14 kemur fram, að leiga fyrir tímabilið 1. janúar—31. mars 1975 var kr. 243.100. Á reikningnum segir lóðarmat 4% af lóðarmati (svo). Jafnframt kemur fram, að lóðarmatið er kr. 24.310.00. Á dskj. 15 er reikningur fyrir tímabilið 1. janúar—31. janúar 1976 (svo), kr. 331.832. Á þeim reikningi kemur fram, að lóðarmat er kr. 24.310.000 + 36.5% og að lóðarleigan er 4% af lóðarmati. Á dskj. 16 er reikningur fyrir tímabilið 1. janúar—31. mars 1977, kr. 408.408. Þar er lóðarmat kr. 145.860.000 og lóðarleigan 1.12% af lóðarmati. Á dskj. 17 er reikningur fyrir tímabilið 1. janúar—31. mars 1978, kr. 547.266. Lóðarmat kr. 195.452.000 og lóðarleiga 1.12% af lóðarmati. Á dskj. 18 er reikningur fyrir tímabilið 1. janúar—31. mars 1979, kr. 1.387.709. Lóðarmat kr. 277.541.840 og lóðarleigan 2.0% af lóðarmati. Á dskj. 19 er reikningur fyrir tímabilið 1. apríl—30. júní 1979, og er hann samhljóða reikningnum á dskj. 18. Á dskj. 20 er reikningur fyrir tímabilið 1. júlí—30. september 1979, kr. 1.387.905. Þar er lóðarmat kr. 277.581.000 og lóðarleiga 2% af lóðarmati. Á dskj. 21 er reikningur fyrir tímabilið 1. október—31. desember 1979, og er hann samhljóða reikningnum á dskj. 20.

Á dskj. 12 er bréf aðalstefnda til aðalstefnanda, dags 14. febrúar 1979. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Nokkur bréfaskipti hafa farið okkar á milli að undanförnu um þetta efni. Sjónarmið mín má draga saman í eftirfarandi:

1. Í gildi er samningur milli aðilanna um leigu á lóðinni. Upphaf 3. gr. þess samings hljóðar svo: Hafnarstjórn ákveður ársleigu lóðarinnar til fimm ára í senn, þó í fyrsta skipti fyrir tímabilið 1/1 1967—31/12 1969. Hafnarstjórn hefur þegar ákveðið leigu fyrir fyrsta tímabilið kr. 75.00 pr. m^2.

2. Með bréfi, dags. 15. des. 1969, ákvað hafnarstjórn leiguna fyrir tímabilið 1.1.1970—21.12.1974 kr. 80.00 á m^2.

3. Þann 18. nóvember 1974 ákvað hafnarstjórn, að lóðaleigan skyldi vera 4% af fasteignamati lóðarinnar, sem þá var kr. 24.310.000.- eða kr. 972.400.- á ári. Þessi ákvörðun var tilkynnt fyrrv. tollstjóra Torfa Hjartarsyni með bréfi hafnarstjóra, dags. 21.3.1975.

Hafnarstjórn virðist þá hafa ákveðið leigukjörin fyrir tímabilið 1.1.1975—31.12.1979 kr. 972.400.- á ári. Er sú upphæð greidd árið 1975. Árið 1976 innheimtir hafnarstjórn aftur á móti kr. 1.327.328.-. Árið 1977 kr. 1.633.632.- og árið 1978 kr. 2.189.064.-. Hafnarstjórn er því nú þegar búin að innheimta kr. 6.122.424.- á þessum 4 árum, en hefði átt að fá greiddar kr. 4.862.000.- fyrir allt 5 ára tímabilið.

4. Fyrir árið 1979 hyggst hafnarstjórn innheimta kr. 5.580.836.- eða kr. 1.151.- fyrir hvern fermetra.

5. Embættið hefur nú þegar ofgreitt um kr. 1.260.424.-, sem það gerir kröfu um endurgreiðslu á.

6. Því er af hálfu hafnarstjórnar hreyft, að embættið hafi í raun viðurkennt reikningsaðferð hennar með því að greiða framvísaða reikninga athugasemdalaust. Á þetta sjónarmið fellst embættið ekki. Það hefur talið sig vera að greiða reikninga, sem löglega væru ákvarðaðir, og hefur í engu grunað hafnarstjórn um græsku.

Ég tel lóðaleigusamning aðilanna í fullu gildi, og á honum verður að byggja um lögskipti þeirra."

Aðalstefndi hefur ekki greitt reikningana á dskj. 18—21, og samanlagðar fjárhæðir þeirra eru fjárhæð aðalkröfu stefnanda í aðalsök. Varakrafa stefnanda í aðalsök er um lóðarleigu 1.12% af fasteignamati fyrir árið 1979.

Hinn 4. febrúar 1980 bað stefnandi um, að gert yrði lögtak í tollstöðvarbyggingunni, Tryggvagötu 19, Reykjavík, til tryggingar skuld þessari, dskj. 22. Fyrir fógetarétti Reykjavíkur mótmælti stefndi framgangi gerðarinnar. Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 10. júní 1980, var úrskurðað, að lögtak færi ekki fram.

Hinn 13. desember 1979 ákvað hafnarstjórn, að leiga fyrir lóðir, sem leigðar eru með 5 ára leiguákvörðunartímabili, skuli fyrir tímabilið 1. janúar 1980—31. desember 1984 vera 2% af fasteignamati lóða, svo sem það verður ákveðið af Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma, dskj. 28.

Í gagnsök krefur gagnstefnandi gagnstefnda um leigu, sem hann telur sig hafa ofgreitt fyrir lóðina Tryggvagötu 19 á árunum 1976, 1977 og 1978, þ. e. kr. 1.260.424.

III.

Af hálfu aðalstefnanda er í greinargerð á dskj. 2 í aðalatriðum vísað til dskj. 23 um rökstuðning fyrir kröfugerð. Er tekið fram, að ákvörðun hafnarstjórnar um að miða lóðarleigugjaldið við hlutfall af fasteignamati rúmist innan marka heimildar leigusamningsins á dskj. 3 og sé í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 86 frá 1943, sbr. einnig 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 359/1974 (mun eiga að vera nr. 395/1974).

Aðalstefndi hafi í 4 ár (1975—1978) greitt lóðarleigu sem hlutfall af fasteignamati. Þetta hafi hann gert án fyrirvara eða athugasemda og eftir að hafa fengið skriflegar upplýsingar um, hvernig að ákvörðun leigugjaldsins var staðið, sbr. dskj. 7. Reikningar fyrir lóðarleigu hafi einnig sýnt skilmerkilega, hvernig leigan var reiknuð, sbr. dskj. 14—21. Stefndi hafi þannig samþykkt túlkun stefnanda á ákvæði lóðarleigusamningsins, a. m. k. að því er tekur til umrædds 5 ára leigutímabils. Þess sé einnig að gæta, að stefndi hafi ekki óskað yfirmats um leiguna, sbr. 5. gr. laga nr. 86/1943.

Lóðarleigan hafi verið reiknuð 4% af fasteignamati árin 1975 og 1976,

en lækkuð í 1.12% árin 1977 og 1978. Hér hafi þó aðeins verið um reikningsaðferð að ræða, útreikningur í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda um leyfða hækkun fasteignatengdra gjalda milli ára. Varakrafan sé því aðeins sett fram, ef rétturinn líti svo á, að ákvörðun um hlutfallstöluna 2% fyrir árið 1979 væri ekki réttmæt, þar sem áðurnefndri reikningsaðferð hefði verið beitt fyrir árin 1977 og 1978. Hins vegar er áréttað, að 2% ákvörðunin sé innan ramma samþykktar hafnarstjórnar frá 18. nóvember 1974 um 4% leigugjald og einnig innan við 5% hámarkið skv. hafnarreglugerð.

Ákvæði 3. gr. leigusamningsins girði hvorki fyrir, að lóðarleigan sé ákveðin breytileg innan hvers 5 ára tímabils né að höfð sé önnur viðmiðun en krónutala pr. fermeter. Ákvörðun hafnarstjórnar um viðmiðun við hlutfall af fasteignamati sé heimil skv. leigumálanum.

Af hálfu aðalstefnda er um rökstuðning fyrir sýknukröfu vísað til dskj. 27. Vakin er athygli á því, að aðalstefnandi færi engar nýjar málsástæður fram fyrir kröfu sinni, en hamri þess í stað á því, að aðalstefndi hafi greitt í 4 ár án athugasemda eða fyrirvara og þannig samþykkt túlkun aðalstefnanda á ákvæði lóðarleigusamningsins á dskj. 3. Þessu sjónarmiði aðalstefnanda er mótmælt.

Á dskj. 27 kemur fram, að með leigusamningnum frá 17. janúar 1967 hafi hafnarstjórn verið selt í hendur sjálfdæmi um ákvörðun leigugjalds af lóðinni nr. 19 við Tryggvagötu í Reykjavík með þeim takmörkunum einum, er í 3. gr. samningsins felast. Þar skuldbindi hafnarstjórn sig til þess að ákvarða ársleigu lóðarinnar jafnan til 5 ára í senn. Væri slíku ákvæði ekki til að dreifa, hefði hafnarstjórn að sjálfsögðu frjálsar hendur til að ákveða breytilegt leigugjald frá ári til árs, svo sem raunin muni vera í ýmsum tilvikum öðrum. Með slíkum samningi og hér er um ræðir megi vissulega segja, að nokkru sé til fórnað af beggja hálfu, tollstjóri gefi sig að verulegu leyti óvissunni á vald í þessum efnum, en hafnarstjórn gangist þar á móti undir að takmarka svo þá óvissu, að leigugjald skuli þó að minnsta kosti vera ákveðið um fimm ára skeið í senn. Um það megi deila, hvort slík samningsákvæði séu skynsamleg á óvissutímum og raunar endranær. Samningurinn frá 17. janúar 1967 sé þó engu að síður staðreynd og samninga beri að virða.

Þegar hinn umdeildi leigusamningur var gerður, hafi staðið yfir endurskoðun fasteignamats í samræmi við lög nr. 28/1963, en í framhaldi þess hafi verið sett reglugerð nr. 301/1969 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Á grundvelli þeirra hafi verið ákveðið nýtt aðalmat fasteigna á árinu 1969. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1963 skyldi hið nýja fasteignamat gilda óbreytt næstu fimmtán ár. Þegar hafnarstjórn hafi tekið þá ákvörðun síðla árs 1974 að ákvarða leigu af lóðum hafnarinnar sem 4% af fasteignamati þeirra, hafi ekkert legið fyrir um það, að frá gildandi fasteignamati yrði

horfið fyrr en ætlað hafði verið, svo sem raunin varð með hinum nýju lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Þess sé einnig að gæta, að nær tvö ár hafi liðið frá fyrrnefndri ákvörðun hafnarstjórnar, þangað til matsgrundvelli fasteigna hafi verið breytt með þeim hætti, sem í lögunum greinir. Það hafi því verið fullkomlega eðlilegt og raunar sjálfgefið, að tollstjórinn í Reykjavík teldi þá leigugreiðslu, sem innt hafi verið af hendi fyrir árið 1975 samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar 18. nóvember 1974, eiga að vera óbreytta að krónutölu næstu fjögur árin á eftir. Sá skilningur sé bæði í samræmi við ótvíræð samningsákvæði og þann grundvöll, sem á hafi verið byggt við samningsgerð. Það sé raunar vandséð, hvaða tilgangi ákvæði 3. gr. samningsins um fimm ára ákvörðunartímabil leigugjalds hafi átt að þjóna, ef ekki þeim að veita leigutaka að minnsta kosti vissu um leigufjárhæðina um fimm ára skeið í senn.

Á dskj. 21 komi fram, að hafnarstjórn hafi ákveðið á fundi sínum 13. desember 1979, að „leiga fyrir lóðir, sem leigðar eru með 5 ára leiguákvörðunartímabili, skuli fyrir tímabilið 1. 1. 1980 — 31. 12. 1984 vera 2% af fasteignamati lóða, svo sem það verður ákveðið af fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.“ Þessi ákvörðun, sem ætlað muni að taka til stefnda, kunni að vera umdeilanleg með hliðsjón af 3. gr. leigusamningsins frá 17. janúar 1967. Það sé þó ekki til úrlausnar í þessu máli. Þessi ákvörðun sýni, að hafnarstjórn hafi nú að fenginni reynslu talið nauðsyn bera til að ákvarða leiguviðmiðun vegna m. a. Tryggvagötu 19 til næstu fimm ára, þótt vera kunni að vísu, að samþykktin brjóti efnislega gegn ákvæðum hins umdeilda leigusamnings. Á þessari nýju ákvörðun og hinum fyrri sé einnig sá reginmunur, að fyrirvari sé nú gerður um það, að leiga skuli á næstu fimm árum vera 2% af fasteignamati lóða, „svo sem það verður ákveðið af fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.“ Engan slíkan fyrirvara eða ráðagerð hafi verið að finna á ákvörðun hafnarstjórnar frá 18. nóvember 1974. Engu að síður hafi hafnarstjórn talið sé fært að raska leigugrundvellinum með tvenns konar hætti á nýliðnu fimm ára leiguákvörðunartímabili. Annars vegar hafi hlutfallsviðmiðuninni verið breytt tvívegis. Á hinn bóginn hafi hið nýja fasteignamat á árinu 1976 verið lagt til grundvallar eftir gildistöku þess. Hvort tveggja hafi orðið til þess, að leigugjöldin hækkuðu stórlega. Við þetta hafi svo bæst, að hafnarstjórn hafi nýtt sér þá álagshækkun á aðalmat fasteigna, sem heimiluð hafi verið í lögum nr. 11/1975 um ráðstafnair í efnahagsmálum. Eins og fram komi í auglýsingu frá félagsmálaráðuneytinu nr. 482/1975, hafi ráðuneytið samkvæmt þessu leyft á árinu 1976 36.5% hækkun gjalda til sveitarfélaga frá fyrra ári. Á árinu 1977 hafi orðið sams konar hækkun um 23.1%, sbr. auglýsingu sama ráðuneytis nr. 343/1976. Báðar þessar álagshækkanir hafi hafnarstjórn hagnýtt sér ranglega til hækkunar lóðarleigu.

IV.

Í gagnsök er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að í bréfi til gagnstefnda 14. febrúar 1979, sbr. dskj. 12, hafi gagnstefnandi gert grein fyrir því sjónarmiði sínu, að hafnarstjórn hafi með þeirri ákvörðun sinni 18. nóvember 1974, að lóðarleiga af lóðum hafnarinnar skyldi vera 4% af fasteignamati þeirra, ákvarðað leigukjör vegna Tryggvagötu 19 í krónutölu fyrir tímabilið 1. janúar 1975 til 31. desember 1979, eða kr. 972.400 á ári. Sú fjárhæð hafi verið greidd árið 1975. Næstu þrjú árin hafi verið innheimtar og greiddar nokkru hærri upphæðir, þannig að gagnstefnandi telji embætti sitt hafa ofgreitt gkr. 1.260.424, en gagnstefnukrafan svari til þessarar fjárhæðar í nýkrónum. Krafa gagnstefnanda í gagnsök sé að sjálfsögðu byggð á sömu sjónarmiðum og liggi neitun leigugreiðslu fyrir árið 1979 til grundvallar, þ. e. að leigufjárhæðir hafi verið ákveðnar til fimm ára 18. nóvember 1974 í samræmi við skýlaus ákvæði leigusamnings. Á það verði ekki fallist, að gagnstefnandi hafi í raun viðurkennt reikningsaðferð gagnstefnda með því að greiða framvísaða reikninga fyrir árin 1976, 1977 og 1978 athugasemdalaust. Eins og fram kom í bréfi gagnstefnanda á dskj. 12, hafi við embætti hans jafnan verið talið, að verið væri að greiða reikninga, sem löglega væru ákvarðaðir, og því hafi hafnarstjórn í engu verið grunuð um græsku.

Vegna þessa grandaleysis og ótvíræðra samningsákvæða hafi gagnstefnandi vitaskuld ekki séð ástæðu til þess á þessu skeiði að krefjast yfirmats um leiguna samkvæmt 5. gr. laga nr. 86/1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Í gagnsök mótmælir gagnstefndi þeim skilningi gagnstefnanda, að leigufjárhæðir fyrir lóðina Tryggvagötu 19 hafi verið ákveðnar fastar krónutölur fyrir árin 1975 — 1978. Um rökstuðning er aðallega vísað til greinargerðar aðalstefnanda á dskj. 2 svo og til greinargerðar aðalstefnanda í fógetaréttarmáli á dskj. 23. Þar fyrir utan er eftirfarandi haldið fram af hálfu gagnstefnda:

a. 3. gr. lóðarleigusamnings á dskj. 3 útiloki á engan hátt, að lóðarleigan sé ákveðin sem hlutfall af fasteignamati, enda hafi gagnstefnandi út af fyrir sig ekki vefengt, að svo hafi verið gert frá og með árinu 1975.

b. Leigugreiðslur fyrir árin 1976, 1977 og 1978 (sem gagnstefnan taki til) hafi verið ákveðnar sem hlutfall af fasteignamati innan ramma samþykktar hafnarstjórnar frá 18. nóvember 1974 (um 4%) og 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 359/1974 (um 5%), sbr. einnig ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 86/1943.

c. Gagnstefnandi hafi aldrei krafist yfirmats um leiguna, sbr. 5. gr. laga nr. 86/1943.

d. Með bréfi 21. mars 1975, sbr. dskj. 7, hafi hafnarstjóri svarað munn-

legri fyrirspurn fyrrverandi tollstjóra um ákvörðun leigugjaldsins. Þar komi skýrt fram m. a., að lóðarleiga sé ákveðin sem hlutfall af fasteignamati. Þetta komi einnig skýrt fram á reikningum, sem sendir hafi verið ársfjórðungslega 1975 — 1978, eða alls 20 reikningum, sbr. sýnishorn á dskj. 14 — 17.

e. Að fengnum skýringum á dskj. 7 hafi tollstjóraembættið greitt framangreinda 20 reikninga án athugasemda eða fyrirvara. Embættið hafi þannig í framkvæmd samþykkt túlkun gagnstefnda á 3. gr. lóðarleigusamningsins og a. m. k. firrt sig rétti til þess að krefjast endurgreiðslu á meintri ofreiknaðri leigu.

f. Þá kröfu verði að gera til eins æðsta embættis ríkisins og ráðuneyta, að eftir fjögurra ára samningsframkvæmd beri það ekki fyrir sig vankunnáttu, vanþekkingu eða grandaleysi og saki nánast aðra um óheiðarleika, svo sem gert sé í bréfi gagnstefnanda á dskj. 12 og síðan ítrekað vitnað til í greinargerðum lögmanns gagnstefnanda.

V.

Álit dómsins.

Kröfugerð aðilja bæði í aðalsök og gagnsök byggist á mismunandi túlkun á 3. gr. samningsins á dskj. 3, þ. e. því ákvæði, að hafnarstjórn ákveði ársleigu lóðarinnar til fimm ára í senn frá 1. jan. 1970.

Eftir þessu ákvæði var formlega farið, þegar aðalstefnandi sendi aðalstefnda bréfið á dskj. 4 og tilkynnti um ákvörðun lóðarleigu tímabilið 1. jan. 1970—31. des. 1974, kr. 80 á ári pr. m^2.

Fyrir tímabilið 1. jan. 1975—31. des. 1979 var ekki farið svo formlega að, heldur var aðalstefndi krafinn um lóðarleigu fyrir tímabilið 1. jan.—31. mars 1975, sem ákveðin var 4% af lóðarmati, kr. 24.310.000. Reikning þann greiddi aðalstefndi eftir að hafa fengið bréfið á dskj. 7, en eins og að framan er rakið, kemur fram í bréfi þessu, að lóðarleiga er miðuð við fasteignamat lóða. Ekki er tekið fram í bréfinu, að lóðarleigan skuli miðast við fasteignamat, eins og það er á hverjum tíma. Síðar mun aðalstefndi hafa greitt lóðarleigu eins ákvarðaða og á dskj. 14 fyrir síðari ársfjórðunga ársins 1975.

Eftir að aðalstefndi móttók reikning fyrir tímabilið 1. jan.—31. mars 1976, dskj. 15, var ljóst, að aðalstefnandi krafði um lóðarleigu, sem ákvörðuð var 4% af lóðarmati að viðbættu 36.5% álagi. Þann reikning greiddi aðalstefndi að því er virðist athugasemdalaust. Sama er um reikningana á dskj. 16 og 17, en þar var lóðarleigan ákveðin 1.12% af nýju fasteignamati.

Það, að aðalstefndi greiddi fyrirvaralaust og án áthugasemda reikningana

á dskj. 15, 16 og 17 og aðra sambærilega reikninga fyrir síðari ársfjórðunga árana 1976, 1977 og 1978, en krafðist ekki yfirmats dómkvaddra manna skv. 5. gr. laga nr. 86/1943, þykir verða að túlka þannig, að með því hafi aðalstefndi samþykkt, að lóðarleiga væri miðuð við fasteignamat, eins og það var á hverjum tíma, og þá um leið fallist á túlkun aðalstefnanda á 3. gr. samningsins. Aðalstefndi getur ekki borið fyrir sig að hafa ekki vitað, hvernig lóðarleigan var ákvörðuð, þar sem framlagðir reikningar bera það með sér.

Gegn andmælum aðalstefnda er aðalstefnanda óheimilt vegna ákvæða 3. gr. samningsins að breyta hlutfalli af gildandi fasteignamati aðalstefnda í óhag á hverju fimm ára tímabili, og telst aðalstefnandi því bundinn af ákvörðun sinni um 1.12% af gildandi fasteignamati til loka tímabilsins, sem hófst 1. jan. 1975, eða til ársloka 1979.

Niðurstaða málsins verður því sú, að gagnstefndi er sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök. Aðalkrafa aðalstefnanda í aðalsök er ekki tekin til greina. Varakrafa aðalstefnanda í aðalsök er tekin til greina með vöxtum, eins og krafist er, enda er fjárhæð kröfunnar ekki tölulega vefengd og vaxtakrafa í samræmi við samninginn á dskj. 3.

Dómkröfur í máli þessu eru gerðar í gömlum krónum, enda málið höfðað áður en lög nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils tóku gildi. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra laga svo og 6. gr. reglugerðar nr. 253/1980 ákvarðast dæmdar fjárhæðir í nýkrónum, og verður aðalstefndi því dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda kr. 31.084.68.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.450.00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði stefndi, tollstjórinn í Reykjavík, stefnanda, hafnarsjóði Reykjavíkur, kr. 31.084.68 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 7.771.17 frá 2. janúar 1979 til 31. mars s. á., af kr. 15.541.34 frá 1. apríl 1979 til 30. júní s. á., af kr. 23.313.51 frá 1. júlí 1979 til 30. september s. á. og af kr. 31.084.68 frá 1. október 1979 til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndi og gagnstefnandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði aðalstefnanda og gagnstefnda, hafnarsjóði Reykjavíkur, kr. 5.450.00 í málskostnað.

Greiðslur fari fram innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1983.

Nr. 163/1983. **Haukur Magnússon**
gegn
Halldóri Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík.

Kærumál. Kæra á hendur dómara samkv. niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæastaréttar með kæru 9. júní 1983, sem barst Hæstarétti 29. ágúst 1983. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gerð viðurlög lögum samkvæmt vegna málsmeðferðar sinnar við árangurslausa lögtaksgerð, sem talin sé hafa verið gerð hjá sóknaraðilja að Barðavogi 3 í Reykjavík 17. maí 1983 vegna vangoldinna opinberra gjalda svo og dráttarvaxta, samtals að fjárhæð 168.00 krónur. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili færir þau rök fyrir kröfum sínum, að varnaraðili hafi ekki farið að réttum lögum við framkvæmd hinnar árangurslausu lögtaksgerðar, en „hafi með löglausum og vítaverðum vinnubrögðum sínum lýst (sóknaraðilja) eignalausan án tilefnis og með því valdið honum kostnaði og sárindum og þannig gert á hlut hans, að viðurlögum eigi að sæta.“ Gerð þessari verði ekki áfrýjað vegna þess, að lögtakskrafan nái ekki áfrýjunarfjárhæð. Hafi því sá kostur verið valinn að neyta kæruheimildar lokaákvæðis 21. greinar laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur eftirtalin atriði við framkvæmd hinnar árangurslausu lögtaksgerðar sérstaklega aðfinnsluverð:

Engin fógetagerð hafi farið fram á heimili sóknaraðilja og ekki sé þess getið í fógetabók, að reynt hafi verið að hafa samband við heimilisfólk. Þá sé ekki skráð í fógetabók, á hvaða tíma dags fógetaréttur hafi verið haldinn. Að síðustu er á það bent af hálfu sóknaraðilja, að í fógetabók segi, að maður að nafni Jónas Sigurðs-

son hafi mætt í fógetaréttinum fyrir sóknaraðilja. Sá maður hafi þó ekki verið skipaður réttargæslumaður sóknaraðilja og engin nánari deili séu á honum sögð, svo að unnt sé að vita, hver í hlut eigi, og eigi hafi hann undirritað gerðina, svo sem lögskylt sé.

Ekki eru slíkir annmarkar á athöfnum varnaraðilja, þeim er kærumál þetta fjallar um, að efni séu til að líta svo á, að hann hafi með þeim gert á hlut sóknaraðilja, þannig að áminningu eða sektum varði eftir niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Framangreind krafa sóknaraðilja, Hauks Magnússonar, verður ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. maí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 17. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Barðavogi 3 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri Sigurgeirssyni með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Hauki Magnússyni, s. st., fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 3831-0968, 1982 með bókuðum dráttarvöxtum, samtals 168.00 auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti lagði fram gjaldheimtuspjald með áritaðri beiðni, þingm. nr. 1. *Nr. 1 fylgir með í ljósriti.*

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðum.

Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans Jónas Sigurðsson, sem hér er staddur, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að vísa á eignir gerðarþola til lögtaks og bryndi fyrir mætta að setja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti kvaðst engar eignir geta bent á til lögtaks. Lögtaksgerðin varð árangurslaus.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Upplesið, játað rétt bókað.
Gerðinni lokið

Fimmtudaginn 6. október 1983.

Nr. 115/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristbirni Árnasyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnssn og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Málinu var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt var krafist þyngingar refsingar.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Sem atvinnurekanda bar Lukkuhúsinu h/f að innheimta opinber gjöld af starfsmönnum sínum og standa viðkomandi innheimtustofnun skil á innheimtu fé í samræmi við ákvæði laga nr. 40/1978 og laga nr. 73/1980. Varðandi gjöld Óðins Snorrasonar fór Lukkuhúsið h/f með innheimtuumboð fyrir Gjaldkheimtuna í Reykjavík. Er ákærði skráði frádrátt vegna útsvars Óðins Snorrasonar á launaseðil hans, en hann gildir sem kvittun gagnvart gjaldandanum, svipti hann Gjaldheimtuna í Reykjavík rétti á hendur gjaldandanum fyrir sömu fjárhæð. Hefur hann með því að standa Gjaldheimtunni ekki skil á fénu brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga, en rétt þykir með hliðsjón af sakavottorði og málavöxtum að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður að 2 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristbjörn Árnason, sæti fangelsi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 30. desember 1982.

Árið 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1981: Ákæruvaldið gegn Kristbirni Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 1. febrúar 1982, höfðað gegn Kristbirni Árnasyni húsgagnasmið, Borgartanga 2, Mosfellssveit , fyrir að vanrækja að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á kr. 2.712.56, sem haldið var eftir af launum Óðins Snorrasonar hjá Lukkuhúsinu h/f, Smiðjuvegi 44, Kópavogi, til greiðslu opinberra gjalda þann 23. júní 1981 og þannig dregið fyrirtækinu þetta fé, en ákærði var þá framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi og sá um að halda gjöldunum eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 8. nóvember 1945 í Reykavík, og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 7/1 í Kópavogi: Sátt 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. alm. hegningarlaga, en sumpart við 261. gr. sömu laga.

Málavextir.

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 20. júní 1981, til rannsóknarlögreglu ríkisins er það atferli kært sem brot á 247. gr. almennra

hegningarlaga, að haldið var eftir kr. 2.713.00 auk kr. 515.00 í dráttarvexti af launum Óðins Snorrasonar (6706-7398) hjá Lukkuhúsinu h/f, Smiðjuvegi 44, Kópavogi, og því ekki skilað til Gjaldheimtunnar í Reykjavík þrátt fyrir áskoranir þar um.

Ákærði var á þessum tíma framkvæmdastjóri Lukkuhússins h/f og með prókúruumboð fyrir það. Óðinn Snorrason hafði ráðist til vinnu hjá fyrirtækinu í desember 1980 og vann við lökkun o. fl. Ákærði kvað Óðin ekki hafa stundað vinnuna reglulega, mætt illa og afsakað sig með veikindum. Ákærði kvaðst hafa reynt að ná til Óðins í þessum veikindaforföllum hans, en þá komið í ljós, að hann var ekki heima og veikindin voru yfirskin. Honum var því sagt upp vinnunni með viku fyrirvara í janúar 1981. Óðinn hafði ekki verið sáttur við þetta og gert kröfur um laun í hálfan mánuð vegna veikinda og verið með læti í því sambandi.

Ákærði varð fyrir slysi í byrjun árs 1981 og var þess vegna fjarverandi frá fyrirtækinu frá 20. febrúar fram yfir miðjan júní, að hann kom til starfa aftur. Hann kvaðst þá hafa fljótlega gert sér grein fyrir, að staða fyrirtækisins var slæm, og ekki virtist grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri, nema auknu fjármagni væri veitt inn í reksturinn. Um sama leyti hafði Óðinn verið á ferðinni með kröfur sínar um laun í hálfan mánuð vegna veikinda. Hann kvað í raun ekki hafa verið grundvöll fyrir kröfum Óðins, en hann viljað greiða þær til að losna við öll frekari leiðindi. Ekki hafi verið til á þessum tíma, 23. júní, neinir peningar í fyrirtækinu og Óðinn þá óskað eftir að fá greiðsluna í formi kvittunar fyrir opinber gjöld. Ákærði kvaðst hafa gert þetta, þó að hann væri ekki hrifinn af því, en vonast til, að meðeigendur hans í fyrritækinu mundu leggja meira fé í það, svo sem hann taldi sig hafa vilyrði frá þeim um, eftir að hafa rætt við þá um svipað leyti. Hann kvað svo ekki hafa verið unnt að gera skil til Gjaldheimtunnar á því, sem tekið hafi verið af Óðni upp í opinber gjöld, þar sem staða fyrirtækisins hafi ekki batnað og hann ekki fengið hluthafa til að leggja í það meira fé og þeir ekki verið tilbúnir að halda rekstrinum áfram.

Ákærði kvaðst hafa gert öðrum stjórnarmönnum, þ. e. Sigurði Frímannssyni og Hreini Jónassyni, ásamt lögfræðingi fyrirtækisins, Guðmundi Þórðarsyni, ljósa stöðu málsins, að þarna væri um að ræða skuld, sem yrði að greiða, og þeim öllum verið ljóst, hvernig ákærði hafi gengið frá þessu máli Óðins Snorrasonar.

Teknar voru skýrslur af framangreindum mönnum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins nema Sigurði, sem fórst í flugslysi 4. okt. 1981. Þeir kannast ekki við að hafa vitað um þessa skuld vegna Óðins né hvernig hún var til komin né að hafa samþykkt þessar aðgerðir ákærða.

Af gögnum málsins verður ráðið, að rekstri Lukkuhússins hafi verið

haldið áfram til um 20. ágúst 1981, nokkru eftir það stóð til að taka það til gjaldþrotaskipta, sem ekki mun þó hafa orðið af.

Ákærði hefur ekki greitt skuldina við Gjaldheimtuna undir rekstri máls þessa né hafa meðeigendur hans að Lukkuhúsinu h/f gert það.

Ljóst er, að ákærði ber ábyrgð á því sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi Lukkuhússins h/f að halda eftir af launum Óðins Snorrasonar fyrir opinberum gjöldum, sem nam upphæð áðurnefndrar kvittunar, kr. 2.713.00, án þess að gera skil á fé þessu til Gjaldheimtunnar. Rekstri fyrirtækisins var haldið áfram í a. m. k. 2 mánuði, eftir að kvittunin var gefin út, og bar ákærða að halda þessu fé aðgreindu frá öðru fé fyrirtækisins og gera skil á því til Gjaldheimtunnar. Hafi peningar ekki í reynd verið til, um leið og kvittunin var út gefinn, þá má ljost vera, að á þessu 2ja mán. tímabili hafi komið inn í reksturinn fé, sem ákærða bar þá að halda sér, þar sem það var eign Gjaldheimtunnar, en lætur það í þess stað ganga til rekstursins, meðan honum var áfram haldið.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu refsiákvæði og með hliðsjón af 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 6.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dómsins, og enn fremur sæti hann fangelsi í 20 daga, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristbjörn Árnason, greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 6.000.00, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti enn fremur fangelsi í 20 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1983.

Nr. 126/1981. **Baldur Baldursson og**
Sigurjón H. Sigurjónsson
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Jóhannesi Pálssyni og
Rúnari Hartmannssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Lausafjárkaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að vextir verði 19% á ári af dæmdri fjárhæð, kr. 29.058.35, frá 29. mars 1978 til uppkvaðningar héraðsdóms 19. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1982, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þeir krefjast málskostnaðarar fyrir Hæstarétti.

Stefndu seldu aðalvél og dýptarmæli bátsins Nóa, EA 330, undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi, en áður höfðu þeir selt björgunarbát og 5 rafknúðar færavindur með tilheyrandi rafgeymum, svo sem fram kemur í skjölum málsins. Í þinghaldi hinn 3. október 1980 varð samkomulag með aðiljum um að leggja til grundvallar, að verð mæti muna þessara hafi verið gkr. 1.950.000. Var þá höfuðstóll fjárkröfu stefndu lækkaður í gkr. 3.101.025. Var fjárhæðin svo enn lækkuð í gkr. 3.083.159 við munnlegan flutning málsins fyrir héraðsdómi.

Kröfugerð stefndu felur í sér kröfu um viðurkenningu á riftun á kaupum þeirra á Nóa, þótt ekki sé hún berlega orðuð í héraðsdómsstefnu, og hefur flutningur málsins af hálfu beggja aðilja verið á því byggður.

Fyrir Hæstarétti er viðurkennt af hálfu áfrýjenda, að fyrir hendi hafi verið skilyrði til riftunar á kaupunum á bátnum. Er málsvörn áfrýjenda fyrir Hæstarétti eingöngu byggð á því, að með því að selja aðalvél bátsins og greindan fylgibúnað án þess að gera þeim áður viðvart hafi stefndu brotið í bága við fyrirmæli ákvæða 55. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og með því glatað rétti til riftunar.

Svo sem áður er rakið, varð samkomulag með aðiljum um verðmæti muna þeirra, sem stefndu seldu. Hafa stefndu lækkað fjárhæð endurgreiðslukröfu sinnar til samræmis við það. Þykir því fullnægt þeim hagsmunum áfrýjenda, sem nutu verndar af ákvæðum 55. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 39/1922. Stendur sala greindra muna því ekki í vegi fyrir því, að viðurkennd verði riftun á kaupum stefndu á Nóa.

Stefndu krefja áfrýjendur einnig um skaðabætur fyrir tapaðar vinnutekjur og kaup á efni til að standsetja bátinn. Tjón stefndu af þessum sökum er ósannað, og ber að sýkna áfrýjendur af þessum kröfuliðum.

Samkvæmt þessu ber áfrýjendum að greiða stefndu 25.500.00 krónur, þ. e. 45.000.00 ÷ 19.500.00, með vöxtum og dómvöxtum frá birtingu hæstaréttarstefnu, svo sem segir í dómsorði, gegn afhendingu á Nóa, EA 330.

Áfrýjendur greiði stefndu 17.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Baldur Baldursson og Sigurjón H. Sigurjónsson, greiði stefndu, Jóhannesi Pálssyni og Rúnari Hartmannssyni, gegn afhendingu á bátnum Nóa óskipt 25.500.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 29. mars 1978 til 12. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefndu 17.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. mars 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. febrúar sl., höfðaði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður f. h. Jóhannesar Pálssonar, Suðurgötu 15, Sandgerði, og Rúnars Hartmannssonar, Flateyri, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. og 30. nóvember 1978, gegn Baldri Baldurssyni, Bergstaðastræti 27, Reykjavík, og Sigurjóni H. Sigurjónssyni, Hjallavegi 5, Njarðvík, til greiðslu á kr. 4.441.025 með 19% ársvöxtum frá 29. mars 1978 til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ gegn afhendingu á vélbátnum Nóa, EA 330, með GM aðalvél 75 — 100 hö., árg. 1971, ásamt 2 alternatorum, Simrad þurrpappírsmæli, reimdrifnu línuspili ásamt öðrum búnaði, sem bátnum fylgdi við afhendingu 30. ágúst 1977, að undanskildum gúmmíbjörgunarbáti, 5 rafmagnsfæravindum og tilheyrandi rafgeymi.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 3.083.159 með 19% ársvöxtum frá 29. mars 1978 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ gegn afhendingu á vélbátnum Nóa, EA 330, án vélar og fylgifjár.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnenda og að þeim verði til dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Með stefnu, birtri 12. febrúar 1979, var Bjarna Víglundssyni, Hafnarstræti 2, Akureyri, stefnt til réttargæslu. Engar kröfur voru gerðar á hendur réttargæslustefnda. Réttargæslustefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þeir, að með kaupsamningi, dags. 4. apríl 1977, dskj. 9, keyptu stefndu af réttargæslustefnda vélbátinn Nóa, EA 330, (áður m/b Pétur Axel, ÓF 21). Í kaupsamningnum er bátnum lýst á þá leið, að báturinn sé frambyggður hálfdekkaður súðbyrðingur, byggður sem nótabátur á Akureyri 1962, en endurbyggður á Ólafsfirði 1971. Í bátnum sé GM aðalvél, árg. 1971, 75 — 100 hö., ásamt 2 alternatorum, Simrad þurrpappírsdýptarmæli, reimdrifnu línuspili og öðrum búnaði,

er kaupendur hafi kynnt sér við skoðun, þar á meðal 5 rafmagnsfæravindum án rafgeyma. Í bátnum sé leigutalstöð frá Landssíma Íslands. Umsamið kaupverð var kr. 4.500.000 og skyldi greiðast þannig:

„1.	Við undirskrift kaupsamnings	kr.	670.000.00
2.	Þann 20. apríl 1977	kr.	330.000.00
3.	Þann 20. júní 1977	kr.	340.000.00
4.	Þann 20. sept.1977	kr.	500.000.00
5.	Með því að taka að sér að greiða neðanskr. veðsk.: Á 2. veðr. skuld við Byggingasj. skv. veðbr. útg. 3/1 '72, upphafl. að upph. kr. 125.000.00 eftirst. hl. kaupanda	kr.	46.875.00
	Á 3. veðr. skuld við Sveinbj. Axelsson, skv. veðbr. útg. 29/5 '75, upphafl. að upph. kr. 1.011.875.00, eftirst. að hl. kaupanda (seljandi greiðir afb. pr. 15/4 '77)	kr.	337.291.00
6.	Með fasteignatr. veðskuldabr. til 4ra ára, sem bera 12% ársvexti frá 6/4 '77. Gjaldd. vaxta og afborgana 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 15. júlí 1978	kr.	2.275.834.00
	Samtals	kr.	4.500.000.00“

Í kaupsamningnum segir, að báturinn verði afhentur kaupendum við bryggju á Akureyri 6. apríl 1977, hreinsaður og málaður utanborðs og með nýju skoðunar— og haffærisskírteini.

Á dskj. 5 er haffærisskírteini t/b Nóa, EA 330, útgefið á Akureyri 18. apríl 1977, með gildistíma til 31. mars 1978. Í skírteininu kemur fram, að báturinn sé 10.83 rúmlestir brúttó, smíðaður á Akureyri 1962 og megi vera í förum sem opinn fiskibátur. Eigandi Bjarni Víglundsson. Á dskj. 13 er skipaskoðunarvottorð gert á Akureyri 31. mars 1977 varðandi t/b Nóa, EA 330. Þar kemur fram, að búnaðarskoðun hafi farið fram 31. mars 1977 og að báturinn megi vera í förum sem opinn fiskibátur og megi fá útgefið haffærisskírteini, sem gildi til 31. mars 1978.

Hinn 9. júlí 1977 gaf Bjarni Víglundsson út afsal til stefndu, dskj. 10. Í afsalinu kemur fram, að umsamið kaupverð hafi kaupendur greitt að fullu og að söluverð skips án fylgifjár sé kr. 2.600.000.

Sama dag og afsalið á dskj. 10 var gefið út gengu stefndu og réttargæslustefndi frá samkomulagi, dskj. 12, en þar kemur fram, að umsamið kaupverð bátsins lækkaði um kr. 1.500.000. Samkomulag þetta virðist hafa verið gert vegna galla, sem fram komu á bátnum, eftir að stefndu keyptu

hann af réttargæslustefnda, en þeir eru taldir á dskj. 11, sem er svohljóðandi: „Gallar, sem komu fram við afhendingu t/b NÓA, sem kaupendur gera kröfu um, að verði bættir:

a) Kompásstilling.
b) Þétting á bátsskrokk. Kalföttun virtist ekki hafa verið framkv. samkv. kaupsamningi og málning léleg.
c) Vélarhreinsun.
d) Lensibúnaður. Nýjar lensidælur og lagnir.
e) Gírskifting og stýri. (Stýri sneri öfugt, sem er bæði hættulegt og ólöglegt.
f) Kabyssa. (ný olíulögn, öryggisrofi ofl.)
g) Rafmagn. (startari, alternatorar, rofar, lagnir ofl.)

Vélsmiður var fenginn til viðgerða, og tilkallaði hann vélaskoðunarmann frá Siglingamálastofnun sér til ráðuneytis. Krafðist skoðunarmaðurinn lagfæringa samkv. liðum c, d, e, f, g hér að ofan, þó báturinn væri með nýtt haffærisskírteini samkv. skoðunarvottorði frá sömu stofnun. Báturinn fékkst ekki tryggður, nema settur væri á hann gúmmíbjörgunarbátur og slökkvitæki."

Neðst á dskj. 11 er svohljóðandi handskrifuð athugasemd: „Við endursölu var ennþá nokkur leki í bátnum, og var hinum nýju kaupendum kunnugt um það."

Með kaupsamningi, dags. 29. ágúst 1977, keyptu stefnendur af stefndu vélbátinn Nóa, EA 330. Í kaupsamningnum, dskj. 3, er bátnum lýst eins og á dskj. 9 að öðru leyti en því, að með búnaði bátsins er talinn gúmmíbjörgunarbátur og rafgeymar tilheyrandi rafmagnshandfæravindunum.

Umsamið kaupverð bátsins ásamt fylgifé var kr. 4.500.000, sem skyldi greiðast þannig:

1.	Við undirskrift kaupsamnings	kr.	500.000
2.	Með því að kaupendur taka að sér að greiða áhvílandi lán frá Byggðasj. skv. veðbréfi, útg. 3. janúar 1972, upphaflega að upphæð kr. 125.000, nú að eftirstöðvum	kr.	31.250
3.	Með því að kaupendur taka að sér að greiða áhvílandi lán frá Sveinbirni Axelssyni skv. veðbréfi, útg. 29. maí 1975, upphaflega kr. 1.011.875, nú að eftirstöðvum	kr.	337.291
4.	Með veðskuldabréfum til 4 ára með misserislegum afborgunum vaxta og afborgana, í		

fyrsta sinn 1. maí 1978, sem bera 18% ársvexti frá 30. ágúst 1977, en bréf þessi skulu tryggð að jöfnu með veði í húseignunum Suðurg. 15, Sandgerði, og Garði, Hafnarhreppi, næst á eftir lánum skv. veðbókarvottorðum 29. ágúst 1977, sem liggja frammi	kr.	3.631.459
Samtals	kr.	4.500.000

Í kaupsamningnum segir, að báturinn verði afhentur kaupendum við bryggju í Reykjavík 30. ágúst 1977 í því ástandi, sem hann nú er í, með skoðunar- og haffærisskírteini, sem kaupendur hafi kynnt sér ásamt ástandi bátsins.

Afsal fyrir bátnum var gefið út 31. ágúst 1977, dskj. 4. Í afsalinu segir m. a., að umsamið kaupverð hafi kaupendur greitt að fullu, og tekið er fram, að söluverð báts án fylgifjár sé kr. 3.600.000. Báturinn hafi verið afhentur kaupendum við bryggju í Reykjavík 30. ágúst 1977 með skoðunar- og haffærisskírteini og hafi kaupendur sætt sig við ástand hans að einu og öllu leyti.

Hinn 29. mars 1979 gáfu skipaskoðunarmennirnir Magnús Guðmundsson og Óskar Guðmundsson út svohljóðandi vottorð varðandi t/b Nóa, EA 330, dskj. 6:

„Við skoðun á ofangreindum bát í Höfnum kom eftirfarandi fram:

I. Kjölur og framstefni ónýtt, brot og fleiri skemmdir, þá er afturstefni of grannt.
II. Byrðingur rifinn og sprungin, sérstaklega á botni bátsins miðskipa, ennfremur á sama svæði tæring í saum og súð mjög vatnssósa.
III. Bönd (svigabönd) víða brotin og fúin, einnig vatnssósa, engir botnbitar, kjölsvín eða húfsíur.
IV. Umgjörð fúin á köflum.
V. Yfirbygging framan og aftan ónýt.
VI. Báturinn er upphaflega smíðaður sem nótabátur, hefur á engan hátt verið styrktur eða útbúinn á þann hátt, sem reglur um smíði tréskipa segja fyrir um.

Að áliti undirritaðra er þetta skip ekki viðgerðarhæft.“

Undir rekstri málsins var óskað eftir því við Siglingamálastofnun ríkisins, að upplýst væri, hvenær bolskoðun hafi síðast farið fram á bátnum Nóa, EA 330, áður en haffærisskírteini var gefið út fyrir bátinn 18. apríl 1977, og þá hvað hafi komið fram við þá skoðun.

Í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 8. apríl 1980, dskj. 20, segir,

að þrátt fyrir ítarlega leit í stofnuninni og hjá skoðunarmönnum á Akureyri hafi engar skýrslur fundist, sem legið gætu til grundvallar útgáfu haffærisskírteinis fyrir bátinn 18. apríl 1977.

Á dskj. 30, sem er bréf frá Siglingamálastofnun ríkisins, dags. 14. nóv. 1980, kemur fram:

1. Að kjölur og framstefni bátsins Nóa, EA 330, sé ónýtt vegna upphaflegrar gerðar og meðferðar. Sverleiki skrúfustefnis ákvarðist af sverleika stefnisrörs á þann veg, að efnismagn utan við rörið skuli vera 2 sinnum byrðingsþykktin. Í Nóa nái stefnisrörið út í byrðing.

2. Byrðingur sé víða sprunginn, rifin, brotinn og vatnssósa og víða blýlappaður og víða lappað yfir skeyti. Tæring í saum. Hér sé um þá galla að ræða, sem séu sennilega af völdum meðferðar og aldurs.

3. Yfirbygging í aftur- og framskipi sé ónýt vegna upphaflegrar gerðar. Efni sé mjög léleg furugrind, bæði að styrkleika og samsetningu. Klæðning utan krossviður og innan masonit. Afturþiljan plægð fura, víða sprungin út frá nótun og umgerðin meira og minna fúin.

4. Ekki verði um það sagt, hvort allar þær skemmdir, sem fram komu við skoðun 29. mars 1978, hafi verið til staðar 29. ágúst 1977, en hafi báturinn verið skoðaður á floti og sér í lagi verið alklæddur að innan (innsúð), þá hafi skoðunarmaður ekki getað séð þær skemmdir á bátnum, sem undir sjólínu eru.

Engar reglur séu til um smíði nótabáta, en þeir hafi verið smíðaðir til sérlegra nota við síldveiðar. Aftur á móti séu til reglur um smíði skarsúðaðra tréskipa frá 20. apríl 1960. Styrkleikamunur sé mikill á milli nótabáts og báts smíðaðs eftir reglunum, sem liggi aðallega í kjöl, stefnum og böndum, auk þess sem langviðir séu fleiri, sérlega í botni skipsins. Tekið er fram, að alls engar breytingar hafi farið fram á bol þessa nótabáts, ef frá séu taldar yfirbyggingar, sem áður er frá skýrt.

Í fórum Siglingamálstofnunar finnist ekki stafur um þennan bát annað en vottorð um hleðslu slökkvitækis, dags. 24. júní 1977, skoðunarskýrsla, dags. 29. mars 1978, og blað í skipaskrá.

Áður en mál þetta var höfðað, seldu stefnendur aðalvél bátsins og 5 rafmagnsfærarúllur ásamt tilheyrandi rafgeymi, og undir rekstri málsins hafa þeir selt gúmmíbjörgunarbát og dýptarmæli. Málsaðiljar eru sammála um, að við niðurstöðu málsins skuli lagt til grundvallar, að verðmæti þess, sem stefnendur hafa selt, sé kr. 1.950.000.

Stefnandinn Kristinn Rúnar Hartmannsson var yfirheyrður vegna máls þessa 12. mars 1980. Fram kom hjá Kristni Rúnari, að áður en þeir stefnendur keyptu bátinn, hafi þeir skoðað bátinn á floti og farið á honum rétt út fyrir og þá hafi báturinn lensað. Um haustið hafi þeir orðið varir við

leka, en ekki talið það alvarlegt, þeir hafi haldið, að það væri frá saum. Það hafi líklega verið í október um haustið sem þeir tóku bátinn upp og létu hann upp á búkka og gengu frá honum. Þeir hafi breitt yfir bátinn og gengið frá vélinni á þann hátt, að þeir hafi lokað öllum öndunarleiðum að vélinni eins vel og þeir gátu. Báturinn hafi verið híféður á land og geymdur uppi á kambi, þar sem hann er enn. Báturinn hafi ekki orðið fyrir skemmdum á landi. Síðan hafi þeir ekkert gert í bátnum fyrr en í mars á næsta ári, þá hafi þeir ætlað að gera hann kláran til þess að fara á honum á handfæri og þá hafi komið í ljós, að það stóðu niður af bátnum naglarnir hér og þar. Þeir hafi rifið innan úr honum svokölluð plitti, sem voru föst, og þá hafi komið í ljós brotið borð og ýsmar aðrar skemmdir. Fljótlega eftir þetta hafi þeir Óskar Guðmundsson og Magnús Guðmundsson skoðað bátinn og gefið honum þá umsögn, sem hann hafi. Nokkrum dögum síðar hafi þeir stefnendur sagt stefnda Baldri frá þessu.

Á þeim tíma, sem stefnendur notuðu bátinn, hafi hann ekki orðið fyrir neinu óhappi. Þeir hafi tryggt bátinn hjá Vélbátatryggingu Reykjaness, bæði bát og áhöfn, en seinna hafi þeir fengið að vita, að það hafi einungis verið mennirnir, sem voru tryggðir, báturinn hafi ekki verið tryggður. Þeir hafi lagt inn umsókn og þeim hafi verið gefið í skyn, að báturinn væri tryggður, þó ekki hafi hann verið skoðaður af starfsmönnum tryggingarfélagsins. Þeim stefnendum hafi verið tilkynnt þetta seinna, þegar þeir voru krafðir um iðgjöld fyrir áhöfn, en þeir hafi ekki verið krafðir um iðgjöld af tryggingu á bátnum.

Fram kom hjá stefnandanum Kristni Rúnari við yfirheyrslur 3. október 1980, að hann hafi verið viðstaddur, þegar Óskar Guðmundsson skipaskoðunarmaður kom um borð í bátinn skömmu eftir 2. september 1977, en hann hafi ekki vitað, að Óskar var að skoða bátinn, það hafi ekki komið fram. Óskar hafi bara verið að spjalla um daginn og veginn, og kvaðst Kristinn Rúnar ekki hafa vitað, í hvaða erindum Óskar væri.

Krafa stefnenda vegna vinnutaps sé miðuð við hásetatryggingu á þessum tíma. Stefnendur telji sig hafa unnið við bátinn í mánuð.

Stefnandinn Jóhannes var yfirheyrður hér fyrir dómi 27. mars 1980. Fram kom hjá Jóhannesi, að þeir stefnendur hafi einir skoðað bátinn, áður en kaupin voru gerð. Þeir hafi skoðað bátinn á floti og hann hafi verið klæddur að innan, þannig að ekki hafi verið hægt að sjá neitt að bátsskrokknum. Þeir hafi ekkert séð athugavert við yfirbyggingu bátsins. Báturinn hafi verið með nýlegt haffærisskírteini og það hafi hann talið nægja.

Laun þau, sem stefnendur krefja um fyrir vinnu sína í einn mánuð, séu miðuð við þá tryggingu, sem þeir höfðu á bátnum, sem þeir voru á um veturinn, en hættu á, þegar þeir ætluðu að standsetja bátinn. Þeir stefnendur hafi verið með 1¼ hlut hvor.

Að öðru leyti var framburður Jóhannesar mjög á sama veg og framburður stefnandans Kristins Rúnars.

Við yfirheyrslu 3. október 1980 kom fram hjá stefnandanum Jóhannesi, að þeir stefnendur hafi ekkert vitað um, að stefndu hafi fengið afslátt á verði bátsins, þegar þeir keyptu hann. Stefndu hafi sagt stefnendum, að þeir hefðu keypt bátinn á þessu verði og væru að selja hann á sama verði og teldu sig vera að tapa á viðskiptunum.

Um haustið, þegar þeir stefnendur voru að útbúa bátinn í Sandgerðishöfn, hafi Óskar skipaskoðunarmaður komið um borð, og hélt Jóhannes, að skipaskoðunarmaðurinn hafi komið fyrir Vélbátatryggingu Suðurnesja. Skipaskoðunarmaðurinn hafi litið eitthvað yfir bátinn lauslega og rabbað við stefnendur um útbúnaðinn og fiskirí. Það eina, sem Jóhannes mundi, að skipaskoðunarmaðurinn hafi tekið fram, var, að þeir þyrftu að hafa sleftóg um borð. Þeir stefnendur hafi enga tilkynningu fengið frá vélbátatryggingunni eftir þessa skoðun og ekki frétt um, að báturinn teldist ekki tryggingarhæfur, fyrr en á árinu 1979.

Ekkert hafi komið fyrir bátinn þann tíma, sem stefnendur notuðu hann, og ekki heldur, þegar báturinn var settur upp.

Þegar stefnendur fóru að skoða yfirbyggingu bátsins um vorið, hafi komið í ljós, að hún var smíðuð úr hörplötum og eitthvað límt yfir. Þetta hafi komið í ljós, þegar farið var að rífa innan úr. Þetta sé ástæðan fyrir því, að yfirbyggingin er ónýt, en ekki brot eða slíkt.

Stefndi Baldur Baldursson var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fram kom hjá Baldri, að á dskj. 11 væru taldir þeir gallar, sem fram komu á b/v Nóa, þá er stefndu keyptu bátinn af réttargæslustefnda. Baldur sagði, að þá er stefndu seldu stefnendum bátinn, hafi verið búið að gera við alla þessa galla. Stefndu hafi sjálfir annast þéttingu á bátsskrokk. Þeir hafi látið bátinn upp í fjöru fyrir neðan Stálsmiðjuna og leitað ráða hjá skipasmiðum í skipasmíðastöð, sem er þarna rétt hjá. Vélsmiðja á Seltjarnarnesi hafi annast vélarhreinsun og lensibúnað ásamt stefndu, einnig hafi þessi vélsmiðja annast viðgerð á gírskiptinu og stýri og þeir stefndu unnið við það líka, kabyssan hafi verið tekin til endurbyggingar á verkstæði, sem framleiðir þessar kabyssur. Stefndu hafi málað bátinn. Tveir eða þrír rafvirkjar hafi annast viðgerð á rafmagni. Konráð Gíslason hafi stillt kompás. Þeir stefndu hafi ekki komist fyrir lekann, sem var í bátnum. Endurbætur þær, sem stefndu framkvæmdu á bátnum, hafi ekki verið teknar út af Siglingamálastofnun ríkisins. Stefnendur hafi vitað um lekann. Baldur kvaðst ekki reikna með, að hann hafi sagt stefnendum frá viðskiptum stefndu við réttargæslustefnda.

Stefndi Baldur sagði, að stefnendur hafi fyrst haft samband við sig vegna galla á bátnum sumarið 1978. Hann kvaðst ekki geta farið með þetta upp

á dag, en hann hafi verið að undirbúa sig fyrir för til útlanda og hann hafi farið af landi brott í júlí.

Fram kom hjá Baldri, að þeir stefndu hafi ekki vitað um þá galla, sem taldir eru á dskj. 6, og ekki hefðu þeir getað leynt því, sem þar er talið. Á kafla á borðstokk bátsins hafi verið fúi, en ekkert hafi verið gert til að leyna því og stefnendum hafi verið sýnt það.

Áður en stefnendur keyptu bátinn, hafi þeir skoðað hann oftar en einu sinni, og kvaðst Baldur hafa farið með þá í siglingu út fyrir Engey og hafi þeir rætt um lekann.

Fram kom hjá stefnda Sigurjóni, að hann hafi ekki verið viðstaddur skoðun stefnenda, áður en þeir keyptu bátinn. Það eina, sem stefndi Sigurjón hafi komið nálægt viðskiptunum við stefnendur, hafi verið undirritun pappíra vegna viðskiptanna og hafi hann þá hitt stefnendur fyrst.

Stefndi Sigurjón bar um viðgerðir þeirra stefndu á svipaðan hátt og stefndi Baldur.

Örn Einarsson Scheving fasteignasali var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá Erni, að hann minnti, að stefnendum hafi verið kunnugt um afsláttinn, sem stefndu fengu, en vildi þó ekki fullyrða það. Hann minnti, að afslátturinn, sem stefndu fengu, hafi átt að vera vegna þeirra tafa, sem urðu hjá þeim að komast á veiðar, þar sem þeir fengu ekki búnaðarskoðun, og svo til þeirra framkvæmda, sem þeir létu gera. Stefndu hafi keypt gúmmíbjörgunarbát, sem fylgdi með í sölunni. Örn sá bátinn, áður en stefnendur keyptu hann, og fannst honum ástand bátsins vera svona þolanlegt, en ekkert meira. Örn sagði, að stefnendur hefðu haft samband við sig, eftir að skipið var dæmt óviðgerðarhæft, og kvaðst Örn hafa gert stefndu aðvart og sagt þeim, hvers kyns var, og hélt hann, að þeir hafi svo haft samband sín á milli.

Gunnlaugur Þórarinsson, starfsmaður Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá Gunnlaugi, að hann hafi skoðað skipið Nóa, EA 330, á árinu 1977, en þá hafi skipið verið tekið í tryggingarmat í júní 1977. Bolur skipsins hafi ekki verið skoðaður, skipið hafi verið á floti, en búnaður og tæki, sem voru um borð í skipinu, hafi verið skoðuð. Skipið hafi verið nýkomið úr yfirhalningu og litið nokkuð vel út og hafi það fengið ágætt vottorð, en hann hafi ekki getað gefið vottorð um bolinn. Sér hafi verið tjáð, að Siglingamálastofnunin væri nýbúin að skoða bolinn og skipið hafi haft skírteini frá þeim og ef þau séu í gildi, þá taki Samábyrgðin þau gild. Gunnlaugur var spurður um þau atriði, sem talin eru á dskj. 6, og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinu, sem væri í óstandi. Báturinn hafi verið tryggður hjá Gróttu frá 24. júní til 31. desember 1977.

III.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að strax og það kom í ljós í mars 1978, að báturinn væri ónýtur og ekki viðgerðarhæfur, hafi stefnendur haft samband við stefndu og krafist þess, að kaupin gengju til baka.

Ljóst sé, að stefnendur hafi á engan hátt getað reiknað með, að báturinn væri í svona slæmu ástandi, þegar kaupin fóru fram, og þeir hafi heldur ekki getað við eðlilega skoðun reiknað með, að báturinn væri haldinn þessum göllum, enda hafi haffærisskírteini legið fyrir, þegar kaupin gerðust.

Stefnendur hafi, áður en báturinn var úrskurðaður óviðgerðarhæfur, ætlað að mála hann og gera ýmislegt smávegis við hann og hafi fengið í það efni, sem kostaði kr. 59.025, sbr. dskj. 7. Þessa vinnu, efniskaup og vinnu við að koma bátnum í geymslu, eftir að hann var dæmdur ónýtur, þar á meðal að taka úr honum vélina og setja hana í hús, telji stefnendur vera á kr. 551.025. Miði þeir þá við vinnu fyrir tvo menn í mánuð. Í þessum lið sé og vinnutap, sem stefnendur urðu fyrir, vegna þess að báturinn var dæmdur ónýtur, dskj. 7.

Við munnlegan málflutning sundurliðuðu stefnendur dómkröfur sínar þannig:

Kaupverð bátsins		kr. 4.500.000
÷ andvirði þess, sem selt hefur verið úr bátnum		kr. 1.950.000
		kr. 2.550.000
÷ tapaðar vinnutekjur 2 manna í einn mánuð, 1¼ hásetahlutur	kr. 218.838	
8.33% orlof	kr. 18.229	
	kr. 237.067 x 2	kr. 474.134
+ keypt efni, dskj. 7		kr. 59.025
	Samtals	kr. 3.083.159

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnenda, að á dskj. 11 væru taldir þeir gallar, sem stefndu hafi talið vera að bátnum, eftir að þeir keyptu hann af réttargæslustefnda. Vegna þessara galla hafi stefndu fengið kr. 1.500.000 í afslátt af umsömdu kaupverði, kr. 4.500.000. Við samanburð á dskj. 11 og dskj. 16 komi í ljós, að þar séu margir sömu gallarnir taldir. Ósannað sé, hvað þeir stefndu hafi gert við bátinn, áður en þeir seldu stefnendum hann, en stefndi Baldur hafi borið, að gert hafi verið við alla galla, sem taldir eru á dskj. 11, og gefi það til kynna, að verð bátsins til stefnenda hafi verið miðað við ógallaðan bát.

Samkvæmt lögum nr. 52/1970 hafi stefnendum borið að láta Siglinga-

málstofnun ríkisins fylgjast með viðgerðum sínum á bátnum, en það hafi þeir ekki gert.

Krafa stefnenda vegna vinnutaps sé miðuð við kjarasamning Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Útgerðarfélags Suðurnesja frá 1. mars 1978, dsk. 26. Stefnendur hafi hætt til sjós og hafið vinnu við bátinn 15. mars 1978, sbr. dskj. 24 og 25. Þeir hafi vegna vinnu sinnar við bátinn misst af mánaðarlaunum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að í kaupsamningnum frá 29. ágúst séu taldir upp sömu aukahlutir og í kaupsamningnum frá 4. apríl að viðbættum gúmmíbjörgunarbáti og rafgeymum, sem stefndu hafi keypt og látið um borð. Í kaupsamningnum frá 29. ágúst og afsalinu, dags. 31. ágúst, sé einnig tekið fram, að kaupendur hafi sætt sig við ástand bátsins í einu og öllu við afhendingu þann 30. ágúst 1977, enda hafi stefnendur þá skoðað batinn rækilega, m. a. farið með honum út á sund, og vitað vel um ástand hans. Hafi þeim strax verið tjáð m. a., að leki væri að bátnum, og hafi hann einnig komið í ljós í umræddri ferð, enda hafi stefndu forðast að hafa í frammi blekkingar eða leyna göllum skipsins.

Söluverð bátsins hafi verið við það miðað, að ýmislegt væri að, sem þarfnaðist lagfæringar. Stefndu hafi framkvæmt ýmsar kostnaðarsamar viðgerðir á bátnum til þess að bæta úr hluta af þeim vanköntum, sem taldir eru á dskj. 11. Hafi þessi kostnaður numið kr. 747.136. Auk þess hafi stefndu keypt í bátinn rafgeyma við handfæravindu, gúmmíbát o. fl., samtals að kaupverði kr. 397.465, sbr. dskj. 14. Í reynd hafi stefndu tapað verulegri fjárhæð á sölunni, ef tekið sé tillit til, hve stefnendur hafi fengið bátinn á mun betri lánskjörum en stefndu.

Þegar afsal var gefið út, hafi stefnendur vitað um aldur bátsins og að hann væri smíðaður sem nótabátur. Stefnendur, sem báðir séu sjómenn, hafi mátt vita, að haffærisskírteini sé ekkert einhlítt sönnunargagn til ákvörðunar á fjármunalegum viðskiptum aðilja um skip. Í skipaskoðunarvottorðinu, dags. 31. mars 1977, dskj. 13, er hafi legið frammi við söluna, komi og ekkert fram um bol skipsins. Lekinn, aldur bátsins og almennt ástand hafi lagt nokkuð ríka skoðunarskyldu á stefnendur til að ganga úr skugga um ástand bátsins og jafnframt hafi þeir mátt sjá, að búast mætti við, að ýmissa endurbóta kynni að vera þörf, áður en langt um liði. Sé ástæða til að ætla, að umhirðu og viðhaldi bátsins hafi verið verulega ábótavant af hálfu stefnenda, þar sem dskj. 7 beri með sér, að einungis kr. 59.025 hafi verið varið til viðhalds bátsins.

Varðandi skoðun þá, sem fram fór 29. mars 1978, dskj. 6, sé ljóst, að hún geti ekki veri bindandi fyrir stefndu í máli þessu, þar sem þeim hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddir matið, svo og komi ekkert fram, hvort gallar þeir, er þar eru taldir upp, hafi verið á bátnum, er kaupin

fóru fram og þá sýnilegir eða ekki eða hvort þeir gætu hafa myndast síðar. Af plaggi þessu verði helst ráðið, að mikill hluti þessara atriða, ef ekki öll, hafi verið sýnileg við eðlilega skoðun á bátnum, ef þessir gallar á annað borð hafi verið til staðar í ágúst 1977. Þá beri einnig að líta til þess, að stefnendur séu þess eigi megnugir að skila aftur skipinu í því ástandi, sem það var í, þegar þeir urðu þessara „leyndu galla" varir, og ekkert mat liggi fyrir, hve miklum fjármunum rýrnunin nemi í vörslum stefnenda á þessu tímabili.

Á það beri jafnframt að líta, að það líði næstum 7 mánuðir, þar sem báturinn sé í notkun, án þess að stefnendur kvarti við stefndu um ástand bátsins. Jafnvel þetta eina atriði ætti að leiða til sýknu.

Fari svo, að stefndu verði ekki sýknaðir, beri að færa stefnukröfur verulega niður, þar sem kröfuliðir séu lítt eða ekkert studdir gögnum. Vinna allt of hátt metin og beri jafnframt að taka tillit til afnota stefnenda af bátnum í 7 mánuði og þess, að þeir keyptu bátinn á mjög hagkvæmum lánskjörum.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefndu, að ekki væri vefengt, að dskj. 26 væri úr kjarasamningi Verkalýðs— og sjómannafélags Keflavíkur og Útgerðarfélags Suðurnesja, sem gilt hafi í mars 1978.

Sýknukrafa stefndu var rökstudd m. a. með því, að stefnendur geti ekki skilað stefndu bátnum með fylgifé, þar sem þeir hafi án samþykkis stefnenda selt fylgifé bátsins. Þar fyrir utan var því haldið fram, að riftunarkrafa stefnenda sé of seint fram komin, en hún hafi ekki verið sett fram fyrr en við birtingu stefnu. Stefnendur hafi fyrir stefnubirtingu bara rætt um galla á bátnum, en ekki krafist riftunar.

IV.

Álit dómsins.

Áður en stefnendur keyptu bátinn Nóa, EA 330, af stefndu 29. ágúst 1977, skoðuðu þeir bátinn, sem hafði gilt haffærisskírteini, útgefið 18. apríl 1977 með gildistíma til 31. mars 1978, á floti og fóru í reynsluferð á honum út á sund. Stefnendum var ljóst, að báturinn lak.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda þurfti það, að báturinn lak, ekki að gefa til kynna, að eitthvað sérstakt væri að bátnum, hvað þá það, sem talið er á dskj.6, enda er fram komið, að báturinn hafði ekki verið á sjó vegna viðgerða stefndu sumarið, sem stefnendur keyptu hann.

Það, sem rakið er í II úr dskj. 6 og 30, gefur til kynna, að flest það, sem að bátnum var við skoðun skipaskoðunarmannanna 29. mars 1978, sé vegna þess, hvernig að breytingu bátsins úr nótabát í opinn fiskibát var staðið, en ekki vegna meðferðar stefnenda á bátnum.

Ekki verður talið, að stefnendur hafi við skoðun sína fyrir kaupin getað

séð þá galla, sem taldir eru á dskj. 6 og eru forsenda þess, að báturinn var úrskurðaður óviðgerðarhæfur. Álit þetta byggist á því, að báturinn, sem þiljaður var að innan, var nýmálaður og á floti, þegar skoðun fór fram, svo og á því, hvers eðlis gallarnir eru. Hér er og á framburð Gunnlaugs Þórarinssonar, starfsmanns Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að líta, að hann hafi við skoðun sína í júní 1977 ekki tekið eftir neinu, sem var í óstandi, svo og framburð stefnda Baldurs, sem gefur til kynna, að stefndu hafi ekki vitað um þessa galla á bátnum, og höfðu þeir þó átt bátinn frá því í apríl 1977 og unnið við viðgerðir á honum sumarið 1977.

Ekkert er fram komið um, að báturinn hafi orðið fyrir hnjaski, frá því að stefnendur keyptu hann 29. ágúst 1977 og þar til hann var úrskurðaður óviðgerðahæfur 29. mars 1978. Ekki verður á þá skoðun stefndu fallist, að viðhaldsskorti stefnenda sé um ástand bátsins að kenna, enda er því ómótmælt haldið fram, að stefnendur hafi látið setja bátinn upp á land og gengið frá honum fyrir veturinn í október 1977. Þar stóð báturinn, þar til stefnendur ætluðu að standsetja hann í mars 1978.

Það hefur ekki áhrif á niðurstöður skipaskoðunarmanna, að stefndu voru ekki kvaddir til þess að vera viðstaddir skoðun þeirra. Þá er skoðunarmennirnir skoðuðu bátinn Nóa 29. mars 1978, var tæpt ár frá því að báturinn var skoðaður á Akureyri 31. mars 1977, dskj. 13, og haffærisskírteini bátsins var að renna út. Ef stefndu vildu ekki una niðurstöðu skipaskoðunarmannanna, þá gátu þeir stefnt ágreiningsefninu fyrir siglingadóm skv. 21. gr. laga nr. 52/1970.

Fram er komið, að eftir að skipaskoðunarmennirnir úrskurðuðu bátinn óviðgerðarhæfan, var stefndu tilkynnt um ástand bátsins og að stefnendur ætluðu að bera gallann fyrir sig.

Stefndu hafa ekki fært sönnur að þeirri fullyrðingu sinni, að verð bátsins hafi verið sérlega lágt. Framburður þeirra verður ekki skilinn öðruvísi en að þeir hafi talið sig vera að selja ógallaðan bát, enda alls óvíst, að stefndu hafi vitað um galla þá, sem taldir eru á dskj. 6, en þeir eru allt aðrir en gallarnir, sem taldir eru á dskj. 11.

Niðurstaða dómsins er sú, að stefnendum sé heimilt að rifta kaupum sínum á bátnum Nóa, EA 330, þar sem báturinn hafi við kaupin verið haldinn svo verulegum göllum, að riftun sé heimil, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922, og gallarnir verið þess eðlis, að stefnendur gátu ekki séð þá við venjulega skoðun, sbr. 47. gr. sömu laga, enda er það álit dómsins, að stefnendur hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 52. gr. sömu laga.

Eins og að framan er rakið, seldu stefnendur, áður en mál þetta var höfðað, aðalvél bátsins og 5 rafmagnsfærarúllur ásamt tilheyrandi rafgeymi, og undir rekstri málsins hafa þeir selt gúmmíbjörgunarbát og dýptarmæli. Þegar til þess er litið, hvernig hlutir þetta eru, og svo þess, að báturinn

hafði verið úrskurðaður óviðgerðarhæfur og þar af leiðandi urðu hlutir þessir ekki notaðir í bátnum, þá þykir þessi sala ekki eiga að skerða rétt stefnenda til riftunar, enda eru málsaðiljar sammála um það, hvað skuli telja verðmæti hinna seldu hluta, þ. e. kr. 1.950.000, og er kröfugerð stefnenda við það miðuð.

Í skjölum málsins kemur fram, að stefnendur voru afskráðir af bátnum Albert Ólafssyni 15. mars 1978, dskj. 24 og 25, og því er ómótmælt haldið fram, að þeir hafi haft 1¼ hásetahlut skv. dskj. 26, og er kröfugerð stefnenda vegna teknataps í 1 mánuð við það miðuð. Eins og að framan er rakið, var báturinn úrskurðaður óviðgerðarhæfur 29. mars 1978. Eftir atvikum þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 300.000.

Stefnendur hafa lagt fram reikning yfir viðgerðarefni vegna bátsins að fjárhæð kr. 59.025, þar af eru kr. 3.190 vegna víxilkostnaðar. Þessi liður verður tekinn til greina að því er varðar kr. 55.835.

Niðurstaða máls þessa verður sú, að stefndu ber að greiða stefnendum in solidum andvirði bátsins Nóa, EA 330, kr. 4.500.000, að frádregnu andvirði þess, sem selt hefur verið úr bátnum, þ. e. kr. 1.950.000, og að viðbættum kr. 300.000 vegna vinnutaps stefnenda og kr. 55.835 vegna efniskaupa.

Dómkröfur í máli þessu eru gerðar í gömlum krónum, enda málið höfðað, áður en lög nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils tóku gildi. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra laga svo og 6. gr. reglugerðar nr. 253/1980 ákvarðast dæmdar fjárhæðir í nýkrónum, og verða stefndu því dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 29.058.35 með vöxtum, eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.200.00.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari. Meðdómendur voru Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ragnar Bjarnason vélstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Baldur Baldursson og Sigurjón H. Sigurjónsson, greiði in solidum stefnendum, Jóhannesi Pálssyni og Kristni Rúnari Hartmannssyni, kr. 29.058.35 með 19% ársvöxtum frá 29. mars 1978 til greiðsludags og kr. 6.200.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. október 1983.

Nr. 120/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Júlíusi Einarssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 8. apríl 1983. Ágrip máls barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Af hálfu ákæruvalds er krafa gerð um þyngingu refsingar.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í þeim kemur fram, að 3. ágúst 1980 voru á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins tekin fingraför af ákærða og Ómari Helgasyni og þau borin saman við fingraför, er fundust á brennivínsflösku þeirri, er mál þetta tekur til. Rannsókn þessi reyndist ónothæf sakir þess, hve óljós förin á flöskunni voru.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Ákæra var gefin út 26. febrúar 1981. Málið var hins vegar eigi þingfest fyrr en 2. mars 1982 og dómur ekki upp kveðinn fyrr en 30. desember s. á.

Ber að átelja þann drátt, sem orðið hefur á meðferð máls þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði allan kostnað af áfrýjun

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 30. desember 1982.

Árið 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2135/1980: Ákæruvaldið gegn Júlíusi Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. desember sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 26. febrúar 1981, höfðað gegn Júlíusi Einarssyni leigubifreiðarstjóra, Barðaströnd 39, Seltjarnarnesi, fyrir að hafa um kl. 2345 laugardaginn 2. ágúst 1980 selt Ómari Helgasyni eina brennivínsflösku fyrir allt að gkr. 20.000 í leigubifreiðinni G 816 við Bárugötu 20 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 28. september 1936 á Akranesi, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 26/4 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.
1954 19/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1955 28/7 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1955 25/11 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr.lögreglusamþykktar.
1956 20/8 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.
1956 11/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1956 21/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
1957 12/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1958 11/2 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
1958 4/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1958 4/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1958 12/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1960 19/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1960 17/5 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.

1961 21/9 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald og svipting ökuleyfis ævilangt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
1962 30/4 í Reykjavík: Dómur: 10.200 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga. Staðfest í Hæstarétti 2/11 1962.
1965 29/1 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
1969 21/1 í Gullbringu-og Kjósars. Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 6. mgr. 48. gr. og 3. mgr., j lið, 49. gr. umferðarlaga.

Af hálfu ákærða er haldið uppi vörnum í málinu og þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður og honum verði til dæmdur ríflegur málskostnaður.

Málavextir.

Laugardagskvöldið 2. ágúst 1980 voru rannsóknarlögreglumennirnir Hákon Sigurjónsson og Hörður Jóhannesson á ferð í miðborg Reykjavíkur á ómerktri bifreið, og voru þeir öðru fremur að svipast um eftir leynivínsölu. Um kl. 2335 voru þeir staddir á Tryggvagötu gegnt innkeyrslunni að athafnasvæði Borgarbílastöðvarinnar. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni G 816, nýrri silfurgrárri Toyota Crown leigubifreið, sem ekið var frá stöðinni vestur Tryggvagötu. Þeir þekktu ökumann bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu, en auk hans var einn farþegi í bifreiðinni, ungur maður, sem sat í framsæti hennar við hlið ákærða. Lögreglumennirnir fylgdust með ferðum bifreiðarinnar, er henni var ekið vestur Tryggvagötu um Grófina og síðan vestur Vesturgötu. Á Vesturgötu skammt austan gatnamóta Ægisgötu kváðu þeir bifreiðina hafa verið stöðvaða og farþegann farið úr henni. Þeir voru þá staðsettir við Norðurstíg og sáu, að farþeginn gekk frá bifreiðinni að versluninni á horni Vesturgötu og Ægisgötu og var þá tómhentur. Leigubifreiðinni var svo snúið við á Ægisgötunni og ekið til baka í áttina að þeim. Þeir óku þá norður Norðurstíg og stöðvuðu þar á bifreiðastæði. Leigubifreiðinni var ekið á eftir þeim og svo fram úr þeim norður Norðurstíg inn á Tryggvagötu til austurs. Lögreglumennirnir héldu í humátt á eftir bifreiðinni, þar sem henni var svo ekið um Grófina, Vesturgötu, Garðastræti og vestur Ránargötu, þar sem hann lagði bifreiðinni á móts við City Hótel. Ákærði fór þar út úr bifreiðinni og gekk inn í hús þarna við götuna gegnt hótelinu, en lögreglumennirnir lögðu bifreiðinni, sem þeir voru á, á bifreiðastæði við Garðastræti gegnt Ránargötu og fylgdust þaðan með ferðum ákærða. Jafnframt höfðu þeir talstöðvarsamband við lögreglumennina Ólaf Guðmundsson og Benedikt Benediktsson, sem einnig voru á ómerktri bifreið, sem þeir þá lögðu við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu. Þeir Hákon og Hörður fylgdust með ákærða, er hann kom út úr greindu

húsi, og var þá einhver umferð við hótelið, m. a. var þar bifreið frá herlögreglunni á Keflavíkurflugvelli ásamt lögreglumanni úr Reykjavík. Þeir kváðu ákærða hafa beðið við húsið, þar til bifreiðin var farin, en þá gengið rakleitt að bifreið sinni og þá mátt greina, að hann hélt á einhverju undir yfirhöfninni, sem hann var í. Hann hafði svo ekið vestur Ránargötu. Við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu biðu áðurnefndir lögreglumenn Ólafur og Benedikt, og tóku þeir við eftirförinni og fylgdust með bifreiðinni G 816, er henni var ekið vestur Ránargötu, norður Ægisgötu og vestur Vesturgötu og svo beygt suður Bræðraborgarstíg, þar sem hún var stöðvuð, og fór þar inn í bifreiðina maður, sem hafði meðferðis hvítan plastpoka, en ekki gátu lögreglumennirnir merkt innihald hans. Bifreiðinni var svo ekið um Bræðraborgarstíg og beygt austur Bárugötu, þar sem hún var stöðvuð við hús nr. 20. Þar virtist lögreglumönnunum sem greiðsla færi fram, og svo fór farþeginn út úr bifreiðinni og gekk norður fyrir götuna að hliðinu við hús nr. 20. Lögreglumannirnir stöðvuðu þá hina ómerktu bifreið, sem þeir voru á, við hlið bifreiðarinnar G 816, og fór Ólafur út til að ræða við farþega leigubifreiðarinnar, en leigubifreiðinni var þá ekið af stað, en stöðvuð nær strax aftur, og fylgdist ákærði þá með, er Ólafur ræddi við farþegann, en ók svo á brott. Farþeginn reyndist vera með eina flösku af íslensku brennivíni í plastpokanum, auk kókflösku og kvaðst hafa keypt hana af leigubifreiðarstjóranum, sem ók honum að Bárugötu 20. Farþeginn, sem reyndist vera Ómar Helgason, Álftamýri 56, Reykjavík, var færður á lögreglustöðina í Reykjavík til skýrslutöku, og að henni lokinni var hann beðinn að bíða á lögreglustöðinni, meðan frekari rannsókn færi fram. Reynt var svo að hafa upp á ákærða, og var m. a. haft lögreglumaður á verði við hús hans á Seltjarnarnesi. Um kl. 0243 kom ákærði gangandi að heimili sínu eftir gangstíg, sem liggur milli Látrastrandar og Barðastrandar. Lögreglumennirnir Hákon og Hörður, sem áður eru nefndir og biðu þarna ákærða, gengu til móts við hann og ætluðu að hafa tal af honum, en ákærði tók þá á rás og hljóp að dyrum húss síns og fór þangað inn og neitaði að koma með lögreglumönnunum á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Síðar um nóttina samþykkti hann þó að koma með lögreglumönnunum á lögreglustöðina á Seltjarnarnesi til yfirheyrslu, en þá var komin beiðni um handtökuskipan á hendur ákærða.

Á þessu tímabili, frá því að meint áfengissala fór fram og þangað til ákærði kom að heimili sínu kl. 0243, höfðu lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson og Benedikt Benediktsson farið að Borgarbílastöðinni og komu þá þar að, er leigubifreiðinni R 66315 var ekið þaðan og vestur Tryggvagötu. Þeir veittu bifreiðinni eftirför, en misstu af henni. Skömmu síðar komu þeir akandi Ægisgötu og sáu þá bifreiðina, þar sem hún var kyrrstæð við Bárugötu 20. Er þeir óku svo vestur þá götu, þá hafði bifreiðinni verið

ekið af staðnum. Benedikt fór þá úr lögreglubifreiðinni og gekk um hverfið. Ók Ólafur síðan um Bárugötu og kom þá að, þar sem leigubifreiðin R 66315 var fyrir utan hús nr. 20 við Bárugötu, og var þá sá, sem hafði verið farþegi í bifeiðinni, við húsið. Ólafur tók svo Benedikt aftur upp í bifreiðina, og er þeir óku svo austur Bárugötu, var leigubifreiðin R 66315 enn fyrir utan hús nr. 20, og þekktu lögreglumennirnir þann, sem sat við hlið ökumanns, sem ökumann leigubifreiðarinnar R 67411 frá Borgarbílastöðinni. Lögreglumennirnir kváðu þá hafa ekið á brott, er þeir veittu þeim athygli.

Við skýrslutöku hér fyrir dómi og einnig hjá lögreglu hefur ákærði neitað að hafa í greint sinn selt Ómari Helgasyni eina flösku af brennivíni. Hann kannaðist við að hafa tekið Ómar upp í bifreið sína, G 816, við Borgarbílastöðina í Reykjavík, er hann var að ljúka vinnu þar um kl. 2330 laugardagskvöldið 2. ágúst 1980. Hann kvaðst hafa kannast aðeins við þennan pilt og hann lofað honum að sitja í bifeiðinni vestur í bæ, en þangað hafi hann, ákærði, átt leið. Hann kvað Ómar hafa óskað eftir að fara úr bifreiðinni á Vesturgötu við Ægisgötu og hann hleypt honum þar út. Ákærði kvaðst ekkert hafa tekið fyrir þessa ferð, þar sem þetta hafi ekki verið túr, heldur hafi hann verið á leið heim til sín. Ákærði kvað Ómar hafa verið með áfengi með sér, er hann kom í bifreiðina, og haft það með sér, er hann fór úr bifreiðinni við Ægisgötu. Ákærði kvaðst svo hafa ekið að kvöldsölu við Garðastræti, þangað sem hann hafi ætlað að sækja dóttur sína, sem ætlað hafi að vera við barnagæslu heima hjá honum, þar sem kona hans hafi verið að fara á vakt á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Hann hafi ekið þessa leið þannig, að hann hafi snúið bifreiðinni á Ægisgötu og ekið til baka austur Vesturgötu, svo eftir Norðurstíg að Grófinni og vestur Vesturgötu að Garðastræti 2, þar sem hann hafi gáð að, hvort dóttir hans væri að vinna, en hún verið farin. Hann kvaðst þá hafa ekið vestur Vesturgötu og er hann hafi verið kominn á móts við Bræðraborgarstíg, hafi hann hitt Ómar aftur, sem stöðvað hafi hann, komið að bifreiðinni og sest í framsæti hennar, en hann hafi vitað, að ákærði var að fara heim. Hann kvaðst svo hafa ekið honum upp Bræðraborgarstíg og að Bárugötu, þar sem hann hafi farið úr bifreiðinni og þá verið með plastpoka með einhverjum vörum í. Hann kvað son sinn Einar hafa verið mikið til húsa að Bárugötu 17 og hann því ekið upp Bárugötu til að grennslast fyrir um Einar til að fá hann til barnagæslu heima, þar sem hann hafi ekki fundið dóttur sína. Hann kvaðst svo hafa ekið heim og sonur hans, ellefu ára, verið einn heima og ákærði verið heima, þangað til lögreglan kom, utan þess að hann hafi gengið smáspöl um nágrennið til að liðka sig í fótunum.

Vitnið Ómar Helgason verkamaður, Álftamýri 56, Reykjavík, fæddur 26. sept. 1953, hefur borið um atvik hér fyrir dómi.

Vegna þess, sem að framan er getið um ferðir leigubílstjóra umrædda nótt að Bárugötu 20, þar sem hann hafði aðsetur, þótti ástæða til að ætla, að reynt yrði að hafa áhrif á vitnið, og var það því í framhaldi af, að skýrsla var tekin hjá lögreglu, látið staðfesta skýrslu sína hér fyrir dómi árla morguninn á eftir. Að beiðni verjanda ákærða kom svo vitnið aftur fyrir dóm 5. apríl sl.

Vitnið kvaðst laugardagskvöldið 2. ágúst 1980, um kr. 2330, hafa farið inn á Borgarbílastöðina við Hafnarstræti í Reykjavík í því skyni að kaupa þar af einhverjum leigubílstjóra eina flösku af áfengi. Það kvaðst nokkrum sinnum áður hafa farið á stöðina sömu erinda og í öll skiptin keypt áfengi og það gengið greiðlega fyrir sig. Það hafi borið upp erindið við einhvern leigubílstjórann og í framhaldi af því hafi verið farið með hann í smáökuferð og viðskiptin þá farið fram í leigubifreiðinni, en stundum hafi hann fengið flöskuna afhenta á stöðinni og greitt fyrir harna þar, en gjaldið hafi yfirleitt verið tvöfalt útsöluverð ÁTVR. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt neinn þessara leigubílstjóra né vitað deili á þeim. Það kvaðst þetta kvöld hafa snúið sér að fyrsta leigubílstjóranum, sem það hitti fyrir, er það kom á stöðina, og beðið hann að selja sér áfengi. Hann hafi samþykkt að bjarga því um flösku og farið með það út í nýlega Toyota bifreið og þeir ekið af stað og það jafnframt tjáð honum, að það þyrfti að komast í kvöldsölu til að kaupa gos o. fl. Því hafi svo verið ekið að verslun við gatnamót Vesturgötu og Ægisgötu og hafi leigubílstjórinn sagt því að ganga vestur Vesturgötu, eftir að það hefði verslað, og mundi hann taka það upp á þeirri leið, eftir að hann hefði sótt vínið, en ekki tiltekið staðinn, sem hann sækti vínið á. Vitnið kvaðst hafa keypt í versluninni eina stóra flösku af Coca-Cola og vindlingapakka og fengið plastpoka undir flöskuna og haldið á honum, er það gekk vestur Vesturgötuna, og hafi ekkert annað farið í pokann. Eftir 10—15 mínútur kvað það leigubílinn hafa komið aftur og það verið tekið upp í hann á Bræðraborgarstíg rétt ofan við Vesturgötu. Vitnið kvað þá hafa verið í framsætinu við hlið leigubílstjórans flösku af íslensku brennivíni, sem því hafi verið afhent, og þessu næst hafi verið ekið að dvalarstað þess, Bárugötu 20, þar sem það hafi greitt leigubílstjóranum gkr. 20.000 fyrir flöskuna og aksturinn, þ. e. sem næst tvöfalt útsöluverð ÁTVR, sem þá hafi verið sem næst gkr. 10.200. Vitnið kvað flöskuna hafa verið án umbúða og það sett hana í plastpokann, sem það var með, hjá kókflöskunni. Það kveðst síðan hafa yfirgefið leigubifreiðina og hafi ferð þess síðan verið stöðvuð af óeinkennisklæddum lögreglumanni og það gengið með honum að bifreið, sem hann var með. Það kvaðst í fyrstu hafa þarna neitað kaupunum í von um að fá að halda flöskunni og geta farið án frekari rekistefnu. Það kvaðst hafa horfið frá þessari neitun, er lögreglumennirnir hafi leitt sér fyrir sjónir, að fylgst hefði verið með sölunni. Þá

kom fram hjá vitninu, að það hafi þurft að vera 11 tíma á lögreglustöðinni vegna málsins, frá því það var tekið, en það ekki talið sig vera í haldi, heldur hafi það beðið á kaffistofu lögreglunnar, meðan rannsóknin var haldið áfram, og talið það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar, en því hafi verið frjálst að fara, hvert sem það vildi, ef það hefði lagt áherslu á það.

Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt greindan leigubílstjóra nema í sjón. Við sambendingu hjá lögreglu 3. ágúst 1980 benti það á ákærða sem þann, sem seldi því flöskuna.

Þá hafa borið vætti í málinu Hrafnhildur Ólafsdóttir, Ásvallagötu 61, Reykjavík, fædd 30. janúar 1960, og Steinunn Björk Sigfúsdóttir, Bárugötu 36, Reykjavík, fædd 12. desember 1963, en þær voru á þessum tíma afgreiðslustúlkur í söluturninum að Vesturgötu 27, Reykjavík, og voru báðar staddar þar um kl. 2330 umrætt laugardagskvöld. Ber þeim saman um, að þá hafi komið í söluturninn ungur maður, sem þær þekktu í sjón, þar eð hann hafði komið oft að versla í söluturninum. Hann hafi keypt kókflösku og einn vindlingapakka og fengið plastpoka undir varninginn og svo farið. Hvorug þeirra hafði séð, að hann væri með neitt meðferðis, er hann kom inn í verlsunina, hvorki að hann hafi haldið á nokkru né að hann væri með neitt innanklæða, svo að áberandi væri.

Enn fremur hafa borið vætti í málinu framangreindir lögreglumenn, þ. e. Benedikt Benediktsson, Grettisgötu 90, Reykjavík, fæddur 18. janúar 1956, Hákon Sigurjónsson, Haukshólum 6, Reykjavík, Hörður Jóhannesson, Hofteigi 12, Reykjavík, fæddur 19. desember 1954, og Ólafur Guðmundss., Stórateigi 12, Mosfellssveit, fæddur 5. júlí 1947. Greina þeir í megindráttum á sama veg frá málsatvikum og í lögregluskýrslum, sem gerðar voru af Benedikt og Herði og rakið er úr í málavaxtalýsingu.

Herði og Hákoni, sem fylgja ákærða eftir, er hann ók frá Borgarbílastöðinni að söluturninum að Vesturgötu 27, ber saman um, að farþeginn, Ómar Helgason, hafi verið tómhentur, er hann fór út úr bifreiðinni þar, og einnig að ákærði hafi eins og haldið á einhverju innanklæða og önnur höndin verið bundin við það, er hann kom út úr húsi nr. 5 A við Ránargötu, en hann hafi verið með hendurnar frá sér, er hann fór inn í húsið. Þeir höfðu fylgst með akstri ákærða frá söluturninum á Vesturgötu að greindu húsi og kváðust ekki hafa merkt, að ákærði stöðvaði eða staldraði við hjá kvöldsölu í Garðastræti og héldi svo vestur Vesturgötu, sem fram hafði komið í framburði hans, heldur kváðu þeir hann hafa ekið að greindu húsi við Ránargötu og eftir að hafa farið þar inn, ekið vestur Ránargötu. Þar við gatnamót Ægisgötu og Ránargötu biðu á ómerktri bifreið lögreglumennirnir Benedikt Benediktsson og Ólafur Guðmundsson og kváðust hafa fylgst með akstri ákærða norður Ægisgötu og vestur Vesturgötu að Bræðraborgarstíg, en rétt eftir að bifreið ákærða hafi verið beygt inn á Bræðra-

borgarstíginn, hafi hún verið stöðvuð, og var þar tekinn maður, sem var þarna á ferð og hélt á plastpoka. Ólafur kvaðst ekki hafa greint, hvað var í pokanum, en Benedikt kvað hann hafa verið með hvítan plastpoka utan um líters kókflösku og taldi ekki hafa verið annað í pokanum. Þeir kváðu ákærða svo hafa ekið að Bárugötu 20, þar sem hann hefði hleypt farþeganum út. Þeim ber saman um að hafa séð, að áður hafi farið einhvers konar viðskipti fram í bifreiðinni, og kvað Ólafur þau hafa staðið í nokkrar mínútur, eins og gengur þegar verið er að borga leigubifreið. Þeir kváðust þó ekki hafa séð neina afhendingu fara fram á áfengi eða öðru. Eftir að farþeginn fór út úr leigubifreiðinni, óku lögreglumennirnir að henni, og fór Ólafur út og hafði tal af farþeganum, vitninu Ómari, sem viðurkenndi fyrir honum að hafa keypt áfengisflösku af ákærða og var þá með áfengisflösku með sér í poka.

Niðurstöður.

Fyrir liggur í málinu framangreint vætti vitnisins Ómars um, að það hafi komið í greint sinn gagngert á Borgarbílastöðina í Reykjavík til að kaupa áfengi og ákærði hafi selt því eina flösku af brennivíni á kr. 20.000 eftir að hafa ekið því fyrst að Vestugötu 27, þar sem það fór úr til að kaupa gosdrykk og vindlinga, og svo frá Bræðraborgarstíg að Bárugötu, þar sem það hafi farið úr bifreiðinni eftir að hafa innt greiðsluna af hendi og fengið flöskuna afhenta. Vætti annarra, sem borið hafa í málinu, eru til styrktar þessum framburði.

Þannig bera tvö vitni, að Ómar hafi verið tómhentur, er hann fór úr bifreið ákærða, leigubifreiðinni G 816, við Vesturgötu 27, Reykjavík, og tvö vitni, afgreiðslustúlkur í söluturninum í því húsi, bera og að maður, sem ekki fer milli mála, að var Ómar, hafi ekki haft neitt meðferðis, er hann kom inn í verslunina, hvorki haldið á neinu né verið með neitt inn á sér, svo áberandi væri, heldur keypt eina flösku með 1 líter af kók og fengið undir hana plastpoka og einungis sett í hann kókflöskuna, en er hins vegar með brennivínsflösku í pokanum, er lögreglan talar við hann rétt á eftir við Bárugötu 20.

Það sjá tvö vitni, að viðskipti fara fram í bifreið ákærða milli hans og Ómars, greiðsla er innt af hendi, og er þau tala í framhaldi af því við Ómar, er hann þá með brennivínsflösku með sér, en ákærði hefur sagt, að hann hafi ekki tekið greiðslu fyrir aksturinn, sem bendir til þess, að greiðslan hafi verið fyrir greinda flösku, svo sem vitnið Ómar segir. Þá er og ljóst af framburði vitna, að ákærði ekur eftir að hafa hleypt Ómari út við Vesturgötu 27 að Ránargötu 5 A, þó ekki skemmstu leið, og eftir að hafa farið þar inn í hús kemur aftur að bifreið sinni er eins og hann haldi á einhverju innan undir jakkanum, er með aðra höndina bundna við það og

gæti það hafa verið áfengisflaska, en ákærði hefur ekki viljað kannast við að hafa farið þangað, sem verður að teljast tortryggilegt, en í beinu framhaldi af ferð sinni í þetta hús tekur hann Ómar í bifreið sína, og viðskipti eiga sér stað, og Ómar er svo með áfengisflösku undir höndum, er hann yfirgefur bifreiðina.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að fram sé komin þrátt fyrir neitun ákærða lögfull sönnun um, að ákærði seldi Ómari Helgasyni í greint sinn eina flösku af brennivíni gegn því gjaldi, sem hann tilgreinir og er innan sennilegra marka.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst brotlegur við 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, hæfilega ákveðin kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Kristins Sigurjónssonar, sem ákveðast krónur 4.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Einarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs krónur 2.000.00, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Kristins Sigurjónssonar, kr. 4.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. október 1983.

Nr. 131/1981. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Hlöðvar Aðalsteinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og prófessor Sigurður Líndal.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. maí s. á. Fyrirtækið krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar greiðslu á 1.044.56 krónum, en vaxtakrafa hans er nú þannig, að hann krefst fjárhæðarinnar með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar deila um það eitt, hvort stefnda hafi verið skylt að vinna á netaverkstæði áfrýjanda 15.—21. nóvember 1978. Þessa daga var hann í landi vinnufær, en skip það, sem hann var háseti á, var á veiðum. Hafði hann ekki farið út með skipinu vegna vinnuslyss, er það lét úr höfn. Óumdeilt er, að stefndi hafi átt rétt á sjómannskaupi sínu hina umdeildu daga, ef hann hefði starfað í verkstæðinu.

Stefndi var sjómaður á skipi áfrýjanda, og fór um kjör hans eftir sjómannalögum nr. 67/1963 og kjarasamningi Sjómannasambands

Íslands og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda frá 9. júlí 1977.

Þegar metið er, hvort stefnda hafi verið skylt að vinna í netaverkstæði áfrýjanda, ber að hafa í huga: að ekki er ágreiningur um, að stefndi hafi kunnað til þeirra verka, sem honum voru ætluð, að aðbúnaður í verkstæðinu hafi verið fullnægjandi, að stefnda hafi ekki verið neitt að vanbúnaði að sækja vinnu í verkstæðið, að vinnan í verkstæðinu hafi hvorki verið erfiðari né hættulegri en hásetavinna sú, sem stefndi innti af hendi í skipi sínu, og að verkstæðisvinnan stóð aðeins fáa daga. Þá verður ekki talið, að starf það, sem stefnda var vísað á í netaverkstæðinu, hafi verið honum á neinn hátt ósamboðið.

Þegar framanskráð er virt í heild, þykir stefnda hafa borið að vinna í netaverkstæði áfrýjanda, eins og honum var vísað á. Ber því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Rétt er, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnda, Hlöðvers Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar og
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ágreiningslaust er, að í gildi var ráðningarsamningur stefnda í skiprúm á b/v Bjarna Benediktssyni, þó að hann hafi verið afskráður vegna veikinda. Í lögum nr. 67/1963 eru ákvæði um skiprúmssamninga sjómanna, þar sem kveðið er á um réttindi þeirra og skyldur.

Samkvæmt ráðningarsamningi stefnda og með hliðsjón af þessum lagaákvæðum var áfrýjanda óheimilt að kveðja stefnda til starfa á netaverkstæði sínu. Við teljum því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með breyttu vaxtaákvæði í samræmi við kröfugerð stefnda fyrir Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem okkur þykir hæfilega ákveðinn 9.000.00 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. janúar sl., hefur Hlöðver Aðalsteinsson, Álfaskeiði 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 1. júní 1979, á hendur Bæjarútgerð Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 104.456 með 3% dráttarvöxtum frá 1. desember 1978 til 1. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu. Auk þess er krafist viðukenningar á sjóveðrétti í b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210, fyrir tildæmdri fjárhæð.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem var háseti á togaranum Bjarna Benediktssyni, RE 210, eign stefnda, slasaðist þann 8. nóvember 1978, er togarinn var að veiðum. Af þessum sökum varð stefnandi óvinnufær dagana 9.—14. nóvember, en veiðiferð togarans stóð frá 10.—21. nóvember 1978, og missti stefnandi af þeirri veiðiferð.

Samkvæmt ósk stefnda mun stefnandi hafa talið sér skylt að mæta til vinnu á netaverkstæði stefnda, þegar hann var orðinn vinnufær skv. læknisvottorði, þar til veiðiferð lyki. Fór hann því þann 15. nóvember og kynnti sér vinnuaðstöðuna og hugðist mæta til vinnu næsta dag.

Í millitíðinni mun hann hafa átt tal við Óskar Vigfússon, forseta Sjómannasambands Íslands, og eftir þær viðræður taldi stefndi, að sér væri ekki skylt að taka þessari vinnu, þar sem hann væri ráðinn til sjós, og ákvað að mæta ekki.

Stefnandi taldi sig eiga rétt til slysalauna vegna allrar veiðiferðarinnar, enda þótt hann hefði aðeins verið óvinnufær skv. læknisvottorði til 14. nóvember 1978, og gerði því kröfu til þess. Í uppgjöri til stefnanda eru honum einungis greidd laun fyrir þann tíma, sem hann var óvinnufær skv. læknisvottorði.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði samþykkt að vinna á netaverkstæði stefnda að beiðni forvígismanna stefnda, en síðan hafi hann farið og rætt við Óskar Vigfússon og hafi hann sagt, að stefnandi væri ekki ráðinn í landi, en væri ráðinn á skipið, og skyldi hann bara fara í það skip, þegar það kæmi í höfn. Þegar stefnda hafi orðið ljós afstaða stefnanda, hafi hann einungis greitt stefnanda fyrir þá daga, sem hann var óvinnufær skv. læknisvottorði.

Vigfús Aðalsteinsson skrifstofustjóri hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að það hafi verið regla hjá stefnda, eftir að dómur kom í „Stálvíkurmálinu" á þann veg, að sjómenn ættu að fá allan túrinn greiddan, og þegar sjómenn veikist, þá bjóði þeir sig fram til vinnu í miðjum túr, ef þeir hafi náð heilsu. Áður en dómurinn gekk, hafi þeir einungis fengið jafnmarga daga greidda og læknisvottorð hljóðaði upp á. Hann kvað stefnanda hafa sætt við að þurfa að vinna 8 tíma á dag til þess að fá allan túrinn greiddan og því til staðfestingar hafi hann farið í veiðarfæralagerinn og talað þar við verkstjóra og skoðað þar aðstæður og talað um að koma daginn eftir, kl. 8 um morguninn. En í millitíðinni hafi hann hitt Óskar Vigfússon, sem hafi sagt honum, að hann þyrfti ekki að skila þesum tímum. A. m. k. þrjú svona mál hafi komið upp áður, þar sem menn hafi mætt til vinnu og fengið túrana greidda.

Aðspurður kvað hann stefnanda hafa verið búinn að vinna hjá stefnda í 2—3 ár og hafi hann haldið áfram á Bjarna Benediktssyni eftir þetta.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að í kjarasamningi, dskj. nr. 10, 3. mgr. 17. gr., segi svo: „Nú fer skipverji úr skipsrúmi vegna veikinda eða slysa, og á hann þá rétt til kaups ásamt fæðispeningum samkvæmt sjómannalögum, I. matsveinn í 60 daga og aðrir skipverjar í 30 daga, þó aldrei lengur en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns."

Enn fremur segi í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga, að ef skipverji verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verði fyrir, meðan á ráðningartíma standi, eigi hann rétt til kaups, svo lengi sem hann sé óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en 2 mánuði, ef um sé að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða 1 mánuð, ef skipverji gegni annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hafi verið í þjónustu útgerðarmanns.

Umrædd veiðiferð hafi staðið frá 10. nóvember—21. nóvember 1978, en slysakaup stefnanda sé aðeins reiknað dagana 10. nóvember—14. nóvember 1978, eða þá daga, sem stefnandi hafi verið óvinnufær skv. læknisvottorði. Krafa stefnanda byggist hins vegar á því, að skilja beri umrætt ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna svo, að stefnda beri að greiða stefnanda slysakaup þeirrar veiðiferðar, sem stefnandi missi sannanlega af vegna forfalla sinna. Orðið „óvinnufær" beri að skilja svo, að skipverji skuli halda kaupi sínu allt að þeim tíma fullum, er ákvæðið geri ráð fyrir, þar til hann eigi þess kost og sé reiðubúinn að ræka starf sitt á ný, og þótt hann hafi ef til vill náð bata og orðið vinnufær, áður en veiðiferðinni væri lokið, geti það út af fyrir sig ekki skert rétt hans til kaups alla veiðiferðina, en

þannig sé þetta ákvæði túlkað af Hæstarétti í Hrd. 1978, bls. 730, í málinu Ólafur Björnsson gegn Þormóði Ramma.

Deilan standi enn fremur um það, hvort atvinnurekandi geti skipað stefnanda í vinnu á öðrum vinnustað í landi utan ráðningarsamnings, meðan skipið sé á sjó, en hann í veikindaleyfi. Ráðningarsamningur ráði starfsskyldum launamanna, en í 2. mgr. 11. gr. sjómannalaga sé efnislega upp talið, hvað felist í ráðningu skipverja, og sé vinnuskyldan þar upp talin.

Hugsanlega megi semja um hliðarskyldur sjómanna af aðiljum vinnumarkaðarins, það hafi ekki verið gert og ekkert ákvæði í sjómannalögum heimili atvinnurekendum að ráðstafa skipverja einhliða í vinnu utan þess ramma, sem ráðningarsamningur segi um. Netavinna á netaverkstæði stefnda falli utan þess ramma.

Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig:

Hlutur	kr.	86.722
Dagpeningar sem hlutfall mánaðarkaups	kr.	62.808
Fæðispeningar	kr.	15.768
Orlof	kr.	13.769
Samtals	kr.	179.067

Frá þeirri fjárhæð dragist kr. 74.611, sem stefnandi hafi fengið greiddar úr hendi stefnda.

Þá sé gerð krafa um sjóveðrétt fyrir tildæmdri fjárhæð í b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210.

Stefndi styður sýknukröfu sína eftirfarandi rökum: Í hæstaréttardómi 1978, bls. 730, sem stefnandi vísi til máli sínu til stuðnings, hafi niðurstaða dómsins orðið sú, að vinnufær maður skuli teljast óvinnufær, enda þótt hann sé orðinn vinnufær skv. læknisvottorði, og fái þar af leiðandi kaup, eins og hann væri óvinnufær, uns túrnum ljúki, sem hann missti af. Þessi niðurstaða gangi í berhögg við gildandi sjómannalög og túlkun dómsins á hugtakinu „óvinnufærni" sé einnig andstæð almennri málvenju, þar sem ruglað sé með tvö óskyld hugtök, þ. e. óvinnufærni annars vegar og atvinnuleysi hins vegar. Stefndi sætti sig ekki við niðurstöðu áðurnefnds hæstaréttardóms og telji íslensku sjómannalögin enga vísbendingu gefa um það, að túlka eigi hugtakið óvinnufærni víðtækara en þau norrænu sjómannalög, sem íslensku ákvæðin séu þýdd úr. Stefnandi hafi verið óvinnufær frá 9.—14. nóvember 1978, er hann var úrskurðaður vinnufær að nýju. Á hinn bóginn hafi hann orðið atvinnulaus, þ. e. misst af atvinnutekjum frá 15.—21. nóvember 1978, er togarinn kom til hafnar, og megi ekki rugla þessum hugtökum saman.

Til vara hefur stefndi uppi þá málsástæðu, að stefnandi eigi ekki rétt til launa fyrir tímabilið 15.—21. nóvember, þ. e. eftir að hann var orðinn vinnufær, þar sem hann hafi neitað að vinna fyrir stefnda, þótt hann væri á fullum hlut miðað við niðurstöðu hrd. 1978, bls. 730. Hljóti sú meginregla að gilda, að launþegi, sem sé á launum hjá atvinnurekanda, verði að vinna fyrir sínum launum. Enda þótt stefnandi hefði unnið í dagvinnu þennan tíma í nánum tengslum við sitt starf, þá hefði það ekki verið í neinu samræmi við það kaup, sem hann hefði fengið, þar sem hluturinn úr veiðiferðinni þessa daga hefði numið mun hærri fjárhæð en sem næmi dagvinnukaupi.

Stefnandi hafi gefið sig strax fram til vinnu, eftir að hann var orðinn vinnufær. Hann hafi verið ráðinn til netavinnu um borð í skipi og hafi átt að vinna að sambærilegu starfi í landi.

IV.

Ágreiningslaust er, að stefnandi var óvinnufær vegna slyss, þegar veiðiferðin hófst 10. nóvember 1978. Orðið „óvinnufær" ber að skilja á þann veg, að viðkomandi teljist óvinnufær, svo lengi sem hann ekki á þess kost og er reiðubúinn af heilsufarsástæðum að rækja starf sitt á ný, og breytir engu þar um, þótt hann hafi e. t. v. aftur hlotið bata og orðið vinnufær, áður en veiðiferðinni lauk, og er sá skilningur í samræmi við niðurstöðu tilvitnaðs hæstaréttardóms 1978, bls. 730.

Þá er deilt um, hvort stefnda hafi verið rétt að krefja stefnanda um að vinna á netaverkstæði í eigu stefnda, eftir að stefnandi var orðinn vinnufær skv. læknisvottorði. Skriflegur ráðningarsamningur mun ekki hafa verið gerður við stefnanda skv. fullyrðingum lögmanns hans við munnlegan málflutning, en þar sem því er ómótmælt, að stefnandi hafi verið ráðinn á skip skv. sjómannalögum, þykir mega fallast á það með stefnanda, að vinna á netaverkstæði stefnda falli utan ráðningarsmanings hans við stefnda, þar sem hér er um gerólíkan vinnustað og vinnuaðstöðu alla að ræða, enda þótt að einhverju leyti kunni að vera um skyld störf að ræða. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi ekki átt þess kost að rækja störf sín, fyrr en veiðiferð skipsins lauk þann 21. nóvember, enda þótt hann hafi verið til þess reiðubúinn fyrr. Samkvæmt þessari niðurstöðu telst stefnandi eiga rétt til launa fyrir allt tímabilið, sem veiðiferðin tók, og þar sem stefnufjárhæðinni hefur ekki verið mótmælt tölulega, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hún því tekin til greina.

Dómkröfur í máli þessu eru gerðar í gömlum krónum, áður en lög nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils tóku gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra laga ákvarðast dæmdar fjárhæðir í nýkrónum, og verður höfuðstóll kröfunnar skv. því kr. 1.044.56, sbr. 8. gr. sömu laga.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210, fyrir tildæmdum fjárhæðum skv. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalga nr. 66/1963.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.950.00.

Það þykir aðfinnsluvert við málatilbúnað stefnda, að í greinargerð hans felst skriflegur málflutningur.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, ásamt meðdómsmanninum Pétri Guðmundssyni skipstjóra.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. nóvember sl.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Hlöðver Aðalsteinssyni, kr. 1.044.56 með 3% dráttarvöxtum frá 1. desember 1978 til 1. júní 1980, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 1.950.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum ásamt vöxtum og kostnaði.

Sératkvæði
meðdómandans Guðmundar Hjaltasonar skipstjóra.

Ég er sammála þeirri niðurstöðu meiri hlutans, að maður teljist vinnufær, þegar hann á þess kost og er reiðubúinn af heilsufarsástæðum að ræka starf sitt á ný.

Eins og málsatvikum er háttað, tel ég, að stefnandi hafi átt þess kost að hefja störf að nýju við sambærileg verkefni hjá sama vinnuveitanda og eigi lakari störf en þau, sem hann hafði um borð í togaranum Bjarna Benediktssyn. Þar sem stefnandi neitaði að vinna þessi störf, er það niðurstaða mín, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hlöðvers Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 13. október 1983.

Nr. 76/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Sigurðssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. mars 1983, en jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu gerð krafa um þyngingu refsingar.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Ákærði, sem stjórnar smásöluverslun, keypti ýsuflök þau, sem mál þetta snýst um, hjá öðrum smásala á verði, sem var rétt neðan við leyfilegt hámarksverð. Það eru því ekki efni til þess í þessu máli að taka afstöðu til þess, hvort verðlagsákvörðun varðandi þessa vörutegund samkvæmt tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14/1982 hafi verið innan þeirra marka, sem verðlagsyfirvöldum voru sett í 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979, sbr. og 4. gr. laga nr. 52/1982.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sak-

arinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 92/1983: Ákæruvaldið gegn Jóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 24. nóvember 1982, á hendur ákærða, Jóni Sigurðssyni kaupmanni, Rauðalæk 39 í Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1922 á Akureyri, „fyrir verðlagsbrot með því að hafa þann 19. apríl 1982 þrátt fyrir undangengnar aðvaranir verðlagsyfirvalda látið selja ýsuflök í versluninni Straumnesi, Vesturbergi 76 í Reykjavík, á hærra verði en leyfilegt var samkvæmt tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14 28. febrúar 1982, eða á kr. 27.00 hvert kg í stað kr. 24.10 pr. kg, þar á meðal tveimur starfsmönnum verðlagsstofnunar, sem keyptu í versluninni þennan dag ýsuflak, er vó 0.324 kg, á kr. 8.75.

Brot ákærða telst varða við áðurgreinda tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14/1982, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 52. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1974 um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Í málinu er viðurkennt af hálfu ákærða, að hann hafi hinn 19. apríl 1982 selt ýsuflök í verlsun sinni, Straumnesi, Vesturbergi 76 hér í borg, á verði því, sem tilgreint er í ákærunni, þ. e. kr. 27.00 fyrir hvert kg, og hafi honum verið kunnugt, að hámarksverð skv. tilkynningu verðlagsstofnunar væri kr. 24.10 fyrir hvert kg. Hafi hann tekið ákvörðun um þetta verð, strax og tilkynning verðlagsstofnunar um framangreint hámarksverð lá fyrir 28. febrúar 1982. Verðið var ekki leiðrétt, þótt ábendingu væri beint til verslunarinnar af hálfu verðlagsstofnunar eftir athugun á verði 18. mars 1982.

Ákærði kveðst á þessum tíma hafa keypt ýsuflök inn fyrir kr. 23.65 pr. kg, og hefur hann lagt fram reikninga frá Fiskversluninni Hófgerði 30, Kópavogi, því til staðfestu um innkaup á fiski frá 29. mars — 30. apríl

1982, en á þessu tímabili virðist sem verslun ákærða hafi keypt inn 655 kg af ýsuflökum.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ákvörðun verðlagsráðs um hámarksverð á nýjum fiski nr. 14/1982, 28. febrúar 1982, brjóti í bága við ákvæði 12. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag o. fl., þar sem segir, að verðákvarðanir skuli miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu. Af vottorðum Þjóðhagsstofnunar og Verslunarráðs Íslands, sem verjandi hefur lagt fram í málinum, megi sjá, að meðalálagning hafi verið á bilinu frá 17.3% upp í 21.1% af brúttóverði vöru, en 21% af brúttósöluverði þýði 26.4% á innkaupsverð. Sé sýnilegt, að álagning ákærða í því tilviki, sem hér um ræðir, þ. e. 14.2% álagning á innkaupsverð, nægi hvergi fyrir meðalverslunarkostnaði, þannig að í raun borgi hann með vörunni til að veita þessa þjónustu. Ef ákærði hins vegar frysti umrætt ýsuflak í frystigeymslu sinni eina nótt, mætti hann leggja 38% á innkaupsverð skv. tilkynningum verðlagsstofnunar.

Dómurinn óskaði umsagnar verðlagstofnunar um þau sjónarmið, sem sett hafa verið fram í málinu af hálfu ákærða. Í greinargerð stofnunarinnar segir m. a., að fisksalar telji sig vel geta unað við verð það, sem verðlagsráð hafi ákveðið á þeim fisktegundum (þorski og ýsu), sem hámarksverð er á. Þeir hafi ýmsar aðrar tegundir til sölu, sem þeir geti verðlagt eftir vild. Svo vísað sé til 12. gr. verðlagslaga, þá hafi kjörbúðir ekki sömu aðstöðu og búnað og fisksalar og geti þær því ekki rekið fisksölu á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt. Hin almenna verslun verði að hlíta því, ef hún vilji hafa fisk til sölu, að selja þorsk og ýsu á leyfðu hámarksverði eins og fisksalar. Telur stofnunin, að sala almennra verslana á þessari vörutegund sé svo lítill hluti verslunarrekstursins, að afar litlu máli skipti fyrir hann, þó álagning væri jafnvel engin.

Verslun ákærða er almenn matvöruverslun.

Niðurstaða.

Með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann seldi ýsuflök 19. apríl 1982 á kr. 27.00 hvert kg, þrátt fyrir að auglýst hámarksverð verðlagsstofnunar væri á þessum tíma kr. 24.10 fyrir hvert kg.

Greinargerð verðlagsstofnunar, sem dómurinn óskaði eftir í máli þessu, verður skilin svo, að verðákvörðun í þessu sambandi sé miðuð við fiskverslanir, sem geti rekið verslun með fisk á hagkvæmastan hátt, tæknilega og fjárhagslega. Liggur ekki annað fyrir í máli þessu en að fiskverslanir uni umræddri verðákvörðun. Enda þótt ákærði hafi lagt fram gögn, er sýna, að hann hafi sjálfur keypt ýsuflök í fiskverslun fyrir kr. 23.65 pr. kg, sem ekki er ástæða til að vefengja, þykir það í ljósi framangreindra

forsendna við verðákvörðun ekki réttlæta þá ákvörðun hans að selja ýsuflökin á hærra verði en auglýstu hámarksverði. Ákvörðun verðlagsráðs á sér stoð í 8. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag o. fl., sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979 (ekki 1974, eins og misritast hefur í ákæru). Verður ekki, miðað við það, sem áður er sagt, á það fallist, að ákvörðun þessi brjóti í bága við 12. gr. verðlagslaganna, sbr. 60. gr. laga nr. 13/1979.

Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstofnunar nr. 14 28. febrúar 1982, sbr. fyrrgreind lagaákvæði.

Ákærði hlaut 7.000 gkr. sekt á árinu 1968 fyrir brot á 3. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærum og refsingum, sem skipta máli við úrlausn máls þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 52. gr. laga nr. 56/1978 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 5.000.00. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu kostnaðar af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Sigurðsson, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Fimmtudaginn 13. október 1983.

Nr. 121/1982. **Dælubílar s/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Agli Stefánssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og að sér verði til dæmdur hæfilegur málskostnðaur í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á tildæmdri fjárhæð í héraði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að frá dæmdri fjárhæð í héraði, 461.500.00 krónum, dragist innborgun Almennra Trygginga h/f 29. apríl 1982, sem var 100. 000.00 krónur úr frjálsri ábyrgðartryggingu áfrýjanda, með vöxtum frá slysdegi svo og 51.000.00 krónur, er Almennar Tryggingar h/f greiddu sama dag vegna málskostnaðar í héraði. Endanleg dómkrafa stefnda fyrir Hæstarétti er því sú, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 361.500.00 krónur ásamt vöxtum, eins og í dómsorði hins áfrýjaða dóms greinir. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Stefndi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms— og kirkjumálaráðuneytisins 28. júní 1982.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur á örorkutjóni stefnda, gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi 22. september 1983. Þá voru lagðar fram nýjar álitsgerðir Þóris Bergssonar, cand. act., frá 24. og 25. september 1983.

I.

Atvikum að slysi því, er stefndi varð fyrir 20. nóvember 1979,

er lýst í héraðsdómi. Þar er og lýst umbúnaði á vinnustað. Þykir með skírskotun til forsendna héraðsdóms mega staðfesta, að áfrýjandi sem vinnuveitandi stefnda beri gagnvart honum ábyrgð á afleiðingum slyssins. Þá ber og að fallst á það með héraðsdómi, að ekkert það sé fram komið í málinu, er bendi til, að stefndi eigi að einhverju leyti sök á tjóni sínu. Ber samkvæmt þessu að leggja bótaábyrgðina óskipt á áfrýjanda.

II.

Í héraðsdómi eru rakin þau gögn, sem fram hafa verið lögð í málinu um örorku stefnda ásamt áætlunum tryggingafræðings um tjón hans af völdum örorkunnar.

Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, sem eigi hefur verið vefengt, er örorka stefnda af völdum slyssins 100% varanleg örorka.

III.

Stefndi er 100% öryrki vegna slyssins 20. nóvember 1979. Eru ekki efni til að lækka fébætur þær, sem héraðsdómur ákvað, en af hálfu stefnda hefur málinu ekki verið gagnáfrýjað. Verður héraðsdómur því staðfestur, en til frádráttar koma þær greiðslur, sem Almennar Tryggingar h/f greiddu eftir uppsögu dómsins í samræmi við kröfur stefnda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 65.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 62.500.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Dælubílar s/f, greiði stefnda, Agli Stefánssyni, 361.500.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 2. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu þessa dóms og síðan til

greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði 65.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni ríkissjóð. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 62.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., hefur Egill Stefánsson, Hábergi 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn Dælubílum s/f, Hléskógum 1, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, til réttargæslu. Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda, Dælubílum s/f, eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur og kostnað að fjárhæð kr. 1.282.000.00 með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 2. júní 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðalausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þann 7. maí sl. veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn til höfðunar málsins.

Af hálfu stefnda, Dælubíla s/f, er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfunum.

Á hendur Almennum Tryggingum h/f eru engar kröfur gerðar, og gerir félagið ekki kröfur í málinu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi sé að lögum skaðabótaskyldur vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir þann 20. nóvember 1979, er hann féll af vinnupalli við einbýlishúsið að Grjótaseli 1 í Reykjavík, þar sem hann vann við dælingu steinsteypu í steypumót, en hann hafi unnið hjá stefnda, Dælubílum s/f. Til verksins hafi verið notuð sérstök bifreið, sem m. a. hafi verið út búin með gálga og dælu. Bifreiðin hafi verið eign stefnda, en stjórnandi hennar og yfirmaður stefnanda hafi verið Guðmundur Benediktsson, einn af eigendum hins stefnda félags. Bifreiðin hafi verið út búin þannig, að slanga hafi legið frá dælu bifreiðarinnar um gálga, sem sé áfastur bifreiðinni. Renni steypan um slöngu þessa í mótin. Tveir menn

vinni við tæki dælubifreiðarinnar. Annar sé við bifreiðina og stjórni dælunni, en hinn sé þar nærstaddur, sem steypunni er rennt í mótin. Stjórni hann hreyfingum gálgans og gefi stjórnanda dælunnar merki um það, hvenær hefja skuli dælingu og hvenær stöðva hana. Hafi hann í höndum lítið tæki til þess og gefi með því hljóðmerki. Stefnandi hafi umræddan dag verið við gálgann og hafi hann staðið á vinnupalli nálægt þeim stað, þar sem steypunni var rennt í mótin. Vinnupallurinn hafi verið myndaður úr þremur borðum, sem lágu samhliða ofan á þaksperrum innan við útveggjamót, og hafi hvert borð verið 1" x 6" á breidd. Við slönguendann hafi verið eigandi hússins, Örn Jónsson trésmíðameistari. Hafi hann beint slönguendanum þangað, sem steypan átti að renna í mótin. Um kl. 17 umræddan dag hafi myndast stífla í slöngunni og komið á hana slinkur. Örn hafi misst takið á henni og hafi hún slegist með öllum sínum þunga í stefnanda með þeim afleiðingum, að hann kastaðist út fyrir steypumótin og féll til jarðar 3.5 — 4 metra.

Stefnandi hafi verið fluttur í slysadeild Borgarspítalans, og kom þar í ljós við læknisrannsókn, að hann hafði hálsbrotnað og var lamaður frá hálsi og niður í tær. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, dags. 18. júlí 1980, sé stefnandi 100% öryrki frá slysdegi.

Bótaábyrgð stefnda byggir stefnandi á því, að vinnuskilyrði hafi verið ófullnægjandi, hættuleg og ólögmæt. Vinnupallar hafi verið allt of mjóir, sbr. reglugerð nr. 204 frá 20. júlí 1972, 8. gr. c, 1. og 2. mgr. Handrið hafi vantað á þessa vinnupalla, sbr. 8. gr. c, 9. gr., 12. gr., næst síðasta og síðasta mgr. 13. gr., 14. gr. og 17. gr., 1. mgr., sömu reglugerðar. Vinnuljós hafi ekki verið í notkun, þótt dimmt væri orðið og dimmviðri, sbr. 4. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Hvassviðri hafi verið og skúraveður og hafi veðurskilyrði valdið því, að ófullkomin vinnuaðstaða varð enn hættulegri en ella. Vinnuveitanda stefnanda hafi borið að sjá um, að vinnuaðstaða væri fullnægjandi, og hafi borið ábyrgð á því gagnvart honum. Þá hafi tækjabúnaður bifreiðarinnar verið ófullnægjandi og megi einnig rekja slysið til þess. Gálginn hafi sigið niður undan þunga slöngunnar með þeim afleiðingum, að slangan lagðist, og bugða kom á hana, svo hún hafi orðið stjórnanda hennar óviðráðanleg. Þá virðist slangan hafa verið of löng og því síður viðráðanleg, einkum ef stífla myndaðist, sem gat gerst. Stefnandi hafi enga sök átt á slysinu og það hafi ekki verið í hans valdi að koma í veg fyrir það. Hann hafi staðið rétt að verki og framkvæmt vinnu sína eins og af honum hafi verið ætlast og við aðstæður, sem honum hafi verið lagðar til á vinnustað. Hann hafi verið almennur verkamður, hann hafi ekki haft verkstjórnarvald og engin mannaforráð á vinnustað. Hann hafi í einu og öllu lotið forræði og verkstjórn vinnuveitanda síns, Guðmundar Benediktssonar, stjórnanda dælubifreiðarinnar. Í bréfi réttargæslustefnda,

dskj. nr. 10, sé bótaábyrgð viðurkennd, þó ekki skilyrðislaust. Þá sé mótmælt ályktunum í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um orsakir slyssins. Það sé ekki á valdi Öryggiseftirlitsins að slaka á kröfum, sem gerðar séu í áðurgreindri reglugerð nr. 204 frá 1972 um vinnuaðstæður og öryggisútbúnað á vinnustöðum.

Í stefnu byggði stefnandi kröfur sínar einnig á því, að útbúnaður fyrir merkjagjöf milli stjórnanda gálgans og stjórnanda dælunnar hafi verið ófullkominn. Stefnandi féll frá þessari málsástæðu við munnlegan málflutning.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr.	1.000.000.00
2. Miskabætur	—	80.000.00
3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, fyrir heimilisröskun og sérstaka umönnum og útgjöld í því sambandi	—	150.000.00
4. Bætur vegna kostnaðar við eignarhald og rekstur bifreiðar og vegna útgjalda, sem gagngert tengjast því, að stefnandi verður bundinn við hjólastól alla ævi	—	50.000.00
5. Fatatjón	—	1.500.00
6. Örorkuútreikningur	—	1.100.00

Um lið 1 segir lögmaður stefnanda svo:

Í örorkumatinu á dskj. nr. 7 er gerð grein fyrir meiðslum stefnanda af völdum slyssins og rakin sjúkrasaga hans fram á mitt ár 1980. Frá þeim tíma hefur engin breyting orðið til batnaðar. Stefnandi hlaut geigvænleg meiðsli í slysinu. Í fallinu kom hann niður á herðarnar og hlaut hálsbrot með mænusköddun. Lamaðist hann alveg fyrir neðan brjóst og getur ekki einu sinni hreyft fingur. Hann lá á Borgarspítala frá slysdegi til 21.janúar 1980. Síðan var hann vistaður í Grensásdeild spítalans, en hefur frá því dvöl hans þar lauk verið heima. Hann verður bundinn við hjólastól ævilangt. Örorka af völdum slyssins er 100% til frambúðar.

Hinn 16. október 1980 gerði Jón Erlingur Þorláksson, cand. act., útreikninga á örorkutjóni stefnanda. Þeir útreikningar eru þegar orðnir úreltir vegna verðlagsþróunar í landinu. Meðal annars með hliðsjón af því og þar sem ætla má, að alllangur tími líði, uns endanlega fæst skorið úr ágreiningi um réttarstöðu stefnanda og bótaskylt tjón, þótti óhjákvæmilegt að gera verulega hærri fjárkröfu skv. þessum lið en örorkutjónsútreikningurinn veitir tilefni til. Þann 27. janúar sl. reiknaði tryggingafræðingurinn út örorkutjón stefnanda að nýju. Þar segir svo: „Egill Stefánsson varð fyrir slysi

20. nóvember 1979 og slasaðist á hálsi. Hann er fæddur 25. ágúst 1950 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Björn Önundarson, læknir, hefur í örorkumati, dags. 18. júlí 1980, metið örorku af völdum slyssins 100% varanlega örorku.

Um tekjur Egils næstu árin fyrir slysið hef ég eftirfarandi upplýsingar:

Árið 1976 eru launatekjur 1.967.217 skv. skattframtali. Það er um 21% hærra en meðaltekjur kvæntra verkamanna á því ári skv. úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunar.

Árið 1977. Þá telur Egill ekki fram (þ. e. á árinu 1978), enda fluttist hann til Svíþjóðar í september 1977 skv. upplýsingum eiginkonu hans.

Árið 1978. Egill dvaldi í Svíþjóð þar til í desember 1978. Upplýsingar um tekjur hans þar liggja ekki fyrir.

Árið 1979, sama árið og slysið varð. Samkvæmt skattframtali voru launatekjur Egils kr. 1.714.748, og eru þær allar frá fyrirtækinu Dælubílar. Hjá því fyrirtæki starfaði hann frá 3. september 1979, slasaðist þann 20. nóvember, en fékk laun til 2/3 1980 að því er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Oddur Benediktsson, upplýsir. Launin á skattframtalinu eru því fyrir 4 síðustu mánuði ársins 1979, og eru það allgóð laun á þeim tíma. Eiginkona Egils, Ólafía Magnúsdóttir, hefur tjáð mér, að fyrri hluta ársins 1979 hafi Egill unnið í fiskbúð. Reyndar er þess getið á skattframtali hans árið 1980, að hann hafi keypt fiskbúð og selt hana aftur á árinu 1979. En tekjur af starfi í fiskbúð koma engar fram á skattframtalinu.

Af framansögðu má ljóst vera, að það er mikið álitamál, hvernig áætla skuli tekjur Egils framvegis, ef slysið hefði ekki orðið. Ég hef valið þann kost að miða við mánaðarkaup í byggingavinnu samkvæmt taxta Dagsbrúnar að viðbættum 75%. Á núgildandi taxta eru það um 9.805 nýkr. á mánuði. Miðað við þær forsendur er áætlun um tekjur og þar með tekjutap af völdum slyssins sem hér segir, í nýkrónum:

	Áætlaðar tekjur og tekjutap
1. árið eftir slysið	58.150
2. árið eftir slysið	92.790
Síðan árlega	117.680

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi *kr. 867.300.*

Egill fékk slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 21/2 — 31/7 1980, kr. 1.383.117. Frá 1. ágúst 1980 fær hann fullan örorkulífeyri, sem er nú 1.679 nýkr. á mánuði. Höfuðstólsandvirði dagpeninga

og slysalífeyris til 67 ára aldurs reiknast mér nema á slysdegi *kr. 155.400.*

Frá 1. september 1980 fær Egill tekjutryggingu frá lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins, og er hún nú 1.788 kr. á mánuði. Höfuðstólsandvirði tekjutryggingar til 67 ára aldurs reiknast mér nema á slysdegi *kr. 150.500.*

Auk þess greiðir Tryggingastofnunin barnalífeyri vegna þriggja barna, en ég reikna ekki höfuðstólsandvirði hans.

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 13% ársvextir eins og í fyrri útreikningnum. Þá er miðað við dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1966 — 1970 og sænskar örorkulíkur. Ekki er tekið tillit til launa í veikindaforföllum eða skatta."

Í bréfi réttargæslustefnda á dskj. nr. 10 er gengist við bótaábyrgð á slysinu, þótt nokkur fyrirvari sé þar á gerður. Bótaábyrgð stefnda er einhlít og ekki efni til að sakast við stefnanda um slysið. Stefnandi fær til frambúðar örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Er þar um lífeyrisréttindi að ræða, sem þeir menn njóta, sem eru varanlegir öryrkjar umfram 75%. Ekki verður á það fallist, að verðmæti þessa lífeyrisréttar eigi að dragast að fullu frá útreiknuðu örorkutjóni stefnanda. Hins vegar er rétt, að við mat bóta skv. þessum lið verði litið til bótaréttar stefnanda frá almannatryggingum. Áætlaðar atvinnutekjur stefnanda eru lágar og hæpið að miða við þær alfarið til frambúðar. Stefnandi var 29 ára á slysdegi. Hann var nýfluttur heim frá Svíþjóð með fjölskyldu sína, en stefnandi er kvæntur, og eiga þau hjónin 4 börn, fædd 1969, 1973, 1974 og 1979. Má ætla, að stefnandi hefði lagt mikið á sig næstu árin við öflun húsnæðis, og er fráleitt að ætla, að duglegur maður og reglusamur á aldri stefnanda láti sér lynda svo lágar launatekjur sem örorkulífeyrir er og nægir ekki einu sinni fyrir allra brýnustu heimilisnauðþurftum.

Um lið 2.

Orð eru til lítils um hinn óskaplega miska, sem stefnandi hefur orðið að þola og búa við ævilangt. Óhætt er að segja, að hér sé um að ræða hámark líkamlegra þjáninga og óþæginda og andlegrar raunar.

Um lið 3.

Stefnandi hefur orðið fyrir stórkostlegri röskun á stöðu og högum við slysið. Hann getur ekki sinnt neinu starfi. Hendurnar nýtast honum lítt eða ekki, þar sem allir fingur eru máttlausir. Honum er búið það hlutskipti eftir slysið að liggja í rúminu eða sitja í hjólastól og bíða. Hann getur lesið, horft á sjónvarp og hlustað á útvarp. Hann getur ekki hreyft sig hjálparlaust í rúminu. Konan hans verður að snúa honum og hagræða á 2ja stunda fresti. Meðal annars af þeim sökum er hún algerlega bundin við heimilið

og á þess engan kost að stunda störf utan þess. Kveðst konan örugglega hafa orðið sér úti um vinnu utan heimilis eftir fæðingu yngsta barnsins, ef eigi hefði komið til slysið og afleiðingar þess. Hér er því um mikla röskun að ræða fyrir hana og heimilið allt, beina og óbeina, fjárhagslega og ófjárhagslega.

Um lið 4.

Eftir að stefnandi kom heim af sjúkrahúsi, kom í ljós, að heimilið getur ekki verið án bifreiðar. Var því ráðist í það að festa kaup á nýrri, lítilli bifreið. Hjónin réðust og í það að festa kaup á parhúsi, sem var sérstaklega hannað fyrir íbúa í hjólastól. Með þessum bíl— og húskaupum bundu þau sér skuldabagga, sem virðist nær óviðráðanlegur. Bifreiðina hefur nú orðið að selja og kaupa aðra, notaða og ódýrari.

Um lið 5.

Fatnaður stefnanda, sem hann var í, er hann slasaðist, fór alveg forgörðum. Er þessi liður áætlaður.

Um lið 6.

Hér er um að ræða kostnað vegna dskj. nr. 8. Þá hækkar þessi liður um kr. 500.00 vegna kostnaðar vegna dskj. nr. 13. Kostnaður vegna örorkumats var greiddur úr slysatryggingunni.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að ekkert þeirra atriða, sem stefnandi tilgreini sem ófullnægjandi vinnuskilyrði, verði rakið til starfsmanna stefnda og af Öryggiseftirliti ríkisins sé talið, að um almennan og venjulegan útbúnað hafi verið að ræða, en byggingameistari hússins muni hafa séð um uppsetningu og frágang á vinnupöllum, þannig að jafnvel þótt um vanbúnað að þessu leyti hafi verið að ræða, þá sé það óviðkomandi stefnda og þeim mönnum, sem hann beri ábyrgð á skv. almennum reglum um húsbóndaábyrgð. Svo sem fram komi í skýrslum rannsóknarlögreglunnar, hafi það verið stefnandi sjálfur, sem stjórnaði steypuslöngunni, og hafi honum því borið, ef hann taldi um vanbúnað að ræða, að bera upp kvartanir við byggingameistara hússins, sem var á staðnum. Honum hafi því borið að gera sínar athugasemdir, áður en hann hóf að dæla steypu í mótin.

Í öðru lagi rökstyðji stefnandi kröfur sínar með því, að stífla hafi myndast í steypuslöngunni, sem bendi til ófullnægjandi tækja og búnaðar. Þessari röksemd sé algerlega mótmælt. Ekkert komi fram, sem bendi til þess, að um galla í tækjum hafi verið að ræða, og í framburði Arnar Jónssonar komi það fram, að endi slöngunnar hafi rekist í steypustyrktarjárnsnet og rennsli úr henni stöðvast af þeim sökum. Öryggiseftirlit ríkisins telji ekkert óeðlilegt við það, að stífla myndist í slöngunni, en þegar þrýstingurinn vaxi

og stíflan fari, þá vilji oft koma slinkur á slönguna. Það sé því ekki sjáanlegt, að vanbúnaði, sem stefndi beri ábyrgð á, sé til að dreifa. Í þriðja lagi hafi stefnandi verið óeðlilega staðsettur við starfið. Hann hefði ekki átt að þurfa að koma nálægt sjálfri slöngunni og þá hefði ekkert slys orðið. Í fjórða lagi hafi stefnandi viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekki gefið merki um að stöðva dælingu, sem hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Loks bendir stefndi á skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins á dskj. nr. 5, þar sem segir: „Allar aðstæður voru ágætar, gangpallar á þaki breiðir. Veðurfar var slæmt, allt að rok með rigningu og farið að nálgast myrkur, lýsing ekki verri en almennt gerist við slíka vinnu. Slasaði var vanur í þessu starfi og talinn fær í því. Slasaða var strax komið á slysavarðstofu til læknismeðferðar. Orsök slyssins tel ég falla undir óhappatilfelli ásamt veðurástæðum, sem orsökuðu, að slasaði stóð nær slöngu en tilefni gaf til, til að vera í skjóli við upphækkunina."

Fyrsta lið bótakröfunnar er mótmælt. Stefnandi hafi nær tvöfaldað fjárhæð þá, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út á dskj. nr. 8 án annars rökstuðnings en þess, að mikil verðbólga sé í landinu. Þessum lið sé því algerlega mótmælt og á það bent, að stefnandi geri ekki ráð fyrir frádrætti vegna eingreiðslu og skattfrelsis bóta.

Annar, þriðji og fjórði liður í kröfugerð stefnanda sé í rauninni miskabótakrafa, þótt stefnandi gefi þessum töluliðum mismunandi nöfn. Öllum þessum liðum er mótmælt sem hreinum áætlunarfjárhæðum og órökstuddum.

Liðum 5 og 6 er ekki mótmælt tölulega séð.

Stefnandi hafi ekki gert grein fyrir frádráttarliðum, þ. e. bótum, sem hafa verið inntar af hendi upp í tjónið, bæði frá Tryggingastofnun ríkisins, vinnuveitanda, og greiðslum frá Almennum Tryggingum h/f vegna samningsbundinnar slysatryggingar. Í því sambandi sé vísað til dskj. nr. 10 til þeirra skýringa, sem þar koma fram. Þar séu boðnar fram fullnaðarbætur kr. 602.720.00 með fyrirvara um greiðsluskyldu.

Þá bendir stefndi á dskj. nr. 12, dags. 17. september 1981, sem er örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar, þar sem frá eru dregnar bótagreiðslur til stefnanda og tekið tillit til lækkunar vegna eingreiðslu og skattfríðinda. Þar segir svo:

„Þér hafið beðið mig að athuga, hvernig mál stóðu varðandi bætur til Egils í október 1980. Einnig óskið þér endurútreikninga á örorkutjóni hans.

Í bréfi, dags. 21. október 1980, setti Gunnar M. Guðmundsson, hrl., fram svofellda bótakröfu fyrir hönd umbjóðanda síns, Egils Stefánssonar, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 20. nóvember 1979:

1. Örorkubætur ..... *kr. 52.253.000.-*
2. Miskabætur ..... — *5.000.000.-*
3. Örorkumat og örorkuútreikningar — ..... — *136.454.-*

Hér er að sjálfsögðu um gamlar krónur að ræða.

Örorkubótaupphæðin er brúttóniðurstaða útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings, sem dags. eru 16. október 1980.

Jón hefur einnig reiknað út verðmæti bóta til Egils frá Tryggingastofnun ríkisins, nema verðmæti barnalífeyris vegna fjögurra barna Egils. Hins vegar reiknaði ég það verðmæti út með sömu forsendum og Jón Erlingur notar í útreikningum, dags. 28. október 1980. Auk þess höfðu Almennar Tryggingar hf. greitt Agli að fullu samkvæmt samningsbundinni slysatryggingu launþega.

Verðmæti þeirra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, sem Egill átti rétt á vegna afleiðinga slyssins, námu þannig á slysdegi — samkvæmt útreikningum gerðum í sama mánuði og verðmæti vinnutekjutaps var reiknað út — eftirfarandi upphæðum.

Dagpeningar og örorkulífeyrir	gkr.	9.997.000.-
Tekjutrygging	gkr.	8.370.000.-
Barnalífeyrir	gkr.	12.384.000.-
Samtals	gkr.	30.384.000.-

Heildarupphæð greiddra bóta vegna samningsbundinnar slysatryggingar var gkr. 15.846.240.-

Vinnuveitandi Egils, Dælubílar sf., hafði greitt honum í slysalaun fyrst eftir slysið *gkr. 1.010.110.-*

Samtals hafa því greiðslur og verðmæti lífeyris til Egils vegna afleiðinga slyssins numið *gkr. 46.331.350.-*

Þar af voru þegar greiddar gkr. 16.856.350.- auk dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í bréfi Almennra Trygginga hf. til Gunnars M. Guðmundssonar, hrl., dags. 31. október 1980, sem sent var „með öllum almennum fyrirvara", er gerð grein fyrir áliti félagsins á stöðu mála þá.

Þar var gert ráð fyrir, að lækkun vegna skattfrelsis bóta yrði einungis 18%, sem er langt fyrir neðan það, sem þekkist í dómsiðkun, og ekki minnst á hagræði vegna eingreiðslu. Greiðsla vinnuveitanda til Egils virðist ekki hafa verið þekkt þá. Mér er í raun ekki unnt að segja neitt um, hversu mikið dómstólar hefðu lækkað brúttóverðmæti vinnutekjutaps vegna þessara tveggja lækkunarþátta. Líklegast þykir mér, að það hefði verið milli 20% og 30%. Sennilega 25%.

Niðurstaðan hefði þá orðið, að nettóvinnutekjutap næmi *gkr. 39.189. 750.-* á slysdegi, en Egill hafði þegar fengið greiddar eða tryggingu fyrir í lífeyrisgreiðslum fjárhæð samtals að upphæð gkr. 46.331.350.-. Kostnaðarliðir námu gkr. 136.454.-.

Greiðslur að viðbættu verðmæti lífeyrisgreiðslna hefðu með þessari 25% forsendu orðið allmiklu hærri en nettóverðmæti vinnutekjutaps, þ. e.: 46.331.350,- ÷ 39.189.750,- ÷ 136.454,- = gkr. 7.005.146.-.

Krafa Gunnars M. Guðmundssonar um miskabætur var gkr. 5.000.000,-, eða vel 2 milljónum króna lægri en þegar hafði komið í hlut Egils í bótum umfram verðmæti vinnutekjutaps.

Þótt notuð væri nokkru lægri frádráttarprósenta vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu, er ljóst, að bætur fyrir vinnutekjutap eru að fullu greiddar.

Ég tel endurútreikninga einungis vera tíma- og peningasóun að sinni, en mun að sjálfsögðu gera slíka endurútreikninga, ef þess verður óskað síðar.

Um miskann dæmi ég ekki ákveðið, en vil benda á, að gkr. 7.000.000,- umreiknaðar samkvæmt breytingum á vísitölu vöru og þjónustu svara nú til gkr. 10.415.000,-.

Í bréfi Almennra Tryggínga hf. til Gunnars M. Guðmundssonar, sem áður er á minnst, er tekið fram, að fyrirtækið geti „..ekki án frekari athugunar fallist skilyrðislaust á þá skoðun yðar, að fyrirtækið Dælubílar sf. beri eitt óskoraða ábyrgð á slysinu ...". Ég mun ekkert fjalla um þetta atriði, enda venja, þegar komið er í málaferli, að slíkt sé í verkahring lögfræðinga."

III.

Í gögnum málsins kemur fram, að aðstæður á vinnustað voru þær, að stefnandi stóð uppi á vinnupalli, sem myndaður var úr þremur borðum, og var hvert borð 1" x 6". Vinnupallurinn var uppi á 2. hæð eða þaki hússins, og var aðeins halli á þakinu. Engin handrið voru á vinnupallinum. Verður því að telja, að öryggisbúnaði á vinnustað hafi verið verulega ábótavant, og hefur ekki verið gætt ákvæða í reglugerð nr. 204 frá 1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu, 8. gr. c, 1. og 2. mgr., 9. gr., 12. gr., 6. og 7. mgr., 13. gr., 14. gr. og 17. gr., 1. mgr. Það má telja yfirgnæfandi líkur á því, að afleiðingar slyssins hefðu orðið mun minni en raun varð á, ef þessara reglna hefði verið gætt, og ber stefndi, Dælubílar s/f, sem vinnuveitandi stefnanda ábyrgð á því gagnvart honum.

Þá ber að líta á það, hvort stefnandi kunni sjálfur að bera einhverja ábyrgð á tjóni sínu. Stefndi heldur því m. a. fram, að stefnandi hafi staðið óþarflega nærri slöngunni og þannig tekið á sig áhættu umfram nauðsyn. Þegar slysið varð, var veður slæmt, hvasst og úrkoma. Farið var að

skyggja, og eina vinnuljósið kom frá götustaur rétt við bygginguna. Það er álit dómsins, að ekkert það hafi komið fram í málinu, sem bendi til þess, að stefnandi hafi staðið nær slöngunni en tilefni gaf til miðað við framangreindar aðstæður. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefnda. Þá er ósannað, að stefnandi hefði getað komið í veg fyrir slysið með því að gefa merki um, að dælingu skyldi hætt. Við mat á ábyrgð stefnanda ber og að hafa í huga, að stefnandi var lítt vanur í starfi, en hann hafði aðeins unnið hjá stefnda í u. þ. b. 1½ mánuð, þegar slysið varð.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir ósannað, að stefnandi hafi tekið á sig óþarfa áhættu, sem hann beri ábyrgð á. Það er því niðurstaða dómsins, að stefndi, Dælubílar s/f, beri óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda.

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina:

Um lið 1. Þegar tjón skv. þessum lið er metið, þykir rétt að leggja til grundvallar örorkutjónsútreikning Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 27. janúar 1982, kr. 561.400.00, þegar frá hafa verið dregnar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins og tekjutrygging. Frá þesari fjárhæð dragast enn fremur bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, kr. 158.462.80, og greidd laun eftir slysið, kr. 10.101.10. Með hliðsjón af þeirri málsástæðu stefnda, að lækka beri kröfu stefnanda skv. þessum lið vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis, svo og vegna greiðslu barnalífeyris þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 260.000.00.

Um lið 2, 3 og 4. Rétt þykir að taka þessa liði saman, þar sem þeir fela allir í sér kröfu um miskabætur. Þessum liðum hefur stefndi öllum mótmælt sem of háum. Þegar virt eru meiðsli stefnanda og sjúkrasaga sem og varanleg áhrif slyssins á heimilishagi stefnanda og fjölskyldu hans, þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um lið 5. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um lið 6. Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu, en kostnaður þessi telst til málskostnaðar.

Samtals er óbætt tjón stefnanda skv. framansögðu kr. 461.500.00. Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og dæmast því vextir, eins og krafist er, af dæmdri fjárhæð.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 51.100.00. Þar af renna kr. 50.000.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Dælubílar s/f, greiði stefnanda, Agli Stefánssyni, kr. 461.500.00 með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, en með 35% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 2. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. mars 1982, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 51.100.00 í málskostnað. Þar af renni kr. 50.000.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1983.

Nr. 7/1982. **Þorgeir Gunnlaugsson og Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Jóni Kristni Höskuldssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á þeim tíma, er atvik máls þessa gerðust, höfðu ekki verið lagðar gangstéttir við Kjarrhólma. Vettvangsuppdráttur sá, sem lagður er fram í málinu, sýnir breidd götunnar frá húsaröð sunnan götu að

bifreiðastæðinu norðan götunnar um það bil 13 — 14 m og þann hluta götunnar, sem uppdrátturinn nær yfir, hindranalausan. Á það var þó bent í málflutningi fyrir Hæstarétti, að bifreiðum hafi verið lagt við húsaröðina að sunnan, þ. e. á hægri vegarhelmingi miðað við aksturstefnu ökumanns Y 4020. Er viðurkennt, að þær bifreiðar hafi snúið enda út í götuna. Kemur það og fram í skýrslu lögreglumanns þess, er uppdráttinn gerði, að hann hafi í fyrstu lagt lögreglubifreiðinni milli tveggja bifreiða, er stóðu upp við húsið nálægt árekstursstað, en síðar þurft að færa lögreglubifreiðina úr stað, til að umferð gæti gengið eðlilega fyrir sig. Hvorki umræddar bifreiðar né aðrar bifreiðar, sem kunna að hafa staðið sunnan götunnar, eru sýndar á vettvangsuppdrættinum. Ekki eru þar heldur markaðir snjóruðningar, sem lögreglumaðurinn hefur greint frá, að verið hafi „utan með á bifreiðastæðunum."

Af framansögðu er ljóst, að hinn framlagði vettvangsuppdráttur er villandi í veigamiklum atriðum. Hefur óhindruð akstursleið eftir götunni hvergi nærri verið jafnbreið og uppdrátturinn gefur til kynna. Verður hann því ekki lagður til grundvallar um það, að bifreiðinni Y 4020 hafi verið ekið að öllu leyti á vinstri vegarhelmingi, þegar árekstur inn varð, svo sem haldið er fram. Engu að síður þykir mega ráða af málsgögnum, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki haldið bifreið sinni svo vel til hægri sem kostur var og honum var skylt samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Átti hann með því nokkra sök á árekstrinum.

Stefndi ók bifreið sinni aftur á bak inn á bifreiðastæðið norðan Kjarrhólma, en síðan aftur út á götuna í því skyni að aka niður Kjarrhólma eins og bifreiðin Y 4020. Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga bar honum að víkja fyrir umferð á götunni. Var enn brýnna en ella, að hann gætti þeirrar skyldu, þar sem honum hlaut að vera ljóst, að aðstæður til aksturs á götunni voru sérstaklega erfiðar vegna hálku og bratta. Þykir stefndi með framangreindu akstursla gi einnig hafa átt sök á árekstrinum.

Þegar öll atvik að árekstrinum eru virt, þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að ökumaður Y 4020 teljist bera ⅓ hluta sakar, en stefndi sjálfur ⅔ hluta.

Andmæli eru ekki höfð uppi við mati héraðsdómara á tjóni stefnda eða um upphafstíma vaxta. Samkvæmt því verða áfrýjendur

dæmdir til að greiða honum in soldium 2.703.30 krónur (⅓ hluta af 8.109.90 krónum) með vöxtum, svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Þorgeir Gunnlaugsson og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Jóni Kristni Höskuldssyni, óskipt 2.703.30 krónur með þeim vöxtum, sem í héraðsdómi greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara. Bifreiðin Y 4020 lét ekki að stjórn og var á röngum vegarhelmingi, er árekturinn varð. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að hefði átt að staðfesta hann og dæma áfryjendur til að gjalda stefnda 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. september sl., höfðaði Jón Kristinn Höskuldsson, Kjarrhólma 22, Kópavogi, gegn Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, og Þorgeiri Gunnlaugssyni, Kjarrhólma 38, Kópavogi, með stefnu, birtri 9. apríl 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in soldum til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 9.852.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags málsins, þ. e. 12. maí 1981, og frá þeim degi með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum, tíma, til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stendu eru þær aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að hinn 19. desember 1980 varð árekstur á götunni Kjarrhólma í Kópavogi á milli fólksbifreiðarinnar Y 1380, sem er leigubifreið af gerðinni Datsun, eign stefnanda, og fólksbifeiðarinnar Y 4020, sem er af gerðinni Toyota Corolla, eign stefnda Þorgeirs. Stefnandi ók bifreið sinni í umrætt skipti, en ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs var eiginkona hans, Ingibjörg Halla Þórisdóttir, til heimilis að Kjarrhólma 38 í Kópavogi. Bifreið stefnanda var tryggð ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum g/t, en bifreið stefnda Þorgeirs hjá stefnda Hagtryggingu h/f.

Bjart var af degi, þegar áreksturinn varð, en gatan þakin klaka og því mjög hál að sögn lögreglunnar í Kópavogi, sem tók skýrslu af ökumönnunum á árekstursstaðnum. Ökumennirnir gáfu lögreglunni aftur skýrslu skömmu eftir áreksturinn. Enn fremur gáfu skýrslu þeir lögreglumenn, sem komið höfðu á vettvang.

Gatan Kjarrhólmi er blindgata, og hallar henni töluvert til austurs, og nær sá halli austur fyrir hús nr. 10.

Á móts við hús nr. 10 er bifreiðastæði, og kvaðst stefnandi hafa verið að aka út úr því stæði inn á götuna eftir að hafa nýverið bakkað inn í það, þegar bifreið stefnda Þorgeirs hafi verið ekið til austurs eftir götunni á vinstri helmingi hennar. Hann hefði séð bifreið stefnda Þorgeirs, þegar hún var efst í götunni, numið staðar og ætlað að bíða eftir því, að henni yrði ekið fram hjá, og gert ráð fyrir því, að ekið yrði á réttum vegarhelmingi, en þar hafi verið nægilegt rúm til þess að komast fram hjá bifreið sinni. Engin umferðartöf hafi orðið eftir áreksturinn, því að hægt hafi verið að aka viðstöðulaust fram hjá. Ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi ekki getað stöðvað hana vegna mikillar hálku og hafi þá áreksturinn orðið.

Ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs sagðist hafa veitt bifreið stefnanda athygli, þegar henni hafi verið bakkað inn á bifreiðastæðið, en þá hafi hún verið á móts við hús nr. 2 í götunni. Ökumaðurinn sagðist hafa gert ráð fyrir því, að stefnandi ætlaði að leggja bifreið sinni á stæðinu, en þegar hún hafi verið komin á móts við þann stað, þar sem bifreið stefnanda var, hafi henni verið ekið skyndilega út á götuna. Hún hafi hemlað, en ekki náð að stöðva bifreiðina vegna mikillar hálku. Hún kvaðst hafa gefið hljóðmerki og hefði stefnandi þá stöðvað bifreið sína. Ökumaðurinn kvaðst ekkert svigrúm hafa haft til þess að beygja til hægri vegna kyrrstæðrar bifreiðar, sem þar hafi verið. Þegar snjór væri, mynduðust einföld hjólför í götunni, sem gerðu erfiðara að mætast. Venja íbúanna væri að bíða eftir þeim, sem niður götuna kæmi, og hleypa fram hjá, áður en þeir ækju upp götuna. Ökumaðurinn sagði, að eftir áreksturinn hefðu vegfarendur getað troðist fram hjá bifreiðunum með því að skáskjóta sér. Áðurnefnd kyrrstæð bifreið hefði verið aðeins austar en bifreiðarnar voru eftir áreksturinn.

Lögreglumennirnir sögðu, að erfitt hefði verið að aka fram hjá bifreiðunum, en þó hefðu þeir getað ekið þar lögreglubifreiðinni, sem er af Chervolet Nova gerð. Ekki minntust þeir þess, að hjólför hefðu verið í klakann á götunni, heldur hafi hann verið sléttur, en snjóruðningar beggja vegna.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Rétting á hurð og bretti	kr.	2.223.90
2. Málning á bretti, bronslituðu, skv. taxta	—	1.230.00
3. Málning á hurð, bronslitaðri, skv. taxta	—	1.170.00
4. Afnotamissir í 21 dag á kr. 249/00	—	5.229.00
Samtals	kr.	9.852.90

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs eigi alfarið sök á því, að áreksturinn varð. Hann hafi ekið á röngum helmingi götunnar og með því brotið 1. mgr. 45. gr. og 47. gr. laga nr. 40/1968. Ökumaðurinn hafi séð bifreið stefnanda með nægilega góðum fyrirvara til þess að geta sveigt yfir á réttan götuhelming og nægilegt rúm hafi verið til þess að komast fram hjá bifreiðinni.

Þá virðist ökumaðurinn ekki hafa haft stjórn á bifreiðinni og hraðinn of mikill miðað við aðstæður. Bifreiðin hafi ekki verið nægilega vel út búin til aksturs í hálku. Ökumaðurinn hafi þess vegna brotið 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi hafi að vísu verið að aka út úr bifreiðastæði, en bifreiðin hafi verið úti á brún götunnar. Stefnandi hafi því átt að vera öruggur fyrir umferð, sem kom úr vesturátt, þ. á m. bifreið stefnda Þorgeirs. Stefnanda verði því ekki gefin sök á árekstrinum. Stefndu beri fulla bótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum, sem að framan eru raktar

Stefndi Hagtrygging h/f hafi ráðstafað bifreið stefnanda til viðgerðar og hafi stefnandi engu ráðið um hraða hennar. Stefnandi hafi misst afnot bifreiðarinnar í 21 dag og beri honum bætur fyrir það tjón.

Stefndu.

Af hálfu stefndu er á það bent, að aðstæður á árekstursstaðnum hafi verið erfiðar. Gatan sé hallandi og hafi verið þröng vegna snjóruðninga beggja vegna og töluverð hálka hafi verið. Bifreiðastæði séu beggja vegna götunnar. Telja verði, að stefnandi hafi fyrst ekið inn á götuna, þegar ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi byrjað að hemla, sem hafi verið á móts við hús nr. 10 í götunni, en framan við það hafi áreksturinn orðið. Að öðrum kosti hefði ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs gert ráðstafanir

fyrr til þess að forða árekstri (sic). Þá megi benda á, að stefnandi segist hafa tekið eftir því, að bifreið stefnda Þorgeirs hafi verið ekið á röngum vegarhlemingi án þess að hætta við að aka inn á götuna. Þá verði og að taka tillit til þess, að sú venja hafi skapast hjá íbúum við götuna, að sá, sem ætli að aka upp götuna, bíði eftir umferð, sem komi niður hana. Stefnandi hafi með aksturslagi sínu brotið 46. gr. in fine, 2. mgr. 47. gr. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 og verði að bera tjón sitt sjálfur.

Verði ekki á það fallist, beri að skipta sök, þannig að stefnandi beri meginhluta sakar á sömu forsendum og að framan eru raktar.

Stefndu mótmæli ekki fjárkröfum stefnanda tölulega að öðru leyti en því, að tími afnotamissis sé of langur, þar sem viðgerð á bifreið stefnanda hafi ekki verið svo viðamikil, að hún hafi getað staðið í 21 dag. Varla geti verið um að ræða lengri tíma en 7 — 10 daga.

Forsendur og niðurstaða.

Því er ómótmælt af hálfu stefndu, að ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi ekið á vinstri helmingi götunnar, þegar árekturinn varð, í stað hægri, eins og honum bar skv. 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. og 1. mgr. 47. gr. sömu laga. Ekki er leitt í ljós, að hann hafi ekki getað komið því við aðstæðna vegna að aka á hægri helmingi götunnar. Samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglunnar í Kópavogi og skýrslum þeirra lögregluþjóna, sem á árekstursstaðinn komu, hefur einni bifreið átt að vera sæmilega greið leið fram hjá bifreið stefnanda, en ómótmælt er, að hún var kyrrstæð, þegar árekturinn varð. Telja verður, að akstri ökumanns bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi verið mjög ábótavant.

Stefnanda bar að sýna varkárni við akstur inn á götuna og víkja fyrir umferð skv. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en líta verður svo á, að sú regla, sem í málsgreininni felst, gildi einungis um umferð eftir þeim hluta vegar, sem ekið er inn á. Ósannað er, að stefnandi hafi skyndilega ekið út á götuna og í veg fyrir bifreið stefnda Þorgeirs, en þeirri bifreið var ekið á röngum vegarhelmingi, eins og fyrr segir. Aksturslag stefnda þykir því ekki hafa verið með þeim hætti, að efni séu til að skipta sök í málinu. Sök á árekstrinum verður því alfarið lögð á ökumann bifreiðar stefnda Þorgeirs og bótaábyrgð á tjóni stefnanda á stefndu.

Ekki er deilt um dómkröfur stefnanda að öðruleyti en því, að stefndu telja, að tími afnotamissis bifreiðar stefnanda sé of langur. Á það má fallast, að svo sé, og þykja bætur fyrir tjón vegna afnotamissis hæfilega ákveðnar kr. 3.286.00, en að öðru leyti verða kröfur stefnanda að fullu teknar til greina. Stefndu ber því að greiða stefnanda in solidum kr. 8.109.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá

þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.100.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hagtrygging h/f og Þorgeir Gunnlaugsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Kristni Höskuldssyni, kr. 8.109.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1983.

Nr. 140/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 1. mars 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst 1983. Af hálfu ákæruvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en refsingu ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 75 daga. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldstími ákærðu, 13 dagar.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, sæti fangelsi í 75 daga, og komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 13 daga til frádráttar refsingunni. Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 13. janúar 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 13. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 929/1982: Ákæruvaldið gegn Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur.

Málið, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað með ákæru, dags. 12. nóvember 1982, á hendur Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur, Lokersvej 4, Vordingborg, Danmörku, fæddri 3. september 1955 í Reykjavík, fyrir, eins og í ákæru segir: „að hafa flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 980 gr af hassi, sem ákærða hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni, en við komu til Keflavíkurflugvallar fann tollgæslan hassið í fórum ákærðu og lagði hald á það."

Í nefndu ákæruskjali segir, að þessi meinta háttsemi teljist varða við 2. gr.,. sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þá segir í niðurlagi ákæruskjals, að þess sé krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku

á framangreindu hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. reglugerðarinnar.

Ákærða, sem er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fædd 3. september 1955, hefur ekki sætt refsingu, svo kunnugt sé.

MÁLSATVIK.

Hinn 3. september sl. kom Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, ákærða í máli þessu, með vél Flugleiða hingað til lands frá Kaupmannahöfn. Við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli fundust í fórum hennar 980 grömm af hassi, sem lagt var hald á.

Í lögregluskýrslum um atburð þennan kemur fram, að ákærða vakti athygli tollvarða á sér fyrir það að hafa verið áberandi taugaóstyrk. Leituðu tollverðir í farangri hennar og fundu umrætt hass í hliðartösku, sem ákærða bar yfir öxl sér.

Við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglustjóraembættisins gaf ákærða þá skýringu á greindu hassefni, sem hún staðfesti svo hér fyrir dómi, að hún hafi keypt það af óþekktum aðilja í Kaupmannahöfn þann 28. ágúst sl. fyrir danskar kr. 30.000.00 í þeim tilgangi að flytja það hingað til lands og selja það hér í veitingahúsum. Ágóðann kvaðst ákærða ætla að nota til þess að fjármagna verslunarrekstur, sem hún hugðist hefja hér á landi.

Rannsókn þessa máls beindist aðallega í þá átt að leiða í ljós, með hvaða hætti ákærða fjármagnaði kaup á þessum 980 grömmum af hassefnum, og sætti hún 13 daga gæsluvarðhaldi, meðan á þeirri rannsókn stóð.

Ákærða kvað fjárhag hennar og dansks sambýlismanns hennar vera bágborinn, en þau hafa að hennar sögn sameiginlegan fjárhag. Ákærða kvað þau skulda verulegar fjárhæðir og að hún hafi verið atvinnulaus sl. þrjá mánuði.

Ákærða kvaðst hafa staðið ein að þessum efniskaupum og hafa fjármagnað þau aðallega með tryggingarfé að upphæð um danskar kr. 25.000.00, er hún fékk greitt hjá Baltica Skandinavia tryggingarfélaginu í júní eða júlí 1981 vegna innbrots, er framið var í íbúð hennar í febrúar eða mars 1981.

Nefnt tryggingarfélag var beðið um upplýsingar um það, hvort ákærða hafi fengið greiddar umræddar tjónbætur, en það fékkst ekki staðfest.

Framhaldsrannsókn fór fram hér fyrir dómi á grundvelli nýrra upplýsinga, og kom þá í ljós, að ákærða hafði fengið bætur frá nefndu tryggingarfélagi fyrir innbrot í íbúð hennar í Kaupmannahöfn í júlí 1981 að upphæð danskar kr. 33.550.00.

NIÐURSTAÐA.

Fullsannað þykir með framburði ákærðu, sem studdur er gögnum málsins, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem greind er í ákæruskjali,

nánar að hafa flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 980 grömm af hassi, sem ákærða hugðist selja hér á landi í ágóðaskyni.

Ekki hefur annað komið fram í máli þessu en að ákærða hafi að öllu leyti ein staðið að umræddum hasskaupum.

Sýni af hassefni því, sem gert var upptækt í máli þessu, var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Með bréfi, dags. 30. desember 1982, fékkst staðfest, að sýnið væri kannabis og magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu væri 29 mg/g.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákærða hefur samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar, og þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði og 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 50 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Brot ákærðu er unnið í hagnaðarskyni, og þykir því rétt að beita fésekt til viðbótar fangelsisvist, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 75/1982.

Þá þykir rétt með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að til frádráttar refsingu komi sá tími, er ákærða sætti gæsluvarðhaldi, eða 13 dagar.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 4.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Upptækt til eyðingar dæmast þau 980 grömm af hassi, sem lagt var hald á, sbr. 5. gr., 5. mgr., laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr 10. gr. reglugerðarinnar nr. 390/1974.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jóna Eyjólfsdóttir, fædd 3. september 1955, sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði fésekt til ríkissjóðs, kr. 20.000.00. Refsivist til frádráttar komi 13 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað komi 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 4.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 980 grömm af hassefni, er lagt var hald á við rannsókn málsins.

Föstudaginn 21. október 1983.

Nr. 116/1981. **Nonni h/f**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar h/f og gagnsök
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Umsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 15. maí 1981. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, til vara krefst hann sýknu að svo stöddu, en til þrautavara krefst hann, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1981. Hann krefst aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða £ 12.806.39 í íslenskum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi ásamt 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til greiðsludags, allt að frádregnum 5.049.82 krónum, og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða 82.837.18 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, en með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags, og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til þess, sem fram er komið í málinu um fyrri viðskipti aðaláfrýjanda við hinn skoska fiskkaupanda, má fallast á, að aðaláfrýjanda hafi verið heimilt að selja honum fiskflökin gegn því, að hann samþykkti víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga eftir afhendingu.

Í fjarriti aðaláfrýjanda til kaupandans 10. maí 1979 segir, að kaupandinn hafi lofað gagnáfrýjanda, að greiðsla fyrir sendingar frá honum mundi ekki dragast meira en 7 daga frá uppskipun í Felistowe. Því er ekki andmælt, að vörunni hafi verið skipað upp í Felistowe eigi síðar en 9. apríl 1979. Gjalddagi víxils þess, sem aðaláfrýjandi sendi og ætlaðist til, að kaupandi samþykkti, var 17. apríl 1979. Kaupandinn óskaði eftir því við aðaláfrýjanda, að frekari greiðslufrestur yrði veittur. Ágreiningslaust er, að aðaláfrýjandi samþykkti, að kaupandinn fengi heimildarskjöl fyrir vörusendingunni afhent í Bank of Scotland gegn því að samþykkja víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga 30. apríl 1979. Ekki leitaði aðaláfrýjandi samþykkis gagnáfrýjanda á þessari breytingu á greiðsluskilmálum, svo sem honum bar að gera, meðal annars með hliðsjón af því greiðsluloforði kaupandans gagnvart gagnáfrýjanda, sem áður er lýst.

Aðaláfrýjandi ber því áhættuna af því, að varan fékkst ekki greidd, og er hann skaðabótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda fyrir tjóni hans af þessum sökum.

Tjón gagnáfrýjanda er fólgið í því, að hann fékk ekki greitt söluverð umræddrar vörusendingar að frádregnum umsýslulaunum og útlögðum kostnaði. Söluverðið nam £ 13.067.74. Gjalddagi víxils þess, sem aðaláfrýjandi sendi, var 17. apríl 1979. Má því ætla, að eigi síðar en næsta dag hefði greiðsla borist Útvegsbanka Íslands frá Bank of Scotland. Verður við ákvörðun tjóns gagnáfrýjanda byggt á kaupgengi sterlingspunds hér á landi þann dag, en það var gkr. 684.40. Nam söluverðið því gkr. 8.943.561.00.

Aðaláfrýjandi greiddi í þágu gagnáfrýjanda kostnað við vörusendinguna, sem nam gkr. 504.982. Þá er ágreiningslaust, að aðaláfrýjandi hafi áskilið sér 2% af heildarsöluverðinu í umsýslulaun. Nema þau samkvæmt framansögðu gkr. 178.871.22.

Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda gkr. 8.259.707.78, þ. e. 8.943.561.00 ÷ 178.871.22 ÷ 504.982.00 eða 82.597.08 ný-

krónum, sem aðaláfrýjanda ber að greiða með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 35.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Nonni h/f, greiði gagnáfrýjanda, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar h/f, 82.597.08 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði 35.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 19. febrúar 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. janúar sl., hefur Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, Óseyrarbraut 1, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 25. mars 1980, gegn Nonna h/f, Grandagarði 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega,* að stefnda verði gert að greiða £ 13.067.74 eða jafnvirði í íslenskum krónum á gengi á greiðsludegi með 19% ársvöxtum frá 1. apríl — 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þ. d. til 8. apríl 1980, en með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þ. d. til greiðsludags, og að stefnda verði

gert að greiða málskostnað að skaðlausu, en að frádregnum umboðslaunum og öðrum innlendum kostnaði stefnda.

Til vara, að stefnda verði gert að greiða £ 6.580.40 með vöxtum og málskostnaði eins og í aðalkröfu, en að frádregnum umboðslaunum og öðrum kostnaði stefnda.

Stefndi krefst þess aðllega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Jafnframt krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um andvirði 360 kassa af lausfrystum þorsk- og ýsuflökum, er flutt voru út til kaupanda í Skotlandi hinn 31. mars 1979.

II.

Stefnandi í máli þessu, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, verkaði fisk til útflutnings, þ. á m. lausfryst þorsk- og ýsuflök. Stefndi, Nonni h/f, annaðist fiskútflutning fyrir ýmsa fiskverkendur í umsýslusölu. Um árabil hafði stefndi annast slíkan fiskútflutning fyrir stefnanda, þ. á m. til fyrirtækisins West Coast Trawlers LTD., Alexandria, Dumbartonshire, Skotlandi. Ekki var neinn formlegur umsýslusamningur gerður milli málsaðilja. Stefnandi fól stefnda einfaldlega fisk til útflutnings, og stefndi stóð síðan stefnanda skil á andvirði vörunnar að frádregnum farmgjöldum, vátryggingu, útflutningsgjaldi og bankakostnaði svo og 2% söluþóknun, þegar greiðsla frá hinum erlenda kaupanda hafði borist.

Fisksending sú, er mál þetta snýst um, fór með m/s Mánafossi hinn 31. mars 1979, og var kaupandinn West Coast Tawlers Ltd. Stefndi sá að venju um alla samningsgerð og útflutningspappíra. Í útflutningsleyfi, er viðskiptaráðuneytið gaf út hinn 30. mars 1979, segir um viðskiptakjör (hvernig vara er seld og hvernig greiðsla fer fram): „C. I. F. Felixstowe. Greiðsla 17 dögum eftir afskipun frá Rvík."

Bréf stefnda til Útvegsbanka Íslands, dags. 2. apríl 1979, hljóðar svo: „Hjálagt sendum við yður eftirfarandi útflutningsskjöl yfir lausfryst fiskflök, er við sendum til West Coast Trawlers Ltd., Alexandria, Skotlandi, með m/s Mánafossi hinn 31.03.1979.

1. Vörureikning nr. 79.003, dags. 31.3.1979, að upphæð £ 13067.74.
2. Víxil að upphæð £ 13067.74 með gjalddaga 17.04.1979.
3. Frumrit farmbréfs.
4. Vátryggingarskírteini
5. Eur 1 vottorð
6. Matsvottorð

7. Útflutningsleyfi nr. 660, dags. 30.03.1979.
8. Ávísun nr. 8805, dags. 02.04.1979, v/útflutningsgjalds.

Skjöl þessi biðjum við yður vinsamlegast um að senda nú þegar til Bank of Scotland með ósk um, að þau verði afhent viðtakanda vörunnar gegn samþykki ofangreinds víxils. Greiðsla þessi óskast send pr. telex til yðar."

Jafnframt þessu sendi stefndi kaupandanum telexskeyti, þar sem hann skýrir frá sendingu umræddrs vörumagns, sem áætlað sé að afferma í Felixstowe miðvikudaginn 4. apríl, og tekur fram, að gjalddagi greiðslunnar sé 17. apríl.

Af telexskeytum stefnda til kaupandans hinn 17. apríl og 18. apríl má ráða, að dráttur hefur orðið á því, að kaupandinn samþykkti víxilinn og tæki við vörunni. Í fyrrnefnda skeytinu kemur fram, að vörunni hafi verið skipað upp í Felixstowe hinn 9. apríl og Útvegsbankinn hafi sent Bank of Scotland skjölin hinn 2. apríl. Í skeytinu lýsir stefndi undrun sinni yfir því, hvers vegna þeir hafi ekki enn samþykt víxilinn eða beðið um framlengingu til þess að geta fengið farminn afhentan. Jafnframt segir stefndi, að það eina, sem hann geti gert, sé að afla heimildar viðskiptaráðuneytisins og fela Útvegsbankanum að senda Bank of Scotland skeyti um að færa gjalddagann aftur, en með vísan til fyrra samkomulags milli Mr. Uncles (framkvæmdastjóra West Coast Trawlers Ltd.) og framleiðanda vörunnar, sem gert hafi verið, þegar Mr. Uncles kom síðast til Reykjavíkur, um, að greiðsla skuli fara fram 7 dögum eftir uppskipun, kveðst stefndi ekki geta samþykkt greiðslufrest lengur en til 24. apríl.

Í síðargreinda skeytingu hinn 18. apríl segist stefndi að fengnu samþykki viðskiptaráðuneytis hafa beðið Útvegsbankann að gefa Bank of Scotland fyrirmæli um að afhenda frumskjöl gegn samþykki víxils með gjalddaga 30. apríl.

Hinn 30. apríl sendi hinn skoski kaupandi stefnda telexskeyti, þar sem m. a. segir í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„varðandi útistandandi víxil, sem greiðast átti í dag, 13067.74 hef ég gefið hill samuel fyrirmæli um að greiða hann ekki núna. eins og er skuldast okkur eftirfarandi upphæðir vegna viðskipta við ísland

mál stíganda	1560.20
gjaldfallin lán	836.31
mál dalborgar	4183.89
Samtals	6580.40

þrátt fyrir samkomulag í desember 78 höfum við enn ekki fengið eitt penny í upphæðir þessar ... ef við fáum ekki ákveðnar tillögur þ. á m. greiðslurnar frá jan. til apríl 79, um framgang mála verðum við eingöngu að bjóða

6487.34 sem endanlegt uppgjör víxilsins og hætta síðan viðskiptum við nonna h.f.“

Með telexskeyti til West Coast Trawlers Ltd. hinn 2. maí 1979 mótmælti stefndi, Nonni h/f, slíkum skuldajöfnuði, kveðst eingöngu starfa sem miðlari og ekki geta blandað saman mismunandi sendingum. Jafnframt mótmælti stefndi efnislega gagnkröfu vegna Stíganda og bar fram tillögur um annað greiðsluform á tveim síðari gagnkröfuliðum. Með telexskeyti hinn 10. maí 1979 benti stefndi, Nonni h/f, West Coast Trawlers Ltd. á, að víxillinn yrði sendur í lögfræðilega innheimtu, yrði hann ekki greiddur, og tók jafnframt fram, að mál vegna gagnkrafnanna mundi taka mun lengri tíma en víxilmálið. Með telexskeyti hinn 23. maí gaf Nonni h/f West Coast Trawlers lokafrest til 25. sama mánaðar til þess að greiða víxilinn, ella yrði hann sendur í lögfræðilega innheimtu.

Lögfræðingur stefnda í Glasgow, R. H. Dicson, virðist nú hafa fengið víxilinn til innheimtu og hafið innheimtuaðgerðir í nafni Nonna h/f. Með bréfi, dags. 12. desember 1979, tilkynnir Nonni h/f Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni með vísan til fyrri samtala, að Nonni h/f framselji honum greinda kröfu með áskilnaði um, að Nonni h/f fái greiddan útlagðan kostnað og umboðslaun, þegar greiðsla berist erlendis frá, en hinn 23. nóvember 1979 hafði lögmaðurinn ritað Nonna h/f innheimtubréf fyrir hönd stefnanda, Fiskverkunar Bessa B. Gíslasonar. Jafnframt tilkynnti Nonni h/f hinum skoska lögmanni um framsalið og óskaði jafnframt eftir því, að málið yrði áfram rekið í nafni Nonna h/f. Lögmaðurinn, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, ritar Nonna h/f bréf hinn 14. desember 1979, þar sem segir m. a.:

„Þrátt fyrir framsalið eruð þér eftir sem áður ábyrgur fyrir kröfu umbj. míns að fjárhæð kr. 7.469.550.“

Jafnframt ritaði lögmaðurinn Guðjón hinn 17. desember 1979 hinum skoska lögmanni bréf, þar sem segir efnislega á þá leið, að sér hafi verið skýrt frá því, að skuldarinn hafi synjað um greiðslu vegna gagnkrafna út af göllum á öðrum vörusendingum frá Nonna h/f, sem séu umbjóðanda sínum óviðkomandi. Getur lögmaðurinn þess, að samkvæmt íslenskum lögum séu slíkar gagnkröfur ekki hæfar til að mæta víxilkröfum, og kveðst vera í þeirri trú, að svo sé einnig að skoskum lögum. Bréfi þessu svarar hinn skoski lögmaður 27. desember 1979 og segir efnislega, að víxlinum sjálfum hafi verið breytt og þar af leiðandi sé gildi hans sem sönnunargagns ekki eins mikið og ætlað hafi verið. Lögmaðurinn Guðjón ritaði nú hinn 15. janúar 1980 Nonna h/f bréf, þar sem hann kveður umbj. sinn eftir móttöku bréfs Mr. Dicksons lögmanns ekki sjá sér fært að bíða eftir, að krafa sú, sem hinn skoski lögmaður hafi til innheimtu, verði greidd, og krefur því Nonna h/f um greiðslu skuldarinnar.

Eftir að mál það, sem hér er til úrlausnar, var höfðað, spurðist stefndi, Nonni h/f, með bréfi, dags. 6 júní 1980, fyrir um það hjá hinum skoska lögmanni, hvað innheimtunni liði. Í svarbréfi lögmannsins, dags. 25. júní 1980, segir á þá leið, að með því að breyta gjalddaga slíks víxils, án þess að báðir aðiljar undirriti, missi skjalið sína grundvallarþýðingu. Skjalið sé þó sönnunargagn um kröfuna. Málið sé enn til meðferðar fyrir dómi.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 1980, skýrir lögmaðurinn Dickson Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni frá greiðsluþroti West Coast Trawlers Ltd. Bústjóri hafi verið útnefndur, sem í raun þýði, að félagið sé undir þrotameðferð. Gagnkröfur (á Nonna h/f) nemi líklega £ 8.883.87, en fyrir liggi aðeins viðurkenning Nonna h/f á gagnkröfum að fjárhæð £ 4.183.87. Loks skýrir lögmaðurinn frá því með bréfi, dags. 30. desember 1980, að endurskoðandi félagsins beiti haldsrétti í bókhaldsgögnum þess fyrir ógreiddri þóknun sinni og þar til bókhaldið fáist afhent, telur hann málið vera í sjálfheldu.

III.

Aðalkröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að stefndi, Nonni h/f, hafi farið út fyrir umsýsluumboð sitt og bakað sér ábyrgð með því að afhenda vöruna, án þess að greiðsla væri tryggð. Hinn rétti greiðslumáti í útflutningsviðskiptum sem þessum sé staðgreiðsla (cash against documents) eða bankatrygging. Stefndi hafi á hinn bóginn selt vöruna á víxli. Stefnanda hafi verið ókunnugt um þá aðferð. Meginatriði í samningi stefnanda og stefnda um útflutning vörunnar hafi verið það, að stefnandi hafi treyst stefnda til að annast útflutning vörunnar, þannig að greiðsla væri trygg. Enn fremur byggir stefnandi á því, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefnda hafi verið heimilt að selja vöruna á víxli, að síðari aðferðir stefnda baki honum einnig sjálfstæða ábyrgð. Stefndi hafi án þess að leita heimildar stefnanda samþykkt viðbótargreiðslufrest, það hafi leitt til þess, að víxlinum hafi verið breytt með þeim hætti, að víxilréttur samkvæmt honum glataðist. Þau mistök, er þá gerðust, séu alfarið á ábyrgð stefnda. Missir víxilréttarins hafi leitt til þess, að ókleift hafi reynst að innheimta skuldina í víxilmáli vafningalaust og á skömmum tíma. Á þeim tíma, sem innheimtan hafi tafist af þessum sökum, hafi skuldarinn orðið ógjaldfær. Þannig hafi breyting sú, er stefndi heimilaði á gjalddaga víxilsins beinlínis valdið því, að krafan á hendur hinum erlenda kaupanda sé nú töpuð.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi, Nonni h/f, hafi þegar fengið hluta kröfunnar greiddan með skuldajöfnuði. Hvernig svo sem á málið verði litið að öðru leyti, þá geti enginn vafi leikið á því, að stefndi eigi að standa stefnanda skil á þeim hluta kröfunnar, sem sé niður fallin

fyrir skuldajöfnuð, enda sé þar um að ræða lögmæta greiðslu hins erlenda skuldara til stefnda, sem stefnda beri að standa stefnanda skil á.

Í málsreifun sinni leggur stefndi áherslu á, að umsýslumaður sé almennt ekki ábyrgur gagnvart umsýsluveitanda fyrir samningsefndum þriðja manns. Svo framarlega sem umsýslumaður haldi sig innan ramma umsýslusamnings, verði umsýsluveitandi að sætta sig við þá löggerninga, sem umsýslumaður gerir. Stefndi telur, að bæði samkvæmt viðskiptavenju og samkvæmt samningum málsaðilja hafi sér verið heimilt að selja vöruna á víxli. Þessu til stuðnings bendir stefndi í fyrsta lagi á vottorð Verslunarráðs Íslands, dags. 9. des. 1980, sem er svar við fyrirspurn lögmanns stefnda um, hver séu venjuleg greiðslukjör við sölu freðfisks á erlendan markað, svohljóðandi:

„Eftir upplýsingum frá nokkrum útflytjendum og gjaldeyrisbönkum virðast algengustu greiðsluskilmálarnir í þessum viðskiptum vera staðgreiðsla (cash against documents). Hér er þó ekki um algilda reglu að ræða, þar sem dæmi eru bæði um stofnun bankaábyrgða og um skammtíma greiðslufrest. Greiðslukjör eru að sjálfsögðu oftast ákveðin í samræmi við það traust, sem kaupandi vörunnar nýtur hjá seljanda, og af þeim sökum er engar algildar reglur að finna, sem unnt sé að fara eftir."

Í öðru lagi hefur stefndi lagt fram ljósrit af útflutningsleyfi, dags. 21. sept. 1978, fyrir lausfrystum ýsuflökum frá stefnanda til West Coast Trawlers Ltd., þar sem segir, að vara sé seld á „21 dags víxli frá afskipun," og ljósrit af útflutningsleyfi, dags. 25. október 1978, vegna sömu aðilja, þar sem segir: „Greiðslufrestur í 21 dag eftir hverja afskipun." Telur stefndi þessi skjöl staðfesta ásamt útflutningsleyfinu fyrir vöru þeirri, er mál þetta snýst um, að viðskiptaráðuneytið, sem eigi samkvæmt tilgangi útflutningsleyfa að sjá um, að góðar viðskiptavenjur séu haldnar og að hagsmunir fiskseljenda séu tryggðir, samþykki fyrirstöðulaust greiðslufrest og geri hvorki kröfur til staðgreiðslu né bankatryggingar. Enn fremur telur stefndi þessi skjöl sýna, að það hafi ekki verið nýmæli, heldur regla um útflutning frá stefnanda, að greiðslufrestur á víxli væri veittur. Telur stefndi, að ekki þurfi að fara í grafgötur um, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um þennan viðskiptamáta.

Í þriðja lagi fullyrðir stefndi, að beinlínis hafi verið svo um samið við Bessa B. Gíslason, að varan væri seld með greiðslufresti á víxli. Þórir Hall, skrifstofustjóri stefnda, hefur fyrir dóminum borið, að þeir hafi bæði gagnvart Bessa og öðrum framleiðendum „alltaf tekið það fram, að þessi vara, hún fari út á þeim grundvelli, að viðkomandi samþykki víxil til svo og svo langs tíma." Skrifstofustjórinn lýsti því einnig, að forstjóri West Coast Trawlers Ltd., Mr. Uncles, hafi komið hingað til landsins í febrúar 1979 og þá hafi hann heimsótt Bessa B. Gíslason á heimili hans við Hringbraut

og þá hafi þetta verið rætt. Bendir stefndi á því til stuðnings, að síðastgreind fullyrðing sé ekki síðari tíma tilbúningur til orðinn undir rekstri málsins, að í telexskeyti Nonna h/f til West Coast Trawlers Ltd. hinn 10. maí 1979 segir: „Þegar Mr. Uncles var hér í febrúar s. l. lofaði hann framleiðandanum sem er hinn raunverulegi eigandi hins ógreidda víxils að greiðsla fyrir sendingar frá honum mundi ekki dragast meira en 7 daga frá uppskipun í Felixstowe."

Varðandi breytinguna á víxlinum þá leggur stefndi áherslu á, að hann hafi haft heimild viðskiptaráðuneytis til þess að samþykkja lengri greiðslufrest og Útvegsbankinn hafi annast alla milligöngu um þá breytingu, þ. e. falið viðskiptabanka sínum í Skotlandi að annast hana. Stefndi hafi orðið að treysta bankanum í þessu efni og ekki getað betur gert. Bendir stefndi í þessu sambandi á telexskeyti sitt hinn 18. apríl 1979 til West Coast Trawlers Ltd., þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi með samþykki viðskiptaráðuneytis beðið Útvegsbankann að gefa Bank of Scotland fyrirmæli um að afhenda frumskjöl *gegn samþykki víxils með gjalddaga 30. apríl.* Raunar kveðst stefndi ekki með nokkru móti skilja, á hverju fullyrðingar hins skoska lögmanns um, að víxilréttur hafi glatast, séu reistar. Af öllu þessu telur stefndi ljóst, að hann hafi ekki á nokkurn hátt farið út fyrir umboð sitt, og telur breytinguna á víxlinum alfarið á áhættu umsýsluveitandans auk þess sem hann telur ósannað, að missir víxilréttar, ef svo sé, að hann hafi tapast, hafi breytt nokkru um, að krafan fengist greidd.

Varakröfu stefnanda mótmælir stefndi með þeim rökum, að skuldajöfnuður hafi ekki komist á. Í fyrsta lagi geti kaupandinn ekki skuldajafnað, þar sem gagnkröfurnar séu að mestu á óviðkomandi aðilja, aðra íslenska fiskframleiðendur. Í öðru lagi séu þessar gagnkröfur aðeins viðurkenndar að því er varðar £ 4.189.89, en mótmælt hafi verið sem efnislega röngum gagnkröfum að fjárhæð £ 2.396.51, því fremur sé mótmælt hækkun á gagnkröfum úr £ 6.586.40 í £ 8. 883.87, sbr. áður tilvitnað bréf hins skoska lögmanns frá 6. nóvember 1980.

Loks mótmælir stefndi því alfarið, að stefnandi miði kröfur sínar við sterlingspund eða jafnvirði í íslenskum krónum í gegni á greiðsludegi. Telur hann, að miða beri við verðmæti vörunnar í íslenskum krónum, er sala fór fram, svo sem stefnandi gerir í hinum upphaflegu stefnukröfum og áður í innheimtubréfum og fyrst í reikningi, dagsettum 28. mars 1979, sem innheimtubréf og stefnukröfur voru byggðar á, og hljóðar svo:

„An: Lausfryst, 30 kíló kassinn:

247 kassar þorskflök 7.410 á 680 =	kr.	5.038.880
113 kassar ýsuflök 3.390 á 725 =	kr.	2.457.750
	kr.	7.496.550."

Að endingu mótmælti stefndi vaxtakröfu.

IV.

Stefndi hefur sundurliðað útlagðan kostnað og umboðslaun sem hér segir:

1. Flutningsgjald, útlagt af stefnda	gkr.	377.130
2. Vátryggingargjald, útlagt af stefnda	gkr.	43.802
3. 20% af útflutningsgjaldi, útlagt af stefnda ...	gkr.	84.050
	gkr.	504.982

4. Óuppgerð 2% umboðslaun af CIF verði, £ 13.067.74, hinnar seldu vöru samkvæmt sölugengi sterlingspunds á greiðsludegi.

V.

Álit réttarins

Stefndi flutti út fiskflök fyrir stefnanda í umsýslusölu. Ekki leiðir það réttarsamband eitt sér til þess, að stefndi teljist ábyrgur fyrir greiðslu vörunnar eða samningsefndum hins erlenda kaupanda.

Stefndi seldi vöruna með þeim skilmálum, að heimildarskjöl fyrir henni skyldu afhendast hinum erlenda kaupanda gegn því, að hann samþykkti víxil með tilteknum gjalddaga fyrir andvirðinu. Var þetta í samræmi við það, sem áður hafði tíðkast við sölur á framleiðslu stefnanda til þessa erlenda kaupanda. Ekki fór þessi aðferð í bága við reglur þær, er viðskiptaráðuneytið starfaði eftir á grundvelli 8. gr. laga 30/1960 (nú 13. gr. laga 63/1979), sbr. reglugerð nr. 95/1960. Ekki verður talið, að þessi aðferð hafi eigi rúmast innan umboðs stefnda án sérstakrar heimildar frá stefnanda. Sama er að segja um þá aðgerð stefnda að heimila lengri greiðslufrest gegn samþykki nýs víxils, þegar í ljós kom, að misbrestur eða tafir höfðu orðið á því, að hinn skoski kaupandi nálgaðist vöruna.

Málsaðiljar eru í sjálfu sér sammála um, að eigi hafi verið gengið svo frá umræddum víxli sem til var ætlast og að víxilréttur samkvæmt honum hafi glatast, þótt þeir hafi ekki upplýst, með hvaða hætti það varð.

Þótt út frá því megi almennt ganga, að umsýslumaður beri gagnvart umsýsluveitanda ábyrgð á mistökum aðstoðarmanna sinna, þ. á m. banka, þá verður eigi talið, að í máli þessu, eins og það nú liggur fyrir, sé nægilega fram komið, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna missis víxilréttarins.

Fyrir liggur, að stefndi, Nonni h/f, seldi hinum skoska kaupanda vöruna sem umsýslumaður í eigin nafni. Hinn skoski kaupandi gat því að glötuðum

víxilréttinum haft uppi til skuldajafnaðar við söluandvirði vörunnar hvers konar gagnkröfur á hendur stefnda, Nonna h/f, sem að öðru leyti fullnægðu skuldajafnaðarskilyrðum. Með skeyti, dags. 30. apríl 1979, lýsti hinn skoski kaupandi yfir skuldajöfnuði fyrir £ 6.580.40. Af þeirri gagnkröfu virðist stefndi, Nonni h/f, hafa viðurkennt £ 4.189.89. Stefnandi hefur leitt nokkrar líkur að því, að stefndi verði að þola skuldajöfnuð fyrir hærri fjárhæðinni. Stefndi, Nonni h/f, hefur ekki hnekkt þeim líkum með neinum viðhlítandi gögnum eða málsreifun. Með tilliti til þess, hvernig sönnunarskyldu í máli þessu er háttað, verður á því að byggja, að stefndi, Nonni h/f, hafi fengið greidd með skuldajöfnuði £ 6.580.40 af söluandvirði vörunnar. Á þeirri fjárhæð ber stefnda að standa stefnanda skil að frádregnum umboðslaunum og kostnaði. Með tilliti til málflutnings og kröfugerðar stefnanda verður eigi frekar hugað að því, hvort stefndi hafi í raun fengið greidd með skuldajöfnuði £ 8.883.87, þótt tiltekin vísbending þar um komi fram í áður tilvitnuðu bréfi hins skoska lögmanns Dicksons frá 27. desember 1979.

Samkvæmt framansögðu fékk stefndi hinn 30. apríl 1979 greidd £ 6.580. 40 af kröfunni, er honum bar þegar í stað að standa stefnanda skil á í íslenskum krónum að frádregnum umboðslaunum og kostnaði. Tildæmd fjárhæð verður því miðuð við þá fjárhæð á gengi þess dags og með vöxtum frá þeim degi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda gkr. 3.783.753, þ. e. jafnvirði £ 6.580.40, á gengi hinn 30. apríl 1979, sem var kr. 678.70, eða kr. 4.466.117, að frádregnum kr. 682.364, þ. e. kostnaði, kr. 504.982, og umboðslaunum, þ. e. £ 13.067.74 x kr. 678.70 x 0.02 = kr. 177.382.

Sýknað er að svo stöddu af þeim hluta dómkröfu stefnanda, sem þar umfram er.

Málskostnaður ákveðst gkr. 1.000.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Hlöðver Kjartanssyni fulltrúa.

Dómsorð:

Stefndi, Nonni h/f, greiði stefnanda, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, nýkr. 37.837.53 með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, en með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 19. febrúar 1980, en með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags, og nýkr. 10.000.00

í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sýknað er að svo stöddu af þeim hluta dómkrafna, sem umfram er.

Mánudaginn 24. október 1983.

Erlingur B. Thoroddsen
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Ragnari Halldóri Hall borgarfógeta f. h. þrotabús Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f.
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Forgangsröð kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1982. Krefst hann þess, að krafa áfrýjanda um vinnulaun í hið stefnda þrotabú skuli teljast forgangskrafa, sbr. 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er um það deilt, hvort krafa áfrýjanda njóti forgangsréttar samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga sem laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f.

Ekki var gerður neinn ráðningarsamningur milli áfrýjanda og sælgætisgerðarinnar og ekkert samið um launakjör hans. Hann var í aðalstarfi hjá öðrum vinnuveitanda og vann starf sitt að mestu eða öllu leyti heima hjá sér og utan venjulegs vinnutíma. Þar hafði hann í sínum vörslum bókhaldsgögn félagsins. Hann réð sjálfur, hvernig hann hagaði starfi sínu. Meðal gagna máls er ,,afrit launa-

viðtakanda" af launaseðli með nafni áfrýjanda, dagsettum 31. júlí 1981. Á seðil þennan er aðeins skráð: „LAUN 1/1 — 31/7 '81 21.000.-"

Þegar það er virt, sem nú er rakið, verður ekki talið, að krafa áfrýjanda sé krafa fyrir laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu sælgætisgerðarinnar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. desember 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Sóknaraðili, Erlingur B. Thorddsen, Flókagötu 5, Reykjavík, gerir þá kröfu, að viðurkennt verði með úrskurði, að krafa hans í þrotabú Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f skuli teljast forgangskrafa, þar sem um vinnulaun sé að ræða.

Af hálfu varnaraðilja, þrotabús Sægætisgerðarinnar Víkings h/f, eru engar kröfur gerðar.

Með úrskurði réttarins, uppkveðnum 11. september 1981, var bú Sælgætisgerðarinnar Vikings h/f, Reykjavík, nafnnr. 9242 - 9881, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 7. október 1981.

Af hálfu sóknaraðilja var kröfu lýst í búið á kröfulýsingarfresti. Segir m. a. í kröfulýsingunni: „..Krafan er vegna ógreiddra vinnulauna .... fyrir mánuðina janúar — júlí 1981. Krafan sundurliðast svo:

Höfuðstóll	kr.	21.000.00
Vextir	—	3.475.66
Innheimtulaun	—	2.630.58
Samtals	kr.	27.106.24

Meðfylgjandi eru launseðill ... og afrit innheimtubréfs. Kröfunni er lýst sem forgangskröfu ...".

Hinn 23. nóvember 1981 var í skiptarétti Reykjavíkur tekin skýrsla af sóknaraðilja varðandi störf hans í þágu félagsins fyrir töku bús þess til

gjaldþrotaskipta. Skýrði hann þar m. a. svo frá, að hann hefði starfað við bókhaldsvinnu fyrir félagið frá því í febrúarmánuði sl. Hann hafi fyrst óskað eftir greiðslum launa í maí og hafi fyrirsvarsmenn félagsins lofað honum greiðslu, en það hafi brugðist. Hafi m. a. komið til tals, að hann fengi laun greidd með viðskiptavíxlum, en ekki hafi þó orðið af því. Kvað hann ekki hafa verið gerðan ráðningarsamning við hann skriflega, en um það rætt, að hann héldi til haga upplýsingum um fjölda unninna vinnustunda, sem síðan yrði greitt fyrir. Kvaðst sóknaraðili hafa ætlað, að hann hafi unnið að meðaltali um 50 stundir á mánuði og reiknað sér kr. 60.00 fyrir hverja klukkustund. Aðspurður kvaðst hann bæði hafa unnið að verkefnum sínum fyrir félagið í starfsstöð þess og heima hjá sér. Hafi hann litið á sig sem starfsmann félagsins í þessu sambandi, en ekki sem sjálfstæðan verktaka, þó svo að hann hafi unnið að þessum verkefnum utan reglulegs vinnutíma.

Með tveimur bréfum, dags. 9. desember 1981, tilkynnti skiptaráðandi lögmanni sóknaraðilja um afstöðu, sem hann hefði tekið til viðurkenningar á kröfugerð sóknaraðilja. Er þar annars vegar vikið að útreikningi vaxta, og er sá þáttur ekki til úrlausnar í máli þessu. Hins vegar er svo um að ræða afstöðu til kröfu sóknaraðilja um, að krafa hans skuli flokkuð í skuldaröð sem forgangskrafa. Segir um þetta atriði í tilkynningu skiptaráðanda til lögmannsins, að sú afstaða hafi verið tekin á skrá yfir lýstar kröfur í búið, að hafna beri kröfu um forgangsrétt hennar, en að viðurkenna skuli kröfuna sem almenna kröfu í búið.

Skiptafundur var haldinn 17. desember 1981 til að taka endanlega afstöðu til lýstra krafna í búið. Var þar sótt þing af hálfu sóknaraðilja og andmælt afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar á umkröfðum forgangsrétti og krafist úrskurðar þar um. Af hálfu annarra kröfuhafa komu ekki fram nein viðbrögð við þessari kröfu, og verður því að leggja úrskurð á málið samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun sóknaraðilja.

Eins og rakið er hér að framan, er ekki deilt um fjárhæðir í máli þessu, heldur um stöðu kröfu sóknaraðilja í skuldaröð. Veltur úrlausn máls þessa á skýringu á 1. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, sbr. og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga skulu m. a. kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þágu félags, sem féllu í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir töku bús þess til gjaldþrotaskipta, ganga næstar kröfum samkvæmt 82. og 83. gr. skiptalaganna. Samkvæmt 85. gr. laganna skulu þær kröfur, sem 82.—84. gr. tekur til, greiddar að fullu, áður en nokkuð greiðist upp í aðrar, þ. e. almennar kröfur.

Ljóst þykir, að skýra verður þröngt þær reglur, sem kveða á um for-

gangsrétt tiltekinna kröfuhafa til greiðslu úr búi. Eins og rakið var hér að framan, var sóknaraðili ekki ráðinn til starfa hjá Sælgætisgerðinni Víkingi h/f sem launþegi samkvæmt tilteknum kjarasamningi eða með sérstökum ráðningarsamningi, heldur tók hann að sér að vinna tiltekið verk fyrir félagið utan reglulegs vinnutíma fyrir tímavinnukaup, sem hann virðist hafa sett upp sjálfur. Réttarsambandið milli aðiljanna var því ekki eins og tíðkast milli vinnuveitanda og launþega, heldur verður að telja, að sóknaraðili hafi tekið umrætt verkefni að sér sem sjálfstæður verktaki. Skiptir í því sambandi ekki máli, hvar verkið var eða skyldi unnið. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðilja í máli þessu.

Ekki er krafist málskostnaðar í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Erlings B. Thoroddsen, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. október 1983.

Nr. 121/1981. **Jón Oddsson**
(sjálfur)
gegn
Ingólfinu Eggertsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Lögmannsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. maí 1981. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum stefndu og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Oddsson, greiði stefndu, Ingólfínu Eggertsdóttur, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 6. maí, höfðaði Ingólfína Eggertsdóttir, Hagamel 53, Reykjavík, gegn Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, Garðastræti 2, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. desember 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skuld að fjárhæð kr. 3.190.75 með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember s. á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að mati dómsins. Til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, þ. á m. vaxtakröfur, og aðeins teknar til greina að óverulegum hluta og málskostnaður falli þá niður.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Málavextir

Hinn 24. apríl 1978 var gefið út leyfi í borgardómi Reykjavíkur til skilnaðar að borði og sæng til handa stefnanda og eiginmanni hennar, Sigurbirni Guðmundi Björnssyni. Hjónaskilnaðarmálið hafði verið tekið fyrir af yfirborgardómaranum í Reykavík sama dag. Áður, eða 19. apríl, höfðu hjónin undirritað svofellda skilnaðarskilmála:

„Við undirrituð hjón Ingólfína Sigríður Eggertsdóttir, f. 10. maí 1924, og Sigurbjörn Guðmundur Björnsson, f. 17. mars 1921, bæði til heimilis að Nesveg 59 í Reykjavík og gengum í hjúskap 9. desember 1944 og höfum nú orðið ásátt um að æskja skilnaðar að borði og sæng, gerum með okkur svofellda

SKILNAÐARSKILMÁLA

1. Við eigum saman 4 börn, þ. e. Arnar, f. 1945, Þráinn, f. 1947, Bergljót, f. 1955, og Steingerður, f. 1961. Börnin verða öll komin yfir 17 ára aldur 15. apríl 1978, og kemur því ekki til greina að semja um forræði eða meðlagsgreiðslur.

2. Eignir bús okkar eru: risíbúð í húsinu nr. 59 við Nesveg í Reykjavík, nánar tiltekið 33% hússins nr. 59 við Nesveg og ⅓ meðfylgjandi eignarlóðarréttinda, eignin er háð ákvæðum laga um byggingasamvinnufélög og þinglesin á nafn Sigurbjörns G. Björnssonar. Nánar tilgreint er hér um að ræða 5 herbergja íbúð, eldhús og baðherbergi ásamt stóru geymslulofti í efra risi hússins og hlutdeild í sameign og eignarlóðarréttindum ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber. Íbúðin, sem er að hluta undir risi, er á annarri hæð hússins. Aðrar eignir búsins eru innbú og lausafjármunir í íbúðinni, 2 stk. hlutabréf í Nýju-Sendibílastöðinni h.f., Reykjavík, sendiferðabifreið af Chevrolet-gerð, peningar og aðrir lausafjármunir. Skuldir eru áhvílandi veðskuldir á fasteigninni svo og opinber gjöld, sbr. álagningu 1978 vegna tekna 1977.

Eignaskipti fari þannig fram:

a) Í hlut konunnar kemur ofangreind fasteign að nr. 59 við Nesveg í Reykjavík, og tekur konan að sér greiðslur allra áhvílandi veðskulda og aðra skatta og skyldur af eigninni. Skal við undirskrift samnings þessa ofangreind fasteign þinglesin af nafni mannsins yfir á nafn konunnar. Í hlut konunnar kemur og allt innbú og lausafjármunir, sem eru í íbúðinni, þ. á m. borðbúnaður og eldhúsáhöld. Þó skal maðurinn fá í sinn hlut persónulega muni af innbúi. Þá skal maðurinn greiða konunni í peningum kr. 500.000.00 við undirskrift þessa samnings.

b) Í hlut mannsins kemur ofangreind sendiferðabifreið af Chevrolet-gerð, 2 stk. hlutabréf í Nýju-Sendibílastöðinni h.f., Reykjavík, svo og persónulegir munir, sbr. ofangreint. Konan tekur að sér, sbr. lið a) hér að ofan, greiðslur allra áhvílandi veðskulda á ofangreindri fasteign og aðrar skyldur og gjöld varðandi fasteignina, en maðurinn greiðslur annarra skulda, þ. á m. vegna opinberra gjalda, sbr. og álagningu 1978 vegna tekjuársins 1977.

3. Hvorugur aðili gerir kröfu um lífeyri.

Samkomulagi þessu til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 19. apríl 1978

Ingólfína Eggertsdóttir

Sigurbjörn G. Björnsson

Vottar:
Jón Oddsson
Valg. Bára Guðmundsd.“

Stefnandi leitaði lögfræðilegrar aðstoðar hjá stefnda vegna skilnaðarins, og lét stefndi þá aðstoð í té.

Eins og fram kemur í skilnaðarskilmálunum, bar eiginmanni stefnanda að greiða henni gkr. 500.000 í peningum við undirskrift þeirra, en greiðslan mun þó ekki hafa farið fram. Að því er segir í stefnu mun eiginmaður stefnanda um svipað leyti og gefið var út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng hafa greitt fjárhæðina til stefnda, sem síðan hefur haldið henni, og er það óumdeilt í málinu.

Stefndi sendi síðan stefnanda svohljóðandi reikning, dagsettan 14. nóvember 1978:

„VIÐSKIPTAREIKNINGUR

An:	*Innborgað*		*kr. 500.000.00*
	Útlagður kostnaður	*kr. 14.725.00*	
	Lögfræðiaðstoð v/skilnaðarmáls	*— 487.000.00*	
		kr. 501.725.00	*kr. 500.000.00*

Skuld því kr. 1.725.00“

Stefnandi taldi reikning þennan allt of háan og óskaði eftir því, að stefndi sundurliðaði hann. Stefnandi fékk svohljóðandi sundurliðun á reikningnum í bréfi, dags. 23. nóvember 1978:

„SUNDURLIÐUN REIKNINGS DAGS. 14. NÓVEMBER 1978.

1.	Samkvæmt 16. gr. gjaldskrár L.M.F.Í		kr. 67.000.00
2.	Samkvæmt 16. gr. gjaldskr. 15. gr. C liður		— 800.000.00
		Samtals	kr. 867.000.00
3.	Mót og ferðir v/þingl. og fleira		— 20.000.00
			kr. 887.000.00
	Frádrag vegna einkasölu á fasteign		— 400.000.00
			kr. 487.000.00
4.	Útlagður kostnaður:		
	Þingl.	kr. 6.875.00	
	Lóðarskrá	— 500.00	
	Fasteignamat	— 50.00	
	Endurr. og birtingark.	— 5.000.00	
	Bílkostnaður	— 4.500.00	kr. 14.725.00
		Samtals	kr. 501.724.00.“

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979, sendi stefnandi Lögmannafélagi Íslands reikning þennan ásamt sundurliðuninni. Í bréfinu setur hún fram þá ósk, að athugað verði, hvort reikningurinn geti staðist, og lýsir enn fremur viðskiptum sínum við stefnda. Þetta mál var tekið fyrir á fundi stjórnar Lögmannafélagsins 24. janúar og þar ákveðið að senda stefnda endurrit af bréfi stefnanda til umsagnar. Stefndi sendi Lögmannafélaginu umsögn í bréfi, dagsettu 6. febrúar. Segir m. a. eftirfarandi í bréfi þessu:

„Reikningur fyrir mín störf fyrir kæranda var að fjárhæð kr. 501.725.00 og var samin með hliðsjón af lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. Sundurliðast hann þannig:

A.	Sbr. 16. gr.		kr. 67.000.00
B.	Sbr. 16. gr., sbr. 15. gr. C liður		— 400.000.00
C.	Mót og ferðir v/þingl. og fl.		— 20.000.00
D.	Útlagður kostnaður, sbr. sundurliðun í reikning		— 14.725.00
		Samtals	kr. 501.725.00
	Innborgað	kr. 500.000.00	
	Leiðrétting vegna vanreikn. útlagðs kostnaðar ..		— 2.200.00
	Mismunur	— 3.925.00	
		kr. 503.925.00	503.925.00

Eftirstöðvar því kr. 3.925.00.“

Enn ritar stefnandi Lögmannafélaginu bréf, dags. 20. febrúar 1979. Í upphafi þess segir svo:

„Ég hef móttekið bréf frá L. M. F. Í., dags. 8. febrúar 1979, ásamt hjálögðu afriti af bréfi frá Jóni Oddssyni, hrl., til L. M. F. Í.

Ég átta mig ekki fyllilega á því, hvað stjórn Lögmannafelagsins ætlast til, að ég leggi fram á þeim fresti, sem gefinn er í bréfi þess. Ég tek það þó á þann veg, að hún óski eftir umsögn minni um þau atriði, sem fram koma í bréfi Jóns og stangast á við lýsingu mína á málinu. Mun ég gera það eftir bestu getu.“

Í framhaldi er umsögn stefnanda.

Bréfi þessu fylgdi svohljóðandi yfirlýsing frá eiginmanni stefnanda, Sigurbirni Björnssyni, dags. 13. febrúar 1979:

„Ég votta það hér með, að það samkomulag, er varð á milli mín og eiginkonu minnar þáverandi Ingólfínu Eggertsdóttur, til heimilis að Nesvegi 59, um skiptinug eigna okkar varð ekki fyrir milligögnu lögmanna eða að þeirra tilstuðlan.

Jón Oddsson, hrl., hafði ég aldrei séð eða við hann talað fyrr en við

hjónin undirrituðum skilnaðar— og eignaskiptasamning á skrifstofu lögmannsins 19. apríl 1978."

Hinn 22. febrúar 1979 ritaði skrifstofa Lögmannafélagsins bréf til stefnanda, þar sem skýrt er frá því, að á fundi stjórnar félagsins daginn áður hafi kærumál stefnanda verið á dagskrá og ákveðið hafi verið að leggja fyrir gjaldskrárnefnd félagsins að láta í té vottorð um, hver skuli vera réttmæt þóknun stefnda fyrir störf hans í þágu stefnanda.

Á fundi sínum 24. apríl kemst gjaldskrárnefndin að þeirri niðurstöðu, að hæfileg þóknun til stefnda teljist kr. 100.000 auk útlagðs kostnaðar.

Hinn 30. apríl ritar stefndi Lögmannafélaginu bréf og kveður sig ekki hafa fengið önnur gögn um kærumál stefnanda til umfjöllunar en ljósrit af kærubréfi hennar og kveðst telja mikilsvert, að hann fái að sjá ljósrit af gögnunum, áður en málið fái meðferð hjá gjaldskrárnefndinni, og tækifæri til þess að tjá sig um þau.

Stjórn Lögmannafélagsins kom saman 2. maí til fundar og tók m. a. fyrir kærumál stefnanda. Í fundargerð segir eftirfarandi um kærumálið:

„Svohljóðandi álitsgerð samþykkt:

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979, fer Ingólfína Eggertsdóttir þess á leit við Lögmannafélag Íslands, að það gefi álit á reikningi Jóns Oddssonar, hrl., dagsettum 14. nóv. 1978, að fjárhæð kr. 501.725.- vegna starfa hans í sambandi við skilnað hennar. Hafa félaginu borist greinagerðir frá báðum aðilum.

Skv. heimild í 11. gr. samþykkta fyrir Lögmannafélag Íslands sendi stjórnin erindið til umsagnar gjaldskrárnefndar félagsins, og fellst stjórnin á ályktun nefndarinnar.

Álitsgerð:

Þóknun Jóns Oddssonar hrl. vegna framangreindra starfa telst hæfilega ákveðin kr. 100.000.- auk útlagðs kostnaðar."

Hinn 23. maí 1979 ritar stefnandi formanni Lögmannafélagsins bréf og kveðst nú hafa fengið í hendur bréf stefnanda frá 20. febrúar, sem hann hafi ekki vitað um, þegar honum hafi borist tilkynning um ákvörðun stjórnar Lögmannafélagsins að vísa kærumálinu til gjaldskrárnefndar. Hann telur meðferð kærumálsins mjög vítaverða og í bréfi stefnanda frá 20. febrúar úi og grúi af ranghermi. Stefnandi skýri ekki rétt frá málum, eins og yfirlýsing Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem bréfinu fylgdi, beri með sér. Þá kveður stefndi yfirlýsingu Sigurbjarnar Björnssonar frá 13. febrúar vera ranga. Stefndi óskar eftir því að fá upplýst nokkur atriði, sem hann telur upp, áður en hann skili endanlegri greinargerð. Stefndi óskar síðan eftir því að fá að koma að greinargerð í kærumálinu.

Framangreind yfirlýsing Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 23. júní 1979 (sic) er svohljóðandi:

„Skv. beiðni hrl. Jóns Oddssonar vottast hér með eftirfarandi:

Í apríl—mánuði 1978 kom að máli við mig hr. Sigurbjörn Björnsson, þá til heimilis að Nesvegi 59, Reykjavík. Hafði hann meðferðis drög að skilnaðarskilmálum vegna væntanlegs skilnaðar hans og Ingólfínu Eggertsdóttur. Sagði hann drög þessi gerð af hrl. Jóni Oddssyni skv. fyrirsögn eiginkonunnar.

Beiddist hann þess, að ég kannaði skilmála þessa og réði honum heilt vegna málsins.

Ég lét í ljósi þá skoðun mína, að skilmálar þessir væru vægast sagt ósanngjarnir fyrir hann, og varð að ráði, að hann íhugaði málið nánar og kæmi á minn fund tveimur dögum síðar, sem hann og gerði.

Tók ég málið að mér fyrir hann.

Í þessu sambandi hafði ég nokkrum sinnum samband við hrl. Jón Oddsson og tjáði honum skoðanir mínar á lausn þessa skilnaðarmáls, voru í engu samræmi við áðurgreind drög.

Nokkrum dögum síðar fékk ég þær upplýsingar hjá Jóni, að þau Sigurbjörn og Ingólfína hefðu komið á skrifstofu hans og undirritað skilnaðarskilmála, sem að mestu voru í samræmi við uppkastið.

Það skal tekið fram, að mér var um það kunnugt, að Jón reyndi þrásinnis að hafa samband við mig, áður en undirskriftir fóru fram, en án árangurs, enda munu báðir aðilar hafa lagt á það ríka áherzlu, að gengið yrði þegar í stað frá málinu á þessum grundvelli, að því er hrl. Jón Oddsson hefur tjáð mér.

Umbj. m., Sigurbjörn Björnsson, hef ég ekki séð síðan.

Virðingarfyllst,

Kristinn Einarsson“

Með bréfi, dags. 28. maí 1979, tilkynnir skrifstofa Lögmannafélagsins stefnda, að á fundi stjórnar félagsins 23. maí hafi hún ákveðið að endurupptaka kærumálið og gefa stefnda kost á því að skila endanlegri greinargerð um þá þætti starfa hans í þágu kæranda, sem hann telji ekki nægilega upplýsta í fyrirliggjandi gögnum.

Stefndi ritar þessa greinargerð 6. júní 1979.

Hinn 20. júní 1979 samþykkti stjórn Lögmannafélagsins samhljóða eftirfarandi álitsgerð um kæruefnið:

„Þóknun Jóns Oddssonar, hrl., vegna framangreindra starfa telst hæfilega ákveðin kr. 164.000.- auk útlagðs kostnaðar.“

Stefndi hefur greinilega ekki viljað sætta sig við þessa niðurstöðu, því

að 2. júlí 1979 ritar hann stefnanda bréf og krefur hana um greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.925.00 auk vaxta og kostnaðar, kr. 9.013.00.

Stefnufjárhæðin í þessu máli er því þannig fundin, að stefnandi dregur frá þeim kr. 500.000, sem eiginmaður hennar greiddi til stefnda, fjárhæð þeirrar þóknunar, sem stjórn Lögmannafélagsins taldi honum hæfilega, kr. 164.000, og enn fremur útlagðan kostnað, kr. 16.925, og standa þá eftir kr. 319.075.

Aðiljar málsins komu fyrir dóminn 9. apríl sl. og gáfu skýrslu.

Stefnandi skýrði m. a. svo frá, að þau hjónin hefðu ekki rætt skiptingu eigna sinna, áður en hún sneri sér til stefnda, að öðru leyti en því, að hún hefði tjáð eiginmanni sínum, að hún mundi fara fram á ýtrustu fjárkröfur, sem hún ætti lagalegan rétt til. Hún hefði og tjáð honum, að hún vildi fá íbúð þeirra í sinn hlut. Eiginmaður sinn hefði verið með tviskinnung varðandi skilnaðinn, ýmist hefði hann ekki viljað, að skilnaðurinn færi fram, eða hann hefði gert sér grein fyrir því, að hann væri óumflýjanlegur. Stefnandi kvað eiginmanninn ekki hafa tekið beina afstöðu til þess, sem hún hefði rætt um fjármálin.

Stefnandi kvaðst alls hafa rætt við stefnda á skrifstofu hans í fimm skipti. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess, að á þessum tíma hafi hún haft samband við lögmanninn símleiðis. Stefnandi kvaðst viss um, að eiginmaður sinn hefði ekki haft samband við lögmanninn fyrir þann tíma, að skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir, og sagði til marks um það, að hún hafi vel vitað um ferðir eiginmanns síns og eins hafi það ekki leynt sér, að hann og stefndi hefðu verið að hittast í fyrsta skipti, þegar undirritun skilmálanna fór fram. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa komið á heimili sitt til þess að skoða eignir búsins, áður en skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir. Eftir þann tíma hefði hann komið til þess að skoða íbúðina, sem hann hefði verið með í sölu um skeið.

Stefnandi sagði, að á fyrsta fundi sínum og stefnda hefði hún spurt hann um, hver réttarstaða sín væri varðandi eignaskiptin, einkum hvað snerti íbúðina, sem hún hafi viljað fá í sinn hlut. Auk þess hafi margt borið á góma varðandi skilnaðinn. Á þessum fundi hafi hún strax greint frá því, hvaða kröfur hún ætlaði að gera.

Á næsta fundi hafi sömu atriði borið á góma og á hinum fyrsta.

Á þriðja fundinum hafi stefndi samið uppkast að skilnaðarskilmálum og hafi það uppkast verið í samræmi við þær kröfur, sem stefnandi kvaðst upphaflega hafa viljað gera, að öðru leyti en því, að hún hafi lækkað þá peningagreiðslu, sem hún hafi haft í hyggju að fá frá eiginmanni sínum úr kr. 1.000.000 í kr. 500.000.

Með þetta uppkast kvaðst stefandi hafa farið og sýnt eiginmanni sínum. Hann hafi ekki haft aðrar athugasemdir við það en þær, að hann hafi

viljað, að tekið yrði skýrt fram, að hlutabréf í Nýju sendibílastöðinni væru tvö og yrðu bæði áfram í sinni eign, en í uppkastinu hafi verið tekið fram, að hlutabréf hans í því fyrirtæki yrðu áfram í hans eign. Sömuleiðis hafi eiginmaðurinn viljað, að tekið yrði fram, að fjárhæð, sem þau hafi skuldað Reykjavíkurborg, sem verið hafi lág og veðtryggð í íbúðinni, væri meðal áhvílandi skulda, en þessi fjárhæð hafi ekki komið fram í upptalningu skulda í uppkastinu. Í síðari gerð skilmálanna hafi verið komið á móts við þessa athugasemd með því að taka fram, að stefnandi greiddi allar áhvílandi veðskuldir á íbúðinni.

Stefnandi sagði, að á fjórða fundi sínum og stefnda hafi uppkastinu verið breytt, hvað snerti tvö framangreind atriði, og það endurritað. Með uppkastið þannig breytt hafi hún farið og sýnt eiginmanni sínum. Eiginmaðurinn hafi samþykkt að undirrita skilmálana svo breytta og hafi þau farið saman til stefnda 19. apríl og undirritað samninginn. Sá fundur hefði staðið mjög stutt. Stefnandi kvaðst ekki geta sagt vel til um það, hversu lengi aðrir fundir hefðu staðið, en þeir hefðu staðið nokkuð lengi, einkum fjórði fundurinn, en þá hafi þurft að vélrita uppkastið upp á nýtt.

Fundirnir hafi þó alls ekki staðið klukkustundum saman.

Við fyrirtöku skilnaðarmálsins mætti stefnandi fyrir eigin hönd, en stefndi mætti fyrir hönd eiginmannsins.

Stefndi skýrði m. a. svo frá, að hann þyrði ekki að segja um, hversu oft stefnandi hefði komið á skrifstofu sína, en það hefði verið nokkuð oft. Auk þess hefðu þau mörgum sinnum talast við í síma. Þá hafi eiginmaður stefnanda komið einn síns liðs á skrifstofuna einum þrisvar sinnum. Eiginmaðurinn hafi gert kröfu til þess, að skilnaðinum yrði frestað, og ef ekki, að eignum búsins yrði skipt að jöfnu. Eftir að eiginmaðurinn hafi tilkynnt sér, að Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður mundi gæta hagsmuna sinna, kveðst stefndi hafa nokkrum sinnum átt viðræður við Kristin. Stefndi kvaðst muna, að hann hefði farið heim til stefnanda til að skoða íbúðina og skrá niður eitthvert yfirlit yfir lausafé þegar í byrjun málsins.

Stefndi kvað lýsingu stefnanda á gerð uppkasta að skilnaðarskilmálunum rétta í helstu atriðum. Eiginmaður stefnanda og lögmaður hans hefðu mótmælt skilmálum í fyrsta uppkastinu, en sig minnti, að stefnandi hefði gert kröfu til þegar í upphafi að fá svo til allar eigur búsins eftir að hafa leitað upplýsinga um, hvernig bæri að haga sér við búskipti. Stefnandi hafi síðan gert nokkurn veginn sömu kröfur frá upphafi til enda og hafi þær verið teknar til greina við undirritun skilnaðarskilmálanna. Afstaða eiginmannsins hafi legið fyrir, nokkru eftir að uppkastið var gert, þá hafi hann fallið frá mótmælum sínum að mestu leyti. Það hafi þó ekki verið ljóst, fyrr en skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir, að eiginmaðurinn væri fallinn

frá mótmælunum. Mikið umstang hafi verið í kringum þetta mál og margt fleira hafi þurft að ræða en eignaskipti.

Stefndi kvað íbúð, sem kom í hlut stefnanda, hafa verið til sölu á fasteignasölu sinni og hafi verið sett á hana verð kr. 20.000.000.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í stórum dráttum fari saman lýsingar aðilja á þeirri aðstoð, sem stefndi lét stefnanda í té, og umfangi hennar. Að vísu sé ágreiningur um það, hvort aðiljarnir hafi ræðst við í síma á þessum tíma og hvort eiginmaður stefnanda hafi komið sérstaklega á skrifstofu stefnda. Þá sé og ágreiningur um, hvort stefndi hafi skrifað upp eigur búsins, en um það liggi engin gögn fyrir. Ósannað sé, að störf stefnda hafi verið umfangsmeiri en stefnandi segi. Ekki sé ágreiningur um það, að eiginmaður stefnanda hafi leitað til Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, en eins og fram komi í vottorði lögmannsins, hafi atbeini hans engin áhrif haft á niðurstöðu skilnaðarskilmálanna. Stefndi hafi samið skinaðarskilmálana, sem í öllum aðalatriðum hafi verið í samræmi við það, sem stefnandi hafi upphaflega hugsað sér um þá. Engar efnisbreytingar hafi verið gerðar á því uppkasti að skilmálunum, sem stefndi hafi upphaflega ritað. Þetta hafi stefndi meira og minna staðfest í framburði sínum fyrir dóminum.

Stefnandi hafi talið reikning stefnda fyrir þessa aðstoð allt of háan. Stefnandi telji einnig þóknun þá, sem stjórn Lögmannafélags Íslands telji hæfilega, einnig allt of háa, en við ályktun stjórnarinnar hafi stefnandi þó ætlað að sætta sig andstætt því, sem stefndi geri.

Deiluefni aðilja, eins og kröfur séu fram settar, snúist því í raun um það, hvort hæfileg þóknun til stefnda nemi hærri fjárhæð en þeirri, sem stjórn Lögmannafélags Íslands hafi ályktað um.

Aðiljar málsins hafi ekki gert samning um það fyrirfram, hver þóknun til stefnda skyldi vera fyrir vinnu hans. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur sé lögmönnum rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Þessi regla hafi og stuðning í 5. gr. laga nr. 39/1922. Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands komi til skoðunar, þegar ákveða skuli, hvað sé hæfilegt endurgjald, svo og almenn framkvæmd lögmanna á henni. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/1942 eigi lögmenn að hafa með sér félag og í 8. gr. laganna segi, að stjórn þess hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það sé borinn undir hana. Ályktun stjórnar Lögmannafélagsins frá 20. júní 1979 sé ekki úrskurður í skilningi 8. gr., heldur sérfræðileg álitsgerð um það, hvað skuli teljast hæfileg þóknun. Þessari álitsgerð hafi stefndi ekki hnekkt og engin gögn lagt fram gegn henni. Því beri að leggja hana til grundvallar niðurstöðu í málinu. Þessi

álitsgerð sé að vísu ekki í samræmi við ákvæði gjaldskrár LMFÍ, sem í gildi hafi verið á þessum tíma, heldur sé þóknunin verulega hærri en gjaldskráin kveði á um, en gæta verði þess, að um lágmarksgjaldskrá sé að ræða. Hugsanlegt sé, að tillit hafi verið tekið til þess, að fundir aðilja hafi verið allmargir. Því sé eindregið mótmælt, að 15. gr. gjaldskrárinnar eigi hér við og einnig að brúttóverðmæti eigna búsins hafi verið kr. 20.000.000. 15. gr. eigi aðeins við, þegar um sé að ræða umfangsmikla samninga um eignaskipti, en ekki, þegar eignaskiptin gangi nær sjálfkrafa fyrir sig, eins og verið hafi í þessu máli.

Stefndi.

Stefndi heldur því fram, að vinna sú, sem hann innti af höndum í þágu stefnanda, hafi verið mjög tímafrek. Þegar stefnandi hafi fyrst komið til sín, hafi hún ekki vitað, hvað gera skyldi varðandi eigur búsins. Stefndi kvaðst hafa mótað kröfur stefnanda um eignaskiptin með tilliti til óska hennar. Stefnandi hafi enga fyrirsögn gefið í þeim efnum. Niðurstaða eignaskiptanna hafi verið í samræmi við þær kröfur, sem stefndi hafi mótað, en ekki að fyrirsögn stefnanda. Fyrir utan þau störf, sem stefnandi lýsi, að stefndi hafi innt af höndum, séu viðtöl hans við eiginmann stefnanda og lögmann eiginmannsins, Kristin Einarsson hæstaréttarlögmann, svo og símtöl við stefnanda. Vottorð eiginmannsins sé rangt og þess hafi verið aflað í því skyni að hafa áhrif á ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands. Þá hafi verið nauðsynlegt að kanna eigur og skuldir búsins, þegar upp hafi komið ágreiningur um skipti þess.

Sú þóknun, sem stefndi geri kröfu til, sé í fullu samræmi við lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands og eftir henni séu lögmenn skyldugir að fara. Ekki sé ofætlað, að þær eigur, sem komu í hlut stefnanda, hafi verið kr. 20.000.000 að brúttóverðmæti. Samkvæmt 15. gr. gjaldskrárinnar eigi lögmenn rétt á að áskilja sér þóknun, sem nemi 2 — 4% af brúttóverðmæti eigna, sem þeir þurfi að skipta, eins og í því tilviki, sem hér um ræði. Stefndi hafi talið eðlilegt, að þóknun samkvæmt 16. gr. gjaldskrárinnar væri mun hærri en sú lágmarksþóknun, sem þar sé miðað við, vegna þess að skilnaðarmálið hafi verið umfangsmikið. Reikningur stefnda sé því í fullu samræmi við gjaldskrána, honum hafi ekki verið hnekkt og beri því að taka hann til greina að fullu.

Ályktun stjórnar Lögmannafélagsins hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Hún sé óstaðfest, án rökstuðnings og í ósamræmi við gjaldskrána.

Stefndi rökstuddi ekki þau mótmæli gegn kröfu stefnanda um greiðslu vaxta, sem fram koma í greinargerð stefnda.

Forsendur og niðurstaða.

Deilan í máli þessu er í raun um það, hvort stefnanda beri að greiða stefnda hærri upphæð en kr. 1.640.00 fyrir aðstoð hans við stefnanda, þegar

hún skildi að borði og sæng, og gerð skilnaðarskilmála auk kostnaðar, sem stefndi greiddi, samtals kr. 169.25, en í sjálfu sér er ekki deilt um þá fjárhæð.

Í málinu hefur í stórum dráttum verið upplýst, um hvaða vinnu stefnda var að ræða, en ágreiningur er á milli aðilja um einstök atriði, er snerta umfang vinnunnar. Þá hafa aðiljar skiptar skoðanir á því, hvert umfang vinnunnar hafi verið í heild. Þótt þessi einstöku atriði séu óupplýst, verður ekki talið, að þau séu þess eðlis, að verulegu máli skipti við mat á því, hvort stefnanda beri hærri þóknun en að framan greinir.

Búskipti þau, er fram fóru, þykja hafa verið með þeim hætti, að ástæðulaust sé að taka tillit til 15. gr. þeirrar gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, sem í gildi var, þegar búskiptin fóru fram, þegar metin er hæfileg þóknun til stefnanda fyrir vinnu hans.

Samkvæmt 16. gr. þessarar gjaldskrár var lágmarksþóknun fyrir aðstoð við hjónaskilnað og gerð skiptagernings, samtals gkr. 54.700. Með hliðsjón af þessari grein gjaldskrárinar þykja ekki efni til að ákveða stefnda hærri þóknun en kr. 1.640.00 auk útlagðs kostnaðar, kr. 169.25. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda að fullu til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði stefnanda, Ingólfínu Eggertsdótttur, kr. 3.190.75 með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. október 1983.

Nr. 222/1981. **Ragnar Guðmundsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ruth Einarsdóttur
(enginn)
Birgi Harðarsyni og
Kristínu Kristjánsdóttur
(Kristinn Einarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 73/1975 hinn 5. s. m. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar stefndu Ruth Einarsdóttur. Gagnvart stefndu Birgi Einarssyni og Kristínu Kristjánsdóttur gerir hann þær dómkröfur, að viðurkenndur verði veðréttur hans í hæð og rishæð hússins Miðstrætis 3 í Reykjavík ásamt ⅔ hlutum eignarlóðarhluta „í samræmi við tvö veðtryggingarbréf," útgefin 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth til tryggingar víxlum þeim, er málssóknin taki til. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi allra stefndu.

Stefnda Ruth Einarsdóttir hefur ekki sótt dómþing fyrir Hæstarétti og engar dómkröfur gert.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur er á því reistur, að um málssókn áfrýjanda gagnvart stefndu Ruth ætti að fara eftir hinum sérstöku réttarfarsreglum VXII. kafla laga nr. 85/1936, en gagnvart öðrum stefndu eftir hinum almennu reglum laganna.

Telja verður, að fleiri menn verði því aðeins sóttir saman í máli, að sömu málsmeðferð eigi að beita um kröfur sækjanda á hendur þeim öllum. Verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi fallið frá

því, svo sem hann bjó mál sitt úr garði og rak það fyrir dómstólum, að sækja kröfur sínar á hendur stefndu Ruth eftir sérreglum áðurnefnds XVII. kafla. Mátti hún því koma að öllum þeim vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt. Bar héraðsdómara því, er hún sótti ekki þing, að hrinda kröfum áfrýjanda á hendur henni, ef þær samrýmdust ekki framkomnum sóknargögnum svo og því, sem annars var komið fram í málinu, þar á meðal því, sem fært var fram af hendi þeirra verjenda, er þing sóttu. Nú dæmdi héraðsdómari um kröfur áfrýjanda á hendur stefndu Ruth á þeim grundvelli, að beita bæri réttarfarsákvæðum XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, en eigi hinum almennu reglum, svo sem rétt hefði verið, eins og fyrr var sagt. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi í dag, hefur Ragnar Guðmundsson, Kaplaskjólsvegi 89, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu gegn þeim Ruth Einarsdóttur, Sóleyjargötu 19, Reykjavík, áður til heimilis að Miðstræti 3, Reykjavík, Birgi Harðarsyni, Miðstræti 3, Reykjavík, og Kristínu Kristjánsdóttur, Þóristúni 19, Selfossi. Stefna í máli þessu var upphaflega birt þriðjudaginn 8. maí 1979, en framhaldsstefna var birt föstudaginn 27. febrúar 1981.

Endanleg dómkrafa stefnanda á hendur stefndu Ruth Einarsdóttur var sú, að hún yrði dæmd til þess að greiða víxilskuld, samtals að fjárhæð kr. 10.000.00 ásamt 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 2.500.00 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 5.000.00 til 20. febrúar 1977, en frá þeim degi af kr. 7.500.00 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 10.000.00 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1979, en frá þeim degi 4% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. september 1979, en

frá þeim degi 4.5% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1980, en 4.75% dráttarvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 24.00 í stimpilgjald.

Gagnvart stefndu Birgi og Kristínu er dómkrafa stefnanda sú, að þau verði in solidum dæmd til þess að þola staðfrestingu á veðrétti í hæð og rishæð Miðstrætis 3, Reykjavík, fyrir dómkröfum í máli þessu í samræmi við tvö veðtryggingarbréf, sem út voru gefin af stefndu Ruth til tryggingar framangreindri víxilskuld, en stefndu Birgir og Kristín eru nú þinglesnir eigendur hinnar veðsettu eignar. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar sér til handa.

Af hálfu stefndu Ruthar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu og lögvarnir því ekki komið fram af hennar hálfu. Stefndu Birgir og Kristín hafa hins vegar látið sækja þing í málinu, og krefjast þau sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Reyndar hafa verið sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefndu Ruth á fjórum víxlum, sem hver er að fjárhæð kr. 250.000 (gkr.), eða samtals gkr. 1.000.000. Víxlarnir séu allir út gefnir af stefnanda og framseldir af honum, en samþykktir af stefndu Ruth til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Gjalddagar víxlanna hafi verið: 20. desember 1976, 20. janúar 1977, 20. febrúar 1977 og 20. mars 1977.

Kröfur sínar á hendur stefndu Birgi og Kristínu reisir stefnandi á tveimur veðtryggingarbréfum, útgefnum 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth. Með bréfum þessum hafi greiðsla ofangreindra víxla verið tryggð með 9. veðrétti og uppfærslurétti í hæð og rishæð Miðstrætis 3 í Reykjavík ásamt hlutdeild í lóðarréttindum, en fasteignin hafi á þeim tíma, er bréfin voru gefin út, verið í eigu stefndu Ruthar. Fyrstu tveir víxlarnir hafi verið tryggðir á sama bréfinu og seinni tveir samhliða á öðru bréfi. Tryggingarbréf þessi hafi átt að tryggja greiðslu víxlanna fjögurra ásamt vöxtum og öllum kostnaði. Bréfin hafi verið þinglesin athugasemdalaust hinn 12. nóvember 1976. Stefndu Birgir og Kristín hafi hinn 6. nóvember 1977 keypt eignarhluta stefndu Ruthar í Miðstræti 3, Reykjavík, og því sé kröfunni um staðfestingu veðréttarins beint að þeim sem núverandi þinglesnum eigendum.

Nánari tildrög máls þessa eru þau, að með kaupsamningi og afsali, dagsettu 6. nóvember 1977, festu stefndu Birgir og Kristín sameiginlega kaup á eignarhluta stefndu Ruthar í Miðstræti 3 í Reykjavík, eins og áður er getið. Hluta kaupverðs greiddu Birgir og Kristín með því að yfirtaka áhvílandi veðskuldir á 1., 2., 5. og 7. veðrétti samkvæmt veðbókarvottorði, sem frammi lá við kaupin og nánar er lýst í kaupsamningnum (afsalinu). Í kaup-

samningnum (afsalinu) var síðan ákvæði þess efnis að „öll önnur fjárnám og aðrar veðskuldir á hinni seldu eign samkvæmt veðbókarvottorði í dag eru kaupanda óviðkomandi, og skuldbindur seljandi sig til að aflýsa þeim af eigninni."

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem til staðar var við kaupin 6. nóvember 1977, hvíldu á 9. veðrétti eignarinnar tvö tryggingarbréf, og var hvort þeirra um sig að fjárhæð kr. 500.000. Þau munu hafa verið gefin út 5. nóvember 1976 af stefndu Ruth Einarsdóttur, og var eigandi bréfa þessara stefnandi í máli þessu, en þetta munu vera hin svokölluðu „veðtryggingarbréf" á dómskj. nr. 7 og nr. 8 í máli þessu. Einnig hafði þá verið þinglýst á 10. veðrétt fjárnámi á eignina að fjárhæð kr. 1.662.453 auk vaxta og kostnaðar. Var Ragnar Guðmundsson einnig eigandi þeirrar kröfu. Fjárnámskrafan var þannig til komin að stefnandi höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Dagmar S. Gunnarsdóttur og Einari Óskarssyni til greiðslu skuldar samkv. 7. víxlum, samtals að fjárhæð kr. 1.662.453. Með dómi bæjarþingsins 7. febrúar 1977 í málinu nr. 5114/1977 voru áðurgreind Dagmar og Einar dæmd til greiðslu hinna sjö víxla ásamt vöxtum og kostnaði. Einar þessi Óskarsson mun sonur stefndu Ruthar. Í þinghaldi í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. mars 1977 í málinu nr. A 625/1977: Ragnar Guðmundsson gegn Dagmar S. Gunnarsdóttur og Einari Óskarssyni mætti gerðarþoli Einar Óskarsson og með honum móðir hans, stefnda Ruth. Í þinghaldi þessu benti Ruth á eignarhluta sinn í Miðstræti 3, Reykjavík, til fjárnáms, og var því að hennar ábendingu lýst yfir fjárnámi í eigninni. Fjárnámskrafan mun síðan hafa verið greidd að fullu 28. september 1978 og fjárnáminu aflýst, sbr. dskj. nr. 14.

Stefndu Birgir og Kristín halda því fram, að þá er kaup gerðust um Miðstræti 3, hafi þeim verið tjáð af þáverandi eiganda fasteignarinnar og fasteignasalanum, sem milligöngu hafði um kaupin, að tryggingarbréfin, sem við kaupin hvíldu á 9. veðrétti fasteignarinnar, hafi verið gefin út til frekari tryggingar víxilskuldum þeim, sem fjárnámsgerðin væri byggð á, þ. e. a. s. að baki tryggingarbréfunum á 9. veðrétti og hinu þinglýsta fjárnámi á 10. veðrétti hafi verið ein og sama krafan. Því hafi þau átt von á og beinlínis verið lofað, að tryggingarbréfunum yrði aflýst af 9. veðrétti um leið og fjárnáminu. Sú hafi ekki orðið raunin á, heldur sé stefnandi að tvíinnheimta sömu kröfuna. Þessu til stuðnings benda stefndu Birgir og Kristín á yfirlýsingu Einars Óskarssonar á dómskjali nr. 12, en yfirlýsing þessi er gefin í Tulsa í Bandaríkjunum 1. apríl 1979. Í yfirlýsingu Einars segir, að „skuldabréf útgefið 5/11 1976 er til frekari tryggingar 7 öðrum víxlum vistaðir í Búnaðarbanka Íslands með gjalddaga 15/9 — 12/10 1976 samtals kr. 1.662.452."

Benedikt Björnsson, fyrrverandi fasteignasali, kom fyrir dóm í málinu hinn 17. desember 1979, en Benedikt mun sem fasteignasali hafa annast um sölu á Miðstræti 3 í umrætt sinn til stefndu Birgis og Kristínar. Hann skýrði svo frá, að er hann hafi fengið fasteignina til sölu, hafi hún verið til meðferðar í uppboðsrétti. Því hafi það komið í sinn hlut að ræða við alla þá, sem kröfu hafi átt í eignina. Ljóst hafi verið, að söluverð eignarinnar mundi ekki hrökkva fyrir áhvílandi skuldum. Benedikt skýrði svo frá, að seljendur Miðstrætis 3 hefðu tjáð sér, að áhvílandi skuldir á 9. og 10. veðrétti væru ein og sama skuldin. Sér hafi hins vegar verið ljóst, að samkv. veðbókarvottorði væri hægt að líta á þetta sem tvær kröfur. Kvaðst Benedikt því hafa talið sér skylt að kanna þetta atriði nánar, gagngert í því skyni að komast mætti hjá því, að kaupendur greiddu meira en þeim bæri samkvæmt kaupsamningi. Því kvaðst Benedikt hafa boðað Ragnar Guðmundsson, stefnanda málsins, á sinn fund. Segir Benedikt, að Ragnar hafi komið á sinn fund einum til tveimur dögum áður en afsalið á dómskjali nr. 20 var gefið út. Á þessum fundi hafi Ragnar tjáð sér, að áhvílandi skuldir á 9. og 10. veðrétti væru ein og sama skuldin. Ragnar hefði hins vegar neitað að afhenda sér víxlana og tryggingarbréfin, en sagt, að skjöl þessi yrðu afhent, þegar lokagreiðsla fjárnámsskuldarinnar á 10. veðrétti yrði innt af hendi. Skjöl þessi yrðu hjá Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, þangað til Ragnar hefði skýrt sér frá því, að ástæða þess, að hann vildi ekki afhenda hin umræddu skjöl, væru sú, að hann vildi nota þau, þ. e. skjölin, til þess að ná inn annarri kröfu, sem væri óveðtryggð. Að því er varðaði vitneskju vitnisins um upphaf skuldarinnar á 9. veðrétti þá skýrði Benedikt svo frá, að seljendur Miðstrætis 3 hefðu tjáð sér, að stefnandi, Ragnar Guðmundsson, hefði tekið að sér að leysa út vörur fyrir verslunina Traffic, en þá verslun rak Einar Óskarsson, sonur stefndu Ruthar. Sem tryggingu hefði Ragnar Guðmundsson fengið víxla fyrir þeirri fjárhæð, sem hann hefði varið í því skyni að leysa út vörurnar, og þá víxla hefði hann selt í Búnaðarbankanum. Víxlar þessir hafi síðan gjaldfallið án greiðslu og hafi Ragnar þá orðið að leysa víxlana til sín að kröfu Búnaðarbankans. Er málum hafi verið svo komið, hafi verið brugðið á það ráð að búa til nýja víxla að fjárhæð kr. 1.000.000.

Einar Óskarsson kom fyrir dóminn sem vitni hinn 17. desember 1979. Hann staðfesti, að yfirlýsingin á dómskjali nr. 12 væri frá sér stafandi og jafnframt það, að tryggingarbréfin á dómskjölum nr. 7 og 8 væru skuldabréf þau, sem hann vitni til í yfirlýsingu sinni. Þá kannaðist hann einnig við að hafa látið Ragnar Guðmundsson hafa víxlana á dómskjölum nr. 3 — 6. Tildrög þess, að hann hefði afhent Ragnari umrædda víxla, kvað hann hafa verið þau, að einum til tveimur dögum áður en tryggingarbréfin á dómskj. nr. 7 og 8 hefðu verið gefin út, hefði Rangar Guðmundsson

komið til sín í verslunina Traffic í Bankastræti ásamt Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni og Ólafi Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, þeirra erinda að framkvæma „löghald" á grundvelli dóms bæjarþings Reykjavíkur frá 7. febrúar 1977 í málinu: Ragnar Guðmundsson gegn Einari Óskarssyni og Dagmar S. Gunnarsdóttur, sbr. dómskjal nr. 13. Við löghaldið hefði Ragnar gert kröfu um greiðslu á kr. 1.000.000, þar sem hann hafi þurft að greiða þá fjárhæð með því að leysa til sín víxla, sem Einar væri aðalskuldari að. Ragnar hafi haft með sér kassa, sem hann hafi ætlað að setja þær vörur í, sem „löghald" yrði gert í. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem samkomulag hafi orðið um að gefa út skuldabréf fyrir skuldinni. Sátt hafi verið gerð um þetta á skrifstofu Ólafs Sigurgeirssonar fulltrúa samdægurs, en sú sátt hafi ekki verið bókuð að því er sig minni. Valgarður Sigurðsson lögfræðingur hafi síðan verið fenginn til þess að útbúa skuldabréfin. Þá kvað hann það alrangt, að stefnandi hefði lánað sér peninga. Einu viðskipti þeirra stæðu í sambandi við vörur, sem stefnandi hefði leyst úr tolli fyrir sig.

Ragnar Guðmundsson, stefnandi máls þessa, kom fyrir dóminn 17. desember 1979. Hann skýrði svo frá, að það væri rangt, að skuld sú, sem stefnt væri til greiðslu á í þessu máli, væri sama skuld og dómur hefði gengið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. febrúar 1977. Hann kvaðst hafa lánað Einari Óskarssyni fé, þar sem Einar hefði verið í fjárhagsvandræðum, m. a. vegna yfirvofandi lokunar vegna vangoldins söluskatts. Kvaðst hann hafa lánað Einari í þessu skyni stefnufjárhæð máls þessa. Einar og hann hefðu jafnan átt með sér mikil viðskipti og að Einar hefði alltaf staðið í skilum, allt þar til greiðsla á fyrsta víxlinum, sem til innheimtu hefði verið í Búnaðarbankanum, hefði „klikkað." Hann kannaðist ekki við að hafa farið með Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni þeirra erinda að framkvæma löghald til tryggingar greiðslu víxlanna, sem vistaðir hefðu verið í Búnaðarbankanum, en sagðist þess í stað hafa farið með Sigurði Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni til þess að gera fjárnám í vörum verslunarinnar Traffic á grundvelli dóms bæjarþingsins frá 7. febrúar 1977. Fjárnámsgerðinni hefði verið frestað, þar til síðar um daginn, en þá tekin fyrir á skrifstou bæjarfógeta, eins og endurrit fyrirtektarinnar á dómskjali nr. 14 bæri með sér. Hann kvaðst ekki hafa farið áður í verslun þessa sömu erinda. Þá kvaðst hann aðspurður hafa talið báðar skuldirnar, þ. e. annars vegar skuld þá, sem um væri deilt í máli þessu, og svo skuldina, sem dómur hefði gengið um 7. febrúar 1977, fram til skatts árið 1977, 1978 og 1979 Ragnar neitaði því alfarið, að hann hafi nokkurn tímann farið á skrifstofu Benedikts Björnssonar fasteignasala til þess að ræða við hann um margnefndar tvær skuldir, og kvaðst aldrei á skrifstofu þessa hafa komið. Hins

vegar kvaðst hann kannast við að hafa rætt við Benedikt í síma og að í símtali þessu hefði Benedikt verið að kanna möguleikana á því, að Ragnar fengi skuldabréf fyrir kröfum sínum.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á hendur stefndu Ruth á hinum framlögðu víxlum á dómskjölum nr. 3 — 6. Hann kveður víxla þessa fullnægja formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933 og heimild sína að þeim löglega. Stefnda Ruth hafi ekki sótt þing í málinu og lögvarnir ekki komið fram af hennar hálfu. Þar sem engar víxilvarnir hafi komið fram í málinu, beri á grundvelli 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 að taka kröfur sínar á hendur stefndu Ruth til greina að fullu.

Að því er varði kröfur sínar um staðfestingu veðréttar í Miðstræti 3 fyrir stefnukröfum þá sé ljóst og óumdeilanlegt, að tryggingarbréfin tvö, útgefin af stefndu Ruth hinn 5. nóvember 1976, hafi verið sett til tryggingar hinum umstefndu víxlum. Veðréttur hafi stofnast og öldungis sé ósönnuð sú staðhæfing stefndu Birgis og Kristínar, að fjárkrafan að baki víxlunum sé greidd. Víxlarnir séu ógreiddir, eins og handhöfn þeirra beri með sér, og því séu ekki efni til annars en að taka staðfestingarkröfuna jafnframt til greina.

Stefnu Birgir og Kristín styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að er kaup hafi farið fram um Miðstræti 3 hinn 6. nóvember 1977, hafi seljandi eignarinnar skýrt þeim svo frá, að áhvílandi skuldir á 9. og 10. veðrétti eignarinnar væru ein og sama skuldin og jafnframt að þegar fjárnámskrafan á 10. veðrétti yrði að fullu greidd, yrðu víxlarnir og tryggingarbréfin, sem hvíldu á 9. veðrétti, afhent. Fasteignasali sá, er með sölu hefði haft að gera, hefði einnig tjáð þeim það sama og borið það fyrir dómi, að stefnandi sjálfur hefði staðfest þetta við sig. Þá hafi Einar Óskarsson, sem til hinna umræddu skulda hafi stofnað við stefnanda, gefið yfirlýsingu þar að lútandi og staðfest þetta fyrir dómi. Jafnframt sé það komið fram í yfirheyrslum yfir stefnda hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að framtalsárin 1977 og 1978 taldi stefnandi skuldirnar á 9. og 10. veðrétti ekki fram sem tvær sjálfstæðar skuldir og enga skýringu á því gefið. Þegar þetta sé virt, megi fullljóst vera, að um eina og sömu skuldina hafi verið að ræða og að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið fullar efndir kröfu sinnar þrátt fyrir áframhaldandi tilvist víxlanna og tryggingarbréfanna og handhafnar stefnanda á skjölum þessum. Þar sem stefnandi hafi fengið fjárkröfu sína efnda, séu veðréttir þeir, er kröfuna tryggðu, fallnir niður. Því beri að sýkna þau af kröfum stefnanda.

IV.

Álit dómsins.

Stefnda Ruth hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er henni þó löglega stefnt. Lögvarnir hafa því eigi komið fram af hennar hálfu. Verður þá með vísan til 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta að því er hana varðar eftir framkomnum skjölum og skilríkjum.

Kröfur sínar á hendur stefndu Ruth reisir stefnandi á fjórum víxlum, sem hann hefur lagt fram í málinu með formlega löglegri heimild sér til handa. Stefnda Ruth er samþykkjandi téðra víxla. Víxlar þessir fullnægja í hvívetna formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933. Stefnandi á því víxilrétt á hendur stefndu Ruth, og ber því af þeirri ástæðu að taka víxilkröfu hans í víxilþætti máls þessa til greina. Eftir þessum málsúrslitum ber og að dæma stefndu Ruth til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.522.00.

Kröfu sína um staðfestingu veðréttar í Miðstræti 3 fyrir tildæmdum kröfum reisir stefnandi á tveimur tryggingarbréfum, sem hann hefur lagt fram í málinu. Ljóst má vera af efni tryggingarbréfa þessara, að þeim var ætlað að tryggja greiðslu hinna umstefndu víxla í máli þessu og að á grundvelli bréfanna stofnaðist í Miðstræti 3 veðréttur til handa eiganda víxlanna.

Varnir stefndu Birgis og Kristínar, núverandi eigenda hinnar veðsettu eignar, en að þeim beinir stefnandi staðfestingarkröfu sinni, lúta að því, að þá er kaup gerðust um Miðstræti 3 hinn 6. nóvember 1977, hafi þeim verið skýrt svo frá af seljanda eignarinnar, stefndu Ruth, að þá áhvílandi víxilskuld á 9. veðrétti og fjárnámskrafan á 10. veðrétti eignarinnar væru í raun ein og sama skuldin, þó svo að formlega mætti líta svo á, að um tvær óskyldar kröfur væri að ræða. Samkvæmt vætti Benedikts Bjrönssonar, löggilts fasteignasala, sem annaðist um sölu téðrar eignar til stefndu Birgis og Kristínar, skýrði seljandi eignarinnar, stefnda Ruth, honum frá á sama veg um greindar skuldir á 9. og 10. veðrétti eignarinnar. Þá bar Benedikt það einnig fyrir dómi, að stefnandi hefði í samtölum við sig staðfest það, að hér væri um eina og sömu skuldina að ræða, en þeirri staðhæfingu Benedikts hefur stefnandi eindregið mótmælt. Þá hefur Einar Óskarsson, sá er stefnandi viðurkennir, að til skuldar hafi stofnað við sig með þeim hætti, er að framan er rakið, borið fyrir dómi, að um eina og sömu skuld væri að ræða. Loks er það upplýst í málinu og ómótmælt af hálfu stefnanda, að stefnandi taldi áðurgreindar skuldir á 9. og 10. veðrétti ekki fram til skatts sem sjálfstæðar skuldir væru árin 1977 og 1978 og enga viðhlítandi skýringu gefið á því háttarlagi sínu. Þegar það er virt, sem hér er að framan rakið, þykir þrátt fyrir eindregin mótmæli stefnanda mega leggja til grundvallar við úrlausn þessa þáttar málsins þá staðhæfingu stefndu Birgis og Kristínar, að títtnefndar skuldir á 9. og 10. veðrétti fasteignarinnar við Mið-

stræti 3 í Reykjavík hafi í raun verið ein og sama skuldin og að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið fullnaðarefndir fjárkröfu sinar.

Þar sem fram þykir komin í máli þessu sönnun þar að lútandi, að með greiðslu fjárnámskröfunnar hinn 28. september 1978 hafi stefnandi fengið greiðslu þeirrar kröfu, er greindir veðréttir áttu að tryggja, þykja ekki efni til þess að taka staðfestingarkröfu stefnanda til greina. Ber því að sýkna stefndu Birgi og Kristínu af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykja lyktir máls þessa að því er stefndu Ruth varðar eigi standa því í vegi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan. Meðferð málsins í heild hefur dregist vegna forfalla lögmanna svo og vegna þess, að tvívegis hefur verið skipt um dómara málsins.

Dómsorð:

Stefnda, Ruth Einarsdóttir, greiði stefnanda, Ragnari Guðmundssyni, kr. 10.000.00 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 2.500.00 frá 20. desember 1976 til 20. janúar 1977, frá þeim degi af kr. 5.000.00 til 20. febrúar 1977, frá þeim degi af kr. 7.500.00 til 20. mars 1977, en frá þeim degi af kr. 10.000.00 til 1. ágúst 1977, en frá þeim degi með 3% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. júní 1979, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum af sömu upphæð til 1. september 1979, en frá þeim degi með 4.5% dráttarvöxtum til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 24.00 í stimpilkostnað og kr. 3.522.00 í málskostnað — innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Birgir Harðarson og Kristín Kristjánsdóttir skulu sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. október 1983.

Nr. 163/1981. **Orkuvirki h/f**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Orlofssjóðsiðgjald. Synjað lögtaks.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. ágúst 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krafðist lögtaks fyrir iðgjöldum, er hann taldi áfrýjanda skylt að greiða til orlofssjóðs Landssambands íslenskra rafverktaka fyrir tímabilið 1. október 1978 til 1. október 1980, samtals 817.522 gamlar krónur, auk vanskilavaxta og kostnaðar.

Hinn 22. júní 1977 var gerður samningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands annars vegar og hins vegar Landssambands íslenskra rafverktaka, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Í upphafi samnings þessa segir: „Síðustu kjarasamningar Rafiðnaðarsambands Íslands og Landssambands íslenzkra rafverktaka vegna aðildarfélaga sinna framlengist með eftirfarandi breytingum og þeim breytingum, sem leiða af rammasamningi A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S." Af breytingum þessum skiptir hér máli einungis 6. liður þessa samnings, sem hljóðar svo: „...Gr. 3.1. „Orlof" síðasta málsgr. hljóði svo: Rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupi rafvikja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu af útborguðu kaupi í orlofssjóð LÍR. Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna annast innheimtu."

Ágreiningslaust er, að Landssamband íslenskra rafverktaka er samband atvinnurekenda og að áfrýjandi á ekki aðild að þeim. Rafiðnaðarsamband Íslands er samtök launþega í rafiðnaði. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. og síðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (birtra 16. júní 1980) svo og framangreindu samningsákvæði var áfrýjanda skylt að greiða 0.25% af útborguðu kaupi rafvirkja í orlofssjóð Rafiðnaðarsambandsins. Er og eigi um það deilt, að áfrýjandi hefur gert það. Þegar litið er til þess, að tilgangur laga nr. 9/1974 og laga nr. 55/1980 er augljóslega sá að tryggja réttindi launþega gagnvart atvinnurekendum, svo sem bæði kemur fram í fyrirsögnum laganna og athugasemdum við frumvörp að þeim, verður eigi fallist á, að áðurnefnd ákvæði laganna leggi samsvarandi skyldu á atvinnurekendur til að greiða iðgjöld í orlofssjóði atvinnurekendasamtaka, sem þeir eru eigi aðiljar að. Verður að telja, að orðið „stéttarfélaga" í 3. gr. laga nr. 9/1974 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 taki einungis til félaga launþega, sbr. og 1. gr. laga nr. 80/1938. Brestur stefnda því heimild til þess að heimta af áfrýjanda iðgjöld í orlofssjóð Landssambands íslenskra rafverktaka. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Stefndi, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, greiði áfrýjanda, Orkuvirki h/f, 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. mars 1981.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, krafist þess, að gert verði lögtak hjá gerðarþola, Orkuvirki h/f, Sóleyjargötu 17 hér í borg, til tryggingar kr. 8.175.22 auk vanskilavaxta, innheimtukostnaði svo og fyrir öðrum kostnaði, er af gerðinni leiðir.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um umbeðna lögtaksgerð. Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór 21. janúar sl.

Með bréfi, dagsettu 15. júlí 1980, fór gerðarbeiðandi þess á leit við gerðarþola, að hann sendi greiðslu á 0.25% af útborguðu kaupi þeirra rafvirkja, sem starfað höfðu hjá gerðarþola 1978 og 1979 við ýmis verk á Grundartanga. Þessum greiðslutilmælum var ekki sinnt, og var þá send lögtaksbeiðni til yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 27. nóvember 1980, og síðan var birtur lögtaksúrskurður fyrir stjórnarformanni gerðarþola hinn 2. desember sl. Við fyrstu fyrirtekt lögtaksins var mætt af hálfu gerðarþola og lögtakinu mótmælt.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á lögum nr. 29/1885, sbr. lög nr. 21/1979 um breytingu á 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885 svo og á breytingum á samningi milli RSÍ, LÍR og VSÍ og VMS, er samþykktar voru 22. júlí 1977. Í þeim kjarasamningi standi, að rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupi rafvirkja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu í orlofssjóð LÍR og annist Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna innheimtu. Hvergi sé minnst á, að greiðendum beri að vera aðiljar að ákveðnum samtökum, svo þeir skili þessu gjaldi. Vinnan á Grundartanga, þar sem gerðarþoli hafi starfað, fari fram í skjóli réttinda félagsmanna Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, sem er eitt aðildarfélaga LÍR. Slík tengsl séu algeng, þegar um hlutafélög er að ræða. Mjög fá fyrirtæki séu sjálf aðiljar að FLRR eða LÍR, aðildin sé yfirleitt bundin við persónur.

Gerðarþoli mótmælir því, að lögtak nái fram að ganga í eignum sínum, og telur, að ekki sé í lögum til óyggjandi heimild til þess. Til stuðnings þeirri kröfu bendir hann á, að fyrirtækið sé ekki félagi í Landssambandi ísl. rafverktaka. Það njóti þar engra réttinda, hvorki úr orlofssjóði samtakanna né öðrum sjóðum þeirra. Gerðarþoli njóti engra félagslegra réttinda hjá gerðarbeiðanda né hafi á nokkurn hátt notið góðs af störfum þessara samtaka. Gerðarþoli sé hlutafélag með hluthafa úr ýmsum stéttum þjóðfélagsins, sem engan sjálfstæðan rekstur hafi á sviði raflagna. Gerðarþoli hafi ekki stuðst við taxta nefnds landssambands og hyggist ekki gera það.

Gerðarþoli segir lögtakskröfuna til orðna vegna verka fyrir Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Sú verksmiðja sé ekki aðili að neinum samningi við Landssamband ísl. rafiðnaðarmanna, en hafi sjálft rafvirkja í sinni þjónustu. Verksmiðjan greiði eingin gjöld í orlofsheimilasjóð. Ábyrgð á verkinu hafi hvílt á tæknifræðingi í þjónustu Járnblendiverksmiðjunnar.

Til grundvallar lögtakskröfu þessari liggur samningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands og Landssambands íslenskra rafverktaka annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga

hins vegar. Í honum er kveðið á um, að rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupi rafvirkja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu í orlofssjóð LÍR, og á Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna að annast innheimtu.

Gerðarþoli hefur talið sig óbundinn af þessum samningi, þar sem hann sé ekki félagi í framangreindum samtökum vinnumarkaðarins, og geti þessi krafa því ekki stofnast á hendur sér.

Í lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, 1. gr., er kveðið á um, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, sem samningurinn tekur til. Í 2. gr. sömu laga er öllum launamönnum sagt skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar, og loks eru í 6. gr. laganna ákvæði, sem skylda alla atvinnurekendur til að greiða í sjúkra- og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni.

Verður að telja ljóst af ákvæðum þesara laga, að gerðarþoli er bundinn af samningi þeim, sem liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 5, og ljóst er, að krafan á grundvelli hans hefur að fullu lögtaksrétt skv. 11. tölulið laga nr. 29/1885, sbr. lög nr. 21/1979. Verður því að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um, að lögtak fari fram hjá gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.00 í málskostnað.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, en uppsaga hans hefur dregist vegna anna við embættið.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.0 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. október 1983.

Nr. 262/1981. **Sigurgeir Jónsson og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Sigurði Karlssyni
(Kjartan R. Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1981. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að þeim verði einungis gert að greiða honum 543.40 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. september 1979 til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krefjast og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjendur andmæla ekki tölulega þeirri fjárhæð, sem héraðsdómari dæmdi stefnda í bætur vegna vatnsleka í farangursgeymslu.

Áfrýjandi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiddi kostnað af úrbótum á þeim misfellum, sem voru á viðgerð á bifreið stefnda af hendi þess bifreiðaverkstæðis, sem verkið annaðist. Eins og öllum atvikum er háttað, þykir stefndi eiga rétt á, að áfrýjendur bæti honum einnig afnotamissi bifreiðarinnar, meðan á þeim lagfæringum stóð.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurgeir Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Sigurði Karlssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykavíkur 12. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 9. nóvember sl., höfðaði Sigurður Karlsson bifreiðarstjóri nú til heimilis að Austurbergi 2, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Sigurgeiri Jónssyni, Rauðalæk 39, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 5.065.40 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með 46% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. mars 1981, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefndu gera þá dómkröfu aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði til dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu sýknu og málskostnaðar gegn greiðslu á kr. 543.40 með 27% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 205.85 í innheimtulaun.

Leitað hefur verið um sáttir án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 13. júlí 1978 varð árekstur á milli bifreiðar stefnanda, R 2792, og bifreiðar stefnda Sigurgeirs, R 2942. Óumdeilt er, að ökumaður R 2942 hafi átt alla sök á árekstrinum, en bifreiðin R 2942 var skyldutryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Eftir árekstrinn lét stefnandi draga bifreið sína að Suðurlandsbraut 4, og þar skoðaði og ljósmyndaði tjónaskoðunarmaður Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f bifreið stefnanda og áætlaði viðgerðarkostnað á bifreiðinni ca gkr. 475.000. Stefnandi óskaði eftir því að fá bifreiðina greidda út, en því var hafnað. Starfsmenn félagsins útveguðu verkstæðispláss fyrir bifreið stefnanda hjá Bílasmiðjunni Kyndli h/f, og var bifreiðin flutt þangað þennan sama dag. Hinn 3. ágúst tók stefnandi við bifreið sinni úr viðgerð, og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiddi viðgerðarkostnaðinn. Stefnandi taldi viðgerðina gallaða. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f fékk viðgerðarverkstæðið til þess að taka bifreiðina aftur til viðgerðar. Þrívegis mun hafa verið farið með

bifreiðina á verkstæðið til endurbóta á viðgerðum, síðast 23. október 1978. Greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f allan viðgerðarkostnaðinn, en stefnandi var ekki ánægður með viðgerðina.

Þegar hér var komið, nam viðgerðarkostnaður gkr. 883.850, og stefnanda höfðu verið greiddar gkr. 121.000 vegna afnotamissis. Þar að auki hafði Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greitt gkr. 200.000 aukalega til bílaverkstæðisins, sem annaðist viðgerð á bifreið stefnanda, og var það greitt vegna aukakostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar.

Með bréfi, dags. 5. janúar 1979, dskj. 4, krafði stefnandi stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um vangreiddar tjónbætur, dagpeninga í 25 daga, gkr. 137.500, og vegna verðrýrnunar bifreiðarinnar R 2792 í endursölu vegna tjóns og galla á viðgerðinni, gkr. 250.000. Jafnframt krafðist stefnandi vaxta og innheimtukostnaðar.

Með bréfi, dags. 13. júlí 1979, dskj. 5, beiddist stefnandi dómkvaðningar matsmanna til þess að meta galla á viðgerðinni, verðrýrnun bifreiðarinnar vegna tjónsins og hver væri hæfilegur viðgerðartími. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er á dskj. 7. Samkvæmt henni er það mat hinna dómkvöddu matsmanna, að tjónið á bifreið stefnanda leiði ekki til verðrýrnunar við endursölu. Viðgerðartíma telja matsmenn hæfilegan 23 daga, og við það bætast 3 dagar vegna endurbóta á málningu bifreiðarinnar. Það var álit matsmannanna, að endurbæta þyrfti málningu bifreiðarinnar og mundi sú endurbót kosta gkr. 94.057, en hlut stefnanda í þessari endurvinnu meta matsmenn á gkr. 36.032. Viðgerð á leka í farangursgeymslu meta matsmenn á gkr. 10.840. Í matsgerð kemur fram, að farangursgeymslan lekur vinstra megin með þéttikanti, sem sé nokkuð bældur af notkun, allan hringinn. Mestur virðist lekinn vera, þar sem loftnet talstöðvar er leitt yfir kantinn. Á þessu svæði sé kanturinn laskaður, sem vel geti orsakast af vinnu við brettið, en talstöðvarloftnetið bæti síst þar úr.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 1979, dskj. 9, krafði stefnandi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um vangreidda dagpeninga í 28. daga, gkr. 164.500, vegna viðgerðargalla skv. matsgerð, gkr. 104.897, skaðabætur vegna óhóflega langs viðgerðatíma samkvæmt matsgerð, gkr. 140.000, að viðbættum vöxtum, kostnaði og innheimtukostnaði, samtals gkr. 665.596. Bréfi þessu var svarað af hálfu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, dags. 31. ágúst 1979, dskj. 10. Í bréfinu er tekið fram, að félagið sé tilbúið til þess að greiða gkr. 164.500 í dagpeninga að frádregnum áður greiddum dagpeningum, gkr. 121.000, og vegna þéttigúmmís á kistuloki, gkr. 10.840, ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Öðrum kröfum stefnanda var hafnað.

Vegna málsins hefur stefnandi verið yfirheyrður hér fyrir dómi svo og Valgarður Zóphaníasson, tjónaskoðunarmaður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og Einar Runólfsson, skrifstofumaður hjá sama.

Fram kom hjá stefnanda, að leigubílaakstur sé aðalatvinna hans. Á viðgerðartímanum hafi stefnandi ekið á móti öðrum svona tæplega helming venjulegs vinnutíma, sem sé 12 — 14 tímar á sólarhring.

Fram kom hjá Valgarði Zóphaníassyni, að stefnandi hafi viljað fá bifreið sína greidda út, en ekki hafi verið grundvöllur fyrir því. Stefnandi hafi sjálfur lítið viljað gera í sambandi við viðgerð. Tjónið hafi orðið um sumarleyfistíma og því erfitt um verkstæðispláss. Hægt hafi verið að komast inn hjá Bílasmiðjunni Kyndli og þess vegna hafi það verkstæði verið valið, en þetta verkstæði hafi yfirleitt skilað góðri vinnu. Greiðsla að fjárhæð gkr. 200.000 skv. dskj. 15 hafi verið greidd til Bílaverkstæðisins Kyndils vegna umframkostnaðar verkstæðisins við viðgerð á bifreið stefnanda.

Fram kom hjá Einari Runólfssyni, að á árinu 1978 hafi almennar bætur vegna afnotamissis leigubifreiðar verið gkr. 5.500 á dag og hafi það verið samkvæmt lágmarksskala. Í dag hélt Einar, að greiddar væru kr. 309.00 á dag til leigubifreiðarstjóra vegna afnotamissis.

III.

Við munnlegan málflutning sundurliðaði stefnandi kröfu sína þannig:

dagpeningar í 51 dag, kr. 58.75 á dag,	kr.	2.996.25
að frádregnum þegar greiddum dagpeningum	kr.	1.210.00
	kr.	1.786.25
vegna viðgerðargalla skv. matsgerð,	kr.	688.65
skaðabætur vegna óhóflega langs viðgerðartíma skv. matsgerð,	kr.	1.400.00
matskostnaður o. fl.	kr.	1.190.50
	Kr.	5.065.40

Af hálfu stefnanda voru kröfur rökstuddar með því, að stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi ráðstafað bifreið stefnanda til viðgerðar á Bílaverkstæðið Kyndil. Stefnandi hafi engu ráðið um val á verkstæðinu. Stefnandi hafi greitt viðgerðarkostnað og endurviðgerðarkostnað svo og gkr. 200.000 til bílasverkstæðisins vegna kostnaðar þess. Viðgerðartími hafi orðið svo langur, þar sem aftur og aftur hafi þurft að lagfæra viðgerðina, og beri stefndu að bæta stefnanda afnotamissinn að fullu og láta stefnanda í té gallalausa viðgerð á bifreiðinni.

Af hálfu stefndu eru sýknukröfur rökstuddar með því, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi fyrir löngu greitt stefnanda allt það tjón, sem hann eigi lögvarinn rétt til úr hendi stefndu. Auk þess hafi félagið umfram skyldu greitt stefnanda háar fjárhæðir í greiðaskyni vegna mistaka við viðgerð á bifreiðinni, sem stefndu beri að lögum enga ábyrgð á. Beri því að sýkna

stefndu af öllum kröfum stefnanda og dæma hann til greiðslu ríflegs málskostnaðar. Í þessu sambandi er á það bent, að samkvæmt skoðunargerð félagins hafi áætlaður viðgerðarkostnaður numið ca gkr. 475.000 og skv. matsgerð teljist hæfilegur viðgerðartími 23 dagar. Samkvæmt dskj. 16 — 18 hafi félagið greitt í viðgerðarkostnað gkr. 883.850 og í afnotamissisbætur gkr. 121.000. Svari það gkr. 5.260 á dag miðað við hæfilegan viðgerðartíma skv. matsgerð. Þar að auki hafi verið greitt í kostnað gkr. 200.000, sbr. dskj. 19.

Megi af þessu ljóst vera, að fyrirsjáanlegt tjón stefnanda af völdum árekstursins sé fullbætt og miklu meira en það. Telja stefndu sér alls óskylt að bæta frekar afleiðingar ófyrirsjáanlegra mistaka við viðgerð, enda þar ekki um að ræða sennilega (adequat) afleiðingu árekstursins.

Viðgerð hafi hvorki farið fram á ábyrgð né áhættu stefndu. Stefndu hafi ekki framkvæmt viðgerðina, heldur aðeins haft milligöngu um útvegun verkstæðispláss fyrir stefnanda. Viðgerðin hafi því farið fram á ábyrgð og áhættu stefnanda, en ekki stefndu.

Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi boðið stefnanda tjónbætur að fjárhæð gkr. 54.340 ásamt vöxtum og innheimtulaunum. Því tilboði hafi stefnandi hafnað vegna tómlætis og sé tilboð þetta því ekki lengur skuldbindandi. Verði ekki á það fallist, er varakrafa stefndu við það miðuð.

Af hálfu stefndu er kröfu vegna vangreiddra dagpeninga mótmælt, þar sem stefnandi hafi þegar fengið fullar afnotamissisbætur miðað við eðlilegan viðgerðartíma á bifreiðinni. Kröfu vegna meintra viðgerðargalla skv. matsgerð er einnig mótmælt sem stefndu óviðkomandi. Ósannað sé, að „gallar" þessir verði alfarið raktir til viðgerðarinnar. Kröfu um skaðabætur vegna óhóflega langs viðgerðartíma skv. matsgerð er mótmælt sem stefndu óviðkomandi, en einnig sem órökstuddri og ósannaðri. Matskostnaður sé stefndu óviðkomandi.

Það er ekki vefengt af hálfu stefndu, að bifreið stefnanda hafi verið á verkstæði til viðgerðar í 48 daga, en því haldið fram, að stefndu beri ekki að bæta stefnanda afnotamissi lengur en sem samsvari eðlilegum viðgerðartíma. Samkvæmt matsgerð hafi eðlilegur viðgerðartími verið 23 dagar og þann tíma hafi stefnandi þegar fengið bættan.

Álit dómsins.

Í fébótaábyrgð stefndu á tjóni stefnanda felst, að stefndu ber að greiða viðgerðarkostnað á bifreið stefnanda og jafnframt að bæta stefnanda tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar.

Ekki skiptir máli, þótt viðgerðarkostnaður hafi orðið hærri en hann var áætlaður af tjónaskoðunarmanni stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, enda hefur hvorki verið sýnt fram á, að það hafi verið fyrir tilverknað stefnanda, að viðgerðarkostnaðurinn varð svo hár né viðgerðartíminn svo langur.

Það var starfsmaður stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, sem ráðstafaði birfeið stefnanda á verkstæði án íhlutunar stefnanda.

Það er ekki vefengt, að bifreið stefnanda hafi verið 48 daga á verkstæði vegna viðgerðarinnar.

Stefnandi hefur fengið greiddar gkr. 121.000 vegna afnotamissis. Á árinu 1978 greiddi stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gkr. 5.500 á dag vegna afnotamissis leigubifreiðar. Stefnandi á því inni hjá stefndu bætur vegna afnotamissis í 26 daga, eða kr. 1.430.00.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dskj. 7, er kostnaður við endurbætu á málningu bifreiðarinnar að frádregnum hlut stefnanda vegna skemmda á lakki, sem orðið hafa síðan viðgerðin var framkvæmt, gkr. 58.025. Fjárhæð þessa ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda.

Þegar litið er til þess, sem fram kemur í matsgerðinni um vatnsleka í farangursgeymslu, þykir eftir atvikum rétt, að stefndu bæti stefnanda helming þess viðgerðarkostnaðar, eða kr. 58.40.

Matsmenn telja í matsgerð sinni, sem dags. er 10. ágúst 1979, að taka muni 3 daga að vinna að endurbótum á málningu bifreiðarinnar, og ber því að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda bætur fyrir afnotamissi í 3 daga. Ekki hefur verið upplýst, hvað hafi verið greitt í afnotamissisbætur vegna leigubifreiða á árinu 1979, en fram er komið, að í ár muni hafa verið greiddar kr. 309.00 á dag. Eftir atvikum þykir rétt við ákvörðun þessa liðar að leggja til grundvallar þá fjárhæð, sem kröfugerð stefnanda er miðuð við, eða kr. 58.75 á dag, og verða stefndu því dæmdir til þess að greiða stefnanda vegna þessa kr. 176.25.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu stefnanda um skaðabætur vegna langs viðgerðartíma.

Taka ber afstöðu til kröfu stefnanda um matskostnað við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu ber að greiða stefnanda kr. 2.244.90 (kr. 1.430.00 + 580.25 + 58.40 + 176.25) með vöxtum, sem ákveðast 27% ársvextir frá 1. sept. 1979 til 1. des. 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, ákveðst kr. 3.000.00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurgeir Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Karlssyni, kr. 2.244.90 með 27% ársvöxtum frá 1. sept. 1979 til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. október 1983.

Nr. 200/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Anthony Lee Bellere.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru, skráðri í sakadómsbók 25. október 1983, er barst Hæstarétti 26. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að styttur verði verulega tími sá, sem honum er gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Anthony Lee Bellere, Bárugötu 22 hér í borg, fæddur 3. september 1966, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 21. desember nk.

Kærði hefur mótmælt, að krafan nái fram að ganga.

Málavextir eru þessir:

Kærði, Anthony Lee Bellere, hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríksins og fyrir dómi játað að hafa á tímabilinu frá 8. til 24. október sl. framið eftirtalin hegningarlagabrot:

1. Aðfaranótt 8. þ. m. brotist inn að Lækjargötu 6 hér í borg og farið þar inn í þrjú fyrirtæki og stolið m. a. fyrsta dags umslögum, frímerkjum, símtæki, kassettutæki og auk þess reynt að opna peningaskáp.

2. Aðfaranótt 14. þ. m. brotist inn í Réttingaverkstæði Bjarna Gunnarssonar að Bíldshöfða 14 hér í borg og tekið þar í heimildarleysi ásamt bróður sínum bifreiðina R 731 og ekið henni til Hvolsvallar í Rangárvallasýslu, en kærði er ökuréttindalaus.

3. Í beinu framhaldi af förinni til Hvolsvallar umrædda nótt ásamt fyrrnefndum bróður sínum brotist inn í Félagsheimilið Hvol og stolið þar tóbaki, síðan brotist inn í skrifstofu Hvolshrepps og stolið þar smámynt og að lokum brotist inn í verslunina Björk á Hvolsvelli og stolið þar umslögum með 18 til 20 þúsund krónum í peningum, póstpokum og mörgum kartonum af tóbaki.

4. Aðfaranótt 20. þ. m. brotist ásamt nefndum bróður sínum inn í m/b Hugborgu, sem lá í Reykjavíkurhöfn, og stolið þaðan tveimur talstöðvum, slökkvitæki, haglabyssu og skotbelti.

5. Aðfaranótt 22. þ. m. stolið u. þ. b. 2.000 krónum í peningum að Hverfisgötu 39 hér í borg ásamt lyklakippu og í framhaldi af því tekið í heimildarleysi bifreið þar fyrir utan og ekið henni stuttan spöl, þar til lögreglan stöðvaði aksturinn á Skúlagötu.

6. Að morgni 24. þ. m. brotist inn í hraðfrystihúsið að Mýrargötu 26 hér í borg og stolið þaðan um 20.000 krónum í peningum, ávísun að fjárhæð kr. 6.325.60, talstöð, skjalatösku og vasatölvu.

Í mörgum fyrrgreindra innbrota hafa verið unnar umtalsverðar skemmdir á innbrotsstöðum.

Samkvæmt sakavottorði kærða var ákæru frestað skilorðsbundið tvö ár á hendur honum hinn 9. ágúst 1982 vegna þjófnaðarbrots, og hinn 25. febrúar sl. hlaut hlaut kærði dóm fyrir skjalafals, en ákvörðun um refsingu var frestað skilorðsbundið tvö ár frá uppkvaðningu dómsins.

Samkvæmt upplýsingum, sem dómarinn hefur aflað sér, var kærði með dómi sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 20. september sl. og birtur kærða 23. sama mánaðar, dæmdur í 6 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar var frestað í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins. Mál þetta var höfð-

að með tveimur ákæruskjölum, og var kærði m. a. ákærður fyrir samtals 21 þjófnaðarbrot á tímabilinu frá því í nóvember 1982 þar til í febrúar 1983. Brot þau, sem nú eru til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og rakin eru hér að framan, eru því öll framin, eftir að kærða var birtur framangreindur skilorðsdómur. Þess skal að lokum getið, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði 39 sinnum komist á skrá hjá rannsóknarlögreglu ríkisins frá árinu 1975 vegna ýmissa afbrota.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, verður að telja kærða síbrotamann þrátt fyrir ungan aldur, og þykir ástæða til að ætla, að veruleg hætta sé á, að hann haldi áfram brotastarfsemi, ef hann verður látinn laus, meðan málum hans er eigi lokið. Þykir því rétt með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. desember nk., kl. 1700, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu, þar sem kærði er grunaður um brot, er gætu varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI og XXVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. desember 1982, kl. 1700.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 186/1981. **Flugleiðir h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Radíóstofu Vilbergs og Þorsteins
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Flugfarmbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1981. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn greiðslu á 1.857.74 krónum ásamt dráttarvöxtum af 59.74 krónum frá 15. maí 1979 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

„Aðallega, að áfrýjanda verði gert að greiða núvirði samskonar litsjónvarpstækis kr. 26.429,- (heildsöluverð kr. 21.400,- + 23,5% söluskattur kr. 5.029,-).

Til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða kr. 14.374.75.

Til þrautavara er gerð sú krafa, að áfrýjanda verði gert að greiða kr. 3.903.60.

Ennfremur er krafist af öllum kröfunum 19% ársvaxta frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar héraðsdóms þann 12. júní 1981 og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.“

Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf sitt til lögmanns síns frá 18. janúar 1982. Segir þar m. a.:

„Að gefnu tilefni staðfestist hér með, að tryggingadeild Flugleiða hefur yfirfarið tjónaskrár og kannað, hvort um greiðslu skaðabóta vegna vörusendinga hefur verið að ræða til fyrirtækisins Vilberg og Þorsteinn, áður en til greiðslu kom því til handa þann 25. maí 1979.

Hefur verið staðfest, að allt frá því í nóvember 1975 hafi ekki komið fram upplýsingar um neinar slíkar greiðslur, en lengra náði könnun ekki.“

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt reikning, dags. 5. febrúar 1971, með áritun hans, að því er virðist, um, að Flugfélag Íslands hafi greitt reikninginn, en reikningurinn tjáist vera yfir vörur, sem senda skyldi til Seyðisfjarðar og glatast hafi. Er í áritun þessari miðað við, að reikningsfjárhæðin ásamt söluskatti hafi verið greidd af Flugfélaginu.

Viðurkennt er af hálfu áfrýjanda, að sjónvarpstæki það, sem í

málinu greinir, hafi týnst, eftir að það komst í varnað hans, og samkvæmt gögnum máls eru atvik að því eigi kunn.

Í flugfarmbréfi, sem út var gefið af hálfu áfrýjanda um sjónvarpstækið, dags. 24. nóvember 1978, segir svo m. a.: ...Um flutning samkvæmt flugfarmbréfi þessu skulu gilda ákvæði Varsjársáttmálans eða ákvæði íslenzkra laga, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi, sbr. nú lög nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir. . ."

Aðiljar eru sammála um, að síðastgreind lög gildi gagngert um lögskipti þeirra, þau er málið varðar.

Samkvæmt 118. gr., 2. mgr., laga nr. 34/1964 er ábyrgð flytjanda flugfarms takmörkuð, svo sem þar greinir, nema verðmætisyfirlýsing komi til af hálfu farmsendanda, enda greiði hann þá aukafarmgjald. Viðurkennt er af hálfu stefnda, að hvorki hafi hann greint verð vörunnar í skiptum sínum við áfrýjanda né boðið fram aukafarmgjald, og er eigi viðhlítandi í því sambandi, þótt þess sé getið í flugfarmbréfi, að varningur sá, sem senda skyldi, væri litasjónvarpstæki. Stefndi hefur eigi sýnt fram á, að neinar þær venjur hafi myndast í skiptum málsaðilja, sem vikið geti til hliðar lagaákvæði 118. gr., 2. mgr., laga nr. 34/1964, og eigi er sannað af hálfu stefnda, að ákvæði 120 gr. sömu laga eigi hér við.

Stefndi á samkvæmt þessu rétt á bótum eftir því sem segir í meginreglu 118. gr. laga nr. 34/1964, en tækið vó 29 kg, svo sem segir í flugfarmbréfi. Samkvæmt bréfi Seðlabanka Íslands í dag jafngilda 100 gullkrónur 1.343.00 krónum. Í stefnu málsins í héraði nam stefnukrafan 390.360 gömlum krónum, þ. e. 3.903.70 nýjum krónum. Gegn andmælum áfrýjanda er stefnda eigi heimilt að hækka þá kröfu hér fyrir dómi. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð og staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til að því er höfuðstól varðar. Áfýjandi sendi stefnda með bréfi 15. maí 1979 tékka að fjárhæð 179.800 krónur. Kom fram í bréfinu, að greiðsla þessi væri fullnaðargreiðsla. Viðurkennt er af hálfu áfrýjanda, að tékkafjárhæðin hafi verið lægri en skuld hans nam við stefnda. Þegar þessa er gætt svo og skilyrða þeirra, er tengdust greiðslunni, var stefnda rétt að synja viðtöku tékkans og endursenda hann. Vextir af kröfu stefnda verða dæmdir, eins og krafist er og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en áfrýjandi greiði stefnda 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Flugleiðir h/f, greiði stefnda, Radíóstofu Vilbergs og Þorsteins, 3.903.60 krónur með 19% ársvöxtum frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 12. júní 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. maí sl., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. nóvember 1980.

Stefnandi málsins er Radíóstofa Vilbergs og Þorsteins, Laugavegi 80, Reykjavík.

Stefndi er Flugleiðir h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum nýkr. 3.903.60 „auk 19% ársvaxta frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 25. apríl 1980, en með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til birtingar þessarar dómsstefnu og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Ennfremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.“

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn því, að stefndi greiði stefnanda gamlar kr. 185.774 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af gkr. 5.974 frá 15. maí 1979 til greiðsludags, en stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Með stefnu, birtri 10. september 1979, höfðaði stefnandi mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnda út af sama málsefni. Það mál var fellt niður, og höfðaði stefnandi því næst mál þetta fyrir sjó- og verslunardóminum.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Páli Sigurðssyni dósent.

II.

Í stefnu er málavöxtum m. a. svo lýst:

„Atvik þessa máls eru þau, að þann 24. nóvember 1978 var sent eitt litsjónvarpstæki af gerðinni Hitachi CTP—215, sem kostaði með söluskatti kr. 390.360. Tæki þetta var sent með Flugleiðum hf. samkvæmt flugfarmbréfi númer 346334 til firmans Kjarni s.f., Vestmannaeyjum, og var getið um, að hér væri um að ræða litsjónvarpstæki í farmbréfinu.

Stefnandi þessa máls vissi ekki, að tækið hafði ekki borist til Kjarna s.f., fyrr en forsvarsmenn Kjarna s. f. kvörtuðu nokkrum dögum síðar, að tækið hefði ekki borist til þeirra. Var þá strax haft samband við Flugleiðir hf., og óskaði stefndi þá eftir fresti til þess að leita að tækinu, þar sem það kynni að hafa farið í misgripum til einhvers annars áætlunarstaðar, sem stefndi hefur einkaleyfi á. Litsjónvarpstækið kom aldrei fram, og krafði þá stefnandi þessa máls stefnda, Flugleiðir h.f., um greiðslu andvirðis tækisins, þ. e. heildsöluverð kr. 325.300 auk 20% söluskatts, kr. 65.060, eða alls kr. 390.360, en söluskatturinn er ákvarðaður af Skattstofunni í Reykjavík. Nefnt litsjónvarpstæki hefur ekki enn komið í leitirnar, og hafði stefnandi þegar í upphafi tilkynnt stefnda um bótakröfu sína og sérstaklega bréflega þann 4. maí 1979, og var gefinn frestur til 25. maí s. á. um greiðslu. Nokkru síðar sendi stefndi tékka að fjárhæð kr. 179.800, sem átti að skoðast sem fullnaðargreiðsla af hálfu stefnda, og átti stefnandi að kvitta á sérprentað eyðublað fyrir fullnaðarbætur. Þessu boði stefnda hafnaði stefnandi og endursendi tékkann, sem hann taldi sig ekki eiga rétt á að taka sem innágreiðslu, þar sem stefndi taldi það fullnaðargreiðslu. Stefnandi áskildi sér fulla greiðslu á andvirði tækisins og tilkynnti jafnframt stefnda, ef ekki yrði greitt að fullu, yrði höfðað mál á hendur stefnda. Í bréfi stefnda kemur fram, að tækið átti að fara með flugferð, sem stefndi kallar VEY, FI.60—241178, en bréf þetta er dagsett 15. maí 1979. Tekið skal fram, að flugfarmbréfið og bréf það, sem stefndi skrifaði stefnanda,

er merkt Flugfélagi Íslands h.f., en það félag starfar nú ekki lengur, heldur hefur sameinast Loftleiðum í félagið Flugleiðir hf., sem er stefndi í máli þessu (geri ég ráð fyrir, að verið sé að nota gömul eyðublöð til sparnaðar). Þrátt fyrir það, að tækið hafi horfið úr vörslum stefnda, veit stefnandi ekki til þess, að nein lögreglurannsókn hafi farið fram á hvarfi sjónvarpstækisins, og þykir stefnanda þetta næsta undarlegt, að stefndi skuli ekki láta fara fram lögreglurannsón á slíku hvarfi úr vörslum sínum, þar sem hér er um að ræða mjög verðmætan hlut, sem er í lúxustolli."

III.

Vilberg Sigurjónsson hefur fyrir dómi 11. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég er eigandi stefnanda ásamt Þorsteini Þorvaldssyni. Ég hefi kynnt mér ljósrit af flugfarmbréfinu, sem málið fjallar um. Starfsmenn stefnanda vélrituðu á sínum tíma þann hluta farmbréfsins, sem vélritaður er. Starfsmenn Flugfélags Íslands hafa hins vegar skráð á farmbréfið þann hluta skjalsins, sem handritaður er. Þegar stefnandi afhenti umrætt litasjónvarp, þá fylgdi enginn reikningur með vörusendingunni, aðeins flugfarmbréfið. Frumrit reikningsins var sent í pósti til kaupandans, Kjarna í Vestmannaeyjum. Engar upplýsingar um verðið fylgdu vörusendingunni, þegar stefnandi afhenti hana til flutnings. Farmbréfið ber með sér, að innihald vörusendingarinnar var litasjónvarpstæki. Ég hef ekki hugmynd um, hver afdrif tækisins urðu, eftir að tækið var afhent flytjanda, en tækið afhenti ég í vörumóttöku flugfélagsins á Reykjavíkurflugvelli. Ég tel, að eigendum stefnda hafi verið kunnugt um „flutningsákvæði," sem prentuð eru á flugfarmbréfið. Stefnandi hafði sent vörur með Flugfélagi Íslands h.f. allt frá árinu 1955, þegar fyrirtækið var stofnað. Þegar skemmdir urðu á vörum, sem stefnandi sendi með nefndu flugfélagi, hafði tjón ávallt verið bætt eftir mati fagmanna eða svokallaðri kílóareglu. Varð ávallt samkomulag um bætur á skemmdum munum. Ef vörusendingar týndust með öllu í flutningi hjá flugfélaginu, þá voru þær ávallt greiddar að fullu. Við töldum því, að flytjandi tækisins, sem um er fjallað í máli þessu, myndi greiða okkur andvirði þess að fullu skv. fyrri reynslu. Einnig töldum við ámælisvert af hálfu flugfélagsins, að ekki var af þess hálfu krafist lögreglurannsóknar út af hvarfi tækisins. Ég og félagi minn Þorsteinn gáfum á sínum tíma upplýsingar í síma bæði til umboðsmanns stefnda í Vestmannaeyjum og til skrifstofu stefnda í Reykjavík, hversu mörg tæki hefðu verið send til Kjarna s.f. í Vestmannaeyjum. Ég kannast hins vegar ekki við, að fyrirspurn hafi komið um vörusendingar til annarra staða á landinu um það leyti sem sjónvarpið var afhent flytjanda. Spurt var um seríunúmer tækisins, en það númer gátum við ekki gefið upp, vegna þess að stefnandi hafði ekki látið skrá það niður í bækur félagsins. Ríkisútvarpið hefur ekki gert kröfu um, að seljend-

ur sjónvarpstækja skrái niður slík númer. Ég vil geta þess, að mörg símtöl áttu sér stað á milli skrifstofu flytjanda og okkar Þorsteins, og voru í þeim símtölum gefnar ýmsar upplýsingar af hálfu stefnanda. Litasjónvarpið var ekki vátryggt fyrir skemmdum eða ef það týndist með öllu, hvorki af stefnanda eða kaupandanum Kjarna í Vestmannaeyjum."

Bragi Ingiberg Ólafsson hefur fyrir dómi 13. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég var yfirmaður reksturs Flugleiða hf. í Vestmannaeyjum á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Það háttar þannig til hjá okkur í Vestmannaeyjum við móttöku á vörum, sem koma með flugvélum frá Reykjavík, að við skrifum inn nöfn móttakanda vörunnar á eyðublöð og þrjá síðustu stafina af númeri á límmiða, sem límdur er á viðkomandi pakka. Eyðublöð, sem við notum í þessu sambandi, eru aðeins óskrifaðar síður í stærð A-4. Þegar búið er að skrásetja nafn móttakanda og síðustu þrjá stafina úr númeri hverrar vörusendingar, eru upplýsingarnar, sem skráðar höfðu verið á eyðublaðið bornar saman við fylgibréf, flugfarmbréf, sem koma í einu lagi í umslagi með viðkomandi flugvél. Sama númer á að vera á flugfarmbréfi, sem fylgir hverri vörusendingu, og númerinu á límmiðanum, sem límdur er á viðkomandi pakka. Miðarnir, sem upplýsingarnar voru skráðar á, eru geymdir í sérstakri möppu. Starfsmenn félagsins hringja því næst til viðkomandi vörumóttakanda eða senda honum tilkynningu um komu vörunnar í pósti. Ef móttakandi á að greiða flutningsgjald, svo sem í því tilfelli, sem hér um ræðir, en flugfarmbréfið er merkt „C.C.," sem merkir, að viðkomandi eigi að greiða flutningsgjaldið, þá fær viðtakandinn flugfarmbréfið, eitt af samritum flugfarmbréfsins, en félagið heldur þremur samritum. Eitt verður eftir í Vestmannaeyjum, annað verður eftir í Reykjavík og hið þriðja gengur til bókhalds í sambandi við uppgjör. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, mun sendandi hafa fengið við afhendingu vörunnar hér í Reykjavík frumrit flugfarmbréfs og eitt afrit. Þessi eintök flugfarmbréfs þurfti hann ekki að senda til móttakandans í Vestmanneyjum, vegna þess að móttakandinn átti að greiða flutningsgjaldið, en um póstkröfu var ekki að ræða. Ég tel, að sjónvarpið hafi aldrei komið til Vestmannaeyja. Ég byggi það á því, að umrædd vörusending var ekki skráð á hinn lausa miða, svo sem venja stendur til. Ég vann sjálfur m. a. við það að skrifa út vörur, sem komu. Jafnframt tók ég þátt í því að hringja til vörumóttakenda. Ég tel því nokkuð öruggt, að sjónvarpið hafi aldrei til Vestmannaeyja komið með flugvélum félagsins. Ég vil hins vegar taka fram, að flugfarmbréfið nr. 346334, sem mál þetta fjallar um, kom til okkar með öðrum flugfarmbréfum á venjulegan hátt. Mér þykir sennilegast, að flugfarmbréfið hafi komið til Vestmannaeyja laugardaginn 25. nóvember 1978, vegna þess að ekki var flogið þann 24. nóvember. Það kemur oft fyrir, og við höfum meira að segja óskað þess, að fá flugfarmbréfin send strax til Vestmanna-

eyja, enda þótt ekki sé pláss í flugvélinni fyrir vörusendinguna. Ég tel, að við höfum fengið 3 samrit af farmbréfinu, sem hér um ræðir. Ég veit ekki annað en að þau eintök séu til á skrifstofu félagsins í Vestmannaeyjum. Ég tel, að ekki hafi verið skráð á frambréfin, hvenær þau komu til Vestmannaeyja. Ég get því ekki staðhæft neitt um það, hvenær þau komu, þar sem engar upplýsingar voru skráðar annars staðar um móttöku farmbréfsins. Við móttöku þessa flugfarmbréfs var það sett í sérstaka möppu yfir farmbréf, sem komu, án þess að vara fylgdi. Afgreiðsla félagsins í Reykjavík tilkynnir okkur í Vestmannaeyjum, þegar þeir hafa „hreinsað upp" vörur hjá sér, sem til Vestmannaeyja eiga að fara. Í þessu tilfelli mun afgreiðslan í Reykjavík hafa „hreinsað upp" hjá sér vörur til Vestmannaeyja þann 10. desember 1978. Þann 11. desember hafði ég sjálfur samband við vöruafgreiðsluna í Reykjavík út af tækinu. Leitað var að tækinu hjá þeim, en það fannst ekki. Mér er um það kunnugt, að Thulin Johansen, starfsmaður félagsins í Reykjavík, sendi út sérstakt dreifibréf til annarra afgreiðslna félagsins á Íslandi með fyrirspurn um, hvort sjónvarpið hefði verið sent þangað í misgripum. Hann mun einnig hafa hringt á viðkomandi staði, en sjónvarpið fannst ekki. Ég bað Thulin að afla hjá sendanda ýmissa upplýsinga varðandi tækið og vörusendingar frá þeim til annarra. Ég átti hins vegar aðeins eitt símtal við fyrirtæki stefnanda. Ég ræddi þar við karlmann og spurði um seríunúmer tækisins. Ég man nú ekki, við hvern ég talaði, en viðmælandi minn tilkynnti mér, að seljandi skráði ekki niður seríunúmer þeirra tækja, sem hann seldi."

Thulin Johansen hefur fyrir dómi 24. júní 1980 m. a. skýrt svo frá: „Ég var starfsmaður hjá Flugleiðum h.f. 24. nóvember 1978, en ég lét af störfum hjá því félagi 30. september 1979. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var ég afgreiðslustjóri vöruafgreiðslu Flugleiða h.f. á Reykjavíkurflugvelli, þ. e. ég hafði yfirumsjón með vöruflutningum innanlands. Ég hafði skrifstofu í afgreiðslustöð félagsins, Skerjafjarðarmegin. Sá háttur var á hafður, þegar vörur voru mótteknar til flutnings, að gefið var út flugfarmbréf, í þessu tilfelli í 7 eintökum. Á slíkt flugfarmbréf, sem var prentað eyðublað, voru skráðar eftirfarandi upplýsingar: brottfararstaður, ákvörðunarstaður, nafn og heimilisfang móttakanda, nafn og heimilisfang sendanda, stykkjafjöldi og innihald vörusendingar svo og þyngd. Flugfarmbréfið var undirskrifað og dagsett af starfsmanni Flugleiða h.f. í vörumóttöku á flugvellinum. Að lokum var flutningsgjaldið tilgreint. Sendandi fékk 2 eintök af flugfarmbréfinu, frumritið og eitt gegnumslag (afrit). Eitt afrit varð eftir á vöruafgreiðslunni og var notað sem farmskrá, enda var form þessa afrits sérstaklega auðkennt með orðinu farmskrá, sem prentað var í texta afritsins. Sérstök farmskrá var hins vegar aldrei skráð, en þessi afrit með farmskrárárituninni voru sett saman í sérstakt umslag, sem sent var

með næstu flugvél á ákvörðunarstað, jafnvel þótt varan gæti ekki komist með þeirri flugvél og yrði að bíða eftir því, að rúm fengist í flugvél til viðkomandi flughafnar. Eitt eintak af flugfarmbréfinu fór til bókhalds félagsins í Reykjavík. Tvö afrit voru send í öðru umslagi til flughafnar. Fékk móttakandi vörunnar annað afritið, en kvittaði fyrir móttöku vörunnar á hitt eintakið. Hvert flugfarmbréf ber sérstakt númer. Viðkomandi vörusending er merkt með sama númeri, og auk þess er tilgreint á vörusendingunni sjálfri viðkomandi flughöfn, þyngd vörunnar og stykkjafjöldi. Þetta er ýmist gert af sendanda eða starfsmönnum Flugleiða. Ég hefi nú kynnt mér flugfarmbréfið. Ég kannast ekki við skriftina, sem handrituð er, og veit ekki, hver hefur undirritað flugfarmbréfið, en það er eflaust hægt að finna út, hver ritaði það, sem skráð er með penna á skjalið. Ég tók ekki sjálfur á móti sjónvarpinu, og ég sá það ekki í afgreiðslu félagsins, og ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma séð það í afgreiðslunni. Ég hef ekki hugmynd um afdrif þessa sjónvarps. Nokkrum dögum eftir 24. nóvember 1978 hringdi Bragi Ólafsson í Vestmannaeyjum í mig og spurðist fyrir um sjónvarpið. Ég giska á, að liðnir hafi verið þá 7—10 dagar frá útgáfudegi flugfarmbréfs. Ég man þetta nú þó ekki nákvæmlega. Ég leitaði sjálfur í afgreiðslunni og lét vafalaust vaktstjórana leita að tækinu, en það fannst ekki. Við fundum afrit flugfarmbréfsins strax. Sérstakt dreifibréf var sent til annarra flugstöðva á landinu með fyrirspurnir um, hvort tækið hefði verið sent þangað af misgáningi. Ekkert svar kom um slík mistök. Það var gerð ítarleg leit í vöruafgreiðslunni sjálfri og vaktstjórar og afgreiðslumenn þeirra svo og umhleðslumenn spurðir um afdrif tækisins, en án árangurs. Ég talaði sjálfur annað hvort við Vilberg eða Þorstein á Radíóstofunni og spurði m. a. um umbúnað og merkingu vörunnar. Þegar afgreiðslumaðurinn hafði tekið við greindri vöru í afgreiðslunni, lagði hann hana á færiband, sem flutti vöruna inn í vöruskálann. Þar tóku umhleðslumenn við vörnni af færibandinu og settu hana í gám, sem merktur var viðkomandi flughöfn. Þegar varan var afgreidd úr gámnum í flugvélina, þá voru það svokallaðir hlaðmenn, sem tóku vöruna úr gámnum og komu henni fyrir í flugvélinni. Gámarnir voru ekki læstir, á meðan varan beið flugs, en gámunum var ekið í heilu lagi út að flugvélinni, þegar varan var sett um borð í vélina. Vörumóttakan var opin frá kl. 08 til kl. 19, en þá var móttöku hætt. Eftir það unnu oft þrír starfsmenn við að ganga frá og við undirbúning fyrir næsta vinnudag. Mig minnir, að það hafi verið ritari, afgreiðslumaður, vaktstjóri og stundum umhleðslumaður. Þeir luku venjulega störfum um kl. 2030 eða 2100. Þá fóru allir úr byggingunni, sem er sérstakt hús skammt fyrir norðan farþegaafgreiðsluna. Var húsi þessu þá læst. Ekki voru þar vaktmenn, en vaktmenn voru hins vegar alla nóttina í flugstöðvarbyggingunni. Engar rökstuddar grunsemdir komu fram um af-

drif tækisins. Óhjákvæmilegt er, að vörusendingar fari í einstökum tilfellum til rangra flughafna, bæði voru dæmi um það, að merkingar væru ekki nákvæmar eða beinlínis rangar, og auk þess var um mistök starfsmanna flugfélagsins að ræða. Dreifibréf, sem send voru út til annarra flugstöðva, voru fjölrituð. Ekki var beðið um lögregluranns6kn vegna þessa máls. Sá háttur var ekki hafður á í slíkum tilfellum. Það var mjög lítið um það, að vörur hyrfu, á meðan þær voru í vörslum félagsins."

Sverrir Jónsson, stöðvarstjóri stefnda, hefur í skýrslu, dagsettri 23. mars 1981, skýrt svo frá:

„Vöruafgreiðsla félagsins var opin alla virka daga frá kl. 08:00—19:00, og unnu þar um 9 manns yfir daginn. Um helgar störfuðu 2 menn, þ. e. vaktstjóri og afgreiðslumaður, en afgreiðslan var lokuð, var þeirra verksvið að afgreiða frakt út í vélar.

Þegar flugi var lokið á daginn, var vöruafgreiðslu lokað, þótt allar vélar væru ekki komnar, enda hefur verkstjóri í hlaðdeild lykil til þess að setja inn þá frakt, er kemur utan af landi eftir lokun.

Hinsvegar, ef brottför var eftir kl. 19:00, voru ætíð starfsmenn úr vöruafgreiðslu til staðar til afhendingar.

Lykla af vöruafgreiðslu höfðu: Stöðvarstjóri, afgreiðslustjóri vöruafgreiðslu, vaktstjórar og tveir afgreiðslumenn. Auk þessara hafa verkstjórar í hlaðdeild lykil. Varðandi meðferð vörunnar í vöruafgreiðslu er engu við að bæta, er fram kemur í skýrslu Thulins Johansen. Vegna fyrirspurnar um umgang hlaðmanna er því til að svara, að þeir koma í afgreiðsluna á öllum tímum dagsins og eru þá að sækja frakt, er fara á út á land.

Frakt, er fara á um borð í vélar, stendur í þar til gerðum grindum, þær settar á færibandabíl eða annað farartæki og flutt beint upp að vél.

Sé hætt við eða flugi frestað, eftir að hleðslu er lokið, er möguleiki á, að frakt sé um borð í vél þó nokkurn tíma, meðan beðið er eftir að komast af stað.

Hafi vél ekki verið hlaðin og flugi frestað, gæti varan staðið í grindum við vélina um tíma, en þess skal þó getið, að þá standa vagnarnir beint fyrir framan afgreiðslubyggingu og starfsfólk við vinnu umhverfis.

Umrætt sjónvarpsmál var tjónamál, sendanda tilkynnt, að tækið væri glatað og boðnar bætur samkvæmt kílóreglu. Stefnandi var jafnframt beðinn um númer af tækinu, þar eð við töldum, að hann hlyti að hafa það, þar sem um er að ræða hluti, sem eru í ábyrgð seljanda, og með því að hafa númer töldum við, að auðveldara væri að fylgjast með, hvort tækið kæmi inn á verkstæði, t. d. til viðgerðar. Það var aldrei rætt að gera þetta að lögreglumáli, enda ekki venja.

Hér var litið svo á, að hér væru um venjulegt tjónamál, varan hefði misfarist, en kæmi í leitirnar seinna, sem því miður varð ekki.

Engin næturvarzla er í vöruafgreiðslu."

Hér fyrir dómi 25. mars 1981 hefur Sverrir Jónsson skýrt svo frá: „Hlaðmenn voru á þeim tíma, sem hér skiptir máli, samtals 19, og eru verkstjórar þar með taldir. Á hverri vakt eru 4 menn auk verkstjóra. Á daginn voru venjulega 2 vaktir, eða samtals 9 menn. Ég er búinn að vera starfsmaður á flugvellinum í Reykjavík, fyrst hjá Flugfélagi Íslands og síðan hjá Flugleiðum h.f., í 30 ár. Það hefur aldrei verið tíðkað að taka aukafarmgjald fyrir vörur. Hinsvegar hefur fólki verið bent á, ef um sérstaka verðmæta vörusendingu hefur verið að ræða, að vátryggja hana sérstaklega. Ég hef aldrei heldur orðið þess var, að farmsendendur hafi óskað eftir því að greiða aukafarmgjald fyrir vörur, sem eru sérstaklega verðmætar. Það er mjög sjaldgæft, að vörur bíði í vöruafgreiðslunni í svo langan tíma eins og frá 24. nóvember til 10. desember. Þetta kemur þó fyrir, ef mjög illa viðrar. Vörur, sem afgreiddar eru út úr vörugeymslunni, eru ekki skráðar á sérstaka skrá, um leið og þeim er ekið burt úr vörugeymslunni. Við höfum enga skrá um það. Við töldum, að sjónvarpið hafi verið sent með flugvél til Eyja, eins og til stóð. Ég veit hinsvegar ekki, hvað um sjónvarpið varð. Ekki var skráð sérstök farmskrá yfir þær vörur, sem sendar voru til Vestmannaeyja hverju sinni með flugvélum félagsins á þeim síma, sem hér skiptir máli. Í millilandaflugi var hinsvegar á þessum sama tíma og er enn í dag skráð sérstök farmskrá yfir allar vörur, sem sendar eru með flugvélum félagsins. Þetta er gert vegna tollfærslu viðkomandi landa. Það tíðkaðist í eina tíð að skrá farmskrá yfir vörur, sem sendar voru með hverri flugvél í inanlandsflugi. Hætt var að hafa farmskrár fyrir all nokkru síðan í innanlandsflugi. Ákvörðun um þetta var tekin af yfirmanni í innanlandsflugi. Ég tók þátt í umræðum um þetta. Eftir að farmskráin var lögð niður, var bætt við einu afriti af hverju flugfarmbréfi, sem út var gefið, um hverja vörusendingu. Ég tel, að farmskráin sé ónauðsynleg flugsins vega, þ. e. vegna öryggis í flugi. Afritin af flugfarmbréfum söfnum við saman og notum sem einskonar farmskrá. Samtals eru flugfarmbréfin gefin út í 7 eintökum, farmsendandi fær frumrit og eitt afrit, 3 eintök eru send viðkomandi afgreiðslu, í þessu tilfelli til flugafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum, og tvö verða eftir í Reykjavík. Annað þeirra gengur til bókhalds, en hitt verður eftir í vöruafgreiðslunni.

Við normal aðstæður, þ. e. þegar tiltekið magn af vörusendingum eru sendar með tiltekinni flugvél, eru öll flugfarmbréf varðandi vörusendingar með þessari tilteknu flugvél sett í sérstakt umslag, sem ber yfirskriftina flugskjöl. Það eintak flugfarmbréfs, sem fer í flugskjalaumslagið, er eintakið, sem ætlað er bókhaldi og áður er frá greint. Ef hinsvegar vörur safnast saman vegna þess, að ekki er hægt að senda þær strax, þá getur farið svo, að það magn, sem til hefur staðið að senda í tiltekna flugvél, kemst ekki

í flugvélina. Getur þá farið svo, að flugfarmbréf yfir vörusendingar, sem á að vera í umslaginu yfir tiltekið flug, bókist ekki á sömu flugferð og varan fer með. Ég get ekki hér og nú upplýst, hvort bókhald félagsins hefur að geyma frekari upplýsingar um það, hvort umrætt sjónvarp hefur verið afhent um borð í flugvél í ákveðið flug skv. upplýsingum, sem kunna að hafa borist bókhaldi skv. flugfarmbréfi, sem sett kann að hafa verið í umslag yfir flugskjöl. En ég vil taka fram í þessu sambandi, að umslagið með flugskjölum sendum við til bókhaldsins daginn eftir hverja flugferð."

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi beri ábyrgð á fullri greiðslu andvirðis litasjónvarpsins samkvæmt 120. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig er því haldið fram, að ,,undantekningarákvæði 118. gr." ofangreindra laga og íslensk réttarvengja leiði einnig til fullrar ábyrgðar stefnda á greiðslu tækisins.

Af hálfu stefnanda er áhersla lögð á það, að stefnandi hafi afhent stefnda mjög verðmætt tæki, sem merkt hafi verið litsjónvarpstæki. Þetta tæki hafi horfið úr vörslu stefnda. Tækið hafi alla tíð frá afhendingu verið í umsjá og vörslu stefnda. Stefndi hafi einn séð um alla geymslu, flutning og afhendingu á vörum í eigin húsum og flugvélum. Enginn utanaðkomandi aðili komi þar nálægt eða sjái um nokkurn hluta flutnings á vörum fyrir stefnda. Hér verði starfsmönnum stefnda einum um kennt. Starfsmenn stefnda séu einu aðiljarnir, sem komist að vörum, sem stefndi sjái um flutnig á. Hér sé því um að ræða stórfellt gáleysi eða ásetning af hálfu stefnda. Stefndi beri því fulla fébótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 120. gr. nefndra laga.

Í farmbréfinu hafi enn fremur verið skráð, að hér væri um litasjónvarp að ræða. Með þessu hafi stefnandi lýst yfir, að hann sé að senda dýran hlut, samanber 118. gr. loftferðalaganna. Í slíkum tilfellum sé ábyrgð farmflytjanda ekki takmörkuð, en það leiði til fullrar bótaskyldu stefnda.

Því er haldið fram, að stefndi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með því að óska ekki eftir lögreglurannsókn á hvarfi sjónvarpsins. Það eitt leiði til ótakmarkaðrar fébótaábyrgðar stefnda.

Einnig sé ljóst, að geymsla tækisins í vöruskála stefnda á Reykjavíkurflugvelli hafi verið óforsvaranleg. Engin varsla hafi verið í skálanum langan tíma sólarhringsins og margir menn hafi haft lykla að skálanum og um 30 manns hafi haft aðgang að honum. Auk þess beri að hafa í huga, að tækið hafi verið svo þungt, að einn maður hafi varla valdið því.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að áður en umrætt sjónvarpstæki hvarf, hafi stefndi jafnan greitt að fullu þá muni, sem stefnandi sendi, en týndust í flutningum á vegum stefnda. Stefnandi hafi mátt treysta því, að

stefndi greiddi sjónvarpstækið eins og aðra hluti, sem höfðu týnst með öllu í flutningi hjá stefnda.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar einnig með því, að stefndi hafi atvinnu af því að flytja vörur. Verði að gera strangar kröfur um, að farmflytjandi standi skil á þeim varningi, sem honum sé trúað fyrir. Í því sambandi beri einnig á það að líta, að ábyrgð innan samninga sé ríkari en utan samninga. Fyrirvarinn í farmbréfinu sé því mjög óeðlilegur og verði að meta hann ógildan.

Því er andmælt af hálfu stefnanda, að um viðtökudrátt hafi verið að ræða, þegar stefnandi neitaði að taka við kr. 179.800 á sínum tíma, enda hafi greiðsla þessi ekki verið fullnægjandi og skilyrt, svo sem stefnandi viðurkenni. Hafi stefnanda því verið rétt að endursenda greiðsluna, svo sem á stóð.

V.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að reglur laga um loftferðir nr. 34/1964 um takmarkaða bótaábyrgð farmflytjanda séu að verulegu leyti byggðar á Varsjársáttmálanum svonefnda.

Sé litið til baka, megi sjá, að í upphafi hafi ábyrgð farmflytjanda í loftflutningum farið eftir hinum almennu reglum skaðabótaréttarins. Farmflytjendur hafi síðar samið sig undan allri ábyrgð eða takmarkað ábyrgð sína verulega. Þróunin hafi svo orðið sú, að ábyrgð farmflytjanda hafi um skeið verið hlutlæg. Eftir ótal ráðstefnur og fjölþjóðafundi hafi þróunin orðið sú, að í dag búum við við lagareglur, sem skyldi farmflytjanda til að bæta tjón, sem verða kunni á farmi. Núgildandi reglur íslenskra loftferðalaga um ábyrgð farmflytjanda séu nú þannig, að farmsendandi, sem fyrir tjóni verði, þurfi ekki að sanna, að tjónið hafi orðið fyrir mistök farmflytjanda, sbr. 114. og 115. gr. loftferðalaganna. Ekki þurfi frekar að ræða það hér, því stefndi hafi í upphafi viðurkennt ábyrgð sína á hinu glataða sjónvarpstæki. Hins vegar beri stefndi fyrir sig 2. mgr. 118. gr. loftferðalaganna um takmarkaða ábyrgð, en samkvæmt henni beri stefnda aðeins að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 37.00 fyrir kvert kg af vörusendingunni og skuli skaðabæturnar reiknast eftir gullgildi, svo sem 5. mgr. 118. gr. greinarinnar ákveði. Samkvæmt því séu skaðabæturnar rétt reiknaðar kr. 185.774 og sé þá miðað við gullgildi íslenskrar krónu á afhendingardegi vörunnar, 28. nóvember 1978.

Þegar greiðslan var send til stefnanda 25. maí 1979, að fjárhæð kr. 179.800, hafi orðið þau mistök, að skaðabæturnar voru rangt út reiknaðar. Réttur útreikningur hafi verið kr. 185.774. Stefnandi hafi hins vegar engar athugasemdir gert við útreikninginn. Með hliðsjón af því, hve litlu munaði á fjárhæðum, geti stefndi, sem hafnaði móttöku greiðslunnar, ekki nú bor-

ið fyrir sig, að ekki hafi verið boðin fram rétt greiðsla. Fullyrða megi, að útreikningur hefði verið leiðréttur, ef athugasemd um það hefði komið fram hjá stefnanda. Er sérstök áhersla á þetta lögð af hálfu stefnda varðandi málskostnaðarkröfu hans.

Af hálfu stefnda er því lýst, að farmsendandi, sem fyrir tjóni verði, geti borið hærri bætur en hin takmarkaða ábyrgð geri ráð fyrir. Til þess þurfi annað tveggja að koma til: „Verðmætayfirlýsing" samkvæmt 2. mgr. 118. gr. loftferðalaga eða að skilyrði 120. gr. sé fyrir hendi.

Af hálfu stefnda er því andmælt, að stefnandi geti byggt skaðabótakröfu sína á ákvæðum 2. mgr. 118. gr. um „verðmætayfirlýsingu". Ekkert verð hafi verið tilgreint við vörusendinguna og stefnandi hafi heldur ekki greitt aukafarmgjald, svo sem ráð sé fyrir gert í lagaákvæðinu. Komi þessi varnarástæða stefnanda því ekki að haldi.

Til þess að stefnandi geti beitt fyrir sig 120. gr. loftferðalaganna, verði hann að sanna, að starfsmenn stefnda hafi við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um, að tjón mundi sennilega af hljótast. Slík sönnun af hálfu stefnanda hafi ekki tekist. Í því sambandi verði eigi á það fallist með stefnanda, að það hafi verið ámælisvert af stefnda að láta ekki fara fram lögreglurannsókn út af hvarfi sjónvarpsins.

Til stuðnings máli sínu hefur lögmaður stefnda einkum vitnað í rit Peter Lödrup „Luftrett II, fragtavtalen", sem gefið var út af Háskólanum í Oslo 1975.

Á það er bent af hálfu stefnanda, að stefnandi reki umfangsmikla verslun og hafi stefndi margsinnis annast flutning á vörum út á land fyrir hann. Stefnanda hafi því verið eða mátt vera kunnir flutningsskilmálar stefnda. Stefnanda hafi því verið í lófa lagið og það hafi staðið stefnanda næst að gera ráðstafanir til að tryggja hagsmuni sína betur en hin takmarkaða flutningsábyrgð samkvæmt 118. gr. loftferðalaganna geri ráð fyrir, svo sem með því að kaupa sér sérstaka tryggingu.

VI.

Niðurstaða réttarins.

Stefndi viðurkennir að hafa móttekið sjónvarp það, sem málið fjallar um, til flutnings loftleiðis til móttakanda þess í Vestmannaeyjum.

Í flugfarmbréfinu, sem stefndi gaf út við móttöku sjónvarpsins, er svofellt flutningsákvæði:

„Um flutning samkvæmt flugfarmbréfi þessu skulu gilda ákvæði Varsjársáttmálans eða ákvæði íslenzkra laga, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi, sbr. nú lög nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir."

Stefndi viðurkennir, að hann beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á hvarfi sjónvarpsins samkvæmt ákvæðum loftferðalaga nr. 34/1964.

Stefnandi tilgreindi ekki sérstaklega þá hagsmuni, sem tengdir voru við afhendingu sjónvarpsins á ákvörðunarstað, og stefnandi greiddi ekkert aukafarmgjald fyrir flutninginn. Verður krafa stefnanda um fullar bætur á grundvelli verðmætisyfirlýsingar samkvæmt 2. mgr. 118. gr. loftferðalaganna því ekki tekin til greina.

Annar eigenda stefnanda, Vilberg Sigurjónsson, hefur hins vega skýrt svo frá fyrir dómi, svo sem frá er greint í kafla III hér að framan, að stefnandi hafi allt frá árinu 1955 sent vörur með Flugfélagi Íslands h/f og síðar Flugleiðum h/f, sem tekið hefur við rekstri þess fyrrnefnda. Vörusendingar, sem „týndust með öllu í flutningi hjá flugfélaginu", hafi „ávallt verið greiddar að fullu". Af hálfu stefnda hefur þessari staðhæfingu eigandans hvorki verið mótmælt í greinargerð né í hinum munnlega flutningi málsins. Með hliðsjón af fyrri viðskiptum sínum við stefnda mátti stefnandi treysta því þrátt fyrir ákvæði flugfarmbréfsins og þeirra laga, sem þar er vitnað til, að stefndi stæði stefnanda skil á andvirði sjónvarpsins, ef það glataðist með öllu, á meðan það var í flutningsábyrgð stefnda. Að svo vöxnu máli ber þegar af framangreindum ástæðum að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði sjónvarpstækisins með nýkr. 3.903.60.

Stefndi bauð ekki fram fullnægjandi greiðslu, þegar hann sendi stefnda tékann að fjárhæð kr. 179.800 þann 25. maí 1979, og greiðslan var háð skilyrðum. Var stefnanda því rétt að endursenda tékkann. Vaxtakrafa stefnanda verður því tekin til greina, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.400.00.

Dómsorð:

Stefndi, Flugleiðir h/f, greiði stefnanda, Radíóstofu Vilbergs og Þorsteins, kr. 3.903.60 með 19% ársvöxtum frá 24. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 2.400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 156/1981. **Gústav Sigvaldason**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Jóhanni Má Jóhannssyni og
Þóreyju Jónsdóttur fyrir eigin hönd og
ófjárráða barna þeirra,
Jóns Axels Jóhannssonar og
Stellu Hrannar Jóhannsdóttur,
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ábúðarlög. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1981. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1981. Dómkröfur þeirra eru þær, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 20.478.61 krónu með 13% ársvöxtum af 2.195.86 krónum frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978, 19% ársvöxtum af 20.478.61 krónu frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. dsember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. juní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu innlánsvöxtu, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi Jóhann Már Jóhannsson fékk gjafsókn í héraði

15. október 1980 og gagnáfrýjendur gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök í Hætarétti 12. október 1983.

Aðaláfrýjandi sagði gagnáfrýjandanum Jóhanni Má Jóhannssyni upp ábúðarrétti á jörðinni Hrafnabjörgum með bréfum, dagsettum 12. desember 1974 og 27. maí 1975, þar sem hann hygðist sjálfur hefja þar búskap. Gagnáfrýjendur fluttust af jörðinni 10. júní 1976. Hvorki fluttist aðaláfrýjandi á jörðina né afhenti hann hana til ábúðar neinum af þeim skyld- eða venslamönnum, sem upp eru taldir í 2. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, sbr. nú 3. mgr. 5. gr. laga nr. 64/1976. Verður að telja, að uppsögn aðaláfrýjanda á jarðarafnotum gagnáfrýjandans Jóhanns Más hafi verið „af yfirskinsástæðum" í skilningi 4. mgr. 9. gr. fyrrnefndu laganna. Af þessum sökum á gagnáfýjandinn Jóhann Már Jóhannsson skaðabótarétt á hendur aðaláfrýjanda, sbr. niðurlagsákvæði nefndrar lagagreinar, vegna afurðatjóns af búi sínu og annars tjóns vegna uppsagnarinnar, þar með talins afurðatjóns vegna búpenings, sem sérstaklega var eignaður eiginkonu hans og ófjárráða börnum. Skaðabótaréttur þessi er ekki bundinn því skilyrði, að Jóhann Már krefðist þess að fá jörðina aftur, og er réttur þessi hvorki fallinn niður fyrir tómlæti né fyrningu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta úrlausn hans á hinum einstöku kröfuliðum gagnáfrýjenda.

Mál þetta var upphaflega þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júní 1979. Eins og á stendur, þykir ekki rétt að dæma vexti frá fyrri tíma. Vextir þessir ákveðast svo sem í dómsorði greinir.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun talsmanns gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.400.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gústav Sigvaldason, greiði gagnáfrýjendum, Jóhanni Má Jóhannssyni og Þóreyju Jónsdóttur fyrir eigin hönd og ófjárráða barna þeirra, Jóns Axels Jóhannssonar og Stellu Hrannar Jóhannsdóttur, 9.913.00 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 28. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.400.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómsþings Húnavatnssýslu 29. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., var þingfest hér fyrir aukaþinginu 30. júlí 1980, en höfðað með stefnu, útgefinni 7. maí s. á., af Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Jóhanns Más Jóhannssonar, Keflavík, Hegranesi, Skagafirði, fyrir eigin hönd og hönd eiginkonu, Þóreyjar Jónsdóttur, og ófjárráða barna þeirra, Jóns Axels og Stellu Hrannar, gegn Gústav Sigvaldasyni skrifstofustjóra, Blönduhlíð 28, Reykjavík, en með lögheimili að Hrafnabjörgum í Svínavatnshreppi. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 20.478.61 með 13% ársvöxtum af kr. 21.958.60 frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1978, með 19% ársvöxtum af kr. 20.478.61 frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júní 1979, með 34% ársvöxtum (dómvöxtum) af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1981, með 46.4% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 42.8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi

til uppsögu dóms í máli þessu, en síðar með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Málavextir eru þessir: Vorið 1973 flutti stefnandi búferlum á jörðina Hrafnabjörg í Svínavatnshreppi, en jörðin er að hálfu eign stefnda. Var stefnandi leiguliði stefnda. Síðla árs 1974 segir svo stefndi stefnanda upp ábúð á jörðinni miðað við fardaga 1975, þar sem hann þurfti jörðina til eigin búskapar. Síðar breytti stefndi þessum áformum sínum, þar sem uppsagnarfrestur var ekki nægjanlegur, og sagði stefnanda upp ábúð á jörðinni miðað við fardaga 1976, og flutti stefnandi af jörðinni að hann minnir 10. júní 1976 að Keflavík í Hegranesi.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því, að uppsögn hafi reynst vera yfirskinsástæða. Stefndi hafi ekki farið að búa, heldur fengið annan ábúanda, sem hann kalli að vísu ráðsmann, sem sé í húsmennsku. Þar með sé stefndi skaðabótaskyldur gagnvart sér, sbr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961. Ný ábúðarlög tóku gildi einmitt um þetta leyti, en sams konar ákvæði eru í 5. gr. þeirra laga nr. 64/1976, svo ekki þarf að taka afstöðu til, hvaða lög hér gilda, enda ekki minnst á þessi nýju lög af lögmönnum. Þeir töldu 9. gr. gömlu laganna nr. 36/1961 gilda um þetta atriði.

Stefndi gæti því orðið skaðabótaskyldur, ef um yfirskinsástæðu væri að ræða. Svo virðist sem stefndi hafi ætlað sér að fara að búa á Hrafnabjörgum og engin ástæða til annars en líta svo á, að það hafi verið ætlun hans, er hann sagði stefnanda upp ábúðinni. Þegar svo málin taka aðra stefnu, hefði hann átt að gefa stefnanda kost á áframhaldandi byggingu jarðarinnar, en ekki að byggja hana öðrum eða fá annan ráðsmann. Dómurinn lítur svo á, að staða núverandi ábúanda, Sigurvalda Sigurjónssonar, og stefnanda á sínum tíma sé mjög svipuð og um raunverulega ábúð sé að ræða. Þótt stefndi telji sér lögheimili á Hrafnabjörgum, þá segir það ekki neitt, nema að lögin um heimilisfang eru sniðgengin.

Það er álit dómsins, að með því að fá annan ábúanda í stað stefnanda, verði að túlka þá breytni sem brot á 9. gr. ábúðarlaganna nr. 36/1961, nú 5. gr. laga nr. 64/1976. Stefnandi hefði því getað krafist jarðarinnar aftur og stefndi orðið skaðabótaskyldur.

Krafan um að fá jörðina aftur varð óraunhæf, er stefnandi flutti yfir sauðfjárveikivarnalínuna. Það leikur sér enginn að því að skipta alveg um bústofn oft á ævinni. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi borið víurnar í fimm jarðir vestan varnarlínu, þar sem hann vissi, að var hreyfing á ábúendum, en er á reyndi, voru þær jarðir ekki falar né hægt að fá þær byggð-

ar. Hann hafði því ekki átt annarra kosta völ en flytja yfir varnarlínuna, ef hann vildi búa áfram hér í nágrenninu. Þetta hefur ekki verið vefengt, enda skiptir þetta ekki máli í sjálfu sér, þar sem ekki er gerð krafa um að fá jarðnæðið aftur. Á þetta er minnst, vegna þess að rétturinn til þess að gera kröfu um endurbyggingu jarðar fyrnist á einu ári, og lögmaður stefnda vill halda því fram, að rétturinn til skaðabóta fyrnist einnig á einu ári. Réttur stefnanda, hafi hann einhver verið, sé niður fallinn vegna aðgerðarleysis hans. Á þetta sjónarmið getur dómurinn ekki fallist, heldur telur hann, að orðalag greinarinnar taki af öll tvímæli um, að skaðabótaréttur sé til staðar, sé um sannanlegan skaða að ræða, þótt bóta sé ekki krafist innan árs, en sá dráttur stafar m. a. af því, að rétturinn til skaðabóta stofnast ekki fyrr en útséð er um það, hvort eigandinn, stefndi, fari að búa sjálfur á jörðinni eða ekki. Aðeins krafan um endurheimt jarðarinnar fyrnist á einu ári. Verður því að líta svo á, að réttur til bóta sé óskertur, þótt málarekstur hafi dregist.

Kröfur stefnanda eru í 5 liðum: Fyrsta lagi fyrir afurðartjón, önnur og þriðja krafan er vegna flutningskostnaðar, fjórða vinna við nýrækt og fimmta unnið að girðingarframkvæmdum.

1. Krafan um afurðartjón er studd þeim rökum, að meiri meðalþyngd hafi verið á lömbunum á Hrafnabjörgum en frá Keflavök, þar sem stefnandi býr núna. Þessi fullyrðing er ákaflega umdeildanleg. Meðalþyngd fer m. a. eftir árferði og auðvitað einnig eftir landgæðum og eiginleikum stofnsins. Um hitt geta menn verið sammála, að bóndi, sem flytur búferlum og losar sig við allan fjárstofninn og kaupir nýjan, að verulegu leyti gimbrar, hlýtur að verða fyrir afurðartjóni fyrsta árið. Það tjón er erfitt að meta, því þar kemur einnig til álita, að nýi stofninn verður eingöngu ungar ær, sem ekki þarf að yngja upp strax. Þarna kemur bæði til greina minni tekjur í fyrstu, en auknar tekjur, þegar til lengdar lætur, þ. e. ekki þarf að setja eins mikið á. Bætur fyrir afurðartjón þykja því hæfilega metnar á gkr. 900.000, eða kr. 9.000.00.

2. Liðirnir 2 — 3, flutningskostnaður vegna búferlaflutninga og vegna fjárflutninga, eru ekki úr hófi fram og eðlilegt að stefnandi fái þann kostnað bættan, eða gkr. 91.286, eða kr. 913.00.

3. Liðirnir nr. 4 og 5 eru ekki skaðabótakröfur, heldur körfur um laun fyrir framlagða vinnu. Þessum kröfum er mótmælt af stefnda, sem telur sig alltaf hafa greitt framlagða reikninga fyrir vinnu í sína þágu eða jarðarinnar. Úttekt fór ekki fram á jörðinni, hvorki er stefnandi tók við henni né heldur er hann fór af henni. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að þetta verk hafi verið unnið, t. d. með vottorði ræktunarráðunauts eða slíkum gögnum. Hann virðist ekki heldur hafa getið um þessa skuld, er hann flutti

af jörðinni, en þá hefði hann a. m. k. átt að senda reikning. Þessar kröfur verða því ekki teknar til greina.

Mál þetta er gjafsóknarmál. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Gústav Sigvaldason, greiði stefnendum, þeim Jóhanni Má Jóhannssyni, Þóreyju Jónsdóttur, Jóni Axel Jóhannssyni og Stellu Hrönn Jóhannsdóttur, kr. 9.913.00 auk 13% ársvaxta frá 1. jan. 1977 til 21. nóv. 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 15. júní 1979, 34% ársvaxta frá þeim degi til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 42.8% ársvaxta frá þeim degi til dagsins í dag og síðan hæstu innlánsvaxta, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá greiði stefndi kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 203/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 28. október 1983. Barst hún Hæstarétti sama dag. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi

felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. október 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 27. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 0420 þann 16. þessa mánaðar handtóku tollverðir á Grandagarði hér í borg Sæmund Auðunsson, fæddan 7. febrúar 1954, og reyndist hann hafa í sínum fórum liðlega 11.3 kg af svonefndu Libanonhassefnum að söluverðmæti hérlendis nálægt 4.5 millj. króna ísl.

Nefndur Sæmundur var hér við embætti næsta dag úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald.

Seint í gærkveldi skýrði Sæmundur þessi svo frá í lögregluyfirheyrslu, að hann hefði sl. sumar tekið að ráðgera með kunningja sínum, Kristjáni Erni Kristjánssyni, fæddum 11. desember 1952, innflutning hassefna frá Hollandi og dreifingu hér.

Nefndur Kristján hafi þekkt vel til sölumanna ytra, en Sæmundur vegna aðstöðu sinnar sem skipverji á togaranum Karlsefni og söluferð þess skips ytra ætlað að sjá um flutning efna hingað til lands.

Hafi þeir félagar mælt sér mót á járnbrautarstöð í Cuxhaven í Þýskalandi þann 12. sept. og eiginkona Kristjáns þar verið með í för.

Sæmundur áðurnefndur kvaðst fyrr hafa afhent Kristjáni Erni 50.000 — 55.000 ísl. kr. sem sinn framlagshlut og fyrir það átt að fá 1.1 kg af hassefnum, en ráðgerð heildarkaup verið 3.3 kg í þessari ferð.

Komið hafi í ljós, að Kristján Örn gat ekki útvegað nema 2.3 kg og skipting þess magns verið ákveðin sem 600 gr í hlut Sæmundar Auðunssonar, en 1.700 gr í hlut Kristjáns Arnar. Að sögn Sæmundar afhenti Kristján Örn honum þetta efnismagn í Cuxhaven, skömmu áður en togarinn Karlsefni lét þar úr höfn kl. 1900 að kvöldi.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa komið nefndum efnum hér á land þann 16. sept. sl., en degi síðar að heimili sínu afhent Kristjáni Erni áður-

nefnd 1.700 gr. sem hans hlut, en þess utan til sölumeðferðar 430 gr, hlut Sæmundar.

Kvað Sæmundur Auðunsson því aðeins hafa haldið eftir 170 gr, er verið hafi samskotahlutur ónefndra kunningja margnefnds Sæmundar.

Að sögn Sæmundar Auðunssonar ákváðu þeir Kristján Örn að hittast næst í Cuxhaven þann 12. þessa mánaðar til frekari hasskaupa.

Síðar kvaðst Sæmundur hafa beðið Björn, bróður sinn, um þau skilaboð til Kristjáns Arnar, að nefnt stefnumót yrði 11. október.

Björn Auðunsson hefur fyrr í dag í lögregluyfirheyrslu sjálfstætt staðfest að hafa borið þessi boð.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa mætt til ráðgerðs fundar á járnbrautarstöð í Cuxhaven þann 11. þessa mánaðar, en ekki hitt Kristján Örn fyrr en kl. 1500 næsta dag á nefndum stað. Hafi sá síðastnefndi verið einn á ferð í útleigubifreið. Í bifreiðinni og nánar skammt utan við Cuxhaven hafi Kristján Örn dregið fram um 11.3 kg af hassefnum, eða mun meir en áður var um rætt. Kristján Örn hafi skýrt þetta svo, að sölumaður hafi lánað honum persónulega 5 kg af hassefnum.

Fyrri áætlun hafi hins vegar numið 6.3 kg og Sæmundur Auðunsson þar af átt að eiga 2.6 kg fyrir þær 107.000 ísl. kr., er fengust fyrir sölu áðurnefndra 430 gr hans, auk ofangreindrar umframgreiðslu Sæmundar til Kristjáns í meintri fyrri för.

Kristján Örn Kristjánsson var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu.

Kvaðst hann um eins árs skeið hafa rekið einkafyrirtæki hér á landi undir nafninu Erlenda umboðssalan og markmið þess innflutningur og dreifing ýmiss konar smávarnings.

Hann taldi sig ekki geta nefnt neinar viðmiðunartölur um heildarveltu fyrirtækis og ekki hafa vegna þess greitt neinn söluskatt.

Kristján Örn kvaðst gera sér ljóst, að hann væri grunaður um stórfellt fíkniefnamisferli, en lýsti sig saklausan af hvers konar tengslum við fíkniefni, er fundist hefðu nýlega við komu togarans Karlsefnis hingað til lands. Hann kvaðst hins vegar hafa „frétt á skotspónum," að hinn handtekni í því sambandi væri Sæmundur Auðunsson og þekkja hann lítillega, m. a. sem fyrrverandi vinnufélaga.

Aðspurður kvaðst Kristján Örn fimm sinnum hafa haldið utan það sem af er þessu ári, oftast í viðskiptaerindum, en einnig til að „kynnast löndum og þjóðum."

Nefndur Kristján kvaðst lauslega áætla að hafa vegna þessara utanferða í bönkum hérlendis leyst út erlendan gjaldeyri að jafnvirði 50.000 — 80.000 ísl. kr. Kristján áætlaði sínar lágmarksmánaðartekjur af áðurnefndu fyrirtæki 10.000 — 12.000 kr., en taldi oft þar við bætast minni háttar fjárhæðir.

Kristján Örn kvaðst ekki geta skýrt, hvers vegna hann notaði tvö íslensk vegabréf jöfnum höndum í sambandi við áðurnefndar utanferðir.

Gögnum samkvæmt var margnefndur Kristján Örn Kristjánsson hér við embætti þann 28. apríl 1980 sakfelldur fyrir ítrekað fíkniefnamisferli og hlaut þá 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, en þess utan fésekt að upphæð 700.000 gamlar ísl. kr.

Samkvæmt lögregluskýrslum var á Keflavíkurflugvelli þann 17. sept. 1983 leitað á Kristjáni Erni Kristjánssyni og konu hans, Ólöfu Þorsteinsdóttur, við komu þeirra hingað til lands, en ekkert saknæmt fannst.

Sams konar leit var gerð á Kristjáni Erni við komu hans hingað til lands þann 15. þessa mánaðar og í framhaldi þar af með hans samþykki gerð röntgenmyndun, án þess að neitt saknæmt kæmi í ljós.

Margar lögregluskýrslur nú framlagðar bera og með sér, að lögreglumenn hafi gefið sérstakar gætur ferðum og gerðum Kristjáns Arnar um allnokkurt skeið vegna þrálátra ábendinga og upplýsinga um, að hann stundaði meðhöndlun og dreifingu fíkniefna.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Kristján Örn Kristjánsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi. Telja verður rannsókn máls á frumstigi, en líklegt, að hún kunni vegna efnismagns og verðmæta að verða umfangsmikil og snerta marga aðilja.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í rannsóknar þágu að verða við framkominni kröfu lögregluyfirvalda og gera Kristjáni Erni Kristjánssyni, fæddum 11. desember 1952, að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1750 þann 27. október 1983 að telja.

Úrskurðarorð:

Kristján Örn Kristjánsson, fæddur 11. desember 1952, til heimilis að Bankastræti 6, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1750 þann 27. október 1983 að telja.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1983.

Nr. 65/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðbjörgu Lindu Kærnested
(Gunnlaugur Þórðarston hrl.).

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærðu með stefnu 10. mars 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst s. á. Af hálfu ákæruvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að viðurlög verði þyngd.

Að tilhlutan ákæruvalds og skipaðs verjanda ákærðu hefur farið fram framhaldsrannsókn í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Hafa 5 vitni komið fyrir dóm til skýrslugjafar, sem ekki höfðu gefið skýrslur áður, þar á meðal Trausti Jónsson veðurfræðingur, sem telur mjög ólíklegt, að hálkublettir hafi getað myndast á slysstaðnum, þegar slysið varð. Auk vitna þessara hafa ákærða og bifreiðaeftirlitsmaður sá, sem skoðaði bifreiðina R 27478 eftir slysið, komið fyrir dóm að nýju. Framburður þeirra og framangreindra vitna breytir ekki því, sem áður var komið fram í málinu. Þykir því ekki ástæða til að rekja hann frekar.

Að þessu athuguðu þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 37/1983: Ákæruvaldið gegn Guðbjörgu Lindu Kærnested, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. f. m., á hendur ákærðu, Guðbjörgu Lindu Kærnested verkakonu, Brekkuseli 18 í Reykjavík, fæddri í Hafnarfirði 2. ágúst 1960.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa föstudaginn 22. október 1982 ekið bifreiðinni R 27478 án nægilegrar aðgæslu norður Reykjanesbraut í Reykjavík í myrkri með allt að 70 kílómetra hraða með þeim afleiðingum, að Jenný Jóhannesdóttir, fædd 12. febrúar 1908, sem leið átti yfir brautina við Álfabakka, varð fyrir bifreið ákærðu og höfuðkúpubrotnaði og hlaut heilaskaða, sem leiddu hana fljótlega til dauða.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1980, 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og a og b liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. samþykkt nr. 318/1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 22. október sl., klukkan 1902, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á Reykjanesbraut við Álfabakka, en þar hafði kona á leið austur yfir eystri akbraut Reykjanesbrautar orðið fyrir fólksbifreiðinni R 27478, sem ekið var í norður eftir vinstri akrein. Þrír rannsóknarlögreglumenn fóru á vettvang, og gerði einn þeirra skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu og vettvangsrannsókn hennar.

Af vettvangi mátti ráða, að konan hefði borist spöl með bifreiðinni, en síðan fallið í götuna og runnið eftir henni og út af akbrautinni inn á miðeyju Reykjanesbrautar norðan við gatnamótin. Þar lá konan, þar til sjúkra-

bifreið kom með lækni og hjúkrunarkonu, sem gerðu þegar viðeigandi ráðstafanir. Var konan flutt á slysadeild Borgarspítalans, en var látin, er þangað kom.

Þegar slysið átti sér stað, var komið myrkur, en bjart veður, þurrt, en kalt og vindur af norðri. Allgóð lýsing var á gatnamótunum. Hemlaför eftir bifreiðina mældust að afturenda hennar 33.30 m, jöfn eftir öll hjól.

Bifreiðaeftirlitsmaður kom á staðinn og hemlaprófaði bifreiðina á 60 km hraða, og mældust hemlaförin að bifreið 14 m. Fór prófunin fram á slysstaðnum, en malbikað yfirborð götunnar var þurrt.

Á bifreiðinni var beygla á vélarhlíf vinstra megin við miðju, þokulugt var brotin og hliðarspegill á vinstri hurð skekktur.

Ökumaður bifreiðarinnar var ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, og var hún mjög miður sín eftir slysið og því ekki yfirheyrð í smáatriðum á staðnum. Ákærða kvaðst hafa ekið norður Reykjanesbraut eftir vinstri akrein og hefði hún ætlað áfram sömu leið. Kvaðst hún hafa verið með full ljós á bifreiðinni og líklega á 60 — 70 km hraða. Kvaðst ákærða hafa séð konuna, þegar hún hefði gengið út á akbrautina til austurs í veg fyrir bifreiðina. Hefði hún nauðhemlað um leið, en ekki getað afstýrt slysinu.

Hin látna hét Jenný Jóhannesdóttir, Háteigsvegi 6 í Reykjavík, og var fædd 12. febrúar 1908.

Tvö vitni gáfu sig fram að slysinu.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna:

Ákærða skýrði svo frá, að hún hefði ekið fólksbifreiðinni R 27478 laust fyrir kl. 19 umræddan dag frá Brekkuseli 18 um Reykjanesbraut í norður áleiðis að húsi við Grensássveg.

Ákærða hafði ekið á hægri akrein vestur Breiðholtsbraut, en skipti yfir á vinstri akreinina, rétt þegar hún var að koma að gatnamótum Reykjanesbrautar. Hún kvaðst síðan hafa ekið á vinstri akrein norður Reykjanesbrautina.

Ákærða var ekki viss um, á hvaða hraða hún ók eftir Reykjanesbrautinni, þar sem hún leit ekki á hraðamælinn. Hún taldi þó, að hraðinn hafi verið 60 — 70 km.

Ákærða kvaðst hafa verið að flýta sér, og af þeirri ástæðu ók hún á vinstri akrein götunnar, en ekki á þeirri hægri. Hún kvaðst ekki hafa ekið fram úr neinni bifreið, eftir að hún kom á Reykjanesbrautina.

Þegar ákærða átti skammt ófarið að mótum Álfabakka, sá hún konu, sem komin var inn á vinstri akrein götunnar beint fyrir framan bifreið ákærðu.

Ákærða kvaðst hafa stigið á hemlana, er hún sá konuna, en nauðhemlaði ekki strax, þar sem henni fannst konan verða bifreiðarinnar vör og ætla

að snúa við. Þegar ákærða sá, að konan hélt áfram yfir götuna, nauðhemlaði ákærða.

Ákærða sagði, að henni hefði fundist bifreið vera á hlið við sig og því hefði hún ekki reynt að sveigja til hægri, og ekki hugkvæmdist henni að sveigja til vinstri, enda gerðust atburðirnir mjög snögglega.

Ákærðu fannst hún vera búin að nauðhemla nokkra stund, áður en konan varð fyrir vinstra framhorni bifreiðarinnar og kastaðist upp á vélarhúsið. Fannst ákærðu konan vera lengi uppi á vélarhúsinu, áður en hún féll af bifreiðinni og lenti á graseyju rétt norðan gatnamótanna.

Ákærða fullyrti, að hefði konan staðið kyrr, þar sem hún var, þegar ákærða sá hana fyrst, hefði hún ekki orðið fyrir bifreiðinni.

Vitnið Hreiðar Svanur Albertsson vagnstjóri, Sólheimum 25 í Reykjavík, kvaðst hafa ekið strætisvagni umrætt sinn vestur Álfabakka áleiðis norður Reykjanesbraut og var statt í beygjunni við gatnamótin að bíða vegna umferðar norður Reykjanesbraut. Það sá bifreið aka á vinstri akrein norður Reykjanesbruat á leið að mótum Álfabakka. Á sama tíma sá vitnið konu á hraðri ferð og án hiks á leið austur yfir Reykjanesbruat rétt sunnan við gatnamótin. Vitnið fylgdist ekki nákvæmlega með ferðum bifreiðarinnar og konunnar og sá ekki, þegar bifreiðin ók á hana. Það horfði hins vegar á konuna, þar sem hún var uppi á vélarhúsi bifreiðarinnar, sem var í hemlun, og sá vitnið hana kastast út af vélarhúsinu, um það leyti sem bifreiðin stöðvaðist.

Vitnið sagði það fullvíst, að ekkert hefði verið athugavert við akstur bifreiðarinnar fyrir slysið. Því fannst hraði bifreiðarinnar ekki óeðlilegur, en þorði ekki að fullyrða um, hver hraði bifreiðarinnar hefði verið. Því fundust hemlaförin eftir bifreiðina óeðlilega löng miðað við hraða bifreiðarinnar. Vitnið gat þess, að um þann tíma, er slysið varð, hefði því fundist eins og snöggkólnaði og kæmu á göturnar eins og hálkublettir. Fannst vitninu eins og vagninn rynni til, er það stöðvaði við biðstöðvar í Breiðholtinu.

Vitnið treysti sér ekki til að segja til um, hvort bifreiðinni var ekið með ökuljósum, en þegar vitnið var komið út úr vagninum og að bifreiðinni, var ákærða búin að drepa á vélinni, og þá voru ekki ljós á bifreiðinni.

Vitnið Halldór Sverriss Magnússon bifreiðarstjóri, Laugavegi 158 í Reykjavík, kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka bifreið suður Reykjanesbraut og beið vegna umferðar við syðri umferðareyjuendann við mót Álfabakka.

Vitnið sá konu ganga meðfram bifreið þess, og hélt hún út á vestari akrein eystri hluta götunnar. Þegar hún var komin út á miðja akreinina, virtist hún hika, en síðan hélt hún rakleitt áfram, og um leið varð hún fyrir bifreið, sem kom norður götuna á vinstri akrein. Frá vitninu séð virtist konan

stökkva á bifreiðina. Vitninu virtist eins og konan væri að reyna að forða sér, þegar hún hélt aftur af stað yfir götuna.

Vitnið sagði, að konan hefði lent framan á bifreiðinni vinstra megin og kastast upp á vélarlokið og síðan borist með bifreiðinni nokkurn spöl og kastast upp á graseyju á milli akbrautanna norðan við gatnamótin.

Vitnið Sigurður Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Þingaseli 4 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst hafa mælt hemlaförin eftir bifreiðina með starfsbróður sínum. Vitnið minntist þess ekki að hafa orðið þess vart, að einhverjir hálkublettir væru á götunni.

Vitnið kvaðst hafa setið við hlið bifreiðaeftirlitsmannsins, er hann hraðaprófaði bifreiðina. Horfði vitnið á og sá, að bifreiðin var á 60 km hraða, er henni var nauðhemlað. Vitnið var síðan við mælingu þessara hemlafara.

Vitnið Steinþór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði vettvangsuppdrátt og skýringar við ljósmyndir, sem það tók á slysstaðnum. Hefur það staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst sjálft hafa mælt hemlaförin eftir bifreiðina, bæði eftir slysið og við hraðaprófunina. Naut það við það aðstoðar Gísla Þorsteinssonar, starfsbróður síns.

Vitnið varð ekki vart við neina hálkubletti á slysstaðnum.

Vitnið Gísli Ingimundur Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Laugarásvegi 47, Reykjavík, kvaðst hafa komið á slysstaðinn og aðstoðað við mælingu hemlafaranna. Vitnið sá skýrslu vitnisins Sigurðar og uppdrátt vitnisins Steinþórs. Það sá ekkert athugavert við gögnin.

Vitnið minntist þess ekki að hafa orðið vart við hálkubletti á götunni, þegar það vann við hemlafaramælinguna.

Vitnið Jakob Sveinbjörnsson bifreiðaeftirlitsmaður, Bólstaðarhlíð 58 í Reykjavík, kvaðst hafa hraðaprófað bifreiðina á 60 km hraða á slysstaðnum. Kvaðst vitnið hafa litið á hraðamælinn, um leið og það nauðhemlaði. Vitnið var ekki við mælingu hemlafaranna, en minnti, að þau hefðu verið um 14 m.

Vitnið sagði, að hemlunarskilyrði hefðu verið mjög góð á götunni, þegar það hraðaprófaði bifreiðina, þar sem engir hálkublettir voru á götunni.

Vitnið skoðaði bifreiðina og gerði skýrslu um skoðunina. Vitnið hefur staðfest skýrsluna við meðferð málsins, en í henni segir svo m. a.:

„Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var í lagi. Ljós voru öll í lagi, einnig stýrisbúnaður. Rúður voru hreinar og flauta virk. Hjólbarðar voru fínmynstraðir með góðu mynstri. Þurrkur í lagi. Við hemlaprófun reyndust hemlar virka vel á öll hjól og jafnir, einnig stöðuhemill. Hraðamælir var í lagi. Bifreiðin R-27478 var síðast skoðuð hjá

Bifreiðaeftirliti ríkisins að Bíldshöfða 8, þann 20. júlí 1982 og var þá í lagi. Bifreiðin R-27478 er Toyota Corona fólksbifreið, árgerð 1974, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði."

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var léttskýjað umræddan dag við veðurathuganir kl. 18 og 21 og hiti í fyrra skiptið 1.6 C°, en hið síðara 1.4 C°.

Lík hinnar látnu var krufið hjá Rannsóknastofu Háskólans, og í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors, dagsettri 25. október sl., segir svo um áverka á líkinu:

„Glóðaraugu eru á báðum augum. Á hægra gagnauga og teygjandi sig upp á utanvert ennið hægra megin og upp í hársvörðinn er stór marblettur. Nokkru ofan við hársræturnar utanvert á enninu hægra megin eru 2 skurfur í hársvörðinn, og mælist önnur 1.5 cm, en hin 1 cm á lengd. Skurfur þessar ná aðeins inn í húðina, en ekki í gegnum galea. Ofan til á nefinu er hrufl, sem mælist um 1 cm í þvermál, rauðbrúnleitt að lit, en grunnt. Undir hruflinu er nefbeinið greinilega brotið að finna. Á hnúum hægri handar eru nokkur hrufl og efstu kjúkur löngutangar, vísifingurs og litla fingurs brotnar. Þegar umbúðir eru taknar af vinstri fótlegg, kemur í ljós opið brot á sköflungi nokkru neðan við miðju, og einnig er hann brotinn rétt neðan við hnéð, en þar er um lokað brot að ræða."

Í lok skýrslunnar segir svo:

„Ályktun: Við krufninguna kom í ljós mikið höfuðkúpubrot. Blæðing var milli heilahimna og sköddun á heila og dreifðar blæðingar í heilavef á nokkru svæði. Ofangeindir áverkar hafa fljótlega leitt konuna til dauða."

Ákærða ók um Reykjanesbrautina, sem er ein fjölfarnasta gata Reykjavíkur, í myrkri, en við götulýsingu, í átt að gatnamótum, þar sem bifreiðar biðu færis að komast inn á eða yfir götuna, sem ákærða ók. Ákærðu bar því að sýna aukna aðgát, en samt ók hún að eigin mati á 60 — 70 km hraða, þar sem leyfður er mestur hraði 60 km og þá miðað við bestu aðstæður, sem eigi voru þarna til staðar. Þá liggur fyrir, að hemlaför eftir nauðhemlun ákærðu mældust 33.30 m, en við hemlaprófun á 60 km hraða eftir slysið aðeins 14 m. Virðist því ljóst þrátt fyrir framburð vitna, að hraði bifreiðarinnar hefur eigi verið minni en sá, er ákærði álítur, þ. e. 60 — 70 km og jafnvel mun meiri, en samkvæmt framburði ákærðu var hún búin að draga úr hraða bifreiðarinnar, áður en hún nauðhemlaði. Ósannað er, að hálkublettir hafi verið á götunni, sem lengt hafi hemlaförin. Ákærða sá ekki þrátt fyrir gott útsýni og góða götulýsingu til ferða konunnar, fyrr en hún var á leið inn á vinstri akreinina fyrir framan hana eða komin inn á hana. Samt nauðhemlaði ákærða ekki þegar, heldur dró einungis úr ferð bifreiðarinnar í fyrstu, þar sem henni fannst konan verða bifreiðarinnar vör og ætla að snúa við.

Þegar allt framangreint er virt, er sannað, að ákærða hafi gerst sek um það, sem hún er ákærð fyrir, þ. e. að hafa ekið umrætt sinn án nægjanlegrar aðgæslu með allt að 70 km hraða, og er hún meðvöld að því, að konan Jenný Jóhannesdóttir varð fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún höfuðkúpubrotnaði og hlaut heilaskaða, sem leiddi hana fljótlega til dauða. Er þessi háttsemi ákærðu rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærða ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 12.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærða varðhaldi 20 daga.

Þá þykir ákærða með akstri sínum hafa unnið sér til þess að verða svipt ökuleyfi, svo sem krafist er í ákærunni og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærðu ökuleyfi 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr.4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Guðbjörg Linda Kærnested, greiði 12.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðahaldi 20 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Fimmtudaginn 3. nóvember 1983.

Nr. 64/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Natan Þór Harðarsyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Herði Gunnari Ingólfssyni
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærðu 29. nóvember 1982. Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 28. júní 1983.

Af hálfu ákæruvalds er krafa gerð um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Ákærðu Natan Þór og Hörður Gunnar hafa skýrt svo frá fyrir lögreglu, að þeir hafi ásamt Ferdinand Ríkarði Ómarssyni keypt 60 gr af hassi í Rotterdam og 400 gr af Líbanonhassi í Amsterdam síðari hluta júlí 1981.

Ákærði Natan Þór skýrði svo frá við lögregluyfirheyrslu, að hassið, sem þeir keyptu í Rotterdam hafi verið ónýtt, en segir þá hafa prófað Amsterdamhassið eftir kaupin og hafi það verið mjög gott. Ákærði Hörður Gunnar skýrði svo frá við lögregluyfirheyrslu, að bæði hassið, sem þeir keyptu í Rotterdam og Amsterdam hafi verið svokallað Líbanonhass. Hvort tveggja hafi verið lélegt, en hið fyrrnefnda þó sýnu lélegra. Ákærðu skýrðu svo frá, að þeir tveir hefðu sett hassið í pappakassa með ýmsu dóti, eins og lýst er í héraðsdómi, og síðan hafi ákærði Natan sent kassan í flugfragt (ekki í flugpósti, eins og segir í ákæru) frá Rotterdam til Reykjavíkur, merktan tilteknum manni í Reykjavík.

Ferdinand Ríkarð Ómarsson hefur skýrt svo frá við lögregluannsókn, að hann hafi verið með ákærðu í Rotterdam og Amsterdam

í umrætt skipti. Kveður hann ákærðu hafa keypt 60 gr af brúnleitu hassi í Rotterdam og mun meira magn í Amsterdam. Það hass hafi verið brúnleitt í hvítum poka, en hann kveðst ekki gera sér neina grein fyrir nákvæmu efnismagni þess. Hann kveðst hafa vitað, að ákærðu ætluðu að senda hassið heim í pakka og kveðst hafa lagt þeim til stígvél til pökkunarinnar. Ferdinand Ríkarð og ákærðu eru sammála um, að svo hafi verið um talað, að ákærðu fengju í sinn hlut 200 gr hvor, en Ferdinand Ríkharð 60 gr af hassinu, þegar það væri komið til Íslands.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að eftir að þeir komu til Íslands síðast í júlí, hafi þeir farið með leynd að næturlagi inn í vöruskemmu Iscargo á Reykjavíkurflugvelli í því skyni að ná í hassið. Þá hafi þeir komist að því, að mestur hluti þess var horfinn úr pakkanum. Ákærði Natan Þór kveðst aðeins hafa fundið smáræði af ónýta hassinu, eða ca 14 gr. Ákærði Hörður Gunnar taldi, að 20 gr hefðu verið eftri. Þeir kváðust hafa skipt þessu til helminga milli sín. Kvaðst ákærði Hörður Gunnar hafa „tekið ca 5 gr af þessu efni og reynt að hreinsa og fá THC úr því," en kvaðst ekki hafa fengið meira en í eina pípu úr þessum 5. gr.

Ákærðu hafa staðfest framburði sína fyrir dómi.

Maður af nafni Finnbogi Kristinsson hefur greint frá því, að hann hafi komist að því, að ákærðu hafi sent hass frá Rotterdam til Reykjavíkur með Iscargoflugvél. Kveðst hann hafa farið inn í vöruskemmu Iscargo, fundið kassann, sem hassið var í, og tekið úr honum um 460 — 490 gr af hassi, er hann hafi síðan afhent nafngreindum manni.

Lögreglumenn fundu kassa þann, er um ræðir í máli þessu, í vöruskemmu Iscargo á Reykjavíkurflugvelli 29. júlí. Hafði hann þá verið rifinn upp. Í honum fundust 2 gr af kannabisfræum að sögn lögreglu.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og að öðru leyti með vísan til málavaxtalýsingar hérðsdóms þykir sannað, að efni það, sem ákærðu keytpu í Rotterdam og Amsterdam hafi verið hass. Sannað er, að þeir sendu hass þetta til Íslands með leynd og ætluðu að skipta því með sér, þannig að þeir fengju 200 gr hvor í sinn hlut. Hins vegar verður við það að miða, að þeir hafi aðeins fengið í sinn hlut 14 gr, er þeir skiptu með sér. Með verknaði þessum hafa

ákærðu gerst brotlegir við ákvæði þau, sem í ákæru greinir, en 9. gr. laga nr. 75/1982, sem eigi höfðu tekið gildi, þegar brot þetta var framið, á ekki við, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ákærði Natan Þór sætt eftirtöldum refsingum: Hinn 28. október 1982 gekkst hann undir að greiða 1.200.00 króna sekt fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 1. desember s. á. gekkst hann undir 3.000.00 króna sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga.

Fallið hefur niður úr sakavottorði ákærða Natans Þórs, eins og það er rakið í héraðsdómi, að hann var 7. nóvember 1980 dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. almennra hegningarlaga. Honum var veitt reynslulausn 15. janúar 1981 af eftirstöðvum refsinga samkvæmt dómum, uppkveðnum 1. ágúst 1979, 20. júní 1980 og 7. nóvember 1980. Átti hann eftir að afplána 150 daga fangelsi. Hann hefur rofið skilyrði reynslulausnar. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ber nú að dæma ákærða Natan Þór refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir og með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Hörður Gunnar hlaut með dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1982, eða eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, 1.200.00 króna sekt fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Hann var með dómi 4. júní 1981 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið. Hinn 17. desember sama ár var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir nytjastuld og ölvun við akstur, og tók refsiákvörðunin einnig til brota þeirra, sem um er fjallað í fyrri dóminum 4. júní.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður þessum ákærða dæmd í einu lagi refsing fyrir brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og brot þau, sem hinn skilorðsbundni dómur 12. desember 1981 tekur til. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu hvorn um sig til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur til hvors,

en óskipt allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Natan Þór Harðarson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Hörður Gunnar Ingólfsson sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Natan Þór greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 8.000.00 krónur.

Ákærði Hörður Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, 8.000.00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 20. október 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 20. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 921/1982: Ákæruvaldið gegn Natan Þór Harðarsyni og Herði Gunnari Ingólfssyni.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 11. mars 1982, á hendur Natan Þór Harðarsyni, fæddum 17. maí 1960, til heimilis að Kleppsvegi 70 hér í borg, og Herði Gunnari Ingólfssyni, fæddum 24. ágúst 1961, til heimilis að Álftamýri 16 hér í borg, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„Að hafa eftir miðjan júlí 1981 sameiginlega keypt samtals 460 gr af hassi í Rotterdam og Amsterdam og 22. s. m. sent efnið hingað til lands í flugpósti frá Hollandi, en auk ákærðu töldust eignaraðilar að þessu hassi samferðamaður þeirra, Ferdinand Ríkharð Ómarsson, sem taldist eiga 60 gr, og Sigurður Jón Guðjónsson, sem lagði ákærða Natan Þór fé til kaupanna. Eftir komu til Reykjavíkur nokkrum dögum síðar fengu ákærðu í hendur einungis 14 — 20 gr efnisins, en það féll að öðru leyti í hendur annarra manna án atbeina ákærðu.“

Brot ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Natan Þór hefur náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/1 1976.

1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 3/8 1976.

1978 12/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga. Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1978 26/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfellur fyrir brot á 244. og 155. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1978 25/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1979 1/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.

1979 5/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki dæmd sérstök refsing.

1980 20/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1980 7/11 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 150 dögum.

Ákærði Hörður Gunnar hefur náð sakhæfisaldri og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1980 9/12 í Reykjavík: Ávana- og fíkn., sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr., 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. hegningarlaga.

1981 4/6 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1981 17/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 31/8 1981. Dómur frá 4/6 1981 dæmdur með.

MÁLSATVIK.

Ákærði Natan Þór Harðarson var yfirheyrður hjá lögreglu 13. ágúst 1981 og lýsti þá för sinni til Amsterdam í júlí 1981. Ákærði Natan kvaðst skömmu fyrir brottför flugvélar frá Keflavíkurflugvelli hafa hitt meðákærða, Hörð Gunnar Ingólfsson, og hafi sá einnig haldið í sömu ferð.

Ákærði Natan kom fyrir dóm sama dag og lýsti þá m. a. á sama veg og rakið hefur verið upphafi fararinnar. Ákærði Natan kvaðst hafa sent hingað til lands frá Rotterdam pakka, sem innihélt strigaskó, kúrekastígvél, húfu og kodda. Pakkinn var stílaður á nafn Magnúsar Karlssonar, Austurbergi 16, Reykjavík.

Ákærði Natan neitaði aðspurður, að nokkur fíkniefni hafi verið í umræddum pakka.

Ákærði Natan lýsti skilmerkilega háttsemi þeirri, er í ákæru getur, við lögregluyfirheyrslu 15. ágúst 1981. Ákærði Natan kvaðst hafa hitt meðákærða Hörð einum eða tveimur dögum fyrir brottför og skýrt frá fyrirhugaðri Amsterdamför, sem hafi verið hugsuð sem skemmtiför jafnframt því sem meiningin var að kaupa í Hollandi hass. Ákærði Natan kvað þá báða ákærðu hafa ákveðið að halda saman til Amsterdam og þeir við brottför frá Keflavíkurflugvelli hitt Ferdinand Ríkharð Ómarsson. Ákærði Natan kvað þá þrjá félaga hafa haldið til Rotterdam á laugardeginum eftir komu til Hollands. Ákærði Natan kvað þá félaga hafa keypt 60 gr af hassi í Rotterdam. Verðið var 1.100 — 1.200 hollensk gyllini fyrir efnið, sem hann taldi hafa verið ónýtt. Ákærði Natan kvað þá þremenninga síðan hafa haldið til Amsterdam og þar hafi þeir keypt alls 400 gr af Líbanonhassi fyrir 2.000 hollensk gyllini og hafi það efni verið mjög gott. Ákærði Natan kvað sig hafa átt af efninu 200 gr, ákærða Hörð 200 gr og Ferdinand Ríkharð 60 gr, og var efninu skipt eftir framlagshluta hvers og eins. Ákærði Natan kvað þá félaga hafa gengið frá hassinu í áðurnefndum pakka, er sendur var hingað til lands á nafni Magnúsar Karlssonar. Hafi hassið verið geymt í sitt hvoru kúrekastígvélinu. Pakkann kvaðst ákærði Natan hafa póstlagt í Rotterdam, á meðan ákærði Hörður og samferðamaður þeirra, Ferdinand, biðu í Amsterdam. Ákærði Natan lýsti því, er hann hugðist nálgast áðurnefnda sendingu í vöruskemmu Iscargo á Reykjavíkurflugvelli, en þá orðið þess áskynja, að búið var að fjarlægja allt hassið nema 14 grömm af ónýta hassinu.

Ákærði Natan kom fyrir dóm 18. ágúst s. á. og staðfesti framburð þann, er að ofan er rakinn.

Ákærði Natan var í ofangreindu þinghaldi spurður um aðilja, er vissu um sendingu áðurnefnds pakka hingað til lands og innihald hans. Ákærði nefndi þá Finnboga Kristinsson, sem hafi vitað um pakkann og innihald hans og hver var skráður móttakandi. Upphafleg áætlun var sú að fá Finn-

boga til að nálgast pakkann í vöruskemmu Iscargo, enda Finnbogi þar kunnugur öllum hnútum.

Ákærði Hörður Gunnar hefur borið efnislega á sama veg og ákærði Natan. Má vísa til framburðar ákærða Harðar Gunnars hjá lögreglu 17. ágúst 1981.

Ákærði Hörður Gunnar bar fyrir dómi 10. desember 1981 um 460 gramma kaup sín og ákærða Natans Þórs og samferðamanns þeirra, Ferdinands Ómarssonar, í Hollandi. Ákærði Hörður kvað Finnboga Kristinsson hafa komist yfir efnin í vöruskemmu Íscargo á undan ákærðu og hafi Finnbogi síðan komið efnunum í hendur Arnar Sigfússonar.

Ferdinand Ríkharð Ómarsson hefur staðfest ofangreinda Hollandsför hjá lögreglu 4. september 1981. Ferdinand staðfesti framburð sinn fyrir dómi 4. september 1981.

Finnbogi Kristinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 7. febrúar 1982 og lýsti þá för sinni í vöruskemmu Iscargo og tóku 460 til 490 gr af hassi, sem var eign ákærðu í máli þessu. Finnbogi kvaðst hafa afhent Erni Sigfússyni allt efnið. Finnbogi kvað Örn Sigfússon hafa sent af efninu til dagblaða auk ýmissa fleiri aðilja.

Örn Sigfússon var yfirheyrður fyrir dómi 27. febrúar 1982. Lýsti Örn þá kaupum á 450 — 460 gr af svokölluðu „fake" eða falsefni af ákærða Herði. Örn kvaðst hafa sent ýmsum aðiljum af efni þessu, m. a. alþingismönnum. Örn kvað félaga ákærða Harðar hafa verið ákærða Natan og einnig Pétur Hugus. Þá hafi einn aðili verið til viðbótar. Sá hafi nálgast efnið og afhent sér það.

NIÐURSTÖÐUR.

Dóminum þykir sannað með framburði Finnboga, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að Finnbogi Kristinsson hafi nálgast hassefni þau, er hér er ákært út af, á undan ákærða og síðan afhent efnið Erni Sigfússyni. Örn sendi efnið ýmsum aðiljum, svo sem rakið hefur verið. Hluti af því efni, er Örn sendi hinum ýmsu aðiljum, var sent til efnagreiningar á Rannsóknastofu í lyfjafræði. Í niðurlagi greinargerðar dr. Þorkels Jóhannessonar um efnið segir, að sýnið hafi verið kannabis.

Þykir samkvæmt ofanrituðu sannað, að efni það, er ákærðu keyptu í Hollandi í júlí 1981 og sendu hingað til lands, hafi verið kannabis í skilningi 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Verður því samkvæmt ofanrituðu af hafna því áliti verjanda, að ekki sé sannað brot á áðurnefndri 6. gr. laga nr. 65/1974.

Dóminum þykir sannað með framburðum tveggja ákærðu, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi í júlí 1981 keypt sameiginlega 460 grömm af hassi í Rotterdam og Amsterdam í Hollandi. Þann 22.

júlí s. á. sendu ákærðu efnið hingað til lands. Ákærðu áttu 200 gr af efninu hvor, en samferðamaður þeirra, Ferdinand Ríkharð Ómarsson átti 60 gr. Eftir komu efnisins til Reykjavíkur féll efnið að verulegu leyti í hlut annarra manna án atbeina ákærðu utan allt að 20 gr, er komu í hlut ákærðu sameiginlega.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar. Brot þeirra varðar við 2., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana-og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærði Hörður gekkst undir dómssátt 9. desember 1980 vegna fíkniefnabrots. Þá hlaut hann skilorðsbundinn dóm 17. desember 1981. Refsing ákærða Harðar verður m. a. ákvörðuð hér með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sammæltust um framningu brotsins, og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls ofanritaðs og að gögnum málsins virtum þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin sem varðhald í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 4 dagar, er ákærði Hörður sætti gæsluvarðhaldi, og 7 dagar, er ákærði Natan sætti gæsluvarðhaldi, hvort tveggja vegna máls þessa.

Með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1.gr. laga nr. 75/1982, og með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 75/1982, 9. gr., er ákærðu gert að greiða kr. 5.000.00 hvorum í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi 20 daga varðhald í sektar stað.

Ákærðu er gert með vísan til 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af er ákærða Herði gert að greiða skipuðum verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanni, kr. 3.000.00, og ákærða Natan er gert að greiða skipuðum verjanda, Gunnari Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 3.000.00. Þá er ákærða Natan gert að greiða kr. 2.000.00 vegna réttargæslu Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Natan Þór Harðarson, fæddur 17. maí 1960, nú til heimilis að Kleppsvegi 70, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 7 dagar, er ákærði Natan sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærði Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, nú til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 4 dagar, er ákærði Hörður sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærðu er hvorum um sig gert að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi 20 daga varðhald í sektar stað.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar af er ákærða Herði gert að greiða kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmannas. Ákærði Natan greiði kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Ákærði Natan greiði einnig kr. 2.000.00 vegna réttargæslu Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 7. nóvember 1983.

Nr. 59/1981. **Ragnar Kristinsson**
og Eimskipafélag Íslands h/f
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Úlfari Guðmundssyni
og gagnsakir
(Othar Örn Petersen hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi Ragnar Kristinsson áfrýjaði málinu með stefnu 26. febrúar 1981. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, og að sér verði dæmdur malskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Islands h/f skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1981. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar.

Gagnáfrýjandi, Úlfar Guðmundsson, hefur áfrýjað málinu á hendur aðaláfrýjendum með tveimur stefnum, dags. 8. júlí 1981, að fengnum áfrýjunarleyfum 19. júní s. á. Eru kröfur hans á hendur aðaláfrýjendum sem hér segir:

„Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in soldium kr. 283.593.30 auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þ. d. til 1. mars 1981, 42% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1981, 39% ársvaxta frá þ. d. til 1. nóvember 1982, 47% ársvaxta frá þ. d. til 21. september 1983, 39% ársvaxta frá þ. d. til uppsögu dóms Hæstaréttar, en með hæstu innlánsvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

1. varakrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 283.593.30 auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags.

2. varakrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 99.480.30 auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þ. d. til 1. mars 1981, 42% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1981, 39%

ársvaxta frá þ. d. til 1. nóvember 1982, 47% ársvaxta frá þ. d. til 21. september 1983, 39% ársvaxta frá þ. d. til uppsögu dóms Hæstaréttar, en með hæstu innlánsvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

3. varkrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 99.480.30 auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er gerð sú krafa, að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. nóvember 1975 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir" felist, að um vaxtavexti sé að ræða.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

SKÝRINGAR:

Aðalkrafa og 1. varakrafa

Skv. útreikningi Guðjóns Hansens, tryggingafr., dags. 29. september 1983, reikningsgrundvelli A og vaxtagrundvelli 5% ársvextir	kr.	264.178.-
Miskabætur	—	20.000.-
	kr.	284.178.-
Greitt frá Tryggingastofnun ríkisins	—	390.40
Greitt frá Eimskipafélagi Íslands hf	—	194.30
	kr.	283.593.30

2. og 3. varakrafa

Skv. útreikningi Guðjóns Hansens, tryggingafr., dags. 29. september 1983, reikningsgrundvelli A og vaxtagrundvelli 13% ársvextir	kr.	80.065.-
Miskabætur	—	20.000.-
	kr.	100.065.-
Greitt frá Tryggingastofnun ríkisins	—	390.40
Greitt frá Eimskipafélagi Íslands hf	—	194.30
	kr.	99.480.30"

Gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi 25. febrúar 1983.

Af hálfu aðaláfrýjenda hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný gögn um hættueiginleika farms, sem þeir telja svipaðan þeim, er var skipað upp úr m/s Öskju hinn 16. nóvember 1974, svo og skrár um hættuleg efni í flutningum á sjó.

Af hálfu gagnáfrýjanda var lagður fyrir Hæstarétt nýr útreikningur um örorkutjón, dags. 29. september 1983, gerður af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Segir þar m. a. svo:

„Við eftirfarandi útreikning hef ég tekið tillit til breytinga á kauplagi, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Þá hef ég til viðbótar fyrri vaxtagrundvelli, þar sem reiknað er með 5% og 13% ársvöxtum frá slysdegi, reiknað, hver niðurstaða verður, ef frá slysdegi til útreikningsdags 29/9 1983 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan reiknað á tvo vegu, annars vegar með 5% ársvöxtum og hins vegar með 13% ársvöxtum... A. Miðað við vinnutekjur verkamanna.

Þegar miðað er við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsókn þjóðhagsstofnunar ár hver 1974 — 1979, en frá og með árinu 1980 miðað við reynslu 10 ára tímabilsins 1970 — 1979 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum, að meðtalinni lögbundinni 4% hækkun 1. október 1983, reiknast mér árlegar vinnutekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1974	kr.	9.490.-
Árið 1975	—	12.344.-
Árið 1976	—	15.670.-
Árið 1977	—	21.547.-
Árið 1978	—	33.530.-
Árið 1979	—	50.990.-
Árið 1980	—	72.827.-
Árið 1981	—	109.378.-
Árið 1982	—	163.962.-
Árið 1983	—	242.853.-
Eftir þann tíma	—	263.500.-

Miðað við þessar vinnutekjur fullorðinna verkamanna, en lægri tekjur á unglingsárum, eins og fram kemur í útreikningnum frá 8/2 1980, og tekjutap í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Ársvextir 5% frá slysd. Kr.	*Ársvextir 13% frá slysd.* Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán.	2.003.-	1.934.-
Vegna varanl. orkutaps eftir það	262.175.-	78.131.-
Samtals	264.178.-	80.065.-

Ef vaxtagrundvellinum er breytt á þann veg, að frá slysdegi til útreikningsdags 29/9 1983 sé reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Ársvextir 5% frá útrd. Kr.	*Ársvextir 13% frá útrd.* Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán.	1.934.-	1.934.-
Vegna varanl. orkutaps eftir það	67.375.-	40.170.-
Samtals	69.309.-	42.104.-

B. .....

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem greint er frá hér að framan, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Þess skal getið, að útreikningi skv. B. lið er sleppt, þar sem ekki var á honum byggt í málflutningi hér fyrir dómi.

I.

Eigi fór fram lögreglurannsókn á atvikum að ákomum á gagnáfrýjanda, og leitt er í ljós, að af hálfu aðaláfrýjandans Eimskipa-

félags Íslands h/f var Öryggiseftirliti ríkisins eigi skýrt frá slysi þessu.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta, er rösklega hálft sjötta ár var liðið frá því að hann varð fyrir slysinu. Eru gögn máls um atvik að því mjög ófullkomin, og eigi er hægt að fullyrða, hvert efni var í farmi þeim, sem skipað var upp, þegar slysið bar að höndum.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Ragnari Kristinssyni.

Sönnunargögnum um atvik að því, er gagnáfrýjandi hlaut augnáverka hinn 16. nóvember 1974 við uppskipun á farmi úr m/s Öskju, er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er þar raunverulega aðeins við skýrslur málsaðiljanna Ragnars Kristinssonar og Úlfars Guðmundssonar og svo vitnaskýrslu Gunnars Smára Sigurðssonar að styðjast. Skýrslur þessar eru óglöggar og gefnar á dómþingi, sem háð var röskum 6 árum eftir að atburðir gerðust. Þegar virt er, hvernig sönnunarbyrði horfir hér við, og svo hitt, hve sönnunargögn eru ótraust og af skornum skammti, þykir ekki verða fullyrt, að aðaláfrýjandinn Ragnar hafi valdið gagnáfrýjandanum heilsutjóni því, sem um ræðir í málinu, með saknæmum hætti. Ber því að sýkna þennan aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður, en um gjafsóknarlaun gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður dæmt hér á eftir.

III.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Eimskipafélagi Íslands h/f.

Svo sem að framan greinir, fór engin rannsókn fram út af slysi þessu, hvorki á vegum Öryggiseftirlits ríkisins né lögreglu. Eru ýmis atriði, sem máli kynnu að skipta, því óljós. Aðeins einn verkamaður auk aðilja máls þessa og verkstjóra var kvaddur fyrir dóm rúmum 6 árum eftir slysið. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hélt lögmaður gagnáfrýjanda því fram, að eigi hefði náðst til fleiri vitna, þar sem ekki væri þá vitað, hverjir hefðu unnið við uppskipun, er slysið varð. Þá er ekki öldungis ljóst, hvaða efni það var, sem olli

meiðslum gagnáfrýjanda. Í farmskrá m/s Öskju er efni það, sem verið var að skipa upp, tilgreint þannig: „„Setelime" Hydrated Lime". Í slysaskýrslu verkstjóra, dags. 16. nóvember 1974, og tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 2. desember s. á., er það nefnt kalk. Efni þetta var aldrei rannsakað.

Af gögnum, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, virðist geta hafa verið um tvö efni að ræða, þ. e. calcium hydroxide Ca (OH)2 eða calcium oxide, CaO. Af hálfu aðaláfrýjanda Eimskipafélags Íslands h/f er því haldið fram, að við venjulega framkvæmd verks hafi verkamenn verið í nánast engri snertingu við efnið, sem pakkað hafi verið í pappírspoka svipaða sementspokum. Þá er því haldið fram, að calcium hydroxide sé ekki á skrá IMCO yfir hættuleg efni í sjóflutningum og því óþarft að vara við því.

Við meðferð beggja þeirra vörutegunda, sem að framan greinir, eru í alþjóðlegum öryggisreglum ráðlagðir gúmmihanskar, andlitsgrímur og hlífðarfatnaður (protective clothing). Ekki verður séð af gögnum málsins, að verkamönnum þeim, sem falið var að sópa lestarbotninn, hafi verið gerð grein fyrir því, að varhugavert gat verið að snerta efnið, en við hreinsun lestarinnar var snerting sennileg, þó að hún kynni að vera ónauðsynleg við sjálfa losunina.

Læknisvottorð þau um áverka gagnáfrýjanda, sem fyrir liggja í málinu, sýna þó, að efnið hefur ekki verið hættulaust, ef það snerti augu manna, þótt annars sé ýmislegt á huldu um hættueiginleika þess.

Gagnáfrýjandi og aðaláfrýjandi Ragnar Kristinsson voru á unglingsaldri sem og að öllum líkindum fleiri af mönnum þeim, sem unnu í lest m/s Öskju, sbr. framburð Sveins Ólafssonar verkstjóra um, „að þarna hafi verið að verki lausagengi með strákum" og „ekki lengur tíðkað að hafa slík unglingagengi." Ekki verður ráðið af gögnum málsins, að hinum ungu starfsmönnum hafi verið veittar sérstakar leiðbeiningar fyrir sakir æsku þeirra og reynsluleysis, og ekki er ágreiningur um, að verkstjóri stóð ekki yfir verkamönnum í lestinni við framkvæmd verksins.

Hvort sem efni það, sem var skaðvaldur í slysi því, sem hér er fjallað um, er á skrá yfir hættuleg efni í sjóflutningum eða ekki, þá er ekki um það deilt, að snerting þess við augu gagnáfrýjanda hafi valdið því tjóni, sem málið snýst um.

Af hálfu aðaláfrýjanda Eimskipafélags Íslands h/f var ekki hlutast til um opinbera rannsókn á orsökum slyssins, eins og fyrir er mælt í 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem gildandi voru, þegar atburðir gerðust. Má ætla, að sú vanræksla valdi því, hversu mjög skortir á fullnægjandi vitneskju um málsatvik. Verður aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f að bera hallann af því.

Eins og málið hefur verið búið í hendur dómstóla, er ekki unnt að útiloka, að efnið, sem slysinu olli, hafi verið svo viðsjárvert, að aðvara hefði átt verkamenn og viðhafa sérstaka aðgæslu við uppskipun, þannig að verkstjórn hafi af þeim sökum verið áfátt og leiðbeiningar til verkamanna ónógar, en þeir voru að hluta til reynslulitlir unglingar. Að svo vöxnu máli verður að leggja á aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Með atferli sínu, átökum við samstarfsmann á vinnustað, þykir gagnáfrýjandi eiga þátt í slysinu, og á hann því sjálfur að bera tjón sitt að hluta. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að hvor aðilja, gagnáfrýjandi og Eimskipafélag Íslands h/f, beri helming tjónsins.

IV.

Bótakröfur.

Endanleg kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði nam gkr. 12.724.054, svo sem í héraðsdómi greinir, en aðaláfrýjendur samþykktu, að sú hækkun kröfufjárhæðar frá því, sem í héraðsstefnu greindi, fengi að komast að. Aðaláfrýjendur hafa mótmælt þeirri tölulegu hækkum, sem gagnáfrýjandi hefur gert á kröfum sínum fyrir Hæstarétti, þ. e. í 283.593.30 krónur (nýkr.). Gegn mótmælum aðaláfrýjenda eru ekki skilyrði til þess að taka til greina þá hækkun dómkröfu, sem felst í kröfugerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti úr gkr. 12.724.054 eða 127.240.54 krónum í 283.593.30 krónur. Verður því að dæma málið innan þeirra marka, sem kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði setur.

Kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði var reist á niðurstöðum útreiknings Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 8. febrúar 1980 og endurútreiknings frá 27. nóvember s. á. Verður að leggja þá til grundvallar við ákvörðun bóta í máli þessu, enda hefur hvorki þeim né örorkumati Björns Önundarsonar læknis verið hnekkt. Trygg-

ingafræðingurinn reiknar eingreiðslu vegna tapaðra vinnutekna á slysdegi með tvenns konar vaxtaforsendum um ávöxtunarmöguleika, 5% ársvöxtum og 13% ársvöxtum. Verðmæti tapaðra vinnutekna vegna tímabundins og varanlegs orkutaps reiknar tryggingafræðingurinn gkr. 10.782.520 miðað við 5% p. a. ávöxtun, en gkr. 3.850.243 miðað við 13% p. a. ávöxtun. Vaxtaútreikningur er miðaður við slysdag í báðum aðferðum. Alkunna er, að ávöxtunarmöguleikar peninga hafa í mörg undanfarin ár ekki farið fram úr 5 af hundraði á ári. Eins og mál þetta er lagt fyrir, ber að miða við þann útreikningsmáta við ákvörðun bótafjárhæðar.

Rétt þykir að lækka bótafjárhæð nokkuð vegna skattfrelsis slíkra bóta. Með tilliti til þess þykir tjón vegna tímabundins og varanlegs orkutaps hæfilega metið 95.000.00 krónur.

Eftir öllum atvikum þykir miski sá, sem gagnáfrýjandi varð fyrir, hæfilega metinn á 15.000.00 krónur. Frá fjárhæðum þessum ber að draga bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 390.40 krónur, og greiðslu frá Eimskipafélagi Íslands h/f, 194.30 krónur, eða samtals 584.70 krónur. Verður heildartjón því 109.415.30 krónur (kr. 110.000.00 ÷ 584.70). Samkvæmt framansögðu ber að dæma aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f til að greiða gagnáfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, eða 54.707.65 krónur.

Af dæmdri fjárhæð ber að greiða vexti, svo sem hér greinir:

1. 5% ársvexti frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980.
2. Dómvexti frá þeim degi til greiðsludags, þ. e. 46% ársvexti frá 27. nóvember 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvexti frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvexti frá þeim degi til 21. október s. á., 36% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjandi hefur krafist þess, „að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. nóvember 1975 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir“ felist, að um vaxtavexti sé að ræða.“

Fallast ber á það með gagnáfrýjanda, að í kröfugerð hans um dómvexti felist krafa um lagningu vaxta við höfuðstól, svo sem gert er við ávöxtun sparifjár í opinberum lánastofnunum. Krafa hans er að því leyti innan þeirra marka, sem sett voru með héraðsdómsstefnu. Dómvextir eru dæmdir frá 27. nóvember 1980. Ber að taka þessa kröfu gagnáfrýjanda til greina frá þeim degi.

Vaxtakrafa gagnáfrýjanda fyrir tímabilið 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980 var bæði í héraði og fyrir Hæstarétti miðuð við hærri vaxtafót en þau 5% p. a., sem hér er dæmt. Rúmast því sú krafa, sem gerð er hér fyrir dómi um árlega lagningu vaxta við höfuðstól, innan upphaflegrar kröfugerðar fyrir héraðsdómi. Með hliðsjón af almennum reglum um vaxtareikning í innlánsstofnunum, tengslum vaxta af dómskuldum við sparisjóðsvexti og af eðli máls er rétt að verða við kröfu gagnáfrýjanda um lagningu vaxta við höfuðstól einu sinni á ári. Skal það gert um áramót, svo sem er um almenna sparisjóðsreikninga, en síðast 27. nóvember 1980, er dómvextir taka við.

Samkvæmt greindri niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur, og rennur hann í ríkissjóð. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns gagnáfrýjanda, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 24.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Kristinsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Úlfars Guðmundssonar.

Málskostnaður í þeim þætti málsins fellur niður.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f greiði gagnáfrýjanda, Úlfari Guðmundssyni, 54.707.65 krónur með 5% ársvöxtum frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. septem-

ber 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980 skulu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, um áramót, en síðast hinn 27. nóvember 1980. Dómvextir frá þeim degi til greiðsludags skulu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn hinn 27. nóvember 1981.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f greiði samtals 30.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og rennur hann í ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað skal óraskað. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns gagnáfrýjanda, Othars A. Petersen hæstaréttarlögmanns, 24.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Halldórs Þorbjörnssonar

Við erum sammála því, er segir í I. og II. lið í dómi Hæstaréttar. Að loknum II. lið teljum við, að dómsatkvæðið eigi að vera sem hér segir:

III.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Eimskipafélagi Íslands h/f.

A. Kröfur gagnáfrýjanda eru einum þræði reistar á því, að ofangreindur aðaláfrýjandi beri húsbóndaábyrgð á verkum og atferli aðaláfrýjandans Ragnars Kristinssonar. Þar sem þegar er dæmt, að atferli hans sé eigi saknæmt og leiði eigi til bótaskyldu, er þessi bótagrundvöllur gagnvart Eimskipafélagi Íslands h/f eigi tækur, en eins og hér stendur á, þykir rétt að bæta því við, að fallist er á sjónarmið í héraðsdómi að öðru leyti um þessa málsástæðu.

B. Þá eru bótakröfur gagnáfrýjanda á hendur þessum aðaláfrýjanda á því reistar, að skort hafi á virka verkstjórn af hálfu aðaláfrýjandans, en gera verði strangar kröfur í því efni, þar sem verkamenn við affermingu skips hafi verið ungir og farmur hættulegur, svo sem fram hafi komið í reynd. Hafi hvílt á verkstjóra sérstök skylda að gera verkamönnum viðvart um, hversu hættuleg efni voru í farminum.

Miða verður við, að verkamenn þeir, sem unnu að affermingu, hafi sumpart verið ungir, svo sem var um þá málsaðiljana Ragnar og Úlfar, en einnig störfuðu reyndir menn með þeim. Um efnið er þess að geta, svo sem áður greinir, að eigi liggja fyrir ótvíræð gögn um það, hvert það hafi verið, og því eigi unnt að ganga til hlítar úr skugga um hættueiginleika þess. Verður að leggja til grundvallar, að nokkur hætta hafi stafað af efni þessu. Á hitt er að líta, að hættueiginleikar efnisins leysast úr læðingi með mjög sérstæðri og ófyrirsjáanlegri atburðarás, þ. e. við það, að átök verða milli málsaðiljanna Ragnars og Úlfars. Eigi mátti vænta slíks, og eigi eru leiddar líkur að því, að verkstjórn af hendi aðaláfrýjanda hafi almennt verið ábótavant. Þegar þetta er virt, þykja fébótakröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Eimskipafélagi Íslands h/f eigi verða teknar til greina, og ber að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður máls í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum, samtals 30.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Ragnar Kristinsson og Eimskipafélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður í aðalsök og gagnsökum.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir báðum dómum greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda

í héraði og fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, samtals 30.000.00 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála því, sem segir í I., II. og III. lið í dómsatkvæði Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara og Sigurðar Líndal prófessors. Þá er ég einnig sammála því, sem segir í IV. lið dómsatkvæðis þeirra um hækkaðar kröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með hliðsjón af framkomnum gögnum og dómvenju tel ég, að Eimskipafélagi Íslands h/f beri að greiða gagnáfrýjanda, Úlfari Guðmundssyni, 75.000.00 krónur sem bætur fyrir fjárhagstjón og miska með vöxtum, eins og hér segir: 13% ársvöxtum frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ég er samþykkur ákvæði framangreinds dómsatkvæðis um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 5. þ. m., hefur Úlfar Guðmundsson viðskiptafræðinemi, Flyðrugranda 18, Reykjavík, fæddur 29. ágúst 1958, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 5. júní 1980, þar sem þing var sótt af hálfu hinna stefndu og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefndu eru Ragnar Heiðar Kristinsson trésmiður, Blikanesi 21, Garðabæ, fæddur 21. júlí 1956, og Eimskipafélag Íslands h/f, Reykjavík. Málið er höfðað til heimtu bóta vegna líkamstjóns.

MÁLAVEXTIR.

Laugardaginn 16. nóvember 1974 voru þeir báðir stefnandi og stefndi Ragnar að vinna hjá stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f við uppskipun í botni fyrstu lestar m/s Öskju í Sundahöfn í Reykjavík. Meðal þess, sem skipað var upp þennan dag, voru 420 pokar, 10.822 tonn, af kalki. Við uppskipunina virðist eitthvað af kalki hafa komist úr umbúðunum og fallið á botn lestarinnar. Um klukkan 11 um morguninn höfðu verkamennirnir í lestinni fengið skipun um að sópa kalkinu upp. Sóparnir voru færri en verkamennirnir, og voru þeir stefnandi og stefndi Ragnar að togast á um einn sópinn. Urðu úr þessu áflog. Þeir töpuðu sópinum úr höndunum á sér, en veltust um í kalkinu. Í þann mund er þeir voru að rísa á fætur, sveiflaði stefndi Ragnar hendi í átt til stefnanda með þeim afleiðingum, að kalk fór í augu stefnanda. Stefnandi komst fljótlega upp úr skipinu yfir bryggjuna og inn á snyrtiherbergi í húsi þar nærri. Þar skolaði hann úr augunum eftir föngum. Verkstjóra var gert viðvart, og kallað var á lögreglu og sjúkralið. Stefnandi var síðan fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem augun voru skoluð og hreinsað úr þeim eftir föngum. Síðan var hann fluttur á augndeild Landakotsspítala. Mjög mikill kemiskur bruni reyndist í hægra auga. Vinstri hornhimnan var ógagnsæ, þykknuð og mjólkurlituð. Einnig var mikið af gráleitum ögnum í vinstra auga. Stefnandi var meðhöndlaður með kröftugri lyfjameðferð. Hægra auga greri fljótlega, en vinstra augað smám saman. Hann var útskrifaður 21. desember 1974 með áframhaldandi lyfjameðferð á vinstra auga, og tæpum þrem mánuðum síðar var sjón á vinstra auga orðin eðlileg með sjónskekkjuglerjum. Við skoðun í febrúar 1976 reyndist sjón á hægra auga 1.0 án glerja, en sjón á vinstra auga tæplega 0.9 án glerja, 1.0 (+ 1.5 - 1.5 öxull 30°). Engin bólga var í vinstra auga, en nokkur æðainnvöxtur á hornhimnu, aðallega miðlæg, þunnt ský yfir alla hornhimnuna og hornhimnan dálítið þynnri á vinstra auga en því hægra.

Ragnar Sigurðsson læknir skoðaði stefnanda 12. september 1979. Stefnandi kvartaði þá ekki um annað en að vinstra auga hefði tilhneigingu til að roðna, ef hann þreyttist. Við augnskoðun reyndist sjón á hægra auga 6/6 án glerja, sjón á vinstra auga 6/9 án glerja, en 6 — 7.5 með + 0.25 — 0.25 x 5. Skoðun á vinstra auga leiddi í ljós væga þynningu á hornhimnu, töluvert áberandi skýmyndun, sérstaklega á efri hluta hornhimnu og hvítar örður í yfirborðslagi hornhimnunnar, dálítill æðainnvöxtur í vinstra auga, aðallega ofan til.

Björn Önundarson læknir reiknaði örorku stefnanda 11. janúar 1980 frá slysdegi í tvo mánuði 100%, eftir það í tvo mánuði 50% og varanlega 8%.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda 27. nóvember 1980 á fjóra mismunandi vegu, annars vegar miðað við vinnu-

tekjur verkamanna og hins vegar miðað við vinnutekjur háskólamenntaðra manna, og í báðum tilvikum var annars vegar reiknað með 5% ársvöxtum og hins vegar 13% ársvöxtum. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi miðað við vinnutekjur verkamanna og 5% ársvexti reyndist vegna tímabundins örorkutaps í fjóra mánuði 200.327 kr., vegna varanlegs örorkutaps eftir það 10.582.193 kr., samtals 10.782.520 kr. Miðað við vinnutekjur verkamanna og 13% ársvexti reiknaðist verðmæti tapaðra vinnutekna vegna tímabundins örorkutaps 193.429 kr., vegna varanlegs örorkutaps eftir það 3.656.814 kr., samtals 3.850.243 kr. Miðað við vinnutekjur háskólamenntaðra manna og 5% ársvexti reiknaðist verðmæti tapaðra vinnutekna 9.712.689 kr. og miðað við 13% ársvexti 2.620.313 kr.

Þegar slysið varð, var stefnandi við nám í Laugalækjarskóla í Reykjavík en stundaði íhlaupavinnu hjá stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f um helgar. Hvorki stefnandi, stefndi Ragnar né verkstjóri þeirra virðast hafa vitað, hvert efnið var, sem verið var að skipa upp, en það reyndist vera iðnaðarkalk, 96% calcium hydroxyde Ca $(OH)_2$, þannig að þetta er sterkur basi, sem getur valdið alvarlegri ætingu, ekki síst í augum og stundum með umtalsverðum eftirköstum (örmyndun, herslis - myndun). Enginn verkstjóri var í lestinni, þegar atburður þessi gerðist. Stefnandi notar ekki gleraugu og kveðst hvorki þurfa þess við nám sitt né strætisvagnaakstur, sem hann stundar meðfram náminu.

KRÖFUR OG MÁLSÁSTÆÐUR.

Af hálfu stefnanda hefur endanlega verið gerð svofelld grein fyrir dómkröfum:

Aðalkrafa.

1. Tímabundin örorka	kr.	200.327
2. Varanleg örorka	—	10.582.193
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	12.785.520
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	12.743.484
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	12.724.054

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1979, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til

birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

1. *Varakrafa.*

1. Tímabundin örorka	kr.	200.327
2. Varanleg örorka	—	10.582.193
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	12.782.520
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	12.743.484
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	12.724.054

auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

2. *Varakrafa.*

1. Varanleg örorka	kr.	9.712.689
2. Miskabætu	—	2.000.000
	Kr.	11.712.689
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	11.673.653
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	11.654.223

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

3. *Varakrafa.*

1. Varanleg örorka	kr.	9.712.689
2. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	11.712.689

÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	kr.	39.036
	Kr.	11.673.653
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	11.654.223

auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

4. *Varakrafa.*

1. Tímabundin örorka	kr.	193.429
2. Varanleg örorka	—	3.656.814
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	5.850.243
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	5.811.207
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands h/f	—	19.430
	Kr.	5.791.777

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

5. *Varakrafa.*

1. Varanleg örorka	kr.	2.620.313
2. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	4.620.313
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	4.581.277
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	4.562.847

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% árs-

vaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

Skýringar.

Aðalkrafa og 1. varakrafa eru miðaðar við útreikninga Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23, reiknigrundvöll A og vaxtagrundvöll 5% ársvexti.

2. varakrafa og 3. varakrafa eru miðaðar við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23 reiknigrundvöll B og vaxtagrundvöll 5% ársvexti.

4. varakrafa er miðuð við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23 reiknigrundvöll A og vaxtagrundvöll 13% ársvexti.

5. varakrafa er miðuð við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23, reiknigrundvöll B og vaxtagrundvöll 13% ársvexti.

Af hálfu stefnda Ragnars er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu Eimskipafélags Islands er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Ragnar hafi kastað kalkinu framan í stefnanda og að hann beri ábyrgð a afleiðingum þess samkv. almennu skaðabótareglunni. Kröfur á hendur stefnda Eimskipafélagi Íslands eru fyrst og fremst byggðar á því, að verkstjórn hafi verið áfátt og sérstaklega að vanrækt hafi verið að vara stefnanda við hættulegum eiginleikum kalksins. Sérstaklega er því haldið fram, að verkstjóra beri að sjá um, að unglingar fari sér ekki að voða og skaði hver annan. Þá er á það bent, að Öryggiseftirliti ríkisins hafi ekki verið gert viðvart um slysið.

Af hálfu stefnda Ragnars er því haldið fram, að kalkið hafi lent í augum stefnanda fyrir óhappatilviljum, og því haldið fram, að stefnandi hafi átt upptökin að áflogunum. Vitnað er í mannhelgisbálk Jónsbókar, 13. kapítula og kröfum mótmælt sem of háum.

Af hálfu stefnda Eimskipafélags Íslands h/f er því mótmælt, að verkstjórn hafi verið ábótavant. Því haldið fram, að atferli piltanna og afleiðingar þess séu svo fjarskyld starfsskyldum þeirra, að útilokað verði talið, að almenn húsbóndaábyrgð geti komið þar til greina. Dómkröfum er til vara mótmælt sem of háum.

SÖNNUNARGÖGN.

Stefnandi segir, að stefndi Ragnar hafi staðið við stæðu, snúið baki við stefnanda, seilst aftur fyrir sig og síðan kastað duftinu framan í hann. Stefndi segist hafa sveiflað höndunum í átt til stefnanda „þá fer þetta kalk af höndunum á mér á vinnuvettlingunum, sem ég bar, og í augu hans." Vitnið Gunnar Smári Sigurðsson, fæddur 5. desember 1959, sem vann með aðiljunum í lestinni, lýsir atvikum þannig, að aðiljarnir hafi risið upp og að í þann mund hafi stefndi borið höndina í áttina að stefnanda og kalkið farið af vettlingum hans í augu stefnanda. Hann segist ekki vera öruggur um, að stefndi hafi kastað kalkinu í stefnanda. Nánar aðspurður sagði stefnandi, að aðiljarnir hefðu velst um á gólfinu, en stefndi síðan seilst aftur fyrir sig. Hann sagðist þó ekki treysta sér til að segja, hvort hann kastaði vísvitandi. Stefnandi var spurður um upptök áfloganna. Hann sagðist muna, að hann náði sópnum af stefnda, en ekki kvaðst hann muna, hvort stefndi var búinn að ná sópnum á undan honum. Stefndi var spurður um upptökin og sagði þá, að upptökin hefðu verið gáski og leikur. Stefnandi sagðist hafa veitt því athygli, þegar hann andaði að sér efninu, að sveið í hálsinn. Verkstjórinn segist hafa haldið, að efnið væri sódi. Stefndi telur sig ekki hafa vitað, hvaða efni þetta var.

Stefndi Ragnar telur, að verkstjórar hafi verið of fáir. Sveinn Ólafsson verkstjóri sagði, að sérstaklega hefði verið fylgst með piltunum. Hann tók fram, að nú væri fyrirtækið hætt að notast við „unglingagengi." Hann segir, að ekki hafi verið höfð nein sérstök tilhögun á verkjstórn yfir unglingum. Hann segir, að verkstjórn hafi miðast við verkið sjálft, en ekki að koma í veg fyrir áflog unglinganna.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja ósannað, að það hafi verið ásetningur stefnda Ragnars að koma kalki í augu stefnanda. Það þykir og verða að leggja til grundvallar, að hvorugur hafi vitað, hvert efnið var, og gert sér grein fyrir, hver hætta stafaði af því. Þó hafði stefnandi orðið var við, að kalkrykið olli sviða í öndunarfærum, og stefndi Ragnar hafði aðstöðu til að veita því athygli einnig. Telja verður, að stefndi Ragnar hafi sýnt af sér gáleysi með því að sveifla hendinni í átt til stefnanda með vettlingana þakta efni, sem hann vissi ekki deili á og mátti vita að væri ekki með öllu meinlaust, og hlýtur hann af þeim sökum að bera ábyrgð á afleiðingum þessa. Það verður á hinn bóginn að teljast gáleysi af stefnanda að fara að fljúgast á við stefnda í kalkinu, en svo virðist sem hann hafi fremur átt upptökin að leik þeirra.

Fallast verður á það með lögmanni stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f, að tiltæki piltanna hafi verið svo fjarri starfsskyldum þeirra, að þessi

stefndi verði ekki talinn bera ábyrgð á afleiðingum gerða stefnda Ragnars í þessu sambandi. Ekki verður talið í ljós leitt, að verkstjórn hafi almennt verið ábótavant miðað við það, sem almennt gerist, og ekki þykir verða ætlast til, að verkstjórar standi að staðaldri yfir verkamönnum, jafnvel þótt unglingar eigi í hlut. Hins vegar verður að telja athugavert af hálfu fyrirsvarsmanna stefnda Eimskipafélags Íslands h/f, að ekki skyldi vera séð fyrir því, að starfsmönnum væri gerð grein fyrir hættunni af kalkinu, einkum þegar þess er gætt, að við flutninga á slíkum efnum er alltaf eitthvað af lausu efni og ryki utan á umbúðum og veruleg hætta á, að efnið fari úr umbúðunum, þegar verið er að flytja það. Eins og atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda ⅔ hluta tjónsins, en að stefnandi beri sjálfur ⅓ hluta.

Bætur þykir bera að reikna þannig:

Leggja ber til grundvallar örorkutjónsútreikning frá 7. nóvember 1980. Þar sem í hlut átti unglingur, sem ekki hafði valið sér starf, þykir rétt að notast við viðmiðun við vinnutekjur verkamannna, en þegar þess er gætt, að stefnandi stundaði íhlaupavinnu með skólanámi, þykir aðeins mega reikna með, að hann hafi misst af vinnu um helgar og í jólaleyfi. Tapaðar vinnutekjur vegna tímabundinnar örorku þykja þannig hæfilega áætlaðar 70.000 kr. Samkvæmt venju þykir bera að reikna með 13% ársvöxtum. Frá grunntölum örorkutjóns þannig reiknuðu þykir bera að draga nokkra fjárhæð vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Í því sambandi þykir og mega hafa í huga, að vandséð er, að stefnandi hafi enn sem komið er í raun og veru orðið fyrir nokkru vinnutekjutapi vegna varanlegrar örorku. Þá er og ekki sérlega líklegt, að svo verði í raun í framtíðinni. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 400.000 kr. Út frá þessum sjónarmiðum reiknast tjón stefnanda þannig:

Tímabundin örorka	70.000 kr.	
Varanleg örorka	3.656.814 kr.	3.726.814 kr.
Frádráttur vegna hagræðis af eingreiðslu, skattfrelsis o. s. frv.		÷ 1.126.814 kr.
		2.600.000 kr.
Miski		400.000 kr.
		3.000.000 kr.
Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins		÷ 39.036 kr.
		2.960.964 kr.

Samkvæmt ofanrituðu ber stefndu að greiða stefnanda ⅔ hluta þessarar fjárhæðar, eða 1.973.976 kr. Stefnandi hefur þegar fengið greiddar 19.430

kr., þannig að eftir standa 1.954.546 kr., sem stefndu ber að greiða stefnanda að óskiptu auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 þykja ákvæði þeirra laga um dómvexti ekki eiga við í þessu máli. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 29. maí 1980 er skuldareiganda heimilt, greiði skuldari ekki skuld sína á réttum tíma, frá eindaga til greiðsludags eða til þess tíma, er ákvæði laga nr. 56/1979 taka til, að krefjast greiðslu vanskilavaxta (dráttarvaxta) af gjaldfallinni fjárhæð, sem séu sömu vextir á ári og greiddir eru hæstir á hverjum tíma af innlánsreikningum. Ákvæði þetta, sem á stoð í 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, þykir með samræmisskýringu við 1. gr. laga nr. 56/1979 bera að túlka svo, að vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum beri einungis að dæma fyrir þau tímabil, sem greind eru í auglýsingunni, af þeim kröfum, sem bera dómvexti skv. lögum nr. 56/1979.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og lagri dómvenju þykja dráttarvextir hæfilega ákveðnir jafnháir almennum innlánsvöxtum innlánsstofnana, eða 13% ársvextir af 1.954.546 kr. frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 725.000 kr., og rennur hann í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns stefnanda, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 600.000 kr., svo og útlagður kostnaður, 285.400 kr., en þar af greiðast í samræmi við greinargerð stefnanda 153.900 kr. til talsmannsins og 131.500 kr. til stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Kristinsson og Eimskipafélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Úlfari Guðmundssyni, að óskiptu 1.954.546 kr. með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 725.000 kr. í málskostnað, er renna í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þóknun talsmanns stefnanda, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 600.000 kr., og útlagður kostnaður, 285.400 kr., þar af 153.900 kr. til talsmannsins og 131.500 kr. til stefnanda sjálfs.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1983.

Nr. 133/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming. Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefndu 2. febrúar 1983 refsingu ákærða til þyngingar og til lengingar ökuleyfissviptingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar, er lög leyfa.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst 1983.

Í héraði var máli þessu beint gegn ákærða og öðrum manni, sem unað hefur héraðsdómi.

Samkvæmt fæðingar- og skírnarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er síðara eiginnafn hans Kalmann.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota að því er varðar I. og IV. lið í ákæruskjali.

II.

Enn fremur er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara að sakfella ákærða fyrir brot gegn 244. gr. almennera hegningarlaga nr. 19/1940 vegna atferlis þess, sem honum er gefið að sök í II. lið ákæru.

Með 2. mgr., sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 390/1974, fylgiskjal B, er hvers konar varsla morfíns lýst refsiverð. Leggja verður til grundvallar dómi, að ákærði hafi þegar eftir töku morfínsglasanna neytt morfíns úr einu glasinu, en falið hin fimm í sjópoka sínum, þar sem lögreglumenn fundu þau. Þessi meðferð morfíns þykir varða við þau ákvæði laga og reglugerðar, sem í ákæru greinir, en lögum nr. 75/1982, 9. gr., er breyta 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, verður eigi beitt í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Að því er varðar III. ákærulið þykja sakargögn eigi nægja til að sakfella ákærða fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og ber að sýkna hann af þeim þætti ákærunnar. Hér fyrir dómi taldi ríkissaksóknari atferli ákærða annars varða við 254. gr. almennra hegningarlaga, og var málið reifað af hendi hans og verjanda á þeim grundvelli, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Með sakargögnum er sannað, að ákærði tók þátt í sölu myndsegulbandtækis þess, sem í ákæruliðnum greinir, og var honum þá orðið ljóst, að tækið var fengið með þjófnaðarbroti. Háttsemi ákærða varðar hann því refsingu samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga, sem gerlegt þykir að beita, enda geymir sú grein refsiákvæði, er felur í sér eftirfarandi hlutdeild í þjófnaðarbroti og með lægri refsiviðurlögum en greinir í 244. gr. þeirra laga.

IV.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, var ákærði hinn 12. ágúst 1981 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var helmingur refsingarinnar skilorðsbundinn til tveggja ára. Samkvæmt vottorði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. f. m. hefur ákærði tekið út hinn óskilorðsbundna hluta refsingarinnar.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, skal, þegar rannsókn er hafin út af nýju broti, áður en skilorðstíma lýkur, taka bæði málin til

meðferðar og dæma þau í einu lagi, og á þetta við, hvort sem um skilorðsrof er að ræða eða hið nýja brot er framið, áður en skilorðsdómur gekk, en þannig hagar til í þessu máli. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að láta skilorð haldast og dæma sér í lagi óskilorðsbundna refsingu fyrir hið nýja brot. Með hliðsjón af því, að hinum óskilorðsbundna hluta refsingar samkvæmt dómi 12. ágúst 1981 hefur verið fullnægt, þykir rétt að láta skilorð á hinum hluta refsingarinnar haldast og dæma ákærða sérstaklega refsingu fyrir hin nýju brot. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Það athugast, að eigi voru fengin afdráttarlaus svör ákærða við því, hvort hann óskaði áfrýjunar. Þá athugast enn fremur, að eigi nýtur við gagna í máli þessu um hagi ákærða, þ. á m. um það, hvort hann hafi sætt læknismeðferð vegna morfínhneigðar sinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað að því er ákærða varðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu og Keflavíkur 9. desember 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 9. desember, er í sakadómi Gullbringusýslu og Keflavíkur af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1454/1981: Ákæruvaldið gegn Valtý Ómari Guðjónssyni og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað gegn Valtý Ómari Guðjónssyni, nú til heimilis að Silfurteigi 6, Reykjavík, og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Stað, Höfnum, Gullbringusýslu.

Með ákæru, dagsettri 18. ágúst 1981, er ákærði Valtýr Ómar sakaður um „eftirtalin brot framin í Reykjavík:

I.

Laugardaginn 21. júní 1980 stolið seðlaveski af manni á Austurvelli, en í veskinu var auk skilríkja tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Falsað eftirtalda 8 tékka á eyðublöð úr framangreindu hefti og notað í viðskiptum. Notaði ákærði nafn Svans Elíassonar sem útgefanda, en reikningsnúmer af handahófi. Tékkarnir eru allir til handhafa:

1. Nr. 4674582, kr. 24.300.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 2861. Ákærði keypti fyrir tékkann flík í versluninni Leður og loðskinn, Austurstræti 1.
2. Nr. 4674585, kr. 10.000.-. Útgáfudagur 20. júní 1980. Reikningsnúmer 2861. Greitt fyrir leiguakstur.
3. 4674587, kr. 20.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6128. Greiddar vörur í söluturni að Vesturgötu 27.
4. Nr. 4674588, kr. 50.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6194. Skipt fyrir vörur og peninga í versluninni Sentral sf., Hafnarstræti 20.
5. Nr. 4674592, kr. 5.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6841. Skipt fyrir vörur og peninga í pylsuvagninum í Austurstræti.
6. Nr. 4674593, kr. 60.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6891. Skipt fyrir vörur og peninga í versluninni Sentral sf., Hafnarstræti 20.
7. Nr. 4674594, kr. 10.000.-. Útgáfudagur 21. júní 1980. Reikningsnúmer 6951. Skipt fyrir vörur og peninga í pylsuvagninum í Austurstræti.
8. Nr. 4674595, kr. 45.000.-. Útgáfudagur 22. júní 1980. Nafn framseljanda Svanur Elíasson. Reikningsnúmer 6951. Greiddar vörur í söluturninum Laugavegi 92

Teljast verknaðir þessir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 27. nóvember 1980 brotist inn í klefa um borð í m/s Stuðlafossi við Miklabakka í Reykjavík og stolið þar einni flösku af Wodka og tveim lengjum af vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Í nóvember 1980 heimildarlaust selt Baldvin Árnasyni bifreiðina R 50836, Saab 99, árgerð 1970, sem var eign Sigurðar R. Lúðvíkssonar, en í vörslu ákærða vegna viðgerðar, fyrir kr. 1.000.000.-. Fékk ákærði kaupverðið greitt með víxlum, samtals að fjárhæð kr. 535.000.-, málverkum og myndum og að einhverju leyti í peningum. Víxlana notaði hann síðan til að kaupa aðra bifreið fyrir sig. Var í þessu skyni útbúið afsal, dagsett 28. nóvember 1980, sem var undirritað af Baldvin Árnasyni sem kaupanda.

Telst þetta aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 248. gr. sömu laga.

V.

Falsað alls 8 tékka á eyðublöð úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Reykjavík, og notað í viðskiptum. Tékkheftinu hafði ákærði stolið. Nafn útgefanda er á öllum tékkunum Halldór Guðnason, en eftirnafnið er þó illlæsilegt í sumum tilvikunum. Reikningsnúmer eru valin af handahófi. Tékkarnir eru allir nema einn gefnir út 4. desember 1980, þótt á sumum standi 4. nóvember. Þeir eru allir til handhafa, nema annars sé getið:

1. Nr. 5029654, kr. 15.000.-, til Bifreiðastöðvar Íslands. Skipt fyrir vörur og peninga á Umferðarmiðstöðinni. Ekkert reikningsnúmer.

2. Nr. 5029655, kr. 30.000.-. Reikningsnúmer 6185. Keyptur flugfarseðill hjá Flugleiðum.

3. Nr. 5029656, kr. 35.000.-. Reikningsnúmer 6143. Keyptur flugfarseðill hjá Flugleiðum.

4. Nr. 5029657, kr. 455.000.-. Útgáfudagur 3. desember 1980. Reikningsnúmer 6172. Greitt fyrir trefjaplast hjá Polyester h.f., plastgerð í Hafnarfirði.

5. Nr. 5029658, kr. 10.000.-. Reikningsnúmer 6132, til Shell, olíustöð. Seldur á bensínstöð.

6. Nr. 5029659, kr. 60.000.-. Reikningsnúmer 6218. Greiddar vörur í verslun Hans Petersen, Bankastræti 4.

7. Nr. 5029661, kr. 20.000.-. Reikningsnúmer 6218. Greiddar vörur í versluninni Málning og járnvörur, Laugavegi 23.

8. Nr. 5029666, kr. 15.000.-. Reikningsnúmer 6215. Keyptur smurolíubrúsi á bensínstöð á Seltjarnarnesi.

Teljast verknaðir þessir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. júní 1981 valdið skemmdum á bifreiðinni R 2748 með því að sparka í vinstra frambretti hennar, svo að það dældaðist. Var þetta að Geymisvöllum við Háteigsveg í Reykjavík.

Verknaður heimfærist undir 257. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Með ákæru, dagsettri 16. september 1981, er ákærða Valtý Ómari gefið að sök „að aka föstudaginn 3. apríl 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 67233 um götur í Reykjavík og aka þá gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Nóatúns og Laugavegar, er ákærði ók suður Nóatún og vestur Laugaveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka miðvikudaginn 13. maí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni R 69163 frá Brekkubraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til akstri lauk með afskiptum lögreglu á Brekkustíg í Njarðvík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 13. júní 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 69163 frá Faxabraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Suðurgötu og Skólavegar í Keflavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Loks fyrir að aka að kvöldi mánudagsins 20. júlí 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða bifreiðinni R 69163 nokkurn spöl upp úr moldarflagi utan vegar við afleggjara að Júnkaragerði í Hafnahreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með ákæru, dagsettri 23. mars sl., eru báðir ákærðu sakaðir um „eftirtalin brot í júní 1981:

I. Ákærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 5. brotist inn í m.b. Gígju RE 340 í Njarðvíkurhöfn og brotið upp hurðir og hirslur og stolið rafmagnsrakvél, kvikmyndasýningarvél og 2 kvikmyndaspólum.

II. Akærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa í beinu framhaldi af þessu, brotist inn í m.b. Keflvíking, KE 100, þar í höfninni, brotið upp hurðir og hirslur og stolið 6 glösum af morfíni og nokkrum sprautum.

III. Ákærðu báðum fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. farið um borð í m.b. Ólaf Inga í Njarðvíkurhöfn og stolið myndsegulbandstæki.

IV. Ákærða Ólafi Kalmann fyrir að hafa þessa nótt ekið bifreiðinni R 69163 frá Höfnum til Reykjavíkur og þaðan til Hafna aftur undir áhrifum áfengis.

Telst atferli ákærðu í liðum I — III varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Ólafs Kalmanns í lið IV við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og atferli hans í lið II jafnframt við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 um breyting á þeim lögum, sbr. 2. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og lista B, sem er fylgiskjal með þessari reglugerð.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og Ólafur Kalmann jafnframt sviptur ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Loks er ákærði Valtýr Ómar með ákæru, dagsettri 23. ágúst sl., sakaður um „að falsa á Akranesi í desember 1980 tékka að fjárhæð gkr. 225.000.- á eyðublað nr. 5029670 frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútbúi, Reykjavík, og nota í viðskiptum. Tékkinn er með nafni útgefanda Halldór Guðmundsson og reikningsnúmeri 6218, en ólæsilegu nafni framseljanda. Hann er gefinn út til handhafa 5. desember 1980. Ákærði fékk félaga sínum, Birni Einarssyni, tékkann í hendur, og greiddi Björn með honum símareikning þar á staðnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákæra, dags. 18. ágúst 1981.

I. Þriðjudaginn 24. júní 1980 kærði Ingólfur Magnússon, Ásgarði 75, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins þjófnað á seðlaveski sínu, en í því var tékkhefti og skilríki. Sagðist hann hafa verið við áfengisdrykkju helgina áður og m. a. komið á Austurvöll á laugardag, um kl. 1300. Lagði hann sig þarna og sofnaði milli kl. 1430 — 1500, að hann taldi. Á þeim tíma hafi seðlaveskinu verið stolið. Tékkheftið, sem væri á ávísanareikning hans í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands, sagðist Ingólfur hafa keypt síðastliðinn föstudag, og hélt hann, að hann væri búinn að nota 5 eða 6 blöð úr því.

Við rannsókn lögreglunnar á kæru þessari féll grunur á ákærða Valtý Ómar. Var hann handtekinn, og kannaðist hann við að hafa haft tékkhefti frá nefndu útibúi undir höndum. Hann hefur hins vegar bæði fyrir lögreglu og dómi borið, að hann muni ekki sakir ölvunar að hafa tekið hér umrætt veski ófrjálsri hendi. Hann kvaðst hafa átt leið um Austurvöll umræddan laugardag ásamt Gunnhildi Gunnarsdóttur og væri ekki ótrúlegt, að tékkheftið hafi þá komist í hendur þeirra.

Nefnd Gunnhildur Gunnarsdóttir segir í lögregluskýrslu, að þau ákærði hafi verið á Austurvelli umræddan laugardag. Hafi hún þarna gefið sig á tal við mann, Ingólf að nafni, en á meðan hafi ákærði tekið svart seðlaveski úr jakkavasa Ingólfs. Hún hafi síðan tekið við seðlaveskinu og fleygt því, en ákærði var þá búinn að taka út því tékkhefti.

Gestur Kristján Jónsson, Víkurbraut 36, Grindavík, segir í lögregluskýrslu, að hann hafi hitt ákærða og Gunnhildi Gunnarsdóttur um umrædda helgi og hafi þau m. a. farið á Austurvöll eftir hádegi á laugardag. Þar hafi ákærði og Gunnhildur hitt mann, sem þau þekktu, en sá hafi legið þarna í grasinu. Hafi þau tvö tekið hann tali, en Gestur kvaðst hafa haldið ferð sinni áfram, en hitt þau aftur nokkru seinna. Voru þau þá eitthvað að tala um fyrrnefndan mann og hafi Gunnhildur þá sagt eitthvað á þá leið við ákærða: „Aumingi ert þú að láta mig redda þessu."

Með því, sem hér hefur verið rakið, telst fyllilega sannað, að ákærði hefur stolið títtnefndu seðlaveski ásamt áðurgreindu innihaldi, og varðar þessi háttsemi hans við 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærði Valtýr Ómar hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa falsað tékka úr áðurnefndu hefti og hafi þeir síðan verið notaðir í viðskiptum. Notaði hann nafn Svans Elíassonar, drykkjufélaga síns, sem útgefanda, en valdi reikningsnúmer af handahófi. Er tékkum þessum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru.

Nokkrar manneskjur, sem lögreglan yfirheyrði vegna framangreinds atferlis ákærða, báru, að þær hefðu séð ákærða útfylla einn eða fleiri tékka á umræddum tíma.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem telst fullsönnuð, varðar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Í málinu er upplýst, að nokkrir nutu góðs af þessari brotastarfsemi ákærða, verandi mala fide, og áttu jafnvel hlutdeild í henni.

Eftirtaldir aðiljar hafa krafið ákærða um skaðabætur (vísað er til viðeigandi ákæruliða):

1. Verslunin Leður og loðskinn kr. 243.00. (Sjá II, 1).
2. Olíufélagið h/f kr. 100.00 auk bankakostnaðar, kr. 27.25. (Sjá II,2). Tékki þessi hefur verið framseldur bótakrefjanda).
3. Söluturninn Vesturgötu 27, Reykjavík, kr. 200.00 auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar, kr. 32.00. (Sjá II, 3.).
4. Sentral s/f, Reykjavík, kr. 1.100.00 auk áfallins kostnaðar, kr. 97.25. (Sjá II, 4 og 6.).
5. Pylsuvagninn í Austurstræti, Reykjavík, kr. 150.00. (Sjá II, 5 og 7.).
6. Söluturninn Laugavegi 92, Reykjavík kr. 450.00 auk kostnaðar, kr. 43.87. (Sjá II, 8.).

III. Ákærði Valtýr Ómar hefur fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt að hafa brotist inn í klefa fyrsta stýrimanns á m/s Stuðlafossi aðfaranótt fimmtudagsins 27. nóvember 1980, en skipið lá þá við Miðbakka í Reykjavíkurhöfn. Tók hann þarna ófrjálsri hendi eina átekna vodkaflösku og tvær lengjur af Winston vindlingum. Til þessa innbrots notaði ákærði skrúfjárn, sem hann hafði tekið úr vélaverkstæði skipsins.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir innbroti þessu og þjófnaði, en vildi ekki breyta framburði sínum fyrir rannsóknarlögreglu.

Lögreglan handtók ákærða í nefndu skipi í umrætt sinn vegna gruns um innbrot hans þar og þjófnað. Höfðu vaktmaður og vélamaður skipsins hindrað för ákærða, er hann var á leið upp úr skipinu, og kallað á lögregluna. Var ákærði þá með framangreindan varning innanklæða. Þá handtók lögreglan þarna samferðamann ákærða, sem kvað þá hafa komið að skipinu í leigubíl og hefði ákærði farið einn um borð og talað um að kaupa áfengi. Fór honum síðan að leiðast biðin eftir ákærða, og fór hann því um borð til að sækja hann, en var þá einnig stöðvaður af fyrrgreindum starfsmönnum skipsins.

Af því, sem hér hefur komið fram, telst sannað, að ákærði hefur brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga með framanlýstri háttsemi sinni.

Eimskipafélag Íslands h/f krefur ákærða um bætur vegna skemmda, sem hann olli í nefndu innbroti. Hafi viðgerðarkostnaður numið kr. 430.80, og er það kröfufjárhæðin.

IV. Föstudaginn 5. desember 1980 kærði Baldvin Árnason, Miklubraut

68, Reykjavík, ákærða Valtý Ómar fyrir óheimila sölu á bifreiðinni R 50836 og svik í því sambandi. Kvaðst hann hafa kynnst ákærða seinni partinn í nóvember síðastliðnum í gegnum Finnboga Einarsson, þáverandi starfsmann sinn. Hafi Finnbogi þessi verið á einhverjum bílgarmi á þessum tíma, sem bilaði, og hafi ákærði þá boðist til að selja þeim Saab fólksbifreið fyrir góðan pening og með góðum greiðsluskilmálum. Kveðst Baldvin hafa keypt þessa Saab bifreið og greitt fyrir hana gkr. 1.000.000. Var kaupverðið greitt með 5 víxlum, hverjum að upphæð gkr. 100.000, gkr. 35.000 í peningum og gkr. 465.000 í vörum, sem Baldvin lét ákærða hafa. Voru það m. a. styttur og málverk, sem Baldvin hafði gert, svo og eftirprentanir.

Í skýrslu Baldvins fyrir rannsóknarlögreglu kemur enn fremur fram, að ákærði og Finnbogi hafi farið í söluferð með muni eða verk eftir Baldvin og hafi þá maður að nafni Sigurður Ragnar komið heim til Baldvins og spurt, hvernig á því stæði, að hann (Baldvin) væri eigandi að Saab bifreiðinni, þar sem hann (Sigurður Ragnar) væri skráður eigandi bifreiðarinnar og hafi hann ekki vitað um sölu hennar. Hafi hann tjáð Baldvin, að ákærði hefði selt bifreiðina án heimildar sinnar, en eiginkona sín hefði eitthvað kannast við ákærða og beðið hann að gera við bifreiðina. Hafi Sigurður Ragnar síðan tekið bifreiðina í sínar vörslur, en hún stóð þá við Höfðatún 10, Reykjavík.

Baldvin lagði fram ýmis gögn til stuðnings kæru sinni þ. á m. afsal fyrir nefndri bifreið, sem hann kvað ákærða hafa útfyllt og hann síðan ritað nafn sitt á sem kaupandi. Hafi hann ekki vitað annað en að hann væri að kaupa bifreiðina af ákærða sem eiganda hennar eða með fullu umboði.

Á umrætt afsal er skráð, að Sigurður R. Lúðvíksson selji hér með og afsali kæranda bifreiðinni. Enginn hefur hins vegar ritað nafn sitt undir afsal þetta sem seljandi.

Hjónin Sigurður Ragnar Lúðvíksson og Júlíana Karlsdóttir segjast hvorugt hafa gefið ákærða umboð til að selja bifreiðina. Hann hafi hins vegar fengið hana til viðgerðar, og sagði Júlíana, að ákærði hefði nefnt, að kauptilboð væri komið í bifreiðina, en hún hefði þá sagt honum, að hún vildi ekki ræða það, fyrr en hún hefði talað við Sigurð, en hann var þá á sjó.

Í rannsóknarlögregluskýrslu, sem tekin var af ákærða 10. desember 1980, segist hann hafa fengið títtnefnda bifreið til viðgerðar. Hann hafi átt að útvega Baldvin bifreið til kaups og séð, að þessi bifreið gæti komið til greina. Hann kvað Baldvin hafa greitt upp í kaupverð bifreiðarinnar með 5 víxlum, hverjum að upphæð gkr. 100.000, eftirprentunum að verðmæti alls gkr. 600.000 og styttum að verðmæti gkr. 140.000. Þá hafi Baldvin látið hann hafa gkr. 35.000 upp í kaupverðið. Tölur þessar eru í samræmi við reikninga, sem Baldvin lagði fram með kæru sinni. Ákærði kvaðst hafa skilað umræddum eftirprentunum og kostnaðarnótum, samtals að upphæð

um gkr. 500.000, þannig að eftir stæði skuld að upphæð um gkr. 775.000.

Ákærði kvað það rétt vera, að hann hefði ekki haft skriflegt umboð til sölu bifreiðarinnar, þegar hann gerði samningin við Baldvin, en það var 19. eða 20. nóvember, en hann kvaðst hafa talið, að bifreiðin yrði sér föl, þegar Sigurður, eigandi hennar, kæmi af sjónum. Ekki hefði það hins vegar reynst rétt, þegar til kom. Hann kvaðst hafa talað við Júlíönu og sagt henni, að hún ætti að selja bifreiðina, meðan hún snerist, og hafi hún þá sagt, að það hefði alltaf verið hennar vilji, en Sigurður tæki um það ákvörðun, þegar hann kæmi í land. Í framhaldi af þessu samtali hefði hann selt Baldvin bifreiðina.

Fyrir dómi kvað ákærði atvik skv. ákærulið þessum vera eitt rugl frá upphafi til enda. Neitaði hann því alfarið að hafa selt Baldvin umræddа bifreið. Hann kannaðist við að hafa útbúið afsalið, sem Baldvin ritaði nafn sitt á sem kaupandi. Var tilangurinn sá að hafa skjalið tilbúið, þegar eigandi bifreiðarinnar kæmi frá útlöndum. Hann vissi um áhuga Baldvins á að kaupa bifreiðina, en engar greiðslur hefði hann hins vegar móttekið upp í kaupverð hennar. Ákærði kvað eiganda bifreiðarinnar ekki hafa gefið sér leyfi til að selja hana, enda hefði hann aldrei rætt við hann um söluna. Hins vegar hefði eiginkona eigandans afhent ákærða bifreiðina til viðgerðar og þá nefnt, að þau vildu selja hana og yrði frá því gengið, þegar hann kæmi í land.

Ákærði kvað Baldvin hafa lánað sé gkr. 500.000 í víxlum til kaupa ákærða á bifreið. Var honum í framhaldi af þessu kynntur framburður hans fyrir lögreglu, þar sem ákærði segir, að Baldvin hafi greitt upp í kaupverð R 50836 með víxlum, eftirprentunum, peningum o. s. frv. Kvaðst ákærði hafa verið ruglaður á þessum tíma og væri það ekki í fyrsta sinn, að hann játaði á sig brot, sem hann væri saklaus af. Dró hann til baka framburð sinn fyrir lögreglu um þetta efni svo og framburð sinn þess efnis, að hann hefði notað greiðslu fyrir R 50836 til kaupa á annarri bifreið. Hann kvaðst hafa útbúið nefnt afsal með fyrirvara um samþykki Sigurðar R. Lúðvíkssonar, þegar hann kæmi í land. Hafi hann verið að fara í söluferð fyrir Baldvin og viljað hafa allt tilbúið, er Sigurður kæmi.

Þrátt fyrir margítrekaðar boðanir kom nefndur Baldvin aldrei fyrir dóm út af máli þessu, og er nú upplýst, að hann dvelur í Færeyjum.

Upplýst er í málinu, að ákærði hafði Saab bifreiðina R 50836 til viðgerðar. Um sömu mundir virðist hann hafa farið í ferðir út á land til að selja muni, verk og eftirprentanir, sem kærandi málsins, Baldvin Árnason, hafði gert. Var því fjármálalegt samband með þeim. Ákærði útbjó afsal vegna sölu bifreiðarinnar til Baldvins. Það var óundirritað af hálfu seljanda, og segist ákærði hafa útbúið afsalið til þess að hafa það tilbúið, er eigandi bifreiðarinnar kæmi af sjónum. Skýrslur þær, sem Baldvin gaf hjá rann-

sóknarlögreglu um sölu bifreiðarinnar R 50836 og sölustarf ákærða fyrir hann og uppgjör þeirra í því sambandi, eru ákaflega ruglingslegar sem og gögn þau, er Baldvin lagði fram.

Að þessu virtu þykir öldungis ósannað, að ákærði hafi dregið sér bifreiðina R 50836 og síðan selt hana nefndum Baldvin og þannig svikið fé út úr honum. Er hann því sýkn af þessum ákærulið.

V. Föstudaginn 5. desember 1980 kærði Halldór Guðnason, Tunguseli 1, Reykjavík til rannsóknarlögreglunnar þjófnað á seðlaveski sínu, sem í var m. a. ávísanahefti á Austurbæjarútibú Landsbanka Íslands, um gkr. 50.000 í peningum auk skilríkja. Kvaðst hann hafa farið á Hótel Borg miðvikudagskvöldið næsta á undan og hitt þar tvo menn, sem hann síðan bauð heim til sín. Ekki vissi hann þó nein deili á þeim. Ætlaði hann að bjóða þeim upp á áfengi og fór þess vegna út í verslun skammt frá heimili sínu til kaupa á gosdrykkjum til að blanda út í það. Mennirnir tveir hafi orðið eftir í íbúðinni, en þegar hann kom aftur, voru þeir farnir, og sá hann þá, að seðlaveski sitt með framangreindu innihaldi var horfið. Ekki vissi Halldór, hvað menn þessir hétu, og treysti sér ekki til þess að lýsa útliti þeirra.

Sama dag var ákærði handtekinn við áfengisverslunina á Lindargötu og færður í fangageymslu. Var hann með á sér gkr. 87.500, tvær Landsbankaávísanir, hvora um sig að upphæð gkr. 25.000, ávísanahefti frá Landsbanka Íslands, en í því voru eftir þrjár óútfylltar ávísanir, og sjúkrasamlagsskírteini Halldórs Guðnasonar, Tunguseli 1.

Í rannsóknarlögregluskýrslu kannast ákærði við að hafa stolið ávísanahefti Halldórs Guðnasonar, þar sem hann var þá staddur á heimili hans. Með sér hafi þá verið Sigurður Árnason, Bólstaðarhlíð 29, Reykjavík, en ekki hefði hann orðið var við, er ákærði tók heftið. Frá Halldóri kvaðst ákærði hafa farið til Baldvins Árnasonar, Miklubraut 68, og sofið þar um nóttina, en síðan farið með Baldvin inn í Kópavog morguninn eftir. Þeir hafi orðið viðskila, og hitti ákærði síðan Björn Einarsson. Var það um hádegisbilið. Sýndi hann Birni heftið og hafi þeir í framhaldi af því byrjað að selja ávísanir. Sagðist ákærði hafa skrifað á ávísanirnar, en Björn hafi síðan séð um að selja þær.

Ákærði hefur fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt að hafa falsað alla þá tékka, sem hér er ákært út af. Að því hann best minnti voru þeir notaðir, svo sem þar greinir.

Fyrir dómi vísaði ákærði alfarið í framburð sinn fyrir lögreglu og kvaðst ekkert muna eftir atvikum.

Fyrrnendur Björn Einarsson hefur í rannsóknarlögregluskýrslu borið, að hann hafi verið í slagtogi með ákærða á nefndum tíma og þá séð hann geta út ávísanir.

Með framburði ákærða og öðru því, sem hér hefur verið rakið, er ákæröi sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í þessum ákærulið, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Eftirtaldir hafa krafið ákærða um skaðabætur:

1. Bifreiðastöð Íslands h/f kr. 150.00 auk kostnaðar við innlausn tékkans. Engin gögn eru um þann kostnað. (Sjá V, 1).
2. Flugleiðir h/f kr. 650.00. (Sjá V, 2 og V, 3).
3. Olíufélagið Skeljungur h/f kr. 250.00 auk dráttarvaxta frá sýningardegi til greiðsludags. (Sjá V, 5 og V, 8).
4. Hans Petersen h/f kr. 600.00. (Sjá V, 6).
5. Málning og járnvörur h/f kr. 200.00. (Sjá V, 7).

VI. Aðfaranótt þriðjudagsins 23. júní 1981 var óskað aðstoðar lögreglunnar að Geymisvöllum við Háteigsveg í Reykjavík vegna skemmda á leigubifreiðinni R 2748. Lögreglumenn hittu þarna á staðnum eiganda bifreiðarinnar, Ægi Ómar Hraundal. Kvaðst hann hafa komið að húsinu vegna beiðni um akstur, en er hann sá, að ákæröi yrði farþegi, hafi hann spurt hann, hvort hann hefði peninga til að greiða fyrir aksturinn. Hafi ákæröi þá orðið reiður og sparkað í vinstra framaurbretti bifreiðarinnar, svo að það dældaðist.

Ákæröi kvaðst hafa verið mjög ölvaður á umræddum tíma. Hann mundi, að hann hefði átt í orðaskiptum við nefndan leigubílstjóra á umræddum stað, en ekki mundi hann, hvort hann hefði sparkað í frambrettið.

Fyrir dómi kvaðst ákæröi ekkert muna eftir þessu atviki. Hann sagðist kannast við Ægi Ómar Hraundal og væri hann ekki líklegur til að hafa sig fyrir rangri sök. Samþykkti ákæröi skaðabótakröfu Ægis að upphæð kr. 1.850.30.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að nefndur leigubílstjóri hafi krafist málshöfðunar út af atviki þessu, sem á undir 1. mgr. 257. gr. alm. hegningarlaga. Með tilvísun til 4. mgr. sömu lagagreinar er því þessum ákærulið vísað frá dómi.

Ákæra, dags. 16. september 1981.

Ákæröi Valtýr Ómar hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 67233 gegn rauðu umferðarljósi á gatnamótum Nóatúns og Laugavegar í Reykjavík, er hann ók suður Nóatún og beygði vestur Laugaveg föstudaginn 3. apríl 1981. Þar höfðu lögreglumenn af honum afskipti. Hins vegar kannaðist ákæröi ekki við að hafa verið sviptur ökuleyfi, þegar akstur þessi átti sér stað, en hann var þá með ökuskírteini meðferðis. Kvaðst hann ekkert muna eftir því, að skjalfest ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis hafi verið birt sér 31. desember 1980, en tilefni hennar var ætlaður ölvunar-

akstur ákærða 11. nóvember 1980. Er nafn ákærða handskrifað þar til staðfestingar birtingunni, og kvað hann undirskriftina geta verið sína. Á skjalið er ritað, að ökuskírteini sé ekki afhent.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður á þessum tíma, þ. e. 31. des. 1980.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31. desember 1980 með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. desember 1981.

Með viðurkenningu ákærða er sannað, að hann ók bifreiðinni R 67233 gegn rauðu ljósi í umrætt sinn, svo sem nánar greinir í ákæru. Þá þykir einnig sannað með vísan til formlegrar ákvörðunar um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis, sem birt var ákærða 31. desember 1980, sbr. og sakavottorð hans, að hann var enn sviptur ökuleyfi, þegar umræddur akstur átti sér stað. Ósannað er hins vegar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þennan, enda ekkert það komið fram í málinu, sem gefur tilefni til þess að gruna hann um slíkt. Er hann því sýknaður af þessu ákæruatriði, en að öðru leyti varðar framanlýst hegðun hans við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 69163 þrívegis að undangenginni áfengisneyslu. Fyrsta tilvikið átti sér stað 13. maí 1981, en þá ók hann bifreiðinni frá Brekkubraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, en akstrinum lauk með afskiptum lögreglu á Brekkustíg í Njarðvík. Annað tilvikið gerðist 13. júní 1981, en þá ók hann bifreiðinni frá Faxabraut í Keflavík áleiðis út í Hafnir, þar til akstrinum lauk með afskiptum lögreglu á mótum Suðurgötu og Skólavegar í Keflavík. Þriðja tilvikið varð 20. júlí 1981, en þá ók hann bifreiðinni nokkurn spöl upp úr moldarflagi utan vegar við afleggjara við Junkaragerði í Höfnum. Kvaðst hann hafa gangsett bifreiðina og ekið henni upp á þjóðveginn út að Reykjanesi, en jafnframt hafi bifreiðin verið dregin af annarri bifreið.

Magn alkóhóls í blóðsýnum, sem ákærða voru tekin í tilvikum þessum, mældist (í sömu röð og hér hefur verið rakið) 2.73 ‰, 2.04 ‰ og 2.54 ‰.

Ákærði var með ökuskírteini sitt meðferðis við aksturinn 13. maí og 13. júní, en síðarnefnda daginn var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglunni í Gullbringusýslu, sem þá mun ekki hafa vitað um bráðabirgðasviptinguna frá 31. desember 1980.

Með framburði ákærða er sannað, að hann hefur í öll nefnd skiptin ekið bifreið sinni, R 69163, undir áhrifum áfengis. Þá þykir og sannað með tilvísun til þess, sem rakið var í næsta lið hér á undan, að hann hefur í öllum tilvikunum verið ökuleyfissviptur. Samkvæmt þessu varðar greind háttsemi ákærða í öllum greinum við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Ákæra, dags. 23. mars 1982.

Ákærði Ólafur hefur fyrir lögreglu og dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt föstudagsins 5. júní 1981 farið um borð í m/b Gígju, RE 340, þar sem skipið lá í Njarðvíkurhöfn, og brotið þar upp hurðir og hirslur og stolið rafmagnsrakvél, kvikmyndasýningarvél og tveimur kvikmyndaspólum. Síðan hafi hann farið um borð í m/b Keflavíking, sem lá við hliðina á m/b Gígju og einnig þar brotið upp hurðir og hirslur og stolið sex glösum af morfíni og nokkrum sprautum úr lyfjakassa skipsins. Þá hefur Ólafur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 69163 frá Höfnum til Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins 7. júní 1981 verandi undir áhrifum áfengis.

Þessi brot Ólafs, sem þykja fullsönnuð, varða við lagaákvæði þau, er greinir í ákærunni.

Hvorugur ákærðu vildu upphaflega fyrir lögreglu og dómi kannast við að hafa stolið myndsegulbandstæki í m/b Ólafi Inga aðfaranótt sunnudagsins 7. júní 1981, þar sem báturinn lá í Njarðvíkurhöfn. Vísuðu báðir á hinn. Báðir kváðust hafa verið ölvaðir á þessum tíma.

Ákærði Ólafur sagði upphaflega, að hann og Valtýr Ómar hefðu tekið leigubíl úr Höfnum og látið aka sér niður á Njarðvíkurhöfn. Hafi þeir ætlað að sækja þýfið úr innbroti Ólafs í m/b Gígju, en hann hafði sett það um borð í m/b Ólaf Inga. Mun hann hafa verið háseti á báti þessum. Fóru þeir báðir um borð, og kvaðst Ólafur hafa farið fram í bátinn, en Valtýr Ómar aftur í. Leitaði hann að kvikmyndasýningarvélinni, en fann ekki. Hitti hann síðan Valtý Ómar aftur uppi á dekki, og var hann þá með gráan sjópoka meðferðis. Sagðist Ólafur hafa séð fatnað standa upp úr pokanum, en ekki vissi hann, hver átti hann. Setti Valtýr Ómar sjópokann í farangursgeymslu bifreiðarinnar, og héldu þeir síðan aftur að Sjónarhóli í Höfnum. Þar hafi Valtýr Ómar tekið myndsegulbandstæki upp úr pokanum, og sá Ólafur strax, að það var úr m/b Ólafi Inga. Hafi Valtýr Ómar hringt til Reykjavíkur og síðan sagt, að þeir ættu að hitta einhverja menn við Hótel Borg. Óku þeir síðan til Reykjavíkur og hittu þar tvo menn, sem Valtýr Ómar virtist þekkja og ræddi við. Fór svo, að annar mannanna tók við myndsegulbandstækinu og greiddi 500.00 kr. fyrir og eina flösku af vodka, 5 pela.

Ákærði Valtýr Ómar sagði upphaflega, að tilgangur fararinnar í m/b Ólaf Inga hafi verið að sækja óhrein föt, sem Ólafur átti þar. Sagðist hann hafa tekið sjópoka frá borði, sem innihélt framangreint, og lítinn poka, sem í voru stakkur og stígvél Ólafs. Sjálfur hafi Ólafur komið með einn sjópoka, en ekki vissi Valtýr Ómar, hvað í honum var. Síðan hafi þeir haldið aftur út í Hafnir og hafi Ólafur borið inn poka þann, sem hann tók frá borði. Ólafur hefði síðan opnað pokann, og sagðist Valtýr Ómar þá fyrst hafa séð, að í honum var myndsegulbandstæki. Hafi hann alls

ekki vitað um tækið fyrr en þarna. Héldu þeir síðan til Reykjavíkur og þar hafi Ólafur selt tveim mönnum, sem Valtýr Ómar kannaðist við, tækið.

Ákærði Valtýr Ómar kom fyrir dóm vegna máls þessa 15. apríl sl. og Ólafur 31. júlí sl. Héldu báðir fast við framburði sína hjá lögreglu og neituðu sakargiftum. Sagði Valtýr Ómar, að Ólafur hefði farið um borð, en hann beðið í bifreiðinni. Hafi Ólafur síðan kallað á hann og beðið hann um aðstoð við að koma dóti hans frá borði. Var það í tveim eða þrem svörtum plastpokum nema stakkur Ólafs og stígvél, sem bundið var saman í einn pinkil. Sagðist Valtýr Ómar ekki hafa vitað það þarna, að myndsegulbandstæki væri þarna innan um. Hann sagði og, að hann hefði ekkert farið um borð í m/b Ólaf Inga nema stundarkorn, þegar hann aðstoðaði Ólaf við að koma dóti hans í land. Hafi hann ekkert farið niður í skipið, heldur einungis framundir hvalbak.

Ólafur sagði hins vegar, að Valtýr Ómar hefði stolið myndsegulbandstækinu og hafi hann ekkert um það vitað, fyrr en þeir voru komnir út í Hafnir aftur. Hafi hann heimtað, að Valtýr Ómar skilað því, en hann hafi þá hótað að drepa hann.

Báðir ákærðu mættu í dóminum 7. okróber sl. til samprófunar. Sagði Ólafur þá, að Valtýr Ómar hefði farið aftur í m/b Ólaf Inga og komið þaðan með gráan poka, sem myndsegulbandstækið reyndist síðan vera í. Þessu mótmælti Valtýr Ómar og kvaðst hafa farið aftur í borðsal bátsins til aðstoðar Ólafi við að koma dóti hans frá borði. Aðspurður um, hvenær hann myndi fyrst eftir myndsegulbandstækinu, kvað hann það væntanlega hafa verið í borðsal skipsins.

Ákærðu var í framhaldi af þessu lesin skýrsla Sigurðar Hilmarssonar leigubílstjóra, sem rakin verður hér á eftir. Sagði Valtýr Ómar atburðarásina hafa verið þá, að þeir hafi fyrst farið fram í skipið. Þar hafi Ólafur tekið saman föggur sínar og dót og Valtýr Ómar tekið á móti því í stigaopinu. Síðan fóru þeir báðir aftur í skipið, tóku þar myndsegulbandstækið og settu í gráan poka. Að þessu loknu héldu þeir frá borði. Ólafur kvað þennan framburð Valtýs Ómars ekki réttan. Sagðist hann ekkert hafa farið aftur í skipið og hélt sig fast við þetta atriði. Hafi hann ekkert af myndsegulbandstækinu vitað fyrr en í eldhúsinu í Sjónarhóli í Höfnum. Hann kvaðst hafa tekið á móti gráa sjópokanum á bryggjunni úr höndum Valtýs Ómars. Fannst honum pokinn þungur, en velti því ekkert frekar fyrir sér.

Sigurður Hilmarsson leigubílstjóri ók ákærðu í umrætt sinn. Hann kvað þá báða hafa farið um borð í m/b Ólaf Inga, dvalið þar alllanga stund, en komið aftur með gráleitan sjópoka fullan af einhvers konar varningi. Upp úr pokanum hafi staðið eitthvað af fötum. Hafi pokinn verið settur í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kvað ákærðu fyrst hafa farið fram í lúkar skipsins, en síðan aftur í skipið stjórnborðsmeginn og hafi ákærðu dvalið

þar mestan hluta þess tíma, sem þeir voru um borð í bátnum. Hann kvað ákærðu einungis hafa komið með þennan eina poka frá borði og hefði myndsegulbandstæki vel geta rúmast í honum.

Valtýr Ómar hefur viðurkennt sök sína samkvæmt þessum ákærulið, en Ólafur staðfastlega neitað henni. Með framburði Valtýs Ómars og vitnisins Sigurðar Hilmarssonar þykir samt sem áður sannað, að hann eigi einnig sök á þjófnaði þessum. Hafa þeir þar með brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákæra, dags. 23. ágúst 1982.

Ákærði Valtýr Ómar hefur viðurkennt að hafa falsað tékka að fjárhæð gkr. 225.000 þ. 5. desember 1980 og ritað nafnið Halldór Guðmundsson sem útgefanda. Reikningsnúmer tékkans er sagt 6218, og eyðublaðið er nr. 5029670 frá Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. Er því hér um eyðublað úr sama hefti og greinir í V. lið ákærunnar frá 18. ágúst 1981 að ræða. Ákærði afhenti samferðamanni sínum, Birni Einarssyni, tékka þennan, en þeir voru þá staddir á Akranesi. Greiddi hann með honum afnotagjald síma konu nokkurrar, sem þeir heimsóttu þar á staðnum.

Með þessari háttsemi sinni, sem rétt er lýst í ákærunni, hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Póstur og sími, Akranesi, hefur sett fram bótakröfu að upphæð kr. 2.250.

Valtýr Ómar, sem fæddur er 20. nóvember 1938 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1957 16/10 í Reykjavík: Sátt, 50. kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1957 5/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1957 10/12 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. og 27. gr. bifreiðalaga.
1958 7/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 17/3 í Reykjavík: Dómur: 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði, fyrir brot á umferðarlögum og 23. og 27., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.
1961 9/19 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1961 9/11 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum 73/1952.
1961 22/11 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1962 3/4 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1962 27/4 í Kópavogi: Áminning fyrir vanrækslu á að tilkynna eigendaskipti bifreiðar.
1962 13/12 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
1963 30/3 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 17/8 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á. 18. og 19. gr. umferðarlaga.

1963 10/10 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 261. gr. hegningarlaga.

1964 24/4 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 65. gr. umferðarlaga og reglum um umferðarmerki.

1965 20/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1966 1/4 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 15 mánuðir, skilorðsbundnið í 5 ár, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

1966 4/10 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.

1967 15/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1967 28/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.

1968 8/1 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

1968 6/2 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

1971 20/6 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislanga.

1971 31/8 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1971 15/12 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 11/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1975 15/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1975 11/2 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1976 25/3 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244., 247. og 248. gr. hegningarlaga.

1976 29/7 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 245. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1977 23/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningalaga.

1977 16/6 í Reykjavík: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 16/6 1977.

1978 14/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 248. gr. hegningarlaga.

1978 10/7 í Reykjavík: Dómur: Ákæru fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga vísað frá dómi.

1978 10/10 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

1979 5/1 í Austur-Skaftafellssýslu: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 5/1 1978.

1980 1/2 í Austur-Skaftafellssýslu: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 246. gr. hegningarlaga.

1979 1/4 í Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 9. gr. lögreglusamþykktar Austur-Skaftafellssýslu.

1979 22/10 í Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 9. gr. lögreglusamþykktar Austur-Skaftafellssýslu.

1981 16/12 í Reykjavík: Dómur: 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/12 1980.

Ólafur, fæddur 27. október 1952 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1981 18/5 í Keflavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 66. gr. tolllaga.

1981 19/6 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 9 mánuði frá 19/6 1981.-

1981 12/8 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Fresta skal fullnustu á helmingi refsivistar þessarar, og fellur hún niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði alm. skilorð. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald hans í 2 daga.

1981 14/12 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar beggja ákærðu er litið til 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga svo og 72. gr. sömu laga að því er varðar Valtý Ómar.

Refsing ákærða Valtýs Ómars þykir hæfilega ákveðin tólf mánaða fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans í 17 daga.

Refsing ákærða Ólafs þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi (hegningarauki).

Ákærði Valtýr Ómar er þegar sviptur ökuleyfi ævilangt, og verður honum því eigi gerð frekari svipting.

Ákærði Ólafur gerðist sekur um framanlýsta ölvun við akstur, áður en dómssáttin 19. júní 1981 var gerð. Samkvæmt þessu og með tilvísan til 81. gr. umferðarlaga skal hann nú sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði Valtýr Ómar hefur samþykkt framkomnar skaðabótakröfur, og eru þær teknar til greina í þeim tilvikum, þar sem hann er sakfelldur.

Ákærði Valtýr Ómar greiði einn allan sakarkostnaðinn vegna brotanna, sem varða hann einan, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.000, en annan sakarkostnað greiði báðir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Valtýr Ómar Guðjónsson sæti fangelsi í tólf mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald hans í 17 daga.

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi í tvo mánuði (hegningarauki).

Ákærði Ólafur skal sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá dómsbirtingunni.

Ákærði Valtýr Ómar greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Versluninni Leðri og loðskinnum kr. 243.00.
2. Olíufélaginu h/f kr. 127.25.
3. Söluturninum Vesturgötu 27, Reykjavík, kr. 232.00.
4. Sentral s/f kr. 1.197.25.
5. Pylsuvagninum, Austurstræti, Reykjavík, kr. 150.00.
6. Söluturninum Laugavegi 92, Reykjavík, kr. 493.87.
7. Eimskipafélagi Íslands h/f kr. 430.80.
8. Bifreiðastöð Íslands h/f kr. 150.00.
9. Flugleiðum h/f kr. 650.00.
10. Olíufélaginu Skeljungi h/f kr. 250.00 auk 4.75% mánaðarvaxta frá 1. júní 1981 til 20. apríl 1982, 4.0% mánaðarvaxta frá 21. apríl 1982 til 31. okt. 1982 og 5% mánaðarvaxta frá 1. nóv. 1982 til greiðsludags.
11. Hans Petersen h/f kr. 600.00.
12. Málningu og járnvörum h/f kr. 200.00.
13. Pósti og síma, Akranesi, kr. 2.250.00.

Ákærði Valtýr Ómar greiði einn allan sakarkostnaðinn vegna þeirra brota, sem varða hann einan. Hann greiði og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.000, en annan kostnað sakarinnar greiði báðir ákærðu in solidum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1983.

Nr.127/1981. **Jón Oddsson**
(sjálfur)
gegn
Ríkharði J. Björgvinssyni
og Ríkharð J. Björgvinsson
(Valgeir Kristinsson hdl.)
gegn
Jóhannesi Sveinbjörnssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)
og Jóni Oddssyni.

Fasteignasala. Umboð. Krafa um ógildingu kaupsamnings. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að krafa gagnafrýjanda verði lækkuð verulega og falli þá málskostnaður niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. ágúst 1981. Hann gerir þessar dómkröfur:

„Aðalkrafa.

Að stefndi Jóhannes Sveinbjörnsson verði dæmdur til að þola riftun á kaupsamningi og afsali, dags. 29. des. 1978, um sölu íbúðar á 2. hæð D í húsinu Æsufelli 6, Reykjavík.

1. varakrafa.

Aðaláfrýjandi Jóni Oddssyni og stefnda Jóhannesi Sveinbjörnssyni verði in solidum gert að greiða kr. 40.000.00 til gagnáfrýjanda með 19% ársvöxtum frá 29. des. 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, með 27% ársvöxtum frá

þeim degi til 6. mars 1980, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sept. 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. okt. 1983, en með hæstu innlánsvöxtum, nú 36% p.a., frá þeim degi til greiðsludags.— Krafist er málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda og stefnda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti hvort heldur aðal- eða varakrafa er tekin til greina.

2. varakrafa.

Sama og 1. varakrafa, en beinist að aðaláfrýjanda, Jóni Oddssyni einum.—

3. varakrafa.

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður gagnvart stefnda Jóhannesi verði felldur niður fyrir báðum dómum.—"

Stefndi Jóhannes Sveinbjörnsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er sig varðar og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Auk atriða þeirra, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi, er þess að geta, að hinn 29. desember 1978 gaf Þorgeir Yngvason gagnáfrýjanda afsal fyrir umræddri íbúð. Þá tilkynnti gagnáfrýjandi stefnda Jóhannesi 14. mars 1979, að hann rifti kaupunum.

Fallast má á það með héraðsdómara, að gagnáfrýjanda, stefnanda málsins í héraði, hafi verið heimil málssókn með þeim hætti, sem hér var á hafður. Einnig má fallast á, að kröfur gagnáfrýjanda hafi ekki verið fallnar niður fyrir tómlæti.

Gagnáfrýjandi krefst þess nú aðallega, að stefndi Jóhannes verði dæmdur til að þola riftun á kaupsamningnum um íbúðina og afsalinu fyrir henni, en til vara krefst hann skaðabóta. Byggir gagnáfrýjandi þessar kröfur á sömu málsástæðum og fyrri kröfu sína um ógildinu á kaupsamningnum. Héraðsdómarinn tók afstöðu til þessara málsástæðna og hafnaði þeim. Ber að staðfesta þá úrlausn. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti milli þessara aðilja, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Í bréfi því, sem aðaláfrýjandi ritaði gagnáfrýjanda 30. nóvember 1978, taldi hann sennilegt, að hægt yrði að selja íbúðina fyrir rúmar 15 milljónir króna. Mátti gagnáfrýjandi ætla, er hann veitti aðaláfrýjanda heimild til að selja íbúðina og gaf honum skriflegt umboð í því skyni, að við þá fjárhæð yrði söluverðið miðað. Að mati hinna dómkvöddu matsmanna hefði söluverð íbúðarinnar verið 16 milljónir króna miðað við eðlilegar aðstæður og með greiðslukjörum, sem sambærileg eru við sölu íbúðarinnar 29. desember 1978. Hefur því mati ekki verið hnekkt. Samkvæmt þessu var aðaláfrýjanda ekki rétt að ganga út frá því, að honum væri heimilt að selja umrædda íbúð á því verði, sem raun varð á, nema að leita til þess samþykkis gagnáfrýjanda. Ósannað er hins vegar, að gagnáfrýjandi hafi gefið slíkt samþykki. Hefur aðaláfrýjandi þannig bakað sér bótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda. Við ákvörðun bóta ber að hafa í huga, að vegna greiðsluörðugleika gagnáfrýjanda og þröngra tímamarka var lítið svigrúm til að ná hagstæðu söluverði. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af greiðsluháttum í fasteignakaupum þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda 2.000.000 gamlar krónur, þ. e. 20.000.00 nýjar krónur, ásamt vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Sveinbjörnsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ríkharðs J. Björgvinssonar. Málskostnaður milli þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Aðaláfrýjandi, Jón Oddsson, greiði gagnáfrýjanda, Ríkharði J. Björgvinssyni, 20.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 29. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. septem-

ber 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og 20.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 4. maí sl., höfðaði Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, f. h. Ríkharðs J. Björgvinssonar, Flúðaseli 12, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. febrúar 1980, gegn Jóhannesi Sveinbjörnssyni, Æsufelli 6, Reykjavík, og Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, Sólvallagötu 29, Reykjavík.

Samkvæmt stefnu eru dómkröfur stefnanda aðallega, að sala íbúðar á 2. hæð D í húsinu Æsufelli 6, Reykjavík, skv. kaupsamningi og afsali, dags. 29. desember 1978, verði dæmd ógild, en til vara, að stefndu verði in solidum gert að greiða kr. 4.000.000 með 19% ársvöxtum frá 29. desember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en þó eigi lægri vöxtum en dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð stefnanda er sett fram þrautavarakrafa á þá leið, að bótakröfunni er beint að stefnda Jóni einum.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda þessar: Aðalkrafa, að sala íbúðar á 2. hæð D í húsinu Æsufelli 6, Reykjavík, samkvæmt kaupsamningi stefnanda og stefnda Jóhannesar, dags. 29. desember 1978, og afsali, dags. sama dag, verði dæmd ógild og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað að skaðlausu. 1. varakrafa, að stefndu verði in solidum gert að greiða nýkr. 40.000.00 með 19% ársvöxtum frá 29. desember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu. 2. varakrafa, að stefnda Jóni verði gert að greiða allar fjárhæðir skv. 1. varakröfu, en málskostnaður gagnvart stefnda Jóhannesi falli niður.

Stefndi Jóhannes krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda Jóhannesi málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi Jón krefst sýknu af aðalkröfu og varakröfum stefnanda og að

stefnanda verði gert að greiða stefnda Jóni málskostnað að mati dómsins skv. gjaldskrá LMFÍ. Tekið er fram, að við mat á málskostnaði beri að hafa í huga mikla vinn við mál þetta og ástæðna, er gefi tilefni til refsimálskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er gerð sú krafa, verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda Jóns, að aðeins verði fallist á lítinn hluta krafna stefnanda og þær stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður. Vöxtum er sérstaklega mótmælt sem of háum og kröfugerð stefnanda um upphafstíma vaxta mótmælt, enda hafi vaxtakrafa eigi verið kynnt fyrr en við málssókn þessa.

Við munnlegan málflutning krafðist stefndi Jón sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins. Til vara gerði stefndi Jón þá dómkröfu, verði ekki fallist á sýknukröfu hans, þá verði aðeins fallist á lítinn hluta krafna stefnanda, þær stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Lögmaðurinn mótmælti sérstaklega tilgreindri fjárhæð 2. varakröfu stefnanda, þar sem sú krafa hafi ekki fyrr verið sett fram með ákveðinni fjárhæð, og mótmælti því, að þessi fjárhæð fengi komist að.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Upphaflega krafðist stefndi Jón frávísunar málsins, og hinn 18. nóvember sl. var kveðinn upp frávísunardómur. Sá dómur var kærður til Hæstaréttar, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 13. janúar sl., var frávísunardómurinn úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

II.

Málavextir virðast vera þeir, að með kaupsamningi, dags. 27.október 1977, keypti stefnandi 5 herbergja íbúð á 2. hæð D í fjölbýlishúsinu Æsufelli 6, Reykjavík, af Þorgeiri Yngvasyni á kr. 12.000.000. Samkvæmt kaupsamningnum bar stefnanda að greiða við samþykkt kauptilboðs kr. 2.000.000, 27. desember 1977 kr. 2.000.000, 1. maí 1978 kr. 500.000, 10. júlí 1978 kr. 1.000.000 og 5. október 1978 kr. 2.000.000. Þar að auki tók stefnandi að sér áhvílandi skuldir á 1., 2. og 3. veðrétti, samtals að fjárhæð kr. 1.623.630, og gaf út tvö veðskuldabréf, annað að fjárhæð kr. 1.438.185 til 6 ára og hitt að fjárhæð kr. 1.438.185 til 8 ára með 13% ársvöxtum.

Stefnandi stóð ekki í skilum með greiðslu, sem fram átti að fara 1. maí 1978, kr. 500.000, og ekki heldur með síðari greiðslur. Hinn 20. október 1978 ritaði lögmaður Þorgeirs Yngvasonar stefnanda svohljóðandi bréf:

„Hinn 27. október 1977 gerðuð þér samning við Þorgeir Yngvason, Reynihvammi 16, Kópavogi, um kaup á fimm herbergja íbúð, sem merkt er D, á 2. hæð í húsinu nr. 6 við Æsufell, hér í borg.

Á þessum kaupsamningi hafa þegar af yðar hálfu orðið stórkostlegar vanefndir, svo sem nánar kemur fram í ábyrgðar- og hraðbréfi, er ég ritaði yður hinn 9. þessa mánaðar, og beiðni umbj. m., seljanda íbúðarinnar.

Auk þess, er fram kemur í nefndu bréfi, er komið í ljós, að þér hafið ekki staðið í skilum með greiðslur vaxta og afborgana af veðskuldum, er hvíla á íbúðinni og þér tókuð að yður samkvæmt nefndum kaupsamningi að inna af hendi. Hefir íbúðin verið auglýst til sölu á nauðungaruppboði, bæði að kröfu Veðdeildar Landsbanka Íslands og Iðnaðarbanka Íslands, og mun uppboð fara fram í þessum eða næsta mánuði, verði ekki að gert.

Á tveim viðræðufundum, sem við höfum átt um þetta mál, hefir komið fram, að þér teljið yður ekki mögulegt að koma framangreindum vanskilum nú þegar í lag, og ekki verður séð, að þér óskið frekari samninga um málið, þar eð þér mættuð ekki á þriðja fundi okkar, sem ákveðinn hafði verið síðastliðinn þriðjudag, og ekkert hefir síðan heyrst frá yður.

Hefir umbj. m. nú falið mér að tilkynna yður, að hann rifti framangreindum kaupsamningi við yður vegna hinna stórkostlegu vanefnda yðar, sem að ofan greinir, og tilkynni ég yður hér með riftun þessa.

Ég vænti þess, að þér rýmið húsnæðið sem fyrst og eigi síðar en 1. nóvember n. k.

Jafnframt býð ég fram greiðslu á þeirri fjárhæð, sem þér þegar hafið greitt upp í kaupverðið, að frádregnum bótum til umbj. m. vegna vanefnda yðar."

Eftir þetta mun stefnandi hafa leitað til stefnda Jóns, og samkvæmt dskj. 6 mun stefndi Jón hafa farið þess á leit í nóvember 1978, að fallið yrði frá riftun þessari. Seljandi íbúðarinnar mun hafa verið fús til þess, ef vanskilaskuldin yrði greidd, en þegar til átti að taka, mun stefnandi ekki hafa getað innt skuldina af hendi og vildi heldur, að riftunin kæmi til framkvæmda.

Hinn 30. nóvember 1978 ritaði stefndi Jón stefnanda svohljóðandi bréf, dskj. 5:

„Í framhaldi af viðræðum okkar hefi ég verið á fundi hjá Jóni Bjarnasyni, hrl., og átt nokkrar viðræður við hann.

Þykir mér útkoman ekki góð, ef farið verður í riftun.

Samkvæmt því, sem gagnaðili mun væntanlega gera kröfur til, mun dæmið væntanlega líta svona út:

Innborgað kr. 4.000.000.00. Frá dregst a) kr. 600.000.00 lán að viðbættum vöxtum (vaxtaaukalánsvextir), b) sölulaun krónur 240.000.00, c) mjög mikill kostnaður samkvæmt reikningi frá Jóni Bjarnasyni, hrl., þ. á m. vegna innheimtu-, riftunar- og mótakostnaðar við frestun á uppboðum, d) húsaleiga allan tímann, e) vextir og dráttarvextir og hluti gjaldfallinna afborgana.

Til góða koma væntanlega greiðslur af innborguðu fé, nettóandvirði. Ég er bara hræddur um, að þetta kunni að fara mest í sjálft sig.

Ráðlegg ég þér eindregið að athuga málið betur í samráði við þitt fólk. Sennilega væri nú hægt að selja íbúðina á rúmar 15 milljónir."

Hinn 5. desember 1978 undirrituðu Þorgeir Yngvason og stefnandi samkomulag um riftun íbúðarkaupanna, dskj. 6, en í því dómskjali segir m. a.:

„Samkvæmt framangreindu er því umræddum kaupsamningi um íbúð seljanda í húsinu nr. 6 við Æsufell hér í borg rift vegna framangreindra vanefnda kaupanda á greiðslu kaupverðs, og er riftunin í einu og öllu samþykkt af kaupanda, og sættir hann sig algerlega við hana.

Í sambandi við skipti aðila varðandi íbúðina og skaðabætur o. fl. til seljanda vegna vanefndanna hefir orðið samkomulag um eftirfarandi:

1. Kaupandi fékk á sínum tíma heimild til þess að veðsetja íbúðina, og hefir hann þegar stofnað til veðskuldar við Búnaðarbanka Íslands, vaxtaaukaláns, að fjárhæð kr. 500.000. Það lán er nú í vanskilum. Lánsfjárhæð þessi ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði, er af vanskilum lánsins leiðir, svo og vöxtum til síðargreinds uppgjörsdags skal dragast frá innborguðu fé, sem kaupandi hefir greitt vegna kaupsamningsins. Lögmaður seljanda skal athuga, hvort um fremari (sic) veðbindingar íbúðarinnar af hálfu kaupanda hafi verið að ræða, og fer þá um slíkar á sama hátt og hér greinir að framan. Sérhver heimild kaupanda til veðbindingar íbúðarinnar verður afturkölluð nú þegar. Kostnaður við þetta starf lögmannsins skal einnig dreginn frá innborguðu fé.

2. Með kaupsamningnum tók kaupandi að sér greiðslu eftirstöðva áhvílandi veðskulda við Veðdeild Landsbanka Íslands, við Iðnaðarbanka Íslands h.f. og við handhafa. Öll eru veðlán þessi nú í vanskilum, og hefir verið beðið um uppboð á íbúðinni vegna tveggja fyrstgreindu lánanna og íbúðin verið auglýst til uppboðs.

Alla dráttarvexti vegna vanskila á lánum þessum til síðargreinds uppgjörsdags skal draga frá innborguðu fé kaupanda. Sama er um allan innheimtukostnað og uppboðskostnað af lánunum svo og kostnað lögmanns seljanda vegna uppboðsins og við frágang lögmannsins við að koma vanskilunum í lag og fá uppboðið fellt niður.

3. Hinn 26. september 1978 lét Útvegsbanki Íslands þinglesa fjárnámi í eigninni vegna skuldar kaupanda, en skuld þessi er seljanda með öllu óviðkomandi. Kaupandi viðurkennir skuld þessa rétta og til þess að losna við málaferli við að fá fjárnámið afmáð af eigninni, samþykkir kaupandi, að fjárhæðin, kr. 192.000, verði ásamt öllum vöxtum og kostnaði, þar með kostnaði lögmanns seljanda við að ganga frá greiðslu og láta afmá veðbandið, dragist frá innborguðu fé á uppgjörsdegi.

4. Á síðargreindum uppgjörsdegi skal kannað, hvort kaupandi standi

þá í skuld við hússjóð eigenda allrar fasteignarinnar, og ef svo reynist, skal sú fjárhæð einnig dregin frá innborguðu fé.

5. Á síðargreindum uppgjörsdegi skal kannað, hvort kaupandi hafi valdið skemmdum á íbúðinni eða sameigninni eða eignin hafi rýrnað að öðru leyti en því, sem telja verður eðlilegt slit vegna venjulegra nota það tímabil, sem kaupandi dvelur og hefir dvalið í íbúðinni. Reynist svo vera, skal það einnig dregið frá innborguðu fé. Verði ekki samkomulag um fjárhæð, skal tjónið metið af 2 dómkvöddum matsmönnum samkvæmt venjulegum reglum.

6. Loks skal á uppgjörsdegi draga frá skaðabætur til seljanda vegna vanefnda kaupanda, og eru aðilar sammála um það, að þær séu hæfilega metnar kr. 2.250.000 — tvær milljónir tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur —.

Er þá haft m. a. í huga, að seljandi greiddi sölulaun af íbúðinni, að hann hefir orðið fyrir afnotamissi hennar, sem samtals ber að reikna a. m. k. eitt og hálft ár, að hann hefir orðið fyrir nokkrum álits- og lánstraustsspjöllum við það, að öll veðlán eignarinnar fóru í vanskil og að eignin hefir verið auglýst til uppboðs, svo og það, að talsverður lögfræðikostnaður er þegar fallinn á í sambandi við mál þetta, í upphafi við innheimtutilraunir á vanskilaskuld kaupanda, síðan við riftunina, þá tilraunir til samkomulags, að ósk lögmanns kaupanda, og loks vinna við lyktir riftunarmálsins.

Vegna sérstakrar óskar kaupanda samþykkir seljandi, að í sambandi við riftunina þurfi kaupandi ekki að fara úr íbúðinni fyrr en hinn 28. febrúar 1979, enda hefir í sambandi við ákvörðun bóta vegna afnotamissis íbúðarinnar verið miðað við þennan tíma, eins og vikið er að hér að framan.

Skuldbindur kaupandi sig til þess að fara úr íbúðinni eigi síðar en þann dag.

Þann dag skal uppgjör fara fram milli aðila, og er þetta sá dagur, sem vikið hefir verið að sem „síðargreindum uppgjörsdegi."

Aðilar eru sammála um það, að kaupandi hafi alls greitt til seljanda kr. 4.072.000 — fjórar milljónir sjötíu og tvö þúsund krónur — og dragast því frá þeirri fjárhæð allt, sem fram kemur í framangreindum liðum.

Mismun þessara fjárhæða greiðir seljandi kaupanda þennan sama dag, 28. febrúar 1979, ásamt innlánsvöxtum banka frá 1. júní 1978 að telja til greiðsludags, en aðilar eru sammála um það, að síðasta innborgun frá kaupanda hafi farið fram í maí 1978."

Á dskj. 24, sem er greinargerð stefnda Jóns í matsmáli nr. 17/1979, kemur fram, að stefndi Jón hafi verið mjög óánægður með riftunina f. h. stefnanda. Síðan hafi það gerst, að stefndi Jóhannes hafi komið á skrifstofu stefnda Jóns og falast eftir íbúð í Reykjavík og hafi hann jafnframt viljað

selja íbúð í Hafnarfirði. Stefndi Jón hafi þá fengið leyfi lögmanns Þorgeirs Yngvasonar milli jóla og nýjárs, til þess að stefndi Jóhannes fengi að skoða íbúðina sem væntanlegur kaupandi. Stefndi Jóhannes hafi gert tilboð í eignina og boðið fram verulega háa útborgun strax. Stefnandi hafi talið þetta mun betri lausn sinna mála, m. a. með tilliti til hagsmuna varðandi álagningu opinberra gjalda, en hann hafi verið í miklum vandræðum varðandi skattamál sín.

Hinn 29. desember 1978 undirrituðu stefnandi og eiginkona stefnanda svohljóðandi umboð:

„Ég undirritaður, Ríkharður Júlíus Björgvinsson, Æsufelli 6, Reykjavík, veiti hér með Jóni Oddssyni, hrl., Garðastræti 2, Reykjavík, fullt og ótakmarkað umboð til þess að ganga frá uppgjöri fyrir mína hönd við Jón Bjarnason, hrl., vegna Þorgeirs Yngvasonar vegna kaupa minna af honum á íbúð við Æsufell nr. 6 í Reykjavðk, og jafnframt veiti ég honum fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá sölu á sömu íbúð, þ. e. að nr. 6 við Æsufell í Reykjavík, áður þingl. á áðurnefndan Þorgeir Yngvason til Jóhannesar Sveinbjörnssonar, Hjallabraut 2, Hafnarfirði, og nær umboð hans til að undirrita fyrir mína hönd öll skjöl, þar með talin afsöl vegna ofangreinds. Þessu til staðfestu rita ég nafn mitt hér undir í votta viðurvist ásamt eiginkonu minni."

Á dskj. 7 er uppgjör, dags. 29. desember 1978, undirritað af stefnanda og Þorgeiri Yngvasyni. Uppgjör þetta er svohljóðandi:

„Uppgjör vegna íbúðar merktrar D á 2. hæð í Æsufelli 6, Rvk.

Skv. tölulið 3 kaupsamn.	kr.	500.000	+ drv.	120.000 =	620.000
Skv. tölulið 4 kaupsamn.	kr.	1.000.000	+ drv.	180.000 =	1.180.000
Skv. tölulið 5 kaupsamn.	kr.	2.000.000	+ drv.	180.000 =	2.180.000
Greiðsla 10/7 tölul. kaupsamn.	kr.	150.000	+ drv.	27.000 =	177.000
Greiðsla 5/10 tölul. 3, 4, 5	kr.	150.000	+ drv.	13.500 =	163.500
				Kr.	4.320.500
Innheimtulaun				—	258.025
				Kr.	4.578.525
Greidd gjaldf. skuld Samvinnub. Ísl. h.f.				—	165.508
Dráttarvextir af sama				—	4.965
Gjaldf. greiðsla eftirstöðva 1/11 '78				—	808.979
Dráttarvextir af sama pr. 30. des.				—	48.539
Innheimtulaun				—	84.876
Útbúið afsal íbúðar				—	47.000
Útbúið veðskuldabréf kaupanda 2.083.000				—	17.249
Stimpilgjald veðskuldabréfs				—	37.500

Þinglestur m/ athugas. kr. 2.000 ..... kr. 39.500
Samkomulag er um, að vextir falli niður gagnkvæmt af veðskuldum áhvílandi svo og önnur fasteignagjöld

Samtals kr. 5.795.142"

Á dskj. 8 er kaupsamningur á milli stefnanda sem seljanda og stefnda Jóhannesar sem kaupanda, dags. 29. desember 1978, undirritaður af stefnda Jóhannesi og stefnda Jóni f. h. stefnanda e. u. Í kaupsamningi þessum segir m. a.:

„Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa neðanskráða eign seljanda: Það er 5 herbergja íbúð á 2. hæð D í húsinu nr. 6 við Æsufell í Reykjavík ásamt hlutdeild í tilheyrandi leigulóðarréttindum. Bílskúrsréttur fylgir íbúðinni. Nánar tiltekið hér er um að ræða 3 svefnherbergi, 1 — 2 stofur, vinnuherbergi, eldhús, bað, skála og svalir, allt á sömu hæð, ásamt sér geymslu í kjallara og sér frystihólfi í kjallara, merkt íbúðinni, svo og í kjallara hlutdeild í sameiginlegu þvottahúsi, barnavagna- og reiðhjólageymslu, 12 einstaklingsherbergjum o. fl., ásamt öllu sameiginlegu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu. Tilsniðin gólfteppi, sem eru á íbúðinni, skulu fylgja.

Eignarhluti þessi er talinn vera 0,677% af Æsufelli 2 — 6 í Reykjavík, en 2,975% af nr. 6 við Æsufell í Reykjavík.

Kaupandi hefir kynnt sér ástand eignarinnar með skoðun og sætt sig við það að öllu leyti og hefir ekkert við það að athuga.

Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 12.000.000.00 — krónur tólf milljónir 00/100 — og greiðist það svo sem hér segir:

1. Við undirskrift kaupsamnings greiðir kaupandi sbr. uppgjör við Jón Bjarnason, hrl., og Jón Oddsson, hrl. ..... kr. 6.694.816.00

2. Greiðir vanskilaskuld við Búnaðarbanka Íslands, þ. e. afborgun og vexti af vaxtaaukaláni sbr. veðbréf dags. 6. 4. 1978, upphafl. kr. 500.000.00 veðtryggt í hinni seldu eign með 4ða veðrétti. Greiðsla fari fram fyrir 15. janúar 1979, ca ..... — 230.000.00

3. Hinn 22. febrúar 1979 greiðir kaupandi í peningum til seljanda þannig: Þar sem hin selda eign er á nauðungaruppboði 27. febrúar 1979 vegna kröfu þriggja aðila þ. e. Iðnaðarbanka Íslands, Veðdeildar Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands gerir kaup-

andi upp við þá aðila og kostnað þ. á m. umboðskostnað og greiðir síðan til Jóns Oddssonar, hrl., f. h. seljanda mismun fyrir 28. febrúar 1979, er seljandi hefur rýmt húsnæðið og að öðru leyti fram hefur farið uppgjör milli aðila þ. á m. á fasteignagjöldum, vöxtum og hússjóði og öðru, er lögskipti þessi varða ..... kr. 575.184.00

Samtals útb. kr. 7.500.000.00

4. Kaupandi tekur að sér að greiða veðskuldir, er hvíla á hinni seldu eign.

A) Tekur að sér áhvílandi skuld á 1. veðrétti við Veðdeild Landsbanka Íslands, vísitölulán, samkvæmt 2 veðbréfum, dags. 12. 4. 1972 og 9. 11. 1973, upphafl. kr. 845.000.00, en nú ca ..... — 456.000.00
Gjalddagi 1. 5. ár hvert, næst fyrir kaupanda 1. 5. 1979, sbr. 3ja lið hér að ofan.

B) Tekur að sér áhvílandi skuld á 2. veðrétti við Iðnaðarbanka Ísl. (vaxtaaukalán) samkvæmt veðbréfi, dags. 21. 1. 1977, upphaflega kr. 600.000.00. Vextir eru nú hæstu lögl. vaxtaaukavextir, eins og eru á hverjum tíma. Gjalddagi 17. 2 og 17. 7 ár hvert næst fyrir kaupanda 17. 2. 1979 (5 afborganir) sbr. þó 3ja lið hér að ofan ca ..... — 400.000.00

C) Tekur að sér áhvílandi skuld á 3. veðrétti v/ handhafa samkvæmt 3 veðbréfum, öll dags. 5/2 1974, upphafl. samtals kr. 1.055.000.00. Vextir 8%. Næst fyrir kaupanda 1. 11. 1979 ..... — 527.500.00

D) Tekur að sér áhvílandi veðskuld á 4ða veðrétti við Búnaðarbanka Íslands samkvæmt veðbréfi, dags. 5. 4. 1978, upphaflega samtals að fjárhæð kr. 500.000.00 (vaxtaaukalán sbr. 2. lið hér að ofan). Nú að eftirstöðvum sbr. lið 2 hér að ofan ca .. — 450.000.00

E) Varðandi fjárnám á eigninni frá Útvegsbanka Íslands, dags. 26. 9. 1978, sjá lið 3 hér að framan — 0.00

F) Tekur að sér áhvílandi veðskuld á 5. veðrétti

skv. veðbréfi, dags. 29. desember 1978, að fjárhæð kr. 2.457.000.00 með þrem jöfnun árlegum afborgunum hinn 1. 11. árs hvers, í fyrsta sinn fyrir kaupanda 1. 11. 1979 með 14% ársvöxtum frá 1. nóvember 1978 að telja. (Seljandi gerir upp vexti frá 1. 11. 1978 til 28. febrúar 1979 eins og venja er) ..... kr. 2.457.000.00

Samtals kr. 11.790.500.00

5. Þar sem afsal var gefið út við undirskrift kaupsamnings, en greiðsluliðir 2 — 3 fara fram á eftir og nokkur óvissa er um fjárhæðir og þær meira og minna áætlaðar í lið 2, 3 og 4, fer fram lokauppgjör hinn 28. febrúar 1979, þ. e. við rýmingu varðandi þessa liði, vexti og önnur gjöld. Eftir standa nú kr. 209.500.00, sem koma til greiðslu milli aðila eftir því, hvernig niðurstöður uppgjörs verða ..... — 209.500.00

Samtals kr. 12.000.000.00

Varðandi liði hér að ofan, s. s. vegna vanskila og uppboðskrafna, ber kaupanda að hafa samráð við Jón Oddsson, hrl.

Hin selda eign skal öll verða laus til afnota 28. febrúar næstkomandi. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út í dag, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskráðu."

Afsal fyrir eigninni var gefið út sama dag, og er það undirritað af stefnda Jóni f. h. stefnanda og konu hans, dskj. 9.

Á dskj. 10, er bréf frá stefnda Jóni til stefnanda, dags. 29. desember 1979. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Uppgjör varðandi greiðslulið 1. kr. 6.694.816.00, sbr. kaupsamning ykkar Jóhannesar Sveinbjörnssonar.

A) Hjálagt eintak af uppgjöri ykkar Þorgeirs Yngvasonar ..... kr. 5.795.142.00

B) Greitt til Jóns Bjarnasonar, víxill samþ. af R. J. B., útg. 15. apríl 1978 af Þorgeiri Yngvasyni. Höfuðstóll kr. 72.000.00, vextir o. fl. kr. 21.340.00, kostnaður kr. 23.334.00, samtals ..... — 116.674.00

C) Sölulaun greidd til Þorgeirs Yngvasonar ..... — 120.000.00

D) Lögfræðikostnaður greiddur til Jóns Bjarnasonar, hrl. ..... kr. 450.000.00

Samtals kr. 6.481.816.00

Greitt af skrifstofu minni með tveim áv.
kr. 5.391.358.00
kr. 1.090.458.00
kr. 6.481.816.00

E) Greidd sölulaun til Eignagarðs s.f. ..... — 120.000.00

F) Greitt til Jóns Oddssonar, hrl., vegna lögfræðistarfa — 40.000.00

G) Greitt fyrir þinglýsingu afsals frá Þorgeiri Yngvasyni til R. J. B. ..... — 51.800.00

H) Annar kostnaður v/ þinglýsinga o. fl. ..... — 1.200.00

Samtals kr. 6.694.816.00

Vegna þessara breytinga frá riftunarkröfum virðist lögfræðikostnaður til Jóns Bjarnasonar, hrl. vera sá sami og var fyrir þessi málalok, en skaðabótaliðir varðandi húsaleigu og annað falla út. Eins fellur út vaxtaliður til þín af innborguðu fé, sbr. áður rætt. Kostnaður er hér mikill, en hefði orðið meiri í riftunarmáli. Útborgun er geysihá í kaupsamningi við Jóhannes Sveinbjörnsson, og auk þess koma til ýmsar skattahagræðingar."

Með bréfi, dags. 18. janúar 1979, afturkallaði stefnandi umboð sitt og konu sinnar til stefnda Jóns og óskaði eftir því, að stefndi Jón sendi Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni öll gögn, sem sér tilheyra, dskj. 11.

Með bréfi, dags. 31. janúar 1979, óskaði lögmaður stefnanda eftir því við stefnda Jóhannes, að kaupsamningnum verði rift, eða a. m. k. að kaupverðið hækki verulega, dskj. 12. Sama dag skrifaði lögmaðurinn stefnda Jóni bréf og skoraði á hann að koma því til leiðar, að kaupsamningnum verði rift, dskj. 13.

Á dskj. 14, dags. 28. febrúar 1979, er svohljóðandi uppgjör frá stefnda Jóni:

„A

1. Umsamið kaupverð ..... kr. 12.000.000.00
2. Til viðbótar skv. sérstökum ákvæðum kaupsamn-

ings vegna nýrra teppa á sameign, þeytivindu og lóðarframkvæmda

a. teppin	kr.		59.460.00
b. þeytivinda	—		11.500.00
c. lóðin 1. gjöld	—		48.990.00
2. vextir	—		8.525.00
Kaupverð því samtals	kr.		12.128.475.00

B Greiðslur kaupanda og yfirtaka skulda

1. Greitt við undirskrift kaupsamnings, sbr. fyrsta útborgunarlið í kaupsamningi, sbr. og fskj. nr. 1	kr.	6.694.816.00	
2. Vanreiknaður liður H. í fskj. nr. 1	kr.	900.00	
3. Greitt til Útvegsbanka Íslands vegna fjárnáms, sbr. fskj. 3	—	280.100.00	
4. Greitt til Veðdeildar Landsbanka Íslands, sbr. fskj. 4	—	67.496.00	
5. Greitt til Iðnaðarbanka Íslands, sbr. fskj. 5	—	678.513.00	
6. Greitt til Búnaðarbanka Íslands, sbr. fskj. 6	—	378.158.00	
Samtals	kr.	8.099.983.00	
7. Yfirtaka kaupanda vegna vanskila við hússjóð kr. 252.212.00, þar af í innheimtu hjá Jóni Magnússyni hdl. kr. 115.582.00 að viðbættum vöxtum og kostnaði kr. 40.860.00	—	293.072.00	
8. Fasteignagjöld 1979 eru í endurskoðun, en verða kr. 90.000.00 til kr. 100.000.00 því frá 1. 1. '79 til 1. 3. '79 eða 1/6 ca.	—	15.000.00	
9. Skuld fasteignagjalda pr. 31/12 1978, sbr. fskj. 7	—	88.194.00	
10. Eftirstöðvar Veðdeildar L. Í.			

a.	kr.	243.284.00		
b.	—	232.391.00		
11. Iðnaðarbanki Íslands	—	200.000.00		
12. Handhafi	—	527.500.00		
13. Búnaðarbanki Íslands	—	250.000.00		
14. Handhafi	—	2.457.000.00		
15. Yfirteknir áhvílandi vextir				
a. Vegna Veðd. L. Í. áætl.	—	25.000.00		
b. Iðnaðarbanki Íslands 17/1 til 28/2 '79	—	8.250.00		
c. Handhafaskuldabréf, sbr. 4. c. í kaupsamningi 1. 11 '78 til 28/2 '79	—	14.067.00		
d. Búnaðarbanki Íslands frá 5. 10. '78 til 28/2 1979	—	34.000.00		
e. Handhafaskuldabréf, sbr. f. lið kaupsamnings frá 1. 11. '78 til 28/2 '79	—	114.660.00		
16. Greiðir í hússjóð og lóðarsjóð skuld, sbr. hér að ofan A. 2.	—	128.475.00		
Samtals því liður A.			kr.	12.128.475.00
Samtals því liður B.	kr.	12.730.876.00		
Mismunur			kr.	602.401.00
	kr.	12.730.876.00	kr.	12.730.876.00

Skuld seljanda við kaupanda því kr. 602.401.00

Ath. til viðbótar kunna að koma kröfur vegna afllesturs rafmagns og hita, ástands eignar svo og skaðabóta vegna vanefnda við afhendingu.“

Hinn 29. mars 1979 var í fógetarétti Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður um útburð á stefnanda úr íbúðinni að Æsufelli 6, dskj. 15.

Með bréfi, dags. 21. mars 1979, dskj. 20, óskaði lögmaður stefnanda eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta söluverð íbúðarinnar á 2. hæð D í húsinu nr. 6 við Æsufell. Í matsbeiðni segir m. a.:

„Er óskað eftir, að hinir dómkvöddu kunnáttumenn meti hæfilegt og líklegt söluverð eignarinnar miðað við gangverð á söludegi. Gengið verði út frá í matinu, að kaupverð, sem metið yrði fram yfir kr. 12.000.000.00, ætti að greiðast með útborgun að 60 hundraðshlutum, sem mætti dreifast

á 1 ár og eftirstöðvar til nokkurra ára, eins og venjulegast gildir í fasteignakaupum, og með 14% ársvöxtum."

Á dskj. 21 er matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þeirra Stefáns M. Stefánssonar prófessors og Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 31. maí 1979. Í matsgerðinni segir m.a.:

„Matsmenn hafa skoðað umrædda íbúð ásamt þeim rýmum og réttindum, sem henni fylgir. Ýmislegt má að íbúðinni finna. Þannig er t.d. bað- og eldhúsinnrétting með óvönduðu sniði, og sama gildir um tréverk yfirleitt. Dúkar eru víða lélegir, og íbúðina þarf að mála. Í heild telst innrétting íbúðarinnar ekki vönduð og sumpart illa umgengin.

Matsmenn hafa haldið nokkra fundi með umboðsmönnum aðila. Ýmis gögn hafa verið lögð fram í matsmáli þessu, aðilar hafa lagt fram greinargerðir, og umboðsmenn aðila hafa að auki reifað sjónarmið sín munnlega eftir þörfum.

Matsþolar hafa krafist frávísunar málsins vegna formgalla. Auk þess hafa þeir látið bæði liggja að því, að íbúðin hafi ekki verið seld undir gangverði þann 29. des. s. l. og að salan hafi verið forsvaranleg gagnvart matsbeiðanda, þegar tekið sé tillit til þeirra fjárhagsörugleika, sem matsbeiðandi var í og aðrar ástæður hans, en að þessum atriðum var vikið hér að framan.

Matsmenn telja, að þeim sé skylt að framkvæma mat þetta eins og málin nú horfa við, enda telja þeir, að nægra gagna hafi verið aflað og að þeir hafi gefið báðum aðilum jöfn færi á að koma fram sínum sjónarmiðum.

Matsmenn líta svo á, að verksvið þeirra takmarkist af dómkvaðningunni, en í henni er m. a. vísað í matsbeiðni. Matsmenn telja ennfremur, að matsbeiðanda hafi verið heimilt að gera minni háttar breytingar á beiðni sinni á þann hátt sem gert var í greinargerð og reifað hefur verið. Er vísað í 139. og 140. gr. laga nr. 85/1936 þessu til stuðnings.

Af þessu leiðir m. a., að matsmenn geta ekki gefið því gaum við niðurstöðu matsins, hvort sérstakar ástæður, sem varða matsbeiðanda, kunni að hafa haft áhrif á söluverð umrætt sinn, svo sem matsþolar telja að hafi verið.

Matið er þess vegna við það miðað, að íbúðin hafi verið seld við eðlilegar aðstæður þann 29. des. og á sambærilegum kjörum og fyrrgreind sala.

Við matið hefur verið höfð hliðsjón af brunabótamati og fasteignamati umræddrar íbúðar, en talsverð hækkun varð á fyrrgreinda matinu 1. jan. s. l. Þá hefur verið aflað upplýsinga um sambærilegar sölur á svipuðum tíma, og söluskrár fasteignasala hafa verið kannaðar. Við niðurstöðu er haft í huga, að fasteignasala er almennt dræm í desembermánuði og fram eftir janúar, nema eitthvað sérstakt komi til. Þá er og tekið tillit til þess, að útborgun í umræddri íbúð telst að öllu athuguðu nokkuð hröð. Sam-

kvæmt þessum sjónarmiðum telst íbúðin hæfilega metin á kr. 16 milljónir á söludegi hennar þann 29. desember s. l.“

Hinn 4. júlí 1979 kærði stefnandi íbúðarsöluna til rannsóknarlögreglu ríkisins, dskj. 30.

Með bréfi ríkissaksóknaraembættisins, dags. 12. febrúar sl., var því lýst yfir, að af hálfu ákæruvaldsins væru eigi talin efni til frekari aðgerða.

Á dskj. 28 er endurrit af yfirheyrslu á stefnanda fyrir rannsóknarlögreglu ríksins, sem fram fór 21. ágúst 1979. Þar kemur fram, að stefnandi hafi undirritað umboð til stefnda Jóns á skrifstofu hans morguninn 29. desember 1978 og hafi umboðin verið tilbúin til undirritunar, þegar stefnandi mætti á skrifstofunni. Stefnandi hafi undirritað umboðin að viðstöddum stefnda Jóni einum, en fólk hafi verið í öðrum herbergjum, sem tilheyra stefnda Jóni. Eftir undirritun umboðsins hafi stefnandi rætt við stefnda Jón um væntanlega sölu íbúðarinnar. Stefndi Jón hafi hvorki gefið upp nafn væntanlegs kaupanda né söluverð. Stefnandi hafi síðan farið heim til konu sinnar og lagt að henni að undirrita umboðin, en hún hafi verið treg til þess, en svo hringt til stefnda Jóns, sem hafi sagt henni, að hún hefði ekkert að óttast, þó hún undirritaði umboðin, hún gæti treyst sér sem lögmanni þeirra hjóna. Eftir þetta hafi eiginkona stefnanda undirritað umboðin á heimili þeirra. Þegar stefnandi afhenti stefnda Jóni umboðin, hafi engir vitundarvottar verið búnir að undirrita þau. Aldrei hafi stefndi Jón borið undir stefnanda né konu hans söluverð íbúðarinnar. Það hafi ekki verið fyrr en nokkrum dögum síðar, þegar stefnandi fékk í pósti eintak af kaupsamningi, dags. 29. des. 1978, ásamt öðrum skjölum, að honum hafi orðið ljóst, að stefndi Jón hafði selt íbúðina á kr. 12.000.000, eða sömu fjárhæð og stefnandi hafði keypt íbúðina á 14 mánuðum áður. Útborgun hafi verið sú sama í báðum tilvikum, eða kr. 7.500.000. Stefndi Jón hefði margfullyrt við stefnanda, að hægt væri að selja íbúðina á kr. 15.000.000. Stefnandi kvaðst hafa undirritað umboðið með hliðsjón af bréfi stefnda Jóns, þar sem hann fullyrði, að íbúðin sé seljanleg á rúmar 15 milljónir króna.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 1. apríl sl. kannaðist stefnandi við undirritun sína á umboðinu á dskj. 29. Fram kom hjá stefnanda, að ástæðan fyrir undirritun hans á umboðið á dskj. 29 hafi verið, að hann hafi verið mjög tímabundinn og ekki kunnað við að biðja um leyfi úr vinnu og hafi hann sagt stefnda Jóni, að hann mundi gefa honum umboð og treysta honum til þess að ganga frá þessu. Hvorki hafi stefndi Jón sagt stefnanda, hvert verð íbúðarinnar væri né hver væri kaupandi. Frá því að stefnandi keypti íbúðina og þar til hún var seld, hafi verið búið að veðsetja hana fyrir kr. 500.000 láni frá Búnaðarbanka Íslands, ekki hafi öll veðskuldabréf verið í skilum.

Hinn 23. ágúst 1979 var stefndi Jóhannes yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, dskj. 28. Fram kom hjá stefnda Jóhannesi, að hann hafi einn keypt íbúðina af stefnanda. Vegna þess að stefnda Jóhannesi hafi verið sagt rangt til um gjaldfallnar skuldir, þá hafi íbúðarverð orðið hærra en greint er í kaupsamningi og nemi kaupverðið þá, er yfirheyrslan fór fram, kr. 13.000.000. Stefndi Jóhannes var á þeim tíma, sem hann keypti íbúð stefnanda, með íbúð, sem hann átti í Hafnarfirði, í sölu hjá fasteignasölu stefnda Jóns. Íbúðin í Hafnarfirði sé tveggja herbergja íbúð á 3. hæð hússins Hjallabrautar 2. Stefndi Jóhannes gerði tilboð í íbúð stefnanda, og var tilboðsverð kr. 12.000.000. Hélt stefndi Jóhannes, að hann hefði gert tilboðið rétt fyrir jólin, en hann hafi fengið tilboð í sína íbúð á milli jóla og nýjárs. Þessar tvær íbúðasölur hafi átt sér stað svo til samhliða. Stefndi Jóhannes seldi sína íbúð á kr. 14.000.000, þar af var útborgun kr. 9.000.000. Fram kom hjá stefnda Jóhannesi, að stefnandi hafi ekki verið viðstaddur á neinu stigi málsins, þegar stefndi Jóhannes keypti íbúðina. Stefndi Jón annaðist sölu á íbúð stefnda Jóhannesar.

Hjá rannsóknarlögreglunni var stefndi Jóhannes spurður um það, hvort hann teldi eðlilegt, að sama fasteignasala selji nær samtímis þessar tvær íbúðir, þ. e. íbúðina að Æsufelli 6, sem er 5 herbergja íbúð, söluverð kr. 12.000.000, með kr. 7.500.000 útborgun, og íbúðina að Hjallabraut 2, sem er 2 herbergja íbúð, söluverð kr. 14.000.000, með kr. 9.000.000 útborgun. Stefndi Jóhannes kvaðst geta trúað, að markaðsverð á 5 herbergja íbúð í Breiðholti hafi verið 16 — 17 milljónir króna á þeim tíma sem hann keypti íbúðina að Æsufelli, en kvaðst ekki leggja mat á, hvað sé eðlilegt verð eða ekki. Stefndi Jóhannes kvaðst aldrei hafa starfað hjá stefnda Jóni né á hans vegum. Hann kvaðst sér vitanlega hvorki vera skyldur né tengdur stefnda Jóni.

Fram kom hjá stefnda Jóhannesi við yfirheyrslu hér fyrir dómi 1. apríl sl., að það hafi verið fyrir jól sem hann skoðaði íbúðina að Æsufelli 6. Með stefnda Jóhannesi hafi farið að skoða íbúðina Sigríður Soffía Böðvarsdóttir og foreldrar hennar. Frá fasteignasölunni hafi verið Haraldur Jónasson. Stefnandi hafi ekki verið viðstaddur, en eiginkona stefnanda. Stefndi Jóhannes kvaðst ekkert hafa talað um verð, þá er hann skoðaði íbúðina. Það hafi kannske verið 28. desember, sem hann setti fram ákveðnar hugmyndir um verð. Hann hafi skrifað á blað heima hjá sér, hvernig hann hugsaði sér að fjármagna þetta, og farið með það á fasteignasöluna. Stefndi Jón hafi samþykkt þetta tilboð stefnda Jóhannesar. Stefndi Jóhannes taldi sig hafa greitt kr. 602.000 hærra verð en það, sem ákveðið var í kaupsamningi, sem var kr. 12.000.000. Hækkunin sé vegna vanskila á skuldum, sem stefndi Jóhannes vissi ekki um.

Stefndi Jóhannes var með sína íbúð á söluskrá hjá stefnda Jóni, og hélt

stefndi Jóhannes, að það hafi verið Haraldur Jónasson, sem hafði samband við hann um það, hvort hann vildi skoða íbúð uppi í Breiðholti. Stefnda Jóhannesi fannst illa gengið um íbúðina, sem hann keypti, og íbúðin ekki glæsileg. Íbúðin í Hafnarfirði, sem hann seldi, fannst honum sú fallegasta tveggja herbergja íbúð, sem hann hafi séð. Allt tréverk í þeirri íbúð sé mjög vandað.

Hinn 3. október 1979 var stefndi Jón yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna kæru stefnanda. Fram kom hjá stefnda Jóni, að haustið 1978 hafi stefnandi komið á sinn fund og tjáð sér, að hann væri búinn að fá tilkynningu um riftun á kaupum íbúðarinnar að Æsufelli 6 frá Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni. Í framhaldi af þessu kvaðst stefndi Jón hafa átt fundi með stefnanda, eiginkonu hans og föður, sem síðan hafi beðið stefnda Jón að annast þetta mál fyrir son sinn. Í framhaldi af þessu hafi stefndi Jón átt nokkra fundi með Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni, ýmist einn eða að viðstöddum stefnanda og föður hans. Á þessum fundum hafi Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður þrívegis fallist á að falla frá riftun að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Ávallt hafi komið upp sú staða, að stefnandi og faðir hans stóðu ekki við gefin loforð. Síðan tjáðu þeir feðgar stefnda Jóni, að þeir vildu rifta kaupunum, og varaði stefndi Jón þá við fjárhagslegum skaða í því sambandi. Til frekari áréttingar þessum aðvörunum sendi stefndi Jón stefnanda bréf, dags. 30. nóv. 1978. Ágiskun stefnda Jóns, að hægt mundi að selja íbúðina á rúmar 15 milljónir, hafi verið gerð, án þess að stefndi Jón hefði séð íbúðina. Í framhaldi af þessu bréfi átti stefndi Jón viðtöl við feðgana og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann. Síðan hafi verið haldinn fundur í skrifstofu stefnda Jóns 5. desember 1978, og reyndu stefndi Jón og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður að fá þá feðga til þess að standa við kaupsamninginn og vöruðu þá við fjárhagslegu tjóni, sem hlytist af riftun. Stefnandi hafi nefnt dæmi þess, hve erfitt væri að selja íbúðir í fjölbýlishúsinu Æsufelli 6, og taldi stefnandi uppástungu í bréfi stefnda Jóns 30. nóv. 1978 óraunhæfa. Niðurstaða fundarins hafi orðið sú, að Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður kynnti feðgunum riftunarskilmála Þorgeirs Yngvasonar, sem þeir síðan undirrituðu. Eftir undirritunina hafi faðir stefnanda spurt stefnda Jón og Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann, hvort stefnandi mætti auglýsa íbúðina til sölu, og hafi Jón Bjarnason svarað á þann veg, að eftir riftun kæmi slíkt alls ekki til greina.

Síðar hafi það gerst, að stefndi Jóhannes kom á fasteignasölu stefnda Jóns og vildi selja íbúð sína í Hafnarfirði og síðar kaupa íbúð stefnanda að Æsufelli 6. Eftir að stefndi Jóhannes hafði skoðað íbúð stefnanda skömmu fyrir jól 1978, kvaðst stefndi Jón hafa talað við stefnanda um sölu til stefnda Jóhannesar og hafi stefnandi sýnt því mikinn áhuga. Verðið hafi þá verið tilgreint kr. 12.000.000. Þá hafi stefndi Jón haft samband við Jón

Bjarnason hæstaréttarlögmann og þá verið ákveðið, að hann hefði aftur samband við Jón Bjarnason á milli jóla og nýjárs, sem stefndi Jón gerði, og hafi þá verið samþykkt, að stefnandi fengi að selja íbúðina, enda yrði staðið í skilum við umbjóðendur Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns og þeir slyppu skaðlaust frá öllum kostnaði vegna þessarar viðskipta. Að morgni 29. desember 1978 hafi verið gert út um kaupin milli stefnanda og stefnda Jóhannesar á skrifstofu stefnda Jóns. Í framhaldi af því hafi þeir stefnandi og stefndi Jón farið á skrifstofu Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, þar sem fyrir hafi verið auk Jóns Þorgeir Yngvason og bróðir hans. Minnti stefnda Jón, að fundirnir hafi orðið tveir á skrifstofu Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns þennan dag. Þar hafi verið gengið frá uppgjörum og síðar greiðslum með peningum frá stefnda Jóhannesi. Um hádegisbil þennan dag, þegar búið var að ganga frá uppgjörum við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann og samningaviðræðum við stefnda Jóhannes lokið, hafi stefnandi sagt stefnda Jóni, að hann mætti ekki vera lengur að þessu, þar sem hann þyrfti, að því er stefnda Jón minnti, að fara á vakt í lögreglunni. Vegna þessa taldi stefndi Jón nauðsynlegt, að stefnandi gæfi sér umboð, þar sem brýnir hagsmunir hafi verið um, að þinglýsingar færu þegar í stað fram. Þegar umboðið var gert, hafi legið fyrir, að söluverðið væri kr. 12.000.00, og það hafi stefnandi verið búinn að saþykkja, og taldi stefndi Jón ekki ástæðu til annars en að orða umboðið, eins og almennt sé gert. Samtímis þennan dag kvaðst stefndi Jón hafa afhent tvö afsöl hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík til þinglýsingar. Það er afsal frá Þorgeiri Yngvasyni til stefnanda og frá stefnanda til stefnda Jóhannesar. Síðar hafi komið á daginn, að stefnandi hafi gefið rangar upplýsingar, og hafi stefndi Jóhannes þess vegna orðið að leggja út um kr. 800.000 umfram umsamið kaupverð og hafi stefnandi verið krafinn um þá fjárhæð, en án árangurs.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 27. janúar 1981 kom fram hjá stefnda Jóni, að hann hafi á skrifstofu sinni fjölrituð eyðublöð, ætluð fyrir kauptilboð vegna fasteignaviðskipta. Stefndi Jóhannes hafi ritað á svona eyðublað kauptilboð í íbúð stefnanda, líklega nokkrum dögum fyrir 29. desember 1978. Stefndi Jón taldi, að kauptilboð stefnda Jóhannesar hafi verið eyðilagt, þegar kaupsamningur var gerður. Á fundi hjá Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni 29. desember 1978 hafi stefnandi verið með stefnda Jóni og hafi þeir skýrt Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni frá kauptilboði stefnda Jóhannesar og þar hafi verið gengið frá uppgjöri milli stefnanda og Þorgeirs Yngvasonar. Stefnda Jón minnti, að hann hafi ekki haft meðferðis þetta skriflega kauptilboð stefnda Jóhannesar. Stefnandi hafi fengið í hendur umboð, sem út búið var á skrifstofu stefnda Jóns, og hafi stefnandi farið með það heim til sín til þess að fá undirritun eigin-

konu sinnar. Tilgangurinn með þessu umboði hafi verið að gera stefnda Jóni kleift að ganga endanlega frá sölu íbúðarinnar þennan tiltekna dag og hafi kaupsamningurinn milli stefnda Jóhannesar og stefnanda verið gerður á skrifstofu stefnda Jóns þennan sama dag, án þess að stefnandi væri viðstaddur.

Hinn 12. nóvember 1979 var Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að um mánaðamótin sept/okt 1978 hafi hann fengið frá Þorgeiri Yngvasyni innheimtu á stefnanda vegna vanskila á greiðslum skv. kaupsamningi á milli þessara tveggja manna, er gerður hafi verið vegna sölu á íbúð Þorgeirs til stefnanda. Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður ritaði stefnanda bréf, og kom stefnandi á skrifstofu Jóns og kvaðst eiga von á peningum. Ekki komu peningarnir, og hafði Jón þá samband við stefnanda, og skömmu síðar mætti stefnandi ásamt föður sínum á skrifstofu Jóns. Síðan leið nokkur tími, og heyrði Jón ekkert frá þeim feðgum. Hafi því orðið úr, að kaupunum yrði rift, og ritaði Jón stefnanda þar að lútandi. Nokkru eftir það hafi stefnandi og faðir hans komið á skrifstofu Jóns og verið frekar ánægðir með, að kaupunum yrði rift, þar sem stefnandi gæti ekki staðið í skilum. Þarna hafi síðan verið gengið frá riftuninni að öllu leyti nema hvað varðaði afhendingardag. Hafi orðið samkomulag um öll atriði riftunarinnar. Jón Bjarnason minnti, að hann hafi fengið bréf frá stefnda Jóni í byrjun nóvember 1978, þar sem hann óskaði eftir því, að riftunin gengi til baka gegn því, að greiðslur yrðu inntar af hendi, þetta hafi verið samþykkt. Síðan hafi nokkur tími liðið, en hvorki hafi borist greiðslur frá stefnda Jóni né stefnanda. Þá hafi Þorgeir Yngvason komið á fund Jóns Bjarnasonar og skýrt frá því, að fyrir lægi krafa um nauðungaruppboð á íbúðinni. Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hafi síðan samið við Búnaðarbanka Íslands og greitt af skuldabréfum í Samvinnubankanum til þess að forða uppboði á íbúðinni (sic) og gjaldfellingu á bréfunum. 5. desember 1978 hafi verið haldinn fundur í skrifstofu stefnda Jóns og þar hafi endanlega verið gengið frá riftun á kaupsamningi stefnanda við Þorgeir Yngvason og stefnanda leyfð afnot af íbúðinni til 28. febrúar 1979. Jón Bjarnason minnti, að það hafi verið um það bil 2 vikum síðar, að stefndi Jón hafi haft samband við sig og beðið á ný um, að riftunin gengi til baka, og hafi hann sagt, að hann ætlaði sér að selja íbúðina þegar í stað, ef riftunin gæti gengið til baka. Þorgeir Yngvason hafi samþykkt að leyfa sölu á íbúðinni að undangengnu samkomulagi um, að þegar í stað yrði gengið frá greiðslum til Þorgeirs og til lögmanns Þorgeirs, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, fyrir þá vinnu, sem hann var þegar búinn að inna af hendi við innheimtu í máli þessu. Þetta hafi stefndi Jón samþykkt. Það hafi svo verið nokkrum dögum fyrir áramótin, að stefndi Jón, stefnandi og Þorgeir

Yngvason komu á skrifstofu Jóns Bjarnasonar, þar sem gengið var frá afsali frá Þorgeiri Yngvasyni til stefnanda og skuldabréfi vegna eftirstöðva kaupverðsins. Jón Bjarnason kvaðst hafa gefið stefnda Jóni skamman frest til þess, að greiðslur yrðu inntar af hendi til Þorgeirs Yngvasonar, og það yrði að vera fyrir áramótin 1978 — 1979.

Hinn 29. janúar sl. var Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður yfirheyrður á ný hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna máls þessa. Fram kom hjá Jóni Bjarnasyni, að þegar gengið var frá afsali frá Þorgeiri Yngvasyni til stefnanda, hafi hann hvorki vitað um væntanlegan kaupanda, Jóhannes Sveinbjörnsson, söluverð, greiðslufyrirkomulag né hvort búið væri að gera kauptilboð í þessa íbúð af einum eða neinum. Á þessum fundi hjá Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni mættu Þorgeir Yngvason, stefnandi og stefndi Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður. Gefið var út afsal til stefnanda, skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins til Þorgeirs, og það undirritaði stefnandi. Einnig var út búið af Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni skjal um uppgjör á milli stefnanda og Þorgeirs Yngvasonar, og kvaðst Jón Bjarnason hafa fengið greiðslu í einum tékka, útgefnum af stefnda Jóni að því er hann minnti.

Björgvin Lúthersson, faðir stefnanda, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 2. febrúar sl. Fram kom hjá föður stefnanda, að hann hafi verið syni sínum til aðstoðar við riftun á kaupum á íbúðinni að Æsufelli 6 við Þorgeir Yngvason. Á fundi hjá Jóni Bjarnasyni hæstaréttarlögmanni hafi verið gengið frá riftunarsamningi, dags. 5. des. 1978, og taldi faðir stefnanda, að stefndi Jón hafi ekki verið viðstaddur. Faðir stefnanda hafi farið á nokkra fundi til Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns og hafi stefndi Jón verið á einhverjum þessara funda. Stefndi Jón hafi talað um það við stefnanda og föður stefnanda, að best væri að selja íbúðina og kæmi það best fyrir stefnanda fjárhagslega. Stefndi Jón hafi nefnt sem söluverð 15 milljónir króna. Faðir stefnanda kvaðst hafa ráðlagt stefnanda að láta riftunina frá 5. desember 1978 standa. Hann kvaðst ekki hafa vitað um aðdraganda að sölu íbúðarinnar til stefnda Jóhannesar, enda kvaðst hann þá hafa reynt að koma í veg fyrir, að íbúðin yrði seld á sama verði og stefnandi keypti hana á rúmu ári fyrr. Hann kvaðst hafa lagt á það ríka áherslu við stefnanda og stefnda Jón, að hann teldi það koma mun betur út fyrir stefnadna að láta riftunina frá 5. desember 1978 standa óhaggaða en að selja íbúðina, sem þá gæti ef til vill dregist úr hömlu.

Haraldur Jónasson, fyrrverandi starfsmaður hjá stefnda Jóni, var yfirheyrður hér fyrir dómi 1. apríl sl. Fram kom hjá Haraldi, að hann hafi unnið við fasteignasölu hjá stefnda Jóni. Þeir Haraldur og stefndi Jón séu skyldir þannig, að faðir stefnda Jóns muni hafa verið hálfbróðir móður Haralds. Haraldur kannaðist við undirritun sína á umboðinu á dskj. 29.

Hann kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar stefnandi og kona stefnanda undirrituðu umboðið. Umboðið hafi verið undirritað í öðru herbergi en Haraldur var í og svo komið með það til undirritunar til hans. Haraldur vissi ekki, hvað um var talað í sambandi við gerð umboðsins. Þá er Haraldur vann hjá stefnda Jóni, vann einnig hjá honum Valgerður Bára Guðmundsdóttir, en aðrir ekki. Haraldur sýndi stefnda Jóhannesi íbúð stefnanda og gerði Haraldur ráð fyrir, að eiginkona stefnanda hafi verið viðstödd þá sýningu, en stefnandi hafi ekki verið viðstaddur. Ekki hafi verið talað um verð, þegar íbúðin var skoðuð. Það, sem hafi verið óvenjulegt við sölu þessarar íbúðar, hafi verið, að það hafi verið svo stuttur umþóttunartími til þess að gera þetta.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 1. apríl sl. kannaðist Sigríður Soffía Böðvarsdóttir við undirritun sína á dskj. 8. og 9. Sigríður Soffía kvaðst vera skyld Haraldi Jonassyni og stefnda Jóni og vera í sambúð við stefnda Jóhannes. Hún kvaðst ekki hafa unnið hjá stefnda Jóni.

III.

Af hálfu stefnanda er krafa stefnanda um ógildingu kaupanna byggð á reglum íslensks réttar um ógilda löggerninga. Stefndi Jón hafi farið út fyrir umboð sitt, er hann seldi íbúðina á svo lágu verði sem raun varð á. Hann hafi talið stefnanda trú um, að hann gæti selt íbúðina fyrir miklu hærra verð en raunverulega fékkst.

Stefnda Jóni hafi verið mikið í mun, að stefndi Jóhannes fengi íbúðina fyrir lágt verð og að til þess hafi legið sérstakt vináttusamband þeirra félaga og tengdir. Þannig sé sambýliskona stefnda Jóhannesar á þessum tíma, Soffía Sigríður Böðvarsdóttir, bróðurdóttir Haralds Jónassonar, sölumanns á fasteignasölu stefnda Jóns á þessum tíma. Faðir Soffíu Sigríðar og Jóns séu systkinasynir.

Stefnda Jóhannesi hafi verið fullljóst, að söluverð íbúðarinnar á 12 milljónir króna hafi verið allt of lágt miðað við gangverð. Á svipuðum tíma og hann keypti íbúðina að Æsufelli 6 hafi hann selt fyrir milligöngu fasteignasölu stefnda Jóns 2ja herbergja íbúð, sem hann átti að Hjallabraut 2, Hafnarfirði, fyrir krónur 14 milljónir.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ógilda beri samninginn vegna svika við gerð hans, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Þá er einnig bent á 7. gr. laga nr. 60/1958, en sú lagagrein leiði einnig til ógildingar samningsins, og er í því sambandi bent á, að stefndu hafi notfært sér fjárhagslega erfiðleika stefnanda til þess að afla sér hagsmuna á kostnað hans. (Hér mun vera um ranga tilvitnun hjá stefnanda að ræða, á líklega að vera 7. gr. laga nr. 58/1960). Enn fremur er af hálfu stefnanda vísað til 32. gr. laga nr. 7/1936 um rökstuðning fyrir því, að ógilda beri samninginn.

Í greinargerðinni kemur enn fremur fram, að verði ekki á það fallist, að ógilda beri samninginn, sé sú krafa gerð til vara, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda kr. 4 milljónir auk vaxta. Sé þá byggt á matsgerðinni á dskj. 21 og tekið tillit til reiknings stefnda á dskj. 14.

Til þrautavara er bótakröfunni beint að stefnda Jóni einum, og er þá byggt á reglum um bótaábyrgð umboðsmanns, sem fer út fyrir umboð sitt.

Af hálfu stefnda Jóhannesar er því haldið fram, að íbúðin, sem stefndi Jóhannes keypti, hafi verið að mörgu leyti óvönduð og á henni hafi hvílt verulegar óreiðuskuldir, eins og fram komi í skjölum málsins. Þeirra vegna hafi greiðsla við samning orðið að vera óvenjuhá, eða kr. 6.694.616. Ekki verði betur séð en að stefnanda hljóti að hafa verið kunnugt um tilboð stefnda, að minnsta kosti hljóti honum að hafa verið kunnugt um, að hann mundi fá nægar greiðslur til uppgjörs við fyrri eiganda íbúðarinnar, sbr. dskj. 7, en greiðsla skv. því uppgjöri hafi verið kr. 5.795.142. Umboð stefnanda til stefnda Jóns um sölu íbúðarinnar hafi verið gefið sama dag og uppgjör þetta var undirritað.

Ljóst sé enn fremur af samkomulagi því, er stefnandi hafði skömmu áður gert við fyrri eiganda íbúðarinnar, sbr. dskj. 6, að ekki hefði stefnandi farið betur út úr þessum íbúðarviðskiptum sínum með því að halda sig við það samkomulag. Megi af þessu vera ljóst, að hann hafi ekki gert sér vonir um hærra verð fyrir íbúðina en það, sem stefndi greiddi. Er þeirri málsástæðu stefnanda mótmælt, að verð íbúðarinnar hafi verið óeðlilega lágt, og skipti hér ekki máli mat dómkvaddra matsmanna, enda ekki byggt á sambærilegum grunni.

Þá er því mótmælt, að meðstefndi Jón hafi á einn eða annan hátt viljað hygla stefna, þvert á móti sýni skjöl málsins, að meðstefndi Jón hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að firra stefnanda tjóni. Einnig er því mótmælt, að söluverð íbúðar stefnda að Hjallabraut 2, Hafnarfirði, gefi það til kynna, að verð hinnar umdeildu íbúðar hafi verið óeðlilega lágt.

Stefnandi beri fyrir sig ákvæði 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960 (ranglega talið lög nr. 65/1958). Þessum málsrökum hljóti að verða hafnað, þar sem engu skilyrði þessara lagagreina sé fullnægt. Megi á það benda, að þá hefði sömu ógildingarástæðu verið unnt að beita gagnvart samningi stefnanda á dskj. 6. Sé stefnda á engan hátt kunnugt, að aðstæður stefnanda séu eins og áskildar séu í tilgreindum lagagreinum, eigi þær að valda ógildingu gerðra samninga og ásökunum um svik sé harðlega mótmælt.

Á það er bent, að stefnandi hafi í kaupum sínum á íbúðinni komist í þau vanskil, að kaupunum hafði verið rift. Í máli þessu hafi hann krafist ógildingar á gerðum kaupum við stefnda án þess að gera grein fyrir, á hvern hátt hann hygðist endurgreiða honum það, sem hann hafi greitt. Geti því

varla þegar af þeirri ástæðu verið unnt að taka kröfu hans til greina. Þá er á það bent, að það sé fyrst rúmu ári eftir að samningar voru gerðir sem málið sé höfðað, og hljóti málsgrundvöllur, ef einhver hefur verið, að vera niður fallinn fyrir tómlæti.

Varakröfu stefnanda er mótmælt, verði aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina, hljóti samningar um kaupin að teljast lögmætir og eigi þá stefnandi enga fjárkröfu á hendur stefnda þegar af þeirri ástæðu. Þvert á móti eigi stefndi fé inni hjá stefnanda, og er áskilinn réttur til innheimtu þeirrar fjárhæðar. Að auki er málasamlag stefnda og meðstefnda vefengt.

Af hálfu stefnda Jóns er því haldið fram varðandi aðalkröfu stefnanda, að ekki verði séð, að hann hafi aðild að því sakarefni. Aðildarskortur leiði til sýknu. Ekki verði séð, að aðalkrafan gefi tilefni til umfjöllunar, eins og hún sé fram sett, enda sé þar ekki gerð krafa um riftun né sett nein trygging fyrir endurgreiðslu, s. s. deponering. Sýnist þar því ekki vera fjallað um réttarfarslega lögverndað andlag. Í öllu falli virðist aðild stefnda Jóns ekki koma til greina. Því er mótmælt, að þrautavarakrafa stefnanda komist að í málinu gagnvart stefnda Jóni. Varðandi varakröfu stefnanda er því sérstaklega mótmælt, að bótakrafan geti verið in solidum, í mesta lagi pro rata, svo og sé óheimil sameining kröfugerðar á stefndu.

Af hálfu stefnda Jóns er matsgerðinni á dskj. 21 mótmælt sem málinu óviðkomandi, sbr. einkum dskj. 24, svo og rangri og allt of hárri, Eins og sjá megi af matsbeiðni dskj. 20, sé beðið um mat á allt öðru en átti sér stað í umræddum viðskiptum og eins og reyndar matsmenn taki fram, sbr. dskj. 21, bls. 2, síðasta málsgrein, og efsta málsgein bls. 3. Þá virðist matið fjalla um aðra aðilja en mál þetta að verulegu leyti, sem séu málinu óviðkomandi. Matið sé einnig þýðingarlaust vegna réttarfarsatriða, sem eigi var gætt, sbr. einkum dskj. 25. Vakin er og athygli á því, að til þess að matið gæti orðið endanlegt, hefði orðið að kveðja til sérfróða aðilja um ástand eignar, sbr. dskj. 25, bls. 11 og 12.

Því er haldið fram af stefnda Jóni sem svo virðist, að stefnandi ætli sér eftir allan þennan tíma að reyna að greiða úr sínum fjármálaflækjum á kostnað stefndu. Málssókn sé þó ekki hafin fyrr en rúmu ári eftir að umræddir atburðir áttu sér stað. Tómlætisverkanir af hálfu stefnanda hljóti hér að vega þungt svo og margbreytilegir framburðir og rangar sakargiftir.

Hvorki hafi stefnandi sýnt fram á neinn hagnað stefnda Jóns af umræddum viðskiptum né hafi hann greitt lögfræðiþóknun til hans í samræmi við störf. Þegar umrædd viðskipti milli stefnanda og aðalstefnda hafi átt sér stað, hafi stefnandi verið eftir atvikum mjög ánægður með þá úrlausn mála. Kröfu stefnanda nú um ógildingu og skaðabætur sé því ekki hægt að taka alvarlega, rúmu ári eftir að umrædd viðskipti og uppgjör fóru fram og aðalstefndi búinn að greiða kaupverðið að fullu og á aðra milljón króna

umfram skyldu vegna rangra upplýsinga stefnanda. Ef stefnanda hefði verið slíkt alvara hafi honum vitanlega borið að veita ekki samþykki sitt í upphafi né sækjast eftir þeirri lausn mála svo og taka við greiðslum afborgana og vanskila, sem fyrir lágu. Í kröfugerð sé hvorki gert ráð fyrir endurgreiðslu né tilraun gerð til uppgjörs. Tómlæti stefnanda eitt sér svo og hvernig hann falli frá þessum kröfum sínum í fógetarétti Reykjavíkur og afhendig íbúðarinnar til aðalstefnda útiloki það, að hægt sé að taka þessar kröfur til greina.

Álit dómsins.

Kröfur stefnanda á hendur báðum stefndu byggjast á gerð kaupsamningsins á dskj. 8, og verður því að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sækja báða stefndu í einu máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar það er virt, sem að framan hefur verið rakið um aðdraganda máls þessa, þá verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að kröfur stefnanda séu niður fallnar fyrir tómlæti.

Með undirritun umboðsins á dskj. 29 veitti stefnandi stefnda Jóni fullt og ótakmarkað umboð til þess m. a. að selja stefnda Jóhannesi íbúðina að Æsufelli 6. Kaupsamningurinn, sem stefnandi krefst ógildingar á, er innan marka umboðsins, eins og það er orðað, og því bindandi fyrir stefnanda gagnvart stefnda Jóhannesi skv. 10. gr. laga nr. 7/1936, enda hafa ekki verið færðar sönnur að því, að stefndi Jóhannes hafi ekki verið í góðri trú, þá er hann gerði samninginn, sbr. 11. gr. sömu laga. Svo er og um aðrar ógildingarástæður stefnanda, hvorki hafa verið færðar sönnur að því, að atvik máls þessa séu þannig, að ákvæði 30. né 32. gr. laga nr. 7/1936 og þá ekki heldur ákvæði 7. gr. laga nr. 58/1960 eigi við. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina, og með sama rökstuðningi verður 1. varakrafa stefnanda ekki heldur tekin til greina.

Ber því að sýkna stefna Jóhannes af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til þess að greiða stefnda Jóhannesi kr. 7.800.00 í málskostnað.

Telja verður, að stefnanda sé heimilt að breyta kröfugerð sinni á þann veg sem hann gerði við munnlegan málflutning, þannig að krefjast sem 2. varakröfu, að stefnda Jóni verði einum gert að greiða allar fjárhæðir 1. varakröfu, þar sem krafa þessi var sett fram í stefnu gagnvart stefnda Jóni in solidum með stefnda Jóhannesi.

Fram er komið, að stefni Jón ráðlagði stefnanda eindregið, bæði fyrir og eftir gerð riftunarsamningsins, 5. desember 1978, dskj. 6, að rifta ekki kaupunum, þar sem riftun mundi valda stefnanda fjárhagslegu tjóni, og tilkynnti stefnanda 30. nóvember 1978, að sennilega væri hægt að selja íbúðina á rúmar 15 milljónir. Verður því að telja, að stefnandi hafi mátt

reikna með því, að það kæmi betur út fjárhagslega fyrir hann að selja íbúðina heldur en að láta riftunina standa. Við samanburð á riftunarsamningnum á dskj. 6 og uppgjöri stefnda Jóns á dskj. 14 verður ekki séð, í hverju fjárhagslegur ávinningur stefnanda af sölunni er fólginn.

Ekki voru vitni að undirskrift stefnanda á umboðið á dskj. 29, sem skrifað var á skrifstofu stefnda Jóns, og þá ekki heldur að samræðum stefnanda og stefnda Jóns við gerð umboðsins.

Eins og rakið hefur verið, bar Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður fyrir rannsóknarlögreglu, að þegar gengið var frá afsali til Þorgeirs Yngvasonar, hafi hann hvorki vitað um væntanlegan kaupanda, söluverð, greiðsluskilmála né hvort búið væri að gera kauptilboð í þessa íbúð. Stefndi Jóhannes hefur borið, að hann hafi aldrei hitt stefnanda, á meðan á þessum viðskiptum stóð, og jafnframt að ekki hafi verið minnst á verð, þegar hann skoðaði íbúðina.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, og jafnframt haft í huga, að eina verðhugmyndin, sem stefndi Jón hefur sannanlega sett fram við stefnanda, var rúmar 15 milljónir, þá þykir ósannað, að stefndi Jón hafi haft umboð gagnvart stefnanda til þess að selja íbúðina á því verði, sem hann seldi hana, og ber því að dæma stefnda Jón til þess að bæta stefnanda það tjón, sem hann varð fyrir við söluna.

Matsgerðinni á dskj. 21 hefur ekki verið hnekkt, og þykir mega hafa hana til hliðsjónar við mat á tjóni stefnanda, enda þótt hún verði ekki lögð til grundvallar matinu. Meðal annars er tekið fram í matsgerðinni, að matið sé við það miðað, að íbúðin hafi verið seld við eðlilegar aðstæður, en fram er komið, að aðstæður við söluna hafa ekki verið það, sem talist geta eðlilegar aðstæður. Eftir atvikum þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda nýkr. 30.000.00, og þá fjárhæð ber stefnda Jóni að greiða stefnanda með vöxtum, eins og krafist er, og málskostnað, sem að meðtöldum matskostnaði, gkr. 300.000, ákveðst nýkr. 9.400.00.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi Jóhannes Sveinbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ríkharðs Björgvinssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda Jóhannesi Sveinbjörnssyni kr. 7.800.00 í málskostnað.

Stefndi Jón Oddsson greiði stefnanda, Ríkharði Björgvinssyni, kr. 30.000.00 með 19% ársvöxtum frá 29. desember 1978 til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1980, en 43½% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan

með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.400.00 í málskostnað.

Allar greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1983.

Nr.190/1981. **Time, Incorporated,**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Frjálsu Framtaki h/f
(Hjörtur Torfason hrl.).

Vörumerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. september 1981 og gert þá dómkröfu, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota orðið „líf" sem titil á tímaritinu „líf." Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um það, hvort hætta sé á, að villst verði á vörumerki því, sem áfrýjandi fékk skráð hér á landi 14. september 1949 og hefur að aðalatriði orðið LIFE, og nafni tímarits stefnda, „líf."

Enska orðið life og íslenska orðið líf eru að rithætti mjög lík, enda að uppruna til sama orðið. Þau merkja nokkurn veginn hið sama, og merking hins enska orðs má teljast alkunn hér á landi. Áfrýjandi notar vörumerki sitt sem nafn á tímariti, enda var það upphaflega skráð í Washington 4. maí 1937 fyrir vikurit. Tímaritið LIFE er þekkt hérlendis, og framkvæmdastjóra stefnda var kunnugt

um það. Stefndi notar orðið „líf" sem nafn á tímariti ætluðu almenningi. Verður samkvæmt þessu að telja hættu á, að villst verði á nafni tímarits stefnda og hinu skráða vörumerki. Enn fremur ber á það að líta, að ætla má, að vörumerki áfrýjanda hafi náð slíkri markaðsfestu, að heiti tímarits stefnda sé til þess fallið að vekja hjá almenningi þá trú, að um viðskiptatengsl milli aðilja sé að ræða.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og samkvæmt 37. gr., sbr. 1. og 4. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki ber að taka til greina dómkröfur áfrýjanda.

Málskostnaður til áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður ákveðinn 30.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefnda, Frjálsu Framtaki h/f, er óheimilt að nota orðið „líf" sem nafn á tímaritinu „líf."

Stefndi greiði áfrýjanda, Time, Incorporated, samtals 30.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar og Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við ekki verða villst á vörumerki áfrýjanda og tímaritsheiti stefnda, eins og það hefur verið notað. Því beri að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. júní sl., hefur Time, Incorporated, Rockefeller Center, New York, 10020, Bandaríkjum Norður-Ameríku, höfðað með stefnu, birtri 23. júlí 1980, á hendur Frjálsu Framtaki h/f, Ármúla 18, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær:

að dæmt verði, að stefnda sé óheimilt að nota orðið „LÍF" (þannig) sem titil á tímaritinu „LÍF" (þannig) og

að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Sótt er þing af hálfu stefnda, Frjáls Framtaks h/f, og þær dómkröfur gerðar, að félagið verði með öllu sýknað af kröfum stefnanda, Time, Incorporated, og stefnanda gert að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Mál þetta er risið af ágreiningi aðilja um notkun eða notkunarrétt á tveimur atvinnuauðkennum eða vörumerkjum á sviði útgáfustarfsemi, sem þeir telja til eignarréttar yfir. Er þar annars vegar um að ræða notkun stefnda á íslenska orðinu líf sem heiti á tímariti, er hann gefur út hér á landi og þannig sem vörumerki á sviði útgáfustarfsemi. Og hins vegar er það notkun stefnanda á enska orðinu LIFE einnig sem heiti á tímariti eða vörumerki á sviði útgáfustarfsemi eða réttur hans yfir því orði í þessu tilliti. Auðkenni stefnda er óskrásett, en stefnandi fékk skráð þann 14. september 1949 vörumerkið LIFE nr. 53/1949, og er merkinu lýst þannig í stjórnartíðindum 1949: „Innan ferstrendrar dökkrar umgerðar stendur orðið LIFE, efst með hvítum stöfum á ferstrendum rauðum fleti, en neðst er rauður ílangur flötur." Myndtímaritið LIFE hefur verið til sölu á alþjóðamarkaði. Tímaritið hóf göngu sína árið 1936, en var lagt niður fyrir nokkrum árum. Sama fyrirtæki hóf síðan aftur útgáfu tímarits með sama nafni eftir nokkurt hlé, eða árið 1978, og mun gefa það út enn sem mánaðarrit.

Stefndi, Frjálst Framtak h/f, starfar einnig sem útgáfufyrirtæki. Félagið var stofnsett árið 1970, en útgáfustarfsemi sú, er það stundar, var þó byrjuð okkrum árum fyrr. Félagið leggur einkum stund á útgáfu tímarita og gefur m. a. út tímaritin Frjáls verslun, Íþróttablaðið, Sjávarfréttir og Iðnaðarblaðið, sem öll eru sérrit, en auk þess t. d. upplýsingaritið Íslensk fyrirtæki.

Um áramótin 1977/1978 hóf félagið útgáfu á tískublaðinu líf, sem nú er talið eitt útbreiddasta tímarit landsins. Því er ætlað að koma út annan hvern mánuð, og var fyrsta tölublað þess dagsett í janúar 1978. Að undirstöðu til er það tískublað, sem birtir mikið af myndefni og greinum á því sviði. Jafnframt telur stefndi þar tekin til umfjöllunar málsefni úr daglega lífinu, listaheiminum og ýmislegt annað, sem ofarlega er á baugi. Það sé þannig sérrit, svipað og hin tímaritin, sem nefnd eru hér að ofan, með ívafi almenns efnis, eins og raunar gildi um sum þeirra. Stefndi heldur því fram, að nafn tímaritsins hafi verið valið að vandlega athuguðu máli og í samræmi við hlutverk þess. Nafnið er samsett úr orðunum líf og TÍSKUBLAÐ, sem bæði eru höfð á forsíðu tímaritsins. Heldur stefndi því fram, að það fyrrnefnda sé aðalheiti ritsins. Því sé ætlað að skírskota til ferskleika og jákvæðra viðhorfa ásamt því, að ritið sé ekki bundið við þröngt sjónarmið í efnisvali. Hið síðarnefnda eigi að minna á, að ritið sé tengt tilteknu áhugasviði. Á forsíðunni er nafninu komið þannig fyrir, að orðið líf er letrað

með stærri stöfum án upphafsstafs í efra horn vinstra megin, og er litur stafanna valinn eftir því, hver forsíðumyndin er hverju sinni. Orðið TÍSKUBLAÐ er hins vegar letrað með upphafsstöfum að tiltekinni gerð og öðrum lit en hitt orðið, yfirleitt hvítum, og eru stafirnir í því orði hafðir smærri. Síðara orðið er letrað áfast við fyrra orðið og þá yfirleitt neðan við það, en stundum til hliðar eftir því, hvernig forsíðumynd er háttað. Á forsíðu er ávallt konumynd.

Síðari hluta árs 1978 hafði stefnandi samband við stefnda og bar fram andmæli gegn notkun hans á tímaritsheitinu „LÍF" (þannig), sem stefndi væri útgefandi að. Var þetta gert með bréfi frá lögmanni stefnanda, dags. 1. ágúst 1978. Vísaði lögmaðurinn til þess, að stefnandi ætti skráð hér á landi vörumerkið LIFE nr. 53/1949 fyrir tímarit og væri heitið á tímariti stefnda bein þýðing á því vörumerki, sem bönnuð væri af vörumerkjalögum, auk þess sem merkið væri varið að höfundalögum. Lögmaður stefnda svaraði þessu bréfi lögmanns stefnanda 3. nóvember 1978. Í bréfinu var andmælunum vísað á bug, en jafnframt leitað eftir því, hvort einhverjir möguleikar væru á sáttum milli aðilja. Var í bréfinu gefið til kynna, að ekki væri um að ræða neinn raunverulegan árekstur milli hagsmuna aðilja og að ekki kæmi til álita að líta á heitið „LÍF" (þannig, sjá grg. stefnda) sem þýðingu á heitinu LIFE. Í framhaldi af þessu spunnust nokkur frekari bréfaskipti milli aðiljanna og sáttatilraunir lögmanna þeirra.

Þann 11. júlí 1979 fékk stefnandi skráð á Íslandi vörumerkið LIFE (með venjulegum upphafsstöfum), sem er nr. 151/1979, fyrir allar þær vörur, er taldar eru upp í alþjóðaflokki 16, og sama dag fengu þeir skráð á Íslandi vörumerkið LIFE (innan ferhyrnings), sem er nr. 152/1979, fyrir sömu vörur og í sama flokki.

Stefnandi segist byggja málssókn þessa m. a. á eftirfarandi lagaákvæðum:

„1) 1. mgr. laga nr. 47/1968 um Vörumerki,
2) 6. gr. a) sömu laga,
3) 6. gr. laga nr. 102/1961 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, svo og 10. gr. bis. sömu laga.
4) 9. gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, nú lög nr. 56 frá 16. maí 1978, 30. gr., um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti, sbr. lög nr. 102 frá 15. nóvember 1978,
5) 1. gr. höfundarlaga nr. 73 frá 29. maí 1972, sbr. 3. gr. sömu laga."

Til rökstuðnings tilvitnana í framangreind lagaákvæði tekur lögmaður stefnanda eftirfarandi fram:

„Um 1) Með skráningunni samkvæmt 1. mgr. vörumerkjalaganna höfum við öðlast einkarétt til þess að nota orðið „LIFE" og þar af leiðandi einnig þýðingu á því orði sem sérstakt auðkenni á tímaritinu „LIFE" (vörumerkjarétt), en vörumerkjaréttur þessi veitir okkur vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni merki þetta, sbr. 4. gr. vörumerkjalaganna.

Um 2) Hér er um að ræða aukna vernd á svokölluðum „world famous" vörumerkjum. Með þessu ákvæði hefur hin svokallaða „Kodak-kenning" verið lögfest hér á Íslandi, sbr. skýringar við a) lið 6. gr. vörumerkjalaganna, er fylgdu frumvarpinu, er það var lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi 1966—1967.

Í þessu sambandi skal bent á, að við höfum fengið vörumerki okkar „LIFE" skráð í samtals 126 löndum og notað það þar í fjölda mörg ár. Þessar skráningar okkar á LIFE um allan heim sýna, svo ekki verður um villst, að orðið LIFE uppfyllir öll skilyrði alþjóðlegra vörumerkjalaga til þess að njóta fyllstu verndar sem vörumerki. Á það má og benda í þessu sambandi, að vörumerki eru almennt ekki skráð án ítarlegrar rannsóknar vörumerkjaskrárritara, sbr. t. d. 14. gr. laga um vörumerki nr. 47/1968. Það er því ekki neinn vafi á því, að vörumerkið LIFE flokkast undir „heimsfræg vörumerki," og á það því að njóta þeirrar lagaverndar, sem 6. gr. a) liðs vörumerkjalaganna veitir slíkum merkjum.

Um 3) Samkvæmt 10. gr. þessara laga hefur Ísland skuldbundið sig að synja eða ógilda skráningu vörumerkis, sem felur í sér þýðingu, sem valdið getur misgripum á því og vörumerki, sem rétt yfirvöld í landi skráningarinnar telja öllum kunnugt vera sem eign aðila, sem hefur rétt til að njóta góðs af Parísarsamþykktinni og sem notað er fyrir samskonar eða svipaða framleiðslu. Í grein þessari er að vísu aðeins talað um ógildingu á „skráningu vörumerkis", en samkvæmt lögskýringum á þessu lagaákvæði í bókinni „GUIDE TO THE APPLICATION OF THE PARIS CONVENTION FOR THE PROTECTION OF INDUSTRIAL PROPERTY" eftir prófessor G.H.C. Bodenhausen, forstjóra United International Bureaux For The Protection of Internation Protection, bls. 90, þá nær þessi lagavernd jafnt til skráðra sem óskráðra vörumerkja, þ. e. einnig til notkunar á óskráðum vörumerkjum, eins og á stendur um vörumerkið „LIF." Samkvæmt 10. gr. bis sömu laga hefur Ísland skuldbundið sig til að tryggja borgurum sambandsins virka vernd gegn óréttmætri samkeppni, og er sérhver samkeppni, sem brýtur í bága við heiðarlegar venjur í iðnaði og verslun, álitin óréttmæt. Sérstaklega er bannað samkvæmt þessu lagaákvæði sérhver verknaður, sem er þannig, að hann — án tillits til þess, hvaða ráð eru notuð — er til þess fallinn að stuðla að því, að villst sé á fyrirtæki keppinautar,

vörum hans eða iðnaðar- eða verslunarstarfsemi hans. Teljum við tvímælalaust, að við eigum að njóta verndar samkvæmt þessu lagaákvæði.

Um 4) Þetta er það lagaákvæði, sem íslenskir dómstólar hafa svo að segja ætíð vitnað til, þegar notað er í atvinnustarfsemi verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eigarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Er ljóst, að við eigum að njóta þeirrar verndar, sem þetta lagaákvæði ákveður.

Um 5) Samkvæmt 1. og 3. gr. íslensku höfundarlaganna njótum við eignarréttar að orðinu „LIFE" svo og þýðingarréttar á því orði samkvæmt sömu lögum, þar sem viðurkennt er, að bókar- og blaðatitlar njóta sömu verndar og bókmenntaverk almennt. Þá viljum við og benda á þá staðreynd, að enda þótt skilyrði fyrir lögvernd vörumerkisins „LIFE" (LÍF) samkvæmt a) b) c) og d) hér að framan sé, að um ruglingshættu sé að ræða, þá teljum við, að réttur okkar til verndar á „LIFE" semkvæmt þessu lagaákvæði sé fyrir hendi, alveg án þess hvort nokkur hætta sé á ruglingi milli þessa orðs og orðsins „LÍF".

Að því er snertir hættuna á ruglingi milli tímaritanna LIFE og LÍF viljum við benda á, að ekki er hér aðeins um að ræða þýðingu á orðinu LIFE, heldur er staðsetningin á orðinu LÍF á forsíðu tímaritsins LÍF á nákvæmlega sama stað og á tímaritinu LIFE, þ. e. efst til vinstri. Hér er því um að ræða stælingu á svokölluðu „get up" á tímariti okkar „LIFE", og er þessi verknaður einn með öðru til þess fallinn að stuðla að því, að villst verði á tímaritunum, sbr. 10. gr. Parísarsamþykktarinnar (3) 1°."

Af hálfu stefnda er eftirfarandi tekið fram:

„Kröfur umbj. m. í máli þessu eru fyrst og fremst á því byggðar, að hann eigi fullan og óskoraðan rétt yfir því heiti, sem hann hefur valið tímaritinu LÍF, og þá fyrst og fremst einkarétt til að nota það sem sérstakt auðkenni (vörumerki) á tímaritinu, eins og hann gerir nú. Þennan rétt hefur hann öðlast með því að taka merkið í notkun, en sú aðferð til að öðlast vörumerkjarétt er hin elsta og frumlægasta og ekki síður rétthá en réttaröflun með skráningu. Hefur hún verið viðurkennd hér á landi, frá því að vörumerki komu til skjalanna hér. Í settum lögum er hún m. a. viðurkennd í 3. málsgr. 3. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 og í 9. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, sem nú er 30. gr. laga nr. 56/1978.

Stefndi telur með vísan til ofangreindra og annarra atvika, að þessi réttur hans til heitisins gildi ekki síður gagnvart stefnanda en öðrum. Jafnframt telur hann, að rétturinn gildi ekki einungis um allt heiti tímaritsins, þ. e. orðin LÍF Tískublað, heldur gildi hann eins, þótt litið sé á orðið LÍf eitt sér.

Í málinu er það krafa stefnanda, að stefnda verði talið óheimilt að nota

orðið LÍF sem heiti á tímaritinu LÍF. Samkvæmt framansögðu er kröfu þessari allskostar vísað á bug, og leyfi ég mér einkum að benda á eftirfarandi ástæður því til áréttingar auk þess sem að ofan greinir:

1. Stefnandi á ekki vörumerkjarétt yfir öðru en heitinu LIFE, og sá réttur er raunar háður margvíslegum takmörkunum samkvæmt eðli málsins og ytri atvikum. Sem hina fyrstu takmörkun má nefna það, að rétturinn tekur í raun ekki yfir orðið LIFE sem slíkt, þótt skráning 151/1979 kunni að gefa slíkt til kynna að einhverju marki, heldur er hann fyrst og fremst bundinn við þann frágang á orðinu, sem viðhafður er í heiti tímarits stefnanda, þ. e. útlit heitisins í notkun. Skráningin 53/1949, sem máli gæti skipt gagnvart umbj. m., er byggð á þessu sjónarmiði og gefur einmitt til kynna, að fyrirsvarsmenn stefnanda á þeim tíma hafi sjálfir haft þennan skilning á heitinu og möguleikunum til að halda uppi vörumerkarétti þess vegna. Hið sama má og segja um skráningu 152/1979.

2. Sem aðra takmörkun og samtvinnaða hinni fyrstu ber að nefna það, að orðið LIFE er ekki sérstaklega tilbúið heiti og ekki einu sinni sjaldgæft orð, heldur er það eitt algengasta orð tungunnar og fjallar um eitt af frumrænustu grundvallarhugtökum hennar, eða öllu heldur um lífið sjálft. Það er þannig sannkölluð þjóðareign í hverju landi og um leið eitt af þeim orðum, sem erfitt er eða útilokað að öðlast eiginlegan einkarétt yfir til notkunar í atvinnuskyni.

3. Jafnframt er á það að líta í þriðja lagi, að nafngiftavenjur í blaðaheiminum eru ekki til þess fallnar að stuðla að myndun einkaréttar, og hið sama má segja um viðhorf manna til blaðanna. Á þessum vettvangi ríkir rótgróin tilhneiging til að velja heiti blaða og tímarita úr tiltölulega þröngum hópi nafna eða orða almenns eðlis, eins og Times — Herald — Tribune — Post — Chronicle, svo tekin séu nokkur dæmi af dagblöðum á ensku máli, eða t. d. Morgunblaðið — Tíminn — Þjóðviljinn — Dagblaðið á Íslandi. Þessi nöfn eru yfirleitt ekki sérkennandi í sjálfu sér, heldur verða þau að njóta stuðnings í öðru til að halda einkaréttarvernd, svo sem viðbótarorðum í nafninu (t. d. afmarkandi staðarheitum), sérstöku útliti eða frágangi eða kunnugleika almennings á blaðinu. Og í viðhorfi manna til blaða og tímarita ríkir á sama hátt föst tilhneiging til að persónugera ritin og líta á þau sem persónur fremur en hluti eða nöfn. Telja verður að orðið LIFE sé í tölu þeirra heita, sem hér um ræðir, eða eru undir áhrifum frá þessum aðstæðum. Í þessum tilfellum er það ekki heitið sem slíkt, heldur heildarmynd ritsins að meðtöldu tilliti til hlutverks þess, útgáfuaðildar o. s. frv., sem segir til um réttarverndina.

4. Í skjölum stefnanda er því mjög haldið á loft, að heitið LIFE sé heimfrægt. Sú heimsfrægð, ef um er að ræða, getur þó alls ekki talizt tengd nafninu LIFE sem slíku, heldur tímaritinu LIFE, er stefnandi gaf út sem lengst, „persónu" þess og frágangi.

5. Um leið fylgir það þessari frægð, að menn þekkja ekki aðeins nafnið, heldur vita meiri deili á því, sem bak við það er en ella mundi. Meðal annars vita menn, að um er að ræða tímarit gefið út erlendis á ensku (eins og nafnið gefur itl kynna) og fyrir alþjóðamarkað, en ekki staðbundið rit á máli heimamanna.

6. Krafa stefnanda er annars fyrst og fremst á því byggð, að heitið LÍF feli í sér þýðinug á heitinu LIFE. Þessu verður að vísa á bug sem hreinni fjarstæðu, einkum með tilliti til þess, að í hlut eiga ómissandi grundvallarorð í tungumálunum tveimur. Það sjónarmið, að um þýðingu sé að tefla, á hreinlega ekki við, auk þess sem engin þýðing fór fram í reynd.

7. Varðandi þýðingar hefur stefnandi mjög skírskotað til þess, sem á er kveðið um það efni í 6. gr. Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttindum (sic) á sviði iðnaðar. Telja verður, að þau ákvæði skipti engu máli, eins og hér stendur á, en auk þess er ljóst, að íslenzku vörumerkjalögin hljóta að teljast fullnægja þeim kröfum, er samþykktin gerir um réttarvernd í hverju landi, þannig að ákvæði hennar eigi ekki beint við. — Um samþykktina ber annars að benda á, að ákvæði hennar eru gagnkvæm, þannig að stefnanda ber að virða hana gagnvart stefnda ekki síður en hitt.

8. Varðandi þýðingar er ennfremur rétt að taka fram, að málið Fólksvagn — Volkswagen verður að teljast allskostar frábrugðið þessu máli, þar sem um gagnólík orð var að ræða að eðli og útliti og einnig um gagnólíka starfsemi.

9. Í annan stað hefur stefnandi fært það fram, að notkun umbj. m. á heitinu LÍF fari í bága við 1. gr. höfundarlaga nr. 72/1972. Þessu er alfarið mótmælt, en um leið er bent á, að greinin gæti því aðeins átt við, að litið væri á vörumerki stefnanda sem myndrænt listaverk. Það skal fúslega viðurkennt, að skráningunni nr. 53/1949 kann að vera stefnt að slíku, sbr. 1. lið hér að ofan, en á hinn bóginn er ljóst, að myndræn samlíking við merki umbj. m. fær ekki staðizt, þannig að um brot væri ekki að ræða þegar af þeirri ástæðu.

10. Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að merkjum eða tímaritsheitum málsaðila sé þannig háttað, að villast megi á þeim, og fari þá notkun

umbj. m. á heitinu LÍF í bága við 9. gr. laga nr. 84/1933, sem nú er 30. gr. laga nr. 56/1978, auk vörumerkjalaga. Því er harðlega mótmælt, að nokkur slík ruglingshætta komi til greina, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

a. Tímarit málsaðila eru ólík að efni og hlutverki, þar sem annað er almennt myndatímarit, en hitt er fyrst og fremst tízkublað.

b. Þess er og að gæta, að orðið TÍZKUBLAÐ er með í tímaritsheiti umbj. m.

c. Tímaritin eru ólík að útliti, m. a. á forsíðu, og heiti þeirra rituð með alls ólíkum hætti. Eru þau þannig „merkt" á mismunandi hátt í bókstaflegum skilningi. Enda þótt heitin séu svipað staðsett á forsíðunni, er það ekki af öðru en myndtæknilegum ástæðum og í samræmi við algengustu tilhögun.

d. Tímarit stefnanda er gefið út á ensku af bandarísku fyrirtæki og selt á því máli á alþjóðavettvangi. Tímaritið LÍF hefur hinsvegar haslað sér völl sem íslenzkt tímarit og er gefið út á íslenzku. Er útgefandi þess íslenzkt fyrirtæki og ekki síður þekktur hér á landi en útgefandi LIFE er í Bandaríkjunum. Vegna þessa og annarra aðstæðna mundi engum koma til hugar, að tímarit stefnda væri runnið frá stefnanda, fremur en hið gagnstæða.

11. Ég leyfi mér sérstaklega að árétta þann mun, sem um ræðir í c - lið, á útliti forsíðnanna og rithætti tímaritsheitanna. Þessi atriði skipta höfuðmáli, og er m. a. rétt að leggja á það áherzlu fyrir þá sök, hve stefnandi sjálfur hefur gert sér ljósa grein fyrir því í meðferð sinni á nafninu LIFE. Hann hefur einmitt gert sér far um að skapa nafninu tiltekna myndræna umgerð og vernda hana með skráningu og notkun og hefur ekki breytt þeirri umgerð að marki, enda þótt 45 ár séu liðin síðan notkun hans á nafninu hófst. Sýnir þetta öðru betur, að það er ekki nafnið eitt, sem einkaréttarverndar nýtur, heldur hin tiltekna ímynd, sem stefnandi hefur gefið því.

12. Í fjórða lagi telur stefnandi, að merki hans sé heimsþekkt eða alkunnugt í merkingu a-liðs 2. mgr. 6. gr. vörumerkjalaganna og eigi því að njóta einhverrar aukinnar verndar gagnvart stefnda. Um þetta má segja annars vegar, að hið tilvitnaða ákvæði á væntanlega ekki við í þessu máli, þar sem tímarit aðilanna mega sennilega teljast vörur svipaðrar tegundar, sbr. 1. mgr. 6. gr., enda þótt þau séu innbyrðis ólík. Umbj. m. gerir þó fyrirvara um þetta atriði að svo stöddu sem og um kunnugleikann.

En á hinn bóginn er á það að benda, eins og gert hefur verið hér að framan, að heimsfrægðin er ekki endilega fallin til að auka rugling, heldur getur hún einmitt og öllu fremur stutt að hinu gagnstæða. Þannig er því einmitt farið í þessu máli, svo sem eðlilegt er í því athafnasviði, er hér um ræðir. Að því leyti sem merkið LIFE er kunnugt eða alkunnugt hér á landi, er það kunnugt sem erlent tímarit á vegum erlends aðila, þ. e. stefnanda, á þann hátt, að hinum kunnugu mundi ekki hætta til að rugla því saman við tímarit stefnda.

13. Þótt ætla megi, að tímarit stefnanda hafi verið selt mikið og víða, a. m. k. hið eldra LIFE, má einnig telja ljóst, að það hafi ekki verið hið eina tímarit í heiminum með þessu nafni á ferli sínum, jafnvel ekki í Bandaríkjunum, og sé það ekki heldur í dag. Í fyrsta bréfi undirritaðs til lögmanns stefnanda vegna máls þessa var skorað á stefnanda að veita nánari upplýsingar um þetta atriði, þ. e. hvort tímarit með svipuðu nafni og LIFE hafi verið til í hinum ýmsu þjóðlöndum, þar sem tímarit stefnanda hafa verið seld og/eða merki hans skráð. Stefnandi hefur færzt undan að sinna þessari áskorun, og er því ástæða til að ítreka hana hér með, m. a. í tilefni af staðhæfingum hans skv. undanfarandi lið. Af hálfu stefnda er því annars haldið fram, að um sé að ræða álitlegan fjölda slíkra rita. Sem dæmi má nefna, að í Bandaríkjunum eru gefin út ritin BOY'S LIFE (á vegum skátahreyfingarinnar) og Camera LIFE, og í Hollandi er nú gefið út tímaritið LEEF. Mætti og telja það til nokkurra stórmerkja, ef stefnandi ætti að geta lagt undir sig alla notkun á orðinu LÍF til útgáfustarfsemi í heiminum.

14. Auk framanritaðs leyfi ég mér sérstaklega að árétta, að ekki er um að ræða af hálfu stefnda neinn ásetning um að líkja eftir merki stefnanda eða notfæra sér það, enda hefðu fyrirsvarsmenn LÍFs þá staðið öðruvísi að verki. Þvert á móti voru þeir að efla orðstír eigin fyrirtækis.

15. Þess er og að geta, að hin endurnýjaða útgáfa tímaritsins LIFE mun ekki hafa verið byrjuð, þegar LÍF hljóp af stokkunum, að því leyti sem slíkt skiptir máli."

Fyrirsvarsmaður stefnda, Jóhann Briem, hefur komið fyrir dóm og svarað spurningum lögmanns stefnanda. Hér þykir ekki ástæða til að rekja þann framburð, þar sem ekkert nýtt kom fram.

Álit dómsins.

Að framan er lýst skráðum vörumerkjum stefnanda, en meginatriði þeirra er enska orðið life, ritað upphafsstöfum. Stefndi hefur ekki notað

íslenska orðið líf með þeim hætti, sem greinir í kröfugerð stefnanda. Engu að síður er rétt að taka fyrst til athugunar, hvort stefnandi geti lagt almennt bann við því, að stefndi noti íslenska orðið líf sem heiti tímarits, þar sem það heiti fari í bága við rétt stefnanda samkvæmt nefndum vörumerkjum. Heiti tímarits stefnda er ekki þýðing á orði, sem stefnandi hefur búið til, og telja verður ósannað, að stefndi miði með notkun heitisins gagngert að því að tileinka sér ávinning, sem tengdur er vörumerkjum stefnanda. Bæði enska orðið life og íslenska orðið líf eru algeng orð daglegs máls. Samkvæmt þessu verður ekki litið svo á, að stefnandi geti lagt almennt bann við því, að stefndi noti íslenska orðið líf sem heiti tímarits, án tillits til uppsetningar, stafagerðar og frágangs heitisins að öðru leyti.

Kemur þá næst til athugunar, hvort notkun stefnda á íslenska orðinu líf sem heiti umrædds tímarits fari í bága við réttindi stefnanda. Enska orðið life og íslenska orðið líf eru bæði eins atkvæðis orð og svipaðrar merkingar. Engu að síður er augljós munur á skráðum vörumerkjum stefnanda og tímaritsheitinu líf, svo sem það hefur verið notað af stefnda. Orðið life í vörumerki stefnanda ber skýr einkenni uppruna síns í ensku máli. Íslenska orðið líf ber ótvíræð einkenni íslenskrar tungu. Er að þessu leyti áberandi munur á þessum orðum. Enska orðið endar á e, sem gerir það óíslenskulegt. Íslenska orðið er án þeirrar endingar og er að auki ritað með breiðum sérhljóða. Framburður þessara orða er ólíkur, svo sem flestum mönnum er ljóst hér á landi. Orðið life í vörumerkjum stefnanda er ritað upphafsstöfum einum, en líf í heiti tímarits stefnda hefur jafnan verið ritað litlum stöfum. Þar við bætist, að orðið tískublað hefur jafnan verið tengt orðinu líf í tímaritsheiti stefnda. Verður því að telja ótvírætt, að um svo gagngeran mun sé að ræða á vörumerkjum stefnanda og tímaritsheitis stefnda, eins og það hefur verið notað af honum, að hverfandi líkur séu á nokkrum ruglingi.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður ekki talið, að stefndi hafi með umræddri notkun orðsins líf brotið í bága við réttindi stefnanda samkvæmt umræddum vörumerkjum. Ekki verður heldur fallist á, að stefndi hafi brotið neinn rétt stefnanda samkvæmt höfundalögum.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda upp í málskostnað kr. 5.000.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Gauki Jörundssyni prófessor og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Frjálst Framtak h/f, skal sýkn af kröfum stefnanda, Time, Incorporated.

Stefnandi, Time, Incorporated, greiði stefnda, Frjálsu Framtaki h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1983.

Nr. 271/1981. **Jóna Hjaltadóttir og Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Agnari Eggerti Jónssyni og Guðrúnu Unni Rafnsdóttur
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1981. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Málatilbúnaður áfrýjenda er á því byggður, að stefnda Guðrún Unnur „hafi ein valdið árekstrinum og átt alla sök á honum með því að virða að vettugi biðskyldu við nefnd gatnamót og aka inn á aðalbraut í veg fyrir Ö 5393, er sú bifreið kom aðvífandi eftir aðalbraut í fyllsta umferðarrétti.“ Er því haldið fram, að biðskyldan sé fortakslaus og alger og að hún taki til allrar umferðar um akbrautina, sem ekið er inn á, en ekki skipti máli í því efni, hvort umferð komi frá vinstri eða hægri. Er því haldið fram, að stefndu Guðrúnu Unni hafi borið að nema staðar við Hafnarfjarðarveg og ekki aka inn á veginn, fyrr en bifreiðar þær, sem ekið var suður veginn, en þeim átti að aka eftir vestari vegarhelmingi, væru komnar fram hjá.

Stefnda Guðrún Unnur hugðist aka í norðurátt, og bar henni því að nota eystri vegarhelming Hafnarfjarðarvegar.

Þá halda áfrýjendur því fram, að reglur 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 um bann við framúrakstri við vegamót grundvallist eingöngu á hættu samfara því, að ökutæki, sem á undan fer, sé beygt til vinstri á vegamótum. Sé framúrakstur því heimill við þessi vegamót, þar sem einstefnuakstur sé á tengibrautinni.

Á þessar skoðanir áfrýjenda verður ekki fallist.

Ekki er ljóst, með hvaða hraða bifreiðinni Ö 5393 var ekið, er árekstur varð. Verður því akstursmáti stefndu Jónu Hjaltadóttur ekki heimfærður undir ákvæði 49. gr. umferðarlaga.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jóna Hjaltadóttir og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefndu, Agnari Eggerti Jónssyni og Guðrúnu Unni Rafnsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., hafa Agnar Eggert Jónsson og Guðrún Unnur Rafnsdóttir, Furugrund 22, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu með ódagsettri áritun um birtingu, en þingfestri 9. apríl 1981, á hendur Jónu Hjaltadóttur leigubifreiðarstjóra, Borgarbraut 22, Njarðvík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, óskipt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 9.127.00 með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til þingfestingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra óskipt að mati dómara.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að laugardaginn 5. júlí 1980 hafi orðið árekstur með bifreiðunum Y 4793 og Ö 5393 í Reykjavík á mótum Hafnarfjarðarvegar og tengivegar frá Kringlumýrarbraut. Hafi stefnda Jóna ekið bifreið sinni, Ö 5393, Oldsmobil leigubifreið, suður Hafnarfjarðarveg, en stefnandinn Guðrún Unnur hafi ekið fólksbifreiðinni Y 4793, Mitchubisi, vestur tengiveginn að Hafnarfjarðarvegi. Eigandi Y 4793 hafi verið stefnandinn Agnar Eggert og hafi báðar bifreiðarnar verið vátryggðar hjá Samvinnutryggingum. Biðskylda sé á tengiveginum gagnvart Hafnarfjarðarvegi. Hafi Guðrún Unnur stöðvað Y 4793 við vegamótin, litið eftir umferð og séð Ö 5393 vera ekið á eftir annarri bifreið suður Hafnarfjarðarveg á hægri vegarhelmingi. Hafi Guðrún Unnur því ekið af stað áleiðis norður Hafnarfjarðarveg. Hafi ökukona Ö 5393 þá skyndilega hafið framúrakstur og sveigt yfir á vinstri vegarhelming. Guðrún Unnur hafi þegar stöðvað og sveigt Y 4793 að hægri vegarbrún, en bifreið stefndu hafi skollið með vinstri hlið á vinstra framhorn Y 4793. Mikið tjón hafi orðið á bifreiðunum og hafi Y 4793 ekki verið talin viðgerðarhæf. Þá hafi Guðrún Unnur hlotið nokkrar ákomur.

Stefnandinn Guðrún Unnur Rafnsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hefði verið á leið úr Kópavogi til Reykjavíkur, þegar áreksturinn varð. Hún kvaðst hafa stöðvað bifreið sína við vegamótin að Hafnarfjarðarvegi og litið eftir umferð og hafi hún þá séð bifreið stefndu á réttum vegarhelmingi á eftir öðrum bíl. Umferð hafi ekki verið norður Hafnarfjarðarveginn. Hafi hún því ekið inn á Hafnarfjarðarveginn í norður. Mætta (sic) kvaðst hafa stöðvað bifreið sína, þegar hún varð vör við bifreið stefndu Jónu á röngum vegarhelmingi, og hafa talið, að hún mundi sleppa fram hjá bifreið stefndu, en þá hafi stefnda bremsað um leið og hafi afturendi bifreiðar stefndu kastast á bifreið mættu (sic). Engin umferð hafi verið norður Hafnarfjarðarveg.

Mætta (sic) kvaðst hafa verið barnshafandi, komin tæpa sjö mánuði á leið, og hafi slysið haft slæmar afleiðingar fyrir sig andlega og hafi hún ekki treyst sér til að halda áfram vinnu sökum ótta um fóstrið. Því hafi hún tekið sumarleyfi sitt viku fyrr en hún ætlaði sér.

Stefnda Jóna Hjaltadóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hafi verið á leið suður Hafnarfjarðarveg, þegar áreksturinn varð, og hafi bíll verið á undan henni, sem hafi ekið ákaflega misjafnt, stundum mjög hægt, en stundum hafi hann aukið hraðann upp í eðlilega ferð. Mætta (sic) kvað rétt eftir sér haft á lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, nema kvað orðalag væri ekki það, sem hún hugsaði sér varðandi það, að hún kvaðst ekki hafa athugað eða hugsað um það, að hún væri á Hafnarfjarðarveginum, en ekki Kringlumýrarbraut, og því getað búist við umferð inn á veginn

frekar. Hún kvaðst vera vön að aka alltaf suður Kringlumýrarbraut, þegar hún aki suður eftir, en í þetta sinn aki hún suður Hafnarfjarðarveg, en hugsi ekki eins um það. Ekki endilega, að hún slái því föstu, að hún sé á Kringlumýrarbrautinni. Hún kvaðst ekki hafa átt von á umferð á móti, enda hafi engin umferð verið á móti. Hún hafi ekið fram úr bílnum, sem á undan ók, vegna þess að akstursmáti hans hafi þreytt sig og þess vegna hafi hún ekið yfir á hina akreinina og ætlað sér að aka hana og hafi hún verið komin á hlið við bifreiðina, þegar bifreið Guðrúnar Unnar kom út úr gatnamótunum. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa orðið vör við bifreið Guðrúnar Unnar, fyrr en hún var komin alveg við hliðina á sér. Hún kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort bíll hennar hefði stöðvað, hann gæti hafa staðið á gatnamótunum, án þess að hún hefði tekið eftir honum, en þegar hún hafi séð hann, hafi hún verið á hlið við hinn bílinn og þar af leiðandi hafi hún ekkert getað gert. Hafi hún því reynt að draga úr hraða, annað hafi hún ekki getað gert til að forða árekstri (sic). Hún kvað bíl Guðrúnar Unnar hafa verið ekið beint inn í götuna og hafi hann ekið í hliðina á sínum bíl. Mætta (sic) kvaðst ekki hafa orðið vör við, að bíll hennar kastaðist til, þegar hún bremsaði.

Vitnið Sturla Snorrason skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, að hann hefði verið farþegi í Y 4793, þegar árekstur inn varð, og hafi hann setið í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kvað Guðrúnu Unni hafa stöðvað bifreið sína við gatnamótin að Hafnarfjarðarvegi, en síðan ekið henni af stað. Þá hafi þau veitt bifreiðinni Ö 5393 athygli. Er vitnið sá bifreiðina, hafi hún verið að byrja framúrakstur nokkru fyrir norðan gatnamótin. Hafi bifreiðin verið nokkuð á ská á götunni, enda að komast út fyrir bifreiðina, sem á undan var. Ökumaður Y 4793 hafi strax beygt bifreiðinni út í götukantinn og stöðvað og verið kyrrstæð, þegar árekstur inn varð. Ökumaður Ö 5393 hafi verið að beygja aftur inn á réttan vegarhluta, þegar afturhluti bifreiðarinnar kastaðist til og árekstur varð. Hafi ökumaður Ö 5393 ekki skýrt rétt frá, þegar skýrsla var tekin af honum, því að bifreið hans hafi ekki verið ekið á vinstri hluta götunnar fram að þeim tíma, sem framúraksturinn byrjaði. Á undan bifreið Guðrúnar Unnar hafi verið bifreið ca 100 — 150 metrum framar og hafi hún sloppið alveg við bifreið stefndu, og staðfesti það, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið á röngum vegarkanti.

Vitnið Gunnlaugur Hjálmarsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, að hann hafi ekið næstur á eftir bifreiðinni Y 4793 norður Kringlumýrarbraut og síðan tengibraut að Hafnarfjarðarvegi. Bifreiðin hafi stöðvað við gatnamótin og síðan hafi verið eins og ökumaðurinn færi af stað, en stöðvaði síðan aftur. Vitnið kvaðst hafa veitt svartri bifreið athygli, sem kom suður Hafnarfjarðarveginn, og hafi henni verið ekið hratt. Vitnið

kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvar hún væri staðsett. Síðan hafi höggið komið, og kvaðst vitnið telja alveg víst, að Y bifreiðin hafi verið kyrrstæð, er árekturinn varð. Ö bifreiðin hafi snúist til á götunni og runnið aftur á bak fram hjá gatnamótunum og hafi drifskaftið flogið í loft upp.

III.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að ökukona Ö 5393 eigi ein alla sök á árekstrinum með gálausum og ólögmætum akstri, og sé kröfunum beint að stefndu með stoð í 68. gr., 1. og 2. mgr. 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Stefnda Jóna hafi hafið framúrakstur og ekið bifreið sinni á miklum hraða yfir á öfugan vegarhelming við vegamótin og á bifreið stefnenda þar kyrrstæða. Varði akstur stefndu Jónu einkum við 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. svo og 49. gr. umferðarlaga. Við Guðrúnu Unni sé ekki að sakast. Hún hafi ekki átt að þurfa að reikna með því, að bifreiðar hæfu framúrakstur og ækju yfir á rangan vegarhelming við vegamótin, þar sem slíkt sé bannað skv. umferðarlögum. Hafi Guðrúnu Unni því verið heimilt að aka af stað áleiðis inn á Hafnarfjarðarveg, eins og hún gerði. Þá hafi Guðrúnu Unni tekist þrátt fyrir óvæntan og ólöglegan akstur stefndu Jónu að stöðva bifreið sína, áður en hún var komin inn á Hafnarfjarðarveg svo nokkru næmi, þannig að nóg pláss var fyrir stefndu Jónu til að aka fram hjá á hinum öfuga vegarhelmingi. Eigi að síður hafi stefndu Jónu tekist að valda árekstri. Sú afsökun stefndu Jónu, að hún hafi talið sig vera á Kringlumýrarbraut á vinstri akrein, leysi hana ekki undan sök og ábyrgð á árekstrinum. Því sé ekki við Guðrúnu Unni að sakast og ekki efni til sakarskiptingar. Túlkun stefndu á 47. gr. umferðarlaganna eigi ekki lagastoð.

Dómkröfur stefnenda sundurliðast þannig:

A. Kröfur Agnars Eggerts Jónssonar:		
1. Óbættur hluti verðmætis Y 4793		kr. 2.300.00
2. Dagpeningar vegna afnotamissis Y 4793		— 1.800.00
	Samtals	kr. 4.100.00
B. Kröfur Guðrúnar Unnar Rafnsdóttur:		
1. Bætur fyrir þjáningar og annan miska		kr. 5.000.00
2. Kostnaður vegna komu á slysadeild		— 27.00
	Samtals	kr. 5.027.00

Um A 1. Bifreið Agnars Eggerts, Y 4793, hafi verið húftryggð með sjálfsáhættu að fjárhæð kr. 2.300.00 (gkr. 230.000), sem sé óbætt vegna bifreiðarinnar.

Um A 2. Bifreiðin Y 4793 hafi verið óviðgerðarhæf eftir áreksturinn og hafi Agnar Eggert keypt aðra bifreið þann 21. júlí 1980 og sé krafist bóta fyrir afnotamissi bifreiðar tímabilið frá árekstursdegi 5. júlí 1980 til 21. júlí 1980, eða í 15 daga, kr. 120.00 á dag, eða samtals kr. 1.800.00. Höfð sé hliðsjón af daggjaldi bílaleigubifreiðar.

Um B 1. Guðrún Unnur hafi hruflast á höfði og hnjám við áreksturinn. Hún hafi verið barnshafandi og var flutt með sjúkrabifreið á slysadeild til athugunar. Hún hafi óttast mjög um fóstrið og komst úr andlegu jafnvægi við slysið, sem leiddi til þess, að hún varð að hætta vinnu og taka sér frí til þess að jafna sig. Hafi sumarfrí hennar að nokkru farið til þess. Sé kröfulið þessum í hóf stillt, þegar litið sé til þeirra andlegu þjáninga, er Guðrún Unnur varð fyrir í þessu sambandi.

Um B 2. Þessi kröfuliður sé byggður á dskj. nr. 7.

Stefndu styðja sýknukröfur sínar þeim rökum, að stefnandinn Guðrún Unnur hafi ein valdið árekstrinum og átt alla sök á honum með því að virða að vettugi biðskyldu við nefnd gatnamót og aka inn á aðalbraut í veg fyrir Ö 5393, er sú bifreið kom aðvífandi eftir aðalbraut í fyllsta umferðarrétti. Biðskylda sé fortakslaus og alger. Hún taki til allrar umferðar um akbrautina, sem ekið sé inn á, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki, sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Skipti ekki máli í því efni, hvort umferð komi frá vinstri eða hægri eða hvort ökutæki sé í framúrakstri vinstra megin á akbrautinni, sem biðskyldunnar njóti. Framúrakstur sé heimill við vegamót sem þessi, þar sem einstefnuakstur sé á tengibrautinni og því alls ekki um það að ræða, að bifreið á undan Ö 5393 yrði sveigt til vinstri inn á tengibrautina. Regla 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga, sem leggi bann við framúrakstri á vegamótum, grundvallist alfarið á hættu samfara því, að ökutæki, sem á undan fer, beygi til vinstri á vegamótum. Samkvæmt þessu sé einsætt, að sú réttarstaða, sem stefnendur byggi málssóknina á, sé á misskilningi byggð og mistúlkun á 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga og fái alls ekki staðist að lögum.

Ósannað sé, að Y 4793 hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð, eða að bifreiðinni hafi verið sveigt undan. Skemmdir á bifreiðunum, ekki síst á Ö 5393, gefi þvert á móti til kynna, að Y 4793 hafi verið á ferð, er áreksturinn varð. Stefnandinn Guðrún Unnur segist hafa reynt að víkja og hemla. Ekill í næstu bifreið á eftir henni ályktí í framburði sínum, að Y 4793 hafi verið stöðvuð. Farþegi í Y 4793 fullyrði þetta. Það liggi því ekki fyrir lögfull sönnun um þetta atriði. Þetta skipti þó ekki máli, það eina, sem hér skipti máli, sé sú staðreynd, að Y 4793 hafi verið ekið af hliðarvegi inn

á mjög fjölfarna akbraut, sem biðskyldu njóti, í veg fyrir aðvífandi bifreið á þeirri akbraut. Með því hafi öryggi þeirrar bifreiðar og annarra hagsmuna í næstu grennd verið stefnt í mikla og bráða hættu og ekill Ö 5393 knúinn til neyðarviðbragða, sem vandséð hafi verið, að hann gæti haft á valdi sínu, án þess að til einhvers ófarnaðar leiddi.

Um bótakröfur stefnenda.

Um A 1. Lið A 1 er ekki mótmælt.

Um A 2. Lið A 2 er mótmælt sem allt of háum, þó aðeins þeirri upphæð, sem reiknuð er á dag vegna afnotamissis. Y 4793 hafi verið einkabifreið. Engar upplýsingar liggi fyrir um notagildi bifreiðarinnar. Bætur geti ekki numið nema broti þeirrar upphæðar, sem krafist sé.

Um B 1. Stefnandinn Guðrún Unnur hafi hlotið markúlu á höfuð og smáhrufl á hné. Í læknisvottorði á dskj. nr. 7 komi fram, að áverkar þessir hafi verið svo sáralítilvægir, að þeir hafi ekki verið taldir veita tilefni til sérstakrar rannsóknar né heldur meðferðar. Andlegt áfall hafi verið í lágmarki. Kröfugerðinni vegna miska sé mótmælt sem hreinni fjarstæðu.

Um B 2. Þesum kröfulið er ekki mótmælt.

IV.

Samkvæmt framburði stefndu Jónu sveigði hún yfir á vinstri akbraut, skömmu áður en slysið varð, til þess að aka fram úr bifreið, sem ók næst á undan henni. Hún taldi sig vera á tveggja akreina akbraut með einstefnu í suður og hugði því ekki að mótumferð og taldi sig ekki hafa átt von á umferð inn á veginn. Samkvæmt framburði stefnandans Guðrúnar Unnar og vitnisins Sturlu Snorrasonar hóf Guðrún Unnur akstur bifreiðarinnar Y 4793 inn á Hafnarfjarðarveg örskömmu áður, eftir að hafa gætt biðskyldu sinnar skv. 2. og 3. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968, en stefnda Jóna hefur borið, að hún hafi ekki orðið bifreiðarinnar vör, fyrr en hún var komin á hlið við sína bifreið. Verður því að leggja framburð ofangreindra aðilja til grundvallar um þetta atriði, enda hefur þeim framburði ekki verið hnekkt. Þá styður framburður vitnisins Gunnlaugs Hjálmarssonar enn fremur þá fullyrðingu Guðrúnar Unnar og Sturlu, að bifreiðin Y 4793 hafi verið stöðvuð, þegar árekturinn varð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir mega fallast á það með stefnendum, að stefnda Jóna hafi með aksturmáta sínum gerst brotleg við 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr. og 49. gr. laga nr. 40/1968, sem leiddi til þess, að árekstur varð. Þá er ósannað, að stefnandinn Guðrún Unnur hafi á einhver hátt orðið meðvöld að árekstrinum með ógætilegum akstri iín á Hafnarfjarðarveg. Ber því að leggja alla sök á árekstrinum á stefndu Jónu, og ber stefndu að bæta stefnendum tjón þeirra að fullu.

Verður nú vikið að hinum einstöku kröfuliðum:

Kröfulið A 1 er ekki mótmælt, og verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Kröfulið A 2 er mótmælt sem allt of háum, en ekki er vefengdur tími afnotamissis bifreiðarinnar. Stefnandinn Agnar Eggert hefur ekki sýnt fram á, hvert raunverulegt tjón hans vegna afnotamissis bifreiðarinnar var, og þykir tjón hans hæfilega metið kr. 900.00 fyrir allt tímabilið.

Kröfulið B 1 er mótmælt sem allt of háum. Með hliðsjón af framkomnum upplýsingum um áverka stefnandans Guðrúnar Unnar þykja miskabætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 1.000.00.

Kröfulið B 2 hefur ekki verið andmælt, og verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Vaxtakröfu stefnenda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hún því tekin til greina.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefndu greiði stefnendum óskipt kr. 2.600.00 í málskostnað.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóna Hjaltadóttir og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda Agnari Eggerti Jónssyni kr. 3.200.00 og stefnanda Guðrúnu Unni Rafnsdóttur kr. 1.027.00, allt með 35% ársvöxtum frá 5. júlí 1980 til 9. apríl 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma. Þá greiði stefndu stefnendum óskipt kr. 2.600.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Vonin h/f

gegn

Birgi Guðmundssyni
Guðmundi R. Guðmundssyni
Halldóri Guðmundssyni og
Ríkharði Mássyni sýslumanni.

Kærumál. Frávísun. Leiðrétting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinni kærðu ákvörðun til Hæstaréttar með kæru 14. október 1983 með skírskotun til 3. tl. 21. gr. svo og niðurlags 21. gr. laga nr. 75/1973. Barst kæran Hæstarétti 27. október 1983. Sóknaraðili krefst þess, „að endurupptaka fógetaréttar Strandasýslu hinn 14. 10. 1983 í máli þessu verði felld úr gildi og að málskostnaðarákvæði úrskurðarins verði úr gildi felld.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 13. júlí 1983 beiddist sóknaraðili þess af sýslumanni Strandasýslu að hann tæki v/b Vonina II., SF 5, með beinni fógetagerð úr umráðum varnaraðilja Birgis, Guðmundar og Halldórs og fengi sér bátinn í hendur. Þá kröfu reisti sóknaraðili á því, að varnaraðiljar hefðu vanefnt svo kaupsamning um bátinn, er þeir höfðu gert við sóknaraðilja, að sóknaraðili hefði rift samningnum.

Með úrskurði 23. ágúst 1983 synjaði fógeti um innsetningu. Segir svo í úrskurðinum:

„Ekkert hefur komið fram í máli þessu um augljósan og ótvíræðan rétt gerðarþola til að ná umráðum yfir v/b Voninni II., SF 5, eða ástæður, sem leiði til þess, að gerðarbeiðandi geti með beinni fógetagerð fengið afhenta þessa eign gerðarþola.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 80.000.00. Ber málskostnaðarfjárhæðin

dráttarvexti frá dómbirtingardegi til greiðsludags, dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Ríkharður Másson, sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Þ v í ú r s k u r ð a s t:

Umbeðin gerð fer ekki fram"

Hinn 14. október 1983 setti Ríkharður Másson sýslumaður fógetarétt Strandasýslu að Túngötu 14 í Reykjavík. Tók hann þar fyrir á ný áðurgreint fógetaréttarmál. Var þá skráð í fógetaréttarbók:

„Mættir voru lögmenn aðila, Ingvar Björnsson hdl. og Kristján Stefánsson hdl.

Með vísun til 195. gr., 2. mgr., laga 85/1936 hefur dómari kallað fyrir sig málflytjendur málsaðila og bent þeim á, að í úrskurðarorði í úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Strandasýslu hinn 23. ágúst 1983 í máli þessu, sé um að ræða bersýnilega skekkju, sem hann hefur ákveðið að leiðrétta. Niður hefur fallið að geta málskostnaðar og aðfararhæfis á úrskurðarorði. Dómari óskar eftir því, að eftirrit úr fógetabók verði afhent dómara til leiðréttingar. Með vísun til framanritaðs skal úrskurðarorð hljóða svo:

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin gerð fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi, Vonin h.f., greiði gerðarþolum kr. 80.000.00 í málskostnað með dráttarvöxtum frá dómbirtingu til greiðsludags, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni af skuldum utan lánastofnana, innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurður þessi er aðfararhæfur."

Lagaheimild skortir til að kæra til Hæstaréttar þá athöfn fógeta, sem að framan er greind. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti, án þess að um það verði fjallað, hvort breytingar þær, er fógeti gerði á úrskurði sínum, hafi haft lagastoð í 2. mgr. 195. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Nr. 207/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, skráðri í sakadómsbók 6. þ. m. Barst hún Hæstarétti 7. s. m. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvalds er krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki til greina tekin.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. nóvember 1983.

Ár 1983, sunnudaginn 6. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 0600 í gærmorgun handtóku lögreglumenn við Hlíðagrill í Stigahlíð hér í borg Árna Árnason sjómann, fæddan 2. október 1958.

Árni þessi vísaði lögreglumönnum skömmu síðar á mikið magn meintra fíkniefna falið um borð í m/s Lagarfossi í Straumsvíkurhöfn.

Samkvæmt vigtun og frumgreiningu eða litarprófunum var þarna um að ræða eftirfarandi:

1)	Líbanonhassefni	5.143.4 gr.
2)	Amfetamínduft	242.5 gr.
3)	Kókaín	17.0 gr.

Nefndur Árni kvaðst hjá lögreglu og hér við embætti hafa fyrir 18 dögum snúið sér til Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22 hér í borg, og boðist til að flytja fyrir þann aðilja ótiltekið magn fíkniefna gegn fégjaldi, nánar 70.000 — 80.000 ísl. kr., hingað til lands frá Hollandi. Samkvæmt framburði Árna þessa samþykkti nefndur Kristján þá skilmála, og réð þá Árni sig í skiprúm á m/s Lagarfossi, sem hélt frá Reykjavík þann 21. fyrri mánaðar og kom til Rotterdam í Hollandi þann 25. eða 26. sama mánaðar.

Að sögn Árna Árnasonar hafði skip þarna ytra um einnar viku viðdvöl, en lét úr höfn á mánudegi.

Kvaðst Árni þessi á því tímabili í Rotterdam hafa hitt Kristján Aðalsteinsson tvívegis komudag skips og tvisvar eða þrisvar til viðbótar eftir það.

Á síðasta stefnumóti þeirra félaga ytra og nánar á föstudegi fyrir brottför skips hafi Kristján Aðalsteinsson afhent Árna Árnasyni þau fíkniefni, er lögregla samkvæmt ofansögðu lagði hald á.

Árni Árnason nafngreindi einn aðilja, er þarna ytra hefði orðið vitni að samfundum Árna og Kristjáns Aðalsteinssonar.

Margnefndur Árni Árnason var í gær hér við embætti úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Fyrr sama dag hafði lögregla handtekið Kristján Aðalsteinsson, sem yfirheyrður var hér í dómi fyrir stundu.

Kristján þessi kvaðst hafa haldið flugleiðis frá Íslandi til Hollands þann 25. fyrri mánaðar og komið til Rotterdam að kvöldi þess dags. Hann kvaðst hafa haldið til Amsterdam þann 28. fyrri mánaðar og komið flugleiðis hingað til lands þann 31. október sl.

Tilgangur ferðar hafi verið tvenns konar. Annars vegar að kaupa ytra húsbúnað, ef efni leyfðu, sem síðar hafi ekki reynst. Hins vegar og einkanlega hafi þetta verið ráðgerð skemmtiferð. Handbær farareyrir hafi verið jafnvirði um 1.000 hollenskra gyllina eða nálægt 10.000 ísl. krónum.

Kristján Aðalsteinsson nafngreindi þrjá íslenska aðilja, er hann fyrir tilviljun hefði hitt ytra og þeirra á meðal einu sinni áðurnefndan Árna Árnason.

Kristján Aðalsteinsson bar því alfarið í mót, að sín samskipti við nefnda aðilja eða utanferðin í heild hefði með nokkrum hætti tengst fíkniefnameðhöndlun.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og Kristján Aðalsteinsson í því sambandi borinn stórfelldum sök-

um. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað Kristján Aðalsteinsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Margnefndur Kristján hefur gögnum samkvæmt hér við embætti hlotið refsingu fyrir fíkniefnamisferli sem hér segir:

1) 21. júlí 1976 sátt no. 378 kr. 26.000 (gkr)
2. 6. október 1977 sátt no. 609 kr. 192.000 (gkr)
3. 9. janúar 1981 sátt no. 1339 kr. 3.500 (nýkr)
4) Dómur 20. mars 1981 no. 804/81, sbr. síðar dómur Hæstaréttar Íslands 23. mars 1982 no. 211/1981. Fangelsi í 5 mánuði + 4.000 (nýkr).
5) Dómur Köbenhavns byret 30. apríl 1981. Fangelsi í 6 mánuði.
6) Dómur 18. nóvember 1982 no. 821/81. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum 7.000 (nýkr).

Rannsókn máls þessa virðist á frumstigi, en miðað við verulegt magn fíkniefna líkleg til að verða umfangsmikil.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls rétt að verða við framkominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, skuli sæta gæsluvarðahaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1320 þann 6. nóvember 1983 að telja.

Úrskurðarorð:

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1320 þann 6. nóvember 1983 að telja.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Ingibjörg Pálsdóttir
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Trésmiðjunni h/f
(Páll A. Pálsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1981. Dómkröfur hennar eru þessar:

„Aðallega: Að máli þessu verði vísað heim til löglegrar dómsálagningar að nýju.

Til vara: Að vísað verði frá dómi kröfu stefnda samkvæmt reikningi (dskj. nr. 8) að fjárhæð kr. 4.144.41, en að áfrýjandi verði að öðru leyti sýknuð af kröfum stefnda.

Til þrautavara: Áfrýjandi verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í héraði.

Gerð er krafa um málskostnað úr hendi stefnda í öllum framangreindum tilvikum."

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Engir þeir annmarkar þykja vera á hinum áfrýjaða dómi, er varða eigi ómerkingu hans og heimvísun.

Með skírskotun til forsendu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans að öðru leyti en því, að upphafstíma vaxta skal miða við 13. maí 1978, enda ósannað gegn andmælum af hálfu áfrýjanda, að stefndi hafi krafið hana um greiðslu fyrr en með bréfi, dagsettu þann dag.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnda, Trésmiðjunni h/f, kr. 4.313.81 með 19% ársvöxtum af kr. 2.217.37 frá 13. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 9. apríl 1981, en með 35% ársvöxtum af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. f. m., hefur Trésmiðjan h/f, Brautarholti 20 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 28. maí 1979, á hendur Ingibjörgu Pálsdóttur, Skildinganesi 33 hér í borg, til greiðslu á kr. 729.232 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 414.791 frá 1. desember 1975 til 1. júlí 1976, af kr. 829.232 frá þeim degi til 1. október 1976, af kr. 729.232 frá þeim degi til 1. desember, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 729.232 frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum stefnanda, að krafist var dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 15. júní 1979 til greiðsludags, en auk þess voru fjárhæðir dómkröfu stefnanda færðar til samræmis við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 22/1979.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeim hluta kröfu stefnanda, er byggist á reikningi að fjárhæð kr. 414.441, verði vísað frá dómi, en að öðru leyti verði stefnda sýknuð af kröfum stefnanda og verði stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig.

„Málavextir eru þeir, að Trésmiðjan h.f. smíðaði eldhúsinnréttingar í hús stefndu fyrri hluta árs 1975, og námu reikningar fyrirtækisins fyrir það verk kr. 1.214.791. Þá bættist einnig við þá reikninga kr. 13.482 fyrir viftuskáp, sem smíðaður var til viðbótar. Veturinn 1975 — 1976 voru lagfærðar skemmdir á innréttingunum vegna raka, og nam reikningur Trésmiðjunnar

h.f. fyrir það verk kr. 400.959, þannig að reikningar fyrirtækisins námu samtals kr. 1.629.232. Stefnda hafði greitt smám saman á tímabilinu kr. 800.000, þannig að skuld nam kr. 829.232 þann 1. júlí 1976. Síðan hefur stefnda einungis greitt kr. 100.000 þann 1. okt. 1976 og ekki sinnt greiðsluáskorunum."

Af hálfu stefnanda hafa verið lagðir fram reikningar fyrir efni og vinnu við smíði eldhúsinnréttingarinnar, og verður hér gerð grein fyrir þeim.

Reikningur fyrir efni, dags. 23. apríl 1976, er svohljóðandi:

„23/4 An:	693 m 1 × 1 cm eik	19/90	13.791.-
	23.12 m² vírnplast 19 mm	2039/-	47.142
	17.08 m² spónapl. 16 mm	720/-	12.298.-
	211 m² 1 × 1 cm eik	19/90	4.199.-
	9.23 m² bakplast	550/-	5.077.-
	10.43 m² spónapl. 16 / mm	720/-	7.510.-
	1.45 m² bakplast	550/-	798.-
	75 m 1 × 1 cm eik	19/90	1.492.-
	Spónlagningarlím		580.-
	Griplím		760.-
	Vélanot		25.080.-
	Undirlagskítti		420.-
	Múrtappar		120.-
	Skrúfur		860.-
			120.127.-
		Sölusk. 20%	24.025.-
		Kr.	144.152.-"

Reikningur fyrir efni, dags. í júní 1975, er svohlj:

„Júní An:	499 m 1 × 1 m Rammi	16/-	7.984.-
	10.66 m² Vinnuplast 16 mm	1863/-	19.860.-
	3 pl. Formica plast	5015/-	15.045.-
	58 m 1 × 1 cm Rammi	16/-	928.-
	2.30 m² beikikrossv. 3 mm	370/-	851.-
	2.44 m² brennikrossv. 4 mm	413/-	1.008.-
	147 m 1 × 1 cm eik	19/90	2.925.-
	81 m 1 × 1 cm brenni	16/-	1.296.-
	14 ltr. Leifturlakk	389/-	5.446.-
	18 ltr. Þellakk	389/-	7.002.-
			62.345.-
		Sölusk. 20%	12.469.-
		Kr.	74.814.-"

Reikningur fyrir vinnu 13. mars — 26. júní 1975 er svohljóðandi:

„13/3 — 12/6 An: Smíði á eldhúsinnréttingu:			
	479½ kl.	900/-	431.550.-
	45½ kl.	1260/-	57.330.-
	1 kl.		1.620.-
	108 kl.	646/-	69.768.-
	18 kl.	901/-	16.272.-
	1 kl.		1.163.-
13/6 — 26/6			
	93 kl.	1040/-	96.720.-
	12¼ kl.	1457/-	17.848.-
	38 kl.	721/-	27.398.-
	6 kl.	1009/-	6.054.-
			725.723.-
		Sölusk. 20%	145.145.-
		Kr.	870.868.-“

Reikningur fyrir vinnu tímabilið 26. júní — 10. júlí 1977 er svohljóðandi:

„26/6 — 10/7 An: uppsetning á eldhúsinnréttingu:			
	56½ kl.	1040/-	58.760.-
	10½ kl.	1457/-	15.298.-
	58 kl.	721/-	41.818.-
	9 kl.	1009/-	9.081.-
		Kr.	124.957.-

Án söluskatts“

Reikningur fyrir efni, dags. í nóvember 1975, er svohljóðandi:

„An:	1.60 m² gaboon 16 m/m	1260/-	2.016.-
	0.36 m² krossv. 10 m/m	728/-	262.-
	0.45 m² krossv. 6 m/m	712/-	320.-
	1.14 m² novap.	862/-	983.-
	0.90 m² vinnuplast	1863/-	1.677.-
	158 m 1 × 1 cm eik	19/90	3.144.-
	200 m² eikarspónn	618/-	1.236.-
	Lakk		788.-
	8 stk. hilluberar	15/-	120.-

Kítti undir vaski		300.-
0.54 m² spónapl. 16 m/m	720/-	389.-
		11.235.-
	Sölusk. 20%	2.747.-
	Kr.	13.482.-“

Reikningur fyrir vinnu tímabilin 10. júlí — 28 ágúst 1975, 4. desember 1975 — 29. janúar 1976 og 25. mars — 3. júní 1976 er svohljóðandi:

„10/7 — 28/8 '75
An: Vinna við viftuskáp o. fl. og viðg. á lakki á hurðum.

15½ kl.	1040/-	16.120.-
1¼ kl.	1457/-	2.550.-
7½ kl.	879/-	6.592.-
1¾ kl.	1230/-	2.152.-
4/12 '75 — 19/1 '76		
151½ kl.	1079/-	163.468.-
25/3 '76 — 3/6 '76		
107½ kl.	1157/-	174.377.-
21 kl.	1601/-	33.621.-
13½ kl.	985/-	13.297.-
1¾ kl	1361/-	2.382.-
		364.559.-
Sölusk. 20% af kr. 182.000		36.400.-
	Kr.	400.959.-“

Björn Þorsteinsson, sem er einn af eigendum stefnanda, hefur skýrt svo frá, að stefnda hafi beðið sig um að smíða eldhúsinnréttingu þá, sem fjallað er um í málinu. Hafi hann samþykkt það og hafi legið ljóst fyrir, að verkið yrði unnið á vegum stefnanda. Kveðst Björn svo hafa unnið að smíðinni ásamt Þorsteini Jónmundssyni, en einnig kunni fleiri starfsmenn stefnanda að hafa komið þar nærri. Teikningar af eldhúsinnréttingunni hafi verið óglöggar, en skýringar hafi fengist á vafaatriðum. Björn kveður laboratoriebæs hafa verið borna á eldhúsinnréttinguna og hafi stefnda lagt til bæsina. Kveðst hann sjálfur hafa borið á hluta hennar og hafi ekki komið upp nein vandkvæði í því sambandi. Hafi hann borið bæsina á eins og venjulega. Þarna sé um að ræða tvö efni, bæs nr. 1 og bæs nr. 2, eða A og B. Fyrst

hafi hann borið á bæs nr. 1 og látið standa í einn sólarhring. Síðan hafi hann borið á bæs nr. 2 og látið standa í einn sólarhring. Hafi ekki komið upp nein vandkvæði við þennan þátt verksins. Björn kveðst hafa orðið var við, að eik taki misjafnlega vel við bæs og geti þá komið fram gulir blettir. Verði þá að þvo þá af. Hann hafi hins vegar ekki orðið var við neina gula bletti, þegar hann vann þetta verk.

Björn kveður leifturlakki næst hafa verið sprautað yfir í tveimur lögum og svo tveimur lögum af hálfmöttu lakki, þ. e. þellakki. Hafi aðrir starfsmenn unnið það verk og því geti hann ekki sagt um, hvort grunnur hafi verið notaður, en hann telji ólíklegt, að svo hafi verið. Björn kveðst aldrei hafa notað bæs öðruvísi en hann hefur gert grein fyrir hér. Hins vegar viti hann til, að sumir blandi saman bæs nr. 1 og nr. 2 og beri þannig á, en það geri hann aldrei. Björn kveðst ekki hafa unnið við að flytja eldhúsinnréttinguna í hús stefndu. Fram að þeim tíma hafi engin kvörtun komið fram út af smíðinni. Björn kveður Þorstein Jónmundsson hafa sagt sér, að einn skápurinn hafi dottið niður og skaddast, þegar verið var að setja eldhúsinnréttinguna upp. Hafi Þorsteinn séð um viðgerð á því, sem þarna skemmdist, og hafi hann sagt sér, að það hefði verið gert í samráði við stefndu. Í tilvikum eins og þessu, að skápur detti niður, þegar verið er að setja hann upp, þá sé reynt að gera við hlutinn, eins og hægt sé, og greiði verkstæðið þá viðgerð. Hann kveður það svo hafa verið eftir sumarleyfi þetta ár, að stefnda hafi kvartað. Hafi hún komið til sín og sagt sér, að hún hefði sett plast á eldhúsinnréttinguna til að verja hana ryki og væru hurðirnar orðnar hvítar. Muni hún hafa verið búin að kvarta við smiði þá, sem unnu við að setja eldhúsinnréttinguna upp. Björn kveður smiði þessa hafa sagt sér, að eftir væri að leggja í eldhúsgólfið. Björn kveðst nú hafa farið á staðinn og hafi þá verið búið að taka plastið utan af eldhúsinnréttingunni. Hafi nokkrar af hurðunum, sem voru beint á móti glugganum, verið orðnar gráar, en þar muni sólin hafa skinið á plastið. Kveðst hann telja skýringuna á þessu þá, að þegar sólin skíni á plast, þá myndist raki undir því og komist hann ekki út í gegnum það. Rakinn leiti á viðinn og valdi gráma á honum. Kveður Björn ekki hafa verið um annað að ræða en að taka hurðirnar aftur og laga þær. Nokkrar hurðir, bæði stórar og litlar, hafi svo verið teknar á verkstæðið. Hafi listarnir verið teknir af hurðunum og muni spónninn hafa verið slípaður alveg af, því að hann hafi skemmst, þegar listarnir voru teknir af. Hafi hurðirnar verið spónlagðar að nýju báðum megin. Það sé nauðsynlegt, þegar spónn sé tekinn af, því ella vindist hurðirnar. Hafi hurðirnar svo verið bæsaðar aftur. Björn kveðst ekki hafa unnið við þetta sjálfur, heldur hafi Þorsteinn Jónmundsson unnið það að mestu og fengið aðstoð frá öðrum starfsmönnum stefnanda. Björn kveður ekki hafa verið um það talað, hver mundi bera kostnaðinn við þess-

ar lagfæringar, að minnsta kosti muni hann ekki eftir því. Kveðst Björn svo ekki hafa fengið kvörtun út af eldhúsinnréttingunni eftir þetta. Björn kveðst síðar hafa smíðað fyrir stefndu skáp, skerm og hillur. Hafi hann borið laboratoriumbæs á skápinn og hillurnar, eins og hann geri venjulega, og hafi hann ekki fengið neina kvörtun út af þeirri smíði. Kveður hann stefndu hafa lofað að greiða smíði á þessum hlutum. Þá kveðst Björn einnig hafa skafið upp skrifborð úr mahóní og sé sú vinna innifalin í reikningum þeim, sem liggja frammi í málinu. Hafi sú vinna tekið um það bil eina viku. Björn hefur gert þá grein fyrir reikningi fyrir vinnu að fjárhæð kr. 400.959, að fimm fyrstu liðirnir séu fyrir smíði á viftuskápi og skermi, en hinir liðirnir séu fyrir viðgerð á hurðum.

Þorsteinn Jónmundsson, húsgagnasmiður á verkstæði stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi að mestu unnið einn við smíði umræddrar eldhúsinnréttingar fyrir stefndu, en einnig hafi Björn Þorsteinsson og nemi á verkstæðinu unnið nokkuð við smíðina. Kveðst Þorsteinn hafa stjórnað verkinu ásamt Birni. Hafi verið um að ræða frekar stóra innréttingu úr eik og hafi hurðir verið spónlagðar og kantlímdar með massífum þynnum. Innréttingin hafi svo verið bæsuð með svokallaðri laboratoríumbæs, sem geri viðinn dökkan. Síðan hafi átt að lakka á eðlilegan hátt. Þorsteinn kveður fyrstu teikningarnar af innréttingunni hafa verið ófullkomnar. Stefnda hafi ekki verið ánægð með þær og hafi komið með breytingar á þeim. Miklu máli skipti að hafa góðar vinnuteikningar, en þær hafi ekki verið til. Reynt hafi verið að leysa jafnóðum erfiðleika, sem af þessu sköpuðust. Þorsteinn kveður smíðina hafa gengið vel, þótt einhver tími kunni að hafa farið í að ráða fram úr þeim vandamálum, sem risu vegna þess, að vinnuteikningar voru ekki til. Mikill tími hafi farið í að setja svokallaða lista framan á hurðirnar. Hann hafi stungið upp á því við stefndu, að listarnir væru pinnaðir niður, en hún hafi óskað eftir, að það yrði ekki gert. Hafi listarnir því verið límdir með þvingum. Þorsteinn kveður stefndu hafa lagt til laboratoriumbæs, sem átti að bera á eldhúsinnrétinguna. Hafi bæsin komið í tveimur flöskum, A og B bæs. Hafi hann svo borið efnin á hvort í sínu lagi, en hann muni ekki, hvort hann hafi borið hvort efni á einu sinni eða tvisvar. Við þetta hafi viðurinn orðið kolsvartur. Kveðst hann hafa borið þetta á þennan hátt í samráði við Björn Þorsteinsson. Hann kveðst vita til, að bæsin hafi verið notuð á þann hátt, að A og B bæs hafi verið blandað saman, en hann hafi talið sér skylt að fara eftir ráðleggingum Björns. Að þessu loknu hafi verið borinn á palesandergrunnur, sem sé talinn mjög góður, og síðan bornar á tvær yfirferðir af leifturlakki og síðast ein af þellakki. Kveðst Þorsteinn hafa unnið áður með þessum efnum og hafi hann ekki orðið var við neina erfiðleika í sambandi við notkun þeirra. Eldhúsinnréttingin hafi svo verið flutt í einingum í hús stefndu. Smíðinni hafi

ekki verið lokið að fullu, en fyrir dyrum hafi staðið verkfall og hafi innréttingin því verið flutt í húsið fyrr en annars hefði verið. Ekki hafi þó neitt teljandi verið eftir af smíðinni. Hafi innréttingunni verið skilað á venjulegan hátt og hafi enginn umbúnaður verið um hana. Kveðst Þorsteinn svo hafa unnið við að setja innréttinguna upp ásamt nema. Hann kveður ekki hafa verið búið að leggja flísar á eldhúsgólfið, en stefnda hafi óskað eftir, að innréttingin væri sett upp þrátt fyrir það. Hafi undirbúningsvinna verið nokkru meiri en þegar innrétting er sett á pússað gólf. Þorsteinn kveður unnið hafa verið við að leggja í ganginn á sama tíma og hafi verið rakamyndun í loftinu. Hann kveður einn skáp hafa fallið niður, þegar verið var að setja innréttinguna upp, og hafi hann skemmst. Hafi þetta verið eini skápurinn, sem er sjálfstæður á vegg. Kveður Þorsteinn stefndu hafa verið kunnugt um þetta. Kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, hvað hægt væri að gera til úrbóta, og hafi stefnda samþykkt það. Hafi þetta verið unnið á staðnum. Muni hafa sést ummerki eftir viðgerðina. Þorsteinn kveðst svo hafa verið kallaður á staðinn seinna til að líta á innréttinguna. Hafi það verið út af svokallaðri grámu, sem komið hafi fram á fjórum neðri hurðum á skápi, sem sneri á móti glugga. Einnig hafi spónninn á hurðunum losnað. Kveður hann stefndu hafa talið, að þarna væri um að ræða smíðagalla. Hafi hurðirnar verið teknar upp á verkstæði og gert við þær. Muni hurðirnar hafa verið spónlagðar að nýju. Í sambandi við þetta kveðst Þorsteinn hafa farið með eina hurðina og rætt við efnaverkfræðing í málningaverksmiðju. Hafi verkfræðingurinn ekki getað upplýst, af hverju gráman stafaði. Kveðst Þorsteinn ekki hafa nema eina skýringu á þessu fyrirbæri. Hún sé sú, að raki hafi myndast undir byggingaplasti, sem hann hafi séð breytt yfir þessa skápasamstæðu, fljótlega eftir að henni var skilað. Jafnframt kunni sterk sól að hafa skinið á plastið og hafi orðið of mikill hitamismunur á bak við plastið. Það sé alkunna, að svartur litur dragi í sig hita og hafi því hitabreyting orðið þarna mikið meiri en annars staðar. Kveður hann þessar litabreytingar ekki hafa komið fram á öðrum hurðum en þeim, sem sneru á móti sól. Kveðst Þorsteinn telja, að spónninn á hurðunum hafi losnað af raka, sem myndast hafi undir plastinu, en einnig hafi það gerst, þegar listarnir voru teknir af, til þess að unnt væri að ná lakkinu af, að þá hafi spónninn farið með listunum.

Indriði Níelsson, einn af eigendum stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki unnið að smíði eldhúsinnréttingarinnar og ekki haft á hendi verkstjórn við smíðina, en hann hafi fylgst með verkinu. Hann kveður sér hafa borist fregnir af því, að eftir að eldhúsinnréttingin var komin í hús stefndu, að grámi væri á eldhúsinnréttingunni. Kveðst hann hafa frétt, að plast hafi verið breitt yfir eldhúsinnréttinguna, en hann hafi ekki séð það sjálfur. Hann hafi svo farið á staðinn, eftir að kvörtun barst. Þá hafi hann séð,

að það, sem átti að vera svart á innréttingunni, hafi verið gráskellótt og hafi það verið talið stafa af raka, sem hefði myndast undir plastinu. Einnig kunni að vera, að grænleitum blæ hafi slegið á þessa fleti innréttingarinnar, en á svona hluti geti slegið allavega litum blæ. Indriði kveður skrifstofumann stefnanda hafa samið reikninga þá, sem krafa stefnanda er byggð á, eftir vinnulistum starfsmanna og efnisnótum. Hann kveður stefndu hafa lagt allt harðplast, tvær Formicaplötur til smíði innréttingarinnar.

Stefnda, Ingibjörn Pálsdóttir, kveðst hafa óskað eftir, að verkstæði stefnanda tæki að sér smíði á eldhúsinnréttingu í hús hennar að Skildinganesi 33. Hafi hún rætt við Björn Þorsteinsson og hafi hann tekið að sér að sjá um þetta. Hafi verið talað um, að þetta yrði vel gert og eins ódýrt og hægt væri. Kveðst Ingibjörg hafa komið með teikningu af eldhúsinnréttingunni og einnig hafi hún komið með teikningar af breytingum, sem hafi verið til einföldunar á smíðinni. Hafi innréttingin átt að vera úr eik og hafi átt að bera á hana laboratoriumbæs, til þess að hún yrði dökk. Hafi hún lagt það á vald starfsmanna stefnanda, hvaða aðferð yrði beitt til að ná þessum lit. Ingibjörg kveðst hafa fylgst nokkuð með smíðinni. Kveður hún Indriða Níelsson hafa kvatt sig á verkstæðið eitt sinn. Hafi hann sýnt henni nokkrar skáphurðir og spurt, hvort henni þætti liturinn nógu góður. Hún kveður sér hafa fundist liturinn ekki nógu svartur og hafi sums staðar brúnleit áferð grisjað í brúnt. Hafi átt að lagfæra þetta. Ingibjörg kveður eldhúsinnréttinguna svo hafa verið flutta í húsið. Hafi þá verið búið að undirbúa gólfið, þar sem innréttingin átti að standa, en ekki hafi verið búið að leggja flísar í gólfið. Kveðst hún hafa tyllt plastræmu neðst á eldhúsinnréttinguna, á meðan verið var að leggja flísar á eldhúsgólfið, til þess að múrarinn ræki ekki verkfæri sín utan í hana. Muni plastræman hafa náð um 1 m upp á innréttinguna. Hún kveður hita hafa verið búinn að vera í húsinu í nokkra mánuði. Þarna sé lofthitun og hafi verið loftstraumur um allt húsið. Hafi ekki verið neinn raki í húsinu. Hún kveður flísarnar á eldhúsgólfinu hafa verið lagðar í mjög þurra steypu. Ingibjörg kveðst hafa orðið vör við það, þegar verið var að setja eldhúsinnréttinguna upp, að á henni voru tveir megingallar. Skellur hafi verið með litlum bólum í lakkinu og einnig hafi verið skellur með litarbreytingum á nokkrum hurðum. Þegar hún hafi haft tök á að athuga þetta í góðri birtu, hafi hún séð, að rammarnir í kringum skúffur voru grænir á lit. Ingibjörg kveðst svo hafa talað við Björn daginn eftir og kvartað yfir mistökum þeim, sem hún taldi hafa orðið við smíði innréttingarinnar. Hafi Björn viðurkennt, að vinnubrögðin hafi ekki verið sem skyldi. Hafi hann talið ómögulegt að lakka með pensli yfirborð, sem lakki hafði verið sprautað á, því það yrði aldrei sama áferðin. Þá hafi einnig verið fleiri gallar á innréttingunni. Þannig hafi lamir á hurðum, sem opnuðust hvor í sína átt, ekki staðist

á og hafi þurft að færa þær, þar sem hægt var. Á einum stað hafi hurð gapað frá ramma. Þá hafi plast inni í skápum og skúffum víða verið skemmt. Einnig hafi spónn verið laus frá, skemmdur og ljótur. Þá hafi skrautlistar utan á hurðum verið skakkir, en þeir hafi verið lagfærðir að nokkru leyti. Þá hafi virst sem hurð á skáp þeim, sem datt niður, hafi verið skafin þannig, að ekki sást lengur áferðin á viðnum. Hafi áferðin verið alveg slétt og allar æðar í viðnum. Hafi virst eins og spartlað hefði verið í viðinn. Ingibjörg kveður hurðir á efri og neðri kústaskáp ekki hafa komið á sama tíma og eldhúsinnréttingin. Kveður hún Björn hafa sagt, að þær væru grænar og yrði að bíða eftir, að þær löguðust. Þegar þær svo komi, hafi þær verið með grænum lit. Hafi Björn vonað, að liturinn mundi breytast. Ingibjörg kveður svo tíu hurðir hafa verið fluttar á verkstæði stefnanda. Hafi þar verið skipt um spón á þeim, en þegar þær komu aftur, hafi þær enn verið með grænum skellum, og virðist því viðgerðin hafa mistekist. Ingibjörg kveðst hafa tekið eftir því, þegar búið var að festa skápinn á suðurveggnum, að efri brúnir skápsins hafi verið fyrir ofan gluggalínu, en á teikningu hafi verið miðað við, að þetta væri í gluggahæð. Muni þetta hafa stafað af því, að þegar Björn hafi verið búinn að taka mál í eldhúsinu í upphafi, þá hafi komið í ljós, að lögnin í gólfinu hafi verið meiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Vegna þessa hafi átt að lækka alla innréttinguna. Hafi Björn því þurft að taka mál að nýju. Hafi verið augljóst, að breyta þyrfti málsetningum, en það hafi gleymst og því sé ekki sama hæðarlína á allri innréttingunni. Kveðst Ingibjörg hafa beðið um, að skápurinn yrði færður niður. Hafi skápurinn verið settur svona hátt, vegna þess að gleymst hafi að lækka þann hluta innréttingarinnar, sem er á veggnum á móti glugganum. Þegar svo starfsmenn stefnanda hafi ætlað að færa skáp á suðurvegg neðar, hafi þeir misst hann. Hafi þá brotnað plast á botni hans og einnig hafi hurðin skemmst. Kveður hún ekki hafa verið borið undir sig, hvernig gert yrði við þessar skemmdir. Hafi hún ekki séð hurðina fyrr en síðar og hafi þá verið búið að gera við hana á ófullnægjandi hátt. Þá kveður stefnda spón á kústaskápi hafa verið mikið skemmdan og harðplast brotið og sprungið. Þá hafi skrúfur verið skrúfaðar svo djúpt, að opið sár sjáist. Þá séu tvær hurðir með grænleitum blæ og einnig séu skemmdir á lakki á þeim. Hafi ekki verið skipt um spón á þeim eins og hinum hurðunum. Ingibjörg kveðst hafa séð, að Björn Þorsteinsson hafi unnið við smíði viftuskápsins, er hún kom á verkstæðið. Hafi smíðin verið ágætlega af hendi leyst og skápurinn alveg svartur. Hún kveður hafa komið fram, að starfsmenn stefnanda ætluðu að reyna gera við gallana á innréttingunni. Hafi Björn Þorsteinsson sagt, að Þorsteinn Jónmundsson mundi þurfa að gera við þetta í sínum tíma, því þetta væri hans sök. Mætti búast við, að þetta tæki langan tíma. Kveður hún aldrei hafa komið til greina,

að hún greiddi kostnað við lagfæringar þessar. Hún kveður Indriða Níelsson hafa minnst á, að jafnvel yrði ekki reiknuð smíði á viftuskápnum og yrði málið síðan athugað, þegar búið væri að gera við það, sem þyrfti. Kveðst hún ekki hafa svarað því neinu, heldur hugsað sér að bíða, þar til búið væri að laga það, sem hægt var. Hún kveður Indriða eitt sinn hafa boðið að lækka reikningana um kr. 300.000.

Vitnið Emil Gíslason, sem var ábyrgur húsasmíðameistari við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes að undanskilinni smíði eldhúsinnréttingarinnar, kveðst hafa verið viðstaddur, þegar komið var með eldhúsinnréttinguna í húsið. Muni hann eftir, að stefnda hafi bent á, að svo virtist sem lím kæmi í gegnum spóninn, þannig að bæs virtist taka misjafnlega vel á viðarflötinn. Þá muni hann eftir, að spónn hafi verið laus á fleiri en einum stað. Hafi komið þar fram bólur, eins og spónninn límdist ekki vel við. Þá kveðst Emil hafa tekið eftir því strax í upphafi, að aðeins hafi verið blæbrigði á litaráferð innréttingarinnar á nokkrum stöðum, en sérstaklega á háum skápi við dyrnar inn í borðstofu. Á þessum stöðum hafi verið svolítill grænn blær. Emil kveður búið hafa verið að ganga frá eldhúsgólfinu undir sökkla, þegar eldhúsinnréttingin kom. Þegar steypt hafi verið undir sökkla, hafi verið lagt svokallað „þrifalag" á gólfið. Hann kveður svo flísar hafa verið lagðar á gólfið, skömmu eftir að lokið var við að setja eldhúsinnréttinguna upp. Hafi ílögnin í gólfið trúlega verið um 4 cm og hafi hún verið mjög þurr. Hann kveður hita hafa verið kominn á allt húsið. Lofthitun sé í eldhúsi, stofu og skála, en geislahitun í svenherbergisálmu. Emil kveðst muna eftir, að breitt hafi verið glært plast yfir eldhúsinnréttinguna að hluta, eftir að hún hafði verið sett upp. Breitt hafi verið yfir undirskápa. Muni plastið hafa verið límt saman á stöku stað, þannig að loftað hafi á milli. Eitthvað hafi verið breitt yfir skápa á móti eldhúsglugganum, en hann muni ekki, hversu hátt það var. Hins vegar hafi ekki verið breitt yfir skáp yfir eldhúsborði. Emil kveður ekki hafa verið búið að taka niður neina af hurðunum á eldhúsinnréttingunni, þegar hann lauk við smíði hússins.

Vitnið Guðmundur Björnsson trésmiður, sem starfaði við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes, kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar eldhúsinnréttingin var flutt í húsið. Hann hafi hins vegar skoðað hana fljótlega eftir það og hafi þá verið búið að setja hana upp. Kveðst hann hafa orðið var við litaskipti í spæninum á ýmsum stöðum. Áferð hafi ekki verið jöfn, ýmist mött eða glansandi. Þá hafi virst svo sem slípað hafi verið niður í spóninn, eins og límfylling væri undir bæsinni. Hafi hann tekið eftir, að á einum stað hafi verið slípað alveg gegnum spóninn niður í lím. Þá hafi verið loftbólur í spæninum, eins og hann hefði ekki límst við. Guðmundur kveðst muna, að einhver plastdúkur hafi verið settur yfir eldhúsinnréttinguna, en hann muni ekki, hvort breitt var yfir hana alla eða að hluta. Hann kveður

búið hafa verið að ganga frá eldhúsgólfinu, þar sem innréttingin átti að standa, en flísar hafi átt að koma á aðra hluta gólfsins. Ekki kveðst Guðmundur hafa fylgst svo vel með, að hann geti borið um það, hvort breytingar hafi orðið á litaráferð innréttingarinnar, þar til hann hætti að vinna við húsið. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að skemmdir yrðu á eldhúsinnréttingunni á þeim tíma.

Vitnið Trausti Guðmundsson múrari kveðst hafa unnið við að flísaleggja eldhúsgólfið í húsi stefndu. Hafi eldhúsinnréttingin þá verið komin upp. Plast hafi verið breitt yfir hana til að varna því, að hann færi með verkfæri sín utan í hana. Ekki kveðst hann muna, hversu hátt þetta plast hafi náð, og hafi sér fundist eins og ekki væri of vel frá þessu gengið. Hafi ekki verið um það að ræða, að eldhúsinnréttingin væri pökkuð í plast, og hafi loft leikið um hana. Plastið muni hafa verið límt á brúnir neðri skápanna, þar sem þeir eru, og hafi það verið látið lafa niður. Á hærri skápunum hafi plastinu verið komið fyrir á svipaðan hátt og í svipaðri hæð. Trausti kveður lögnina undir flísunum hafa verið um 1.5 cm. Megi lögnin ekki vera blautari en svo, að það megi hnoða hana. Sé ekki hægt að leggja flísar á mjög blauta lögn, því þá komi vatnið upp. Kveðst hann hafa verið í 2 — 3 daga að leggja flísarnar á eldhúsgólfið.

Vitnið Þórður Hjartarson, sem annaðist útréttingar fyrir stefndu í sambandi við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes, kveðst hafa komið í húsið daginn eftir að eldhúsinnréttingin var flutt þangað. Smíði hússins hafi að mestu verið lokið á þessum tíma, en ýmsum minni háttar þáttum hafi verið ólokið, meðal annars hafi átt eftir að leggja flísar á eldhúsgólfið. Búið hafi verið að ganga frá hitakerfi hússins og hiti kominn á. Kveðst hann hafa haft á orði við stefndu, að hún væri búin að fá fína eldhúsinnréttingu. Stefnda hafi hins vegar verið mjög óánægð og talið, að gallar væru á eldhúsinnréttingunni. Muni stefnda hafa talið, að innréttingin væri illa lituð og að bólur væru á yfirborði hennar. Kveðst Þórður hafa litið á þetta, en hann sé ekki dómbær á svona atriði. Hann kveður stefndu hafa talað um, að hún þyrfti að líma eitthvað neðan á sökkul eldhúsinnréttingarinnar til að verja hana skemmdum. Hafi hann svo séð, að hún hafði límt plast neðst á innréttinguna. Hafi það verið rétt neðst og ekki náð upp á hurðir. Kveðst Þórður ekki hafa orðið var við það, að síðar væri breitt yfir eldhúsinnréttinguna.

Krafa stefnanda er byggð á því, að snemma árs 1975 hafi fyrirsvarsmenn stefnanda tekið að sér að beiðni stefndu að annast smíði á eldhúsinnréttingu í hús hennar að Skildinganesi 33 hér í borg. Hafi verið byrjað á smíðinni um miðjan aprílmánuð sama ár. Stefnda hafi komið með teikningar, sem gerðar hafi verið á teiknistofu hér í borg, en hún hafi látið innanhúsarkitekt gera lítils háttar breytingar á þeim. Hafi smíði og uppsetning eldhúsinnrétt-

ingarinnar gengið eðlilega. Smávægilegar skemmdir hafi orðið á skápi yfir borði og kústaskápi í meðförum starfsmanna stefnanda, en gert hafi verið við þær í samráði við stefndu og með samþykki hennar henni að kostnaðarlausu. Hins vegar hafi svo orðið skemmdir á eldhúsinnréttingunni af raka. Telji fyrirsvarsmenn stefnanda rakann stafa af því, að stefnda hafi látið breiða plast yfir skápa innréttingarinnar, á meðan unnið hafi verið að því að leggja í gólf eldhússins. Sé því ekki við starfsmenn stefnanda að sakast um þessar skemmdir. Starfsmenn stefnanda hafi svo gert við þessar skemmdir fyrri hluta árs 1976.

Í upphafi var gerð grein fyrir því, hvernig fjárhæð stefnukröfunnar er reiknuð frá hendi stefnanda. Í þinghaldi í málinu hinn 8. apríl 1980 var sú grein gerð fyrir reikningi fyrir vinnu tímabilin 10. júlí — 28. ágúst 1975, 4. desember 1975 — 19. janúar 1976 og 15. maí — 3. júní 1976, að þar sé bæði um að ræða vinnu við viftuskáp og vinnu við viðgerðir á skemmdum á eldhúsinnréttingunni. Í skýrslu sinni fyrir dóminum gaf Björn Þorsteinsson þá skýringu á síðastgreindum reikningi, að fyrstu fimm liðir hans séu vinna við smíði á viftuskápi og skermi, en aðrir liðir séu vinna við viðgerð á hurðum. Þá kom einnig fram í framburði Björns, að með vinnustundum, sem farið hafi til smíði á viftuskápi og viftuskermi, séu taldar vinnustundir, sem farið hafi í að skafa upp skrifborð, sem stefnda hafi beðið um. Í það verk hafi farið ein vinnuvika.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að vinnustundir á reikningunum séu rétt taldar. Rétt laun séu lögð til grundvallar hverju sinni. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið sýnt fram á, að á eldhúsinnréttingunni séu gallar, sem stefnandi beri ábyrgð á. Þá er bent á, að eldhúsinnréttingin sé stór og því hafi kostnaður við hana orðið mikill. Er því haldið fram, að stefnda hafi ekki sannað, að krafa stefnanda sé ósanngjörn. Því beri stefndu að greiða kröfu stefnanda skv. 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Krafa stefndu um, að vísa beri hluta af kröfum stefnanda frá dómi, er byggð á því, að á reikningum, sem liggi til grundvallar þessari fjárhæð, þ. e. reikningi fyrir vinnu að fjárhæð kr. 400.959 og reikningi fyrir efni að fjárhæð kr. 13.482.00, komi ekki fram, við hvað hafi verið unnið á hverju tímabili. Komið sé fram, að með reikningum þessum sé m. a. krafið um greiðslu fyrir kostnað við viðgerð á göllum á eldhúsinnréttingunni, sem stefnandi beri ábyrgð á og stefnda eigi því ekki að greiða. Það sé því grundvallaratriði í málinu, að hægt sé að aðgreina kostnað við viðgerðina frá annarri vinnu. Er því haldið fram, að framburður Björns Þorsteinssonar til skýringar á vinnulaunareikningnum fái ekki staðist, því útilokað sé, að 178 klst. hafi farið til að smíða svokallaðan viftuskáp, sem sé mjög lítill. Er því haldið fram, að þessi ónákvæmni hafi það í för með sér, að

stefnda hafi ekki getað fengið mat matsmanna á hæfilegu endurgjaldi fyrir smíðina. Er því haldið fram, að þessi þáttur kröfugerðar stefnanda sé svo vanreifaður, að vísa eigi honum frá dómi.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að eldhúsinnréttingin hafi verið gölluð frá hendi stefnanda og með tilliti til þess hafi stefnda þegar greitt það, sem henni ber að greiða og jafnvel meira en það. Er því haldið fram, að stefnda hafi orðið vör við ýmsa galla í innréttingunni, á meðan unnið var við að setja hana upp í húsi hennar. Hún hafi strax borið fram kvörtun við fyrirsvarsmenn stefnanda. Af hálfu stefnanda hafi verið fallist á, að um réttmætar kvartanir væri að ræða. Hafi meðal annars verið um það að ræða, að spónninn á eldhúsinnréttingunni hafi sums staðar ekki verið með réttri litaráferð, réttum lit, en annars staðar hafi hann verið flekkóttur eða með grónum skellum. Þá hafi lakkhúðun á innréttingunni verið gölluð. Hafi gallar þessir einnig komið fram á þeim hlutum innréttingarinnar, sem ekki var búið að setja upp. Því fái ekki staðist sú staðhæfing fyrirsvarsmanna stefnanda, að þarna sé um að ræða skemmmdir af raka, sem orðið hafi, eftir að innréttingin var komin í hús stefndu. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að þessa ágalla megi rekja til mistaka starfsmanna stefnanda við að bera laboratoriumbæs á eldhúsinnréttinguna. Bæs þessa hafi stefnda lagt til og sé þar um að ræða tvö efni, sem blandað sé saman rétt fyrir notkun og borin þannig á. Komi þá fram svört eða dökk áferð. Sé hins vegar farið rangt að, verði spónninn með grænleitum blæ. Er því haldið fram, að framburður Þorsteins Jónmundssonar gefi til kynna, að mistök hafi orðið við að bera bæsina á. Hafi það ekki verið að beiðni stefndu, sem notuð hafi verið palesanderfylling á spóninn. Starfsmenn stefnanda hafi að vísu reynt að ráða bót á þessum göllum en með misjöfnum árangri. Er því mótmælt, að stefnda eigi að bera kostnað við tilraunir til úrbóta á þessum mistökum starfsmanna stefnanda. Er því mótmælt, að aðstæður í eldhúsinu, er unnið var að flísaleggja það, hafi valdið þessum breytingum á litaráferð eldhúsinnréttingarinnar. Er því jafnframt haldið fram, að plast það, sem stefnda hafi breitt lauslega yfir neðsta hluta innréttingarinnar, á meðan gólfið var flísalagt, hafi ekki haft nein áhrif á litaráferð innréttingarinnar.

Þá er því haldið fram, að lökkun eldhúsinnréttingarinnar hafi verið gölluð. Hafi starfsmenn stefnanda reynt að bæta úr þessu með því að skafa lakkið af og lakka síðan að nýju með pensli, en árangur af því hafi ekki orðið góður.

Þá sé spónninn laus á nokkrum stöðum og sé ljóst, að annað hvort hafi ekki tekist að líma hann í upphafi eða að hann hafi losnað við þær tilraunir til viðgerða, sem starfsmenn stefnanda framkvæmdu.

Þá er því haldið fram, að aðrar skemmdir séu á spæninum. Brotnað hafi

út frá skrúfum og á sumum stöðum standi skrúfur í gegnum spóninn. Þá hafi brotnað horn af hurð og rifur og sprungur séu á harðplasti.

Þá er því haldið fram, að þau mistök hafi orðið hjá starfsmönnum stefnanda, er þeir unnu við að setja eldhúsinnréttinguna upp, að skápur hafi fallið niður og brotnað. Hafi verið farið með skápinn aftur á verkstæði stefnanda og brotin límd saman á ófullkominn hátt.

Einnig er því haldið fram, að þau mistök hafi orðið hjá starfsmönnum stefnanda, að hluti innréttingarinnar, þ. e. veggskápur fyrir ofan borð, hafi orðið hærri en aðrir hlutar hennar og sé þetta mjög áberandi og hvimleiður galli.

Því er að lokum haldið fram, að auk framangreindra ágalla séu ýmsir smærri ágallar á eldhúsinnréttingunni, sem rýri verðmæti hennar.

Af hálfu stefndu er fjárhæð reikninga stefnanda mótmælt sem of háum, bæði að því er varðar efni og vinnustundafjölda, sem talinn er hafa farið til smíðinnar og uppsetningar innréttingarinnar. Er því haldið fram, að stefndu sé með öll óskylt að greiða kostnað við að bæta úr göllum á eldhúsinnréttingunni, en þeir stafi eingöngu af mistökum starfsmanna stefnanda. Því er haldið fram, að stefnda hafi lagt ýmislegt efni til smíðinnar, svo sem viðurkennt sé af starfsmönnum stefnanda. Sé m. a. viðurkennt, að stefnda hafi lagt til Formicaharðplast, en þrátt fyrir það sé stefnda krafin um greiðslu á þremur Formicaplötum.

Því er haldið fram, að miðað við verð sambærilegra innréttinga hjá öðrum sé verð það, sem stefnandi krefur stefndu um, ósanngjarnt.

Það er bent á það af hálfu stefndu, að hún hafi verið krafin um greiðslur inn á verkið, án þess að hún fengi að sjá reikninga. Reikningana hafi hún svo fyrst fengið að sjá, löngu eftir að hún fékk síðasta hluta eldhúsinnréttingarinnar hinn 20. júlí 1976. Hafi stefnda þá þegar mótmælt fjárhæðinni og svo og kostnaði við viðgerðir, sem henni hafi verið ætlað að greiða.

Af hálfu stefndu er sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um dráttarvexti, dómvexti, vaxtafæti og upphafstíma vaxtaútreiknings.

Dómurinn hefur skoðað eldhúsinnréttingu þá, sem fjallað er um í málinu.

Stefnda hefur skýrt frá því, að er eldhúsinnréttingin kom í hús hennar, hafi verið tveir megingallar á henni, skellur með bólum á lakkinu og skellur með litarbreytingum á nokkrum hurðum. Er þetta stutt af framburðum þeirra Emils Gíslasonar og Guðmundar Björnssonar. Þorsteinn Jónmundsson kveðst hafa verið kvaddur í hús stefndu út af litarbreytingu á eldhúsinnréttingunni, nokkru eftir að hann hafði sett innréttinguna upp. Hafi stefnda talið þetta galla frá hendi stefnanda. Björn Þorsteinsson og Indriði Níelsson komu líka á staðinn og sáu litarbreytingar á skáphurðum. Voru nokkrar af hurðum innréttingarinnar síðan teknar til viðgerðar á verkstæði stefn-

anda. Björn Þorsteinsson, sem aðallega hafði komið fram af hálfu stefnanda gagnvart stefndu við smíði innréttingarinnar, kveður ekki hafa verið um það talað, hver ætti að bera kostnað við viðgerð á eldhúsinnréttingunni. Bar fyrirsvarsmönnum stefnanda að gera stefndu grein fyrir því, að þeir ætluðu að láta stefndu bera þennan kostnað, en fram hafði komið hjá henni, að hún hafi talið þarna um að ræða smíðagalla frá hendi starfsmanna stefnanda. Mátti stefnda því treysta því, að hún yrði ekki látin bera kostnað við viðgerðirnar. Við þessar aðstæður þykir verða að leggja á fyrirsvarsmenn stefnanda sönnunarbirði um, að þetta ástand eldhúsinnréttingarinnar hafi ekki stafað af mistökum við smíðina, heldur verði það rakið til atvika, sem stefnda ber áhættu af. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið færðar sönnur að þessu. Verður stefndu því ekki gert að greiða þennan kostnað. Kostnaður við þessa viðgerð er á síðasta vinnureikningi stefnanda. Reikningur þessi er ekki eins skýr og æskilegt væri, þar sem ekki kemur ótvírætt fram, við hvað hefur verið unnið hvert tímabil, sem fram kemur á reikningnum. Það má þó ráða af reikningnum og af öðru því, sem fram er komið, að á tímabilinu 4. desember 1975 til 29. janúar 1975 hafi verið unnið við smíði viftuskáps og skerms og við að skafa upp skrifborð, en telja verður fram komið, að Björn Þorsteinsson hafi að mestu eða eingöngu unnið þau verk. Hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að Björn hafi unnið við að skafa upp skrifborð fyrir stefndu. Um aðra liði þessa reiknings er það að segja, að telja verður, að þar sé um að ræða vinnu við viðgerð á eldhúsinnréttingunni, sem áður er rakin og stefndu verði ekki gert að greiða, en ekki hefur verið gerð nægileg grein fyrir hluta liða reikningsins, til að unnt sé að taka þá til greina gegn mótmælum stefndu. Af fjárhæð þessa reiknings verður því stefndu gert að greiða kr. 163.468.00, sem með söluskatti nemur kr. 196.162.00. Ekki er ástæða til að leggja annað til grundvallar en að reikningur að fjárhæð kr. 13.482.00 sé fyrir efni, sem farið hafi til smíði viftuskápsins og stefndu beri að greiða. Ekki verður séð, að annmarkar á þessum reikningi stefnanda hafi staðið í vegi fyrir því, að stefnda gæti fengið mat dómkvaddra matsmanna á hæfilegu endurgjaldi fyrir smíði viftuskápsins. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður krafa stefndu um frávísun málsins að hluta ekki tekin til greina. Þessi úrslit frávísunarkröfunnar sæta ekki kæru. Þykir því mega leggja efnisdóm á málið í heild. Ekki verður dæmdur málskostnaður vegna frávísunarkröfu stefndu.

Af hálfu stefndu hefur kostnaði við smíði eldhúsinnréttingarinnar verið mótmælt sem of háum, en ekki hafa komið fram sérstök rökstudd mótmæli gegn öðrum reikningum, sem krafa stefnanda er byggð á, nema að stefnda kveðst hafa lagt til harðplastplötur, Formica, til smíðinnar, en á reikningi fyrir efni er krafið um greiðslu fyrir slíkar plötur. Af háflu stefnanda er

viðurkennt, að stefnda hafi lagt til nokkrar slíkar plötur, en þurft hafi fleiri plötur, sem stefnandi hafi lagt til. Telja verður ósannað, að þurft hafi fleiri harðplastplötur til smíðinnar en stefnda lagði til. Ber því að lækka efnisreikning sem því nemur, eða um kr. 18.054, þar með talinn söluskattur.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, hefur heildarkostnaður við smíði eldhúsinnréttingarinnar ásamt kostnaði við viftuskáp, skerm og vinnu við skrifborð numið kr. 1.406.381. Telja verður, að stefnda hafi getað fengið mat dómkvaddra matsmanna á kostnaði við smíði eldhúsinnréttingarinnar þrátt fyrir ágreining þann, sem upp kom um kostnað við viðgerðina, ef hún taldi hann of háan. Umrædd eldhúsinnrétting er viðamikil. Þykir ekki í ljós leitt, að kostnaður við smíðina sé bersýnilega ósanngjarn. Hins vegar þykir fram komið, að á eldhúsinnréttingunni séu nokkrir gallar frá hendi stefnanda, er leiði til þess, að stefnda eigi rétt á afslætti af verði innréttingarinnar. Þykir afsláttur þessi hæfilega ákveðinn kr. 75.000. Mismunur á hæð eininga eldhúsinnréttingarinnar stafa af frávikum við múrsmíði, sem telja verður, að stefnda verði að bera áhættu af. Fram er komið, að hinn 8. október 1975 hafi stefnda greitt stefnanda samtals kr. 800.000, en kr. 100.000 greiddi hún 1. október 1976, eða samtals kr. 900.000. Verður niðurstaða málsins því sú, að stefndu verður gert að greiða stefnanda kr. 431.381 (1.406.381 ÷ 75.000 ÷ 900.000). Dómkröfur máls þessa eru í gömlum krónum. Með vísan til ákvæða laga nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensk gjaldmiðils og reglugerðar nr. 253/1980 ákveðst dæmd fjárhæð í nýkrónum og verður kr. 4.313.81. Fram er komið, að smíði meginhluta eldhúsinnréttingarinnar hefur farið fram á árinu 1975, en viðgerð fór fram á árinu 1976. Svo sem áður er rakið, kom fram í upphafi af hálfu stefnanda, að kostnaður við viðgerð á eldhúsinnréttingunni hefði numið kr. 400.959, en fram hefur komið undir rekstri málsins, að inni í þeirri fjárhæð væru einnig vinnulaun við smíði viftuskáps og við skrifborð. Þrátt fyrir þetta gat stefnda ekki vænst þess, að hún hefði þegar greitt það, sem henni bar að greiða stefnanda. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndu gert að greiða vexti af kr. 2.217.37 frá 1. október 1976, en af kr. 2.096.44 frá uppkvaðningu dóms í málinu. Reiknast vextir þessir þannig: 13% af kr. 296.737 frá 1. október 1976 itl 21. nóvember s. á., 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní, en 35% ársvextir frá þeim degi til 9. apríl 1981, en af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags. Verður krafa stefnanda um dómvexti ekki tekin til greina gegn mótmælum stefndu. Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda upp í málskostnað kr. 1.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-

dómsmönnunum Pétri B. Lútherssyni húsgagnaarkitekt og Sigurði Úlfarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Stefnda, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnanda, Trésmiðjunni h/f, kr. 4.313.81 með 13% ársvöxtum af kr. 2.217.37 frá 1. október 1976 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 9. apríl 1981, en með 35% ársvöxtum af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 1.500.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Nr. 206/1983. **Ríkisútvarpið**
gegn
Hreiðari Jónssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. október 1983, sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Hann krefst þess, „að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert skylt að kveða upp efnisdóm í málinu."

Héraðsdómari hefur tilkynnt varnaraðilja, sem ekki hefur sótt þing í héraði, um kæruna. Frá honum hafa engar kröfur borist.

Samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936 ber dómara að kveða í dómi aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar dómur er upp kveðinn, og tiltaka upphæð hans, hvernig sem um hann kann að hafa verið samið. Ekki þykir bera að beita ákvæðum

67. gr. og 69 gr. laga nr. 85/1936, sem varða sakarefni dómsmáls, með þeim hætti, að rétt hafi verið fyrir dómara máls þessa að kveða á um það með sérstökum frávísunardómi, er hann taldi kröfu sóknaraðilja um dráttarvexti af málskostnaðarfjárhæð ekki verða tekna til greina við ákvörðun málskostnaðar við efnisdóm í málinu. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 26. ágúst 1983, af Ríkisútvarpinu, nnr. 7349-3943, Skúlagötu 4, Reykjavík, gegn Hreiðari Jónssyni, nnr. 4360-0419, Hamrabergi 4, Reykjavík, vegna Dreifbýlismiðstöðvarinnar, nnr. 1636-2190, Skeifunni 8, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7.657.00 með 45% ársvöxtum af kr. 3.722.00 frá 1. maí 1983 til 1. júní 1983, en 45% ársvöxtum af kr. 7.675.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 3.244.00 skv. gjaldskrá LMFÍ, og 45% ársvöxtum á þann málskostnað frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að verði ekki fallist á upphafstíma tildæmdra vaxta á málskostnað, sbr. hér að framan, þá reiknist þeir frá lokum aðfararfrests.

Til þrautavara, að tildæmdir vextir á málskostnað reiknist frá dómsbirtingardegi.

Til þrautaþrautavara gerir stefnandi þá kröfu, að verði ekki fallist á, að tildæmdur málskostnaður beri vexti, svo sem krafist er hér að framan, þá er krafist viðurkenningar á því, að gjalddagi tildæmds málskostnaðar teljist í fyrsta lagi frá dómsuppsögu, til vara frá lokum aðfararfrests, til þrautavara frá dómsbirtingardegi.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna vegna viðskipta Dreifbýlismiðstöðvarinnar við stefnanda. Skuldin sé skv. reikningi, dags. 11. ágúst 1983, vegna hljóðvarpsauglýsinga í hljóðvarpi á tímabilinu apríl 1983 fyrir kr. 3.722.00 og í maí 1983 fyrir kr. 3.953.00, eða samtals sé reikningurinn að fjárhæð kr. 7.675.00.

Hreiðar Jónsson sé einkaeigandi Dreifbýlismiðstöðvarinnar.

Þrátt fyrir innheimtutilraunir hafi stefndi eigi fengist til að greiða skuld þessa.

Stefnandi byggi kröfur sínar á reglum kröfuréttar um loforð og samninga og reki málið fyrir bæjarþinginu skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Vaxtakröfur séu reistar á ákvörðunum Seðlabanka Íslands og gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi kveðst reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Mál þetta er almennt skuldamál og verður eigi rekið skv. þeim kafla, sbr. 207. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem telja má, að framlögðum reikningi svo og viðskiptum stefnanda og stefnda sé nægilega lýst í stefnu, þykir ekki ástæða til þess að vísa máli þessu frá dómi í heild sinni.

Stefnandi hefur gert kröfu til þess, að tildæmdur málskostnaður beri vanskilavexti. Með vísan til 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 er þeirri kröfu stefnanda vísað frá dómi ex officio. Þar með er varakröfu stefnanda svo og þrautavarakröfu hans einnig vísað frá dómi ex officio.

Skilja verður þrautaþrautavarakröfu stefnanda svo, að í henni felist ósk um lögfræðilega álitsgerð. Samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936 verða dómstólar ekki krafðir slíkrar álitsgerðar. Þrautaþrautavarakröfu stefnanda er því vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda um, að málskostnaður beri 45% ársvexti frá dómsuppsögudegi til greiðsludags, er vísað frá dómi ex officio. Varakröfu, þrautavarakröfu og þrautaþrautavarakröfu stefnanda er einnig vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms.

Þriðjudaginn 15. nóvember 1983.

Nr.201/1981. **Guðmundur B. Guðmundsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Jóhanni P. Andersen
(Gunnar Sólnes hrl.).

Fasteignakaup. Vísitölutryggð veðskuld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1981. Hann gerir þær dómkröfur, „að viðurkennt verði með dómi Hæstaréttar, að áfrýjanda sé óskylt að gefa út til stefnds skuldabréf að fjárhæð kr. 23.725.00 til 5 ára með 18% ársvöxtum frá 15. júlí 1980 með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1981." Jafnframt krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerði svofelldar dómkröfur fyrir Hæstarétti: „Áfrýjandi gefi út fimm ára skuldabréf til stefnda að fjárhæð kr. 23.725.00 með 18% ársvöxtum frá 15. júlí 1980 með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1981. Þá greiði áfrýjandi stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati réttarins."

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var umsamið söluverð fasteignarinnar nr. 30 við Arnartanga 57.000.000 gamlar krónur. Í kaupsamningi um eignina frá 19. maí 1980 eru engin ávkæði, sem gefi ótvírætt til kynna, að samið hafi verið um annað og hærra heildarsöluverð. Hækkun höfuðstóls lána veðdeildar Landsbanka Íslands vegna umsaminnar vísitöluhækkunar var ekki út reiknuð við kaupsamningsgerð, en áætlunarfjárhæð tilgreind um eftirstöðvar án vísitöluhækkana. Jafnframt var tilgreind áætlunarfjárhæð um annað af 2 veðskuldabréfum, sem áfýjandi (kaupandi) skyldi gefa út til greiðslu hluta kaupverðsins. Þar sem ákvæðin gefa ekki ótvírætt til kynna, að söluverð skyldi vera hærra, og stefnda hefur ekki með öðrum hætti tekist að færa sönnur að því, að samið hafi verið um annað söluverð en 57.000.000 gkr., sem greinir í kauptilboði frá 13.

maí 1980 og framangreindum kaupsamningi, verður að leggja þá fjárhæð til grundvallar sem heildarsöluverð eignarinnar. Ber því að dæma áfrýjanda óskylt að gefa út framangreint skuldabréf.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Guðmundi B. Guðmundssyni, skal óskylt að gefa út skuldabréf það, sem að framan greinir.

Stefndi, Jóhann P. Andersen, greiði áfrýjanda samtals 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Við undirritun kaupsamnings málsaðilja 19. maí 1980 lá fyrir veðbókarvottorð frá 16. s. m. Verður að ætla, að þar hafi verið greint frá því, að veðskuldabréf á 1. veðrétti væru vísitölutryggð. Þessa er og glögglega getið í kaupsamningnum, og eru eftirstöðvar taldar þar „án vísit. ca. 1.630.000" krónur. Kaupanda og umboðsmanni hans, sem var sölumaður fasteigna, gat ekki dulist samkvæmt þessu, að nokkurt vísitöluálag hefði fallið á veðskuld, og orðalagið „ca." veitti þeim sérstakt tilefni til að gefa gaum að þessu. Eigi er til hlítar leitt í ljós, hverjar venjur tíðkuðust á þessum tíma um uppgjör viðskipta sem þessara, en þó er nokkur bending um það í málinu, að uppgjöri hafi oft verið hagað svo sem stefndi heldur fram.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann nema um málskostnað.

Rétt þykir með hliðsjón af vafaatriðum máls, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, nema að því er varðar málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 27. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Guðmundur B. Guðmundsson læknir, Arnartanga 30, Mosfellshreppi, fyrir dóminum með stefnu, birtri 2. mars sl., gegn Jóhanni P. Andersen viðskiptafræðingi, Dalsgerði 5 F, Akureyri, til afhendingar afsals fyrir fasteigninni nr. 30 við Arnartanga í Mosfellshreppi gegn viðtöku á veðskuldabréfum, útgefnum af stefnanda, að fjárhæð samtals kr. 132.488.00. Jafnframt krafðist stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Í greinargerð sinni breytti stefnandi kröfugerð þessari þannig, að veðskuldabréfin skyldu verða samtals að fjárhæð kr. 135.508.12 í stað kr. 132.488.00.

Í greinargerð sinni gerði stefndi þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður af þeirri dómkröfu stefnanda, að skuldabréf samkvæmt greiðsluliðum nr. 7 og 8 í kaupsamningi málsaðilja um fasteignina nr. 30 við Arnartanga í Mosfellshreppi, dags. 19. maí 1980, yrðu lækkuð um kr. 23.725.00, eða úr kr. 159.233.00 í kr. 135.508.00. Þá krafðist stefndi þess, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða stefnanda (sic) málskostnað að mati dómsins eða síðarframlögðum reikningi.

Er hér var komið höfðu málsaðiljar leyst þann ágreining, sem upp kom 5. febrúar sl. við lokauppgjör og frágang viðskipta þeirra samkvæmt nefndum kaupsamningi. Eingöngu stendur eftir ágreiningur málsaðilja um, hvort mismunur eftirstöðva upphaflegs höfuðstóls áhvílandi íbúðalána veðdeildar Landsbanka Íslands án vísitölu og uppfærðs með hækkun viðkomandi viðmiðunarvísitölu frá lántökutíma skuli koma til lækkunar veðskuldabréfi, sem stefnandi skyldi gefa út eða afhenda til greiðslu kaupverðs fasteignarinnar að hluta eða ekki. Það er ágreiningslaust, að mismunur þessi nemi kr. 23.725.00 og komi til álita við greiðslulið nr. 7 í umræddum kaupsamningi.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þá endanlegu kröfugerð, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að honum sé óskylt að gefa út til stefnda veðskuldabréf að fjárhæð kr. 23.725.00 til 5 ára með 18% ársvöxtum frá 15. júlí 1980 með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1981, tryggt með 6. veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni nr. 30 við Arnartanga í Mosfellshreppi. Jafnframt krafðist stefnandi málskostnaðar miðað við endanlega kröfugerð að skaðlausu.

Af hálfu stefnda var þess hins vegar krafist, að stefnandi gæfi út og afhenti stefnda veðskuldabréf þetta. Þá krafðist stefndi og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

Kaupverð fasteignarinnar var um samið kr. 570.000.00 (gkr. 57.000.000) og skyldi samkvæmt kaupsamningnum greiðast þannig í gömlum krónur:

,,1.	Við undirritun kaupsamnings	—	5.000.000
2.	Hinn 1. — 5. júní 1980	—	5.000.000
3.	Hinn 1. — 5. ágúst 1980	—	10.000.000
4.	Hinn 1. — 5. nóvember 1980	—	9.000.000
5.	Hinn 1. — 5. febrúar 1981	—	9.000.000
6.	Kaupandi tekur að sér að greiða eftirtaldar est. áhvílandi veðsk:		
	Á 1. veðr.: Upphl. kr. 1.700.000 vísit.tr. skv. 3. veðbréfum dags. 17. 9. 75, 1. 6. 76 og 5. 10. 76, est. án vísit. ca.	—	1.630.000
	A 2. veðr.: Lífeyrissj. verzlm., upphl. kr. 1.200.000 skv. veðbr. dags. 27. 12. 1975, eftirstöðvar ...	—	366.668
	Á 2. veðr.: Lífeyrissj. verzlm. upphl. kr. 1.200.000 skv. veðbr. dags. 27. 10. 76, eftirstöðvar	—	1.080.000
7.	Kaupandi gefur út eða afhendir skuldabréf við afsal, sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 5 árum með 18% vöxtum frá afhendingardegi hinnar seldu eignar með gjaldd. 1. — 15. 8. ár hvert, í fyrsta sinn 1. — 15.8. 1981. Skuldabr. þetta, sem tryggt verði með veði í hinni seldu eign eða öðru sambærilegu veði, verður að fjárhæð ca.	—	8.923.332
8.	Kaupandi gefur út skuldabréf v. afsal, sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum með 20% vöxtum frá afh.degi með gjalddaga 1. — 15. 8. ár hvert, í fyrsta sinn 1. — 15. 8. 1981. Skuldabréfið sé tryggt með veðr. í hinni seldu eign á eftir: yfirteknum veðskuldum og veðskuldum, sem seljandi veitir veðleyfi fyrir. Skuldabréf þetta verður að fjárhæð	—	7.000.000
		Alls	kr. 57.000.000"

Stefnandi tók við eigninni 15. júlí 1980. Í kaupsamningnum eru m. a. eftirfarandi ákvæði: ,,Hin selda eign skal vera laus til afnota hinn 1. — 15. 7. 80. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur svo og vexti af áhvílandi lánum, en seljandi til sama tíma. Vexti af áhvílandi lánum skal seljandi gera upp við afsal.

Afsal skal gefið út 5. 2. 1981...."

,,Veðbókarvottorð dags. 16.05.1980 liggur frammi við söluna, og hefur kaupandi kynnt sér það og hefur ekkert við það að athuga. Að öðru leyti en að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda."

Kaupsamningurinn var byggður á skriflegu kauptilboði stefnanda, sem stefndi hafði samþykkt. Í kauptilboðinu kemur ekki fram, að íbúðalánin séu vísitölutryggð, og í kaupsamningnum kemur ekki fram greindur mismunur vegna hækkunar vísitölu og kom samkvæmt gögnum málsins ekki fram við samningsgerðina.

Í kauptilboði stefnanda segir m. a.:

„Fyrir eignina skuldbind ég mig til að greiða alls kr. 57.000.000,- skrifa krónur fimmtíuogsjömilljónir 00/100 sem hér segir:

1.a.	Við undirskrift kaupsamnings	kr.	5.000.000.-
b.	Hinn 1. — 5/6 1980	—	5.000.000.-
c.	Hinn 1. — 5.8.1980	—	10.000.000.-
d.	Hinn 15.11.1980	—	9.000.000.-
e.	Hinn 15.1.1981	—	9.000.000.-
2.	Ég tek að mér að greiða áhvílandi veðskuldir á Lífeyrissjóður og veðd. Landsb. og veðrétti, samtals að eftirstöðvum ca.	—	3.000.000.-

Aðrar veðskuldir losaðar af fyrir áramót.

Eftirstöðvar kaupverðs ca. kr. $\frac{7.000.000.-}{9.000.000.-}$ greiði ég að fullu á næstu $\frac{4}{5}$árum með jöfnum árlegum afborgunum hinn 1. til 15.8. ár hvert, í fyrsta sinn 1.—15.8. 1981.

Í vexti af skuldinni greiði ég $\frac{18\%}{20\%}$ á ári frá afhendingu, og skal hún tryggð með veði í hinni seldu eign eða öðru sambærilegu veði.“

Umrædd íbúðalán eru endurgreidd á 25 árum með jöfnum árgjöldum og gjalddagi þeirra 1. — 15. maí ár hvert. Svokölluð grunnvísitala hvers verðtryggingarálag sem hlutfallslega viðbót við árgjaldið sem svarar 4/10 hreyfanlega vexti. Í öllum bréfunum er svohljóðandi ákvæði:

„Á hverjum gjalddaga árgjalds af láni þessu ber mér auk þess að greiða verðtryggingarálag sem hlutfallslega viðbót við árgjaldið, sem svara 4/10 — fjórum tíundu — þeirrar hækkunar, er hverju sinni kann að hafa orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá lántökutíma til hvers gjalddaga árgjalds eða greiðsludags, dragist greiðsla fram yfir gjalddaga.“ Árgjaldið samanstendur af afborgun, vöxtum og varasjóðstillagi. Á kvittunum fyrir greiðslum samkvæmt veðskuldabréfunum árið 1979 og 1980, sem fram hafa verið lagðar í málinu, kemur m. a. fram fjárhæð eftirstöðva lánanna án vísitölu, fjárhæð heildargreiðslu og sundurliðun hennar. Samkvæmt þeim var árgjaldið samtals kr. 1.822.05 (gkr. 182.205), vísitöluálagið á þá fjár-

hæð árið 1979 kr. 1.219.87 (gkr. 121.987) og heildargreiðslur það ár þannig kr. 3.041.92 (gkr. 304.192), en vísitöluálagið árið 1980 kr. 2.299.06 (gkr. 229.906) og heildargreiðslur það ár því kr. 4.121.11 (gkr. 412.111). Eftirstöðvar eftir greiðslu árið 1979 voru kr. 16.413.40 (gkr. 1.641.339.74), en árið 1980 kr. 16.191.66 (gkr. 1.619.165.37), hvort tveggja án vísitölu.

Það kemur fram á dskj. 22, sem hefur að geyma upplýsingar frá veðdeild Landsbanka Íslands „vegna upphækkunar á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, verðtryggðum lánum" F og G flokki tímabilið 1. júlí — 30. september 1980, en íbúðalán þau, sem um er fjallað í málinu, eru í F fl. 4, 7 og 10, að verðtryggingarálag þeirra lánaflokka var 30% frá 1. júlí 1974 (F fl. 1), 40% frá 1. júlí 1975 (F fl. 4), 60% frá 1. maí 1978 (F fl. 17) og 100% frá 1.júlí 1979 (F fl. 22). Þar kemur og fram grunnvísitala hvers einstaks lánaflokks, vísitala 1. júlí 1980, heildarhækkun vísitölu og margföldunartala til að finna út höfuðstól.

Málsaðiljar hafa komið fyrir dóminn svo og Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður, sem hafði fasteignina til sölumeðferðar, Benedikt Halldórsson, sölumaður hjá fasteignasölunni Fasteignahúsinu í Reykjavík, en hann var stefnanda til aðstoðar, og loks Elías Gíslason viðskiptafræðingur, sem starfar hjá Fasteignamati ríkisins. Verður nú vikið að framburðum þeirra að því leyti sem hér þykir skipta máli.

Kauptilboð stefnanda er gert á staðlað form nefndrar fasteignasölu, sem Benedikt Halldórsson starfar við. Hafði það atvikast þannig, að Benedikt hafði séð um sölu á fasteign, sem stefnandi átti. Pétur Kjerúlf kveður Benedikt hafa haft samband við sig og kvaðst vera með kaupanda, sem reyndist vera stefnandi, að fasteign stefnda. Þeir Benedikt hafi rætt það sín á milli, hvað stefnandi vildi gefa fyrir eignina, og í þessum viðskiptum hafi hann sjálfur aðallega haft samband við stefnda, en Benedikt við stefnanda. Þetta hafi verið eins og þeir Benedikt voru að semja sín á milli. Benedikt kveður það alveg rétt, að viðskiptin hafi mikið farið á milli þeirra Péturs. Benedikt kveður stefnanda hafa boðið í eignina í samráði við sig. Hann minnir, að hann hafi í þessu sambandi farið tvívegis heim til Péturs, sem honum hafi ekki fundist nógu lifandi sem söluaðili. Þess vegna hafi hann farið með kauptilboðið til Péturs og einnig náð í samþykki stefnda við tilboðinu til hans.

Pétur Kjerúlf útbjó umræddan kaupsamning, sem var undirritaður á skrifstofu Fasteignahússins. Þar voru viðstaddir auk Péturs stefnandi, bróðir stefnda, sem undirritaði kaupsamninginn fyrir hans hönd, og Benedikt Halldórsson. Pétur kveður fjárhæð eftirstöðva íbúðalánanna ónákvæma í kaupsamningnum, þar sem hann hafi ekki haft nýjustu kvittanir fyrir greiðslum af þeim. Hann hafi litið svo á, eins og venja hafi verið í fasteignaviðskiptum, að þessi eldri vísitölubundnu lán yrðu yfirtekin á

þeirri fjárhæð eftirstöðva, sem kvittanir segðu til um. Það hafi tíðkast allt fram á mitt síðasta ár. Eftir að farið hafi að koma inn í viðskipti fasteignir með áhvílandi lánum vísitölubundnum að fullu, mikið af þeim í G flokki, sem séu með styttri greiðslutíma, fari að bera á stefnubreytingu í þessu efni og í sumum tilvikum farið að taka vísitölumismun þessarra nýrri lána inn í. Slíkt hafi þó ekki komið fyrir hjá honum fyrr en á þessu ári. Hann hyggur, að söluverð fasteignarinnar hefði orðið hærra, ef íbúðalánin hefðu verið færð upp með hækkun vísitölu og sú fjárhæð sett í 6. lið kaupsamningsins. Hann þorir ekki að fullyrða um, hve glögga grein stefnandi hafi gert sér fyrir vísitöluhækkuninni, en kveðst hafa litið svo á, að stefnanda væri kunnugt um, að hún væri einhver, jafnvel töluverð, sem hann yrði að bera, en eins og samningurinn komi upp, hafi Benedikt eiginlega komið fram sem hálfgerður umboðsmaður stefnanda í þessum viðskiptum málsaðilja. Því hafi hann ekki haft eins mikil afskipti af stefnanda og hefði salan eingöngu farið um sínar hendur. Þess vegna megi vera, að stefnanda hafi ekki verið gerð nægileg grein fyrir vísitöluhækkuninni. Hann kveður þetta orðalag í kaupsamningnum um það efni, sem deilt er um, hafa verið almennt þannig og mjög venjulegt á sinni fasteignasölu. Hann kveðst hafa séð þetta orðað á mismunandi vegu hjá ýmsum fasteignasölum, en yfirleitt alltaf hafa verið gengið út frá því, að kaupandi bæri þessa vísitöluhækkun. Þó finnst honum æði mikill misbrestur hafa orðið á því, að kaupendum væri gerð glögglega grein fyrir, hvað vísitalan væri há, enda til þessa verið erfitt að fá upplýsingar þar um. Þann 5. febrúar sl. hafði Pétur Kjerúlf verið búinn að útbúa afsal fyrir eigninni og tvö veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins samkvæmt kaupsamningnum og miðaði fjárhæð þeirra við eftirstöðvar upphaflegrar fjárhæðar íbúðalánanna án vísitölu. Þá sagði hann stefnanda, hver vísitölumismunurinn var, en stefnandi neitaði að ganga frá veðskuldabréfunum þannig og vildi, að mismunurinn yrði dreginn frá.

Benedikt Halldórsson kveður ekkert hafa verið talað um, hvernig íbúðalánin væru við tilboðsgerð. Hann kveður venjuna þá, að við gerð kaupsamnings komi það fram, ef um vísitölubundin lán er að ræða. Hjá Fasteignahúsinu hafi þeir það þannig, að kaupandi yfirtaki eftistöðvar upphaflegs höfuðstóls lánanna með tilgreindri fjárhæð, en síðan sé bætt við „auk áfallinnar vísitölu", ef um slíkt er að ræða. Spurður, hvort hann hafi komið fram sem umboðsmaður stefnanda, kvaðst Benedikt hafa gætt hagsmuna hans. Hann kveðst ekki minnast þess, að neitt hafi verið rætt um vísitölumismuninn við gerð kaupsamningsins. Hann tók fram, að áður en veðdeild Landsbanka Íslands fór að gefa út framangreindar upplýsingar, hafi það eina, sem hægt var að gera í kaupsamningnum, verið að segja, eins og áður var fram komið hjá honum, „auk áfallinnar vísitölu, sem kaupandi greiðir", hver sem hún var. Þannig hafi eignir í raun verið keyptar dýrari. Hann

kveðst halda, að það hafi tíðkast í flestum tilfellum hjá öðrum fasteignasölum að orða þetta þannig. Hann kvað það ekki hafa verið sinn skilning, að stefnandi ætti, eins og þetta var orðað í kaupsamningnum, að bera vísitölumismuninn, heldur mundi stefndi bera hann til afhendingardags. Hann kvaðst ekki hafa hugsað út í, hvernig stefndi mundi greiða þennan mismun. Væntanlega mundi það lækka greiðslu eftirstöðva kaupverðsins.

Stefnandi kveðst hafa vitað, að um einhverja vísitöluhækkun íbúðalánanna hafi verið að ræða. Við gerð kaupsamningsins hafi hann spurt um það og hvað þetta „ cirka" þýddi. Þá hafi honum verið sagt, að engar kvittanir lægju fyrir og nákvæmari tölur ekki fyrir hendi, en þetta yrði sléttað af við afsal. Það hafi ekki hvarflað að sér, hve háa fjárhæð um hafi verið að ræða, og hann ekki vitað það fyrr en 5. febrúar sl., er hann ætlaði að sækja afsalið. Við gerð kaupsamningsins kveðst hann hafa spurt, en ekki fengið nein svör, um, hve háar fjárhæðir þetta „cirka" gæti staðið fyrir. Hann kveðst hafa talið, að vísitölumismunur íbúðalánanna mundi lækka fjárhæð veðskuldabréfsins og kauptilboð sitt hafa miðast við, að raunverulegar eftirstöðvar íbúðalánanna væri það, sem gilti. Stefnandi kveðst hafa verið, og vera reyndar enn, afskaplega ófróður um þessa hluti. Benedikt Halldórsson hafi aðeins aðstoðað sig af greiðasemi, skoðað með sér eignina og verið viðstaddur samningsgerðina.

Það hefur þegar komið fram, að stefndi var ekki viðstaddur, er kaupsamningurinn var undirritaður. Einnig hefur komið fram í málinu, að hann var á Akureyri, er kauptilboðið var gert, og samþykkti það með símskeyti. Af gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda, kvað stefndi, er hann kom fyrir dóminn, sér alltaf hafa verið kunnugt um, að íbúðalánunum fylgdi vísitala og lánin hærri en fram kæmi á kvittunum. Það hafi ekki verið neinn efi í sínum huga, er kaupsamningurinn var gerður, að eftirstöðvar lánanna væru hærri heldur en raunin sé og hafi alltaf verið að taka fram í kaupsamningum og á afsölum, þó sjálfsagt hafi þeim kaupsamningum, sem hann hafi áður gert, fylgt lán með lægra hlutfalli verðtryggingar.

Fasteignamati ríkisins ber að senda afrit allra kaupsamninga um fasteignir. Af því tilefni kom áðurnefndur Elías Gíslason viðskiptafræðingur, sem starfar hjá þeirri stofnun, fyrir dóminn og jafnframt vegna bréfs lögmanns stefnda til stofnunarinnar, þar sem þess er óskað, að upplýst verði, hvaða háttur hafi verið á hafður hjá öðrum fasteignasölum um það atriði, sem ágreiningur málsaðilja snýst um. Hann kvað það aðeins almenns eðlis, sem hann hefði um þetta að segja. Það hafi orðið æ algengara, sérstaklega eftir að lánin urðu vísitölutryggð að fullu, en það var, eins og áður er fram komið, árið 1979. Þá finnist honum þau yfirleitt reiknuð upp. Þetta sé einnig að koma með eldri lánin, en það ekki mjög algengt og þá venjulega tekið fram í kaupsamningunum, að kaupandi taki að sér uppreiknaðar

verðbætur eða vísitölu. Þetta hafi orðið algengara, sérstaklega eftir að sett hafi verið lög um, að vísitölubinda mætti lán, og það kom til umræðu. Þá hafi orðið hreyfing í þá átt í kaupsamningum að reikna upp vísitölubundin lán. Spurður sérstaklega um orðalag kaupsamnings málsaðilja kvaðst hann hafa séð það, sem um ræðir þannig, en einnig þannig, að upphæð íbúðalánanna væri sett með þessum hætti, en síðan í næstu línu fyrir neðan sérstaklega tekið fram, að kaupandi tæki að sér áfallnar vísitölubætur, og það algengara mundi hann segja.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt kaupsamningnum hafi hann átt að yfirtaka íbúðalánin á ca kr. 16.300.00, en raunveruleg fjárhæð þeirra hafi verið miklum mun hærri og eigi sá mismunur að reiknast til lækkunar veðskuldabréfsins. Seljanda hafi verið kunnugt um, að lánið var mun hærra en hann hafi gefið upp. Þannig hafi stefnandi ekki aðeins fengið ónákvæma fjárhæð, heldur einnig ranga fjárhæð. Stefnandi heldur því fram, að fólk almennt hafi ekki farið að átta sig á þýðingu þessara verðtryggðu lána fyrr en við skattframtal 1980 samkvæmt nýjum skattalögum. Nú væri sá háttur á hafður í fasteignaviðskiptum, að lánin væru reiknuð upp. Þetta væri tiltölulega nýr þáttur í fasteignaviðskiptum. Stefndi geti ekki borið fyrir sig eldri venju, sem á umræddumm tíma hafi verið nýbreytt. Hins vegar hefði það lengi þekkst við skipasölu að reikna upp verðtryggð lán til afhendingardags. Þá byggir stefnandi á því, að hann hafi keypt umrædda fasteign fyrir ákveðna fjárhæð, kr. 570.000.00, en ekki auk hennar umræddan vísitölumismun.

Stefndi heldur því fram, að kaupsamningur málsaðilja beri með sér, að stefnandi eigi að bera umdeilda vísitöluhækkun. Með umræddu ákvæði liggi ljóst fyrir, að seljandi eignarinnar hafi ekki ætlað að vera bundinn af greiðslum vísitöluálagsins gegnum árin, og það af fasteign, sem honum hafi ekki komið við lengur. Einnig sé fjarstæðukennt að halda því fram, að kaupandi eigi að fá vísitöluálagið frádregið af skuldabréfi til 5 ára, þar sem umrædd lán séu til 25 ára og vísitöluálaginu jafnað niður á þau 25 ár. Það hafi verið almenn og föst venja í fasteignaviðskiptum, að lán þessi væru sett í kaupsamninga án vísitölu, og til þess ætlast, að kaupandi greiddi vísitöluálagið, án þess að sú upphæð væri tilgreind sérstaklega í kaupsamningi. Ef fara hefði átt út fyrir þá viðskiptavenju, hefði átt að setja ákvæði í kaupsamninginn um, að seljandi ætti að bera uppsafnaðar verðbætur. Þá sé söluverð fasteigna ákvarðað með tilliti til áhvílandi lána og sérstaklega tekið tillit til þeirra lánskjara, sem fylgi þeim lánum, sem kaupandi fái að yfirtaka. Á sama hátt og vísitölutryggt lán lækki verð húseignar, þá hækki verð hennar, ef kaupandi fái að yfirtaka óvísitölutryggt lán með lágum vöxtum. Þegar stefnandi hafi undirritað kaupsamninginn, hafi honum mátt vera ljóst, að umrædd lán væru í raun hærri heldur en tilgreint

er í kaupsamningi. Mjög hafi verið talað um verðtryggingu lána á opinberum vettvangi og ætti það ekki að hafa farið fram hjá neinum, síst þeim, sem stæðu í húsakaupum. Þá hafi stefnandi haft sér við hlið fasteignasala til að leiðbeina sér.

Gegn mótmælum stefnda og með framburðum vitnanna Péturs Kjerúlf héraðsdómslögmanns og Benedikts Halldórssonar, sölumanns fasteigna, sem aðstoðaði stefnanda við samningsgerð málsaðilja, er ósannað, að við gerð kaupsamnings þeirra hafi það komið fram af hálfu stefnda, að við útgáfu afsals fyrir umræddri fasteign mundi fjárhæð veðskuldabréfs samkvæmt 7. lið um greiðslu kaupverðs lækka sem næmi mismun uppfærðs höfuðstóls lána veðdeildar Landsbanka Íslands og eftirstöðva upphaflegrar fjárhæðar höfuðstóls þeirra án vísitölu, en þannig koma eftirstöðvarnar fram á framlögðum kvittunum vegna greiðslna árin 1979 og 1980. Það er upplýst, að fjárhæð eftirstöðva áhvílandi lána veðdeildar Landsbanka Íslands án vísitölu er ónákvæm, þar sem kvittanir fyrir greiðslum af þeim lánum lágu ekki fyrir, en nefndum aðstoðarmanni stefnanda var fullkunnugt, með hvaða hætti eftirstöðvar þeirra lána komu fram á greiðslukvittunum almennt.

Lán, sem á fasteigninni hvíldu á 1. og 2. veðrétti, yfirtók stefnandi og greiddi með þeim hætti kaupverðið að hluta, en öðrum áhvílandi veðskuldum skyldi stefndi aflýsa. Það lá ljóst fyrir, að þinglýst lán veðdeildar Landsbanka Íslands voru vísitölutryggð. Gat hvor málsaðilja sem var gengið úr skugga um efni þeirrar vísitölutryggingar og hverju hún varðaði greiðslubyrði af lánunum. Verður ekki talið, að stefndi hafi gefið stefnanda upp rangar eftirstöðvar þessarra lána, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda, enda kemur skýrt fram í kaupsamningum, að tilgreindar eftirstöðvar væru „ca." tiltekin fjárhæð án vísitölu. Eigi verður heldur litið svo á, að stefnandi, sem jafnframt naut aðstoðar starfandi sölumanns fasteigna, geti borið fyrir sig ókunnugleika í þessum efnum eða að þeir hafi fengið rangar eða villandi upplýsingar um ákvarðandi atriði í því sambandi fyrir kaupverð eignarinnar og greiðslukjör.

Þegar framangreint er virt og þess enn fremur gætt, sem tíðkast hafði í kaupsamningum um fasteignir, að samsvarandi áhvílandi lán, sem kaupendur yfirtóku, voru metin sem greiðsla kaupverðs að hluta á fjárhæð eftirstöðva upphaflegs höfuðstóls þeirra án vísitölu, hvað sem líður orðalagi kaupsamninga um það atriði, eins og fram er komið í málinu og áður greinir, var brýn nauðsyn, að sérstaklega væri tekið fram í kaupsamningnum, ætti höfuðstóll lána veðdeildar Landsbanka Íslands að metast sem greiðsla uppfærður með hækkun vísitölu lánanna fram til afhendingardags fasteignarinnar. Verður niðurstaða málsins samkvæmt framanskráðu og málatilbúnaði aðilja því sú, að dæma ber stefnanda til að gefa út til stefnda veð-

skuldabréf að fjárhæð kr. 23.725.00 og með þeim kjörum, sem nánar greinir í endanlegri kröfugerð stefnanda.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.248.00 í samræmi við málskostnaðarreikning stefnda.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnandi, Guðmundur B. Guðmundsson, skal gefa út til stefnda, Jóhanns P. Andersen, veðskuldabréf að fjárhæð kr. 23.725.00 til 5 ára með 18% ársvöxtum frá 15. júlí 1980 með gjalddaga 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. ágúst 1981, tryggt með 6. veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni nr. 30 við Arnartanga í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Stefndi greiði stefnda kr. 8.248.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1983.

Nr. 96/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Níels Adolf Ársælssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Ákæra fyrir fiskveiðibrot. Réttarfar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Máli þessu var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl sl. til sakfellingar samkvæmt ákæru, ákvörðunar refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 10. ágúst sl.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari hins vegar krafist þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð.

Ríkissaksóknari féll eigi frá áfrýjun málsins, eftir að hann tók þá afstöðu, að héraðsdómarinn hefði réttilega leyst úr ákæruefninu. Hefur ríkissaksóknari markað sér þá afstöðu, að um ákæruefnið verði dæmt hér fyrir dómi, en þó svo, að hvorki viðurlög né sakarkostnaður verði dæmdur á hendur ákærða. Í þessu felst efnislega, að óskað er eftir álitsgerð Hæstaréttar um ákæruefnið. Áfrýjun máls á þessum grundvelli samrýmist ekki almennum réttarfarsreglum, sbr. meginregluna í 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, sem gildir einnig í opinberum málum. Eins og kröfugerð og málflutningi hér fyrir dómi er háttað, felur ákvæði 2. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974 eigi í sér grundvöll undir áfrýjun málsins. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og leggja allan áfrýjunarkostnað þess á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Níelsar Adolfs Ársælssonar, hæstaréttarlögmanns Benedikts Blöndal, 15.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 13. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 9. mars 1983, á hendur Níels Adolf Ársælssyni, Hamraborg, Tálknafirði, fyrir fiskveiðibrot. Ákærða er gefið að sök að hafa sem skipstjóri á skuttogaranum Einari Benediktssyni, BA 377, sem er 295 brúttórúmlestir, 35.89 lengdarmetrar og með 1095 bremsuhestafla aflvél, verið á botnvörpuveiðum um kl. 1030 þriðjudaginn 8. mars 1983 út af Vík í Mýrdal á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem botnvörpuveiðar eru þessu skipi vegna vélarstærðar óheimilar á þessum árstíma.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., liði C 3 og C 6, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976

og 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög um breyting á þeim lögum nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum togarans, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Mál þetta var upphaflega dómtekið fimmtudaginn 10. mars sl., en hinn 11. mars sl. var málið endurupptekið skv. heimild í 2. mgr. 125. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og hlutaðist dómurinn þá til um, að gerð yrði fyrirspurn til vélarframleiðanda. Dómurinn gaf síðan verjanda og sækjanda kost á að verja og sækja málið að umbeðinni fyrirspurn fenginni, og skv. ákvörðun ríkissaksóknara fór fram sókn og vörn í málinu, en dómurinn ákvað, að málið skyldi flutt munnlega.

Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær dómkröfur, að ákærði verði dæmdur til refsingar skv. lagaákvæðum tilgreindum í ákæru, til að sæta upptöku á veiðarfærum togarans, þ. m. t. öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 17. september 1959 á Bíldudal, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 19/7 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 40.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 26/2 1977.

1977 3/4 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga

1977 24/4 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 25/3 í Barðastrandarsýslu: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 11., 18., 41. og 49. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 mán. frá 25/3 1980.

1982 26/10 í Barðarstrandarsýslu: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

Skipaður verjandi ákærða gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun hans.

I. Málavextir.

Mál þetta snýst um það, hvort aflvél skuttogarans Einars Benediktssonar,

BA 377, sé 1000 bremsuhestöfl eða stærri, að öðru leyti þykja málavextir hinir helstu vera þessir:

Í skýrslu skipherrans á TF-SÝN segir svo:

„Þriðjudaginn 8. marz 1983 stóð gæsluflugvelin TF-SÝN B/v Einar Benediktsson BA - 377, skipstjóri Níels Adolf Ársælsson, til heimilis að Hamraborg, Tálknafirði, fd. 17.09.1959, n.nr. 6613 — 4687, að ólöglegum togveiðum innan 12 sml. fiskveiðitakmarkanna útaf Vík í Mýrdal.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 8. marz 1983, er gæsluflugvélin TF-SÝN var á eftirlitsflugi fyrir SV-landi, var kl. 1038 gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir b/v Einari Benediktssyni BA-377, sem var að togveiðum með skutvörpu og togaði V-læga stefnu:

LORAN - staður 63° 19'4 N 18° 56'4 V, sem gefur stað skipsins um 7,8 sml. innan 12 sml. fiskveiðimarkanna.

Þar sem vélarstærð b/v Einars Benediktssonar BA-377 er gefin upp af Siglingamálstofnun 1095 hestöfl, er BA-377 óheimilt að veiða innan 12 sml. fiskveiðimarkanna á þessum slóðum.

Kl. 1042 var aftur flogið yfir BA-377 og gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

LORAN-staður 63° 19'4 N 18° 56'8 V.

DME fjarlægð í Vestmannaeyjar 36,7 sml., og gefur þetta stað skipsins um 7,8 sml. innan 12 sml. fiskveiðimarkanna.

Var nú haft samband við skipstjóra BA-377 á VHF talstöð og honum tilkynnt, að hann væri að ólöglegum veiðum, þar sem aðalvél skipsins væri yfir þeim stærðarmörkum, sem leyfilegt væri til togveiða innan 12 sml. fiskveiðimarkanna á þessu svæði. Skipstjóri skipsins mótmælti ekki staðarákvörðun gæslumanna, en hélt því fram, að vélarstærð skipsins væri 910 hestöfl.

Var skipstjóranum fyriskipað að hífa upp vörpuna og halda til Vestmannaeyja, þar sem nánari rannsókn færi fram í máli hans.

Staðarákvarðanir voru gerðar af stýrimanni og loftskeytamanni undir umsjá skipherra með TDL-711 tölvuloran og TELEDYNE 601 A loran, og bar tækjunum ætíð saman.

Flugmenn sögðu hverju sinni, hvenær flugvélin væri yfir skipinu og lásu af DME-tæki.

Veður meðan á mælingum stóð: V 5 — 6 skýjað, skyggni ágætt.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 32, þar sem staðir b/v Einars Benediktssonar BA-377 eru markaðir.

Helgi Hallvarðsson."

Ákærði og nokkur vitni hafa komið fyrir dóminn.

Framburðir eru sem hér segir:

Skipherrann á TF-SÝN, Helgi Hallvarðsson, Lyngheiði 16, Kópavogi, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína og staðarákvarðanir. Kvað vitnið skýrsluna gerða af samviskusemi og samkvæmt staðreyndum öllum, eins og þær lágu fyrir vitninu.

Ákærði kom einnig fyrir dóminn. Kvaðst hann engar athugasemdir gera við skýrslu skipherrans og sagði skýrsluna rétta í öllum atriðum. Ákærði kvaðst halda fast við það, að aðalvél b/v Einars Benediktssonar væri 910 bremsuhestöfl. Kvað hann vera um borð í skipinu alþjóðamælibréf, útgefið af siglingamálastjóra 5. maí 1982, og þar stæði ekkert um vélarstærðina. Kvaðst hann því fara eftir því, sem á vélina væri skráð um hestaflafjöldann, og þar væri skráð, að vélin væri 910 hestöfl við 750 snúningshraða á mínútu. Kvað hann sér ekki vera kunnugt um, hvað Siglingamálstofnun teldi, að vélin væri mörg hestöfl, og ítrekaði, að á pappírum þeim, sem hann hefði fengið frá Siglingamálastofnun, stæði ekkert um vélarstæðina. Núverandi eigandi b/v Einars Benediktssonar, BA 377, væri Fjarðarskip h/f og jafnframt því að vera skipstjóri skipsins væri hann framkvæmdastjóri Fjarðarskips h/f. Ákærða, sem minnti, að núverandi eigendur hefðu fengið skipið afhent frá fyrri eigendum, Boston Deep Sea Fisheries Limited, 23. mars 1982, kvaðst ekki vera hluthafi í Fjarðarskipi h/f. Er ákærði var spurður, hvort af hálfu útgerðar hafi verið leitað eftir annarri eða breyttri skráningu hjá Siglingamálastofnun á þeirri vélarstærð skipsins, sem skráð væri í skipaskrá, svaraði ákærði, að þegar skipið hafi komið til landsins, hafi verið rætt um þetta atriði við Siglingamálstofnun, en þar sem út hafi verið gefið alþjóðlegt mælibréf, þar sem ekki hafi verið tilgreint um vélarstærð, þá hafi, eins og fram væri komið, verið farið eftir því, sem skráð væri á vélina sjálfa.

Ákærði játaði því, að aðalskoðun hefði farið fram í samræmi við lög um eftirlit með skipum, er skipið kom til landsins. Reyndar hefði það verið þannig, að maður hefði verið sendur út af hálfu Siglingamálastofnunar til að skoða skipið. Kvað hann sig minna, að sá maður hefði farið eftir því, sem á vélinni hefði staðið.

Fyrsta haffærisskírteini kvað ákærði hafa verið gefið út af sendiherra Íslands í London og hafi það aðeins náð til þess að sigla skipinu heim til Íslands og hafi skipið fyrst tekið höfn í Hafnarfirði og þar hafi framhaldsskoðun af hálfu Siglingamálastofnunarinnar farið fram og í framhaldi af því hafi skipið fengið útgefið alþjóðamælibréfið 5. maí 1982. Hann kvað sig minna, að síðan hafi skipið fengið haffærisskírteini 20. maí 1982, er skráð hafi verið á skipið. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, hver afstaða Siglingamálastofnunarinnar hafi verið til vélarstærðarinnar að framhaldsskoðuninni lokinni. Ákærði neitaði því að hafa leyst til sín al-

þjóðamælibréf, útgefið 15. ágúst 1982, eða séð reikning frá Siglingamálastofnun ríkisins þar að lútandi, enda væri hann fyrst að sjá þetta alþjóðamælibréf nú í réttinum.

Vitnið Óskar Aðalsteinsson, Sandabraut 13, Akranesi, vélstjóri á skipinu, kom einnig fyrir dóminn. Hann kvað aðalvél skipsins vera 910 hestöfl, af tegundinni Ruston og væri snúningshraði hennar 750 snúningar á mínútu. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að á vélinni væru nein innsigli á stillingu, sem áhrif gætu haft á afköst vélarinnar.

Vitnið Sævar Björnsson skipaskoðunarmaður, starfsmaður Siglingamálastofnunar ríkisins, Laugateigi 13, Reykjavík, kvaðst hafa tekið þátt í aðalskoðun á skipinu, eftir að það kom heim til Íslands, þeirri skoðun, sem fram hafi farið í Hafnarfirði. Vitnið sagði, að mælibréf, útgefið 15. ágúst 1982, væri það mælibréf, sem skipið ætti að hafa í dag. Taldi vitnið, að mælibréf væru send viðkomandi í póstkröfu eða greidd hjá Siglingamálastofnun. Vitnið sagði, að aðeins eitt gildandi mælibréf ætti að vera um borð í skipi hverju sinni, en það kvaðst hins vegar ekki vita ástæðuna fyrir því, að annað mælibréf hafi verið gefið út fyrir skipið. Þá kvaðst vitnið ekki vita dæmi þess, að fiskiskip, sem í skipaskrá eru skráð með meira en 1000 hestafla vélarorku, séu með þannig stilltar vélar, að orkan sé í reynd minni en 1000 hestöfl.

Afli og veiðarfæri b/v Einars Benediktssonar, BA 377, var metið af dómkvöddum matsmönnum, þeim Hallgrími Júlíussyni netagerðarmeistara og Sigurði Gunnarssyni fiskmatsmanni, og hafa þeir staðfest mat sitt og sam ræmt afla við vigtarnótur. Komust þeir þannig að því í mati sínu, að afla og veiðarfæri bæri að meta á kr. 287.242.80. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um matið og niðurstöðu þess.

Hér má þess geta, að samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda 100 gullkrónur 1.008.72, eittþúsundogátta og 72/100, seðlabankakrónum.

Þá skal þess loks getið, að lagt var fram með skipsskjölum skjal, sem talið er stafa frá fyrri eigendum (dskj. 13, sbr. dskj. XV), svohljóðandi:

„í sambandi við bremsuhestöfl aðalvélar hefur vél þessi jafnan verið keyrð af boston með niðurfærðu afli með 910 bremsuhestöflum í stað hámarksafkasta vélarinnar samkvæmt prófun við byggingu 1095 bremsuhestöfl eins og hin 2 systurskipin sem við gerum enn út þetta var eitt skilyrði okkar sem tekið var fram við framleiðanda vélarinnar þegar skipin voru byggð."

II.

Sjónarmið aðilja við munnlegan málflutning.

Af hálfu ákæruvaldsins var við munnlegan málflutning bent á, að grundvöllur málsins væri kæra Landhelgisgæslunnar. Kæru sína hefði skipherr-

ann á TF-SÝN, gæsluflugvélinni, Helgi Hallvarðsson, staðfest hér fyrir dóminum. Ákærði hefði sem skipstjóri á b/v Einari Benediktssyni, BA 377, verið staðinn að meintum ólöglegum botnvörpuveiðum.

Í málinu væri ákært fyrir brot á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í lögunum (2. mgr. 2. gr.) kæmi fram, að íslenskum skipum væru bannaðar veiðar með botnvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir væru veittar til slíkra veiða í lögunum. Af ákæruvaldsins hálfu væri því haldið fram, að í lögunum væri ekki að finna heimild fyrir ákærða að stunda botnvörpuveiðar á b/v Einari Benediktssyni, BA 377, á þeim stað og tíma, er í frumgögnum málsins greindi. Í þessu sambandi væri í ákæru vitnað til 3. gr. laganna, þar væru greind þau veiðisvæði og þeir veiðitímar, sem botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelginnar væru heimilaðar. 3. mgr. 3. gr. laganna hefði hér sérstaka þýðingu, því þar kæmi fram, að þegar rætt væri um skip 39 metra að lengd eða minni, væru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri. B/v Einar Benediktsson, BA 377, væri 35.89 lengdarmetrar og með 1095 bremsuhestafla aflvél. Vitnað væri til 3. gr., C 3, þar sem þar væri tilgreint um opið svæði frá 15. september til 31. janúar. Þá væri vísað til 3. gr., C 6, þar sem þar væri talað um opið svæði allt árið fyrir skip 39 metra að lengd eða minni. Í hvort tveggja tilfellinu sé miðað við línu, sem dregin sé 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu. Vegna ákvæðisins í 3. mgr. 3. gr. laganna sé ljóst, að sakfelling eða sýkna í þessu máli byggist á því, hvort togarinn teljist vera með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri. Í því sambandi byggi ákæruvaldið auðvitað á hinni opinberu skráningu. Í því sambandi megi benda á, að í reglugerð nr. 2 frá 3. janúar 1983 um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983, í 1. gr. nefndrar reglugerðar, sem nái m. a. til skuttogara, sé talað um, að þegar rætt sé um aflvél og mestu lengd skipa, sé miðað við mælingar Siglingamálstofnunar ríkisins. Skuttogarar séu í greininni skýrgreindir þannig, að skuttogarar séu togskip, sem taki trollið inn um skutrennu og séu með aflvél 900 hestöfl eða stærri. Önnur túlkun á 3. mgr. 3. gr. en að átt sé við hina opinberu skráningu, þegar talað sé um vélarstærð, hvorki eigi né þurfi að vera til umræðu. Í málinu hafi verið lögð fram gögn, er staðfesti hina opinberu skráningu. Hitt sé allt annað mál, að kaupendur skipsins hafi staðið í löngu stríði við Siglingamálstofnunina. Fróðlegt sé að skoða þau gögn, sem þeir hafi sýnt Siglingamálastofnuninni og byggt vélarstærðina 910 bremsuhestöfl á. Þeir hafi lagt fram vottorð frá Loyds, dskj. 12, og skeyti frá fyrri eigendum. Í því sambandi verði að taka fram, að af hálfu ákæruvaldsins sé ekki vefengt, að um niðurfært vélarafl sé að ræða. Á gögnum þessum verði hins vegar enginn réttur byggður, þau hafi hér enga þýðingu. Sama sé að segja um gögn, sem fyrst hafi verið út gefin, eftir að skipið hafi komið

til landsins, sbr. dskj. 11, alþjóðamælibréf frá 5. maí 1982. Þar hafi verið um bráðabirgðaskráningu að ræða. Skipið hafi hins vegar verið tekið á skipaskrá 15. ágúst 1982. Alþjóðamælibréf hafi verið út gefið þann dag og í samræmi við alþjóðamælibréfið hafi vél skipsins verið skráð í skipaskrána 1095 bremsuhestöfl. Ákærði hafi hins vegar haldið því fram hér fyrir réttinum, að hann hafi aldrei séð þetta mælibréf og viti ekki, hvað Siglingamálstofnunin telji vél skipsins vera stóra. Þetta fái hins vegar ekki staðist. Ákærði sé ekki í góðri trú, það sýni reikningur, dskj. XIII. Reikningur þessi sýni, að ákærði hafi leyst til sín alþjóðamælibréf þetta, sem muni hafa verið sent í póstkröfu. Að lokum verði að benda á það, að þó almennt megi segja, að sönnunarbyrðin hvíli á ákæruvaldinu, þá geti ekki verið um það að ræða, að ákæruvaldið eigi að sanna allt. Þannig eigi ákæruvaldið ekki að sanna hina opinberu skráningu.

Af hálfu skipaðs verjanda var á það bent, að í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands væri ekki að finna ákvæði um, að miða ætti við þá skráningu, sem fram kæmi í skipaskrá, enda hlyti slíkt ákvæði í lögum, ef til væri, að teljast mjög óeðlilegt. Af ákæruvaldsins hálfu hefði verið vitnað til reglugerðar nr. 2 frá 3. janúar 1983 um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983, þar sem miðað væri við mælingu Siglingamálastofnunar ríkisins. Í þessu máli væri það alveg skýrt, að vél skipsins hefði aldrei verið mæld af Siglingamálstofnun ríkisins. Fráleitt væri hjá ákæruvaldinu að vitna til viðskipta ákærða eða eigenda skipsins við Siglingamálastofnun ríkisins. Engin gögn væru í þessu máli, sem skýrðu frá þeim viðskiptum, hvorki varðandi bréfaskriftir né annað. Sérstaka áherslu bæri að leggja á það, að í lögunum væri eingöngu talað um stærð, en ekki skráningu. Það, sem stæði á vélinni sjálfri varðandi stærðina, hlyti að hafa hér úrslitaþýðingu. Það, sem stæði á vélinni um vélarstærðina, bæri saman við það, sem ákærði hefði haldið fram, og væri í fullu samræmi við þau gögn, sem hann hefði lagt fram máli sínu til stuðnings. Þá bæri að benda sérstaklega á þau gögn, sem aflað hefði verið frá framleiðanda, sbr. dskj. XII, og sem bæri saman við það, sem ákærði héldi fram í málinu varðandi vélarstærðina. Ekki væri hægt að byggja á skráningu Siglingamálstofnunar ríkisins í þessu sambandi, því hún væri röng. Það, sem fram hefði komið í málinu, sýndi það ljóslega. Um borð í skipinu væri alþjóðamælibréf (dskj. 11), sem út hefði verið gefið eftir aðalskoðum, og þar væri ekkert greint til um vélarstærðina. Ákærði héldi því fram, að hann hefði ekki séð annað alþjóðamælibréf og hann vissi ekki, hver afstaða Siglingamálastofnunarinnar til vélarstærðarinnar hafi verið, eftir að aðalskoðun hafði farið fram. Við þann framburð bæri að miða, enda væri fjarstæða að ætla, að mörg alþjóðmælibréf væru út gefin fyrir eitt og sama skipið. Á dskj. nr. XIII yrði að engu leyti byggt í málinu. Reikningur þessi væri ekki greiðslukvitt-

un. Sýnt hafi verið fram á það í málinu, að skráning Siglingamálstofnunar ríkisins væri röng, auk þess sem stofnunin hefði enga sjálfstæða athugun gert á vélarstærðinni. Sönnunarbyrðin hvíldi því áfram á ákæruvaldinu og þar sem því hefði ekki tekist að sanna sekt ákærða, bæri að sýkna í málinu.

III. Niðurstaða.

Af því, sem hér að framan er rakið, þykir mega líta svo á, að ef b/v Einar Benediktsson, BA 377, telst vera með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri, hafi ákærði framið fiskveiðibrot með því að hafa sem skipstjóri á þessum skuttogara verið á botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á þeim stað og tíma, sem í ákæru og gögnum málsins greinir, en þar eru skipinu, teljist það vera með 1000 bremsuhestafla vél eða stærri, vegna vélarstærðar botnvörpuveiðar óheimilar á þessum árstíma og að huglægum skilyrðum refsingar uppfylltum.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, verður ekki með öryggi lagt mat á sönnunargildi dskj. nr. 13, en að öðru leyti þykir rétt að fjalla sérstaklega um mat sakargagna og sönnunarbyrði.

Þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu og kunna að renna stoðum undir það, að líta verði svo á, að vél skipsins sé yfir 1000 bremsuhestöflum, eru þessi:

Á alþjóðamælibréfi, útgefnu 15. ágúst 1982 af Siglingamálstofnun ríkisins, er aðalvél skipsins skráð 1095 hestöfl. Á enska sjómannaalmanakinu er sama skip skráð vera með 1095 hestafla vél. Í vottorði frá breska flokkunarfélaginy Loyds, ódagsettu, er vél skipsins sögð vera 17. ágúst 1972 í góðu ásigkomulagi og í opinberum skráningarbókum (breskum, insk. dómsins) sé hún skráð 1095 bremsuhestöfl við 750 snúninga á mínútu, og er það enn fremur áréttað í telexskeyti sömu stofnunar til Siglingamálstofnunarinnar, dags. 14. maí 1982. Í afsali (Bill of sale) fyrri eigenda skipsins, Boston Deep Sea Fisheries Limited, til núverandi eigenda, dags. 23. mars 1982, er vélarstærðin tilgreind 1095 bremsuhestöfl. Hinn íslenski opinberi skráningaraðili, Siglingamálastofnun ríkisins, telur skipið vera með 1095 hestafla vél.

Þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu og kunna að leiða til þess, að litið verði svo á, að skipið sé einungis með 910 bremsuhestafla aðalvél, eins og ákærði heldur fram, eru þessi: Vottorð frá Loyds, flokkunarfélagi, að því er virðist útgefið 5. júlí 1972, og þar er tilgreint vélarnúmer, snúningshraði og stærð vélar sögð vera 910 bremsuhestöfl við 750 snúninga á mínútu (dskj. nr. 12). Við vettvangsskoðun, er fram fór, á meðan á rannsókn málsins stóð, kom í ljós, að á aðalvél var númeraplata með sömu áletrun og greinir á skjali Loyds flokkunarfélagsins (dskj. 12) bæði að því er tekur til bremsuhestaflafjölda, tegundar (typu) og vélarnúmers. Þess skal

getið hér, að ákærði heldur því fram, að vottorð Loyds flokkunarfélagsins frá 5. júlí 1972 hafi fylgt skipinu. Í upplýsingum þeim, sem dómurinn hlutaðist til um, að fengnar yrðu frá vélarframleiðanda, kemur fram, að hámarksstærð vélarinnar sé 910 bremsuhestöfl. Í leiðarvísi vélar, dskj. V — VII (3 blöð), er nákvæm lýsing á vélinni (dskj. V) og prófun hennar (dskj. VI). Kemur þar fram í þessum gögnum, að aðalvél skipsins er 910 hestöfl á 100% álagi. Sama hestaflastærð vélar er tilgreind á dskj. VII, en þar kemur auk þess fram stærð skipsins og lýsing á öðrum vélbúnaði skipsins.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða hvílir á ákæruvaldinu. Reglan „in dubio pro reo" hefur hér fullt gildi. Þótt hinn innlendi opinberi skráningaraðili telji, að vél skipsins sé 1095 bremsuhestöfl, þá verður ekki fram hjá því litið, að þau gögn, sem að framan greinir, þykja renna svo óyggjandi stoðum undir fullyrðingu ákærða um, að vélin sé 910 bremsuhestöfl, að ekki verður hjá því komist, eins og mál þetta liggur hér fyrir dóminum, að miða við þá vélarstærð, er lagður verður dómur á mál þetta.

Í samræmi við það, sem hér að framan greinir, þykir ósannað, að ákærði, Níels Adolf Ársælssonar, skipstjóri á Einari Benediktsyni, BA 377, hafi framið fiskveiðibrot með því að hafa sem skistjóri á þessum skuttogara **verið á botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar á þeim stað og tíma, sem í ákæru og gögnum málsins greinir, enda verður að telja, að ekki séu fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að skipið sé með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.**

Verður því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allan kostnað máls þessa, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, ber að greiða úr ríkissjóði svo og saksóknarlaun, kr. 5.000.00.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti mál þetta Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, en af hálfu ákærða skipaður verjandi, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Dóm þennan kváðu upp Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður), Angantýr Elíasson skipstjóri og Tryggvi Jónsson vélvirkjameistari.

Dómsorð:

Ákærði, Níels Adolf Ársælsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, og saksóknarlaun kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1983.

Nr. 170/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Tryggva Bjarna Kristjánssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Reynslulausn. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. júlí 1983, og er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Verjandi krefst sýknu af ákærulið II, en lægstu refsingar, er lög leyfa, að því er varðar ákærulið I.

Ágrip máls barst Hæstarétti 28. október 1983.

I.

Um ákærulið I.

Í ákæruskjali er stað þeim, er lögreglumenn stöðvuðu ákærða við akstur bifreiðarinnar R 16052 hinn 28. apríl 1983, réttilega lýst, en sú gata heitir Sóleyjargata og eigi Fríkirkjuvegur, svo sem ranglega greinir í ákæruskjali. Staðsetning er þó með þeim hætti, að eigi verður um villst, sbr. 118. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur gengist við því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur greindrar bifreiðar í umrætt skipti. Eigi verða bornar brigður á, að blóðsýni það, er í héraðsdómi greinir, hafi verið tekið úr ákærða skömmu eftir handtöku hans, svo sem nánar segir í dóminum. Atferli hans varðar við þau refsiákvæði, sem greinir í héraðsdómi, sbr. lög nr. 54/1976.

II.

Um ákærulið II.

Í framburði ákærða fyrir lögreglu, en hann er greindur í héraðs-

dómi, kvaðst hann heita nafni annars nafngreinds manns, sem hann tilgreindi m. a. með réttu heimilisfangi. Ritaði hann nafn manns þessa undir varðstjóraskýrsluna. Eigi var ákærða þetta refsilaust samkvæmt 143. gr. almennra hegningarlaga. Varðar atferli hans við 155. gr. sömu laga, svo sem í héraðsdómi greinir.

III.

Ákvörðun viðurlaga.

Svo sem greinir í héraðsdómi, rauf ákærði með brotum þeim, sem hér er dæmt um, skilorð reynslulausnar, sem honum var veitt frá 12. mars 1983. Ber nú skv. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma refsingu í einu lagi fyrir þau brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, 320 daga fangelsi, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga og 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, sbr. enn fremur 72. gr. sömu laga, en ákærða verður að telja vanaafbrotamann, sbr. sakaferil hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kirsstjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála því, sem greinir í dómi meiri hluta dómenda í máli þessu, um annað en refsingu ákærða, sem ég tel of væga. Ég tel refsingu hæfilega ákveðna fangelsi 15 mánuði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983.

Ár 1983, mánudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 268/1983: Ákæruvaldið gegn Tryggva Bjarna Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 9. júní 1983, gegn ákærða, Tryggva Bjarna Kristjánssyni ,,verkamanni, Mýrarseli 8, Reykjavík, fæddum 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík, fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir að aka fimmtudaginn 28. apríl 1983 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 16052 frá húsi í vesturhluta Reykjavíkur að Kleppsvegi 131 og þaðan áleiðis að Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Fríkirkjuvegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa undirritað varðstjóraskýrslu hjá varðstjóra sama dag vegna fyrrgreinds brots með nafninu Garðar Gunnarsson.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 10/8 í Keflavík: Dómur 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, sbr. 81. gr. sömu laga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 16 mán. frá 10/8 1976.

1977 6/5 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 2., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 (hegningarauki).

1977 8/6 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi (÷ 20 daga gæsluvarðhald) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 14/12 í Reykjavík: Sátt, 430.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og

6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 77. gr. hegningarlaga.

1979 17/12 í Keflavík: Sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/12 1979.

1980 6/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Skal vera ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

1980 6/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki dæmd refsing.

1980 18/7 í Reykjavík: Ávana og fíkn: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1980 26/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 750.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/74, sbr. 71. gr. hegningarlaga v. s. 14/12 1979 og s. 18/7 1980.

1980 30/10 í Keflavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr., hegningarlaga.

1981 3/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 3.800 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

1981 28/10 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, hegningarauki, fyrir brot gegn 155. gr., 231. gr., 244. gr., 246. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga.

1981 17/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga (hegningarauki).

1982 11/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 248. og 155. gr. hegningarlaga.

1982 27/7 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga, hegningarauki.

1983 12/3 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 320 dögum.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

I.

Þann 28. apríl sl. ók ákærði bifreiðinni R 16052, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, úr vesturhluta borgar-

innar að Kleppsvegi 131 og þaðan að Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Fríkirkjuvegi kl. 0345.

Ákærði viðurkenndi í skýrslu hjá varðstjóra áfengisneyslu fyrir akstur. Við rannsókn á blóðsýni, sem tekið var úr ákærða kl. 0505, mældist alkóhól í blóði hans 1.38‰.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum málsins, varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

II.

Ákærði ritaði, er hann var handtekinn umrætt sinn, nafn Garðars Gunnarssonar, Vaðlaseli 1 hér í borg, undir skýrslu sína hjá varðstjóra. Kveðst hann hafa gert þetta til að losna við mál þetta.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem í sakavottorði ákærða greinir, hlaut hann reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 320 dögum. Samkvæmt framangreindum dómum hefur hann með framangreindu atferli rofið skilorð það, sem honum var ákvarðað í reynslulausninni, og ber því skv. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að ákvarða honum refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, og eftirstöðvum umræddrar refsingar, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin skv. reglum 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, 12 mánaða fangelsi.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 258/1981. **Guðmundur Sigurðsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Steinari Gunnlaugssyni
(sjálfur).

Tékkamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1981.

Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að dráttarvextir af hinni tildæmdu fjárhæð verði ákveðnir 4.75% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, 4.5% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti upplýsti stefndi, að handhöfn hans á tékka þeim, sem í máli þessu greinir, sé til komin fyrir framsal til innheimtu frá Lúðvík Sigurðssyni, er selt hafði tékkann í Verzlunarbanka Íslands, en leyst hann til sín. Áfrýjanda var því rétt í sjálfs sín nafni að innheimta tékkann.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að með hliðsjón af dómi Hæstaréttar 6. október 1983 í hæstaréttarmálinu nr. 126/1981 þykir mega taka til greina breytta vaxtakröfu stefnda að því leyti sem hún fær samrýmst ákvæðum auglýsinga Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., sem gildi hafa tekið eftir áfrýjun málsins. Verða þá dráttarvextir af hinni dæmdu fjár-

hæð 4% á mánuði frá 21. apríl 1982 til 1. nóvember 1982, 5% á mánuði frá þeim degi til 21. október 1982, en 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 8.500.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 21. apríl 1982 ákveðast dráttarvextir 4% á mánuði til 1. nóvember 1982, 5% á mánuði frá þeim degi til 21. október 1983, en 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðmundur Sigurðsson, greiði stefnda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. september sl., hefur Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, húsi Nýja Bíós við Lækjargötu, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 9. júní sl., á hendur Guðmundi Sigurðssyni, Engjahjalla 9, Kópavogi, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 3.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða kr. 1.500.00 og að málskostnaður verði felldur niður.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en er lögvarnir komu fram, var því vikið til venjulegrar einkamálsmeðferðar.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Stefnandi segir skuld þessa vera skv. tékka að fjárhæð kr. 3.000.00, útgefnum af stefnda í Reykjavík 16. mars 1981 á ávísanareikning nr. 3689 -8 við aðalbanka Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík. Tékkinn sé gefinn út

til handhafa og áritaður eyðuframsali af Lúðvík Halldórssyni, Erluhólum 1, Reykjavík. Samkvæmt stimpli á tékkann er honum framvísað í Verzl unarbanka Íslands, Reykjavík, 16. mars 1981. Þann 27. mars 1981 er svofelld áritun gerð á tékkann í greiðslubanka: „Útgáfuundirritun tékkans ekki í samræmi við rithandarsýnishorn reikningseiganda. Innlausn þess vegna neitað."

Stefndi segir málavöxtu þá, að í mars sl. hafi körfuknattleiksdeild Ármanns ætlað að halda hlutaveltu í fjáröflunarskyni. Meðlimir deildarinnar hafi frétt, að Knattspyrnudeild Fram ætti nokkur þúsund smáhluti, sem Fram hefði aflað sér í sama skyni, en ekki notað. Svo hafi samist um milli deildanna, að körfuknattleiksdeild Ármanns fengi hlutina keypta, en magn og gæði hafi ekki verið þekkt og því kaupverð ekki ákveðið. Að kvöldi föstudagsins 13. mars 1981 hafi hlutirnir verið sóttir í hús Bæjarleiða við Langholtsveg. Af hálfu körfuknattleiksdeildar Ármanns hafi verið mættur ásamt fleirum Guðmundur Sigurðsson, stefndi í málinu, og af hálfu knattspyrnudeildar Fram hafi verið mættur Lúðvík Halldórsson, einn stjórnarmanna í deildinni. Engin aðstaða hafi verið til þess að sannreyna magn og gæði hlutanna þarna á staðnum og hafi því verið ákveðið, að fulltrúi frá handknattleiksdeild Fram kæmi daginn eftir á hinn fyrirhugaða hlutaveltustað og gengið yrði þá frá uppgjöri. Áðurnefndur Lúðvík hafi þó lagt áherslu á að fá í hendur einhverja tryggingu fyrir viðskiptunum, þar til uppgjör færi fram. Stefndi hafi því látið þá fá ávísun þá, sem um ræði í málinu, en Lúðvík hafi jafnframt verið tjáð, að reikningurinn hefði ekki verið notaður um alllangt skeið og innstæða væri því ekki fyrir hendi.

Áðurnefndur Lúðvík hafi ekki komið á hlutaveltustað um helgina, en að morgni mánudagsins 16. mars hafi stefndi og faðir hans, Sigurður Jónsson, farið á skrifstofu Lúðvíks í því skyni að ganga frá uppgjöri og fá til baka áðurnefnda ávísun. Lúðvík hafi þá tjáð þeim, að hann hefði sett ávísunina í banka. Þeir feðgar hafi þá tilkynnt greiðslubankanum strax, hvernig í málum lægi, og lagt bann við, að ávísunin yrði innleyst. Ávísunin hafi síðan borist greiðslubankanum tæpum hálfum mánuði síðar, eða þann 27. mars 1981, og hafi innlausn verið neitað. Allar tilraunir stefnda til þess að fá áðurnefnda ávísun til baka og gera upp við knattspyrnudeild Fram hafi ekki borið árangur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi afturkallað tékkann, sbr. 32. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, og hafi Lúðvík T. Halldórssyni eða knattspyrnudeild Fram því borið að höfða mál á grundvelli tékkans eða viðskiptanna, en ekki stefnanda þessa máls, sem hafi neitað því bréflega þann 12. maí 1981, að hann hefði umræddan tékka undir höndum. Stefnandi sé ekki í góðri trú um gildi tékkans, þegar hann þann 3. júní 1981 gefi út stefnu í málinu, og þar sem engin viðskipti hafi farið fram milli

stefnanda og stefnda önnur en þau, að stefnandi komi fram sem handhafi margnefnds tékka, þá beri að sýkna stefnda.

Varakröfu sína í málinu styður stefndi þeim rökum, að fari svo, að stefnandi breyti aðild sinni að málinu og hætti að koma fram sem handhafi tékkans, heldur þess í stað sem fulltrúi knattspyrnudeildar Fram, þá sé rétt greiðsla fyrir áðurnefndan hlutaveltuvarning kr. 1.500.00, sem stefndi hafi sannanlega boðið fram 12. maí sl., sbr. dskj. nr. 5, en eigi hafi ennþá verið tekið við vegna viðtökudráttar af hálfu knattspyrnudeildar Fram, sbr. dskj. nr. 6.

Í þinghaldi þann 21. september sl. óskaði stefnandi bókað, að hann mótmæli, að nokkrar aðrar varnir komist að í máli þessu en sem um geti í 17. kafla laga nr. 85/1936. Af hálfu stefnda var því þá haldið fram, að varnir hans gegn kröfu stefnanda væru varnir skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 og tékkalögum.

Þann 25. september sl. lýstu aðiljar gagnasöfnun lokið, og málið var munnlega flutt og dómtekið. Við munnlegan flutning komu þær varnir fram af hálfu stefnda, að hér væri ekki um tékkamál að ræða, þar sem á tékkann vanti áritun um sýningu hans innan rétts sýningarfrests skv. 29. gr. laga nr. 94/1933, sbr. 40. gr. sömu laga. Þá hélt hann því fram, að, sbr. dskj. nr. 6, væri ljóst, að stefnandi hefði ekki haft tékkann á sýningarfrestinum. Hann væri því ekki réttur aðili að tékkamáli. Framsal til hans væri aðeins venjulegt framsal kröfu og hefði ekki tékkagildi. Ljóst væri, að skjalið nyti ekki lengur verndar tékkalaga.

Af hálfu stefnanda var á það bent, að við framsal til hans hafi engin nýr réttur skapast, hins vegar hafi þá mátt framselja þá heimild, sem framseljandi hafði. Þá var því mótmælt, að hann væri ekki réttur aðili að tékkanum, og því einnig haldið fram, að tékkinn hefði verið sýndur í greiðslubanka, sbr. áritun á hann, en hún sýni, að tékkinn hafi verið í greiðslubankanum innan sýningarfrestsins.

Álit dómsins.

Tékki sá, er frammi liggur í málinu á dskj. nr. 3, uppfyllir öll skilyrði 1. gr. laga nr. 94/1933 um, hvað greina skuli í tékka. Tékkinn er stílaður á handhafa og framseldur eyðuframsali af Lúðvík Halldórssyni. Stefnandi hefur þannig formlega löglega heimild að tékkanum. Því er ekki mótmælt, að stefndi hafi gefið út tékkann. Framsal Lúðvíks Halldórssonar á tékkann er tékkaframsal, og öðru hefur ekki verið haldið fram í málinu. Ekki eru brigður á það bornar, að stefnandi hafi venjulegt kröfuréttarframsal að tékkanum. Samkvæmt áritun á tékkann er hann í greiðslubanka 27. febrúar 1981 og þannig innan lögmælts sýningarfrests, sbr. 29. gr. laga nr. 94/1933. Ákvæði 32. gr. laga nr. 94/1933 rétt skilin þykja binda hendur greiðslu-

bankans um innlausn tékkans, en breyta ekki rétti handhafa tékkans á hendur útgefanda hans.

Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina, enda sé hér um tékkamál að ræða, sem fari að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936, þannig að viðskiptin á bak við tékkann komi hér ekki til skoðunar.

Vaxtakrafa stefnanda er lögum samkvæm og er tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.500.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar, kr. 2.500.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 49/1982. **Ragnheiður Stefánsdóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegm
Bjarna Helgasyni
og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1982. Krefst hún þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og búi málsaðilja verði skipt helmingaskiptum samkvæmt 2. mgr. 18. greinar laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Til vara krefst hún þess, að frá helmingaskiptum verði aðeins vikið aðaláfrýjanda í óhag eftir mati Hæstaréttar. Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og skiptum á búi málsaðilja hagað „að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor málsaðila haldi þeim hjúskapareignum, er hann færði í félagsbúið." Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Aðiljar máls þessa gengu í hjúskap 1. ágúst 1980. Áður höfðu þau búið í óvígðri sambúð frá 24. apríl á sama ári, er aðaláfrýjandi fluttist til gagnáfrýjanda í íbúð hans á Langholtsvegi 7 í Reykjavík. Við hjúskaparstofnunina átti gagnáfrýjandi síðastnefnda íbúð, tvær bifreiðar, allgamlar, aðra af Land-Rover gerð, en hina af gerðinni Citroën Ami, svo og innbú. Eignir aðaláfrýjanda voru auk nokkurs innbús veðskuldabréf að fjárhæð um 2 millj. gkr. (20.000.00 nýkr.) og gömul fólksbifreið af Volga gerð. Skuldir gagnáfrýjanda námu 250.000 — 300.000 gkr. samtals, eftir því sem ráðið verður af gögnum máls og málflutningi. Aðaláfrýjandi var skuldlaus.

Hinn 27. maí 1981 hvarf aðaláfrýjandi af heimili aðilja og tókst á hendur heimilisstörf annars staðar. Gagnáfrýjandi var þar ekki með í ráðum. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur sú skýring verið gefin á þessari ráðabreytni, að hún hafi verið orðin þreytt á einveru, en gagnáfrýjandi er vélstjóri að atvinnu og var oft fjarvistum frá heimilinu.

Aðaláfrýjandi fluttist á ný á heimili aðilja einhvern tíma sumars 1981, en hvarf þaðan að fullu 15. október um haustið. Beiddist hún því næst skilnaðar að borði og sæng. Var skilnaðarkrafan tekin fyrir af yfirborgardómaranum í Reykjavík í nóvembermánuði, en leyfi

dóms- og kirkjumálaráðuneytis til skilnaðarins fengu aðiljar 2. febrúar 1982.

Samkomulag varð ekki með aðiljum um lífeyrisgreiðslur eða um skiptingu eigna. Kröfðust þau því opinberra skipta á búi sínu. Hófust búskiptin með uppskrift á eignum félagsbúsins hinn 21. desember 1981. Er þess hér sérstaklega að geta, að við uppskrift og virðingu innbús var innanstokksmununum skipt í þrjá flokka: Muni, sem gagnáfrýjandi hafði fært í búið, muni, sem aðaláfrýjandi hafði átt fyrir hjúskaparstofnun, og muni, sem keyptir höfðu verið, meðan á hjúskap stóð.

Við uppskriftargerðina reyndust eignir og skuldir búsins þessar:

A. Eignir:

1. Íbúð að Langholtsvegi 7 ásamt bifreiðageymslu og lóðarréttindum, virt af fasteignamati á		235.200.00 kr.
2. Óskráð bifreið af Land-Rover gerð, sú sem áður var getið, virt á		5.000.00 kr.
3. Innanstokksmunir skv. virðingu:		
a) Munir, sem gagnáfrýjandi hafði átt, alls	37.110.00 kr.	
b) Munir, sem aðaláfrýjandi hafði átt	1.390.00 kr.	
c) Munir, sem aflað var í hjúskapnum	13.210.00 kr.	51.710.00 kr.
	Alls	291.910.00 kr.

B. Skuldir:

1. Veðskuld við Búnaðarbanka, eftirst. 1/1 1981	340.31 kr.
2. Skuld við sama eftirst. 1/1 1981	2.266.29 kr.
Alls	2.606.60 kr.

Auk framangreindra eigna áttu aðiljar við uppskriftina fólksbifreiðina R 62843 af Fiat gerð, er þau keyptu, meðan á hjúskap stóð, fyrir 27.000.00 krónur að sögn gagnáfrýjanda. Vörðu þau til þeirra kaupa meðal annars söluandvirði Citroën bifreiðar gagnáfrýjanda og Volga bifreiðar aðaláfrýjanda, en þær voru seldar eftir stofnun hjúskapar, að því er helst verður séð á svipuðu verði, um 3.500.00

krónur hvor. Varð um það samkomulag með aðiljum við uppskriftina, að bifreiðin R 62843 yrði skrifuð upp, en ekki virt sérstaklega, heldur skyldi verð hennar sannreynt með sölu og það skiptast að jöfnu milli þeirra. Fékk aðaláfrýjandi hana til varðveislu. Hefur hún síðar selt bifreið þessa fyrir 15.000.00 krónur. Var því lýst yfir af hendi gagnáfrýjanda við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að hann afsalaði sér tilkalli til síns hluta söluverðsins.

Um skiptingu innanstokkmuna, er aðiljar keyptu eftir hjúskaparstofnun (sbr. lið A, 3 c hér að framan) varð og samkomulag fyrir skiptaréttinum. Tekur ágreiningur aðilja því ekki til þeirra muna sértaklega.

Skuldabréf það, sem aðaláfrýjandi átti við hjúskaparstofnunina og áður var frá greint, var selt fyrir 10.000.00 krónur, meðan hjúskapur stóð. Rann lítill hluti af andvirði þess til greiðslus kuldar vegna kaupa á innanstokksmunum. Afganginn telur gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi hafi enn átt, er hún hvarf af heimilinu 27. maí 1981, en aðaláfrýjandi segir hann hafa skipst jafnt á milli aðilja.

Nokkrir þeirra innanstokksmuna, er aðaláfrýjandi átti við hjúskaparstofnun, voru seldir á sambúðartímanum fyrir 1.500.00 krónur. Rann það fé til sameiginlegra þarfa.

Um tekjur aðilja á sambúðartímanum er það komið fram í málinu, að launatekjur gagnáfrýjanda námu á öllu árinu 1980 samtals 9.469.539 gkr., en frá ársbyrjun 1981 til sambúðarslita 15. október það ár voru tekjur hans alls 82.692.00 nýkr. Samtals námu tekjurnar því 177.387.39 krónum bæði árin, ef reiknað er í nýkrónum. Launatekjur aðaláfrýjanda námu samkvæmt gögnum málsins alls 1.988.898 gkr. á öllu árinu 1980, en 28.923.00 nýkr. nettó frá ársbyrjun 1981 til sambúðarslita. Svarar það til 48.811.98 nýkr. alls bæði árin.

Samkvæmt gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er fasteignamat íbúðarinnar á Langholtsvegi 7 ásamt bifreiðageymslu og lóðarréttindum nú alls 631.000.00 krónur, en brunabótamat eignanna 1.269.600.00 krónur.

II.

Ágreiningur málsaðilja er um það, hvernig skipta skuli þeim eignum, sem í búi þeirra voru, er það var tekið til skipta. Aðaláfrýjandi krefst þess, svo sem fyrr var greint, að eignir og skuldir skiptist

að jöfnu milli aðilja eftir ákvæðum 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923. Gagnáfrýjandi krefst þess á hinn bóginn, að skiptin fari eftir fyrirmælum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972. Haldi hvort hjónanna um sig þeim hjúskapareignum, er það færði í félagsbúið. Um þær eignir, sem aflað var á sambúðartímanum, þ. e. andvirði Fiat bifreiðarinnar og húsgögn, er keypt voru, er ekki ágreiningur.

Aðaláfrýjandi færir fram þau rök fyrir kröfum sínum, að í hjúskapnum hafi stofnast allmikil fjárhagsleg samstaða með aðiljum. Að vísu stafi verulegur hluti eigna frá gagnáfrýjanda. Aðiljar hafi þó selt sumt af hjúskapareignum sínum og andvirði þeirra runnið í búið. Sjálf hafi aðaláfrýjandi lagt fram vinnu sem húsmóðir á heimilinu, þótt hún hafi ekki aflað jafnmikilla peningatekna með vinnu sinni utan heimilis og gagnáfrýjandi. Þegar til þessa sé litið, geti helmingaskipti ekki talist bersýnilega ósanngjörn. Sé því ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem nefnd 57. grein setji fyrir því, að vikið verði frá helmingaskiptum á búinu eftir 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Gagnáfrýjandi bendir einkum á það kröfum sínum til stuðnings, að hjónaband aðilja hafi aðeins staðið í rúmt ár. Aðaláfrýjandi hafi yfirgefið heimilið án vitundar og vilja gagnáfrýjanda og hún síðan hafist handa um að krefjast skilnaðar. Gagnáfrýjandi hafi komið með meginhluta eignanna í búið, þar á meðal nánast skuldlausa íbúð. Ekki hafi myndast teljandi fjárhagsleg samstaða með aðiljum í hjúskap þeirra. Sé því bersýnilega ósanngjarnt, að búinu verði skipt eftir helmingaskiptareglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, heldur séu fyrir hendi öll skilyrði þess, að búinu beri að skipta ójöfnum skiptum samkvæmt 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

III.

Svo sem greint hefur verið, var hjónaband aðilja mjög skammvinnt. Við hjúskaparstofnunina færði gagnáfrýjandi í búið langverðmætustu eign þess, íbúðina á Langholtsvegi 7. Á sambúðartímanum aflaði gagnáfrýjandi miklu meiri tekna heldur en aðaláfrýjandi. Þar á móti kemur að nokkru vinnuframlag aðaláfrýjanda á heimili aðilja. Í því efni er þess þó að gæta, að hjónin voru barnlaus og gagnáfrýjandi oft fjarvistum frá heimilinu vegna vinnu sinnar og heimilishald því í léttara lagi. Ekki er ástæða til að ætla, að verð-

mæti þau, sem aðiljar eignuðust eftir stofnun hjúskaparins, hafi fremur verið keypt fyrir aflafé aðaláfrýjanda eða andvirði hjúskapareigna hennar en gagnáfrýjanda. Og hvað sem því líður voru eigur búsins við hjúskaparslitin að langmestu leyti eignir, sem aðiljar fluttu í búið við hjúskaparstofnunina, og þá einkanlega gagnáfrýjandi. Verður ekki séð, að í hinum skammvinna hjúskap hafi myndast veruleg fjárhagsleg samstaða með aðiljum. Þegar allt þetta er virt, verður að telja bersýnilega ósanngjarnt, ef búi aðilja yrði skipt eftir helmingaskiptareglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, svo sem aðaláfrýjandi krefst í aðalkröfu sinni. Verður því fallist á það með gagnáfrýjanda, að um búskipti skuli fara eftir ákvæðum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

Við búskiptin verður til þess að líta, að skuldabréf það, sem aðaláfrýjandi átti við upphaf hjúskapar, var selt, meðan á hjúskap stóð. Er ósannað, að andvirði þess hafi runnið til aðaláfrýjanda sérstaklega. Sama máli gegnir um andvirði þeirra innanstokkmuna úr hjúskapareign aðaláfrýjanda, sem seldir voru. Þegar þessa er gætt og litið til allra atvika, þykir rétt, að skiptum á búi aðilja verði hagað með þeim hætti, að fyrst taki gagnáfrýjandi ¾ af verðmæti þeirra eigna, sem hann flutti í búið sem hjúskapareign sína og enn eru til í búinu, að frádregnum skuldum, sem hann hafði stofnað til fyrir upphaf hjúskapar, þeim er ekki hafa enn verið goldnar. Afgangur eigna í búinu, þær sem ágreiningur aðilja tekur til, skiptist síðan að jöfnu milli aðilja í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Búi aðaláfrýjanda, Ragnheiðar Stefánsdóttur, og gagnáfrýjanda, Bjarna Helgasonar, skal skipta þannig, að gagnáfrýjandi taki fyrst ¾ hluta af verðmæti þeirra skíru eigna, sem hann flutti í búið sem hjúskapareign sína og enn eru til í búinu, en síðan skiptist eignir búsins að jöfnu á milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

1973

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Aðalregla íslensks réttar um fjármál hjóna, er til skilnaðar eða slita á fjárfélagi kemur, er í 2. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, sbr. ákvæði VII. kafla, einkum 49. gr sömu laga. Í VI. kafla laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru nokkur ný ákvæði, er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar o. fl. Í 57. gr. laga þessara er heimild til þess að víkja frá aðalreglu laga nr. 20/1923 um helmingaskipti, ef krafist er, og helmingaskipti eru bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hefur staðið skamma stund og hefur ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

Við teljum, að öllum framangreindum skilyrðum þurfi að vera fullnægt, til þess að til álita komi að víkja frá aðalreglum laga nr. 20/1923. Undantekningarreglan í 57. gr. laga nr. 60/1972 sé fyrst og fremst sett til þess að tryggja hagsmuni fólks, sem annars yrði fyrir barðinu á þeim, sem leituðu ráðahags sér til fjárhagslegs ávinnings og þá oftast um stundarsakir. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að fjárhagsleg sjónarmið hafi ráðið afstöðu aðaláfrýjanda til hjónabandsstofnunar.

Hjónaband aðilja máls þessa stóð að vísu frekar skamma stund, en meðferð hjónanna á lausafjármunum og veðskuldabréfi, sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, rennir ekki stoðum undir þá röksemd, að hjúskapur hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu

Við teljum, að sýna beri mikla varúð við notkun ákvæðis 57. gr. laga nr. 60/1972 í stað aðalreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 og að þeim, sem kröfu gerir um beitingu undantekningarreglunnar, beri að sanna, að skilyrði til þess séu fyrir hendi. Hafi gagnáfrýjandi eigi sannað, að hjónaband hans og aðaláfrýjanda hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Beri því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og ákveða, að um skipti skuli fara eftir ákvæðum 2. mgr. 18. gr., sbr. VII. kafla laga nr. 20/1923.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ætti að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1982.

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Bjarna Helgasonar, um, að eignir þær, er hann átti fyrir stofnun hjúskapar við varnaraðilja, Ragnheiði Stefánsdóttur, verði taldar séreignir hans.

Skiptum á félagsbúi málsaðilja verður hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor málsaðilja heldur þeim hjúskapareignum, er hann hefur fært í félagsbúið.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 270/1981. **Ríkisútvarpið**
(Eiríkur Tómasson hdl.)
gegn
Svölu Hannesdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Höfundalög. Leikstjórn á kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. desember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að kröfur stefndu, sem teknar voru til greina í héraði, verði verulega lækkaðar. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstrétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðherra hinn 15. febrúar 1983 var stefndu veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi er málsefnið einskorðað við kröfu stefndu um greiðslu vegna leikstjórnar á myndinni Ágirnd, er sýnd var í sjónvarpinu 20. febrúar 1979, enda er málinu ekki gagnáfrýjað.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda leikstjóri við gerð umræddrar kvikmyndar. Var hún skráð leikstjóri í sýningaskrá, sem útbúin var, er Óskar Gíslason sýndi kvikmyndina og einnig í dagskrá sjónvarpsins 20. febrúar 1979. Nýtur þetta framlag stefndu við gerð kvikmyndarinnar verndar skv. 2. mgr 41. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 63. gr. laganna. Er ósannað, að stefnda hafi framselt þennan rétt sinn.

Stefnda ritaði áfrýjanda bréf 18. febrúar 1979 og óskaði eftir, að gengið yrði til samninga við sig, áður en kvikmyndin yrði sýnd í sjónvarpi. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir afstöðu fyrirsvarsmanns áfrýjanda til þessa erindis.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, var áfrýjanda óheimilt að sýna kvikmyndina án þess að afla sér samþykkis stefndu. Á hún því rétt á greiðslu úr hendi áfrýjanda fyrir þennan hluta kröfunnar, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárhæð hennar. Ber áfrýjanda samkvæmt því að greiða stefndu 3.720.80 krónur ásamt vöxtum, eins og í dómsorði segir, en upphafstímamarki vaxta hefur ekki verið andmælt.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði stefndu, Svölu Hannesdóttur, 3.720.80 krónur með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1 júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim

degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði 15.000.00 krónur í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefndu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1981.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að afloknum munnlegum málflutningi hinn 19. júní sl., hefur Svala Hannesdóttir, Skúlagötu 80, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. febrúar 1981, gegn Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 643.513 með 19% ársvöxtum frá 20. febrúar til 1. júní 1979, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefur aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Með yfirlýsingu aðilja máls þessa, dagsettri 5. febrúar 1971, lýstu þeir því yfir, að útilokað væri að sætta mál þetta hjá sáttamönnum. Dómarinn reyndi sættir, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. febrúar 1981, var stefnanda, Svölu Hannesdóttur, veitt gjafsókn fyrir undirrétti.

II.

Atvik máls þessa eru þau, að árin 1949—1950 var stefnandi við nám í Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran í Reykjavík. Stefnanda og Guðrúnu nokkurri Ásmundsdóttur var falið að semja látbragðsleik, er sýna skyldi í skólanum. Sömdu þær Guðrún og stefnandi síðan látbragðsleik, er hlaut nafnið „Hálsfestin." Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmaður var viðstaddur sýningu látbragðsleiksins, og falaðist Óskar eftir því við stefnanda að fá að

gera kvikmynd eftir látbragðsleiknum. Mun því hafa verið vel tekið. Varð úr, að Óskar fékk leyfi þeirra til þess að gera kvikmynd, er byggð væri á söguþræði látbragðsleiksins. Kvikmynd sú, er Óskar gerði og byggð var á látbragðsleiknum, hlaut nafnið „Ágirnd". Þegar að töku myndarinnar kom, voru öll þau atriði, sem Guðrún Ásmundsdóttir hafði samið, felld niður, en einvörðungu þau atriði, sem stefnandi var höfundur að, notuð sem fyrirmynd í téðri kvikmynd. Óskar Gíslason fékk síðan Þorleif nokkurn Þorleifsson til þess að semja tökuhandrit vegna kvikmyndunarinnar. Stefnandi mun hafa gefið Þorleifi ábendingar við samningu tökuhandritsins. Kvikmyndin „Ágirnd" var síðan frumsýnd í Reykjavík hinn 5. desember 1952, en fékk lélega dóma og dræma aðsókn, og féllu þá sýningar á henni niður. Liðu svo nokkur ár, en þá tók Óskar Gíslason að ferðast með kvikmyndina víða um land til sýninga. Féllu sýningar enn niður, eða allt til ársins 1979, að Ríkisútvarpið-sjónvarp sýndi myndina hinn 20. febrúar það ár, en af þeirri sýningu eru málaferli þessi sprottin. Undanfari þeirrar sýningar var sá, að Óskar seldi sjónvarpinu sýningarrétt að kvikmyndinni.

Þá er Óskar Gíslason fékk samþykki stefnanda til þess að taka látbragðsleikinn „Hálsfestina" og gera eftir honum kvikmynd, munu þau stefnandi og Óskar enga skriflega samninga hafa gert með sér, hvorki varðandi höfundarétt að verkinu né heldur um höfundaréttargreiðslur til handa stefnanda vegna framlags hennar til gerðar kvikmyndarinnar. Þá voru heldur eigi gerðir skriflegir samningar um laun til handa stefnanda fyrir leik hennar í myndinni og leikstjórn þá, er hún hafði á hendi, en stefnandi mun hafa verið eini leikstjórinn við gerð myndarinnar. Fljótlega eftir gerð myndarinnar kom upp ágreiningur með stefnanda og Óskari Gíslasyni um framangreind atriði. Óskar neitaði þá strax alfarið öllum greiðslum til handa stefnanda vegna framlags hennar til myndarinnar, þar sem hann taldi, að slíkar greiðslur hefðu verið því skilyrði háðar, að fjárhagslegur ávinningur yrði af gerð myndarinnar, en því færi víðs fjarri, að nokkur ávinningur hefði orðið. Þvert á móti kvaðst Óskar hafa orðið fyrir stórfelldum fjárhagslegum skakkaföllum af þessum sökum. Stefnandi vildi ekki una þessum viðbrögðum Óskars, þar sem hún taldi greiðslur til sín eigi hafa verið bundnar neinu slíku skilyrði. Höfðaði hún því mál á hendur Óskari árið 1954. Í stefnu þess máls sagði, „að stefnandi samdi kvikmyndahandrit myndarinnar „Ágirnd", annaðist leikstjórn myndarinnar og lék eitt aðalhlutverkið. Fyrir allt þetta átti stefnandi að fá í laun kr. 3.000." Dómur í þessu máli var kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. nóvember 1956. Í forsendum dómsins var á því byggt, að stefnda (Óskari Gíslasyni) hefði ekki tekist að sýna fram á eða gert sennilegt, að laun til stefnanda fyrir störf hennar að gerð kvikmyndarinnar væru háð því skilyrði, að ágóði yrði af gerð hennar. Hins vegar þótti stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að

laun til hennar skyldu nema þeirri fjárhæð, er hún krafði Óskar um í því máli. Síðan sagði í dómi þessum: „Verður því að áætla stefnanda hæfilega þóknun miðað við hlut hennar í gerð myndarinnar. Kemur þá til athugunar, hver hann var.“ Þá sagði svo í dómi bæjarþingsins um þetta atriði:

„Sem fyrr getur hafði stefnandi á hendi auk leikstjórnar eitt hinna stærri hlutverka í myndinni. Er ágreiningslaust, að hún hafi starfað samtals 37 klukkustundir við sjálfa kvikmyndatökuna dagana 21., 23. og 24. ágúst svo og að nokkru við hljóðritun myndarinnar, sem stóð yfir samtals 10 klukkustundir dagana 7. og 29. nóvember og 3. desember. Þá kveður stefnandi, að leikæfingar hafi staðið yfir í 1½ mánuð, áður en kvikmyndatakan hófst. Æfingar hafi þó ekki verið á hverjum degi og á rúmhelgum dögum einungis frá kl. 8 til kl. 11 eða 12, en síðari hluta dags á laugardögum og sunnudögum. Stefanía R. Pálsdóttir, sem fyrr var nefnd, kveðst hafa verið atvinnulaus í einn mánuð vegna starfs síns við kvikmyndina. Vinnutími leikaranna hafi ekki verið reglulegur, en þó hafi verið unnið flesta daga þennan tíma. Stefndi kveðst ekki geta sagt um, hve langur tími fór í leikæfingar. Þess var áður getið, að stefnandi hafi verið með í ráðum við samningu kvikmyndahandritsins. Kveðst hún ekki í fljótu bragði geta sagt um, hversu hlutur hennar í því sé mikill. Þorleifur Þorleifsson kveður afskipti stefnanda að samningu kvikmyndahandrits hafa verið þau, að í fyrstu hafi hann samið yfirlit um það, hvernig kvikmyndin yrði í megindráttum eftir fyrrnefndum látbragðsleik. Yfirlit þetta hafi hann sýnt stefnanda, sem gert hafi einhverjar athugasemdir við það. Síðar hafi hún fengið kvikmyndahandritið til athugunar. Stefndi kveður sér kunnugt um, að Þorleifur Þorleifsson hafi nokkrum sinnum leitað upplýsinga hjá stefnanda varðandi kvikmyndahandritið, meðan hann vann að samningu þess.

Með hliðsjón af því, sem hér að framan greinir, þykir krafa stefnanda fyrir hluttöku hennar í kvikmyndinni í hóf stillt. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.000.00 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.“

Dómi þessum var eigi áfrýjað. Í máli þessu, sem nú er rekið fyrir bæjarþinginu, krefur stefnandi stefnda um greiðslur fyrir leik, leikstjórn og höfundarétt vegna hlutdeildar í samningu kvikmyndahandrits. Ágreiningur aðilja þessa máls varðar að nokkru leyti það, um hvað þau sömdu á sínum tíma Óskar Gíslason og stefnandi og hvort stefnandi í þeim samningum afsalaði sér höfundarétti að umræddri kvikmynd.

Stefnandi, Svala Hannesdóttir, kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hún skýrði svo frá, að þá er Óskar hefði fengið leyfi hennar til þess að gera kvikmynd, er byggð væri á „Hálsfestinni“, hefðu þau, Óskar og hún, ekkert samið um höfundagreiðslur henni til handa. Þá hefðu engir slíkir samningar verið gerðir síðar, og hún kvaðst aldrei hafa gert neinn áskilnað um sérstakar greiðslur til sín fyrir höfundarétt, enda hefði Óskar ekki verið

fáanlegur til samninga um neinar slíkar greiðslur. Einu greiðslunnar, sem hún hefði fengið fyrir framlag sitt til gerðar kvikmyndarinnar „Ágirnd," væri sú fjárhæð, sem sér hefði verið til dæmd með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956. Hún kvaðst vita til þess, að Óskar Gíslason hefði sýnt kvikmyndina vítt og breitt um landið næstu 10 - 15 árin eftir gerð hennar, en hún kveðst þó aldrei hafa krafið Óskar um neinar greiðslur sér til handa vegna þessara sýninga. Hún kvaðst hafa látið Óskari látbragðsleikinn í té til kvikmyndunar þrátt fyrir það, að hann hefði verið ófáanlegur til þess að greiða sér fyrir höfundarétt, enda hafði hún á þessum árum meira hugsað um að leita eftir tækifærum. Hún kvaðst á þessum árum ekki hafa haft nægilega reynslu til þess að semja um réttindi sín „og gerði sér ekki grillur út af slíku." Hún lýsti hlutdeild sinni í gerð kvikmyndarhandritsins svo, að hún hefði gefið ábendingar og aðlagað látbragðsleikinn að kvikmyndun, en annar aðili, Þorleifur Þorleifsson, hefði samið sjálft tökuhandritið. Þá kvaðst hún aldrei hafa afsalað sér höfundarétti sínum að kvikmyndinni í hendur Óskari.

Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmaður kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hann kvaðst hafa séð látbragðsleikinn „Hálsfestina" á skólasýningu hjá nemendum í Leiklistarskóla Ævars R. Kvaran árið 1950 og þá hafa fengið mikinn áhuga á því að gera kvikmynd, er byggð væri á því verki. Hann kvaðst hafa fengið Þorleif nokkurn Þorleifsson til þess að semja kvikmyndahandrit, en Þorleifur þessi hefði samið öll tökuhandrit þeirra mynda, er hann, þ. e. Óskar, hefði framleitt. Svala Hannesdóttir hefði engan þátt átt í samningu tökuhandritsins, þó svo að vera kynni, að þau hefðu eitthvað ráðgast saman, Svala og Þorleifur. Hann kvaðst ekki muna til þess, hvort Svala hefði framselt sér höfundarétt sinn, en öruggt væri, að ekkert hefði verið rætt um höfundaréttargreiðslur til hennar, enda hefði slíkt aldrei komið til mála af sinni hálfu. Þá benti hann á, að höfundaréttur að látbragðsleiknum hefði í upphafi verið nokkuð á reiki, þar sem fleiri hefðu tekið þátt í samningu hans heldur en Svala, og því kvaðst Óskar hafa verið í vafa um það í upphafi, hvern hann ætti að kynna sem höfund verksins. Hann kvað myndina hafa fengið mjög slæma dóma, er hún var frumsýnd, og hefðu sýningar á henni verið stöðvaðar strax á öðrum degi. Síðar kvaðst Óskar hafa sýnt myndina út um land öðru hverju, en kvaðst ekki muna, hversu oft. Svala hafi hvorki þá né síðar krafið sig um greiðslur fyrir höfundarétt vegna þeirra sýninga. Hann kvaðst hafa framleitt margar myndir og þá jafnan staðið þannig að samningum við þá, er hlut hefðu átt að máli, að greiða höfundum þeirra sagna, er notaðar voru sem fyrirmynd, ákveðið verð í eitt skipti fyrir öll og það sama hefði gilt um leikara og leikstjóra.

Jón Þórarinsson tónskáld, sem var forstöðumaður lista- og skemmti-

deildar sjónvarpsins á þeim tíma, er Óskar Gíslason samdi við sjónvarpið um sýningu á myndinni „Ágirnd", kom fyrir dóminn hinn 22. maí sl. Hann kvað það ekki hafa verið kannað sérstaklega, er samið var við Óskar Gíslason um sýningu myndarinnar, hvort einhverjir aðrir gætu hugsanlega átt tilkall til höfundaréttar í myndinni. Hins vegar kvað hann svo hafa verið samið við Óskar, eins og reyndar alltaf væri gert, þegar samið væri við eigendur gamalla íslenskra mynda, að sjónvarpið væri firrt allri ábyrgð á kröfum, sem kynnu að berast frá öðrum hugsanlegum rétthöfum. Hann skýrði svo frá, að Óskar Gíslason hefði, er um sýningu myndarinnar var samið, talið sig einan eiga allan höfundarétt að myndinni. Jón kvaðst kannast við það að hafa fengið bréf í hendur frá Svölu Hannesdóttur varðandi myndina „Ágirnd", áður en myndin var sýnd í sjónvarpinu, þar sem Svala gerði kröfu um greiðslu höfundalauna o. fl. Þetta bréf hefði borist sér svo skömmu fyrir sýningu myndarinnar, að það hefði engu getað breytt um sýningaráform sjónvarpsins, enda hefði sjónvarpið talið sig hafa gert fullgildan samning við Óskar Gíslason, eiganda og framleiðanda myndarinnar.

Er myndin „Ágirnd" var frumsýnd í Tjarnarbíói árið 1952, var hún þannig kynnt í leiðarvísi kvikmyndahússins: „Tjarnarbíó. Óskar Gíslason sýnir: ÁGIRND. Dramatisk íslensk kvikmynd, byggð á látbragðsleiknum Hálsfestin eftir Svölu Hannesdóttur, sem einnig er leikstjóri. Tökuhandrit eftir Þorleif Þorleifsson. Tónlist samin og leikin af Reyni Geirs. Andlitsgerfi: Haraldur Adolfsson. Óskar Gíslason kvikmyndaði." Er kvikmyndin var sýnd í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979, var hún þannig kynnt í dagskrá þess:

„20:30 Ágirnd. Dramatísk, íslensk kvikmynd, byggð á látbragðsleiknum Hálsfestinni eftir Svölu Hannesdóttur, sem einnig er leikstjóri. Tökuhandrit Þorleifur Þorleifsson . . . ." Þorleifur Þorleifsson ljósmyndari, sá sem kynntur er sem höfundur kvikmyndahandritsins, kom fyrir dóm í máli því, er stefnandi höfðaði á hendur Óskari Gíslasyni árið 1954. Í dómi bæjarþingsins í því máli, þ. e. málinu nr. 1084/1954, segir svo: „Þess var áður getið, að stefnandi hafi verið með í ráðum við samningu kvikmyndahandritsins. Kveðst hún ekki í fljótu bragði geta sagt um, hversu hlutur hennar í því sé mikill." Síðan segir í dóminum um framburð Þorleifs Þorleifssonar: „Þorleifur Þorleifsson kveður afskipti stefnanda af samningu kvikmyndahandritsins hafa verið þau, að í fyrstu hafi hann samið yfirlit um það, hvernig kvikmyndin yrði í megindráttum eftir fyrrnefndum látbragðsleik. Yfirlit þetta hafi hann sýnt stefnanda, sem gert hafi einhverjar athugasemdir við það. Síðar hafi hún fengið kvikmyndahandritið til athugunar. Stefndi kveður sér kunnugt um, að Þorleifur Þorleifsson hafi nokkrum sinnum leitað upplýsinga hjá stefnanda varðandi kvikmyndahandritið, meðan hann vann að samningu þess."

Þess er áður getið, að með samningi við Ríkisútvarpið/ sjónvarp seldi Óskar Gíslason sjónvarpinu rétt til einnar sýningar á kvikmyndinni „Ágirnd". Forsaga þess máls er sú, að á árinu 1977 voru teknar upp viðræður milli stefnda og Óskars Gíslasonar um sýningu á tveimur kvikmyndum í eigu Óskars. Önnur þessara mynda var „Reykjavíkuræintýri Bakkabræðra". Var hún sýnd í sjónvarpinu haustið 1977. Var gerður skriflegur samningur um sýningu þeirrar myndar, og hefur sá samningur verið lagður fram í þessu máli á dómskjali nr. 7. Um kvikmyndina „Ágirnd", sem mál þetta snýst um, var ekki gerður skriflegur samningur. Við hana þurfti nýja tónsetningu, og var hún af þeim sökum fyrst sýnd í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979. Í sameiginlegri yfirlýsingu Óskars Gíslasonar og Jóns Þórarinssonar, dags. 13. júní 1979, er við Óskar samdi á sínum tíma f. h. sjónvarpsins, var munnlegi samningurinn um sýningu „Ágirndar" algerlega sama efnis og samningurinn um sýningu „Reykjavíkuræintýris Bakkabræðra". Sá samningur var svohljóðandi:

„Ríkisútvarpið-Sjónvarp og Óskar Gíslason (6923-6421), Þingholtsstræti 30, R., (hér eftir nefndur seljandi) gera með sér þennan samning:

Seljandi selur Ríkisútvarpinu-Sjónvarpi rétt til einnar sýninga í íslenzka sjónvarpinu á kvikmyndinni „Reykjavíkuræfintýri Bakkabræðra".

Jafnframt afhendir seljandi Sjónvarpinu til notkunar í þessu skyni eitt eintak af myndinni. Skal afhenda það nú þegar og Sjónvarpið mega hafa það í vörzlum sínum, unz sýning hefur farið fram.

Kvikmyndin verður sýnd í íslenzka sjónvarpinu í sjö köflum, og skal sýningu lokið fyrir 1. júlí 1977.

Seljandi selur með samningi þessum allan rétt yfir kvikmyndinni. Ríkisútvarpið-Sjónvarp tekur fram, að vegna samninga við STEF — Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar — eiga ekki að koma sérstakar greiðslur frá því til tónskálda vegna sýningar myndarinnar.

Ef fram kemur, að Sjónvarpinu er að lögum skylt að greiða öðrum en seljanda þóknun vegna sýningar kvikmyndarinnar, skal seljandi greiða þá þóknun.

Ef Sjónvarpið óskar að endursýna myndina innan þriggja ára frá þeirri sýningu, sem samið er um að framan, er því það heimilt gegn greiðslu, er svari til 50% af upphaflegri greiðslu.

Fyrir ofanskrá réttindi greiðir Ríkisútvarpið-Sjónvarp seljanda kr. 250.000.- við undirritun samnings þessa.

Reykjavík, 9. nóvember 1977
Óskar Gíslason

f.h.
Ríkisútvarpsins-Sjónvarps
Jón Þórarinsson"

Í stefnu sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

a) Fyrir leikstjórn	kr. 372.080
b) Fyrir höfundarétt að hinu aðlagaða verki og hlutdeild í kvikmyndahandriti	— 171.433
c) Fyrir leik	— 100.000
	Kr. 643.513

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda í málinu á því, að hinn 20. febrúar 1979 hafi stefndi sýnt kvikmyndina „Ágirnd" í sjónvarpinu. Stefnandi kveðst hafa verið aðalleikstjóri við gerð myndarinnar og meðhöfundur tökuhandrits auk þess sem hún hafi farið með eitt af aðalhlutverkunum í myndinni. Fyrir framlag sitt til leikstjórnar og þáttöku í samningu tökuhandritsins beri sér höfundaréttarþóknun úr hendi stefnda, flytjanda myndarinnar, auk þess sem stefnda beri að greiða sér þóknun fyrir leik hennar í myndinni.

Stefnandi kveður það óumdeilt í málinu, að hún hafi verið höfundur frumverksins, látbragðsleiksins „Hálsfestin", enda sé ekki um það deilt. Er Óskar Gíslason hafi falast eftir því við sig að fá að gera kvikmynd eftir látbragðsleiknum, hafi hún „ritað texta látbragðsleiksins", en hún og Þorleifur Þorleifsson síðan samið tökuhandritið að kvikmyndinni. Framlag hennar til samningar tökuhandritsins njóti verndar samkv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 73/1972. Þá telur stefnandi, að hún hafi óumdeilanlega verið eini leikstjórinn við gerð myndarinnar. Það framlag hennar njóti sömuleiðis verndar samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 41. gr. höfundalaganna. Stefnandi telur þá venju hafa myndast í samskiptum framleiðenda kvikmynda og þeirra, er framlag veita til kvikmyndagerðar, að hinir síðarnefndu framselji framleiðandanum rétt sinn yfir framlaginu, annað hvort gegn eingreiðslu eða með því að hljóta hlutdeild í framtíðarágóða, er verði af myndinni. Stefnandi hafi hins vegar engan slíkan rétt framselt til Óskars Gíslasonar, hvorki vegna leiks, leikstjórnar né samningar tökuhandrits, enda hafi það verið staðfest af Óskari Gíslasyni fyrir dómi í málinu, að hann hafi ekki óskað eftir neins konar framsali til sín á réttindum stefnanda. Því hafi flutningur myndarinnar í sjónvarpinu 20. febrúar 1979 án síns samþykkis verið gersamlega óheimill. Stefnandi mótmælir sérstaklega þeirri skoðun stefnda, að dómur bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956 í málinu: Svala Hannesdóttir gegn Óskari Gíslasyni feli í sér neins konar framsal réttinda stefnanda til Óskars Gðslasonar. Sá dómur ákvarði stefnanda einvörðungu laun fyrir hluttöku hennar í gerð myndarinnar. Annar og rýmri skilningur verði ekki í þann dóm lagður. Stefnandi telur, þegar

það er virt, hvernig stefndi stóð að því að kynna „Ágirnd", áður en myndin var sýnd, að stefnda hafi mátt vera það ljóst, að stefnandi hlaut að eiga tilkall til höfundaréttar í myndinni, bæði sem höfundur og sem leikstjóri. Því hafi stefnda borið að kanna það sérstaklega, ekki bara hjá Óskari Gíslasyni, heldur líka hjá stefnanda, hvort stefnandi hefði afsalað sér höfundarétti sínum. Það sé að vísu svo, að samkv. 1. mgr. 41. gr. höfundalaga megi sá, er kaupi sýningarrétt af framleiðanda kvikmyndar, almennt treysta því, að framleiðandinn hafi áður tryggt sér allan rétt yfir myndinni og eigi því einn óskoraðan rétt til þess að selja sýningarréttinn, án þess að aðrir geti þar gert nokkurt tilkall til. 2. mgr. 41. gr. höfundalaganna lögmæli hins vegar mikilsverða undantekningu frá þessari meginreglu. Því beri þeim, er sýningarrétt kaupi, að kanna það alveg sérstaklega, hvort þeir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 41. gr., þar með taldir leikstjóri og höfundur kvikmyndahandrits, hafi framselt framleiðanda rétt sinn. Í þessum efnum nægi ekki að láta við það eitt sitja að kanna þetta atriði hjá framleiðandanum, nema því aðeins að framleiðandinn geti með órækum hætti sannað slíkt framsal réttinda til sín, en því hafi öldungis ekki verið til að dreifa að því er Óskar Gíslason varði. Sjáist þetta einna gleggst af því, að sjónvarpið hafi talið nauðsyn bera til þess að setja sérstakan varnagla einmitt um þetta atriði, sem sé samningsákvæðið um það, að ef fram kæmi, að sjónvarpinu væri að lögum skylt að greiða öðrum en seljanda (þ. e. Óskari Gíslasyni) þóknun vegna sýningar kvikmyndarinnar, þá skyldi seljandi greiða þá þóknun. Þetta samningsákvæði sýni betur en allt annað, að stefnda hafi mátt vera fullljóst, að vafi léki á um heimildir Óskars Gíslasonar, og því hafi stefnda borið alveg sérstök skylda til þess að ganga ótvírætt úr skugga um þetta atriði. Stefnandi telur, að aðild málsins sé ótvíræð. Stefndi hafi keypt sýningarrétt að myndinni og sýnt hana og beri því greiðsluábyrgð gagnvart stefnanda sem flytjandi. Að því er fjárhæð kröfu sinnar varði þá sé hún ekki ósanngjörn. Árið 1978 hefði leikstjóri fengið kr. 520.000 (gkr.) fyrir að frumvinna verkið til kvikmyndunar. Sýningartími myndarinnar hafi verið 40 mínútur og sé vegna leikstjórnarþáttarins krafist gkr. 9.302. fyrir hverja mínútu. Aðrir liðir í kröfugerðinni séu áætlaðir og séu þar hafðar til hliðstjónar greiðslur stefnda fyrir sambærilega þátttöku listamanna. Engin sérstök ástæða sé til þess að rökstyðja þessar fjárhæðir, enda séu þær í lágmarki. Þegar birt sé í heimildarleysi verk, sem höfunaréttar njóti, sé höfundur ekki bundinn af gjaldskrám og töxtum, heldur sé honum heimilað að gera reikning, sem sé ekki bersýnilega ósanngjarn. Loks telur stefnandi, að áðurgreint ákvæði í samningi Óskars Gíslasonar og stefnda um skyldu Óskars til þess að taka að sér greiðslu þóknunar, ef fram kæmi, að sjónvarpinu væri að lögum skylt að greiða öðrum en Óskari þóknun vegna sýningar myndarinnar, sé sér með öllu óviðkom-

andi. Haggi ákvæði þetta í engu rétti sínum til þess að krefja stefnda um þóknun vegna heimildarlausrar sýningar hans á umræddri mynd.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi beini málssókn þessari ranglega að sér. Sú venja hafi myndast, þegar um kvikmyndaverk sé að ræða, að framleiðandi kvikmyndar hafi tryggt sér með samningi við þá, sem hlut eigi að máli, rétt til þess að semja um sýningu á myndum, hvort heldur sem það sé í kvikmyndahúsum eða sjónvarpi. Sjónvarpið hafi enga ástæðu haft til þess að draga í efa rétt Óskars Gíslasonar sem framleiðanda til þess að heimila sýningu á umræddri kvikmynd í sjónvarpinu. Ef stefnandi sé þeirrar skoðunar, að hún hafi ekki afsalað sér höfundarétti sínum að myndinni, beri henni að snúa sér að Óskari, en ekki stefnda, enda hafi stefndi og Óskar samið svo um, að ef stefnda bæri að lögum að greiða fleirum heldur en Óskari þóknun vegna sýningar myndarinnar, bæri Óskari að greiða þá þóknun. Sjónvarpið hafi því í góðri trú samið við Óskar. Af þessu megi ljóst vera, að stefnandi beini kröfum sínum ranglega að stefnda. Beri því þegar af þeirri ástæðu með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Ef ekki verði fallist á kröfu sína um sýknu vegna aðildarskorts, þá krefst stefndi sýknu á þeirri forsendu, að stefnandi hafi framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn að umræddu verki og eigi engar kröfur til greiðslna af þeim sökum. Samkævmt 27. gr. höfundalaga sé þeim, er höfundarétt eigi, heimilt að framselja þann rétt sinn að nokkru leyti eða öllu. Gildi þetta jafnt um þá, sem taldir séu upp í 2. mgr. 41. gr. höfundalaga, sem um þá, sem tilgreindir séu í 1. mgr. 41. gr. Stefndi mótmælir því eindregið, að stefnandi hafi átt nokkurn þátt í samningu kvikmyndahandritsins. Eini höfundur þess hafi óumdeilanlega verið Þorleifur Þorleifsson. Svala hafi gefið Þorleifi ráð og lesið handrit hans yfir. Fráleitt sé að meta það framlag sem hluttöku í samningu handritsins. Með þessu framlagi sínu hafi hún alls ekki öðlast neinn höfundarétt í kvikmyndahandriti „Ágirndar." Því eigi hún ekki rétt til greiðslna fyrir höfundarétt að kvikmyndahandritinu. Að því er varði greiðslur fyrir framlag stefnanda til gerðar kvikmyndarinnar sem leikstjóra þá hafi stefnandi framselt Óskari Gíslasyni þann höfundarétt sinn. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1956 hafi stefnandi fengið greiðslur fyrir hlut hennar í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leikstjórn. Túlka beri málsúrlslit þau á þann veg, að með því að veita hinni tildæmdu fjárhæð, kr. 3.000.00, viðtöku hafi hún framselt Óskari í eitt skipti fyrir öll allan rétt sinn að myndinni. Varðandi leik stefnanda í myndinni þá telur stefndi, að með áðurgreindum bæjarþingsdómi frá 6. nóvember 1956 hafi stefnandi sömuleiðis fengið fullnaðargreiðslu fyrir það vinnuframlag sitt og eigi hún því engar kröfur á hendur stefnda af þeim sökum.

Varakröfu sína um lækkun krafna stefnanda, ef sýknukröfum verði hrundið, styður stefndi þeim rökum, að kröfurnar séu allt of háar. Nægi í þeim efnum að benda á þær greiðslur, sem Óskar Gíslason hafi fengið frá stefnda fyrir að selja allan sýningarrétt að myndinni, gkr. 250.000.

IV.

Álit dómsins.

Hinn 20. febrúar 1979 sýndi Ríkisútvarpið — sjónvarp, stefndi í máli þessu, kvikmyndina „Ágirnd," en sýningarréttinn hafði stefndi keypt af Óskari Gíslasyni, framleiðanda myndarinnar. Stefnandi krefur stefnda sem flytjanda myndarinnar í umrætt sin um þóknun fyrir höfundarétt að myndinni og leik í henni. Stefnandi beinir kröfum sínum því réttilega að stefnda sem flytjanda myndarinnar, og verður krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts því ekki tekin til greina.

Það er ágreiningslaust með málsaðiljum, að stefnandi sem höfundur að látbragðsleiknum „Hálsfestin" heimilaði Óskari Gíslasyni að framleiða kvikmynd, er byggð væri á því frumverki. Ágreiningur aðilja varðar það hins vegar, hvern skoða beri sem höfund að kvikmyndahandriti hins aðlagaða verks, þ. e. myndinni „Ágirnd", en stefnandi telur sig meðhöfund handritsins ásamt Þorleifi Þorleifssyni. Þorleifur Þorleifsson bar það fyrir dómi í bæjarþingsmálinu nr. 1084/1954, eins og áður er rakið, að hann hefði samið tökuhandrit myndarinnar, en stefnandi lesið það yfir og gert einhverjar athugasemdir. Sjálf lýsti stefnandi hlutdeild sinni í gerð handritsins með svofelldum orðum, er hún kom fyrir dóm í máli þessu hinn 22. maí 1981: „Mín þátttaka fólst í því að gefa ábendingar og aðlaga látbragðs leikinn að kvikmyndun, en annar aðili, Þorleifur Þorleifsson, samdi sjálft tökuhandritið." Er „Ágirnd" var frumsýnd árið 1952, var Þorleifur Þorleifsson einn kynntur sem höfundur kvikmyndahandritsins. Ekki verður af skjölum málsins séð, að sú kynning hafi sætt neinum andmælum af hálfu stefnanda, enda ekki á því byggt af hennar hálfu. Þegar virt er framlag stefnanda til samningar handritsins, eins og hún sjálf og Þorleifur Þorleifsson lýsa því, og þegar höfð er í huga athugasemdalaus kynning framleiðanda myndarinnar á því verki, verður eigi séð, að framlag stefnanda til gerðar kvikmyndahandritsins hafi verið með þeim hætti, að telja beri stefnanda meðhöfund þess. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um þóknun til hennar vegna höfundaréttar, enda er eigi á því byggt af hálfu stefnanda, að hún hafi með öðrum hætti öðlast tilkall til höfundaréttarþóknunar vegna sýninga myndarinnar.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 6. nóvember 1956 í málinu nr. 1084/1954 fékk stefnandinn, Svala Hannesdóttir, sem jafnframt er stefnandi máls þessa, sér tildæmdar, eins og áður er rakið, kr. 3.000.00 fyrir

hlutdeild í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leik. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á undir rekstri þessa máls, að hún hafi svo um samið við Óskar Gíslason, að hún skyldi frekari greiðslur hljóta fyrir þetta framlag sitt. Stefndi sem viðsemjandi framleiðanda myndarinnar mátti því að þessu leyti treysta heimild Óskars Gíslasonar til þess að semja um sýningu myndarinnar. Stefnandi á því ekki sjálfstæðan rétt til þess að krefja stefnda um greiðslur fyrir leik hennar í myndinni vegna sýningarinnar í sjónvarpinu hinn 20. febrúar 1979. Ber því einnig að sýkna stefnda af þessum lið í kröfugerð stefnanda.

Það er fram komið og óumdeilt, að stefnandi var leikstjóri við gerð myndarinnar „Ágirnd." Stefnandi hefur eindregið mótmælt því að hafa framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn sem aðalleikstjóri myndarinnar. Þá kveðst Óskar Gíslason ekki muna, hvort hann hafi fengið þennan rétt stefnanda framseldan, en allir samningar stefnanda og Óskars Gíslasonar voru munnlegir. Telja verður, að stefndi hafi eigi sýnt fram á, að stefnandi hafi framselt Óskari Gíslasyni höfundarétt sinn sem aðalleikstjóri við gerð myndarinnar. Það framlag hennar nýtur sjálfstæðrar verndar samkv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 73/1972. Stefnda var því óheimilt að sýna myndina í umrætt sinn án endurgjalds til stefnanda. Ber stefnanda því réttur til þess að krefja stefnda sem flytjanda myndarinnar um þóknun vegna sýningar þessarar, þrátt fyrir það að títtnefndur dómur bæjarþingsins frá 6. nóvember 1956 ákvarði stefnanda kr. 3.000.00 fyrir hlutdeild hennar í gerð myndarinnar, þar með talið fyrir leikstjórn hennar. Krafa stefnanda fyrir þennan lið nemur gkr. 372.080, og hefur stefnandi í þeim efnum haft mið af kjarasamningum, sem stefndi er aðili að. Eftir atvikum þykir fjárhæð þessi eigi ósanngjörn þóknun til stefnanda fyrir leikstjórnarþátt hennar og er því tekin til greina að fullu með þeirri breytingu, er leiðir af breytingu íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 35/1979.

Niðurstaða máls þessa verður þá sú, að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 3.720.80 ásamt 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1. júní 1979, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 3.059.00 og greiðist úr ríkissjóði. Þar sem stefnandi hefur eigi lagt fram reikning fyrir útlögðum

kostnaði vegna málssóknar þessarar, rennur allur málskostnaðurinn, kr. 3.059.00, til skipaðs talsmanns stefnanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 3.059.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, greiði stefnanda, Svölu Hannesdóttur, kr. 3.720.80 ásamt 19% ársvöxtum frá 20. febrúar 1979 til 1.júní 1979, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 3.058.00, greiðist úr ríkissjóði. Skipuðum talsmanni stefnanda, Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, ber öll sú fjárhæð í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 3.058.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

1988

Þriðjudaginn 22. nóvember 1983.

Nr. 147/1983. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða, en jafnframt er því áfrýjað af hálfu ákæruvalds refsingu ákærða til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 12. október 1983.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 14. nóvember 1983, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, var ákærða veitt reynslulausn af 30 daga eftirstöðvun refsingar samkvæmt þremur refsidómum hinn 11. maí 1980, en ekki hinn 26. maí 1980, eins og segir í sakavottorði ákærða.

Vegna þess, sem fram er komið í málinu um áfengisneyslu ákærða á heimili sínu laugardaginn 15. maí, verður rannsókn sú, er gerð var á vínandamagni í blóði hans, ekki talin einhlítt sönnunargagn um vínandamagn í blóði hans við aksturinn. Blóðrannsóknin ásamt vætti Leifs Guðlaugssonar, framburði ákærða sjálfs fyrir lögreglu og að nokkru fyrir dómi svo og öðru því, sem fram er komið í málinu, þykir eigi að síður veita sönnun fyrir því, að ákærði hafi vegna áfengisneyslu eigi getað stjórnað ökutæki örugglega, er hann ók bifreiðinni R 70281. Braut hann með því gegn 2. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968, sbr. og 3. mgr. sömu greinar. Að öðru leyti þykir ákærði með atferli sínu hafa brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, og unnið með því til refsingar samkvæmt 80. gr. þeirra laga, sbr. lög nr. 54/1976. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 26. maí, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 215/1983: Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 6. s. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 22. október sl., gegn „Sigurbirni Bjarnasyni iðnaðarmanni, Yrsufelli 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1954, fyrir að aka laugardaginn 15. maí 1982 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 70281 óvarlega aftur á bak á bifreiðastæði við heimili sitt, þannig að bifreiðin rakst þar á bifreiðina Z 1093, sem var kyrrstæð og mannlaus, síðan að aka brott af vettvangi, án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar, að húsi í Hóla hverfi í Breiðholti og til baka.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar barst henni kl. 1626 laugardaginn 15. maí f. á. vitneskja um, að ölvaður maður hefði ekið á bifreið við Yrsufell 5—7 og horfið af vettvangi. Þar kom í ljós, að bifreiðinni R 70281, eigandi Bjarni Ágúst Jónsson, fæddur 11. júlí 1962, til heimilis að Yrsufelli 7, hafði verið ekið á bifreiðina Z 1093, eigandi Þorvaldur Þór Jónsson vélvirki, Nýbýlavegi 90, Kópavogi. Vél bifreiðarinnar R 70281 var „heit“ og lyklar

í kveikjulás. Á fyrrgreindu bifreiðinni reyndist afturhöggvari vera dældaður vinstra megin, en á þeirri síðargreindu var afturhöggvari dældaður fyrir miðju. Sjónarvottar vísuðu á ákærða, frænda eigandans, sem reyndist vera „áberandi ölvaður" heima að Yrsufelli 7. Þar voru einnig eigandinn og Sigríður Guðrún Stefánsdóttir afgreiðslustúlka, Ásgarði 73, fædd 18. júlí 1963. „Ekkert vín sá á þeim." Eigandinn tjáði lögreglunni, að hann hefði skilið við bifreiðina í stæði við húsið um kl. 0400 um morguninn, síðan sofið og væri nývaknaður. Sigríður Guðrún kvaðst hafa verið sofandi. Ákærði kvaðst ekkert um málið vita. Eftir að lögreglan hafði rætt við vitni, flutti hún þau þrjú á lögreglustöðina. Þar kvaðst ákærði enn (kl. 1720) ekkert um málið vita, hann hefði verið sofandi, er atburðurinn átti sér stað, og neitaði að hafa ekið. Var ákærði færður til blóðtöku (kl. 1743) og síðan í fangageymslu. Bjarni Ágúst og Sigríður Guðrún fengu að fara frjáls ferða sinna. Í blóðsýni ákærða reyndist magn alkóhóls vera 2.19‰.

Í frumskýrslu lögreglunnar er haft eftir Leifi Guðlaugssyni verkstjóra, Yrsufelli 7, fæddum 1. apríl 1923, að hann hafi haft tal af ákærða, „rétt áður" en hann hóf aksturinn, og reynt að telja hann af því að aka, þar sem hann var „áberandi ölvaður." Ákærði hafði orð á, að hann ætlaði að aka til systur sinnar. Leifur sá, er bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak á bifreiðina Z 1093 og síðan á brott.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hefur Leifur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur í anddyri hússins Yrsufells 7, er óhappið átti sér stað. Veitti hann þá athygli ákærða, sem býr í húsinu, á næstu hæð fyrir ofan vitnið, er hann kom út úr húsinu, og var hann „drukkinn." Ákærði fór að stórri fólksbifreið, sem vitnið mundi ekki skráningarnúmer á. Þar sem greinilegt var, að ákærði hugðist aka bifreiðinni, gekk vitnið til ákærða og bað hann að láta það vera. Ákærði hlustaði ekki á vitnið, ók bifreiðinni áfram á bak til suðurs á stæðinu og á mannlausa bifreið. Síðan ók ákærði brott. Eftir um 10 mínútur kom ákærði aftur á bifreiðinni. Ákærði var einn í bifreiðinni, er atvikið átti sér stað. Börn voru þarna einnig nærstödd, og skömmu síðar leitaði eigandi hinnar bifreiðarinnar til vitnisins, sem tjáði honum málavexti. Eigandi mun í fyrstu hafa reynt að leita réttar síns við eiganda bifreiðarinnar, sem ákærði ók. Hjá honum mun hann hafa fengið leiðinlegar móttökur og því leitað til lögreglunnar.

Í dóminum kvaðst vitnið hafa hitt ákærða fyrir utan anddyrið, var hann mjög drukkinn og hafði á orði, að hann ætlaði að fara á bíl ofar í hverfið. Skildist vitninu á ákærða, að hann ætlaði að hitta systur sína. Vitnið margbað ákærða að hreyfa ekki bifreiðina. Ákærði sinnti því engu og fór af stað á bifreiðinni. Er ákærði ók henni aftur á bak á stæðinu, ók hann á aðra bifreið. Ákærði kom ekki út til að huga að skemmdum, heldur ók rakleitt brott og kom aftur að bifreiðinni eftir um það bil 15—20 mínútur.

Eigandi hinnar bifreiðarinnar kom að máli við vitnið síðar eftir tilvísun frá börnum, sem horfðu á atburðinn. Vitninu skildist á eigandanum, að hann væri búinn að tala við ákærða og eiganda bifreiðarinnar, sem olli tjóninu. Þar eð hann fékk enga leiðréttingu mála sinna, hefði hann kallað á lögregluna. Í dóminum taldi vitnið, að hálf til heil klukkustund hefði liðið, frá því akstri ákærða lauk og þar til lögreglan talaði við vitnið. Vitnið sagði það rangt hjá ákærða, að það hefði verið búið að neyta áfengis umrætt kvöld.

Í frumskýrslu málsins er haft eftir Gísla Víglundssyni bifreiðarstjóra, Yrsufelli 7, fæddum 25. ágúst 1935, að hann hefði horft á það út um eldhúsglugga sinn á 2. hæð, að bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak á bifreiðina Z 1093, en hann ekki séð, hver ók bifreiðinni.

Við rannsókn málsins skýrði vitnið Gísli lögreglunni svo frá, að hann hafi staðið við eldhúsglugga sinn og horft út á stæðið. Þá veitti hann því athygli, að bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak til suðurs á stæðinu á rauða Saab bifreið. Vitnið sá ekki, hver var ökumaður eða hvort hann var ölvaður eður ei. Ekki sá vitnið ökumanninn koma út eftir óhappið, heldur var bifreiðinni ekið brott. Vitnið vissi ekki, hvenær bifreiðin kom á stæðið aftur, en „frétti," að það hefði verið stuttu seinna. Vitnið kvaðst geta fullyrt, að ökumaðurinn hafi verið einn í bifreiðinni. Vitninu var kunnugt, að „Bjarni, Yrsufelli 7," átti bifreiðina.

Í dóminum kvaðst Gísli hafa horft á það út um eldhúsgluggann sinn, að bifreið, sem Bjarni Ágúst átti, hafi verið ekið aftur á bak á Saab bifreið, sem var á stæðinu. Síðan var bifreiðinni ekið á brott. Ekki sá vitnið, er bifreiðin kom aftur á stæðið. Það sá ekki, hver ökumaðurinn var og gat ekki borið um ástand hans. Vitnið sá aðeins ökumanninn í bifreiðinni.

Haft er eftir Þorvaldi Þór Jónssyni, sem lögreglan hitti á vettvangi, í frumskýrslu, að börn hafi tjáð honum, að maður hefði ekið bifreið aftur á bak á hans bifreið á stæðinu og síðan á brott. Maðurinn hefði komið aftur, og börnin þekktu hann, því hann var búsettur í Yrsufelli 7. Hann hefði ætlað af fá Bjarna Ágúst til að bæta tjónið án lögregluafskipta. Bjarni Ágúst hefði lokað á hann og sagt, að hann hefði eigi hugmynd, um hvað hann væri að tala. Þessar móttökur urðu til þess, að hann leitaði til lögreglunnar. Ekki var Þorvaldur Þór yfirheyrður við lögregluannsóknina.

Í dóminum hefur Þorvaldur Þór skýrt svo frá, að á umræddum tíma hafi hann haldið til að Yrsufelli 5 og verið að koma frá húsi nr. 1 í sömu götu, er börn á stæðinu tilkynntu honum um áreksturinn. Vitnið spurðist fyrir um eiganda hinnar bifreiðarinnar. Þá kom fyrst til dyra drukkinn maður og síðan annar ódrukkinn, sem tjáði sig vera eiganda bifreiðarinnar. Hann kvaðst eigi hafa hreyft bifreiðina síðan um morguninn. Virtist hann

ekki taka vitnið alvarlega, enda greinilega nývaknaður. Þá kvaðst vitnið súa sér til lögreglunnar, úr því hann vildi ekki semja. Vitnið kvaðst hafa talað við tvo fullorðna menn í Yrsufelli 7, sem vildu upphaflega ekki hafa nein afskipti af málinu, en kváðust hafa séð árekturinn. Vitnið sá ekki nein merki um áfengisneyslu á mönnunum. Vitnið minnti, að börnin og mennirnir hafi sagt, að ökumaðurinn hefði verið ölvaður. Ekki gat vitnið borið um, hve langur tími leið frá árekstrinum og þar til það fékk vitneskju um hann, en taldi, að 15—20 mínútur hefðu liðið frá þeirri vitneskju og þar til lögreglan kom.

Sigríður Guðrún Stefánsdóttir var ekki yfirheyrð við lögregluransókn. Í dóminum hefur hún skýrt svo frá, að hún myndi ekki, hvenær hún kom í íbúðina að Yrsufelli 7 umrætt sinn, og myndi ekki, hver opnaði, var það annað hvort Bjarni Ágúst eða Rannveig, amma Bjarna Ágústs og móðir ákærða. Eitthvað var vitnið undir áfengisáhrifum. Ekki mundi vitnið, hvort ákærði var í íbúðinni við komu þess. Vitnið fór fljótlega að sofa og vaknaði ekki fyrr en einhverjir menn voru að berja á dyrnar eða hringja dyrabjöllu. Voru þeir að kvarta um ákeyrslu á bifreið. Þá var ákærði í íbúðinni undir áfengisáhrifum. Vitnið vissi ekki, hvenær hann kom eða í hvaða ástandi hann var þá. Vitninu var ókunnugt um, að ákærði hefði farið á bifreið Bjarna Ágústs. Ekki mundi vitnið sérstaklega eftir því, hvort áfengi var í íbúðinni umrætt sinn, því það hefði oft komið þarna og stundum verið þar áfengi.

Daginn eftir atburðinn tók lögreglan svohljóðandi skýrslu af Bjarna Ágústi Jónssyni:

„Sigurbjörn býr heima hjá mér annað slagið, en á annars íbúð uppi á Akranesi. Ég hitti Sigurbjörn aðfaranótt laugardagsins niðri á BSÍ, en þangað fór ég til að taka benzín á bílinn minn. Þar var Bjössi að leita eftir áfengi, og lét ég hann þá hafa flösku, sem ég var með í bílnum, sennilega hálfa af áfengi, en get þó ekki fullyrt það, hvað mikið var í flöskunni. Síðan skutlaði ég Bjössa vestur að Selbúðum og fór svo sjálfur heim og var kominn þangað um klukkan 0600, og þá var Sigga komin, og fórum við bara að sofa. Síðan vakna ég seinna við það, að Bjössi er kominn og bað mig um áfengi, og ég benti honum á flösku með blönduðu vodka í, og í flöskunni hefur verið um það bil ¼ af þessu blandaða vodka. Eftir það hélt ég áfram að sofa, en vaknaði aftur við það, að maður kom og barði á dyrnar og sagði, að bílnum mínum hafi verið ekið á bílinn hans. Ég kannaðist ekkert við það og sagði manninum að fara heim til sín og halda áfram að sofa. Ég get ekki gert mér fulla grein fyrir því, hvað klukkan var, þegar þetta gerðist, og vissi ekki til þess, að Bjössi hafi farið neitt á bílnum mínum. Ég veit ekki einu sinni, hvort ég lét hann hafa áfengið

fyrir eða eftir að hann hafði farið á bílnum og hvort hann var nýkominn inn eða ekki.

Ég get ekki borið um það, hvort Bjössi var mikið fullur eða ekki, þegar ég hitti hann niðri á BSÍ.

Ég sá hann ekki neyta áfengis heima hjá mér."

Í dóminum hefur Bjarni Ágúst Jónsson sagt, að framangreindur framburður sé rétt bókaður eftir sér. Að öðru leyti bar vitnið, að ákærði, móðurbróðir sinn, hefði verið „edrú," er það hitti hann á Umferðarmiðstöðinni og lét hann fá áfengisflöskuna, og var ákærði ekki farinn að drekka af flöskunni, er leiðir skildu í Selbúðum. Vitnið vissi ekkert um akstur ákærða, fyrr en eftir að kvartað var um ákeyrsluna. Vitnið lét ákærða hafa aðra áfengisflösku heima og taldi, að ákærði hefði ekki farið út eftir það. Eina klukkustund taldi vitnið, að liðið hefði, eftir að kvartað var og þar til lögreglan kom, og minnti vitnið, að ákærði hafi neytt áfengis á þeim tíma. Eftir að vitninu var bent á misræmi framburða þess, sagði það, að sig minnti, að ákærði hefði ekkert farið út, eftir að hann fékk flöskuna heima, og sig minnti, að hann hefði verið „edrú," er það hitti hann á Bifreiðastöð Íslands.

Kl. 1010 næsta morgun var ákærði kominn til yfirheyrslu eftir dvöl í fangageymslu. Þá sagði hann:

„Ég fór á dansleik á laugardagskvöld, og þar neytti ég áfengis og hef sennilega verið við drykkjuna fram til 03.00, að dansleiknum lauk. Eftir það fór ég heim til mín og fór að sofa, en vaknaði aftur að ég held um klukkan 14.00 til 15.00, og þá fór ég af stað á bílnum hans frænda míns, Bjarna Á. Jónssonar, og ók út í Hólahverfið, og þar ætlaði ég að hitta systur mína, en hún var þá ekki heima, svo ég fór til baka aftur, en man ekki til þess, að ég hafi ekið utan í neinn bíl, en vil ekki þræta fyrir það, að það hafi getað gerst.

Þegar ég kom inn aftur til Bjarna, var hann sofandi enn og einnig Sigríður, kærasta hans. Ég vakti Bjarna og spurði hann, hvort ég mætti ekki eiga áfengi, sem þarna var á flösku, og gaf Bjarni mér það, og ég klárаði úr flöskunni, en þetta var heilflaska, hálf af blönduðu vodka. Eftir það fór ég að sofa og vaknaði ekki aftur fyrr en lögreglan kom.

Ég fann ekki til áfengisáhrifa við aksturinn, og áfengisins neytti ég eftir að akstrinum lauk."

Að lokinni yfirheyrslu var ákærði á ný vistaður í fangageymslu. Klukkan 1255 var hann aftur yfirheyrður. Í millitíðinni hafði Bjarni Águst verið yfirheyrður. Nú sagði ákærði:

„Ég var mikið drukkinn um nóttina og man ekki svo vel um ferðir mínar, en man þó það, að ég drakk áfengi, sem ég fékk hjá einhverjum krökkum,

um hádegisbilið á laugardeginum. Eftir það fór ég heim að Yrsufelli 7, stoppaði lítið og fór síðan á bílnum hans Bjarna, en neytti ekki frekar áfengis, fyrr en ég kom aftur til baka, en þá fékk ég áfengi hjá Bjarna. Ég man, að þegar ég ók bílnum, fann ég til þreytu og slappleika, og tel, að það geti verið áhrif frá neyslu áfengis.

Þrátt fyrir það, að ég reyni að muna það, þá man ég ekki eftir því að hafa ekið utan í aðra bifreið."

Eftir birtingu ákæru í dóminum kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R 70281 þá leið, sem í ákæru greinir, en kannaðist ekki við að hafa verið undir áfengisáhrifum eða að hafa ekið utan í annan bíl. Ákærði kvað vitnið Leif Guðmundsson sjálfan hafa verið ölvaðan umrætt sinn og mótmælti því framburði hans. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að sofa töluvert, áður en lögreglan kom, og hafi verið búinn að drekka úr hálfri flösku. Þá var ákærða kynntur seinni framburður hans hjá lögreglu. Hann kannaðist við undirskrift sína, en sagði það ekki rétt, að hann hefði drukkið á laugardeginum. Ekki mundi ákærði, hvort hann sagði lögreglumanninum þetta eða ekki. Ákærði kvaðst hafa drukkið kvöldið og nóttina fyrir akstur. Ákærði var ekkert „timbraður" daginn eftir, en var með hausverk, eins og hann eigi vanda til, enda með of háan blóðþrýsting.

5. þ. m. kvaðst ákærði ekki geta af eigin raun borið um, að vitnið Leifur Guðlaugsson hafi verið ölvað, er lögreglan kom á vettvang, þetta hafi hann eftir Bjarna Ágústi, frænda sínum, og Sigríði Guðrúnu, unnustu hans. Ákærði kvaðst ekkert hafa talað við Leif eða hitt hann í anddyrinu.

Einar Ásbjörnsson lögreglumaður, fæddur 1. maí 1951, sem skrifaði frumskýrslu málsins, hefur í dóminum borið, að hann minnist þess ekki að hafa séð áfengisáhrif á vitninu Leifi Guðlaugssyni, og taldi víst, að það hefði komið fram í skýrslunni, hefði svo verið.

Með vísan til framburðar Leifs Guðlaugssonar sjálfs, Þorvalds Þórs Jónssonar og Einars Ásbjörnssonar verður dómurinn að hafna því með öllu, að vitnið Leifur hafi verið undir áfengisáhrifum, enda virðist hér nánast vera um tylliástæðu ákærða að ræða.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og öðrum gögnum málsins, einkum framburði vitnisins Leifs, að ákærði hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni R 70281, sviptur ökuréttindum ævilangt, þá leið, sem í ákæru greinir. Varðar það háttalag við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Með framburðum vitnanna Leifs og Gísla Víglundssonar er sannað, að ákærði ók bifreiðinni aftur á bak á bifreiðina Z 1093. Að vísu hefur Gísli eigi fullyrt, að hann hafi borið kennsl á ákærða sem ökumann, en ákærði hefur viðurkennt sjálfur að hafa verið þarna á ferð á þeim tíma, sem máli skiptir, og Gísli borið, að ökumaðurinnn hafi verið einn í bifreiðinni. Engum öðrum en ákærða er því til að dreifa. Þetta framferði ákærða er and-

stætt 1. mgr. 37. gr. sömu laga, og sú vanræksla að gera ekki lögmætar ráðstafanir vegna ákeyrslunnar varðar við 1. og 2. mgr. 41. gr. laganna.

Framburðir Bjarna Ágústs og Sigríðar Guðrúnar gefa engar áreiðanlegar upplýsingar um ástand ákærða, er akstur hans fór fram. Hins vegar er sannað með framburði vitnisins Leifs, seinni framburði ákærða hjá lögreglu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, aksturslagi ákærða og framkomu hans eftir akstur, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum við aksturinn, enda firn mikil, að neysla á slatta áfengisblöndu úr flösku, sem ákærði kann að hafa drukkið eftir akstur, hafi leitt til slíks magns alkóhóls í blóði, sem raun varð á. Akstur ákærða í þessu ástandi varðar sérstaklega við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaganna.

Ákærði hefur sætt refsingum, sem hér greinir:

1970 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/12 1970.

1971 4/11 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 4/2 Reykjavík: Dómur: 60 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 28/8 1971.

1972 15/6 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1972 22/8 Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).

1973 7/2 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. og 257. gr. hegningarlaga. (Dómar 4/2, 15/6, 22/8 1972 dæmdir með).

1974 4/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1975 5/3 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1975 20/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1976 29/11 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1977 20/9 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 17/11 Reykjavík: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/11 1977.

1978 26/4 Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1979 26/10 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 259. gr.

hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26/10 1979.

1979 1/11 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1979 13/12 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Dómur uppkveðinn 26/4 1978 staðfestur.

1980 25/2 Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1980 26/5 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.

Ákærði hefur með brotum sínum á framangreindum hátternisreglum umferðarlaga unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Með vísan til sáttar frá 17. nóvember 1977 og dóms frá 26. október 1979, 71. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Einnig ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi á ný.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi á ný.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Fimmtudaginn 23. nóvember 1983.

Nr. 46/1983. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Sigurði Þór Sveinssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hr.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1983. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 4. október sl.

Í áfrýjunarstefnu segir, að málinu sé af hálfu ákæruvalds áfrýjað til staðfestingar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari gert þá kröfu, að refsing ákærða verði þyngd. Þar sem sú krafa var ekki höfð uppi í áfrýjunarstefnu, verður að miða við, að áfrýjað sér til staðfestingar á héraðsdómi.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstrétt.

Með bréfi 4. september 1981 sendi saksóknardeild lögreglunnar í Kaupmannahöfn ríkissaksóknara gögn í máli ákærða, sem lýst er í héraðsdómi og höfðað hafði verið gegn ákærða í Kaupmannahöfn, og óskaði eftir því, að ákæruvaldið á Íslandi tæki við saksókninni. Með bréfi 22. febrúar 1982 tilkynnti ríkissaksóknari lögreglunni í Kaupmannahöfn, að mál þetta yrði sameinað máli, sem höfðað yrði hér bráðlega út af öðrum sakargiftur á hendur ákærða.

I. *Ákæruliður 1.*

Með skírskotum til forsendna héraðsdóms þykir eiga að staðfesta niðurstöðu hans um þennan ákærulið.

II. *Ákæruliðir 2—6.*

Í ákæruliðum þessum er ákærði saksóttur fyrir að hafa í fimm skipti í júlí og ágúst 1978 keypt í félagi við aðra hass í Hollandi og selt það í Gautaborg og Kaupmannahöfn.

Ákærði kom fyrir dóm í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hinn 11. janúar 1982. Var þá lögð fram mappa með gögnum, er hann varðaði, úr rannsókn, sem áður hafði farið fram á hendur öðrum nafngreindum mönnum, og „ljósrit yfirlits yfir áburði á mætta." Í bókun í þinghaldi þessu segir m. a. á þessa leið:

„Dómari kynnir mætta skjöl málsins, og kveðst mætti hafa kynnt sér skjöl þar greint sakarefni varðandi hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 1979.

Varðandi sakaráburð á mætta í nefndum gögnum þá kveðst mætti saklaus af honum og ekki geta gefið neinar skýringar þar á."

Svo er að sjá, að í þessu þinghaldi hafi ákærði verið spurður um sakarefni samkvæmt 2.—6. ákærulið, þótt ekki komi það greinilega fram í bókuninni.

Frekari rannsókn um efni ákæruliða 2—6 fór ekki fram, áður en málið var höfðað.

Hinn 18. febrúar 1982 kom ákærði á ný fyrir dóm, og var hann þá einungis spurður um sakarefni þau, sem um ræðir í 1., 7. og 8. ákærulið, en í þinghaldinu voru lögð fram gögn um málssóknina gegn ákærða í Kaupmannahöfn.

Við þingfestingu málsins 9. september 1982 var ákæran borin undir ákærða. Lýsti hann þá yfir því, að hann kannaðist ekki við sakargiftir samkvæmt ákæruliðum 2—6. Síðar í þinghaldi þessu skýrði ákærði þó frá á þessa leið:

„Aðspurður um ferðir og dvöl í júlí og águst 1978 kveðst ákærði sumarið 1978 hafa farið tvær ferðir til Hollands. Fyrri ferðin var farin með Hermanni Ólasyni, og keypti ákærði að sögn 200 grömm af hassi, er seld voru í Gautaborg.

Skömmu síðar kveðst ákærði enn hafa farið með Hermanni Olasyni til Hollands. Ákærði kvaðst ekki hafa keypt fíkniefni í þeirri för."

Þá skýrði ákærði frá því, að hann hefði oft farið til Svíþjóðar í júlí—ágúst 1978, m. a. verið þar á hljómleikum, en tvær ferðir hefði hann farið gagngert til þess að selja fíkniefni.

Nánar hefur ákærði ekki verið spurður um ferðir þessar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafa ýmsir menn skýrt við fyrri rannsókn frá því, að ákærði hafi átt þátt í að flytja hass í fimm ferðum frá Hollandi sumarið 1978 og selja það. Enginn þessara

manna var kvaddur til þess að gefa skýrslu við meðferð máls þessa, þótt ákærði neitaði sekt sinni, og verjandi ákærða lýsti yfir því, að hann teldi framburð þessara manna ónothæfan sem grundvöll dóms í málinu. Við flutning málsins hér fyrir dómi hefur verjandinn haldið því fram, að eigi hafi verið sinnt tilmælum sínum um, að menn þeir, sem sakir höfðu borið á ákærða í áðurnefndri rannsókn, yrðu yfirheyrðir á ný og að sér yrði veitt færi á að leggja spurningar fyrir þá. Sækjandi málsins í Hæstarétti, er einnig flutti málið í héraði, hefur staðfest það, að þessi staðhæfing verjandans sé rétt.

Eins og á stóð í máli þessu, þar sem ákærði hafði neitað sök, og sakfelling varð einungis reist á skýrslum annarra, var nauðsynlegt, að þeir yrðu kvaddir fyrir dóm í þessu máli, ef kostur var, í því skyni, að spurningar yrðu lagðar fyrir þá, sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, svo og 4. mgr. 134. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem þetta var eigi gert, þótt þess væri óskað af hálfu ákærða, þykir sakfelling gegn neitun ákærða eigi verða reist á skýrslum þeim, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi undir liðum nr. 3—6, og ber að sýkna ákærða að því leyti. Með áðurnefndum framburði ákærða um, að hann hefði farið með Hermanni Ólasyni til Hollands og keypt það 200 g af hassi, sem síðan hefðu verið seld í Gautaborg, verður hins vegar að telja, að hann hafi játað brot það, sem um ræðir í 2. ákærulið, þótt hann hefði fyrr í þinghaldinu neitað sakargiftum samkvæmt þeim lið. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um ákærulið 2.

III. *Ákæruliðir 7 og 8.*

Sakarefni þau, sem um ræðir í þessum liðum, játaði ákærði skýlaust í þinghaldi í borgardómi Kaupmannahafnar 2. apríl 1979 að viðstöddum verjanda. Er játning þessi studd ýmsum skýrslum, svo sem lýst er í héraðsdómi. Fjárfúlgur þær, fíkniefni og áhöld, sem fundust í húsnæði ákærða í Hotel 5 Svaner 3. mars 1979, benda einnig til mikilla viðskipta með fíkniefni. Ákærði hefur við meðferð máls þessa neitað sakargiftum þessum að mestu leyti og afturkallað fyrri játningu. Eigi þykir sú afturköllun studd neinum haldbærum rökum. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem ákæruliðir 7 og 8 lúta að.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan segir, verður ákærði sýknaður af 3.—6. ákærulið, en niðurstaða héraðsdóms um aðra ákæruliði staðfest. Brot ákærða falla öll umdir verknaðarlýsingu 2., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. reglugerð nr. 390/1974, 2., sbr. 10. gr., og auglýsingu nr. 425/1974. Þau voru fólgin í kaupum á mjög miklu magni fíkniefna og sölu þess til margra manna. Meðal efnisins var kókaín. Þykir eiga að refsa ákærða fyrir brotastarfsemi þessa í heild samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr.

Ákærði framdi brot sín erlendis, en verður refsað hér á landi samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að gæta 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði framdi brot sín í félagi við aðra. Þá ber að líta til fyrri brotaferils ákærða, sem áður hafði sætt refsidómum sem hér segir:

21. maí 1971 30 daga varðhald fyrir nytjastuld o. fl.

1. okt. 1971 30 daga varðhald fyrir sams konar brot.

29. mars 1974 15 daga varðhald fyrir ölvunarakstur.

30. sept. 1975 60 daga fangelsi fyrir skjalafals.

12. nóv. 1975 30 daga fangelsi fyrir sams konar brot.

24. febr. 1976 3 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals o. fl.

2. mars 1977 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals o. fl.

3. júní 1977 sakfelldur fyrir fjársvik og þjófnað, en refsing ekki dæmd.

5. júlí 1977 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

2. nóvember 1977 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik o. fl.

14. febr. 1978 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

27. sept. 1979 sakfelldur fyrir nytjastuld og ölvunarakstur, en refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði 12 sinnum sæst á greiðslu sekta, þar af einu sinni fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 (19. nóv. 1974, 5.000 króna sekt).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Einnig þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sektarrefs-

ingu, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 20 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fram hér fyrir dómi, var húsleit gerð í herbergjum ákærða og Sigríðar Brynju Pétursdóttir í Hotel 5 Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, og var þar lagt hald á fíkniefni, áhöld ýmiss konar og peninga, og er þetta allt enn varðveitt hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn. Fram er komið, að meðal þess, er hald var lagt á, er allt það, sem krafist er upptöku á í máli þessu, þó þannig, að gögnin sýna eigi, að um hafi verið að ræða nema 14.5 g af hassi. Með þeirri athugasemd ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Hann greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 178 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eru óröskuð, þó svo, að upptækt hass er 14.5 g að þyngd.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um annað en refsivist ákærða. Ég tel hana hæfilega ákveðna 2 ára fangelsi.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um annað en fangelsisrefsingu. Með tilliti til þess, hversu hættuleg eiturlyf er um að ræða að hluta og gróðasjónarmiða, sem liggja að baki öflun þeirra og dreifingu, tel ég fangelsisrefsingu ákærða hæfilega ákveðna 3 ár.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 17. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp dómur þessi.

Málið var höfðað á hendur Sigurði Þór Sigurðssyni með ákæru, útgefinni 8. mars 1982, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni, talin framin frá miðjum júlí 1978 fram til 3. mars 1979, er ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn, „margsinnis aflað sér fíkniefna í Hollandi og Danmörku og síðan selt efnin, að undanskilinni eigin neyslu, einkum í Svíþjóð og Danmörku, til margra manna gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning, svo sem hér á eftir verður nánar rakið:

1.

Seinni hluta júlímánaðar keypt í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus Pétursson um 300 grömm af hassi á 17—18 krónur danskar hvert gramm og flutt síðan efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 7.000.- sænskar krónur.

2.

Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt 200 grömm af hassi í Hollandi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000.- sænskum krónum.

3.

Um mánaðamótin júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt

í Hollandi 450 grömm af hassi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 11.000.- sænskum krónum.

4.

Fyrri hluta ágústmánaðar í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 1 kg af hassi, flutt það fyrst til Danmerkur og síðan mestan hluta þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mestmegnis í Gautaborg, ótilgreindum mönnum, fyrir samtals allt að 19.000.- sænskum krónum.

5.

Um miðjan ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 2.2 kg af hassi, flutt það til Danmerkur og selt mestan hluta þess í Kaupmannahöfn ótilgreindum mönnum, en óupplýst um heildarsöluverð efnisins.

6.

Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan Halldór Lárus og Árna Hrafnsson keypt í Hollandi 4 kg af hassi, flutt efnið fyrst til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hluta efnisins, einkum í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna, og skipt með sér því efnismagni, sem þá var ekki selt, en ekki nýtur við upplýsinga um, með hvaða hætti ákærði ráðstafaði þeim hluta efnisins, sem í hans hlut kom.

7.

Í október og nóvember í félagi við Franklín Kristin Steiner tvívegis tekið við í Kaupmannahöfn frá ungverskum manni, George Nagy, í hvort skiptið um 7 kg af hassi, sem þeir fluttu til Svíþjóðar og seldu það ótilgreindum mönnum, í fyrra skiptið fyrir samtals 160.000.- sænskar krónur og í síðara skiptið fyrir 170.000.- sænskar krónur, en af þeim fjárhæðum gengu 83.000.- sænskar krónur til nefnds Nagy í hvort skiptið.

8.

Í lok janúar og febrúarmánuði í félagi við Franklín Kristin Steiner tekið við í Kaupmannahöfn frá nefndum George Nagy samtals 180 grömmum af kókaíni, sem þeir blönduðu svo til helminga með þrúgusykri, og af því magni selt síðan 130 grömm til ýmissa ótilgreindra manna þar í borg fyrir samtals allt að 220.000.- dönskum krónum."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess enn fremur krafist, að upptækt verði gert samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 69. gr. almennra hegningarlaga eftirgreint magn fíkniefna svo og áhöld og fjármunir, sem fundust við leit í herbergi því, sem ákærði hafði á hótel „De fem Svaner" í Kaupmannahöfn þann 3. mars 1979: 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1 kókaínsskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum, 6 hasspípur, 139.900 danskar krónur, 79.500.00 sænskar krónur og 20.000.00 norskar krónur.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði, útgefnu 8. nóvember 1982, sætt fjölmörgum kærum og refsingum, sem þó þykja ekki skipta máli hér. Síðasta refsing, er ákærða var gerð, var 4 mánaða fangelsi samkvæmt dómi, uppkveðnum 2. nóvember 1977.

Ákærða var birt ákæra í málinu 9. september 1982, og var málið þingfest sama dag. Munnlegur flutningur fór fram 11. nóvember 1982, og var málið dómtekið sama dag.

Við munnlegan flutning málsins ítrekaði sækjandi kröfur, er fram koma í ákæruskjali.

Verjandi ákærða gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, er um getur í ákæruskjali, að undanskyldu sakarefni í ákærulið I. Verjandi gerði kröfu til þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða í Danmörku kæmi til frádráttar dæmdri refsingu í máli þessu, ef dæmd yrði. Þá krafðist verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málið var flutt að nýju 9. desember 1982, og gerðu sækjandi og verjandi sömu dómkröfur og áður var lýst. Málið var dómtekið sama dag.

Málsatvik.

Ákæruliður 1.

„Seinni hluta júlímánaðar keypt í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus Pétursson um 300 grömm af hassi á 17—18 krónur danskar hvert gramm og flutt síðan efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 7.000.- sænskar krónur."

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 18. febrúar sl., og kvað hann sig ásamt Halldóri Lárusi Péturssyni hafa aflað sér 300 gramma af hassi af sér óþekktum aðilja í Kristjaníu og hafi þeir síðan í sameiningu selt 50—100 grömm af efninu sér ókunnum aðiljum í Gautaborg.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 9. september sl. um ofangreint sakarefni eftir útgáfu ákæru. Kvað ákærði efnismagn hafa verið milli 200 og 300 grömm, en atvikum að öðru leyti rétt lýst í þessum ákærulið.

Halldór Lárus Pétursson var yfirheyrður fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór kvað ákærða hafa komið til Kaupmannahafnar um miðjan júlí 1978 og með ákærða hafi verið eiginkona hans, Sigríður Brynja Pétursdóttir, sem er systir Halldórs Lárusar. Halldór Lárus kvað ákærða hafa spurt sig, hvort hann væri reiðubúinn að fara með hass til Svíþjóðar og selja þar, ef hann, ákærði, keypti efnið. Halldór Lárus kvaðst hafa fallist á ofangreinda málaleitan ákærða. Halldór Lárus kvaðst síðar hafa móttekið fé frá ákærða og keypt hass fyrir það í Kristjaníu ásamt Hermanni Ólasyni, og komu í hlut ákærða um 250 grömm af hassi. Hvert gramm efnis kostaði að sögn Halldórs Lárusar um 17 til 18 danskar krónur. Efnið var síðan flutt til Gautaborgar og selt þar, og söluandvirðið nam að sögn Halldórs 6.000 til 7.000 sænskum krónum. Halldór kvaðst síðan hafa afhent ákærða féð að lokinni söluferðinni, sem tók að sögn u. þ. b. eina viku.

Halldór Lárus bar hjá lögreglu 19. október 1978, að söluferð sú, sem að ofan var rakin, hafi tekið u. þ. b. eina viku, og var efnið selt í almenningsgarði í Gautaborg.

Sigríður Brynja Pétursdóttir var yfirheyrð sem vitni hér fyrir dómi 29. september 1978. Lýsti hún þá umfangsmiklum fíkniefnaviðskiptum nokkurra Íslendinga í Kaupmannahöfn og víðar, og var einn slíkra eiginmaður Sigríðar, ákærði í máli þessu. Sigríður Brynja kvaðst hafa haldið til Gautaborgar síðari hluta júlímánaðar 1978 með Halldóri Lárusi og ákærða og þar orðið vitni að 200 gramma hasssölu, en ekki er ljóst, hver seldi.

Sigríður Brynja var yfirheyrð fyrir dómi í Kaupmannahöfn 19. mars 1979 sem vitni, og kvaðst hún þá hafa haldið til Gautaborgar skömmu eftir komu sína og ákærða til Kaupmannahafnar um miðjan júlí 1978. Í þeirri för voru Halldór Lárus og ákærði, og höfðu þeir meðferðis að sögn Sigríðar 600—800 grömm af hassi, sem þeir höfðu áður keypt fyrir um 4.000 danskar krónur í Kristjaníu. Sigríður kvaðst ekki vita, hvort allt efnið var selt, þar sem hún hélt til Íslands skömmu síðar.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. október 1978 að hafa tekið á móti ákærða og konu hans á flugvelli í Kaupmannahöfn 14. júlí 1978. Árni kvað ákærða u. þ. b. þremur dögum síðar hafa haldið frá Kaupmannahöfn til Gautaborgar og hafi verið farið með 200 grömm af hassi til að selja í Gautaborg. Með ákærða fóru Sigríður Brynja, kona hans, og Halldór Lárus Pétursson.

Ákæruliður 2.

„Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt 200 grömm af hassi í Hollandi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000.- sænskum krónum.“

Hermann Ólason bar um þessa meintu ferð ákærða fyrir dómi 11. nóv. 1978. Hermann kvaðst hafa haldið með ákærða til Amsterdam í bifreið og hafi ákærði þar í borg keypt 200 grömm af Pakistanhassi. Efnið var flutt til Gautaborgar og þar selt, og kvaðst Hermann hafa fengið í sinn hlut 1.000.00 sænskar krónur fyrir ferðina.

Hermann Ólason hafði áður, eða 5. nóvember, greint frá þessari meintu ferð við lögregluyfirheyrslu. Bar Hermann þar á sama veg og rakið var, en taldi ferðina hafa verið farna fyrri hluta júlímánaðar 1978.

Halldór Lárus Pétursson bar hér fyrir dómi 6. nóvember 1978, að í lok júlí s. á. hafi ákærði ásamt Hermanni Ólasyni haldið með lest til Amsterdam. Halldór kvað ákærða hafa haft til ráðstöfunar um 2.700 danskar krónur og fyrir það fé hafi ákærði keypt um 200 grömm af svokölluðu svörtu Pakistanhassi, en Halldór kvaðst ekki vita, hve mikið efni Hermann keypti. Halldór kvað ákærða hafa flutt efnið til Gautaborgar, og þar kvaðst Halldór Lárus hafa tekið þátt í sölu efnisins með ákærða og hafi söluandvirðið numið 6.000—7.000 sænskum krónum. Halldór kvað ákærða hafa kostað uppihald í ferðinni og þá hafi ákærði lagt sér til fíkniefni til eigin nota. Að sölu lokinni var haldið til Kaupmannahafnar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 19. október 1978 kvað Halldór hafa tekið sig og ákærða um þrjá daga að selja efnið í Gautaborg í sama almenningsgarði og getið var um í ákærulið 1 að framan.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl. og kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 3.

„Um mánaðamótin júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 450 grömm af hassi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 11.000 sænskum krónum."

Hermann Ólafson bar um þessa meintu ferð hér fyrir dómi 11. nóvember 1978. Kvað hann hafa verið haldið til Amsterdam 4. ágúst s. á. Í ferðinni voru að sögn Hermanns auk hans sjálfs ákærði og Róbert Rósmann Guðjónsson. Hermann kvaðst sjálfur hafa keypt 290 grömm af hassi, en ákærði og Róbert Rósmann hafi keypt liðlega 1.5 kíló af Pakistanhassi. Hermann kvað efnið síðan hafa verið flutt til Gautaborgar og selt þar.

Halldór Lárus Pétursson bar hér fyrir dómi 6. nóvember 1978 að hafa stuttu eftir för, er rakin var í ákærulið 2, haldið áleiðis til Amsterdam ásamt ákærða og Hermanni Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni. Erindið var að kaupa hass í Amsterdam. Halldór kvað sig ekki hafa komist til Amsterdam, þar sem hann hafi gleymt vegabréfi sínu í Kristjaníu. Halldór kvaðst hafa beðið í Kristjaníu eftir þangað komu ákærða og félaga frá Amsterdam, og kvað Halldór ákærða hafa komið með úr ferðinni

400—500 grömm af svokölluðu Pakistanhassi. Halldór kvaðst hafa flutt efnið til Gautaborgar ásamt ákærða og þar hafi þeir selt efnið í sameiningu og söluandvirðið numið um 10.000—11.000 sænskum krónum. Fluttu þeir síðan féð með sér til Kaupmannahafnar.

Halldór Lárus hafði áður greint frá meintri ferð, er um er getið í þessum ákærulið, hjá lögreglu 19. október s. á. og kvað ferðina hafa tekið u. þ. b. eina viku. Var framburður Halldórs hjá lögreglu efnislega á sama veg og hér fyrir dómi.

Sigurður Rafn Jóhannsson var yfirheyrður fyrir dómi 5. nóvember 1978.

Af framburði Sigurðar má ráða, að hann segir ákærða ásamt Hermanni Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 hafa haldið til hasskaupa til Amsterdam. Sigurður kvað ákærða hafa keypt þar 1 kíló af hassi. Síðan kvað Sigurður áðurgreinda þrjá aðilja hafa haldið með efnið til Gautaborgar frá Kaupmannahöfn. Þá kvað Sigurður sig hafa slegist í förina auk Halldórs Lárusar Péturssonar, sem fylgdi ákærða og seldi með honum efnið. Sigurður Rafn kvaðst hafa slegist í för með Hermanni Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni og hafi þeir farið frá Gautaborg til Stokkhólms og síðan aftur til Gautaborgar á leið til Kaupmannhafnar og ferðin öll, þ. e. innkaupin í Amsterdam og söluferðin til Svíþjóðar, tekið alls um fjóra daga.

Róbert Rósmann Guðjónsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 17. febrúar 1979. Lýsti Róbert þá ferð sinni til Amsterdam í lok júlí 1978 og hafi verið með í þeirri ferð ákærði og Hermann Ólason. Róbert kvað hafa verið keypt um 2.5 kíló af hassi í Amsterdam. Efnið var síðan flutt til Svíþjóðar að sögn Róberts og selt þar, aðallega í Gautaborg.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl., og kvaðst hann ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 4.

„Fyrri hluta ágústmánaðar í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 1 kg af hassi, flutt það fyrst til Danmerkur og síðan mestan hluta þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mestmegnis í Gautaborg, ótilgreindum mönnum, fyrir samtals allt að 19.000.- sænskum krónum."

Hermann Ólason bar um þessa meintu ferð hér fyrir dómi í þinghaldi 11. nóvember 1978. Kvað Hermann hafa verið farið í þessa ferð strax og sölu efna úr næstu ferð á undan lauk, sbr. ákærulið 3. Hermann kvað auk sín hafa verið í ferðinni þá Sigurð Rafn Jóhannsson, Halldór Lárus Pétursson og ákærða. Hermann kvaðst hafa keypt í Amsterdam 0.5 kíló af MPL Pakistanhassi. Ekki kvaðst Hermann vita um efnismagn, er ákærði og Halldór Lárus keyptu, en vita þó, að þeir keyptu hass. Kvað Hermann

leiðir sínar og Sigurðar Rafns annars vegar og ákærað og Halldórs Lárusar hins vegar hafa skilið í þessari ferð.

Áður, eða í lögregluskýrslu 5. nóvember, hafði Hermann borið efnislega á sama veg og að ofan var rakið. Kvað Hermann ákærða og Halldór Lárus hafa verið búna að kaupa um 1.5 kíló af hassi kvöld eitt í Amsterdam. Í þessari lögregluyfirheyrslu skýrði Hermann frá ósamkomulagi milli sín og ákærða, en fleiri aðiljar viðriðnir mál þetta hafa borið á sama veg um ósamkomulag ákærða og Hermanns.

Halldór Lárus Pétursson lýsti í þinghaldi 6. nóvember 1978 meintri ferð, er hér um ræðir.

Kvað Halldór Lárus, að nokkrum dögum eftir komu til Kaupmannahafnar úr för, sbr. ákærulið 3, hafa verið haldið á bílaleigubifreið til Amsterdam og enn til hasskaupa. Í förinni voru að sögn Halldórs auk hans sjálfs Hermann Ólason, Sigurður Rafn Jóhannsson og ákærði. Halldór kvaðst hafa keypt 1 kíló af svokölluðu Pakistanhassi í Amsterdam ásamt ákærða. Efnið kvað Halldór hafa verið keypt fyrir andvirði sölu efna úr ákærulið 3. Vegna ósamkomulags ákærða og Hermanns Ólasonar kvað Halldór leiðir hafa skilist og hafi hann ásamt ákærða haldið með lest til Kaupmannahafnar með hassið. Halldór kvað sig ásamt ákærða hafa notað og selt á leiðinni til Kaupmannahafnar 100 til 150 grömm af efninu. Halldór kvað ákærða hafa haldið einan með efnið til Svíþjóðar og selt efnið þar og komið með til baka um 19.000 sænskar krónur sem söluandvirði.

Áður, eða í lögregluskýrslu 20. október 1978, hafði Halldór borið um ofangreinda meinta för ákærða o. fl. aðilja.

Sigurður Rafn Jóhannsson bar fyrir dómi 5. nóvember 1978 að hafa haldið til Amsterdam fyrstu vikuna í ágúst 1978 ásamt ákærða, Hermanni Ólasyni og Halldóri Lárusi Péturssyni. Í Amsterdam var keypt verulegt magn af hassi, og kvað Sigurður Rafn ákærða hafa keypt 1.5 kíló af hassi í ferðinni. Sigurður Rafn kvað deilur hafa komið upp milli ákærða og Hermanns Ólasonar og þá hafi hópurinn skipst og ákærði og Halldór Lárus haldið til Kaupmannahafnar.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. okt. 1978, að hann vissi til þess, að Hermann Ólason og Sigurður Rafn Jóhannsson hafi haldið til Gautaborgar síðari hluta júlímánaðar 1978 og haft í fórum sínum 1 kg af hassi. Eftir sölu hassefnanna í Svíþjóð kvað Árni Hermann Ólason hafa haldið til Amsterdam til frekari hasskaupa. Með í þá för slóust ákærði, Halldór Lárus Pétursson og Sigurður Rafn Jóhannsson. Árni taldi, að keypt hefðu verið 2 kíló af hassi í Amsterdam og hefði ákærði og Halldór Lárus átt þar af 1 kíló. Árni kvað ákærða hafa haldið á undan Hermanni til Gautaborgar með sinn efnishlut. Ástæðu þess kvað Árni hafa verið deilur, er upp komu milli ákærða og Hermanns Ólasonar.

Árni kvaðst síðan hafa hitt Hermann Ólason í Kaupmannahöfn eftir þangað komu Hermanns frá Amsterdam. Árni kvað sig hafa að ósk Hermanns flutt 1 kíló af hassi með ferju frá Kaupmannahöfn til Gautaborgar. Þar í borg kvaðst Árni hafa hitt ákærða og orðið honum samferða til Kaupmannahafnar, en ákærði hafði að sögn Árna keypt bifreið af Audi gerð í Svíþjóð ásamt Guðmundi Einarssyni. Árni kvað ákærða hafa átt 16.000 sænskar krónur við komu til Kaupmannahafnar 12.—14. ágúst 1978.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. september sl. Ákærði kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 5.

„Um miðjan ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 2.2 kg af hassi, flutt það til Danmerkur og selt mestan hluta þess í Kaupmannahöfn ótilgreindum mönnum, en óupplýst um heildarsöluverð efnisins."

Halldór Lárus Pétursson bar um ofangreinda meinta för ákærða og fleiri aðilja fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór Lárus kvaðst tveimur til þremur dögum eftir komu ákærða til Kaupmannhafnar úr söluferð, sbr. ákærulið 4, hafa haldið í enn eina ferðina til Amsterdam til hasskaupa. Í ferðinni voru auk Halldórs Guðmundur Einarsson og Gígja Geirsdóttir. Halldór kvað ferðina hafa verið farna á bifreið, er ákærði og Guðmundur Einarsson greiddu með hassi. Halldór kvað hafa verið keypt í Amsterdam 4.4 kíló af Pakistanhassi og hafi ákærði lagt fram fé til kaupa á 2.2 kílóum. Var haldið með hassið til Kaupmannahafnar, og þar kvaðst Halldór hafa afhent ákærða efnið, sem síðan var að mestu selt af ákærða í Kristjaníu, þó kvaðst Halldór hafa aðstoðað ákærða eitthvað við söluna. Halldór Lárus staðfesti fyrir dómi 23. maí 1979, að Árni Hrafnsson hefði lagt fé til farar þeirrar, er hér um ræðir, og fengið í hlut 100 grömm af hassi.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. október 1978, að sama dag og hann kom til Kaupmannahafnar frá Svíþjóð ásamt ákærða, þ. e. 12.—14. ágúst 1978, hafi Guðmundur Einarsson og kona hans, Gígja Geirsdóttir, haldið til hasskaupa í Amsterdam og í för með þeim verið Halldór Lárus Pétursson, er var með fé, er ákærði hafði lagt fram, sem var ágóði vegna sölu, er um getur í ákærulið 4. Árni kvaðst hafa lagt til fararinnar 1.000 sænskar krónur og fengið í sinn hlut 100 grömm af hassi, sem voru seld í Kristjáníu, og þar seldi á sama tíma Halldór Lárus Pétursson 400 grömm að sögn Árna og ákærði seldi 1.5 kíló í Kaupmannahöfn. Árni kvað hafa verið keypt 4 kíló af hassi í Amsterdamför þeirri, er hér um getur.

Guðmundur Einarsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 21. maí 1980. Lýsti Guðmundur þá ferð sinni til Amsterdam í ágúst 1978. Guðmundur kvað

auk eiginkonu sinnar, Gígju Geirsdóttur, hafa verið með í ferðinni Halldór Lárus Pétursson. Kvað Guðmundur hafa verið keypt 4 kíló af hassi í Amsterdam, og átti Halldór Lárus helming efnisins að sögn Guðmundar. Efnið var flutt til Kaupmannahafnar og selt þar.

Ekki hefur reynst unnt að yfirheyra Gígju Geirsdóttur vegna háttsemi, er um getur í þessum ákærulið, þar sem hún hefur dvalið langdvölum erlendis.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. september sl. Ákærði kvaðst ekki kannast við neitt það, er honum er gefið að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 6.

„Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan Halldór Lárus og Árna Hrafnsson keypt í Hollandi 4 kg af hassi, flutt efnið fyrst til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hluta efnisins, einkum í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna, og skipt með sér því efnismagni, sem þá var ekki selt, en ekki nýtur við upplýsinga um, með hvaða hætti ákærði ráðstafaði þeim hluta efnisins, sem í hans hlut kom.“

Árni Hrafnsson var yfirheyrður fyrir dómi 29. október 1978 og greindi þá frá ferð sinni og ákærða til Hollands í lok ágúst 1978.

Árni kvað hafa verið lagt upp í ferðina frá Kaupmannahöfn 25.—27. ágúst 1978. Kvað Árni ákærða haf átt bróðurpart þeirra efna, er keypt voru, og hafi ákærði við upphaf ferðarinnar haft undir höndum nærri 34.000 dönskum krónum fyrir sínum hlut og hlut Halldórs Lárusar. Árni kvað sig hafa lagt fram 2.000 danskar krónur, og var öllu áðurgreindu fé skipt í Rotterdam að sögn Árna og fengust fyrir u. þ. b. 13.000 hollensk gyllini, og var keypt hass fyrir 12.000 hollensk gyllini í Rotterdam, og fengust fyrir það 4 kíló af s. n. Pakistanhassi í 150—160 gramma plötum og í 600 gramma búntum. Nú var haldið með lest til Kaupmannahafnar með efnið að sögn Árna. Síðan var haldið til Gautaborgar, og þar kvað Árni ákærða og Halldór Lárus hafa selt fast að 2.5 kílóum af sínum efnishlut, og Árni kvaðst þar hafa selt sinn hluta efnisins, eða 130 grömm. Árni kvað sig ásamt ákærða og Halldóri Lárusi hafa komið til Malmö líklega 3. september 1978 og hlýtt þar á tónleika þann 5. september. Daginn eftir kvað Árni hafa verið eftir af efninu u. þ. b. 1.3 kíló og hafi ákærði og Halldór Lárus deilt um efnið og ákærði síðan haldið til Kaupmannahafnar á ný.

Um þessa meintu ferð ákærða Árna Hrafnssonar og Halldórs Lárusar Péturssonar bar sá síðastnefndi hér fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór Lárus kvaðst hafa komið að máli við Árna Hrafnsson fáum dögum eftir að sölu hassefna úr ákærulið 5 lauk. Halldór Lárus kvaðst þá hafa boðið Árna að fara með ákærða í hasskaupaferð til Amsterdam, en Árni hafði áður lýst slíkum áhuga sínum.

Halldór kvað Árna og ákærða síðan hafa haldið með lest til Amsterdam og komið með 4 kíló af Pakistanhassi til baka til Kaupmannahafnar. Halldór kvað sig hafa verið eiganda efnisins að ⅓ hluta, en afgang verið eign ákærða. Halldór kvað hafa svo um samist milli sín og ákærða, eftir að Sigríður Brynja hélt til Íslands eftir sölu efna úr ákærulið 1, að ákærði skyldi teljast eiga ⅔ hluta þeirra efna, er þeir stóðu sameiginlega að, og Halldór ⅓ hluta. Halldór kvað sig þá hafa haldið með efnið til Gautaborgar ásamt ákærða og Árna Hrafnssyni. Salan í Gautaborg gekk illa að sögn Halldórs, og var þá haldið til Malmö á tónleika þann 5. september 1978, en salan þar einnig gengið illa. Halldór kvaðst hafa lent í útistöðum við ákærða um þetta leyti og hafi þá leiðir þeirra skilið. Halldór kvað ákærða hafa afhent sér 1.2 kíló af hassinu til að selja í Svíþjóð. Halldór kvaðst hafa hitt í Malmö þá Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson. Að sögn Halldórs óku ofangreindir aðiljar honum og Árna Hrafnssyni til Gautaborgar, en sala gekk þar illa, svo sem getið var, og var þá haldið til Osló og reynt að selja hassið þar í borg, en gekk illa. Halldór kvað alla ofangreinda aðilja hafa aðstoðað sig við sölu efna, þó hafi Pétur Blöndal ekki selt í Osló.

Kristján Aðalsteinsson hefur borið efnislega á sama veg og Halldór Larús Pétursson um að hafa hitt Halldór í Malmö á ofangreindum tíma svo og um það, er á eftir gekk. Eru framburðir Kristjáns hjá lögreglu frá 25. október 1978 og fyrir dómi sama dag.

Pétur Blöndal Gíslason hefur á sama hátt og Kristján Aðalsteinsson borið efnislega á sama veg og Halldór Lárus varðandi ofangreint. Er framburður Péturs hér fyrir dómi frá 28. október 1978.

Er ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl., kvaðst ákærði þá ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 7 og 8.

„Í október og nóvember í félagi við Franklín Kristin Steiner tvívegis tekið við í Kaupmannahöfn frá ungverskum manni, George Nagy, í hvort skiptið um 7 kg af hassi, sem þeir fluttu til Svíþjóðar og seldu það ótilgreindum mönnum, í fyrra skiptið fyrir samtals 160.000.- sænskar krónur og í það síðara 170.000.- sænskar krónur, en af þeim fjárhæðum gengu 83.000.- sænskar krónur til nefnds Nagy í hvort skiptið.

Í lok janúar og febrúarmánuði í félagi við Franklín Kristin Steiner tekið við í Kaupmannahöfn frá nefndum George Nagy samtals 180 grömmum af kókaíni, sem þeir blönduðu síðan til helminga með þrúgusykri, og af því magni selt síðan 130 grömm til ýmissa ótilgreindra manna þar í borg fyrir samtals allt að 220.000.- dönskum krónum.“

Hér á eftir verður jöfnum höndum fjallað um ákæruliði 7 og 8 og þá

vikið að framburðum ákærða o. fl. aðilja hjá lögreglu og fyrir dómi í Danmörku.

Vegna meintrar samvinnu ákærða og Franklíns Kristins Steiner við framningu meintra brota í nefndum ákæruliðum þykir nauðsynlegt að rekja nokkuð meðferð máls ákærða og Franklíns fyrir dómstólum í Danmörku, og í því sambandi þykir hagfelldara samhengisins vegna að taka hluta einstakra framburða orðrétt upp í dóm þennan.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni í Kaupmannahöfn 26. mars 1979 vegna háttsemi þeirrar, er honum er hér gefin að sök. Í nefndri lögregluskýrslu er svo bókað eftir ákærða um ofangreinda meinta háttsemi:

„Einhvern tímann í október 1978 hafði mætti hitt Steiner á heimili hans Ulsöparken, en Steiner hafði áður sagt frá því, að þar þekkti hann mann, sem væri reiðubúinn til að láta þá fá hass í umboðssölu. Þeir höfðu orðið ásáttir um að taka slíku tilboði. Nokkrum dögum síðar óku mætti og Steiner í bíl mætta að Gråbrödretorgi, þar sem Steiner fór úr bílnum til þess að ná í umrætt hass.

Mætti fékk síðar upplýsingar um það, að hassið var sótt til „CHRIS." Það skal tekið fram hér, að CHRIS — sem er sá sami og George Nagy, hefur búið í Klosterstrædet nálægt Gråbrödretorgi.

Sem fyrr greinir fór Steiner úr bílnum, en mætti beið. Stuttu síðar kom Steiner aftur og hafði þá meðferðis milli 2 og 3 kg af hassi. Hassið var það léglegt að gæðum, að þeim tókst ekki að selja það hér í Kaupmannahöfn. Steiner hafði skýrt „CHRIS" frá því, að þeir gætu ekki selt þetta lélega hass. Steiner hafði fengið 3—4 kg af hassi til viðbótar, og ákveðið hafði verið, að mætti og Steiner færu til Svíþjóðar, þar sem þeir áttu að selja allt hassið, milli 7 og 8 kíló.

Eins og ákveðið hafði verið, óku mætti og Steiner í bíl mætta til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hassið að hluta í Gautaborg og að hluta í Stokkhólmi. Fyrir hasssöluna fengu þeir 160.000 s. kr.

Þegar hassið hafði verið selt, fóru þeir aftur til Danmerkur og gerðu upp við „Chris," sem fékk u. þ. b. 83.000 s. kr., sem var reiknað á að giska 100.000 danskar krónur. Mætti og Steiner skiptu því, sem eftir var, þ. e. a. s. um það bil 40.000 s. kr. komu í hlut hvors.

Því næst fengu þeir 7 kg af hassi til viðbótar, að þessu sinni betra að gæðum og var svart. Þetta hass var eins og hið fyrra líka selt í Gautaborg og í Stokkhólmi. Að þessu sinni höfðu þeir þó ekið í bíl, er tekinn var á leigu, þar sem bíll mætta var gamall og dálítið að honum. Við hasssöluna höfðu þeir hagnast um u. þ. b. 170.000 sænskar krónur.

Er þeir komu aftur til Danmerkur, gerðu þeir upp við „Chris" eins og í fyrra skiptið, og hann fékk í sinn hlut sem næst 83.000 s. kr. eins og áður."

Ákærði kvaðst að lokinni síðari söluferðinni hafa haldið til Mexicó ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Brynju Pétursdóttur. Ákærði kvaðst hafa haldið þangað 15.—16. desember 1978 og komið til baka til Kaupmannahafnar líklega 25.—26. janúar 1979.

Ákærði kvaðst hafa falið í herbergi sínu á hótelinu De fem Svaner u. þ. b. 40.000 krónur í danskri og sænskri mynt. Ákærði kvaðst hafa samið svo við Franklín Kristin Steiner, að hann héldi til Amsterdam ásamt „Chris" (George Nagy), á meðan ákærði dveldi í Mexico. Ákærði kvaðst í þessu sambandi hafa sýnt Franklín 10.000 danskar krónur, er hann skyldi kaupa hass fyrir í Amsterdam. Í þessu skyni kvaðst ákærði hafa látið Franklín hafa lykil að herbergi sínu á De fem Svaner, en ákærði kvaðst hafa flutt í greint herbergi í október 1978. Ákærði kvaðst hafa frétt eftir komu frá Mexico, að ekkert hafi orðið úr fyrirhugaðri Amsterdamför.

Enn var í áðurnefndri yfirheyrslu bókað eftir ákærða:

„Eftir heimkomu mætta frá Mexico í lok janúar 1979 fóru þeir að selja kókaín fyrir Chris, sem hafði sagt þeim, að hann hefði 180 g af kókaíni í vörslum sínum á herbergi nr. 329 á hótelinu „De fem Svaner".

Ákveðið var, að mætti og Steiner fengju 50 g, sem þeir ættu að selja. Chris vildi haga uppgjöri þannig, að hann fengi 550 kr. fyrir hvert gramm. Þetta fannst mætta og Steiner nokkuð hátt, og mætta flaug þá í hug, að í bandarísku blaði, sem heitir „High Times", hefði hann lesið, að hægt væri að blanda efnum út í kókaín. Þetta efni væri auðvelt að kaupa í hvaða lyfjaverslun sem er. Efnið, sem mætti man ekki, hvað heitir, var síðan keypt í lyfjaverslun, en hann man ekki, hver keypti það. Hann skýrði frá því, að það hefði fundist í herbergi hans við húsleitina, og vísað er til muna nr. 77.

Þegar mætti og Steiner höfðu keypt efnið, blönduðu þeir því við 50 g af kókaíni, sem þeir fengu hjá Chris, og fengu þannig 100 g af góðu kókaíni, sem þeir pökkuðu í litlar pakkningar með einu eða tveimur grömmum í. Því næst voru þessi bréf seld, aðallega í Christianíu, og þeir fengu greiðslur, 600—700 kr. fyrir grammið. Þeir gerðu síðan upp við Chris, sem fékk greiddar kr. 27.500.

Síðan fengu þeir aftur 150 g af kókaíni frá Chris, sem var dreift í 2 eða 3 afhendingar frá honum. Honum var greitt fyrir 50 g kr. 27.500. Mætti viðurkennir þannig, að hann og Steiner hafi frá því í febrúar og þangað til skömmu áður en þeir voru handteknir móttekið alls 200 grömm af kókaíni frá Chris, sem hefði fengið samtals 110.000 fyrir þessi 200 grömm, sem mætti og Steiner höfðu drýgt upp í 400 g af kókaíni, sem var heildarmagn þess selda.

Mætti og Steiner höfðu líka hagnast um á að giska 110.000 krónur, sem þeir höfðu skipt á milli sín.

Mætti er spurður um mun nr. 99, en það er brún skjalataska, sem fannst við húsleit í herbergi mætta og hafði að geyma mikið magn af sænskum, dönskum og norskum peningaseðlum.

Mætti kveður sig eiga skjalatöskuna, sem eiginkona hans hafði gefið sér í jólagjöf.

Peningana, alls kr. 239.400, eiga mætti og Steiner í félagi, þannig að mætti á u. þ. b. 110.000 kr., en Steiner afganginn, þ. e. a. s. u. þ. b. 129.400 kr.

Mætta var kynnt, að ennfremur hefðu fundist í herbergi hans 5.510 s. kr. og 15.910 d. kr. Hann sagði, að hann ætti þá í félagi við Steiner, en hann myndi ekki, hversu mikið hann ætti og hversu mikið Steiner ætti."

Ákærði og Franklín Kristinn Steiner voru yfirheyrðir fyrir dómi í Kaup mannahöfn 2. apríl 1979 að viðstöddum skipuðum réttargæslumanni og fulltrúa ákæruvaldsins.

Í nefndu þinghaldi var eftirfarandi bókað varðandi meint brot ákærða í ákæruliðum, er hér um ræðir:

„Mættu skýra frá á sama veg, að þeir hafi frá Chris (George Nagy), sem Steiner hafði hitt í Kristjaníu, fengið afhent 3 kg af hassi í umboðssölu. Hassið átti upphaflega að selja í Kaupmannahöfn, en þar sem það var ekki mjög gott, urðu þeir sammála um að fara til Svíþjóðar. Áður en þeir lögðu af stað, fengu þeir 3 kg til viðbótar. Þeir fóru síðan til Gautaborgar, þar sem þeir seldu u. .þ. b. 3 kg hvor fyrir 25—30 s. kr. grammið. Hvor þeirra fékk þessvegna 80.000 s. kr. Þegar þeir komu aftur, greiddi hvor þeirra Chris 40.000 s. kr. Skömmu síðar fengu þeir afhent 8 kg af hassi frá Chris. Þeir fóru með það til Stokkhólms, þar sem þeir seldu það fyrir u. þ. b. 170.000 s. kr. Eftir heimkomuna skiluðu þeir Chris u. þ. b. 83.000 s. kr.

Mættu skýra einshljóða frá því, að Chris hafi í árslok 1978 farið til Amsterdam að kaupa hass. Þegar hann kom heim í janúar, skýrði hann frá því, að vegna slæms verðurs hefði hann ekki fengið hass. Nokkru síðar fór hann að tala um kókaín og sagði, að hann hefði um 180 g af því. Mættu vildu kaupa hass, en fengu að vita hjá Chris, að hann gæti ekki útvegað hass, fyrr en kókaínið hefði verið selt. Mættu lofuðu þess vegna að selja kókaínið og fengu í þrjú skipti á að giska 50 grömm hverju sinni fyrir 550 kr. grammið. Mættu drýgðu kókaínið með sykri og seldu blönduna fyrir u. þ. b. 600 kr. grammið. Þeir fengu til viðbótar kókaínskammt frá Chris, sem sagði þeim, að hann væri um 50 grömm. Efnið var ekki vigtað, svo mættu var ekki ljóst, hvort þetta voru 50 grömm. Á þessum umrædda tíma, líklega mánaðartímabili, neyttu mættu sjálfir kókaíns og telja, að þeir hafi neytt u. þ. b. 50 gr. af hreinu kókaíni."

Ákærði og Franklín Steiner voru síðan ákærðir og loks dæmdir í borgarrétti Kaupmannahafnar 2. maí 1979. Brot ákærða, er hann var þar dæmdur

fyrir, voru fleiri en þau, sem hér er ákært út af undir ákæruliðum 7 og 8, en þó voru ofangreindir tveir ákæruliðir þar á meðal, og voru dönsku ákæruliðirnir, svo sem rakið verður:

Ákæruliður 1 e í hinni dönsku ákæru, sem svarar til ákæruliðar 7 í máli þessu:

„Báðir að hafa í október og nóvember 1978 samkvæmt samkomulagi við George Nagy, en hans mál er afgreitt sérstaklega, í tvö skipti hvor flutt u. þ. b. 3 og 4 kg af hassi til Svíþjóðar og að hafa átt hlutdeild í, að meðákærði flutti út og sendi sama magn. Fyrir söluna fengust alls 160.000 s. kr. og 170.000 s. kr., og síðan fékk Nagy greiddar 80.000 s. kr. og 83.000 s. kr."

Ákæruliður 1 f í hinni dönsku ákæru, sem svarar til ákæruliðar 8 í máli þessu:

„Báðir með því í janúar samkvæmt samkomulagi við George Nagy, en hans mál er afgreitt sérstaklega, að hafa fengið í umboðssölu og veitt við töku 180 g af kókaíni, sem átti að skila 550 kr. fyrir hvert gramm, en síðan höfðu ákærðu blandað kókaínið með þrúgusykri, allt að 50%, og seldu 130 g síðan til eiturlyfjasjúklinga fyrir u. þ. b. 160.000 kr."

Dómsorð í ofangreindu máli hljóðar þannig:

„Hinir ákærðu, Franklín Kristinn Steiner og Sigurður Þór Sigurðsson, sæti báðir fangelsi í 3 ár. Hjá ákærðu eru gerð upptæk 18.5 g af kókaíni, 30.5 g af hassi, o.5 g af amfetamíni, 139.900 d. kr., 79.500 s. kr., 20.000 n. kr., ein kókaínskeið, þrjár skálavogir, 2 fjaðurvogir, askja með lóðum, 6 hasspípur, 4 kúluskot, 7 dálkar, sænskskráður Audi St. ca EHE 211.

Hinir ákærðu greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn málskostnaðinn, þar af 7.000 kr. auk 20.25% söluskatts í þóknun til skipaðs verjanda þeirra, H. Kaastrup-Larsen, lögmanns."

Ofangreindum dómi var afrýjað, og var málið tekið fyrir í Eystri Landsrétti 14. september 1979. Þá var Franklín K. Steiner yfirheyrður um meint sakarefni í dönsku ákæruliðum 1 e og 1 f, sem getið var hér að framan.

Ekki reyndist unnt að yfirheyra ákærða í máli þessu, þar sem hann strauk úr fangelsi 27. ágúst 1979 og hafði ekki náðst, er áfrýjunarmálið var tekið fyrir í Eystri Landsrétti 14. september 1979.

Franklín K. Steiner var yfirheyrður í Eystri Landsrétti ofangreindan dag, og var þá bókað eftir honum eftirfarandi:

„Hann játaði á sig meira en hann var sekur um, af því að honum hafði verið sagt, að hann gæti alveg eins játað ásamt Sigurðssyni, því hann myndi verða dæmdur fyrir allt engu að síður, og ef hann játaði allt, myndu þeir báðir hljóta vægari refsingu. Samkvæmt samkomulagi við Sigurðsson játuðu þeir á sig helming hvor."

Er Franklín K. Steiner var spurður um ofangreinda danska ákæruliði 1

e og 1 f, er svara til liða 7 og 8 í máli þessu, var eftirfarandi bókað eftir honum:

Um lið e, sbr. lið 7 í máli þessu:

„Hann neitar að vera sekur. Hann segir, að Sigurðsson hafi í fyrsta skiptið farið til Málmeyjar með 3 kg af hassi og í annað skipti með 4 kg af hassi. Ákærði ók bíl Sigurðssonar til Málmeyjar og ók Sigurðssyni með hassið frá Málmey til Gautaborgar, þar sem Sigurðsson seldi hassið aleinn. Fyrir aðstoðina fékk ákærði 7.000 s. kr. í fyrsta skiptið, en í annað skiptið s. kr. 10.000.“

Um lið f, sbr. lið 8 í máli þessu:

„Hann kveðst aðeins sekur að hluta og skýrir frá því, að hann hafi frá Sigurðssyni veitt viðtöku til sölu 20—30 g af hreinu kókaíni. Þetta blandaði hann með þrúgusykri í hlutfallinu 1 : 1. Hann notaði af blöndunni u. þ. b. 10 g sjálfur, en seldi afganginn, nærri 40 g fyrir 600 krónur grammið. Hann gerði upp kaupverðið með því að greiða 550 kr. fyrir hvert gramm af hreinu kókaíni, sem hann fékk.“

Í dómi Eystri Landsréttar 14. september 1979 var málinu vísað heim til borgarréttar Kaupmannahafnar og fyrri dómur ómerktur. Í forsendum dómsins segir svo:

„Eins og bent hefur verið á af verjendum, eru a. m. k. slíkt ósamræmi í liðum 1 e, 3 og 4 milli játninga hinna ákærðu, eins og þær eru færðar til bókar, og lýsingar dómsins á innihaldi verknaðar, að skilyrði til þess að láta málið ganga til dóms sem játningarmál skv. 925. gr. réttarfarslega, eins og gert hefur verið, eru ekki fyrir hendi. Því ber að ómerkja hið afrýjaða mál og vísa málinu heim til bæjarréttarins.“

Mál ákærða og Franklín Kristins Steiner var síðan dæmt á ný í borgarrétti Kaupmannahafnar 17. desember 1979. Í dóminum segir m. a. svo:

„Ákærði Sigurðsson hefur ekki mætt í réttinum, þar sem upplýst er, að hann strauk 27. ágúst. Meðferð þessa máls fyrir dóminum hefur þessvegna aðeins snúist um þátt Steiner.“

Þrátt fyrir tilvitnuð ummæli í hinum danska dómi þykir hér verða að víkja stuttlega að dóminum og rekja framburð Franklín Kristins Steiner og vitna, er leidd voru.

Við dómsmeðferðina í borgarréttinum í Kaupmannahöfn 17. desember breytti Franklín Kristinn Steiner fyrri framburði sínum. Kvaðst Franklín hafa ekið ákærða í tvö skipti til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi hass einn. Kvað Franklín ákærða hafa selt 3 kíló í fyrri ferðinni, en 4 kíló í þeirri síðari, og kvaðst Franklín hafa fengið í sinn hlut fyrir aðstoðina 17.000

sænskar krónur. Þá kvaðst Franklín vita af þriðju ferð ákærða til Svíþjóðar, þar sem hann seldi 6—7 kíló af hassi.

Franklín Kristinn Steiner hafði áður í þinghaldi í borgarrétti Kaupmannahafnar þann 2. apríl 1979 og 2. maí s. á. lýst þætti sínum í að selja alls 14 kíló af hassi með ákærða, einkum í Svíþjóð.

Franklín Kristinn Steiner breytti síðan framburði sínum, er hann var yfirheyrður fyrir Eystri Landsrétti 14. september 1979. Þá kvaðst Franklín hafa farið tvær ferðir með ákærða til Svíþjóðar, og voru alls 7 kíló af hassi meðferðis.

Svo sem rakið var, breytti Franklín Kristinn Steiner enn framburði sínum í borgarrétti Kaupmannhafnar 17. desember 1979. Nú var framburður Franklín þannig, að hann hafi ekið ákærða til Svíþjóðar í tvö skipti, og voru 3 kíló af hassi með í annarri ferðinni og 4 kíló af hassi í hinni. Þá kvaðst Franklín vita af þriðju ferð ákærða, þar sem hann hafði meðferðis 6 til 7 kíló af hassi.

Um ástæðu hins breytta framburðar Franklín Kristins Steiner var eftirfarandi haft eftir Franklín í dómi borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979:

„Þar sem ákærði hafi hjá lögreglu og í þinghöldum skýrt frá á annan veg, þá stafi það af því, að lögreglan hafi sagt, að ef hann játaði ekki í miklu ríkari mæli en hann viðurkenndi fyrst, þá myndi hann samt verða dæmdur og hljóta 6—7 ára fangelsi. Lögreglunni hefur ennfremur tekist að fá konuna hans til þess að reyna að hafa áhrif á hann til þess að játa í ríkari mæli en hann var sekur um. Dag nokkurn var hann yfirheyrður ásamt Sigurðssyni í þeim tilgangi, að þeir gætu í sameiningu komið sér saman um samhljóða skýringar. Við þetta tækifæri ákváðu ákærði og Sigurðsson, að ákærði tæki á sig hálfa sökina af því, sem þeim var gefið að sök, og Sigurðsson lét hann fá bréfmiða, þar sem skráð var, hvað ákærði ætti að játa. Í þinghaldinu í bæjarréttinum, þar sem fram kom, að ákærði og Sigurðsson hefðu gefið samhljóða skýringar, var Sigurðsson yfirheyrður á undan, og síðan staðfesti ákærði framburð Sigurðssonar. Að því leyti sem um vandamál var að ræða, gátu þeir náð að koma sér saman um, hvernig þeir ættu að bera."

Franklín Kristinn Steiner breytti einnig fyrri framburði sínum varðandi ákærulið 8 í máli þessu, er hann kom fyrir borgardóm Kaupmannahafnar 17. desember 1979. Kvað Franklín ákærða hafa tjáð sér af 180 grömum af kókaíni, er Nagy vildi, að þeir seldu. Kvaðst Franklín hafa samþykkt söluna og kvaðst hafa veitt móttöku 10 grömmum af kókaíni á herbergi ákærða. Franklín kvaðst síðar hafa tekið við 15—20 grömmum til viðbótar og blandað allt efnið til helminga með þrúgusykri og selt síðan.

Um ástæðu síns breytta framburðar vísaði Franklín til fyrri framburðar, sem rakinn var hér að framan.

Við þessa síðari dómsmeðferð máls Franklín Kristins Steiner hjá borgarrétti Kaupmannhafnar 17. desember 1979 voru yfirheyrð sem vitni þau H. P. Nörregaard rannsóknarlögreglumaður og A. B. Shümp lögreglufulltrúi.

Ekkert er tekið fram í hinum danska dómi um það, að óvenjulegum rannsóknaraðferðum hafi verið beitt við rannsókn málsins í Danmörku, en því hélt verjandi Franklín Kristins Steiner fram í Danmörku, og verjandi ákærða vék að því við munnlegan flutning máls þessa.

Margrét Ágústsdóttir, eiginkona Franklín Kristins Steiner, var yfirheyrð hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 19. mars 1979. Margrét kvað eiginmann sinn hafa tjáð sér í byrjun desember 1978, að hann fyrirhugaði ferð til Gautaborgar með ákærða á bíl. Margrét kvað eiginmann sinn ekki hafa sagt sér, hvert markmið ferðarinnar væri, en kvaðst þó viss um, að ferðin stóð í sambandi við fíkniefni (hass).

Margrét kvað sig vita um meðhöndlun Franklín á kókaíni um þetta leyti og að efnið væri komið frá George Nagy.

Guðrún Ragnarsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 28. mars 1979. Guðrún kvað fyrstu kynni sín af George Nagy hafa verið þau, að ákærði og Franklín K. Steiner komu í heimsókn í des. 1978 ásamt nefndum George Nagy. Guðrún kvaðst síðan hafa hitt George Nagy oftar, m. a. í janúar 1979 og hafi hann þá gefið sér kókaín til neyslu. Guðrún kvað sig eftir þetta hafa fengið kókaín í nokkur skipti hjá George Nagy, ákærða og Franklín K. Steiner. Guðrún kvað George Nagy, Franklín K. Steiner og ákærða hafa verið mikið saman og hún hafi haft grun um, hvað þeir störfuðu, en kvaðst ekki geta úttalað sig um þetta, þar sem enginn ofangreindra höfðu skýrt henni frá, hvað þeir aðhöfðust.

Sigríður Brynja Pétursdóttir var yfirheyrð sem vitni í borgarrétti Kaupmannahafnar 19. mars 1979. Kvaðst Sigríður Brynja þess fullviss, að eiginmaður sinn, ákærði í máli þessu, og Franklín K. Steiner hefðu farið nokkrar ferðir til Svíþjóðar til að selja þar hass. Hún vissi, að þeir fóru til Gautaborgar og Stokkhólms, en vissi ekki, hversu mikið hass var selt, en er þeir komu til baka úr ferðinni, voru fyrir hendi u. þ. b. 20.000 sænskar krónur í tösku nokkurri.

Sigríður Brynja kom til Kaupmannahafnar í janúar 1979 eftir að hafa dvalið í Mexico með ákærða. Það var þá, er Sigríður Brynja kvaðst fyrst hafa heyrt minnst á kókaín. Sigríður kvaðst þess fullviss, að kókaínið væri komið frá George Nagy, sem bjó á sama hóteli. Sigríður Brynja kvaðst hafa skynjað, hvað fór fram í húsinu, þar sem George Nagy, Franklín K. Steiner og ákærði komu til fundar næstum á hverjum degi í íbúð sinni, og snerust umræðurnar um kókaín. Sigríður Brynja kvað ofangreinda

aðilja selja efnið með ágóða í huga, og ákærði og Franklín notuðu efnið stöku sinnum. Sigríður kvaðst ekkert vita um efnismagn, en kvaðst hafa séð efnið og vita um nokkra pakka, er fóru um hendur ákærða og Franklín. Sigríður Brynja kvaðst sjálf í eitt skipti hafa móttekið fullt umslag frá George Nagy og hafi hún álitið efnið kókaín, enda efnið eins viðkomu og það, er hún hafi áður séð og vissi, að var kókaín. Sigríður taldi efnið hafa verið undir 50 grömmum, er átti að afhendast ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 18. febrúar sl., áður en ákæra var út gefin. Aðspurður um efni dansks ákæruliðar, er svarar til ákæruliðar 7 í máli þessu, þá kvað ákærði sakagiftir rangar, eins og þær koma fram þar.

Ákærði kvaðst á þeim tíma, er um ræðir í ákærulið 7, hafa tekið við 1 kílói af hassi úr höndum Franklín K. Steiner. Ákærði kvaðst hafa flutt efnið til Svíþjóðar og þar hafa selt efnið mörgum sér ókunnum aðiljum.

Ákærði kvaðst álíta þau 14 kíló af hassi, er um var rætt í dönsku ákærunni, þannig tilkomin, að ákærði hafi orðið við ósk Franklín K. Steiner um að játa á sig sakir til jafns við hann, og kvað ákærði þetta hafa verið gert til að skýra peninga þá, er fundust í herbergi ákærða á hótelinu De fem Svaner 3. mars 1979. Ákærði kvað Franklín hafa átt nefnda peninga.

Er ákærði var spurður í nefndu þinghaldi um efni dansks ákæruliðar, er svarar til ákæruliðar 8 í máli þessu, vísaði ákærði til ástæðna, er raktar voru og eiga við um ákærulið 7.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið við kókaíni úr höndum George Nagy og heldur ekki hafa selt slíkt efni, og kvaðst ákærði ekki með neinum hætti hafa aflað sér kókaíns.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. september sl., og bar ákærði efnislega á sama veg og rakið var hér að ofan, er hann var spurður um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í 7. og 8. lið ákæru. Kvaðst ákærði hafa selt í Svíþjóð 1 kíló af hassi, er hann kvaðst hafa fengið hjá Franklín í október eða nóvember 1978, og hafi söluandvirðið numið 26 — 27. 000 sænskum krónum.

Ákærði kom enn fyrir dóm 11. nóvember sl. og neitaði þá öllum fíkniefnasamskiptum við George Nagy, en kvaðst hafa séð hann í nokkur skipti í fylgd Guðrúnar Ragnarsdóttur.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður 1.

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er af framburðum Halldórs Lárusar Péturssonar, Sigríðar Brynju Pétursdóttur og Árna Hrafnssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum

ákærulið greinir, þó þykir verða að miða við 250 grömm af hassi, sbr. framburð ákærða og Halldórs Lárusar.

Ákærði keypti seinni hluta júlí 1978 250 grömm af hassi í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus. Efnið kostaði 17 — 18 danskar krónur hvert gramm. Efnið var flutt til Svíþjóðar og selt í Gautaborg ótilgreindu fólki fyrir 6.000 — 7.000 sænskar krónur.

Ákæruliður 2.

Ákærði hefur hér fyrir dómi 9. september 1982 borið af sér allar sakir varðandi háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Dóminum þykir með efnislega samhljóða framburðum Halldórs Lárusar Pétursson ar og Hermanns Ólasonar, m. a. um efnistegund, en gegn neitun ákærða, sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Sýknukrafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Ákærði keypti því í félagi við Halldór Lárus Pétursson nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 200 grömm af hassi í Hollandi og flutti efnið til Svíþjóðar og seldi það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000 sænskum krónum.

Ákæruliður 3.

Ákærði hefur borið af sér allar sakir varðandi þennan ákærulið.

Hermann Ólason, Halldór Lárus Pétursson, Sigurður Rafn Jóhannsson og Róbert Rósmann Guðjónsson hafa allir borið um ofangreinda meinta háttsemi. Eru framburðir ofangreindra samhljóða í öllum aðalatriðum, m. a. varðandi efnistegund, er keypt var í Hollandi, og tímasetningu ferðarinnar. Sigurður Rafn kvað alla ferðina frá innkaupum í Hollandi, uns sölu lauk í Svíþjóð, hafa tekið um fjóra daga.

Halldór Lárus mun ekki hafa komist til Hollands í þessa ferð, heldur beðið eftir ákærða í Kaupmannahöfn, uns ákærði kæmi til baka úr ferðinni.

Hermann Ólason og Sigurður Rafn bera um meiri hasskaup ákærða en hér er ákært út af. Þykir hér varlegast að taka mið af framburði Halldórs Lárusar og telja efnismagn 400 grömm af hassi.

Dóminum þykir því sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi um mánaðamótin júlí/ágúst 1978 keypt í Hollandi 400 grömm af hassi og flutt efnið til Svíþjóðar og selt efnið í Gautaborg ótilgreindum mönnum með aðstoð Halldórs Lárusar Pétursson ar og fengið fyrir allt að 11.000 sænskum krónum. Sýknukrafa er ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Ákæruliður 4.

Ákærði hefur borið af sér allar sakir varðandi meinta háttsemi í þessum ákærulið.

Hermann Ólason, Halldór Lárus Pétursson, Sigurður Rafn Jóhannsson og Árni Hrafnsson hafa allir borið um ferð þá, er hér um ræðir. Eru framburðir allra ofangreindra aðilja efnislega á sama veg, m. a. varðandi tímasetningu ferðarinnar og efnistegund, er keypt var í ferðinni.

Dóminum þykir því með framburðum ofangreindra aðilja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er hér er ákært út af. Sýknukrafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Ákærði keypti því í félagi við Halldór Lárus Pétursson 1 kíló af hassi í Hollandi fyrri hluta ágústmánaðar 1978. Efnið var fyrst flutt til Danmerkur og síðan mestur hluti þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mest í Gautaborg, ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 19.000 sænskum krónum.

Ákæruliður 5.

Ákærði hefur borið af sér háttsemi þá, er um getur í þessum ákærulið.

Af framburði Árna Hrafnssonar má ráða, að ákærði og Halldór Lárus hafa úr þessari ferð haft til ráðstöfunar um 2 kíló af hassi. Guðmundur Einarsson og Halldór Lárus hafa borið á sama veg um efnismagn. Varlegast þykir hér að miða við, að Halldór Lárus hafi keypt í Amsterdam 2 kíló af hassi.

Dóminum þykir með vísan til framburða ofangreindra aðilja, en gegn neitun ákærða, sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er hér um ræðir, þó að miðað verði við 2 kíló af hassi, svo sem rakið var. Sýknukrafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Ákærði keypti í félagi með Halldóri Lárusi Péturssyni 2 kíló af hassi í Hollandi um miðjan ágúst 1978. Efnið var flutt til Kaupmannahafnar, þar sem ákærði seldi mestan hluta efnanna ótilgreindum mönnum. Ekki er upplýst heildarsöluverð efnanna.

Ákæruliður 6.

Ákærði hefur borið af sér háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Árni Hrafnsson fór með ákærða í ofangreinda för og kvað efnið hafa verið keypt í Rotterdam. Halldór Lárus, sem ekki fór í ferðina, kvað efnið hafa verið keypt í Amsterdam. Að öðru leyti eru framburðir ofangreindra aðilja efnislega samhljóða, m. a. hvað varðar tímasetningu og efnistegund,

er keypt var, og að hluta studdir framburðum Péturs Blöndal Gíslasonar og Kristjáns Aðalsteinssonar.

Hér verður gengið út frá því sem sönnuðu, að kaupin hafi átt sér stað í Rotterdam.

Dóminum þykir því með framburðum ofangreindra aðilja sannað, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Er sýknukrafa varðandi þennan ákærulið því ekki tekin til greina.

Ákærði keypti í Hollandi um mánaðamót ágúst/september 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og Árna Hrafnsson 4 kíló af hassi. Efnið var flutt til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi ásamt þeim Arna og Halldóri stærstan hluta efnisins, einkum þó í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna. Síðan var skipt eftirstöðvum efnisins, og er ekki upplýst, hvernig ákærði ráðstafaði sínum hluta eftirstöðva efnisins.

Ákæruliður 7 og 8.

Ákærði bar hér fyrir dómi 9. september 1982 að hafa á þeim tíma, er um ræðir í ákærulið 7, selt 1 kíló af hassi fyrir Franklín K. Steiner. Hassið kvaðst ákærði hafa selt í Svíþjóð fyrir 26—27.000 sænskar krónur. Ákærði hefur borið af sér frekari sakir þennan ákærulið varðandi. Ákærði kvað hér fyrir dómi 9. september 1982 skýringu á þeim 14 kílóum af hassi, er hér er ákært út af, vera þá, að ákærði og Franklín K. Steiner hafi komið sér saman um að greina svo frá sem í ákærulið þessum greinir til að skýra fé, er fannst á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979.

Áður höfðu ákærði og Franklín K. Steiner borið efnislega á sama veg varðandi ofangreind meint brot ákærða í ákærulið 7, bæði hjá lögreglu í Kaupmannahöfn og fyrir dómi þar í borg.

Ákærði bar af sér sakir í ákærulið 8 hér fyrir dómi 9. september 1982.

Skýringar ákærða á háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í ákærulið 8, eru hinar sömu og raktar voru hér að ofan viðvíkjandi hassinu. En auk þess hefur ákærði hér fyrir dómi 11. nóvember 1982 borið af sér hvers konar sakir varðandi meðhöndlun á kókaíni.

Ákærði og Franklín K. Steiner höfðu borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi í Kaupmannahöfn varðandi meint brot ákærða í ákærulið 8.

Upphaflegir framburðir ákærða og Franklín K. Steiner hjá lögreglu í Kaupmannahöfn og fyrir dómi eru studdir af sjálfstæðum framburðum Margrétar Ágústsdóttur, Guðrúnar Ragnarsdóttur, Sigríðar Brynju Pétursdóttur og George Nagy að hluta, þótt sá hafi ekki gengist við því að hafa selt ákærða og Franklín K. Steiner fíkniefni í jafnmiklum mæli og ákært er út af.

Áhöld, fíkniefni og gífurlega miklir fjármunir, sem krafist er upptöku á og fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, renna og sterkum stoðum undir verulegt fíkniefnamisferli ákærða, sem ásamt Franklín hefur lýst féð andviði seldra fíkniefna og kannast við að eiga hluta þeirra fíkniefna, er fundust.

Ekkert er í gögnum málsins, sem bendir til, að óeðlilega hafi verið staðið að frumrannsókn máls þessa í Danmörku og ekkert að því vikið í hinum dönsku dómum.

Samkvæmt öllu ofanrituðu þykja ekki efni til að taka mark á hinum breytta framburði ákærða. Ekkert er að finna í gögnum málsins, er rennt gæti stoðum undir skýringar ákærða á hinum breytta framburði, sem þykir þannig með öllu órökstuddur og í algeru ósamræmi við öll gögn máls þessa.

Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er um getur í ákæruliðum 7 og 8.

Ákærði tók í félagi við Franklín K. Steiner við alls 14 kílóum af hassi af ungverskum manni, George Nagy, í Kaupmannahöfn í október og nóvember 1978. Afhendingar voru tvær. Efnið var flutt til Svíþjóðar í bæði skiptin og selt þar ótilgreindum mönnum. Í fyrra skiptið var efnið selt fyrir samtals 160.000 sænskar krónur og í síðara skiptið fyrir 170.000 sænskar krónur. George Nagy fékk 83.000 sænskar krónur í hvort skiptið, eftir að efnið hafði verið selt.

Þá tók ákærði í félagi við Franklín K. Steiner við 180 grömmum af kókaíni af George Nagy. Átti þetta sér stað í janúar og febrúar 1979. Efnið var síðan blandað til helminga með þrúgusykri og þannig seld a. m. k. 130 grömm af efninu í Kaupmannahöfn fyrir allt að 220.000 dönskum krónum

Brot ákærða verða virt sem áframhaldandi brotastarfsemi, sem í heild sinni varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., sbr. verknaðarlýsingar 2., sbr. 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. reglugerð nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 425/1974, og jafnframt með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur því unnið til refsingar.

Í 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga 64/1974, svo og í lögum 65/1974 er víðtækt bann lagt við hvers kyns handhöfn eða meðhöndlun fíkniefna, er nefnd eru í lögunum eða reglugerð 390/1974, settri skv. þeim, og í fylgiskjalinu með reglugerðinni. Af hinu víðtæka banni leiðir eitt af séreinkennum brota gegn ofangreindum lögum og/eða reglugerðum, að sjaldan nýtur við eiginlegra vitna í skilningi XII. kafla laga 74/1974, heldur nýtur yfirleitt við framburða annarra samsekra eða sakaðra manna.

Slíkir framburðir hafa fyrir dómstólum hér á landi verið metnir gildir til stuðnings framburðum ákærðra.

Ákærði hefur gengist við broti varðandi ákærulið 1, en ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum í ákæruliðum 2—6.

Í nefndum ákæruliðum nýtur við sjálfstæðra framburða frá tveimur upp í fjögurra sakaðra eða samsekra aðilja, sem við hvern ákærulið bera efnislega á sama hátt um brot ákærða.

Í máli þessu nýtur ekki við eiginlegra vitna varðandi brot ákærða í ákæruliðum 2—6. Eins og rakið var við hvern ofangreindra ákæruliða fyrir sig, telur dómurinn brot ákærða, er þar getur, vera sönnuð þrátt fyrir neitun ákærða, sem er í algerri andstöðu við öll gögn málsins.

Ákærði hefur hér fyrir dómi breytt fyrri framburðum sínum varðandi ákæruliði 7 og 8.

Svo sem rakið var, þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er órökstuddur og í algeru ósamræmi við gögn málsins. Varðandi ákæruliði 7 og 8 nýtur við jafnt vitnaframburða og framburða annarra samsekra. Hafa slíkir framburðir verið metnir gildir fyrir dómstólum og til sakfellingar hér á landi þrátt fyrir breyttan framburð ákærða, sé hinn breytti framburður í andstöðu við gögn málsins. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar frá 6. desember 1982 í málinu nr. 62/1982.

Brot ákærða eru stórfelld og lýsa einbeittum brotavilja. Á því tímabili, er í ákæru getur, hafði ákærði með höndum stöðuga verslun með fíkniefni. Ákærði keypti efnin sjálfur, lét kaupa fyrir sig og stundaði loks mjög umfangsmikla dreifingu mikils magns fíkniefna gegn háu fégjaldi í Danmörku og Svíþjóð. Þá athugast, að ákærði dreifði ásamt Franklín K. Steiner allt að 130 grömmum af kókaíni í Kaupmannahöfn.

Refsing ákærða verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn 3. mars 1978 og sætti gæsluvarðhaldi til 27. ágúst s. á., en þá strauk ákærði úr fangelsi í Kaupmannahöfn. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ofangreindur gæsluvarðhaldstími, alls 178 dagar, komi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Brot ákærða voru framin með viðskiptasjónamið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976.

Ákærða er gert að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 20.000.00, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. nú lög 75/1982, 1. gr., en er ákærði framdi brot sín, var sektarhámark 50. gr. almennra hegningarlaga 5 milljónir gkr., sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976.

Greiðist sektin ekki innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í sektar stað.

Svo sem rakið var að framan, telur dómurinn sannað, að fjármunir þeir, er fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, séu andvirði seldra fíkniefna, svo sem fram kemur í gögnum málsins. Féð, er fannst, er ágóði af fíkniefnasölu ákærða og Franklín K. Steiner. Ekki þykir skipta máli, þótt Franklín K. Steiner hafi verið talinn eigandi einhvers hluta fjárins, enda stofnast ekki lögvarinn eignarréttur með brotastarfsemi, og er því ekki um löglegt tilkall til fjárins að ræða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Féð fannst í vörslum ákærða, og með vísan til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á 139.900 dönskum krónum, 79.500 sænskum krónum og 20.000 norskum krónum.

Með vísan til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 skal gera upptæk til ríkissjóðs efni og áhöld, er fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979. Þannig skulu upptæk 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1. kókaínskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum og 6 hasspípur.

Með vísan til 141. gr. laga 74/1974 er ákærða gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 12.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 12.000.00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, fæddur 19. desember 1952, skal sæta fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 178 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í Danmörku vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 90 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækar til ríkissjóðs skulu 139.900 danskar krónur, 79.500 sænskar krónur og 20.000 norskar krónur.

Þá skulu upptæk til ríkissjóðs 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1 kókaínskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum og 6 hasspípur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 12.000.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og kr. 12.000.00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 24. nóvember 1983.

Nr. 28/1983. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Pétri Blöndal Gíslasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða 30. desember 1982, og barst ágrip dómgerða Hæstarétti 11. október 1983. Af hálfu ákæruvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í héraðsdóni eru raktir framburðir Bjarna Harðarsonar, Valdimars Óla Þorsteinssonar og Guðgeirs Sigmundssonar fyrir lögreglu um afhendingu Guðgeirs á hassolíu til ákærða. Valdimar Óli kom fyrir dóm og staðfesti, að framburður sinn hjá lögreglu um þetta væri réttur. Guðgeir kom einnig fyrir dóm, og var framburður hans þar í samræmi við framburð hans fyrir lögreglu 8. janúar 1981. Hann gekkst undir sekt með dómssátt 28. september 1981, m. a. fyrir að hafa haft milligöngu um afhendingu á 70 gr. af hassolíu til ákærða. Með hliðsjón af framburðum þessara manna og öðru því, sem fram er komið í máli þessu og rakið er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat að því er varðar I. lið ákæru.

Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat að því er varðar II. lið ákæru.

Ákærði hlaut sekt fyrir umferðarlagabrot 1974. Árið 1975 var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi skiloðrsbundið fyrir skjalafals, þjófnað og fleira. 1976 hlaut hann 9 mánaða fangelsisdóm fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Var þá fyrri fangelsisdómur dæmdur með. Árið 1978 var hann dæmdur í 25 daga varðhald fyrir þjófnað, umferðarlagabrot og fleira og sama ár í 60 daga varðhald sem

hegningarauka fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Hinn 19. júlí 1979 gekkst hann undir 640.000 króna sekt fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Hinn 4. febrúar 1981 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og var fangelsisrefsingin staðfest þar, en ákærði dæmdur til að greiða 4.000.00 króna sekt að auki.

Brot ákærða eru réttilega heimfærð til refsiákvæða í héraðsdómi, og ber með vísan til þeirra og með hliðsjón af þeim ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem þar greinir, að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að sektin afplánist með fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 49 daga.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, sæti fangelsi í 4 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans í 49 daga komi til frádráttar refsivist. Auk þess greiði hann 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. nóvember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 9. nóvember, var á dómþingi sakadóms í ávana-

og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 992/1982: Ákæruvaldið gegn Pétri Blöndal Gíslasyni.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 3. september 1981, á hendur Pétri Blöndal Gíslasyni, fæddum 23. september 1958 í Reykjavík, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í desember 1979 keypt allt að 140 grömmum af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt fyrir grammið að jafnaði kr. 30.000. Afhending fór fram á Hverfisgötu 106 A í Reykjavík, heimili Bjarna Harðarsonar, þar sem ákærði og nefndur Bjarni ráku einnig skrifstofu saman. Síðan selt nefndum Bjarna allt að 70 grömmum af efninu, og verður ekki séð með vissu, hvort ákærði hafði af þeirri sölu hagnað eður ei, en nefndur Bjarni seldi síðan öðrum og þá með hagnaði.

II.

Í júlí 1980 keypt í félagi við nefndan Bjarna, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini, og flutt efnið ásamt félögunum til Kaupmannahafnar. Ákærði átti þar hlut í sölu á drjúgum hluta efnisins til ótilgreindra aðila, og mun verð á grammi hafa verið að jafnaði 25—30 danskar krónur. Þá ásamt nefndum Bjarna fengið Sören Munk Hansen til að flytja til Íslands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350. Ráðstafað síðan hér heima til félaga síns Bjarna Harðarsonar 250 grömmum, sem síðan voru seld öðrum á kr. 12—14.000 grammið.“

Ofangreind meint brot eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. einnig að nokkru 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hvað varðar verknað í lið I.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á efni, sem hald var lagt á, samkvæmt 5. mgr. 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákæra var birt ákærða 22. febrúar 1982. Málið var þingfest 7. október 1982, og þá var Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða. Verjandi skilaði skriflegri vörn í málinu 25. október 1982 og gerði eftirfarandi dómkröfur: Aðallega: Að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóð. þ. m. t. réttargæslu- og málsvarnarlaun. Til vara: Að

ákærða verði ekki gerð sérstök refsing í málinu. Til þrautavara: Að ákærða verði aðeins dæmdur hegningarauki. Þá gerir verjandi kröfu um réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði gengist undir dómssátt 19. júlí 1979 vegna fíkniefnabrots, og ákærði hlaut dóm 4. febrúar 1981 vegna slíks brots, þá 5 mánaða fangelsi. Þessum dómi áfrýjaði ákærði, og var málið dæmt í Hæstarétti 23. mars 1982, og hlaut ákærði þá 5 mánaða fangelsi auk 4.000.00 kr. í sekt.

Aðrar kærur og refsingar ákærða samkvæmt sakavottorði þykja ekki skipta máli hér.

MÁLSATVIK

Ákæruliður I.

„Í desember 1979 keypt allt að 140 grömmum af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt fyrir grammið að jafnaði kr. 30.000. Afhending fór fram á Hverfisgötu 106 A í Reykjavík, heimili Bjarna Harðarsonar, þar sem ákærði og nefndur Bjarni ráku einnig skrifstofu saman. Síðan selt nefndum Bjarna allt að 70 grömmum af efninu, og verður ekki séð með vissu, hvort ákærði hafði af þeirri sölu hagnað eður ei, en nefndur Bjarni seldi síðan öðrum og þá með hagnaði."

Bjarni Harðarson bar við lögregluyfirheyrslu 16. janúar 1981, að Guðgeir Sigmundsson hafi á því tímabili, er um ræðir í þessum ákærulið, boðið sér umtalsvert magn af hassolíu til kaups. Bjarni kvaðst hafa hafnað boði Guðgeirs, utan að hafa keypt af honum 2 grömm af hassolíunni. Bjarni kvaðst hafa bent Guðgeiri á ákærða í máli þessu sem líklegan kaupanda á hassolíu.

Bjarni kvað þá Guðgeir og ákærða hafa rætt við á heimili sínu að Hverfisgötu 106 A hér í borg í áðurnefnt sinn, er Bjarni keypti 2 grömm af hassolíu af Guðgeiri. Bjarni kvaðst ekki vilja taka fyrir, að afhending hassolíu milli ákærða og Guðgeirs hafi þá átt sér stað.

Við lögregluyfirheyrslu 19. janúar 1981 kvað Bjarni hassolíu þá, er hann keypti af ákærða á því tímabili, er hér um ræðir, hafa verið komna frá Guðgeiri Sigmundssyni. Kvaðst Bjarni hafa keypt alls 50 grömm af hassolíu af ákærða á gkr. 30.000 hvert gramm efnis. Bjarni kvaðst hafa selt um 45 grömm af efninu.

Bjarni Harðarson kom fyrir dóm 5. febrúar 1981 og lýsti þar kaupum á 70 grömmum af hassolíu af ákærða. Bjarni kvaðst hafa selt Ingólfi Sigurz af efninu og einnig Engilbert Jensen.

Engilbert Jensen staðfesti fyrir dómi 13. febrúar 1981 hassolíukaup sín á þeim tíma, er um ræðir í þessum ákærulið, af Bjarna Harðarsyni.

Ingólfur Sigurz staðfesti hjá lögreglu 10 febrúar 1981 hassolíukaup af Bjarna Harðarsyni um áramótin 1979—1980.

Valdimar Óli Þorsteinsson bar hjá lögreglu 8. janúar 1981 að hafa selt ákærða 70 grömm af hassolíu um miðjan desembermánuð 1979. Valdimar Óli kvaðst hafa flutt alls 240 grömm af hassolíu með sér hingað til lands í nóvember 1979. Valdimar Óli kvaðst auk ákærða hafa selt Ólafi Braga Bragasyni 160 grömm af hassolíunni. Kvaðst Valdimar Óli hafa komist í samband við ákærða fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar. Valdimar kvað hvert gramm efnis hafa kostað gkr. 35.000. Valdimar Óli kvaðst hafa afhent ákærða allt efnið í eitt skipti á Matstofu Austurbæjar hér í borg.

Við lögregluyfirheyrslu 15. janúar 1981 breytti Valdimar Óli ofangreindum framburði sínum á þann veg, að hann hafi ekki sjálfur afhent ákærða efnið, heldur hafi Guðgeir Sigmundsson afhent efnið fyrir sig og því hafi hann (Valdimar Óli) í fyrstu reynt að halda Guðgeiri utan við málið, þar sem Guðgeir hafi tekið að sér sölu efnisins í greiðaskyni án endurgjalds. Valdimar Óli kvað efnismagn til ákærða hafa verið 70 grömm af hassolíu. Valdimar Óli ber á sama veg og fyrr um fund sinn og ákærða á Matstofu Austurbæjar hér í borg og hafi þar verið samið um einingarverð gkr 35.000, og þá kvaðst Valdimar Óli hafa móttekið eitthvað af peningum frá ákærða vegna efnis, er Guðgeir Sigmundsson hefði áður afhent ákærða.

Guðgeir Sigmundsson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. janúar 1981. Kvað Guðgeir Valdimar Óla Þorsteinsson hafa komið að máli við sig fyrir u. þ. b. einu ári síðan (um áramót 1979—1980) og beðið sig um að selja fyrir sig hassolíu. Kvaðst Guðgeir hafa fallist á erindi Valdimars Óla og sama dag móttekið tvo poka með hassolíu, annan 140 grömm að þyngd og hinn 200 grömm. Guðgeir kvaðst síðan hafa haft tal af Bjarna Harðarsyni á heimili Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg og hafði Guðgeir með sér 140 gramma pokann. Guðgeir kvað Bjarna ekki hafa viljað taka efnið, en ákærði hafi hins vegar óskað eftir að taka að sér efnið og selja það. Guðgeir kvaðst hafa afhent ákærða 10 grömm af efninu. Guðgeir kvaðst hafa komið á fundi milli ákærða og Valdimars Óla á Matstofu Austurbæjar daginn eftir. Kvað Guðgeir svo hafa samist, að hvert gramm hassolíunnar skyldi seljast ákærða á gkr. 30.000. Guðgeir kvaðst skömmu síðar hafa afhent ákærða eftirstöðvar 140 gramma pokans, þ. e. 130 grömm, og hafi afhending farið fram á heimili Bjarna Harðarsonar. Guðgeir kvað ákærða síðar hafa skilað í tvennu lagi gkr. 1.5. milljónum.

Guðgeir Sigmundsson var yfirheyrður hjá lögreglu 15. janúar 1981. Guðgeir kvað Valdimar Óla hafa sagt sér, að í poka þeim, er ákærði fékk, hafi verið 140 grömm af hassolíu. Guðgeir kvaðst ekki hafa vegið pokann, en ákærði hafi síðar sagt efnið hafa vegið 117 grömm. Guðgeir kvaðst í fyrstu hafa talið hassolíu þá, er Valdimar Óli kom með til landsins, hafa

verið alls 340 grömm án þess þó að vita það með vissu, en síðar hafi hann heyrt, að um hafi verið að ræða 240 grömm. Guðgeir kvaðst í fyrstu hafa geymt alla hassolíuna fyrir Valdimar Óla, en síðar hafi hluti hennar verið fluttur í geymslu til Páls Daníelssonar, þó ekki hluti sá, er ákærði átti.

Páll Pálmar Daníelsson bar við lögregluyfirheyrslu 15. janúar 1981 að hafa móttekið hassolíu frá Guðgeiri Sigmundssyni. Þá kvað Páll sig hafa heyrt Guðgeir Sigmundsson tala um ákærða sem kaupanda hassolíu, en ekki vita um efnismagn, en taldi sig hafa átt von á gkr. 2.2 milljónum frá Guðgeiri vegna hassolíusölu.

Páll kvaðst hafa heyrt, að efnismagn það, er Valdimar Óli flutti með sér til landsins, hafi verið 240 grömm.

Guðmundur Guðbjörnsson var yfirheyrður hjá lögreglu 2. febrúar 1981 og lýsti þá kaupum 3 gramma af hassolíu af ákærða þann 25. desember 1979, og kostaði hvert gramm efnis gkr 50.000 að sögn Guðmundar.

Ákærði var samprófaður með Guðgeiri Sigmundssyni og Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir dómi 11. febrúar 1981. Ákærði var samprófaður með Bjarna Harðarsyni 2. mars 1981.

Ekki náðist samræmi milli framburða ofangreindra aðilja annars vegar og ákærða hins vegar, og hefur ákærði aldrei gengist við háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Í júlí 1980 keypt í félagi við nefndan Bjarna, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini, og flutt efnið ásamt félögunum til Kaupmannahafnar. Ákærði átti þar hlut í sölu á drjúgum hluta efnisins til ótilgreindra aðila, og mun verð á grammi hafa verið að jafnaði 25 — 30 danskar krónur. Þá ásamt nefndum Bjarna fengið Sören Munk Hansen til að flytja til Íslands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350. Ráðstafað síðan hér heima til félaga síns Bjarna Harðarsonar 250 grömmum, sem síðan voru seld öðrum á kr. 12 — 14.000 grammið."

Hér á eftir verða raktir stuttlega helstu framburðir hinna nafngreindu aðilja varðandi meint ofangreint brot ákærða.

Bjarni Harðarson bar hjá lögreglu 19. janúar 1981 um för sína til Kaupmannhafnar í júlí 1980. Kvað Bjarni sig hafa hitt ákærða í Kaupmannahöfn og þeir síðan haldið saman til Amsterdam, þar sem þeir hafi keypt 1 kíló af hassi á 4 gyllini hverg gramm. Bjarni kvað sinn hlut hafa verið 350 grömm. Bjarni kvað sig og ákærða hafa falið efnið í bílaleigubíl sínum og þannig flutt efnið til Kaupmannahafnar. Bjarni kvað Sören Munk Hansen hafa flutt efnið hingað til lands fyrir sig og ákærða. Bjarni hefur borið, að efnið hafi verið flutt frá Hollandi til Kaupmannahafnar og þar í íbúð,

er Sören Munk Hansen bjó í ásamt ákærða og Kristjáni Aðalsteinssyni.

Bjarni lýsti sölu sinni hér á landi á um 200 grömmum af sínum hluta efnisins og um 250 grömmum af efnishluta ákærða.

Kaupendur voru að sögn Bjarna Engilbert Jensen, sem keypti 100 grömm, og Ingólfur Sigurz, sem fékk 300 til 350 grömm.

Bjarni bar síðan hjá lögreglu 19 febrúar s. á. að hafa í fyrri framburðum haldið utan við Hollandsför þá, er hér um ræðir, þeim Kristjáni Aðalsteinssyni og Runólfi Þór Jónssyni.

Við dómsyfirheyrslu 2. mars s. á. lýsti Bjarni enn Hollandsför sinni og ofangreindra þriggja aðilja. Bjarni kvað ákærða hafa keypt 3 kg af hassi í Rotterdam.

Áður, eða í þinghaldi 25. febrúar s. á., hafði Bjarni lýst kaupum Péturs á 3 kg af tvenns konar Tyrkjahassi í Hollandi.

Runólfur Þór Jónsson hefur borið efnislega á sama veg og Bjarni varðandi ofangreinda Hollandsför og kaup ákærða á allt að 2.4 kg af tvenns konar Tyrkjahassi í Rotterdam. Efnið kvað Runólfur hafa verið flutt til Kaupmannhafnar í íbúð Sören Munk Hansen.

Sören Munk Hansen var yfirheyrður hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 9. apríl 1981. Kvað hann ákærða hafa búið í íbúð sinni frá því í janúar 1980 og fram til 18. júlí s. á. Sören kvaðst vita til þess, að ákærði hafi um tíma geymt u. þ. b. 3 kíló af hassi í nefndri íbúð. Sören kvað sig hafa flutt hingað til lands 1 kg af hassi hinn 18. júlí 1980 og þegar haldið með efnið heim til Bjarna Harðarsonar ásamt ákærða.

Ingólfur Sigurz bar fyrir dómi 17. febrúar 1981 um kaup á 350 grömmum af hassi af Bjarna Harðarsyni um mánaðamótin júlí — ágúst 1980 og fram í desember s. á.

Engilbert Jensen kom fyrir dóm 20. febrúar 1981 og kvaðst þá alls hafa keypt af Bjarna Harðarsyni um 100 grömm af hassi í ágúst 1980.

Ákærði og Kristján Aðalsteinsson hafa báðir hjá lögreglu og fyrir dómi þráfaldlega neitað að hafa tekið þátt í Hollandsför þeirri, er hér um ræðir. Hafa ákærði og Kristján m. a. verið samprófaðir við Bjarna Harðarson og Runólf Þór Jónsson, en samræmi í framburðum þessara aðilja ekki náðst.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburðum Valdimars Óla Þorsteinssonar og Bjarna Harðarsonar, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki er sannað, að ákærði hafi keypt meira

en 70 grömm af hassolíu af Valdimar Óla fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar.

Með ofanritað í huga er sannað, að ákærði hafi í desember 1979 keypt 70 grömm af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt að jafnaði gkr. 30.000 fyrir hvert gramm. Afhending efnisins fór fram að Hverfisgötu 106 A í Reykjavík á heimili Bjarna Harðarsonar.

Ákærði seldi Bjarna Harðarsyni allt að 70 grömmum af efninu. Ekki er sannaður hagaður af sölu ákærða.

Ákæruliður II.

Verjandi hefur í skriflegri vörn mótmælt sem rangri og óstaðfestri danskri lögregluskýrslu frá 9. apríl 1981, þar sem Sören Munk Hansen var yfirheyrður. Verjandi telur ekki unnt að leggja greinda skýrslu til grundvallar í refsimáli hér á landi.

Í 110. gr. laga 74/1974 segir, að dómari skuli meta öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, m. a. með hliðsjón af ákvæðum 153. gr. laga 85/1936. Í 153. gr. laga 85/1936, 3. mgr., er kveðið á um gildi erlendra opinberra skjala.

Með vísan til þess ákvæðis svo og þess, að umrædd lögregluskýrsla er undirrituð af Sören Munk Hansen, og skýrslunnar var aflað fyrir milligöngu dómsmálaráðuneytis, þykir nægilega sannað, að umrædd skýrsla sé rétt og sé því til þess fallin að vera grundvöllur refsimáls hér á landi ásamt öðrum gögnum máls þessa.

Með vísan til ofanritaðs svo og með vísan til framburða Bjarna Harðarsonar, Runólfs Þórs Jónssonar og Sören Munk Hansen og annarra gagna málsins þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða og Kristjáns Aðalsteinssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Þó er ekki sönnuð sala ákærða á drjúgum hluta efnisins í Kaupmannahöfn til ótilgreindra aðilja.

Ákærði keypti því í júlí 1980 í félagi við Bjarna Harðarson, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini. Ofangreindir aðiljar fluttu efnið ásamt ákærða til Kaupmannahafnar. Ákærði fékk ásamt Bjarna Harðarsyni Sören Munk Hansen til að flytja hingað til lands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350 grömm. Ákærði ráðstafaði síðan hér á landi allt að 250 grömmum af efninu til Bjarna, sem síðan seldi efnið á að jafnaði 12.000 — 14.000 gkr. hvert gramm.

Ákærði hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75/1982,

og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Þá varðar brot ákærða í II. lið ákæru einnig að hluta við 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða í I. lið ákæru varðar ekki við greint hegningarlagaákvæði, svo sem virðist hafa misritast í ákæruskjali.

Ekki verður beitt þyngri viðurlögum hér en heimil voru fyrir gildistöku laga nr. 75/1982, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hins vegar er brot ákærða í II. lið ákæru framið eftir gildistöku laga nr. 60/1980.

Ákærði hefur áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina, og verður það virt honum til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sammæltist við nokkra menn um framningu brota í ákærulið II, og verður það einnig virt ákærða til refsiþyngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þáttur ákærða var stór í því broti, þar eð hann keypti efnið.

Refsing ákærða verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til alls ofanritaðs svo og að gögnum málsins virtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 4 mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skulu 50 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðahaldi, koma til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976 og með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 1. gr. laga nr. 75/1982, er ákærða gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 55 daga í hennar stað.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á efni, er lagt var hald á undir rannsókn málsins, og vísast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 varðandi upptöku.

Því skulu upptæk til eyðingar eftirfarandi:

16 grömm af hassolíu, veginni í umbúðum, merkt efnaskrá nr. 573. Hassmoli óveginn, 1.3 gr. af amfetamíni og 0.4 gr. af sama efni, merkt efnaskrá nr. 578.

Ákærða er gert með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan kostnað sakarinnar þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 2.500.00 í réttargæsluþóknun til sama lögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, skal sæta fangelsi í 4 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 50 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 55 daga í sektar stað.

Upptæk til eyðingar skulu 16 grömm af hassolíu, veginni með umbúðum, merkt efnaskrá nr. 573. Þá skal og upptækur til eyðingar óveginn hassmoli, 1.3 grömm af amfetamíni og 0.4 grömm af amfetamíni, allt merkt efnaskrá nr. 578.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 2.500.00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1983.

Nr. 48/1983. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983. Er málinu áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað refsingu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 11. október 1983.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu skv. einstökum ákæruliðum svo og að því er varðar upptöku eigna og sakarkostnað. Krafist er þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, en til vara sýknu af kröfum ákæruvalds skv. I. — XI. lið ákæru. Þá er krafist sýknu af eignarupptöku að því er tekur til 887.518 gkr.

Fallist er á sakarmat hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Brot ákærða eru réttilega færð til refsiákvæða í héraðsdómi að því undanteknu, að telja verður ákærða bera refsiábyrgð aðalmanns á broti skv. XIV. lið ákæru, og á því eigi að refsa honum fyrir það brot með vísan til 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að vísa til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga auk þeirra ákvæða, er greinir í héraðsdómi. Þykir refsivist ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en fésekt verði 20.000.00 krónur, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. og 5. gr., en síðastgreinda ákvæðið var í gildi, er ákærði framdi brot sín. Fésekt renni í ríkissjóð og verði vararefsing hennar 20 daga fangelsi, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvörðun héraðsdóms um refsivist ákærða, Eggerts Bjarna Arnórssonar, á að vera óröskuð. Ákærði sæti enn fremur 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarn-

arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 15. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 916/1982: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni.

Málið var höfðað á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni með ákæru, dags. 5. mars 1982:

„Fyrir að hafa á tímabilinu frá apríl 1979 til janúar 1980 margsinnis staðið að innflutningi hassefna hingað til lands og dreifingu þeirra til margra manna hérlendis í ávinningsskyni, m. a. til Sumarliða Óskars Arnórssonar, Kristmundar Olafs Guðmundssonar, Ragnheiðar Valgarðsdóttur, Agnars Agnarssonar, Valdemars Halls Sigþórssonar, Kolbeins Inga Gíslasonar, Hrafns Inga Brynjólfssonar og John Joseph Cramer:

I.

Í apríl 1979 keypt 100 gr af hassi í Kaupmannahöfn, flutt það hingað til lands og selt hérlendis.

II.

Þann 21. maí 1979 flutt 100 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlendis.

III.

Þann 10. júní 1979 flutt 110 gr af efninu til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér.

IV.

Í júlí 1979 flutt 500 gr af efninu frá Kaupmannahöfn og haft það í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjvík.

V.

Þann 16. ágúst 1979 flutt 300 gr af hassi til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér á um gkr. 10.000 hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 kr. danskar hvert gramm.

VI.

Lagt á ráðin um för bróður síns, Sumarliða Óskars Arnórssonar, til hasskaupa í Kaupmannahöfn dagana 11. — 12. september 1979 og í þessu sambandi lagt honum til gkr. 1.200.000. Eftir heimkomu Sumarliða Óskars móttekið 270 gr af hassi og selt megnið af því, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

VII.

Þann 28. október 1979 flutt um 900 gr af hassi frá Kaupmannahöfn og selt efnið hérlendis að nokkru með aðstoð nefnds Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar.

VIII.

Lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27. — 30. nóvember 1979, fengið í sinn hlut 90 gr af efninu eftir heimkomu hans og selt það hér á landi.

IX.

Lagt Sumarliða Óskari til fé til efniskaupa í Kaupmannahöfn 4. — 7. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 300 gr af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt þann skammt hér að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

X.

Enn lagt fé til farar Sumarliða Óskars til efniskaupa í Kaupmannahöfn 16. — 20. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 410 gr eða a. m. k. 260 gr af hassi og selt það hér.

XI.

29. desember 1979 flutt um 200 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt meginhluta þess á gkr. 10. — 15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

XII.

Snemma í janúar 1980 lagt fé til kaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Mogensen á hassi á Spáni og móttekið allt að 500 gr af efninu eftir heimkomu þeirra 19. s. m. og nokkru síðar afhent þeim samtals um 140 gr af efninu. Selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 95 gr og haft eftirstöðvarnar í vörslum sínum að Grettisgötu 79 í Reykjavík við handtöku 22. s. m., en þann hluta efnisins seldi nefnd Ragnheiður, á meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi um þetta leyti.

XIII.

Lagt nefndum Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9. — 12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut um 400 gr af efninu eftir heimkomu Sumarliða, en lögreglan lagði hald á um 247 gr af því 24. s. m. að Meistaravöllum 29 í Reykjavík.

XIV.

Um 20. janúar 1980 enn lagt gkr. 1.250.000 til hasskaupa Sumarliða Óskars í Kaupmannahöfn, og keypti hann í þetta sinn um 500 gr af efninu, sem að verulegu leyti taldist eign ákærða, en Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. s. m. og hald lagt á hassið."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. hegningarlaganna á um 600 gr af hassi, sem lagt var hald á 24. janúar 1980 að heimili ákærða, og á gkr. 887.518, sem ákærði aflaði með sölu hassefna og lagt var hald á 17. mars 1980.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, er fæddur 13. september 1954 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, sbr. sakavottorð, dags. 22. nóvember 1982:

1980 1/10 sakad. í ávana- og fíkniefnamálum: Dómur: 8. mán. fangelsi og 1.000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1982 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur frá 1/10 1980 staðfestur.

Ákæruskjal var birt ákærða 19. mars 1982. Málið var þingfest 6. apríl 1982. Við þingfestinguna krafðist ákærði þess, að dómari viki sæti í málinu. Synjaði dómari þeirri kröfu ákærða með úrskurði, uppkveðinn 29. september 1982. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands og vísað þar frá dómi 15. október 1982.

Munnlegur flutningur málsins fór fram 24. nóvember sl. og málið dómtekið sama dag.

Við flutning málsins ítrekaði fulltrúi ákæruvaldsins dómkröfur, er gerðar eru í ákæruskjali, og krafðist auk þess málssóknarlauna ríkissjóði til handa.

Verjandi ákærða gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákæru-

liðum I — XI, en hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir önnur meint brot.

Að kröfu um upptöku á gkr. 887.518 verði synjað.

Að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsivist, ef dæmd verður, og auk þess er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun.

MÁLSATVIK.

Ákæruliður I.

„Í apríl 1979 keypt 100 gr af hassi í Kaupmannahöfn, flutt það hingað til lands og selt hérlendis."

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. janúar 1980 og kvað sig hafa farið allmargar ferðir til Kaupmannahafnar á árinu 1979, og var erindið kaup á fíkniefnum.

Ákærði kvað hina fyrstu ferð hafa verið í apríl 1979. Ákærði kvaðst hafa keypt 100 grömm af Marokkóhassi í Kaupmannahöfn og hafa flutt efnið hingað til lands, falið í skósóla sínum. Ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir kaupverði efnisins, en kvað sig hafa selt efnið ónafngreindum aðiljum hér í borg á gkr. 8.000 hvert gramm.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 27. febrúar 1980. Þá lýsti ákærði m. a. aðdraganda ofangreindrar meintrar Kaupmannahafnarfarar. Kvað ákærði bróður sinn, Arnór Vikar Arnórsson, hafa lánað sér 400.000 gkr., sem ákærði hélt síðan með til Kaupmannahafnar í apríl 1979. Ákærði kvaðst hafa keypt í Kristianíu af sér ókunnum aðilja 100 grömm af Marrokkóhassi. Þá lýsti ákærði því, hvernig hann holaði innan hæla á skóm sínum og flutti efnið í holrúmi í hælunum hingað til lands.

Ákærði kvaðst hafa selt efnið ýmsum aðiljum, en ekki geta nafngreint, þar sem erfitt væri að átta sig á, hvað hver og einn kaupandi fékk úr hverri ferð.

Arnór Vikar Arnórsson bar við dómsyfirheyrslu 19. febrúar 1980 að hafa lánað ákærða gkr. 480.000 um páskaleytið 1979.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 um ofangreinda meinta háttsemi. Kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Þann 21. maí 1979 flutt 100 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlendis."

Ákærði lýsti við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980 háttsemi þeirri, er honum er hér gefin að sök. Kvaðst ákærði hafa hagað kaupunum og heimflutningi efnanna á sama veg og varðandi efni í ákærulið I. Ákærði kvaðst

hafa keypt 100 grömm af annað hvort Afgan- eða Pakistanhassi og selt hér á landi ónafngreindum aðiljum á gkr. 10.000 hvert gramm.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 27. febrúar 1980 og lýsti þá ofangreindri meintri ferð til Kaupmannahafnar á sama veg og hjá lögreglu. Ákærði staðfesti, að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu nákvæmlega, hvenær ferðin var farin, þ. e. frá 17. maí 1979 til 21. s. m., er ákærði kom hingað til lands með 100 grömm af hassi á þann hátt, er að framan var rakið, og dreift til ónafngreindra aðilja.

Er ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður III.

„Þann 10. júní 1979 flutt 110 gr af efninu til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér."

Ákærði lýsti ofangreindri ferð við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980. Kvaðst ákærði hafa haldið til Kaupmannahafnar í júní 1979 og keypt þar 110 grömm af Marokkóhassi og flutt efnið hingað til lands á sama hátt og áður, þ. e. í holrúmi í skóhælum. Efnið kvaðst ákærði hafa selt ónafngreindum aðiljum hér í borg á 8 — 10.000 gkr. hvert gramm.

Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta ferð.

Ákærði staðfesti, að flugfarmiði á nafni ákærða gæfi til kynna, hvenær farið var í ferð þessa, þ. e. frá 8. júní 1979 til 10. s. m., er ákærði kom hingað til lands með 110 grömm af Marokkóhassi, svo sem lýst hefur verið.

Ákærði vék að ofangreindri meintri ferð fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað þá efnismagn hafa verið mun meira en kært er út af hér. Kvað ákærði Guðmund Sesar Magnússon hafa verið með í ferðinni.

Guðmundur Sesar hefur hjá lögreglu 4. febrúar 1980 neitað þáttöku í þessari ferð.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst þá vera saklaus af háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður IV.

„Í júlí 1979 flutt 500 gr af efninu frá Kaupmannahöfn og haft það í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjavík."

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi hjá lögreglu 24. janúar 1980. Kvað ákærði sig í þessari ferð hafa keypt 75 grömm af hassi og hafi verið staðið eins að heimflutningi og dreifingu efnis, svo sem rakið hefur verið varðandi ákæruliði I — III.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi hér fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvaðst hafa haldið til Kaupmannahafnar í júlí 1980 og með sér í ferðinni hafi verið Guðmundur Sesar Magnússon. Ákærði kvaðst hafa haft gkr. 900.000 til ráðstöfunar, og kvaðst ákærði hafa keypt með milligöngu Jóns Matthíassonar 500 grömm af Marokkóhassi, og kostaði hvert gramm efnis 25 danskar krónur. Ákærði kvað Guðmund Sesar hafa haft til ráðstöfunar gkr. 700.000, þar af kvaðst ákærði hafa lánað honum 350.000 gkr. og hafi verið keypt 125 grömm af Afganistanhassi fyrir það fé, og kostaði hvert gramm efnis 30 danskar krónur. Ákærði kvað efnið hafa verið flutt hingað til lands, falið innan í skóhæl.

Ákærði lýsti skiptingu efna milli sín og Guðmundar Sesars, og kvaðst ákærði hafa fengið í sinn hlut alls 500 grömm af báðum efnistegundum, en Guðmundur Sesar 125 grömm.

Guðmundur Sesar Magnússonar var yfirheyrður hjá lögreglu 4. febrúar 1980, og lýsti hann þá ferð sinni til Kaupmannahafnar með ákærða í júlí 1979. Guðmundur kvað ákærða hafa lánað sér fé til fararinnar. Guðmundur Sesar kvaðst vita, að ákærði hafi farið í ferð þessa í þeim tilgangi að kaupa fíkniefni, en kvaðst ekki vita, hversu mikið ákærði keypti, og ekki vita um efnistegund eða flutningsleið hingað til lands, en halda, að ákærði hafi flutt efnið flugleiðis til Íslands.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði ofangreindan ákærulið rangan og kvað sig ekki hafa gerst sekan um háttsemi þá, er ákært er út af.

Ákæruliður V.

„Þann 16. ágúst 1979 flutt 300 gr af hassi til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér á um gkr. 10.000 hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 kr. danskar hvert gramm."

Ákærði bar fyrst um ofangreinda meinta háttsemi hjá lögreglu 24. janúar 1980 og lýsti þá kaupum á 100 grömmum af Marokkóhassi.

Ákærði bar hér fyrir dómi 4. mars 1980 um ofangreinda meinta háttsemi. Ákærði staðfesti, að flugfarðseðlar, keyptir 13. ágúst 1979, sýndu, hvenær farið var í ferð þessa. Ákærði kvað Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa haldið með sér í ferðina, en hún hafi ekkert vitað um fíkniefnameðhöndlun sína.

Ákærði kvaðst hafa keypt 300 grömm af Marokkóhassi í Kristianíu á 30 danskar krónur hvert gramm. Ákærði kvaðst hafa falið 130 grömm af efninu innanklæða, en 170 grömm í skósólum og hafi efnið þannig verið flutt hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa selt efni þetta að jafnaði á 10.000 gkr. hvert gramm, en ekki geta sérgreint kaupendur úr þessari ferð fremur en úr fyrri ferðum.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kannaðist þá ekki við háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Ákæruliður VI.

„Lagt á ráðin um för bróður síns, Sumarliða Óskars Arnórssonar, til hasskaupa í Kaupmannahöfn dagana 11.—12. september 1979 og í þessu sambandi lagt honum til gkr. 1.200.000. Eftir heimkomu Sumarliða Óskars móttekið 270 gr. af hassi og selt megnið af því, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars."

Sumarliði Óskar Arnórsson bar um ferð þessa við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar 1980. Kvað Smarliði bróður sinn, ákærða í máli þessu, hafa staðið að ferð þessari og lagt fé til fararinnar, er hafi átt að nægja til kaupa á 370 grömmum af hassi. Sumarliði kvaðst síðan hafa keypt hass í Kaupmannahöfn með aðstoð Jóns Matthíassonar. Síðar kom í ljós, að efnið vó 270 grömm, og kvað Sumarliði sig hafa verið svikinn um 100 grömm. Efnið kvaðst Sumarliði hafa flutt hingað til lands í þar til gerðum skóm með holum sóla. Eftir heimkomu kvaðst Sumarliði hafa afhent ákærða efnið, og fékk Sumarliði 25 grömm í sinn hlut sem þóknun. Sumarliði kvað sig hafa aðstoðað við sölu efna frá ákærða og greitt honum gkr. 10.000 fyrir hvert selt gramm.

Sumarliði var yfirheyrður fyrir dómi 1. mars 1980. Þá staðfesti Sumarliði, að flugfarseðlar með brottfarardag til Kaupmannahafnar 11. september 1979 og komu hingað til lands 12. s. m. væru farseðlar varðandi ferð þá, er hér um ræðir.

Framburður Sumarliða við ofangreinda dómsyfirheyrslu var efnislega á sama veg og framburður hjá lögreglu, er rakinn var hér að framan. Kvað Sumarliði sig hafa selt talsvert af efninu fyrir ákærða og skilað honum gkr. 10.000 fyrir hvert gramm, en það seldi Sumarliði á gkr. 15.000 að jafnaði, enda efnið að sögn Sumarliða gott og sala gengið vel.

Ákærði greindi frá för Sumarliða, er hér um ræðir, fyrir dómi 4. mars 1980. Ákærði kvaðst hafa staðið að utanför þessari með því að leggja Sumarliða til gkr. 1.200.000 til fararinnar. Kvað ákærði sig hafa afhent Sumarliða eftir heimkomu hans 25 grömm af hassi sem þóknun. Ákærði kvað geta verið, að hann hafi fengið meira efni en 200 grömm. Ákærði kvað sig hins vegar ekki hafa móttekið 270 grömm af hassi úr þessari ferð, svo sem Sumarliði bar um.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Kvaðst ákærði þá undir rannsókn málsins hafa búið til játningu efnislega á þá leið, sem í þessum ákærulið greinir.

Ákæruliður VII.

„Þann 28. október 1979 flutt um 900 gr af hassi frá Kaupmannahöfn

og selt efnið hérlendis að nokkru með aðstoð nefnds Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar."

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. janúar 1980 og lýsti þá ofangreindri meintri ferð. Ákærði kvaðst hafa haldið utan í október 1979 og hafa keypt í Kaupmannahöfn 8—900 grömm af hassi. Ákærði kvað sig hafa verið svikinn í þetta sinn og hafi efnið verið falsefni. Ákærði kvaðst hafa flutt efnið hingað til lands, falið í skóm og í ferðatösku. Ákærði kvaðst hafa selt 2—300 grömm af efninu hér á landi á gkr. 4.000 hvert gramm.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við dómsyfirheyrslu 4. mars 1980. Ákærði staðfesti þá, að flugfarseðlar á nafni hans, sem sýna brottför frá Íslandi 24. október 1979 og heimkomu 28. s. m., sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kvað sig hafa keypt í Kristianíu 800—900 grömm af svörtu Pakistanhassi, líklega nær 900 grömmum, sem að sögn ákærða reyndist svikið efni. Ákærði kvaðst hafa greitt 15 danskar krónur fyrir hvert gramm efnis.

Ákærði kvaðst síðan hafa komist að raun um, að innan um voru sæmilegir efnismolar, og því flutt efnið með sér hingað til lands og reynt að selja með aðstoð Sumarliða Óskars og Kristmundar Ó. Guðmundssonar.

Kristmundur Ó. Guðmundsson bar hjá lögreglu 22. febrúar 1980 að hafa m. a. móttekið til sölu frá ákærða 200 grömm af efni, er kallað var ónýtt.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Ákæruliður VIII.

„Lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27.—30. nóvember 1979, fengið í sinn hlut 90 gr af efninu eftir heimkomu hans og selt það hér á landi."

Sumarliði Óskar lýsti för þeirri, er í þessum ákærulið greinir, við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar 1980.

Sumarliði var síðan yfirheyrður fyrir dómi 1. mars 1980. Kvað Sumarliði þá ákærða hafa lagt gkr. 300.000 til farar þessarar og þá hafi Valur H. Hraunfjörð lagt til fararinnar 150.000—200.000 gkr. Sumarliði kvað flugfarseðil á nafni sínu með brottför 27. nóvember 1979 og heimkomu 30. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin. Kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa keypt fyrir sig hass í Kristianíu fyrir danskar kr. 6.000. Sumarliði kvað framburð sinn hjá lögreglu 5. febrúar 1980, þar sem hann kvaðst hafa flutt hingað til lands 350 grömm af hassi, vera rangan, og kvaðst Sumarliði hafa flutt 240 grömm af hassi hingað til lands úr för þessari. Þar af hafi ákærði fengið í sinn hlut 80 grömm og Valur H. Hraunfjörð 50 eða 60 grömm.

Sjálfur kvaðst Sumarliði hafa fengið um 100 grömm af efninu og þar af hafa neytt nokkurs hluta sjálfur, en einnig selt af verulegan hluta.

Ákærði lýsti þessari meintu för fyrir dómi 4. mars 1980 og síðar 5. s. m. Í þessum tveimur dómsyfirheyrslum kvað ákærði sig hafa lagt Sumarliða til fararinnar gkr. 450.000 auk jafnvirðis u. þ. b. 100.000 gkr. íslenskra í dönskum krónum og bandarískum dollurum. Ekki kvaðst ákærði vita um magn fíkniefna, er Sumarliði flutti með sér úr ferð þessari, en kvað sig hafa fengið 90 grömm af efninu.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvað ofangreinda meinta háttsemi ekki eiga við rök að styðjast.

Ákæruliður IX.

„Lagt Sumarliða Óskari til fé til efniskaupa í Kaupmannahöfn 4.—7. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 300 gr af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt þann skammt hér að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars."

Sumarliði Óskar lýsti þessari meintu för við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar 1980.

Sumarliði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði sig hafa fengið flugmiða til Kaupmannahafnar 4. desember 1979 með heimkomu 7. s. m. gegn því að samþykkja víxil hjá Ferðamiðstöðinni h/f. Þá kvað Sumarliði ákærða hafa lagt til fararinnar 1.000.000 gkr. Fénu skipti Sumarliði í Danmörku og fékk um 11.000 danskar krónur fyrir, þar af um 9.500 danskar krónur til kaupa á fíkniefnum. Kvað Sumarliði sig hafa haldið til fundar við Jón Matthíasson, búsettan í Kaupmannahöfn. Hafði Jón ásamt Sigurði Þór Sigurðssyni, þá strokufanga, keypt um 400 grömm af grænu Marokkóhassi í Kristianíu.

Sumarliði kvaðst hafa flutt efnið, falið innanklæða, hingað til lands, og kvað Sumarliði hlut sinn af efninu hafa orðið 85 eða 90 grömm, en afganginn fékk ákærði.

Sumarliði kvaðst, auk þess að hafa notað og selt af sínum hluta, hafa aðstoðað ákærða við sölu fíkniefnanna.

Ákærði greindi frá framlagi sínu til þessarar farar Sumarliða fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað flugfarseðil með brottför 4. desember 1979 og heimkomu 7. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin.

Kvað ákærði sig hafa lagt Sumarliða til 600.000 gkr. og eftir heimkomu Sumarliða fengið 160 grömm af grænu Marrokkóhassi. Kvað ákærði sig ekki hafa móttekið meira magn frá Sumarliða.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982. Kvað ákærði þennan ákærulið vera rangan og neitaði að svara spurningum dómara um, hvort meint háttsemi, er um getur í þessum lið, hafi í raun og veru átt sér stað.

Ákæruliður X.

„Enn lagt fé til farar Sumrliða Óskars til efniskaupa í Kaupmannahöfn 16.—20. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 410 gr eða a. m. k. 260 gr af hassi og selt það hér.“

Sumarliði lýsti þessari meintu för sinni í lögregluyfirheyrslu 5. febrúar 1980. Kvað Sumarliði sig hafa keypt 500 grömm af hassi í Kaupmannahöfn skömmu fyrir áramótin 1979—1980. Sem fyrr kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa aðstoðað sig, og kostaði efnið 11.000 danskar krónur.

Sumarliði bar efnislega á sama veg og að ofan er rakið fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði hlut sinn hafa verið 90 grömm úr för þessari, en ákærði hafi fengið 410 grömm, og lagði ákærði til fararinnar 1.000.000 gkr. auk þess að greiða fargjald Sumarliða, en ferðin var farin 16. desember 1979 og komið aftur hingað til lands 20. s. m. með efnið falið innanklæða.

Ákærði bar fyrir dómi 5. mars 1980, að auk þess að hafa lagt Sumarliða til fé til farmiðakaupa, þá hafi hann einnig lagt fram 1.000.000 gkr. til fíkniefnakaupa. Kvað ákærði sig síðar hafa móttekið 250 grömm af grænu Marokkóhassi frá Sumarliða.

Ákærði kvað flugfarseðil á nafni Sumarliða með brottför 16. desember 1979 og heimkomu 20. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði ákærulið þennan þá vera uppspuna.

Ákæruliður XI.

„29. desember 1979 flutt um 200 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt meginhluta þess á gkr. 10.—15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Oskars.“

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað flugfarmiða á nafni sínu með brottför 27. desember 1979 og heimkomu 29. s. m. sýna, hvenær ofangreind meint ferð var farin. Ákærði lýsti útvegun á efni í Kaupmannahöfn m. a. með milligöngu Jóns Matthíassonar. Ákærði kvaðst loks hafa falið efnið innan í kuldabomsum og þannig flutt til lands **29. desember 197 grömm af góðu, svörtu Afganistanhassi.**

Ákærði kvað sölu þessa efnis hafa gegnið vel og eftirspurn verið mikla og hafi hann selt efnið á 10.000—15.000 gkr. hvert gramm. Ákærði kvaðst hafa fengið í sinn hlut u. þ. b. 1.8—1.9 milljónir gkr. vegna sölu efna úr þessari ferð. Ákærði nafngreindi kaupendur varðandi efni úr þessari ferð, þ. e. Kolla (Kolbein Inga Gíslason) og John (John Joseph Cramer).

John Joseph Cramer var yfirheyrður hjá lögreglu 19. febrúar 1980 og lýsti þá hasskaupum af ákærða í lok árs 1979 og kvað efnismagn hafa verið a. m. k. 87 grömm.

Kolbeinn Ingi Gíslason bar hér fyrir dómi 4. mars 1980 að hafa keypt 75—90 grömm af hassi af ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvað ofangreindan ákærulið vera uppspuna.

Ákæruliður XII.

"Snemma í janúar 1980 lagt fé til kaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Mogensen á hassi á Spáni og móttekið allt að 500 gr af efninu eftir heimkomu þeirra 19. s. m. og nokkru síðar afhent þeim samtals um 140 gr af efninu. Selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 95 gr og haft eftirstöðvarnar í vörslum sínum að Grettisgötu 79 í Reykjavík við handtöku 22. s. m., en þann hluta efnisins seldi nefnd Ragnheiður, á meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi um þetta leyti."

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. mars 1980 og bar þá um ofangreinda meinta háttsemi. Ákærði kvaðst hafa lagt þeim Ragnheiði Valgarðsdóttur og Ingeborg Lindu Mogensen til fé vegna Spánarfarar þeirra í janúar 1980. Ákærði kvað þær hafa komið hingað til lands 19. eða 20. janúar 1980 og haft í fórum sínum 500 grömm af hassi, en ákærði kvaðst m. a. hafa látið Ragnheiði í té 650.000 gkr., sem hún átti að kaupa fíkniefni fyrir.

Eftir móttöku þeirra Ragnheiðar og Ingeborgar kvaðst ákærði hafa haldið að Grettisgötu 79 hér í borg og þar vegið hassefnið, sem vó að sögn ákærða 490 grömm. Ákærði kvað Ingeborg hafa átt 100 grömm af efninu.

Ákærði kvaðst af þeim 390 grömmum, er eftir voru, hafa selt fimm nafngreindum aðiljum alls 95 grömm. Ákærði kvaðst skömmu fyrir handtöku hafa afhent Ragnheiði Valgarðsdóttur u. þ. b. 40 grömm af efninu og hafi því við handtöku átt eftir 250—260 grömm af efninu, földu að Grettisgötu 79 hér í borg.

Ákærði bar fyrir dómi 6. mars 1980, að efnið úr þessari ferð hafi verið 400 grömm og hafi Ingeborg þar af fengið afhent 100 grömm.

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð fyrir dómi 6. mars 1980. Kvað Ragnheiður sig hafa haldið til Spánar í janúar s. á. ásamt Ingeborg Lindu Mogensen. Ragnheiður kvað ákærða hafa lagt fram fé til fararinnar og til hasskaupa. Kvað Ragnheiður sig ásamt Ingeborg Lindu hafa keypt á Spáni tæp 500 grömm af hassi fyrir 60.000 peseta. Átti Ingeborg 100 grömm af efninu, en Ragnheiður kvað sig ásamt sambýlismanni sínum, ákærða í máli þessu, hafa átt um 400 grömm.

Ragnheiður lýsti við dómsyfirheyrslu 7. mars 1980 sölu sinni á 250 grömmum af fíkniefnum til fjögurra nafngreindra aðilja.

Ragnheiður bar við lögregluyfirheyrslu 10. mars 1980, að hvert gramm efnis hafi að jafnaði verið selt á gkr. 10.000. Ragnheiður kvað sig hafa

úr nefndri Spánarferð flutt með sér hingað til lands 390—395 grömm af hassi. Kvað Ragnheiður ákærða hafa dreift einhverju af efninu.

Ingeborg Linda Mogensen var yfirheyrð hjá lögreglu 6. mars 1980. Kvað Ingeborg sig þá hafa keypt um 500 grömm af hassi á Spáni í janúar 1980. Kvað Ingeborg sig hafa átt um 100 grömm, en Ragnheiður hafi átt um 400 grömm. Ingeborg staðfesti framburð sinn fyrir dómi 7. s. m.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki vilja láta hafa neitt eftir sér um ofangreinda meinta ferð.

Ákæruliður XIII.

„Lagt nefndum Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9.—12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut um 400 gr af efninu eftir heimkomu Sumarliða, en lögreglan lagði hald á um 247 gr af því 24. s. m. að Meistaravöllum 29 í Reykjavík."

Sumarliði Óskar bar stuttlega um þessa ferð við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar 1980.

Sumarliði lýsti för þessari fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði ákærða hafa lagt til 250.000 gkr. í farmiða auk 1.000.000 gkr., sem verja átti til fíkniefnakaupa. Var fénu skipt í Kaupmannahöfn, og kvaðst Sumarliði hafa haft danskar kr. 12.500 til ráðsstöfunar. Enn sem fyrr kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa aðstoðað við útvegun fíkniefnanna. Sumarliði kvað hafa verið keyptar tvær plötur af hassi, og vó hvor plata 250 grömm. Efnið flutti Sumarliði að sögn með sér hingað til lands, falið í buxnastreng sínum. Kvað Sumarliði hafa komið um 100 grömm af hassi í sinn hlut úr för þessari og ákærði hafi því fengið nálægt 400 grömmum.

Aðspurður um ráðstöfun efna kvað Sumarliði sig með engu móti geta sérgreint drefingu fíkniefna úr hinum einstöku ferðum.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 5. mars 1980. Bar hann þá á sama veg og Sumarliði Óskar hafði áður gert varðandi fjárframlag sitt til farar þessarar. Ákærði kvað ferðina hafa verið farna 9. janúar 1980 og komið til baka 12. s. m. Hafi Sumarliði fengið í sinn hlut 65 grömm, en ákærði 350 grömm.

Við dómsyfirheyrslu 6. s. m. leiðrétti ákærði fyrri framburð og taldi sig hafa úr ferðinni hafa fengið rúm 400 grömm og Sumarliða 65 grömm, svo sem áður sagði.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Kvað ákærði þennan ákærulið rangan að öðru leyti en því, að hann hafi afhent lögreglu 247 grömm af hassi, svo sem segir í ákæruliðnum.

Ákæruliður XIV.

„Um 20. janúar 1980 enn lagt gkr. 1.250.000 til hasskaupa Sumarliða

Óskars í Kaupmannahöfn, og keypti hann í þetta sinn um 500 grömm af efninu, sem að verulegu leyti taldist eign ákærða, en Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. s. m. og hald langt á hassið."

Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. janúar 1980. Var þá lagt hald á 354 grömm af hassi, sem fundust í fórum hans.

Sumarliði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. og 25. janúar 1980 og kvað sig þá hafa staðið einan að utanför þessari.

Við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar s. á. kvað Sumarliði sig hafa lagt gkr. 500.000 til farar þessarar og ákærða hafa lagt til gkr. 1.000.000. Kvað Sumarliði sig hafa keypt í Kaupmannahöfn 378 grömm af svokölluðu svörtu hassi og 67 grömm af grænu hassi.

Sumarliði bar efnislega á sama veg við dómsyfirheyrslu 2. mars 1980. Þá kvað Sumarliði sig hafa keypt í Kristianíu af sér ókunnum aðilja 420 grömm af svörtu hassi fyrir 13.000 danskar krónur og 80 grömm af grænu hassi á 2.000 danskar krónur.

Þann 3. febrúar 1980 fundust 121.5 grömm af hassi, falin í skóm Sumarliða, er hann sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði bar við dómsyfirheyrslu 6. mars 1980 að hafa lagt Sumarliða til gkr. 250.000 til flugmiðakaupa og gkr. 1.000.000 til kaupa á fíkniefnum, og kvaðst ákærði hafa reiknað með u. þ. b. 300 grömmum af hassi í sinn hlut.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði þennan ákærulið vera rangan.

Meint fíkniefnadreifing ákærða.

Ákærði bar hér fyrir dómi 9. mars 1980 um fjölmarga aðilja, er hann kvaðst hafa selt fíkniefni. Áður hafði ákærði lýst því, að ekki væri unnt að sérgreina, hvað hver og einn hefði fengið úr hverri ferð fyrir sig. Eftirtöldum aðiljum kvaðst ákærði hafa selt fíkniefni:

Ákærði kvað Sumarliða Óskar hafa aðstoðað sig við sölu efna úr flestum ferðanna og selt allar efnistegundir. Ákærði kvað varla áætlað um of, að Sumarliði hefði alls fengið 450 — 500 grömm af hassi og 150 — 200 grömm af efni úr ákærulið VII, sem kallað hefur verið gallað efni eða ónýtt. Ákærði kvað óreiðu hafa verið á peningaskilum Sumarliða Óskars.

Ákærði kvað Kolbein Inga Gíslason hafa fengið um 50 grömm af hassi í janúar 1980, og þá kvað ákærði Sumarliða Óskar oft hafa afhent nefndum Kolbeini efni frá ákærða.

Ákærði kvað Kristmund Ó. Guðmundsson hafa fengið um 200 grömm af hassi.

Ákærði kvað Agnar Agnarsson hafa fengið um 200 grömm af hassi á löngu tímabili.

Ákærði kvað Knút Finnbogason hafa fengið um 10 grömm af hassi, Hrafn Ingi Brynjólfsson hafi fengið a. m. k. 50 grömm, John Cramer hafi fengið 100 grömm, Guðmundur Sesar hafi fengið a. m. k. 45 — 50 grömm, Valdimar Sigþórsson hafi fengið nálægt 150 grömmum, Kristján Hreinsmögur hafi fengið 70 grömm, Ingeborg L. Mogensen hafi fengið 20 grömm, ýmsir aðiljar 200 grömm.

Ofangreindir aðiljar hafa allir borið að hafa keypt fíkniefni af ákærða.

Þá kvaðst ákærði vita um, að Sumarliði Óskar seldi fjölmörgum aðiljum hass fyrir sig (ákærða).

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 25. janúar 1980 og taldi þá ágóða sinn af fíkniefnameðhöndlun vera 7 — 8 milljónir gkr.

NIÐURSTÖÐUR.

Gögn málsins bera með sér, að ákærði hefur stöðugt um margra mánaða skeið stundað innflutning og dreifingu fíkniefna hér á landi. Svo sem framburðir ákærða og Sumarliða Óskars bera með sér, er ekki ljóst, hvað hver og einn kaupandi fíkniefna fékk af efnum úr hverri ferð. Þá bera framburðir ákærða með sér, að hann hefur selt fjölmörgum aðiljum, sem hann þekkti ekki, fíkniefni auk þess að hafa selt fjölmörgum nafngreindum aðiljum fíkniefni.

Verður hér á eftir vikið að hverjum ákærulið fyrir sig sjálfstætt og ekki sérstaklega gerð grein fyrir einstökum meintum kaupendum úr viðkomandi meintri ferð, heldur vísað í því sambandi til ofanritaðs um hina fjölmörgu kaupendur ákærða.

Ákæruliður I.

Ákærði bar efnislega á sama hátt hjá lögreglu 24. janúar 1980 og fyrir dómi 27. febrúar 1980 varðandi ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði breytti framburði sínum hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki kannast við ofangreinda meinta háttsemi.

Gögn málsins bera með sér umfangsmikla dreifingu ákærða á fíkniefnum allt frá snemma árs 1979.

Dóminum þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, og hafnar dómurinn sýknukröfu verjanda.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem að hluta eru studdir af framburði Arnórs Vikars Arnórssonar, og að öðrum gögnum virtum, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í apríl 1979 keypt 100 grömm af hassi í Kaupmannahöfn, flutt efnið hingað til lands og selt hérlendis.

Ákæruliður II.

Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglu 24. janúar og fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvaðst þá ekki kannast við ofangreinda meinta háttsemi.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í andstöðu við gögn málsins og ekki studdur neinum rökum. Er sýknukrafa verjanda því skv. ofanrituðu ekki tekin til greina.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 21. maí 1979 flutt 100 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlendis.

Ákæruliður III.

Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglu 24. janúar 1980 og fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kom fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér ofangreindar meintar sakargiftir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er ó-rökstuddur og í andstöðu við gögn málsins. Er sýknukröfu því hafnað.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 10. júní 1979 flutt 110 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt efnið hér á landi.

Ákæruliður IV.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi fyrir dómi 5. mars 1980 og hafði þá áður vikið að háttseminni hjá lögreglu 24. janúar 1980.

Ofangreindir framburðir ákærða eru studdir af framburði Guðmundar Sesars Magnússonar.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér háttsemi þá. er hér er ákært út af.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í andstöðu við gögn málins, m. a. framburð Guðmundar Sesars.

Dómurinn hafnar því sýknukröfu varðandi þennan ákærulið.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum

ákærulið segir, eða að hafa í júlí 1979 flutt 500 grömmm af hassi frá Kaupmannahöfn og haft efnið í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjavík.

Ákæruliður V.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi fyrst hjá lögreglu 24. janúar 1980 og síðan fyrir dómi 4. mars 1980.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær farið var í ferð þessa.

Ákærði kom fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér háttsemi þá, er hér um ræðir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins. Sýknukröfu er því hafnað.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum malsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 16. ágúst 1979 flutt 300 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn, selt efnið hér á landi á um 10.000 gkr. hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 danskar krónur hvert gramm.

Ákæruliður VI.

Sumarliði Óskar bar að hafa afhent ákærða 270 grömm af hassi úr þessari ferð og staðfesti, að flugfarseðlar, er tilheyri gögnum málsins, sýni, hvenær ferðin var farin.

Ákærði bar fyrir dómi 4. mars 1980 að hafa lagt fé til farar Súmarliða og að hafa móttekið um 200 grömm af hassi frá honum.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvaðst hafa undir rannsókn málsins búið til játningu efnislega á sama veg og í þessum ákærulið greinir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur. Verður því sýknukrafa ekki tekin til greina.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburði ákærða, sem studdur er af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ákærði hafi móttekið 200 grömm af hassi frá Sumarliða Óskari. Ákærði lagði á ráðin um för Sumarliða Óskars Arnórssonar til Kaupmannahafnar dagana 11. — 12. september 1979 og lagði honum til 1.200.000 gkr. Eftir heimkomu Sumarliða móttók ákærði 200 grömm af hassi og seldi megnið af efninu, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

Ákæruliður VII.

Ákærði hefur borið m. a. við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980, að

efni það, er keypt var í för þeirri, er hér um ræðir, hafi verið gallað. Ákærði bar við nefnda lögregluyfirheyrslu, að hluti efna, er lögreglan lagði hald á að Meistaravöllum 29, Reykjavík, 24. janúar 1980, hafi verið eftirstöðvar efna úr þessari ferð.

Við húsleit að Meistaravöllum 29 hér í borg þann 24. janúar 1980 lagði lögreglan hald á eftirfarandi: 352.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 467 A, 247.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 467 B, og 25.5 grömm af efni, merkt efnaskrá 467 C.

Staðfest er af Rannsóknastofu í lyfjafræði, að efnin merkt A og B séu kannabis, en að efnið merkt C sé ekki kannabis.

Ákærði kvað flugfarseðil á nafni sínu sýna, hvenær ferð þessi var farin.

Ákærði bar, að hann hefði ákveðið að flytja efnið hingað til lands, þar sem í ljós kom, að innan um voru sæmilegir efnismolar. Af gögnum málsins má ráða, að efnið úr þessum ákærulið hefur verið lélegt, ef ekki ónýtt, sbr. álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði. Ákærði seldi efnið hins vegar að mestu og sumt með aðstoð nafngreindra aðilja, og er út frá því gengið hér, að ákærði hafi staðið í þeirri trú, að efnið væri kannbis, en e. t. v. lélegt.

Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi talað um efni úr þessari ferð sem „falsefni" eða ónýtt efni." Hafa aðrir aðiljar, er tengjast málinu, borið á svipaðan hátt.

Dómurinn telur með vísan til ofanritaðs ekki nægilega sannað, að efni það, er um ræðir í þessum ákærulið, hafi verið kannabis í skilningi laga nr. 65/1974 og reglugerðar nr. 390/1974. Ákærði taldi efnið hins vegar kannabis, þótt lélegt væri, og seldi efnið sem slíkt með aðstoð nafngreindra aðilja.

Ekki þykja efni til að taka mið af hinum breytta framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Hinn breytti framburður er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins. Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Verður því samkvæmt ofanrituðu sýknukrafa ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem eru ræki lega studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó með þeirri athugasemd, er rakin var að framan.

Ákærði flutti þann 28. október 1979 hingað til lands allt að 900 grömmum af efni, er ákærði taldi vera hassefni, en efnið hafði ákærði keypt í Kaupmannahöfn sem hass. Ákærði seldi mestan hluta efnisins hér á landi, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar.

Ákæruliður VIII.

Ekki þykja efni til að taka mark á breyttum framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, þar sem hann bar af sér háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Hinn breytti framburður er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins.

Sýknukrafan er því ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27. — 30. nóv. 1979 og fengið í sinn hlut 90 grömm af efninu eftir heimkomu Sumarliða og selt efnið hér á landi.

Ákæruliður IX.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvað ákærulið þennan vera rangan, en neitaði að svara spurningum dómara um, hvort ferð sú, er hér um ræðir, hafi verið farin.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki sé sannað, að ákærði hafi móttekið meir en 160 grömm af hassi úr þessari ferð.

Sýknukrafa varðandi þennan ákærulið er ekki tekin til greina.

Þykir því samkvæmt ofanrituðu sannað, að ákærði hafi lagt Sumarliða Óskari til fé til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn 4. — 7. desember 1979 og fengið í sinn hlut 160 grömm af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt efnið hér á landi, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

Ákæruliður X.

Ekki þykir mark takandi á breyttum framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, þar sem ákærði kvað ákærulið þennan vera uppspuna. Er hinn breytti framburður í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Dóminum þykir sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki er sannað, að ákærði hafi móttekið meir en 260 grömm af hassi eftir heimkomu Sumarliða.

Sýknukrafan varðandi þennan ákærulið er því ekki tekin til greina.

Ákærði lagði fram fé til farar Sumarliða Óskars til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn 16. — 20. desember 1979 og fékk í sinn hlut 260 grömm af hassi og seldi efnið hér á landi.

Ákæruliður XI.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Þá kvað ákærði þennan ákærulið vera uppspuna.

Hinn breytti framburður er í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 29. desember 1979 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 197 grömm af hassi og selt meginhluta efnisins á gkr. 10.000 — 15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

Sýknukrafa varðandi þennan ákærulið er því ekki tekin til greina.

Ákæruliður XII.

Dóminum þykir sannað með framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir.

Ákærði lagði þannig snemma í janúar 1980 fram fé til fíkniefnakaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Lindu Mogensen á Spáni. Við heimkomu þeirra 19. janúar 1980 móttók ákærði 500 grömm af hassi. Ákærði afhenti Ragnheiði síðan 40 grömm og Ingeborg 100 grömm af efninu. Ákærði seldi nafngreindum aðiljum allt að 95 grömmum og hafði eftirstöðvar efnisins í vörslum sínum að Grettisgötu 79 hér í borg, er ákærði var handtekinn 22. janúar 1980. Efni, er var í vörslu ákærða við handtöku, seldi Ragnheiður Valgarðsdóttir, meðan ákærði sætti gæsluvarðahaldi.

Ákæruliður XIII.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og breytti þá sínum fyrri framburði. Ákærði kvað þennan ákærulið rangan að öðru leyti en því, að hann hafi afhent lögreglu 247 grömm af hassi, svo sem um getur í ákæruliðnum.

Ekki þykir mark takandi á breyttum framburði ákærða, sem er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins.

Dómurinn telur því sannað með fyrri framburði ákærða, sem rækilega er studdur öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa lagt Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9. — 12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut 400 grömm af efninu eftir heimkomu Sumarliða. Lögreglan lagði hald á 247 grömm af efninu á heimili ákærða, Meistaravöllum 29 hér í borg, 24. janúar 1980.

Ákæruliður XIV.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982, og kvað hann þá ákærulið þennan vera rangan.

Áður höfðu ákærði og Sumarliði Óskar borið efnislega á sama veg varðandi ofangreinda meinta háttsemi.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Í 4. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 er hvers konar meðhöndlun fíkniefna bönnuð, þó með þeirri undantekingu, er um ræðir í 3. mgr. sömu greinar. Kaup fíkniefna, hér kannabis, er eitt af því, er lagt er bann við. Í 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., er sams konar ákvæði og í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974, og er í hegningarlagaákvæðinu lagt bann við kaupum á fíkniefnum, hér kannabis.

Sannað þykir í máli þessu, að ákærði lagði Sumarliða Óskari til fé til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn í lok janúar 1980, þar sem Sumarliði Óskar keypti 500 grömm af hassi. Það var því Sumarliði, er keypti efnið í Kaupmannahöfn og flutti hingað til lands 24. janúar 1980, þar sem lagt var hald á efnið. Sumarliði náði því ekki að fullfremja brotið að því leyti að afhenda ákærða hans efnishlut.

Ákærði lagði því fram fé til fíkniefnakaupa annars manns, en fékk efnið aldrei í hendur.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi því samkvæmt ofanrituðu og með því að afhenda Sumarliða Óskari peningana gerst hlutdeildarmaður í kaupum Sumarliða Óskars á 500 grömmum af hassi í Kaupmannahöfn á þeim tíma, er í ákæru greinir. Þykir 118. gr. laga nr. 74/1974 ekki standa í vegi fyrir beitingu hlutdeildarákvæðis 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þótt ekki sé að því vikið í ákæruskjali.

Með vísan til ofanritaðs og fyrri framburða ákærða, sem vel eru studdir af gögnum málsins, þykir dóminum sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa um 20. janúar 1980 lagt Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Sumarliði keypti um 500 grömm af hassi, og taldist ákærði eigandi verulegs hluta efnisins, sem Sumarliði flutti með sér hingað til lands 24. janúar 1980, og var þá lagt hald á efnið á Keflavíkurflugvelli.

Fyrsta brot ákærða, er nú er ákært út af, var framið í apríl 1979. Frá þeim tíma og fram í janúar 1980 stóð yfir ein samfelld brotastarfsemi ákærða. Ákærði hefur því stöðugt um 10 mánaða skeið haft fíkniefni um hönd, keypt sjálfur efni, látið kaupa fyrir sig og stundað umfangsmikla dreifingu verulegs magns fíkniefna til fjölmargra jafnt nafngreindra sem ónafngreindra manna.

Þykja tengsl milli frumbrota vera þannig, að virða beri brot ákærða heildstætt sem áframhaldandi óslitna brotastarfsemi, sem í heild varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974.

Öll brot ákærða varða við verknaðarlýsingu 2., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Brot ákærða í VII. lið ákæru þykir auk ofanritaðs varða við 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem rakið var.

Brot ákærða í XIV. lið ákæru þykir auk þess að varða við ofanritað lagaákvæði (þó ekki 20. gr. almennra hegningarlaga) einnig varða við 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Svo sem rakið var, voru umsvif ákærða mikil með fíkniefni á því tímabili, er hér um ræðir. Ákærði bar m. a. hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 að hafa farið alls 17 ferðir til útlanda á tímabilinu apríl til júlí 1979.

Ákærði var yfirleitt frumkvöðull brota, og sýnir það styrkan og einbeittan brotavilja ákærða, og verður það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki, svo kunnugt sé, gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina um nokkurt skeið, og verður það virt ákærða til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var dæmdur í 8 mánaða fangelsi og 10 þúsund króna sekt hér fyrir dómi 1. október 1980, og var sá dómur staðfestur af Hæstarétti 25. október 1982.

Refsing ákærða hér verður ákvörðuð m. a. með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 9 mánuði.

Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, alls 48 dagar, komi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Sannað þykir, að hagnaður ákærða af fíkniefnasölu var verulegur. Sjálfur kvað ákærði hagnað sinn vera 7 — 8 milljónir gkr. En þar sem hámarksfésektarrefsing fyrir brot ákærða var 1. milljón gkr. á þeim tíma, er ákærði framdi brot sín, og ákærði var dæmdur til að greiða kr. 10.000 í sekt með dómi Hæstaréttar 25. október 1982, þykir ekki unnt að beita hér hærri fésektarrefsingu en kr. 5.000.00, og vísast um það til heimildar 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 20 daga í sektar stað.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um upptöku til ríkissjóðs á gkr. 887.518,

sem er andvirði seldra fíkniefna, og vísast til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 í því sambandi.

Þá skulu upptæk til eyðingar 600 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 467 A og B. Þá skulu upptæk til eyðingar 25.5 grömm af efni, er talið var hass. Vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 í þessu sambandi.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 er ákærða gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 6.500.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og kr. 6.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í málinu, og stafar það af miklum önnum dómarans svo og hversu umfangsmikið mál þetta var.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september 1954, skal sæta fangelsi í 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 48 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 600 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 467 A og B, og 25.5. grömm af efni, merkt efnaskrá 467 C.

Upptækar til ríkissjóðs skulu gkr. 887.518.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 6.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og kr. 6.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1983.

Nr. 199/1981. **Valdís Bjarnadóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Arkitektastofunni s/f
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Vinnusamningur. Kröfu um fæðingarorlof hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 18. september 1981, með stefnu sama dag.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 5.388.73 krónur með 16% ársvöxtum af 4.194.10 krónum frá 1. febrúar 1978 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum af 5.388.73 krónum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 34% ársvextir frá 1. júní 1981 til 21. nóvember 1983 og 32% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum er áfrýjandi dæmd til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af tildæmdri fjárhæð ákveðast 34% ársvextir frá 1. júní 1981 til 21. nóvember 1983 og 32% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Valdís Bjarnadóttir, greiði stefnda, Arkitektastofunni s/f, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 3. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Launþegafélagi arkitekta f. h. Valdísar Bjarnadóttur gegn Ormari Þór Guðmundssyni arkitekt, Skeiðarvogi 45, Reykjavík og Örnólfi Hall arkitekt, Espigerði 2, Reykjavík, f. h. sameignarfélags þeirra, Arkitektastofunnar s/f, Síðumúla 23, Reykjavík.

Við munnlegan málflutning lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að Launþegafélag arkitekta færi ekki lengur með málið f. h. stefnanda, og var nafni málsins þá breytt í samræmi við það.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda fæðingarorlof að fjárhæð kr. 419.410 og orlof að fjárhæð kr. 119.463 með 16% ársvöxtum af kr. 419.410 frá 1. febrúar 1978 til 21. s. m., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 538.873 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk alls málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í byrjun árs 1975 hafi hún ráðið sig til starfa hjá Arkitektastofunni s/f, en hún sé arkitekt að mennt. Ráðningarsamningur hafi verið munnlegur þess efnis, að launakjör hennar skyldu vera sambærileg við launakjör verkfræðinga, sem störfuðu hjá ráðgjafaverkfræðingum. Hefðu þessir aðiljar gert með sér kjarasamning, en hins vegar hefðu arkitektar í þjónustu einkaaðilja og sjálfstætt starfandi arkitektar ekki gert heildarsamninga sín á milli. Á starfstíma stefnanda hjá stefndu hafi síðan verið beitt ákvæðum greinds samnings í þeim álitaefnum, sem upp komu.

Í október 1977 hafi stefnandi látið af störfum hjá stefndu vegna barnsburðar og sagt um leið upp störfum með 3ja mánaða fyrirvara. Í 5. mgr.

9. gr. kjarasamnings fulltrúaráðs Félags ráðgjafaverkfræðinga og Stéttarfélags verkfræðinga, sem í gildi hafi verið frá 1. mars 1976 til 1. febrúar 1978, segi, að ali verkfræðingur barn, skuli hann eiga rétt á að vera fjarverandi á föstum launum í 90 daga. Með vísan til þessarar greinar hafi stefnandi krafið stefndu um fæðingarorlof fyrir desember 1977 og janúarmánuð 1978, en stefndu hafi einungis fallist á að greiða fæðingarorlof fyrir nóvembermánuð 1977 og hafi sú greiðsla verið innt af hendi. Hafi stefndu vísað á bug kröfu stefnanda um frekari greiðslur á þeirri forsendu, að kjarasamningur verkfræðinga hefði eingöngu verið lagður til grundvallar varðandi mánaðarlaun, en ekki annað. Á þetta sjónarmið verði ekki fallist, þar sem kjarasamningur hafi í einu og öllu verið lagður til grundvallar í samskiptum aðilja, meðan stefnandi vann í þjónustu stefndu.

Stefndi heldur því fram, að við ráðningu stefnanda hafi aðeins verið um það samið, að henni skyldu greidd laun í samræmi við kjarasamning verkfræðinga, en tekið fram, að um önnur kjaraatriði skyldi farið eftir m. a. þeim venjum, sem myndast hefðu á starfsstofu stefndu. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við þau ráðningarkjör og hafi henni þó verið fullljóst, í hverju þau væru fólgin. Stefndu hafi mótmælt kröfu stefnanda um 3ja mánaða fæðingarorlof, þar sem krafan ætti hvorki stoð í kjarasamningi arkitekta né heldur fælist það í ráðningarsamningi hennar. Hafi stefndu þó fallist á að meta uppsögn stefnanda gilda, enda þótt hana bæri að með þessum hætti. Hafi henni jafnframt verið tjáð, að henni mundu verða greidd laun í samræmi við það, sem tíðkast hefði í slíkum tilfellum. Hafi henni síðan verið greidd laun í einn mánuð.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hefði hafið störf á Arkitektastofunni í janúar 1975, þá nýkomin frá námi í Þýskalandi. Henni hafi þá verið ókunnugt um, hverjar launagreiðslur hafi verið hjá þeim, sem unnu hjá öðrum arkitektum, og hafi hún lítillega reynt að afla sér upplýsinga um það og þeir arkitektar, sem hún talaði við, hafi sagt sér, að engir samningar væru til milli þessara aðilja, en í mörgum tilfellum væri borgað samkvæmt samningum Stéttarfélags verkfræðinga og Félags ráðgefandi verkfræðinga. Hafi stefndu sagt sér, þegar hún réðst til starfa hjá þeim, að þeir greiddu arkitektum, sem hjá þeim ynnu, skv. áðurgreindum taxta, og hafi hún samþykkt, að launagreiðslur hennar væru miðaðar við þennan samning.

Þegar stefnandi hóf störf hjá stefndu, hafi vinnutími á stofunni verið 37½ klst. á viku. Svo hafi það verið einhverja fyrstu daga, sem hún var þar til vinnu, að stofueigendur tjáðu öllu starfsfólkinu, að þar sem komnir væru svo margir aðiljar á stofuna, sem ynnu samkv. samningi 38 stundir á viku, þá ylli það ruglingi, ef sumir ynnu 37½ klst., en aðrir 38 klst. Hafi því verið ákveðið að breyta tíma alls starfsfólksins úr 37½ klst. í 38 klst.

Hafi stefnandi talið sér skylt að hlíta þeirri ákvörðun, enda hafi kjarasamningur verkfræðinga kveðið svo á, að vinnustundir skyldu vera 38.

Samkvæmt áðurgreindum kjarasamningi hafi yfirvinnugreiðslur verið 1/100 af mánaðarlaunum fyrir hverja unna klukkustund í eftirvinnu. Hafi stefnandi skilið samninginn svo, að greiða skyldi 1/80 fyrir hverja eftirvinnustund, ef vinnustundafjöldi færi yfir 10 á sólarhring. En skv. skilgreiningu stefndu hafi þeir ekki viljað greiða meira en einn áttugasta, fyrr en vinnustundafjöldi væri kominn fram úr 230 á mánuði, og í einu tilviki hafi þeir greitt sér einn áttugasta.

Stefnandi kveðst einu sinni hafa fengið greitt fjarvistargjald skv. kjarasamningi verkfræðinga, er hún fór til Norðfjarðar.

Neitað hafi verið um greiðslu orlofs á eftirvinnu á þeim forsendum, að ráðgjafaverkfræðingar hafi ætíð samþykkt samning milli sín og undirmanna sinna með þeim fyrirvara, að ekki skyldi greitt orlof á eftirvinnu. Misjafnt hafi verið, hversu þessu hafi verið háttað á öðrum arkitektastofum.

Samningurinn hafi sagt fyrir um 3ja mánaða uppsagnarfrest og hafi komið fyrir einu sinni vegna samdráttar á stofunni, að fólki hafi verið sagt upp, og hafi stefnanda þá verið sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara.

Í samningnum sé ákvæði þess efnis, að verkfræðingum, sem vinni hjá öðrum verkfræðingum, sé óheimilt að taka að sér á eigin spýtur verkefni sem sjálfstæðir verkfræðiráðgjafar nema með samþykki atvinnurekenda. Þetta atriði hafi borið á góma, þegar stefnandi réð sig á Arkitektastofuna, en niðurstaðan hafi orðið sú, að stefndu hafi ekki talið sér stætt á því að meina sér að taka að sér slík verkefni, þar sem það bryti í bága við lög og siðareglur Arkitektafélagsins, þar sem viðkomandi hafi allir verið félagar í því.

Stefnandi kvaðst einu sinni hafa sótt ráðstefnu á vegum Arkitektafélagsins í dagvinnutíma, meðan hún vann hjá stefndu, stuttu eftir að hún réð sig til starfa hjá þeim, og hafi það verið gert með fullu smþykki stefndu, án þess að til frádráttar kæmi á kaupi.

Stefnandi kvað Ormar Þór Guðmundsson hafa spurt sig að því, þegar hún var barnshafandi og kominn 6—7 mánuði á leið, hvort hún ætti von á barni og hvort hún hygðist koma aftur til starfa að loknum barnsburði. Stefnandi hafi sagt honum, að hún væri ekki búinn að ákveða það, og spurt, hvort hann vildi þá þegar fá að vita það, en hann hafi sagt, að hún gæti haft það eftir sinni hentisemi og ákveðið það síðar.

Stefnandi kvaðst hafa tilkynnt stefndu í lok október 1977, að hún þyrfti að fara í barnsburðarfrí og að hún hefði rétt á þriggja mánaða leyfi skv. ákvæði í samningi Stéttarfélags verkfræðinga. Hafi stefndi Ormar þá sagt,

að hún ætti hvorki rétt á því skv. tilvitnuðum kjarasamningi né heldur skv. nýgerðum kjarasamingi milli Launþegafélags arkitekta og deildar sjálfstætt starfandi arkitekta. Vegna þessarar misklíðar hafi stefnandi séð sig tilneydda til að segja upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara og tengja það barnsburðarfríinu. Ormar hafi boðið að greiða henni einn mánuð skv. tíðkanlegri venju, en stefnandi hafi hafnað því. Barnið hafi fæðst 24. nóvember 1977. Ormar hafi ítrekað tilboð sitt um eins mánaðar greiðslu skömmu eftir áramót 1977—1978 og spurt, hvort misklíð þeirra í millum væri ekki lokið, en stefnandi hafi hafnað því, en sagt, að hann væri að vísu með númerið á ávísanareikningi hennar og hún gæti ekki neitað honum um að leggja inn á hann greiðslu.

Stefnandi kvaðst vera búin að vinna af sér þá sex daga, sem hún hefði fengið ofgreitt í orlof á orlofsárinu 1977—1978.

Stefndi Ormar Þór Guðmundsson hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að flest það, sem kæmi fram í skýrslu stefnanda fyrir dóminum, kæmi saman við það, sem hann minnti, að sér og stefnanda hefði farið á milli. Þegar stefnandi réðst til Arkitektastofunnar, hafi ekki verið til neinn samningur milli sjálfstætt starfandi arkitekta og arkitekta, sem hjá þeim unnu. Hafi því orðið að samkomulagi, að kaup yrði greitt skv. samningi Stéttarfélags verkfræðinga, en ekki á það minnst, að sá samningur ætti yfirleitt að gilda.

Breyting sú, sem varð á vinnutíma stefnanda, hafi ekkert staðið í sambandi við samning verkfræðinga.

Sú regla hafi gilt hjá stefndu að borga einn hundraðshluta af mánaðarkaupi fyrir unna yfirvinnu og hafi það gilt um allt starfslið Arkitektastofunnar, en í einu tilfelli hafi stefnanda verið greiddur einn áttugasti fyrir unna yfirvinnu samkvæmt hennar ósk, en þá jafnframt tekið fram, að það væri ekki regla og hún gæti ekki vænst þess, að það yrði gert aftur.

Það hafi verið svolítið matsatriði hjá þeim, hvernig fólki væri greitt, sem farið hefði á vegum stofunnar út á land, og hafi þetta jafnan verið einstaklingsbundið og eftir samkomulagi við viðkomandi.

Það sé rétt, að uppsagnarfrestur hafi verið 3 mánuðir, en það hafi gengið jafnt yfir alla starfsmenn, óháð starfsgreinum þeirra.

Það hafi borið á góma við ráðningu stefnanda, að þeir ætluðust til, að stefnandi tæki ekki að sér stór verkefni sem sjálfstæður ráðgjafi, en þeir hefðu ekki á móti því, að hún tæki að sér smáverkefni sjálfstætt. Hins vegar hefði þetta aldrei komið til umræðu þeirra í milli í sambandi við lög og siðareglur Arkitektafélagsins né heldur með tilliti til þess samkomulags, sem verkfræðingar hefðu gert með sér, þetta hefði verið algert samkomulagsatriði samkvæmt fyrsta kjarasamningi, sem gerður hafi verið milli Launþegafélags arkitekta og deildar sjálfstætt starfandi arkitekta.

Stefndu hafi alltaf leyft starfsfólki sínu, ef svo bar undir, að sækja vörusýningar og fyrirlestra, án þess að dregið væri af kaupi þess.

Stefndi Ormar kvaðst ekki kannast við að hafa sagt eða á nokkurn hátt gefið til kynna, að þau stefnandi hefðu gengið frá barnsburðarleyfi hennar sín á milli, eins og haldið sé fram í yfirlýsingu á dskj. nr. 22, enda hefðu þau ekkert um það rætt á þeim tíma. Þau hafi fyrst rætt þessi mál, þegar stefnandi kom og sagði upp með þriggja mánaða fyrirvara og kvaðst mundu taka barnsburðarleyfi á þeim þrem mánuðum. Hann hafi tjáð henni, að hann liti á þetta sem fyrirvaralausa uppsögn, sem hann mundi þó ekki gera neitt veður út af, heldur taka til greina. Það muni hafa verið minnst á barnsburðarfrí stefnanda á fundi þeim, sem þar um ræðir, en ekki verið gefið til kynna á neinn hátt, að gengið hefði verið frá þeim málum.

Stefndi Ormar kvaðst hafa litið svo á, að þeir skulduðu stefnanda ekki neitt orlof, enda hafi hún aldrei minnst á það og þeir fyrst heyrt um, að þessu kynni að vera öðruvísi farið, í bréfi frá lögmanni sóknaraðilja, dags.5. júlí 1978.

Stefndi Ormar kvaðst ekki muna, að þau stefnandi hefðu rætt sérstaklega sín á milli, hvaða kjara stefnandi ætti að njóta í sambandi við barnsburðarfrí.

Varðandi tryggingar, hvort sem um hafi verið að ræða slysa-, örorkueða lífeyristryggingar, hafi gilt sérstakar reglur á skrifstofu stefndu í engum tengslum við kjarasamning verkfræðinga.

Stefndi Örnólfur Hall hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að talað hefði verið um að miða laun stefnanda, þ. e. a. s. peningagreiðslur, við laun verkfræðinga, en stefndi Ormar hafi meira haft með að gera ráðningar starfsfólks og launamál.

Aðspurður um, hvort þeir Ormar hefðu einhvern tímann rætt um, hvaða kjara stefnandi ætti að njóta í sambandi við barnsburðinn, svaraði stefndi, að þeir hafi þá ákveðið, að hún fengi greiddan einn mánuð, og hafi þeir þá haft hliðsjón af því, sem tíðkast hafði á stofunni hjá þeim, slík tilfelli hefðu tvívegis komið fyrir hjá þeim áður og hafi þá í öðru tilvikinu verið um tækniteiknara að ræða og í hinu tilvikinu skrifstofustúlku. Báðar hafi þær fallið undir VFR samning.

Vitnið Hjörleifur Stefánsson arkitekt hefur komið fyrir dóm. Aðspurður um kjör arkitekta, sem voru launþegar, áður en Launþegafélag arkitekta var stofnað, skýrði hann svo frá, að hann hefði verið starfsmaður Teiknistofunnar Höfða í eitt ár, áður en félagið var stofnað, og hafi hann þar notið — eða allavega átt að fá sömu kjör og laun og verkfræðingar með sambærilegan starfsaldur, þ. e. það hafi verið ætlast til þess, að þeir fengju greitt skv. samningi verkfræðings.

Aðspurður um kjör arkitekta almennt á þessum tíma kvað hann arkitekta almennt hafa fengið greitt skv. þessum sama samningi. Til hafi verið samþykkt, gerð á félagsfundi Arkitektafélagsins, þar sem ályktað hefði verið, að arkitektum bæri að hafa að minnsta kosti jafngóð kjör og verkfræðingar, og yfirleitt hafi verið farið eftir þessari samþykkt og arkitektum greitt skv. þessum samningum. Í eitt eða tvö skipti hafi verið svolítill misbrestur á þessu, sem hann vissi um. Þá hafi hann átt sæti í svokallaðri launþeganefnd Arkitektafélagsins ásamt fleirum og út af þessum misbrestum hafi orðið úr, að stofnað var sérstakt launþegafélag til þess að knýja á um, að þessu væri virkilega framfylgt í reynd og greitt væri eftir þessum sama samningi Verkfræðingafélagsins. Það hafi enginn verið, sem efaðist um það þá, að rétt og skylt væri að greiða skv. þessum samningi, og hafi hann litið svo á, að það væri viðtekin hefð.

Áður en hann byrjaði að vinna á Teiknistofunni Höfða, hafi hann unnið hjá Teiknistofunni Örkum í Tjarnargötu 22 í hálft til eitt ár og þar hafi verið greitt skv. þessum sama samningi.

Vitnið kvað lítils háttar ágreining hafa komið upp í sambandi við Teiknistofuna Höfða, en lyktir málsins hafi orðið þær, að í einu og öllu var farið eftir kjarasamningi Verkfræðingafélagsins.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa fengið eftirvinnu greidda skv. þessum samningi.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna til að hafa fengið fjarvistir greiddar, það hafi ekki verið um neinar fjarvistir að ræða, en í sambandi við eftirvinnu og í sambandi við öll svona hversdagslegustu atriði hafi verið farið eftir þessum samningi. Þegar upp komu breytingar á þeirri krónutölu, sem þeir hefðu átt að fá greidda mánaðarlega, eða menn ættu að færast milli launþrepa, þá hafi oft verið hringt sérstaklega í skrifstofu Verkfræðingafélagsins til þess að grennslast fyrir um það, hvernig þessum hlutum væri háttað skv. samningi þeirra.

Á þeim tíma, sem Launþegafélag arkitekta var stofnað, hafi þáverandi stjórn Arkitektafélagsins litið á það sem óþarft brambolt að vera að stofna sérstakt launþegafélag, vegna þess að það væri hafið yfir allan vafa, að arkitektum bæru sömu kjör og verkfræðingum, en hins vegar vildi stjórnin á þeim tíma ekki gangast í því máli að tryggja það á óyggjandi hátt, að menn fengju þau í reynd, og þess vegna hafi félagið verið stofnað.

Vitnið Haraldur Helgason akritekt hefur komið fyrir dóm. Aðspurður um launakjör arkitekta, áður en Launþegafélag arkitekta var stofnað, sagði hann, að töluverð óvissa um launakjör hafi ríkt hjá arkitektum og hafi ýmsir miðað við kjör opinberra starfsmanna, en það hafi verið óvissa um þetta að einhverju leyti. Þegar Launþegafélagið var launadeild innan Arkitektafélagsins, hafi verið athugað með könnun, hvernig þessi launakjör

stæðu, og hafi komið í ljós, að kjör voru mjög mismunandi. Það hafi munað 15% á kjörum þeirra lakar settu og þeirra, sem betri kjara nutu. Atvinnuveitandi vitnisins hafi verið í þeim hópi, sem bestu launin greiddi, og hafi hann líklega miðað við kjarasamning verkfræðinga. En það hafi engin regla verið um það, hvernig menn sneru sér í þessum efnum.

Aðspurður um efni dskj. nr. 22 skýrði hann svo frá, að hann myndi glögglega eftir þessum fundi, en í upphafi fundarins hafi hann rætt við stefnda Ormar um barnsburðarfrí stefnanda, en Ormar hafi ekki beinlínis viljað láta umræðuna fjalla um þetta og hafi hann afgreitt þetta mál nokkuð skjótlega með því að segja, að þetta mál hefðu þau Valdís afgreitt sín á milli og því algerlega ástæðulaust að fjalla frekar um það á þessum fundi.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna, hvort stefnandi hefði heyrt þetta fyrst á fundi, sem haldinn var 27. september 1977, hún hefði jafnvel heyrt þetta nokkru fyrr, en hún hafi strax lýst yfir nokkrum efasemdum um, að nægilega væri vel um hnútana gengið. Þess vegna hafi yfirlýsing, sem gerð var á þeim fundi, verið út búin. Nokkrar greinar í samningi arkitekta hafi eiginlega verið algerlega óleystar og hafi verið samkomulag milli nefndanna, að stefna skyldi að því, að í næstu samningum skyldi gengið þannig frá þeim, að um sambærileg atriði væri að ræða eins og verkfræðingar væru með. Þar á meðal hafi verið stefnt að því, að inn í samningana mundi koma þriggja mánaða barnsburðarfrí.

Aðspurt um merkingu 11. gr. fyrsta kjarasamnings milli Launþegafélagsins og deildar sjálfstætt starfandi arkitekta, þar sem segi, að samningurinn raski ekki kjörum þeirra, sem betri kjara njóti, kvað vitnið nokkra launþega hafa notið ákveðinna hlunninda í atriðum varðandi bein laun og einhver önnur atriði og þetta hafi verið til þess að koma í veg fyrir, að þessi hlunnindi yrðu af þeim tekin, t. d. þeim, sem voru ráðnir skv. ráðningarsamningi verkfræðinga, en vitnið kvað sér þó ekki vera kunnungt um, að verkfræðingasamningurinn hafi verið notaður beinlínis til grundvallar nokkurra samninga hjá arkitektum, en slíkt kunni að hafa verið samt.

Aðspurt um sín eigin launakjör kvað vitnið þau ekki ýkja greinileg, þetta hafi fyrst og fremst verið launasamningur milli sín og síns atvinnurekanda um beinar peningagreiðslur, en í öðrum atriðum hafi ekki verið ýkja náið farið út í þetta annað en að það væri eðlilegt að fylgja þeim kjörum, sem opinberir starfsmenn nytu.

Aðspurt um greiðslu á eftirvinnu kvað vitnið, að í sínu tilviki hafi verið um jafnaðarkaup að ræða. Varðandi launareglur hafi ekki verið farið eftir samningi verkfræðinga. Veikindaleyfi hafi vitnið ekki þurft á að halda og varðandi fjarvistir hafi vitnið getað fengið frí hvenær sem var, svo framarlega sem ekki hafi verið um óeðlileg atvik að ræða.

Ástæðan fyrir stofnun Launþegafélagsins sem sérstakrar deildar innan

Arkitektafélagsins hafi verið óvissa um launataxta og við hvað ætti að miða, en þeim hafi verið kunnugt um, að launþegar á nokkrum stofum hafi verið mun verr launaðir en þorrinn og munur á hæstu og lægstu mönnum mjög mikill. Einnig hafi verið mjög mikil óvissa um önnur réttindi launþega.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að samningar verkfræðinga hafi verið notaðir í heild sinni, en þeir hafi verið notaðir til grundvallar hjá sumum atvinnurekendum að vissu marki.

Vitnið kvað arkitekta ekki vera komna alveg eins langt og verkfræðinga í sumum atriðum varðandi mál, sem séu sambærileg við verkfræðinga, og aðspurt um barneignarfrí kvað vitnið hafa náðst talsverðan áfanga í síðustu samningum frá þeim fyrsta og hafi þeir komist töluvert langt í áttina við verkfræðingasamningana, en vitnið myndi ekki almennilega, hvar þeir væru staddir, hvort þeir hefðu tvo mánuði af þremur, en þetta séu nokkuð samtengd mál, barnsburðarmál og veikindadagar.

Vitnið Jóhannes Sveinsson Kjarval arkitekt hefur komið fyrir dóm. Aðspurður um kjör arkitekta, sem voru launþegar, áður en Launþegafélag arkitekta var stofnað, kvað hann, eftir því sem hann vissi til, að miðað skyldi við verkfræðingasamninga og út frá því hafi þeir allir gengið. Sérstaklega aðspurður um, hvort miðað hafi verið við samninginn bæði peningalega og kjaralega, kvað hann svo vera. Hann staðfesti enn fremur efni dskj. nr. 22. Hann kvaðst enn fremur hafa verið á fundinum 27. september 1977, þegar fyrsti kjarasamningurinn var samþykktur, og kvaðst hann muna, að talað hefði verið um barneignarleyfi stefnanda, en ekki á hvern hátt. Stefnandi hafi verið mjög óánægð með, að ekki skyldi vera sterkari ákvæði í samningnum um þetta atriði, en hvort hún hafi mótmælt því við Harald, að þau Ormar hefðu gengið frá þessu máli sín á milli, mundi vitnið ekki.

Vitnið Gestur Ólafsson arkitekt hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann myndi eftir því, að mál Valdísar hefði borið á góma á einum af mörgum samningafundum á þessum tíma, en kvaðst ekki minnast þess, að Ormar Þór hefði skýrt frá því, að þetta mál væri til lykta leitt. Eftir því sem hann myndi best, þá hafi orð fallið á þá leið, að þetta mál væri eiginlega prívat mál þeirra á milli, sem þessi fundur væri ekki boðaður um eða ætti að fjalla um. Aðspurður taldi hann, að Ormar Guðmundsson hefði viðhaft þau orð. Hann kvaðst ekki kannast við, að rætt hefði verið á fundinum, að Ormar hefði sagt, að þau Valdís hefðu gengið frá því máli sín á milli og því væri ástæðulaust að fjalla um það á fundinum. Hann vildi ekki fullyrða, að hann hefði heyrt allt, sem fram fór á þessum fundi.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar um fæðingarorlof eftirfarandi rökum:

Stefnandi réðst til starfa hjá stefndu árið 1975. Var gerður munnlegur ráðningarsamningur þess efnis, að launakjör hennar skyldu vera sambærileg við launakjör verkfræðinga hjá ráðgefandi verkfræðingum skv. kjarasamningi, sem þá var í gildi milli Stéttarfélags verkfræðinga og Félags ráðgefandi verkfræðinga, en skv. þeim samningi segi, að ali verkfræðingur barn, skuli hann eiga rétt á samtals 90 daga fæðingarorlofi á föstum launum. Því sé haldið fram, að starfskjör stefnanda hafi ráðist af ákvæðum fyrrgreinds samnings, en ekki aðeins launagreiðslur. Sé öðru haldið fram, hljóti stefndu að bera sönnunarbyrðina, en þeir hafi haft betri aðstöðu til að kynna sér kjör arkitekta á þessum tíma og engin tilraun hafi verið gerð af þeirra hálfu til að ræða launakjörin við stefnanda, en hún látin standa í þeirri trú, að samningurinn hafi gilt í heild sinni. Í framkvæmd hafi starfskjör stefnanda ráðist af ákvæðum samningsins og séu eftirfarandi dæmi því til stuðnings:

1. Vinnutími var lengdur úr 37½ klst. í 38 klst. skv. 4. gr. kjarasamnings verkfræðinga.

2. Yfirvinnugreiðslur voru við það miðaðar, að fyrst skyldi greiða einn hundraðasta af mánaðarkaup, þar til tilteknum stundafjölda hefði verið náð, en þá skyldi greiða 1/80 af mánaðarkaup, og hafi þetta verið rökstutt af hálfu stefndu með vísan til kjarasamnings verkfræðinga.

3. Stefnanda var greitt fjarvistargjald í samræmi við kjarasamning verkfræðinga.

4. Hafnað var greiðslu orlofs á eftirvinnu lögum samkvæmt af hálfu stefndu og rökstutt með tilvitnun í kjarasamning verkfræðinga og túlkun Félags ráðgjafaverkfræðinga á þeim kjarasamningi.

5. Við uppsögn á starfstíma stefnanda hjá stefndu var uppsagnartími miðaður við kjarasamning verkfræðinga.

6. Í viðræðum stefnanda við stefndu um störf utan vinnustaðar og í vinnutíma hjá stefndu hafi afstaða stefndu verið sú, að stefnanda væri óheimilt að vinna að samkeppnisverkefnum og verkefnum fyrir eigin reikning. Þessa afstöðu hafi stefndu rökstutt með vísan til kjarasamnings verkfræðinga.

7. Stefndu hafi samþykkt ósk stefnanda um að taka þátt í ráðstefnu á sameiginlegu sérsviði í dagvinnutíma og hafi það verið gert með vísan til ákvæðis í kjarasamningi verkfræðinga.

8. Stefndu greiddu iðgjöld í lífeyrissjóð vegna stefnanda og héldu eftir hluta af launum hennar, sbr. 1. mgr. 3. gr. kjarasamnings verkfræðinga.

Stefndu haldi því fram, að önnur kjör stefnanda hafi farið eftir fastmótuðum venjum, en engin sönnun sé fram komin um, að um fastmótaðar venjur hafi verið að ræða. Stefndu hljóti að bera sönnunarbyrðina fyrir því og engin tilraun hafi verið gerð til að ræða önnur kjör Valdísar við hana sjálfa eða tekið fram við hana, að um önnur kjör skyldi farið eftir

venju. Það segi sig sjálft, að enginn ræður sig til starfa í þjónustu annarra eingöngu upp á ákveðin mánaðarlaun, og hefðu því aðiljar málsins orðið að semja um einstök atriði, ef ekki hefði verið samkomulag um að leggja kjarasamning verkfræðinga til grundvallar í samskiptum aðilja. Stefndu hafi breytt ýmsum starfsvenjum einhliða, en stefnandi hafi ekki gert athugasemd við þær breytingar, þar sem þær hafi verið í samræmi við kjarasamning verkfræðinga. Ekki sé hægt að semja um skyldur, en sleppa réttindum.

Einnig megi benda á það, að menntun stefnanda sé önnur en almenns skrifstofufólks og hljóti hún því að starfa eftir öðrum kjörum en það.

Meðal þeirra ákvæða í kjarasamningi verkfræðinga, sem hér skipti máli, sé ákvæði þess efnis, að konur skuli halda óskertum launum í þrjá mánuði vegna barnsburðar. Samkvæmt því hafi stefnandi átt rétt til launa í þrjá mánuði í barnsburðarfríi, er hún lét af störfum hjá stefndu í októberlok vegna barnsburðar. Ekki skipti þá máli, hvort hún hafi ætlað að láta af störfum að loknu þriggja mánaða barnsburðarfríi eða ekki, enda muni stefndu hafa verið kunnugt um óhjákvæmilega nauðsyn stefnanda á leyfi í tæka tíð. Uppsagnarfrestur stefnanda og barnsburðarleyfi í nóvember og desember 1977 og janúar 1978 hafi fallið saman.

Á árinu 1977 hafi tekist samningar með deild sjálfstætt starfandi arkitekta og Launþegafélags arkitekta og hafi sá samningur gengið í gildi 1. júlí 1977, sbr. dskj. nr. 10. Ekki hafi tekist að ganga frá öllum samningsatriðum þá og m. a. hafi ekki verið útrætt um það, hvernig barnsburðarleyfi skyldi háttað. Hafi fulltrúar Launþegafélagsins ekki lagt svo mikla áherslu á að fá þetta atriði inn í kjarasamningana þá, þar sem stefndu höfðu lýst því yfir, að samkomulag hefði tekist við stefnanda um tilhögun greiðslu til hennar vegna fæðingarorlofs. Hafi þetta síðan ekki reynst á rökum reist.

Þó ekki hafi verið ákvæði um barnsburðarleyfi í samningi arkitekta, sé fráleitt að líta svo á, að réttur stefnanda hafi þar með fallið niður. Í því sambandi sé bent á 11. gr. greinds kjarasamnings á dskj. nr. 10, en þar segi, að nefndur samningur raski ekki kjörum þeirra, sem betri kjara njóti. Hafi Launþegafélag arkitekta samþykkt yfirlýsingu, dags. 27. september 1977, sbr. dskj. nr. 12, þar sem segi, að félagsmenn njóti áfram sömu kjara og í kjarasamningi verkfræðinga greini varðandi þau atriði, sem enn hafi verið óútkljáð. Hafi deild sjálfstætt starfandi arkitekta enga athugasemd gert við þessa túlkun Launþegafélagsins.

Einnig megi benda á, að innan Arkitektafélags Íslands hafi verið samstaða um, að launakjör arkitekta séu ekki verri en launakjör verkfræðinga, sbr. dskj. nr. 17.

Stefnufjárhæðin sé þannig fundin út, að reiknað sé 78.6% af mánaðar-

launum arkitekta, sem hafi verið kr. 266.800 í 2. seinni mánuði fæðingarorlofs stefnanda. Prósentan sé sú sama og gengið sé út frá í launagreiðslun stefndu til stefnanda fyrir nóvembermánuð 1977. Enn fremur sé gerð krafa um ógreitt orlof fyrir orlofsárið 1. maí 1977 til 30. apríl 1978, kr. 119.463, þ. e. 8.33% af launagreiðslum til stefnanda á þessu tímabili, en greidd laun hafi samtals numið kr. 1.014.722 auk þess sem gerð sé krafa um orlof á launagreiðslu vegna ógreidds fæðingarorlofs í desembermánuði 1977 og janúarmánuði 1978, þ. e. kr. 419.410, samtals 8.33% af kr. 1.434.132.

Orlofskrafan eigi sér skýra stoð í lögum nr. 87/1971, 1. gr., en þar sé kveðið svo á, að allir, sem starfi í þjónustu annarra gegn launum, eigi rétt á orlofi eða launum í orlofi. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sömu laga nemi þessi upphæð 8⅓ af launum á orlofsárinu. Virðist neitun stefndu á greiðslu orlofsfjár byggð á þeim misskilningi, að orlofsárið standi frá áramótum til áramóta, en skv. 2. mgr. 3. gr. áðurgreindra laga standi orlofsárið frá 1. maí til 30. apríl. Mánaðarleyfi, sem stefnandi hafi tekið sumarið 1977, hafi verið leyfi fyrir orlofsárið 1. maí 1976 til 30. apríl 1977.

Stefndi styður sýknukröfu sína vegna kröfu stefnanda um fæðingarorlof eftirfarandi rökum:

Því sé alfarið mótmælt, að stefnandi hafi verið ráðin til starfa skv. kjarasamningi verkfræðinga. Við ráðningu hennar hafi aðeins verið um það samið, að henni skyldu greidd laun í samræmi við þann kjarasamning, en tekið fram, að um önnur kjaraatriði skyldi fara eftir m. a. þeim venjum, sem myndast höfðu á starfsstofu stefndu. Á þessum tíma höfðu engir kjarasamningar verið gerðir milli teiknistofueigenda og arkitekta í þeirra þjónustu, þannig að hver einstök teiknistofa hafi þróað með sér sjálfstætt fyrirkomulag um launakjör. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við þau ráðningarkjör, sem henni voru í upphafi veitt. Hafi henni þó verið fullljóst, í hverju þau voru fólgin. Þegar stefnandi sagði upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara og ákvað að hætta næsta dag, þar sem hún ætti rétt á fæðingarorlofi, hafi það komið stefndu á óvart og hafi þeir tjáð stefnanda, að slík krafa ætti hvorki stoð í kjarasamningi arkitekta né heldur fælist það í ráðningarsamningi hennar, en þó hafi stefndu fallist á að meta uppsögnina gilda, en stefnanda jafnframt tjáð, að henni yrðu greidd laun í samræmi við það, sem tíðkast hefði í slíkum tilfellum, og hafi henni skv. því verið greidd laun í 1 mánuð.

Sýknukrafan sé fyrst og fremst byggð á því, að stefnanda hafi verið greidd laun í samræmi við ráðningarsamning hennar, sem hafi verið hagstæðari að þessu leyti en kjarasamningur arkitekta við vinnuveitendur kvað á um. Einhliða samþykkt Launþegafélags arkitekta frá 27. sept. 1977, sbr. dskj. nr. 12, breyti hér engu um. Þar sem ágreiningur sé um kjör stefnanda, komi vísan til 11. gr. kjarasamnings á dskj. nr. 10 ekki að haldi. Annað

mál væri, ef stefndu hygðust svipta stefnanda ótvíræðum rétti skv. kjarasamningi.

Stefnandi hafi talið upp nokkur atriði, sem eigi að sýna fram á, að um kjör hennar almennt hafi verið farið eftir kjarasamningi verkfræðinga. Þessu sé mótmælt með eftirfarandi rökum:

1. Stefnandi hafi upphaflega verið ráðin til vinnu miðað við, að vikuleg vinnuskylda væri 37½ klst, og hafi það ekki verið í samræmi við kjarasamning verkfræðinga. Það sé ekki rétt, að vinnutíminn hafi verið lengdur í 38 klst. með stoð í 4. gr. samningsins, heldur hafi það verið gert til samræmis við almennan vinnutíma skrifstofufólks og hafi þetta ekki gilt eingöngu um stefnanda, heldur alla á teiknistofunni.

2. Sú regla hafi gilt á skrifstofu stefndu, að yfirvinna væri greidd með 1/100 úr mánaðarlaunum. Stefndu hafi í eitt skipti greitt stefnanda 1/80 úr mánaðarlaunum eftir sérstakri ósk hennar þar um, en jafnframt hafi þess verið getið, að slíkt mundi ekki verða eftirleiðis. Það hafi ekkert haft með kjarasamning verkfræðinga að gera og hafi stefnandi viðurkennt fyrir dómi, að stefndu hafi ekki viljað greiða skv. kjarasamningnum 1/80 úr mánaðarlaunum, þegar vinnustundafjöldi hafi farið yfir 10 klst. á sólarhring, heldur hafi þeir viljað beita reglu um greiðslu 1/80, þegar vinnustundafjöldi fór yfir 230 klst. á mánuði, en það hafi ekki verið skv. hennar skilningi á samningnum.

3. Engin föst regla hafi gilt á starfsstofu stefndu um greiðslu fjarvistargjalds, þetta hafi verið metið í hverju einstöku tilfelli eftir því, hvernig atvikum var háttað. Stefnandi hafi eitt sinn verið send til Norðfjarðar og hafi hún í lok ferðarinnar farið fram á greiðslu fjarvistargjalds. Þar sem þetta þótti ekki ósanngjarnt, hafi verið farið að hennar óskum og henni greitt fjarvistargjaldið, en án þess að það stæði í nokkrum tengslum við ákvæði kjarasamnings verkfræðinga þar um.

4. Því sé alfarið neitað, að stefndu hafi vísað til kjarasamnings verkfræðinga um synjun á greiðslu orlofs á eftirvinnu, heldur hafi verið farið eftir þeim reglum, sem um þetta giltu á starfsstofu stefndu og velflestum öðrum teiknistofum arkitekta.

5. Uppsagnartíminn hafi ekki verið miðaður við kjarasamning verkfræðinga, heldur þær reglur, sem almennt gildi um uppsagnarfrest í þjóðfélaginu, ef undan séu skildar reglur ýmissa kjarasamninga ófaglærðs vikukaupsfólks.

6. Það megi að vísu teljast óeðlilegt, ef starfsfólk sé að keppa við vinnuveitanda sinn utan vinnutíma og vinna að verkefnum, sem það hafi e. t. v. öðlast fyrir óbeina milligöngu eða aðstöðu, sem vinnuveitandinn veiti. Hins vegar hafi ekki verið lagðar neinar beinar skorður við vinnu stefnanda utan

vinnutíma. Meðal annars megi benda á, að hún tók þátt í samkeppnum og starfaði að einhverju leyti að öðrum arkitektarstörfum utan vinnutíma hjá stefndu. Einnig sé á það bent, að stefnandi auglýsti í símaskrá árin 1976 — 1977, meðan hún starfaði hjá stefndu. Laun stefndu (sic) hafi ekki lækkað þrátt fyrir störf hennar utan vinnutíma, þar sem stefndu töldu sig bundna við greiðslur launa skv. umræddum kjarasamningi án tillits til annarra kjaraatriða.

7. Stefndu hafi ávallt álitið það sem hluta af starfi arkitekta í þeirra þjónustu að sækja fundi, ráðstefnur og annað það, sem gerði þá hæfari í starfi, og lagt að starfsfólki sínu að afla sér aukinnar þekkingar. Þetta sé á engan hátt tengt kjarasamningi verkfræðinga, heldur byggist á því sjónarmiði, að æskilegt sé að hafa sem bestu og hæfustu starfsfólki á að skipa.

Enn fremur kveður stefndi arkitekta hafa farið aðrar leiðir en verkfræðinga í sambandi við greiðslur í lífeyrissjóði og greitt sé í Lífeyrissjóð arkitekta, en ekki verkfræðinga. Ekkert þessara atriða sé leiðbeinandi um, að önnur kjör hafi farið eftir kjarasamningi verkfræðinga. Stefnandi hafi slitið réttarsambandinu við stefndu með fyrirvaralausri uppsögn sinni og hafi ekkert réttarsamband verið milli stefnanda og stefndu, þegar barnið fæddist.

Telji dómurinn, að kjarasamningur verkfræðinga eigi að gilda um álitaefnið, þá sé á það bent, að í 5. mgr. 9. gr. kjarasamningsins segi svo: „Ali verkfræðingur barn, skal hann eiga rétt á að vera fjarverandi með föstum launum allt að 90 daga.“ Í þessu felist, að honum sé skylt að koma aftur í vinnu, til þess að ákvæðið taki gildi, skv. því eigi stefnandi ekki rétt á fæðingarorlofi, jafnvel þótt samningurinn verði talinn ná til hennar, þar sem hún hafi ekki komið til vinnu, eftir að hún fór í fæðingarorlof.

Varðandi orlofsfé telji stefndu, að þeir hafi þegar greitt stefnanda orlof fyrir þann tíma, sem hún var í starfi hjá þeim. Með athugun á dskj. nr. 19 — 21 sjáist, að árið 1975 hafi stefnanda verið greitt orlofsfé í peningum. Hafi hún þá tekið launalaust orlof mánuðina júní og júlí, sbr. dskj. nr. 19. Á dskj. nr. 20 sjáist, að henni hafi verið greitt orlofsfé í peningum til 31. maí 1976, en jafnframt hafi hún tekið orlof á fullum launum í 21 virkan dag. Hér sé um tvígreiðslu orlofs að ræða. Þetta hafi verið gert með hliðsjón af því, að stefndu miði greiðslur orlofs við almanaksárið, og eigi slíkt ekki að vera starfsfólki þeirra óhagstæðara. Stefnandi hafi ekki talið sér þetta í óhag, er hún tók við greiðslu þessa orlofsfjár, a. m. k. hafi hún engar athugasemdir gert við þessa framkvæmd. Á dskj. nr. 21 sjáist, að stefnandi tók orlof allan ágústmánuð og auk þess tvo daga í júlí og tvo í september það ár, eða samtals 30 virka daga, eða 6 dögum lengra orlof en hún eigi rétt á skv. kjarasamningum. Af þessu sjáist, að hún hafi

fengið greitt orlofsfé fyrir orlofstímabilið frá 1. maí 1975 til 1. maí 1976 og auk þess fyrir maímánuð það ár. Jafnframt því hafi hún notið fulls orlofs árið 1976 og umframorlofs árið 1977. Verði stefndu talið skylt að greiða stefnanda orlofsfé, þá verði að taka tillit til þess, hvað hún hafi fengið ofgreitt í orlof.

IV.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar krefst hún greiðslu fæðingarorlofs í tvo mánuði og hins vegar greiðslu orlofs fyrir orlofsárið 1. maí 1977 — 30. apríl 1978. Skal nú vikið að fyrri þætti kröfunnar.

Fram hefur komið, að allmikil óvissa var ríkjandi í kjaramálum arkitekta, sem voru launþegar á þessum tíma. Í mörgum tilvikum virðist kjarasamningur verkfræðinga hafa verið lagður til grundvallar varðandi peningagreiðslur, en meiri óvissa ríkti um önnur kjaraatriði.

Óumdeilt er, að peningagreiðslur til stefnanda áttu að miðast við umræddan kjarasamning, en hins vegar virðist ekki hafa verið rætt um önnur kjaraatriði við ráðningu stefnanda. Stefnandi byggir málssókn sína varðandi þennan þátt kröfugerðarinnar á því, að í framkvæmd hafi verið farið eftir kjarasamningi verkfræðinga um önnur þau kjaraatriði, sem upp komu á starfstíma hennar hjá stefndu, en stefndu hafa mótmælt því, að nokkurt þeirra atriða byggi á umræddum samningi. Verður nú fjallað nánar um þessi atriði.

Upplýst er í málinu, að stefnandi var upphaflega ráðin til starfa miðað við, að vikuleg vinnuskylda skyldi vera 37½ klst., enda þótt samningur verkfræðinga hljóðaði upp á 38 klst. Aðiljum ber enn fremur saman um, að óskað hafi verið eftir breytingu á vinnutímanum til þess að samræma vinnutíma starfsfólks á teiknistofunni, en ekki hafi verið vitnað til kjarasamnings verkfræðinga. Gegn andmælum stefndu er sú staðhæfing stefnanda, að lenging vinnutímans sé byggð á umræddum kjarasamningi, því ekki nægum rökum studd.

Í 4. mgr. 4. gr. kjarasamnings verkfræðinga, sem fram hefur verið lagður í málinu, segir, að fari vinnustundafjöldi fram úr 10 stundum á sólarhring virka daga aðra en laugardaga, skuli greiða fyrir hverja slíka unna klukkustund með 1/80 af föstum mánaðarlaunum. Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndu hafi ekki viljað greiða skv. þessu ákvæði, heldur hafi þeir viljað túlka það þannig, að þeir hafi ekki viljað greiða meira en (sic) 1/80 fyrr en vinnustundafjöldi væri kominn fram úr 230 klst. á mánuði. Samsvarandi reglu er að vísu að finna í 3. mgr. 4. gr. samningsins, en þar sem reglur þessar útiloka ekki hvor aðra, þykir mega fallast á það með stefndu, að kjarasamningur verkfræðinga hafi ekki verið lagður til grundvallar varðandi yfirvinnugreiðslur.

Í kjarasamningi verkfræðinga segir svo m. a. í 5. gr. um fjarvistargjald, að það skuli vera 1% af mánaðarlaunum fyrir fasta dagvinnu fyrir hvern sólarhring, sem fjarvistin varir, en semja skuli sérstaklega um greiðsluna, fari fjarvistin fram yfir 15 sólarhringa samfleytt. Stefnandi kveðst einu sinni hafa fengið greitt fjarvistargjald, en ekki er upplýst í málinu, hversu löng ferð stefnanda var eða hvernig greiðslum var háttað í því tilviki. Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi þannig ekki fært næg rök að því, að kjarasamningur verkfræðinga hafi verið lagður til grundvallar við þessar greiðslur.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að synjun stefndu um greiðslur orlofs á yfirvinnu byggist á túlkun Félags ráðgjafaverkfræðinga á kjarasamningi verkfræðinga, en í umræddum samningi eru engin ákvæði um greiðslur orlofs á yfirvinnu.

Enn fremur þykir stefnandi ekki gegn andmælum stefndu hafa sýnt fram á, að beitt hafi verið sömu reglu og vísað er til í kjarasamningi verkfræðinga varðandi greiðslur vegna hennar í Lífeyrissjóð arkitekta.

Fallast má á það með stefnanda, að reglur þær, sem beitt var á teiknistofu stefndu varðandi uppsagnarfrest og þátttöku í ráðstefnu í dagvinnutíma, eigi sér hliðstæðar reglur í kjarasamningi verkfræðinga.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir stefnandi ekki hafa fært næg rök að því, að kjarasamningur verkfræðinga hafi verið lagður til grundvallar varðandi önnur kjör hennar hjá stefndu en beinar launagreiðslur, enda þótt hliðstæðar reglur sé að finna í greindum samningi varðandi nokkur þeirra atriða.

Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi að öðru leyti átt kröfu til 3ja mánaða barnsburðarleyfis, verður að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

Skal nú vikið að síðari kröfulið stefnanda.

Samkvæmt framlögðum launaseðlum stefnanda mun hún hafa fengið greitt orlof í peningum, frá því að hún hóf störf hjá stefndu 16. janúar 1975 og til 31. maí 1976. Stefnandi tók launalaust leyfi sumarið 1975, en sumarið og haustið 1976 var hún fjarverandi í orlofi í samtals 21 dag á fullum launum. Miðað við það, að orlofsári ljúki 30. apríl, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1971, má fallast á það, að stefnda (sic) hafi ekki átt rétt á launuðu orlofi þetta sumar.

Enn fremur halda stefndu því fram, að sumarið 1977 hafi stefnandi fengið 6 dögum lengra orlof en hún átti rétt á, og bera launaseðlar það með sér. Stefnandi hefur haldið því fram, að hún hafi unnið þessa 6 daga af sér.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1971 um orlof er flutningur orlofsfjár milli orlofsára óheimill, og geta stefndu skv. því ekki krafið stefnanda um endurgreiðslu vegna ofgreidds orlofs sumarið 1976 og 1977 af orlofsfé

því, sem til greiðslu kemur orlofsárið 1977 — 1978, vegna orlofs sumarið 1978. Þegar af þessum sökum verður krafa stefndu um frádrátt ofgreidds orlofsfjár ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu á stefnandi rétt á greiðslu orlofs vegna mánaðanna 1. maí 1977 — 30. nóvember s. á., eða í 7 mánuði.

Útreikningi stefnanda á orlofsgreiðslu hefur ekki verið mótmælt, og reiknast orlof hennar fyrir þennan tíma skv. því kr. 84.526. Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Rétt þykir, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 170.000.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. nóvember sl.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Arkitektastofan s/f, Síðumúla 23, Reykjavík, greiði stefnanda, Valdísi Bjarnadóttur, Laufásvegi 54, Reykjavík, kr. 84.526 með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. desember 1983.

Nr. 132/1981. **Friðgeir S. Haraldsson og Oddur Jónsson** (Páll A. Pálsson hrl.) gegn **Ásgeiri Björnssyni** (Árni Grétar Finnsson hrl.).

Hefð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1981. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð álitsgerð Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns og Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings frá 31. mars 1982, en þeir voru dómkvaddir 25. janúar það ár að beiðni lögmanns áfrýjenda til að skoða loftmyndir, sem fram hafa verið lagðar í málinu og getið er í héraðsdómi, og „framkvæma nákvæma tækniskoðun“ á þeim, en láta síðan uppi álit um, hvor „loftmyndin sýni, að merktur landskiki sé afgirtur.“

Í álitsgerð Ágústs og Ragnars segir m. a.:

„Eftir héraðsdómskjali nr. 46 eða frummyndum þess í þrívídd verður ekkert fullyrt um, hvort landskiki sá, er um ræðir í skjölum málsins, sé afgirtur, þegar myndin frá 12. 7. 1959 er tekin. Hinsvegar má á sama dómskjali greina skuggaskil við suðvesturjaðar landsins á þeim stað, sem girðing er sögð hafa verið síðar. Þessi skuggaskil gætu verið vísbending um girðingu, en gætu einnig átt aðrar orsakir.

Það er álit okkar, að á loftljósmynd, sem tekin er úr ca. 6000 m hæð, eins og myndin, sem dómskjal nr. 46 er gert eftir, verði girðing ekki greind, nema um sé að ræða verulega hleðslu undir

girðinguna, eða að af henni stafi greinileg gróðurskil í landinu."

Ágúst Guðmundsson deildarstjóri kom fyrir dóm 1. nóvember sl., en um vottorð hans frá 5. mars 1981 er getið í héraðsdómi. Ítrekaði hann það álit, sem kemur fram í vottorðinu, og skýrði skoðun sína frekar.

II.

Þegar stefndi höfðaði mál þetta, var áfrýjandinn Oddur Jónsson samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti eigandi jarðarinnar Sands í Kjósarhreppi, en landspilda sú, sem um er deilt í málinu, er úr landi þeirrar jarðar. Ekki lék á tveim tungum, hver væri til varnaraðildar í máli út af eignarrétti á spildu þessari. Allt um það höfðaði stefndi mál þetta með eignardómsstefnu skv. 220. gr. laga nr. 85/1936. Þeir stefnuhættir voru ekki réttir. Oddur Jónsson tók til varna í málinu. Þykir fært að leggja dóm á málið, eins og hér hagar til, en þó svo, að skoða ber það sem mál gegn ofangreindum áfrýjanda til viðurkenningar á eignarrétti yfir landspildu þeirri, sem málið varðar.

Málið gegn áfrýjandanum Friðgeiri Haraldssyni er höfðað með sakaukastefndu til þess, að hann þoli dóm í eignardómsmálinu nr. 267/1979: Ásgeir Björnsson gegn Oddi Jónsson „og öðrum krefjendum eignarréttar yfir landspildu úr landi Sands, Kjósarsýslu." Átti ekki við að vísa til annarra krefjenda eignarréttar, sbr. það, sem að framan segir.

III.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að stefndi hafi öðlast eignarrétt með kaupsamningi yfir spildu þeirri, sem aðiljar deila um.

Fram er komið, að sumarið 1953 fékk stefndi umráð hins umdeilda lands með samningi við áfrýjandann Odd Jónsson. Stefndi hafði þessi umráð í fullan hefðartíma. Er ósannað, að til umráða þessara hafi verið stofnað á þann hátt, að stefndi megi ekki eignast landið fyrir hefð, sbr. 2. gr., 3. mgr., laga nr. 46/1905. Verður því að taka til greina kröfu hans um viðurkenningu á eignarrétti, sbr. nýnefnd lög 1., 2. gr., 1. mgr., og 6. gr., 1. mgr.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, en ekki er ágreiningur um mörk þrætulandsins eða stærð.

Það athugast, að í dómsorði héraðsdóms er föðurnafn Ásgeirs Björnssonar, stefnda fyrir Hæstarétti, misritað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda um það, að mál þetta sé ranglega höfðað sem eignardómsmál skv. 220. gr. laga nr. 85/1936, en hins vegar megi leggja dóm á það á þeim grundvelli, sem grein er gerð fyrir í atkvæði þeirra.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að stefndi hafi öðlast eignarrétt með kaupsamningi yfir spildu þeirri, sem aðiljar deila um.

Ég tel ekki, að leitt hafi verið í ljós, að stefndi hafi sýnt í verki þau umráð yfir umræddri landspildu fullan hefðartíma, er mál þetta var höfðað, sem hafi í för með sér, að hann hafi unnið eignarhefð á henni skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

Ég tel því, að sýkna beri áfrýjendur af kröfum stefnda í máli þessu og dæma hann til að greiða áfrýjendum málskostnað.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 17. mars 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. þ. m., var þingfest hinn 5. september 1989. Sóknaraðili er Ágeir Björnsson, Stigahlíð 14, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að honum verði dæmdur eignarréttur yfir landspildu, upphaflega úr landi Sands, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, sem er á tanga suðvestur af trébrú á vegi að Grjóteyri og Flekkudal og liggur í um 130 metra vestur af Sandsárbrú. Tangi þessi afmarkast í suðri af girðingu jarðarinnar Sands, Kjósarhreppi. Landspilda þessi er innan girðingar og er 2.578 fermetrar að stærð. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu. Sóknaraðili hefur lagt fram uppdrátt, þar sem umrædd landspilda er afmörkuð, gerðan í ágúst 1971 af Sigurði Guðmundssyni. Uppdrátturinn fylgir dómi þessum.

Varnaraðiljar í málinu eru Friðgeir S. Haraldsson, Melgerði 10, Kópavogi, og Oddur Jónsson, Lyngbrekku 15, Kópavogi. Friðgeir er eigandi jarðarinnar Sands, keypti jörðina af Oddi samkvæmt afsali, dags. 19. júní 1979.

Báðir varnaraðiljar krefjast þess, að dómkröfum sóknaraðilja verði alfarið synjað og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans. Til vara, að einungis verði viðurkennt, að stefnandi eigi afnotarétt umdeildrar landspildu, og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sóknaraðili hagaði málshöfðun sinni svo, að hann fékk hinn 6. júní 1979 útgefna eignardómsstefnu á hendur krefjendum eignarréttar yfir nefndri landspildu, og birtist stefnan í 46. tbl. Lögbirtingablaðs, er út kom 15. júní 1979. Við þingfestingu hinn 5. september sama ár mætti Oddur Jónsson og tók til varna. Sókaraðili gaf hinn 28. apríl 1980 út sérstaka sakaukastefnu á hendur Friðgeiri Haraldssyni, og var sök á hendur honum þingfest hinn 30. apríl 1980, og tók hann þá til varna. Engin deila er með aðiljum um formhlið málsins eða aðild.

II.

Stefnandi Ásgeir heldur því fram, að hann hafi keypt hina umþrættu landspildu af stefnda Oddi árið 1953. Stefndi Oddur heldur því á hinn bóginn fram, að hann hafi ekki selt Ásgeiri spilduna, heldur leigt honum hana. Leigutíminn hafi ekki verið tiltekinn. Leigugjaldið hafi Ásgeir greitt í einu lagi fyrirfram. Spildan hafi verið leigð Ásgeiri einvörðungu til skógræktar og með þeirri kvöð, að ekki mætti reisa á henni sumarbústað eða aðrar byggingar. Engir skriflegir samningar voru gerðir um þessi viðskipti, hvorki skriflegur kaupsamningur né leigusamningur.

Ásgeir inngirti spilduna. Oddur telur, að honum hafi verið það heimilt samkvæmt samningum þeirra, hann orðaði það svo: „Það er ekki hægt að leyfa skógrækt og banna girðingu.“ Girðingin stendur enn og er í bærilegu ástandi. Ásgeir telur sig hafa girt 4—5 árum eftir kaupin (samkvæmt því árið 1957 eða 1958) og byggir til vara á hefð. Oddur telur, að Ásgeir hafi ekki girt fyrr en eftir 1960, líklega ekki fyrr en eftir 1963. Oddur hefur ekki haldið því fram, að hann hafi beitt landspilduna eða haft af henni neins konar afnot, eftir að hún var girt. Óumdeilt er, að Ásgeir setti niður nokkrar trjáplöntur, skömmu eftir að hann girti. Þær þrifust illa, en ca 10 þeirra lifa enn, þótt þær hafi lítið vaxið.

III.

Um tildrög að viðskiptum aðilja er það fram komið, að sóknaraðili Ásgeir rak á árunum 1944—1956 verslun með nýlenduvörur og fleira að Baldursgötu 11 í Reykjavík. Um svipað leyti og hann hóf verslunarrekstur-

inn byggði hann sér sumarbústað við Meðalfellsvatn á spildu úr landi Grjóteyrar, sem er næsti bær við Sand. Kynntist hann nokkrum bændum í nágrenninu, þ. á m. Oddi bónda á Sandi. Tóku þeir upp viðskipti sín á milli, m. a. þannig að Oddur lagði inn egg hjá Ásgeiri, en tók út nýlenduvörur og fleiri nauðsynjar til heimilisnota. Báðir voru áhugamenn um skógrækt. Varð það úr árið 1953, að Ásgeir fekk landskika þann, er deilt er um í máli þessu. Ásger telur, að um kaup á landinu hafi verið að ræða og hafi kaupverð verið kr. 3.117.60 og þannig greitt, að hann hafi kvittað út skuld Odds í versluninni, sem þá hafi numið greindri fjárhæð. Þessu til stuðnings hefur Ásgeir lagt fram úttektarnótur, en samkvæmt þeim nam skuld Odds hinn 30. september 1953 kr. 3.117.60.

Oddur telur, að sú fjárhæð, sem Ásgeir tilgreinir, sé allt of há, hann telur, að verlunarskuldin, sem kvittuð var út, hafi verið í mesta lagi fimmhundruð til eitt þúsund krónur. Þetta hafi verið heildar- og lokagreiðsla fyrir leiguafnot af blettinum til óákveðins tíma til skógræktar.

IV.

Sóknaraðili Ásgeir hefur leitt nokkur vitni fyrir dóminn. Vitnið Gunnar Gissurarson, Frakkastíg 14. Reykjavík, kvaðst hafa verið viðstaddur, er þeir Ásgeir og Oddur mæltu umræddra spildu út. Hann kvaðst ekki hafa talað neitt við Odd, en kvað Ásgeir hafa sagt sér, að hann væri að kaupa spilduna, og alla tíð síðan álitið, að Ásgeir væri eigandi hennar. Ekki kvaðst hann þó hafa heyrt nein orðaskipti þeirra Odds og Ásgeirs um þetta efni.

Vitnið Sigurður Ingvarsson, Granaskjóli 15, Reykjavík, sem frá 1944 hefur átt sumarbústað skammt frá sumarbústað sóknarðilja, kvaðst hafa fregnað um það 1952 eða 1953, að Ásgeir hefði keypt umræddan landskika. Hann kvðst þó aldrei hafa rætt þetta mál við Odd, heldur við nágranna sína, sumarbústaðaeigendur þar efra. Nánar spurður um, hvaðan honum hafi komið vitneskja um, að um kaup hafi verið að ræða fremur en leigu, svaraði vitnið: „Hann sagði mér bara, að hann væri búinn að fá land hjá þessum bónda."


Vitnið Magnús Jósefsson, Hofsvallagötu 22, sem einnig átti sumarbústað við Meðalfellsvatn á umræddu tímabili, kvaðst ekki vita betur en Ásgeir ætti umræddan landskika. Nánar aðspurt sagði vitnið: Ásgeir hefur væntanlega sagt mér þetta. Það vissu þetta allir þarna á bakkanum, Odd sá maður aldrei."

Vitnið Jóhann Eyvindson, Borgarholtsbraut 72, Kópavogi, kvaðst á árunum um 1960 oft hafa komið til fóstursystur sinnar og mágs í sumarbústað þeirra við Meðalfellsvatn úr landi Grjóteyrar. Hann kvaðst muna eftir því, þegar Ásgeir girti, sagðist hafa hitt Ásgeir og sagt við hann: „Þú

SUMARBÚSTAÐALAND ÚR LANDI JARÐARINNAR SANDS

KJÓSARSÝSLU.

Nr. 6 Lagt fram í ~~bæjarþingi~~ ~~Kaupstaðarnúr~~ 5/9 1979



GERT EFTIR MÆLINGU Í ÁGÚST 1971
MKV 1:500
REYKJAVÍK Í ÁGÚST. SIGURÐUR GUÐMUNDSSON.

ert farinn að girða þarna.“ Ásgeir hafi þá sagt: „Já, ég keypti þarna land af Oddi.“

Vitnið Unnur Pálsdóttir, Ásbraut 5, Kópavogi, fædd 22. september 1932, kvaðst vera upp alin á Grjóteyri og hafa átt þar heima til 1963. Hún svaraði, spurð um, hvort hún hafi vitað nánar, hvernig Ásgeir fékk landið. „Ég heyrði, að hann hefði fengið þarna land. Ég mundi álykta, að hann hefði örugglega ekki fengið það leigt, frekar hann hefði það keypt.“

Fyrir liggur, að sóknaraðili Ásgeir taldi umrædda landspildu aldrei fram á skattframtali.

V.

Sóknaraðili hefur lagt fram óundirritað uppkast að afsali fyrir þrætulandinu með dagsetningunni 20. nóvember 1971. Sonur sóknaraðilja, Bjarni Ásgeirsson héraðsdómslögmaður, sem flutt hefur málið fyrir hönd sóknaraðilja, óskaði að gefa vitnaskýrslu í málinu. Eftir lögmanninum var bókuð svofelld yfirlýsing: „Mér er vel minnisstætt, er ég kom að Sandi haustið 1971 í þeim tilgangi að fá Odd Jónsson til að gefa út afsal fyrir þrætulandinu. Honum var kunnugt um, að við yrðum á ferðinni. Hann var með undandrátt að undirrita afsalið og bar fyrir sig, að hann vildi ekki, að landið yrði selt né byggður á því sumarbústaður, en var hins vegar reiðubúinn að gefa út afsal með kvöð um, að ekki yrði byggt á landinu. Ég gekk á hann með, hvað ætti að þýða að vera með þessar kvaðir núna. Hann svaraði því engu. Hins vegar viðurkenndi hann þá, að mér viðstöddum, að sala hefði átt sér stað á landinu, þó hann nú vildi hnýta þessum kvöðum í. Þar sem við vorum ekki tilbúnir að sæta þessum kostum og þrátt fyrir tilraunir að telja honum hughvarft, varð ekki úr undirritun. Báðum við hann að hugsa sinn gang og koma síðan til föður míns og ganga þar endanlega frá málinu. Kvaðst hann myndu gera það, þó ekki hafi orðið úr framkvæmdum.“

Vitnið Sigurður Guðmundsson, tengdasonur sóknaraðilja, kvaðst hafa verið með í förinni að Sandi haustið 1971, er Oddi var sýnt hið framlagða uppkast að afsali. Eftir vitninu var m. a. bókað:„Spurður um, hvað hann muni um viðbrögð Odds, þegar honum var sýnt dskj. nr. 31, segir hann, að Oddur hafi ekki viljað unmdirrita það, eins og það lá fyrir, nema því yrði bætt inní skjalið, að aldrei mætti byggja á landinu. Spurður um, hvort hann muni nánar eftir orðaskiptum, hvort það hafi komið þá fram hjá Oddi, að hann teldi, að Ásgeir hefði fengið landið á leigu til skógræktar en ekki til eignar, segir vitnið: „Það var enginn ágreiningur um þessa landsölu, að hún hefði átt sér stað.““

Báðum þessum framburðum var mótmælt af hálfu varnaraðilja sem röngum og vilhöllum.

VI.

Sem fyrr segir, greinir aðilja á um það, hvenær sóknaraðili Ásgeir girti spilduna. Sóknaraðili hefur lýst því svo, að þegar hann fékk landið, hafi stórgripagirðing eða hagagirðing afmarkað það á eina hlið, en á hinar hliðarnar er það afmarkað af lækjum og síkjum. Fljótlega, eða um það leyti sem Oddur tók landið ofan við girðinguna til ræktunar, hafi Oddur endurbyggt þessa girðingu sem túngirðingu. Fjórum til fimm árum eftir að sóknaraðili fékk landið, kveðst hann svo sjálfur hafa girt allt umhverfis landið girðingu þá, sem nú stendur og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti. Er það fjárheld girðing af algengri gerð, þ. e. úr fimm strengja neti og gaddavír, sæmilega stauruð. Ástæðuna fyrir þeim drætti, sem varð á, að girt væri, kveður sóknaraðili þá, að staurar, sem hann hafi farið með upp eftir, árið eftir að hann fékk landið, hafi flotið burt í vatnavöxtum.

Af hálfu varnraðilja hefur því verið haldið fram, að mörg ár hafi liðið, frá því sóknaraðili fékk heimildina til að nota landið og þar til hann girti.

Er varnaraðili Oddur var nánar spurður um þetta atriði við aðiljayfirheyrslu, sagði hann: „Ég get ekki sagt um, hvenær þessi girðing var girt, en Guðmundur Sigþórsson, stjúpsonur minn, segir, að hún hafi ekki verið kominn, þegar hann fór að heiman 1963. Ég mundi segja, að hún hafi komið um það leyti.“ Varnaraðili hefur ekki leitt Guðmund fyrir dóminn. Girðingu Ásgeirs kvað Oddur hafa verið fjárhelda, frá því að hún var gerð og meðan hann bjó á Sandi, en hann flutti þaðan 1979. Oddur hefur ekki haldið því fram, að hann hafi beitt landið eða haft af því neins konar not, frá því að það var inngirt.

Í vitnisburði Magnúsar Jósefssonar, sem áður er að vikið, kom fram, að hann taldi Ásgeir hafa verið búinn að girða spilduna árið 1956 og markaði það af því, að eftir það sumar hafi vitnið mjög lítið dvalið þarna upp frá, en vitnið kvaðst muna eftir því, þegar Ásgeir var að girða.

Vitnið Sigurður Guðmundsson, Háaleitisbraut 125, sem er tengdasonur sóknaraðilja, kvaðst fyrst hafa komið að þessu landi með núverandi eiginkonu sinni sumarið 1958 og fullyrti, að þá hefði verið búið að girða landið.

Vitnið Jóhann Eyvindsson kvaðst ekki geta ársett þann atburð, sem hann lýsti í framburði sínum, sem vikið er að í kafla IV hér að framan.

Vitnið Unnur Pálsdóttir minntist þess ekki, að landið hefði verið inngirt, þegar hún fór frá Grjóteyri 1963. Hún mundi ekki eftir öðrum girðingum en túngirðingunni (57.85 m hliðin, sbr. uppdráttinn) og girðingu þaðan að ósnum (28.75 metra hliðin). Hún kvaðst þó aðspurð vera viss um, að það hafi verið trjáplöntur á landinu á þessum árum.

Eftir vitninu Arndísi Sigurðardóttur, Stigahlíð 43, Reykjavík, fæddri 18. desember 1939 (hún er dóttir Sigurðar Ingvarssonar, en til framburðar hans

er vitnað hér að framan, hann byggði sumarbústað í námunda við sumarbústað stefnanda árið 1944) var m. a. bókað:

„Hún er spurð, hvort hún geti veitt einhverjar upplýsingar um, hvenær Ásgeir girti umrædda landspildu. Hún segist muna eftir alveg sérstökum atburði í því sambandi, sem hún geti næstum dagsett. Því sé þannig varið, að 27. júní 1957 hafi hún eignast dóttur. Sex vikum eftir fæðinguna hafi hún farið upp eftir með barnið. Hún segist muna vel eftir því, að Ásgeir hafi þá komið yfir í þeirra bústað og sagst vera að girða.

„Þá kom hann yfir til okkar í heimsókn, eins og hann gerði oft, svona droppaði inn, og þá man ég, að hann sagði, að hann væri að girða þennan blett. Hann var með honum hann Björn, sonur hans. Þá sagði hann líka, að hann ætlaði að setja niður plöntur þarna."

Hún er spurð, hvort hún muni eftir að hafa séð girðingarframkvæmdirnar sjálfar.

Hún tekur fram, að hún hafi verið lítið úti við í þetta skiptið, en hana minnir, að þeir hafi verið þarna á blettinum, þegar hún fór. „Þeir voru þarna, og þeir vinkuðu mér." Hún segir, að sér sé þessi ferð sérstaklega minnisstæð, vegna þess að hún hafi misst mjólkina." "

Undir rekstri málsins upplýstist, að Landmælingar Íslands létu ljósmynda landið í kringum Meðalfellsvatn úr lofti hinn 12. júlí 1959. Samkomulag varð með umboðsmönnum aðilja um, að dómarinn hefði milligöngu um að fá umsögn kunnáttumanns um það, hvort girðing væri um landið, þegar myndin var tekin. Með bréfi, dags. 10. september 1980, óskaði dómarinn eftir umsögn Landmælinga Íslands um það, hvort girðing sæist á nefndri mynd umhverfis landið, eins og það er afmarkað á uppdrætti þeim, er sóknaraðili styðst við. Í vottorði Ágústs Guðmundssonar, deildarstjóra fjarkönnunardeildar Landmælinga Íslands, dags. 5. mars 1981, segir:

„Eftir skoðun loftmynda af svæðinu og einnar ferðar á svæðið tel ég, að loftmynd frá 12. júlí 1959 sýni vísbendingu um, að landið sé girt. Myndir, er notaðar voru við skoðunina, eru frá 4. ágúst 1956, 12. júlí 1959 og 10. september 1967."

Lögmaður varnaraðilja tekur vottorð þetta gilt sem staðfest væri, en heldur því fram, að það hafi lítið eða ekkert sönnunargildi í málinu, vottorðið lýsi því einu, að vottorðsgjafinn telji sig sjá vísbendingu um, að landið sé girt. Hann sé þarna að lýsa persónulegri skoðun, en ekki óvefengjanlegum staðreyndum og ekkert fram komið um það, hvort aðrir sérfræðingar mundu reynast honum sammála.

VII.

Til stuðnings kröfum sínum leggur sóknaraðili einkum áherslu á eftirtalin atriði:

1. Óumdeilt sé, hvernig viðskiptin um landið bar að. Verslunarskuld hafi verið kvittuð út. Varnaraðili Oddur hafi nefnt fjárhæðina kr. 500—1.000 án nokkurs rökstuðnings fyrir því, að skuldin hafi eigi numið hærri fjárhæð. Sóknaraðili hafi á hinn bóginn lagt fram úttektarreikninga fyrir fjárhæð þeirri, sem hann heldur fram, að hafi verið kaupverð, kr. 3.117.60. Þessum úttektarreikningum hafi varnaraðiljar ekki hnekkt. Þvert á móti beri reikningarnir það með sér, að þeir séu í alla staði trúverðugir og eðlileg og skynsamleg ráðstöfun hjá róknaraðilja að leggja þessa reikninga til hliðar og geyma þá, meðan dráttur varð á, að hann fengi skriflegt afsal fyrir landinu. Fjárhæðin, kr. 3.117.60, sé það há, að nánast sé fráleitt að halda því fram, að nokkrum manni hefði dottið í hug að greiða hana fyrir það eitt að fá að rækta upp skóg fyrir annan mann á landi hans. Miðað við byggingarvísitölu, sem hafi hækkað úr 801 stigi árið 1953 í 12435 í mars 1981, eða rúmlega 155 faldast, næmi greiðslan á núverandi verðlagi gkr. 483.851, nkr. 4.438.51, sem gefi eindregna vísbendingu, að um eðlilegt kaupverð hafi verið að tefla, einkum þegar tillit sé tekið til þess, að verð á sumarbústaðalandi hafi verið hlutfallslega lægra 1953 en nú miðað við byggingarkostnað, svo og að um votlendan og kostaríran blett sé að ræða, sem ekki liggur að vatninu.

2. Sóknaraðili telur, að það, að eingreiðsla kom fyrir landið, sýni, að um kaup hafi verið að ræða, en ekki leigu. Það sé einkenni kaupsamninga, að kaupverð sé ákveðið við samningsgerðina og greiðist í einu lagi, eftir atvikum með greiðslufresti að hluta. Einkenni leigusamninga sé á hinn bóginn, að leigan greiðist eftir því sem hún fellur á á leigutímanum, venjulega árlega af sumarbústaðalöndum.

Sóknaraðili telur, að í framburðum vitna sé að finna stuðning fyrir því, að um kaupsamning hafi verið að ræða. Það komi fram hjá vitnunum Gunnari Gissurarsyni, Sigurði Ingvarssyni, Magnúsi Jósefssyni, Jóhanni Eyvindssyni og Unni Pálsdóttur, að þau hafi vitað, að Ásgeir var búinn að kaupa landið. Þótt ekki liggi fyrir, að þeir hafi fengið þessa vitneskju frá seljandanum, þá sýni framburðir þeirra, að sóknaraðili hafi allt frá upphafi talið sig eiganda landsins. Það sé því enginn síðari tíma tilbúningur hjá sóknaraðilja, að um kaup hafi verið að ræða, en ekki leigu, heldur skilningur hans á samningi aðilja þegar frá upphafi. Þá telur sóknaraðili, að framburðir vitnanna Bjarna Asgeirssonar og Sigurðar Guðmundssonar sýni, að það sé ekki fyrr en eftir 1971 sem varnaraðili Oddur hafi tekið að halda því fram, að um leigu hafi verið að ræða, en ekki sölu, árið 1971 hafi viðleitni hans einvörðungu beinst að því að fá inn í samninginn nýtt samningsatriði, kvöðina varðandi byggingar og að ekki mætti selja landið að nýju.

4. Sem fyrr greinir byggir sóknaraðili til vara á hefð. Er kaupin fóru

fram 1953 hafi spildan verið afmörkuð með girðingu á eina hlið, en á hinar hliðarnar af lækjum eða síkjum svo ógreiðfærum yfirferðar, að ekki hafi verið um fénaðarferð yfir þau að ræða. Árið 1957 eða 1958 hafi landið svo verið inngirt fjárheldri girðingu og plöntur gróðursettar. Til stuðnings þessu vísar sóknaraðili til vitnaframburða þeirra, sem áður eru raktir, og vottorðs Landmælinga Íslands, sem áður er greint.

Þannig telur sóknaraðili, að skilyrðum hefðarlaga nr. 46/1905 um útilokandi afnot í 20 ár sé fullnægt.

5. Sóknaraðili bendir á, að ekki reyni á hefðina, nema dómurinn telji kaup ósönnuð. Þá reyni á það, hvort sannað teljist, að leigusamningur hafi komist á, þar sem í 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga segir: „Nú hefur hefðandi fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða leigu, og geta slík umráð ekki heimilað hefð.“ Við skýringu á þessu ákvæði hefur sóknaraðili minnt á ummæli í greinargerð fyrir frumvarpi til hefðarlaga á sínum tíma, en þar segir: „Þetta eignarhald er samkvæmt greininni útilokað, *ef það sannast,* að umráðandinn hefur fengið hlutinn að veði, til geymslu, láns eða leigu, eða með öðrum orðum, þau umráð eru útilokuð frá hefðarhaldi, þar sem handhafi hefur skuldbundið sig beinlínis eða óbeinlínis (ex contractu og quasi es contractu) við móttöku hlutarins eða síðar, til þess að skila honum aftur.“ Sóknaraðili telur því, að sönnunarbyrðin hvíli á varnaraðilja fyrir því, að samningur aðilja hafi verið leigusamningur. Aðstaðan að því er varðar sönnun um hefðarskilyrði, 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga, sé á þann veg, að sá aðili, er vefengir hefð, verði að sýna fram á, að skuldbindingar af umræddu tagi hafi verið fyrir hendi.

VIII.

Varnaraðiljar mótmæla því eindregið, að sóknaraðili sé eigandi hinnar umdeildu spildu. Hann hafi engin skrifleg sönnunargögn fært fram um það, að kaupsamningur hafi komist á. Framburður vitna, sem sóknaraðili hefur leitt, megi skipta í tvo flokka. Annars vegar þau vitni, er beri um þýðingarlausar sögusagnir, sem væntanlega megi rekja til sóknaraðilja sjálfs. Hins vegar vitni, sem séu svo nátengd sóknaraðilja, að þeim ætti að synja um heimild til staðfestingar framburða sinna, sbr. 3. mgr. 127. gr. laga 85/1936. Óstaðfestir og óstaðfestanlegir framburðir slíkra vitna, sem mótmælt hefur verið, séu þýðingarlausir fyrir málið. Hugleiðingar varnaraðilja um landverð sanni ekki neitt, eingreiðsla fyrirfram á leigugjaldi sé ekki óeðlilegur eða óþekktur greiðslumáti, þegar um sumarbústaðaland er að tefla, og sú fjárhæð, sem viðurkennt sé, að sóknaraðili hafi geitt í leigugjald, 500—1.000 krónur, sé síst óeðlilega lág. Ósannað sé, að um hærri fjárhæðir hafi verið að tefla, enda skorti móttökukvittanir

á nótur þær, sem sóknaraðili hefur lagt fram, og þær séu af fleiri ástæðum, sem óþarft sé að rekja, allar hinar tortryggilegustu.

Um það, hvenær sóknaraðili girti, sé það sama að segja og áður er rakið varðandi það, hvort kaupsamningur hafi komist á, það skorti með öllu óyggjandi sönnunargögn um, að sóknaraðili hafi girt fyrr en varnaraðiljar viðurkenna, þ. e. um 1963. Hefð sé þegar af þeirri ástæðu útilokuð. Hún sé einnig útilokuð vegna þess, að 2. mgr. 3. gr. hefðarlaga beri að skýra svo, að sú eign verði ekki hefðuð, sem maður er kominn að með samningi, en ágreiningslaust sé í máli þessu, að sóknaraðili sé einmitt kominn að afnotum skikans með samingi. Loks benda varnaraðiljar á, að sóknaraðili hafi aldrei talið spilduna sína eign á framtali, aldrei þinglýst henni sem eign sinni og spildan hafi aldrei verið undanskilin jörðinni í sambandi við veðsetningar vegna lántöku, fasteignamat eða annað og aldrei hafi Kjósarhreppi verið boðinn forkaupsréttur að landi þessu.

Til stuðnings varakröfu sinni um, að einungis verði viðurkennt, að sóknaraðili eigi afnotarétt af hinni umdeildu landspildu, þá halda varnaraðiljar því fram, að öll málsgögn bendi til þess, að afnot þau, sem stefnandi samdi um að fá af landinu, hafi eingöngu verið til skógræktar. Afnot hans af landinu hafi eingöngu verið þau, að hann hafi sett niður fáeinar trjáplöntur. Ef dómarinn komist að þeirri niðurstöðu, að stefnandi hafi unnið hefð á landinu, þá geti þar einungis verið um afnotahefð að ræða.

IX

Sóknaraðili hefur lagt fram í ljósriti eftirtalin skjöl úr afsals- og veðmálabókum, sem hann tekur til samanburðar um verð sumarbústaðalands við Meðalfellsvatn til samanburðar um það, hvort það var sala eða leiga, sem tíðkaðist á hverjum tíma:

Hinn 20. mars 1946 selur og afsalar Magnús Blöndal þeim Ásgeiri Björnssyni og Magnúsi Jósefssyni sameiginlega 5000 fermetra landspildu úr landi Grjóteyrar ásamt rétti þeim til handa til að veiða með sinni stönginni hvor fyrir landi jarðarinnar. Söluverð kr. 200.00.

Hinn 22. ágúst 1954 selur og afsalar Magnús Blöndal Guðríði Guðmundsdóttur og dætrum hennar, Elínu og Jakobínu Jósefsdætrum, „tæplega 1100 fermetra landspildu" án nokkra ítaka úr landi Grjóteyrar. Söluverð kr. 200.00.

Hinn 3. júlí 1966 leigir Kristján Finnsson Birni Önundarsyni 900 fermetra landspildu úr landi Grjóteyrar til 50 ára. Leigugjaldið fyrir allt leigutímabilið kr. 50.000.00 og greiðast kr. 25.000.00 strax, en kr. 25.000.00 eigi síðar en 1. febrúar 1967, þ. e. innan tæplega 7 mánaða.

Hinn 1. maí 1967 selur og afsalar Ingólfur Guðnason Ólafi Guðmunds-

syni 900 fermetra landspildu úr landi Eyja án veiðiréttinda, en með heimild til þess að hafa bát á vatninu. Söluverð kr. 3.500.00.

Hinn 14. júlí 1973 leigir Gísli Ellertsson Jóhanni Pálssyni landspildu (stærð ekki tiltekin í fermetrum, heldur er mörkum lýst) úr landi Meðalfells. Árleg leiga kr. 500.00, er greiðist 1. ágúst ár hvert, og getur hvor aðili krafist endurskoðunar á leigugjaldinu að ári liðnu. Leigutíminn er til 1. ágúst 1997, en leigutaki skal hafa forgangsrétt til leigu, ef landið verður áfram nýtt sem sumarbústaðaland.

Hinn 20. nóvember 1976 leigir Ingólfur Guðnason Knúti Hjöris 1200 fermetra landspildu úr landi Eyja án veiðiréttinda til 40 ára. Árleg leiga kr. 5.000.00, er breytist í hlutfalli við verðlagsvísitölu og greiðist 1. september ár hvert eftir á.

X.

Álit réttarins.

Óumdeilt er, að sóknaraðili er kominn að þrætulandinu með samningi. Deilt er um, hvert var efni þess samnings, hvort samið var um kaup eða leigu. Um það hefur ekki komið fram lögfull sönnun í málinu á hvorugan veginn. Leiðir það til þess, að sóknaraðilja verður ekki dæmdur eignarréttur á grundvelli kaupsamnings, og jafnframt að eigi verður talið, að leigusamningur standi því í vegi, að sóknaraðili hafi mátt vinna hefðarhald á landinu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905.

Samkvæmt vottorði Landmælinga Íslands sýnir loftljósmynd frá 12. júlí 1959 vísbendingu um, að landið hafi þá verið girt. Vitnið Arndís Sigurðardóttir, sem ól dóttur hinn 27. júní 1957, mundi eftir því að hafa sex vikum síðar verið í sumarbústað við Meðalfellsvatn með ungbarnið, en þá hefði stefnandi Ásgeir komið í bústaðinn með syni sínum og sagst vera að girða þennan blett. Vitnið Magnús Jósefsson taldi, að sóknaraðili hefði girt eigi síðar en 1956. Vitnið Sigurður Guðmundsson taldi, að sóknaraðili hefði verið búinn að girða, er vitnið kom þarna fyrst 1958. Í málinu er ekkert komið fram, er veiki framangreint nema framburður Unnar Pálsdóttur, sem þó var óákveðinn, hún taldi sig muna eftir hluta af hinni umdeildu girðingu, en ekki eftir hluta af henni á árunum fyrir 1963, er hún fluttist frá Grjóteyri.

Það er niðurstaða dómsins, að leggja verði vottorð Landmælinga Íslands, sem varnaraðiljar hafa ekki hnekkt, til grundvallar ásamt framangreindum vitnisburðum og byggja á því, að landið hafi verið inngirt meira en hefðartíma fullan.

Af þessum sökum og með vísan til þess, sem greint er í niðurlagi kafla II hér að framan um nýtingu spildunnar, verða dómkröfur sóknaraðilja teknar til greina.

Málskostaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur sóknaraðilja, Ásgeirs Bjarnasonar, að landspildu, upphaflega úr landi Sands í Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, sem er á tanga suðvestur af trébrú á vegi að Grjóteyri og Flekkudal og liggur í um 130 metra vestur af Sandsárbrú. Tangi þessi afmarkast í suðri af girðingu jarðarinnar Sands, Kjósarhreppi. Landspilda þessi er innan girðingar og er 2578 fermetrar á stærð. Landspildan er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. desember 1983.

Nr. 85/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Þórissyni
(Grétar Haraldsson hrl.).

Umboðssvik. Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vihjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1983 refsingu til þyngingar.

Verjandi krefst aðallega ómerkingar hins áfryjaða dóms. Til vara er krafist staðfestingar dómsins að því er varðar síðara ákærulið, en sýknu af kröfum skv. fyrra ákærulið.

Ágrip máls barst Hæstarétti 12. október 1983.

I.

Ríkissaksóknari lagði fyrir Hæstarétt nokkur gögn um rannsókn í máli á hendur mönnum, sem ákærði átti viðskipti við og tengjast útgáfu víxla þeirra, sem eru ákæruefni í máli því, er hér er til úrlausnar. Þessi rannsóknargögn veita nokkra fræðslu um baksvið brota þeirra, sem ákæra í þessu máli lýtur að. Gögnin hefði að réttu lagi átt að leggja fyrir héraðsdómara. Þau skipta þó ekki sköpum um úrlausn máls þessa, og er því ekki efni til að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsuppsögu að nýju.

II.

Með sakargögnum er sannað, að ákærði hefur ritað hærri upphæð á víxil þann, er greinir í fyrri ákærulið, en Jón Þórisson, sem ritað hafði á víxilinn óútfylltan sem ábekingur, heimilaði honum. Verður við það að miða, að Jón hafi heimilað, að víxillinn yrði að fjárhæð 2.600.000 gkr., en ákærði ritaði fjárhæðina 6.000.000 gkr. Hefur ákærði gengist við því að hafa án nægrar heimildar skv. framansögðu ritað þessa fjárhæð á víxilinn og afhent hann svo farið nafngreindum manni. Er brot þetta réttilega fært til refsiákvæðis í héraðsdómi.

III.

Með játningu ákærða, er fær óræka stoð í öðrum gögnum málsins, er hann sannur að sök um skjalafölsun með þeim hætti, sem dæmt er í héraðsdómi. Eru brot þar réttilega færð til refsiákvæða.

Frá því var skýrt hér fyrir dómi, að ákærði hefði gert skil á greiðslum skv. víxlum þeim, sem hér er um að ræða, áður en héraðsdómur gekk. Hann gekkst greiðlega við brotum sínum. Hann hefur eigi áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum. Ber að hafa í huga þessi atriði við ákvörðun refsingar. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 5 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutanum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Þórisson, sæti 3 mánaða fangelsi svo og 5 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 8.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 17. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 507/1982: Ákæruvaldið gegn Steingrími Þórissyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. júní 1981, gegn ákærða, „Steingrími Þórissyni, til lögheimilis að Reykholti, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, en með dvalarstað að Háaleitisbraut 36, Reykjavík, fæddum 15. júlí 1923 að Álftagerði í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Umboðssvik.

Fyrri hluta árs 1979 ritaði bróðir ákærða, Jón Þórisson, Reykholti, nafn sitt sem ábekingur á óútfylltan tryggingarvíxil, sem út gefinn var og ábakinn af Sigríði E. Jónsdóttur, eiginkonu ákærða, en var samþykktur af ákærða til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, án tiltekins gjalddaga. Ákærða er gefið að sök að hafa tilgreint á víxilinum, sem er með útgáfudagsáritun 28. maí 1979, hærri víxilfjárhæð en ákærði hafði leyfi Jóns

Þórissonar fyrir, eða kr. 6.000.000.00 í stað kr. 2.600.000.00, sem Jón Þórisson hafði leyft, að yrði hámarksfjárhæð víxilisins. Víxilinn, sem afsagður var sökum greiðslufalls 31. mars 1980, notaði ákærði í viðskiptum við Edvard Lövdal sölumann, Hörpugötu 12, Reykjavík.

Brot ákærða, sem í þessum lið greinir, telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals.

Ákærða er gefið að hafa síðari hluta árs 1979 falsað nafnritun bróður síns, Jóns Þórissonar, sem ábekings á eftirtalda sjö víxla, sem ákærði gaf út ýmist í eigin nafni eða Söluskálans, Reykholti, en samþykktir voru af Sigríði E. Jónsdóttur, eiginkonu ákærða, og notað víxlana hér í Reykjavík í viðskiptum við áðurgreindan Edvard Lövdal.

1. Víxil að fjárhæð kr. 750.000.00 með útgáfudagsáritun 20. 7. 1979 til greiðslu 20. 8. 1979 í Samvinnubankanum, Akranesi.
2. Víxil að fjárhæð kr. 1.575.000.00 með útgáfudagsáritun 1. 8. 1979 til greiðslu 1. 11. 1979 í Landsbanka Islands, Akranesi.
3. Víxil að fjárhæð kr. 1.575.000.00, með útgáfudagsáritun 1. 8. 1979 til greiðslu 28. 12. 1979 í Landsbanka Íslands, Akranesi.
4. Víxil að fjárhæð kr. 1.750.000.00 með útgáfudagsáritun 10. 8. 1979 til greiðslu 25. 10 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.
5. Víxil að fjárhæð kr. 1.110.000.00 með útgáfudagsáritun 21. 8. 1970 til greiðslu 29. 9. 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.
6. Víxil að fjárhæð kr. 1.575.000.00 með útgáfudagsáritun 5. 11. 1979 til greiðslu 15. 1. 1980 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.
7. Víxil að fjárhæð kr. 1.750.000.00 án útgáfudagsáritunar, til greiðslu 15. 12. 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Brot ákærða, sem í þessum lið greinir, teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III. Refsikröfur:

Þess er krafist, að ákærði verðir dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1949 9/6 Reykjavík: Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 manuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
1950 20/2 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1951 29/5 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1952 14/8 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1953 9/8 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1954 30/3 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
1956 17/1 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1957 22/5 Reykjavík veitt ökuleyfi á ný.
1969 15/2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. og 18. gr., sbr. 33., 35., sbr. 39. gr. áfengislaga og 2. mgr. 39. gr. tolllaga nr. 68/1956. Upptæk 1 flaska af vodka (blanda) og 85 pakkar og dósir af sælgæti. Upptækur ólöglegur ávinningur kr. 200.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í maímánuði árið 1979 ritað hærri upphæð á tryggingarvíxil, en bróðir hans, Jón Þórisson, hafði áður ritað nafn sitt sem ábekingur á víxilinn, og síðan notað víxilinn í viðskiptum í blekkingarskyni, svo sem réttilega er lýst í ákæru. Ákærði hefur að fullu staðið skil á víxilfjárhæðinni.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi síðari hluta árs 1979 falsað nafn nefnds bróður síns á sjö víxla, samtals að fjárhæð gkr. 10.085.000, og notað víxla þessa í lögskiptum í blekkingarskyni, allt svo sem rækilega og réttilega er lýst í ákæru, með þeirri athugasemd, að útgáfudagur víxils að fjárhæð kr. 1.110.000 hefur misritast, en á að vera 21. 8. 1979. Ákærði hefur að fullu greitt víxlana.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um auðgunarbrot sem og endurgreitt víxlana, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms

þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Þórisson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 165/1983. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Geirdal Guðmundssyni
(Ólafur Þorláksson hrl.)

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur að ósk ákærða verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní sl. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði nú gert skil á bótum þeim, sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi framið brot það, sem hann er saksóttur fyrir og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem ákærði hefur ekki fyrr verið kærður fyrir hegningarlagabrot og hefur nú bætt tjón af brotum sínum, þykir rétt, að frestað verði fullnustu refsingar skilorðsbundið til 3 ára.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Geirdal Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 8.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 9. febrúar 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. mars sl., „á hendur Einari Geirdal Guðmundssyni Tjarnarlundi 12 E, Akureyri, fæddum þar í bæ 30. mars 1953, fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa nafn Davíðs Gíslasonar sem útgefanda á 17 tékka, alls að fjárhæð kr. 8.300.- og nota tékkana alla nema einn til greiðslu á veitingum á veitingastaðnum H - 100 á Akureyri. Tékkarnir eru á eyðublöðum frá Útvegsbanka Íslands á Akureyri, gefnir út og notaðir 19. og 20. febrúar 1982, allir til handhafa með reikningsnúmeri 5434:

1. Nr. 373881, kr. 300.-, útgefinn 19. febrúar.
2. Nr. 373882, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
3. Nr. 373883, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
4. Nr. 373884, kr. 400.-, útgefinn sama dag.
5. Nr. 373885, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
6. Nr. 373886, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
7. Nr. 373887, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
8. Nr. 373889, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
9. Nr. 373890, kr. 500.-, útgefinn 20. febrúar

Greiðsla á veitingum í nætursölu Hótel Akureyrar, Hafnarstræti 98, Akureyri.

10. Nr. 373893, kr. 400.-, útgefinn 20. febrúar.
11. Nr. 373894, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
12. Nr. 373895, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
13. Nr. 373896, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
14. Nr. 373897, kr. 500.-. útgefinn sama dag.
15. Nr. 373898, kr. 500.-, útgefinn sama dag.
16. Nr. 373899, kr. 600.-, útgefinn sama dag.
17. Nr. 373900, kr. 600.-, útgefinn sama dag.

Þess er krafist, að ákærði verðir dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1980 26/3 á Akureyri: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi 1 ár frá 26/3 1980.

Málavextir.

Fimmtudaginn 25. febrúar sl. kom Jón B. G. Jónsson á lögreglustöðina á Akureyri þeirra erinda að kæra ávísanafals. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar lagði kærandi fram ávísun á reikning nr. 5434 í Útvegsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, að upphæð kr. 500.00, útgefna þann 20. febrúar á handhafa, og var nafn útgefanda ritað Davíð Gíslason, nnr. 2495 - 1262, og var númer blaðsins 0373890.

Kærandi kvað ávísun þessa hafa verið notaða til greiðslu á vörum í nætursölunni, sem kærandi rekur, og hafi hann verið þar við afgreiðslustörf og sjálfur tekið við umræddri ávísun.

Kærandi kvaðst mundu þekkja mann þann aftur, er verslaði fyrir ávísunina, og hafi hann verið frekar lágvaxinn, rauðhærður og örvhentur og hafi

kærandi séð, er maður þessi fyllti út ávísunareyðublaðið í lúgunni á næturs-ölunni.

Kærandi kvaðst hafa farið með umrædda ávísun í Útvegsbankann og skömmu síðar fengið tilkynningu frá bankanum um, að ávísunin væri fölsuð úr stolnu hefti, og hafi hann því þurft að leysa ávísunina út aftur, og gerði hann þá kröfu, að hinn seki endurgreiddi sér andvirði ávísunarinnar ásamt dráttarvöxtum.

Nokkru síðar nefndan dag kom á lögreglustöðina Rúnar Gunnarsson f. h. veitingastaðarins H - 100, Hafnarstræti 100, Akureyri, og lagði hann fram kæru um ávísanafals. Kærandi lagði alls fram 15 ávísanir á Útvegsbankann á Akureyri á reikning nr. 5434.

Númer nefndra ávísanablaða voru: Útgefin 19. febrúar nr. 373882 til og með 373887 og 373889, alls að upphæð kr. 3.700.00. Útgefin 20. febrúar nr. 373854 til og með 373900, alls að upphæð kr. 4.100.00, eða samtals báða dagana kr. 7.800.00.

Allar voru ávísanir þessar undirritaðar með nafninu Davíð Gíslason, og nafnnúmer á þeim flestöllum var 2495 - 1262.

Kærandi kvað ávísanir þessar hafa verið notaðar til greiðslu veitinga í H - 100 síðastliðna helgi, á föstudags- og laugardagskvöld, og hafi hann þurft að leysa þær allar út, þar sem þær væru falsaðar að sögn bankans.

Kærandi kvað starfsfólk í H - 100 nefnda daga ekki muna, hver hefði selt umræddar ávísanir.

Kærandi gerði þá kröfu f. h. H - 100, að hinn seki endurgreiddi kr. 7.800.00 ásamt hæstu dráttarvöxtum frá 25. febrúar til greiðsludags.

Fimmtudaginn 25. febrúar, um kl. 1800, var yfirheyrður á lögreglustöðinni á Akuryeri Einar Geirdal Guðmundsson, til heimilis að Tjarnarlundi 12 E, Akureyri, ákærði í máli þessu.

Samkvæmt staðfestum framburði kvaðst ákærði hafa verið við áfengisneyslu föstudagskvöldið í vikunni áður. Hafi kunningi ákærða, Davíð Gíslason frá Berghóli, komið heim til hans og hafi þeir síðan farið heim til Davíðs. Ákærði kvaðst hafa séð ávísanahefti inni í bílskúr hjá Davíð, uppi á hillu að ákærða minnti, og hafi hann tekið heftið og haft á brott með sér, og kvaðst ákærði ekki halda, að hann hafi hugsað út í það, að Davíð ætti heftið.

Ákærði kvað þá Davíð hafa farið í H - 100 þetta sama kvöld og hafi hann í fyrstu greitt fyrir veitingar með eigin fé, en síðan með ávísunum úr nefndu hefti og hafi hann verið alldrukkinn við þá iðju.

Ákærði kvaðst viss um, að Davíð hafi ekki verið kunnugt um, að hann hafi tekið heftið eða séð hann skrifa ávísanirnar í H - 100 þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki vita, hve margar ávísanir hann skrifaði út úr heftinu þetta kvöld.

Daginn eftir, laugardag, kvaðst ákærði hafa byrjað að neyta áfengis eftir hádegið og hafi hann farið ásamt Sigurði Sigurðssyni, Oddeyrargötu 5, í H - 100 og hafi hann haft sama hátt á og kvöldið áður, skrifað ávísanir á ótiltekinn fjölda fyrir veitingar þar á staðnum og verið drukkinn.

Ákærði kvaðst ekki muna til þess að hafa selt ávísanir á öðrum þeim stöðum en þegar eru nefndir, þ. e. H - 100 og næturssölu Hótels Akureyrar.

Ákærði man ekki glögglega, hvað af margnefndu ávísanahefti varð.

Ákærði kvaðst eiga eitthvað af peningum þeim heima hjá sér, sem hann fékk til baka við sölu ávísananna.

Um notkun nafns og reikningsnúmers Davíðs Gíslasonar kvaðst ákærði telja, að hvort tveggja hafi staðið í heftinu. Það hefði hins vegar ekki verið ætlun ákærða að svíkja þessa peninga út úr reikningi Davíðs, enda hafi hann notað nafnnúmer, sem var einhverjar tölur, sem hann hugsaði sér. Notkun nafns Davíðs kvað ákærði hafa átt sér stað í hugsunarleysi.

Ákærði kvaðst mundu skila peningum þeim, er eftir væru, á lögreglustöðina og endurgreiða andvirði hinna fölsuðu ávísana eins fljótt og hann gæti, en hann væri atvinnulaus sem stæði og lifði á sjúkradagpeningum og gæti því ekki nefnt ákveðna dagsetningu í þessu sambandi.

Föstudaginn 26. febrúar var ákærði enn yfirheyrður á lögreglustöðinni.

Samkvæmt staðfestum framburði kvaðst ákærði kannast við að hafa skrifað og notað ávísun þá, er honum var sýnd og var nr. 373890 á Útvegsbankann á Akureyri, útgefin á handhafa án ártals, nafn útgefanda Davíð Gíslason og nafnnúmer 2495 - 1262, að upphæð kr. 500.00.

Ákærði kannaðist við að hafa skrifað og selt ávísun þessa fyrir vörur í næturssölu Hótels Akureyrar aðfaranótt sl. laugardags, að því er hann minnti.

Ákærði kvaðst hafa verið töluvert drukkinn við þetta tækifæri. Hann kveðst munu greiða andvirði þessarar ávísunar, þegar hann hafi getu til.

Ávísanir þær, er ákærði skrifaði og notaði í H - 100 föstudags- og laugardagskvöldið 19. og 20. febrúar, voru sýndar ákærða á lögreglustöðinni á Akureyri föstudaginn 26. febrúar, og kvaðst hann kannast við að hafa falsað þær allar og notað til greiðslu á veitingum í H - 100 umrætt sinn.

Ákærði fór þennan sama dag heim til sín að Tjarnarlundi 12 E í fylgd rannsóknarlögreglumanna í því skyni að finna þá peninga, sem afgangs væru. Engir peningar fundust við þetta tækifæri, og kvað ákærði svo virðast sem hann hefði eytt þeim öllum.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og framkomnum gögnum, sem samrýmast fyllilega öðru, sem fram er komið í málinu, þykir fullsannað, að ákærði hafi

gerst sekur um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákæru og þar þykir réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að skoða ákærða til hagsbóta hinn smávægilega sakaferil og hitt, að ákærði hefur án undanbragða gengist skilmerkilega við broti sínu.

Hins vegar ber að virða ákærða til þyngingar að því er séð verður augljósan og fullmótaðan ásetning til téðra falsana, sem þykir mega greina af athæfi ákærða laugardaginn 20. febrúar, þ. e. þegar hann hélt ótrauður áfram fyrri iðju við falsanir ávísananna, sem eftir voru í hefti Davíðs, til aukins tjóns fyrir kærendur í máli þessu, sem ákærða mátti vera ljóst, að þá þegar var allnokkuð orðið.

Líta ber og til þess, að ákærði hefur ekki reynst þess megnugur að endurgreiða andvirði hinna fölsuðu ávísana.

Á hinn bóginn þykir ekki mega telja sannað, að ákærði hafi ætlað að baka Davíð Gíslasyni tjón með notkun nafns hans og reikningsnúmers, og verður það athæfi ákærða því eigi metið til þyngingar við ákvörðun refsingar.

Með hliðsjón af framansögðu og 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 5. og 8. tl. sömu gr., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Fjárkröfur þær, sem gerðar hafa verið, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina, þ. m. t. krafa um greiðslu hæstu leyfilegra dráttarvaxta frá 25. febrúar 1982 til greiðsludags.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Geirdal Guðmundsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði nætursölu Hótels Akureyrar kr. 560.00 og veitingahúsinu H - 100 kr. 7.800.00, hvort tveggja með 4.5% dráttarvöxtum frá 25. febrúar 1982 til 20. apríl s. á., en með 4% dráttarvöxtum frá þ. d. til 31. október s. á., og með 5% dráttarvöxtum frá þ. d. til greiðsludags.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 141/1981. **Guðmundur Tómasson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Ólafi Róbert Ingibjörnssyni
og gagnsök
(Guðmundur Markússon hrl.).

Skuldamál. Bílaleiga. Húftrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Gagnáfrýjandi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1981. Var málið þingfest fyrir Hæstarétti 4. maí 1981 sem hæstaréttarmál nr. 99/1981.

Áfrýjandi, Guðmundur Tómasson, gagnáfrýjaði málinu með stefnu 29. júní 1981. Var það mál þingfest sem hæstaréttarmál nr. 141/1981 og málin sameinuð. Á dómþingi Hæstaréttar 2. desember 1981 féll niður þingsókn af hálfu þáverandi aðaláfrýjanda, Ólafs Róberts, og gekk útivistardómur í aðalsök, en þáverandi gagnáfrýjandi, Guðmundur Tómasson, frestaði gagnsök til dómþings Hæstaréttar 8. janúar 1982. Með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 var málinu áfrýjað að nýju af hálfu Ólafs Róberts með stefnu 15. desember 1981. Telst hann því nú gagnáfrýjandi, en Guðmundur Tómasson aðaláfrýjandi.

Dómkröfur aðaláfrýjanda, Guðmundar Tómassonar, fyrir Hæstarétti eru þær „aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að Ólafi Róbert Ingibjörnssyni verði gert að greiða Guðmundi Tómassyni kr. 44.500.- auk 31% ársvaxta frá 14. desember 1979 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og dómþola gert að greiða dómhafa málskostnað í Hæstarétti."

Dómkröfur gagnáfrýjanda, Ólafs Róberts Ingibjörnssonar, fyrir Hæstarétti eru þær, að héraðsdóminum verði breytt á þá lund, að

honum verði einungis gert að greiða áfrýjanda 575.00 krónur, en jafnframt verði áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í leigusamningi um bifreiðina K 1802 hinn 8. júní 1977 tekur gagnáfrýjandi Ólafur Róbert bifreiðina á leigu af Bílaleigu Sauðárkróks, sem er talin eign aðaláfrýjanda. Leigutími var til 14. júní 1977. Í 5. tölulið leiguskilmála segir m. a.: „Bifreiðin er húftryggð (kaskó) að frádregnum fyrstu kr. 40.000, sem leigutaki greiðir einnig."

Fallast ber á það með gagnáfrýjanda að hann mætti treysta því, að bifreiðin væri húftryggí og að hann bæri ekki aðra áhættu en sem næmi þeim gkr. 40.000, sem greinir í tölulið þessum, ef hann héldi sig innan lögleyfðra marka, sem almennt eru sett í húftryggingarskilmálum.

Aðaláfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að gagnáfrýjandi hafi valdið tjóni því, sem málið snýst um, með því að aka bifreiðinni ölvaður, og síðan hafi hann yfirgefið slysstað án þess að tilkynna lögreglu og gera viðeigandi ráðstafanir, en um þetta er fjallað í 11. tölulið framangreindra leiguskilmála.

Gagnáfrýjandi reikaði slasaður frá slystað til þess að leita hjálpar. Verður honum ekki lagt það til lasts sem brot á 11. tölulið leiguskilmála.

Um ástand gagnáfrýjanda eftir slysið eru allnokkur gögn, þótt láðst hafi að taka blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Ríkissaksóknari ákærði gagnáfrýjanda ekki út af slysinu. Héraðsdómari byggir niðurstöðu sína um, að sannað sé, að gagnáfrýjandi hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar K 1802, á vætti lögregluvarðstjóranna Kristjáns Jóns Kristjánssonar og Kristjáns Rafns Guðmundssonar svo og vætti Einars Vals Guðmundssonar og Bjarnsþórs Sverrissonar, sem komu að í leigubifreið, rétt eftir að slysið varð. Eru skýrlur þessara vitna raktar í hinum áfrýjaða dómi. Lögregluvarðstjórarnir bera báðir, að gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður, án þess þó að þeir greini einstök einkenni um ölvun önnur en áfengislykt. Samkvæmt leigusamningi um bifreiðina K 1802 hefst leigan 8. júní 1977 kl. 5 (17) á Sauðárkróki. Slysið varð á Eyrarhlíð í Ísafjarðarkaupstað um kl. 5 að morgni 10. júní, eða um það bil 36 klukkustundum eftir að ferð hófst frá Sauðárkróki. Þykir þetta

draga úr gildi framburðar Kristjáns Rafns Guðmundssonar, sem kveður gagnáfrýjanda hafa verið á fylliríi ásamt fleirum næstu daga á undan og lögreglan þurft að hafa afskipti af þeim.

Í framburði vitnanna Einars Vals og Bjarnsþórs kemur fram, að þeir geta ekki borið um ástand gagnáfrýjanda samkvæmt eigin athugunum, heldur byggjast skoðanir þeirra á ástandi hans á ályktunum, sem þeir draga af því, að gagnáfrýjandi fékk annan mann til þess að aka fyrir sig kvöldið áður.

Vitnið Indriði Guðmundsson, sem skaut skjólshúsi yfir gagnáfrýjanda eftir slysið, kveður hann hafa beðið sig að hringja í lögreglu og lækni vegna slyssins. Þetta vitni kveðst ekki geta sagt til um það, hvort gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið, að svo örugg vitneskja sé fram komin um ástand gagnáfrýjanda, er slysið varð, að sannað megi telja gegn eindreginni neitun hans, að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar K 1802, er slysið varð.

Aðaláfrýjanda hefur eigi heldur tekist að sanna, að gagnáfrýjandi hafi verið svo á sig kominn að öðru leyti við akstur bifreiðarinnar, að það hefði leyst vátryggingarfélagið undan greiðsluskyldu sinni, ef húftrygging hefði verið tekin með venjubundnum skilyrðum.

Verður gagnáfrýjandi því ekki dæmdur til þess að greiða aðaláfrýjanda andvirði bifreiðarinnar eða bæta fyrir afnotamissi hennar.

Svo sem greinir í héraðsdómi, bauð gagnáfrýjandi fram greiðslu á leigugjaldi, gkr. 37.500, og greiðslu eigin áhættufjár skv. 5. tölulið leiguskilmála, gkr. 40.000, að frádregnu innborguðu geymslufé, gkr. 20.000, eða samtals gkr. 57.500. Við málflutning í héraði var dregið til baka boð um greiðslu eigin áhættu, gkr. 40.000, þannig að boð hans um greiðslu fyrir héraðsdómi nam aðeins gkr. 17.500. Nú hefur aðaláfrýjandi hækkað greiðsluboð sitt í 575.00 krónur (gkr. 57.500), svo sem gert var í upphafi fyrir héraðsdómi.

Ber að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð, en hann hefur ekki innt greiðslu þessa af hendi. Dæma ber vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Eins og málavöxtum er háttað og með tilliti til óákveðinnr afstöðu gagnáfrýjanda varðandi skuld sína og vanrækslu á að inna

af hendi greiðslu hennar, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Tómassyni, 575.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 14. desember 1979 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 15. janúar 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 15. janúar, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki dómur í málinu nr. 2/1980: Guðmundur Tómasson gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni og til réttargæslu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Guðmundi Tómassyni hótelhaldara, Aðalgötu 7, Sauðárkróki, með stefnu, útgefinni 14. desember 1979, gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni, Hólabraut 25, Höfðakaupstað, Austur-Húnavatnssýslu, og til réttargæslu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni, Sundstræti 14, Ísafirði. Stefnan hefur verið löglega birt. Málið var þingfest 17. janúar 1980.

Stefnandi gerði þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér *aðallega* kr. 4.450.000 auk 31% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og *til vara* kr. 1.911.614 auk 13% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 10. júní 1974 til 21. nóv. 1977, 16% ársvaxta frá þeim tíma til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim tíma til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim tíma til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim tíma til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags svo og að greiða sér hæfilegan málskostnað skv. taxta LMFÍ. Stefnandi hefur eigi gert dómkröfur á hendur réttargæslustefnda að svo stöddu.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu kr. 57.500, auk þess sem krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. taxta LMFÍ. Í flutningi málsins hefur lögmaður stefnda lækkað framangreint tilboð úr kr. 57.500 í kr. 17.500.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 8. júní 1977, kl. 5, tók stefndi á leigu af stefnanda bifreiðina K 1802 af gerðinni Volkswagen frá árinu 1977, þá aðeins ekna 6.680 km. Gert var ráð fyrir, að leigutíma lyki 14. s. m. Umsamin leiga var kr. 2.500 á

dag og kr. 25 fyrir hvern ekinn kílómetra. Við undirskrift samnings greiddi stefndi stefnanda kr. 20.000 í svonefnt geymslugjald. Gerður var samningur um leigu bifreiðarinnar á prentað eyðublað í þessu skyni. Á bakhlið samningsins eru prentuð ýmis ákvæði um leiguna, einkum skyldur leigutaka og ábyrgð.

Það er af ferðum stefnda að segja, að hann ók bifreiðinni til Ísafjarðar og telur hana hafa reynst ágæta í akstri alla þá leið. Með sér í bifreiðinni kveður hann hafa verið Matthías Guðmundsson og Þórdísi Sigurðardóttur. Stefndi telur sig hafa komið til Ísafjarðar í bifreiðinni fimmtudaginn 9. júní um kl. 1730. Hann fékk gististað í Hótel Eddu í MÍ á Torfunesi. Þetta kvöld fór stefndi að aka um bæinn, og voru með honum að sögn hans áðurgreindur Matthías og réttargæslustefndi, Sigurgeir Bjarni Árnason. Stefndi segir þessa félaga sína hafa haft með sér áfengi og drukkið af því í bifreiðinni. Sjálfur kveðst hann eigi hafa haft með sér áfengi og eigi neytt þess hjá félögum sínum. Hann kveður þá hafa ekið til Suðureyrar og aftur til Ísafjarðar og komið þangað um kl. 22 þetta kvöld. Þá á Matthías Guðmundsson að hafa farið úr bifreiðinni. Kveður Stefndi þá Sigurgeir Bjarna, réttargæslustefnda, hafa síðan verið um kvöldið í herbergi stefnda í Hótel Eddu, og segir hann Sigurgeir Bjarna hafa verið allölvaðan. Sjálfur kveðst stefndi eigi hafa smakkað áfengi. Um kl. 5 aðfaranótt 10. júní kom þeim félögum saman um að fara í bifreiðinni K 1802 til Bolungarvíkur, og varð það úr. Stefndi kveðst hafa verið syfjaður og þreyttur, er hann ók af stað í bifreiðinni. Er þeir voru komnir út á Hnífsdalsveg, og stefndi ók með 70—75 kom hraða á klst., kveðst hann eigi muna eftir eða gera sér grein fyrir, hvað gerðist, því hann muni það eitt, að hann var í sjónum og komst með einhverjum hætti út úr bifreiðinni K 1802. Kveðst hann síðan hafa skriðið upp á veginn og kallað á hjálp. Kom þá fólksflutningabifreið inn veginn, og telur stefndi bifreiðarstjórann munu hafa heitið Kristinn, og voru með honum 2 farþegar. Fóru þeir þegar á vettvang og björguðu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni út úr bifreiðinni. Á meðan fór stefndi gangandi um veginn og í fyrsta hús, sem varð á vegi hans, og bað húsráðanda þar að hringja í lögreglu. Síðan fékk stefndi að leggja sig, því hann fann mjög til í baki. Nokkru síðar var hann fluttur í sjúkrahús á Ísafirði. Þessi frásögn er skv. skýrslu, er lögregla Ísafjarðar tók af stefnda 4. júlí 1977.

Samkvæmt skýrslu Kristjáns J. Kristjánssonar varðstjóra 10. júní 1977 var hringt í síma lögreglu Ísafjarðar þann dag kl. 4.45 og tilkynnt um útafakstur bifreiðar á Eyrarhlíð. Fór lögregla þegar á vettvang fyrir utan Miðhlíð í námunda við Götuhallann. Þar sást Volkswagen bifreið í sjónum, og voru í fjörunni 3 ölvaðir menn að bjástra við slasaðan mann, sem hafði verið í bifreiðinni. Maður sá reyndist vera Sigurgeir Bjarni Árnason, réttargæslustefndi í máli þessu. Honum var ekið á sjúkrahús. Segir í skýrslunni,

að hann hafi verið með blæðandi sár á höfði, gegnblautur og kaldur, og var ekki að sjá að hann væri með rænu. Mennirnir, sem voru í fjörunni, þeir Bjarnþór Sverrisson, Einar Valur Guðmundsson og Jón Steinar Ragnarsson, sögðu, að fleiri menn hefðu verið í bifreiðinni og hefði einn þeirra hlaupið í burt. Skömmu síðar fannst maður þessi heima hjá Indriða Guðmundsyni í ysta húsi við Hnífsdalsveg. Þar lá stefndi uppi í rúmi og kvartaði um eymsli í baki. Sagði stefndi, að Sigurgeir Bjarni, réttargæslustefndi, hefði verið í bifreiðinni og ekið henni. Farið var með stefnda Ólaf Róbert í sjúkrahús. Segir í skýrslunni, að bifreiðin K 1802 sé mikið skemmd og að líkindum ónýt. Þá er talið víst, að báðir mennirnir hafi verið ölvaðir, þegar þetta gerðist. Í skýrslu sama varðstjóra, dags. sama dag, segir, að Sigurgeir Bjarni hafi verið ökumaður K 1802, að sögn Ólafs R. Ingibjörnssonar.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var 10. júní 1977 af Kristni Friðbjörnssyni leigubifreiðarstjóra, sem kom fyrstur manna að bifreiðinni K 1802, eftir að henni hafði verið ekið út af Eyrarvegi þá um nóttina, kveðst hann hafa verið á leiðinni frá Hnífsdal inn á Ísafjörð og haft að farþegum 3 ölvaða menn. Fyrir innan Götuhallann hitti hann fyrir sér mann, sem var „sjáanlega blautur" og sagði, að bifreiðarslys hefði orðið rétt fyrir utan. Tveir farþeganna í bifreið Kristins hlupu þegar út veginn, en Kristinn sneri við og ók til baka um 300 — 400 m út veginn. Þar sá hann, hvar Volkswagen bifreið var úti í sjó, og hékk maður á hnésbótunum út um afturgluggann, en efri hluti líkamans var á floti í sjónum. Téðir farþegar Kristins náðu manninum úr bifreiðinni, og var honum hagrætt í fjörunni. Skömmu síðar kom lögregla og flutti manninn, sem reyndist vera réttargæslustefndi Sigurgeir Árnason, í sjúkrahús.

Lögregluskýrsla var tekin af réttargæslustefnda, Sigurgeiri Bjarna, þann 4. júlí 1977. Honum var kynnt skýrsla stefnda Ólafs Róberts, sem áður getur og gerð var sama dag, og kvaðst hann telja þá skýrslu rétta. Þó kveðst réttargæslustefndi ekki muna eftir því, að þeir félagar hafi farið um kl. 5 þann 10. júní frá Hótel Eddu áleiðis til Bolungarvíkur. Hann kveðst þó muna eftir að hafa farið inn í bifreiðina K 1802 og setið þar við hlið Ólafs Róberts. Hann kveður Ólaf hafa ekið bifreiðinni og hafi hraðinn í akstri verið 65 — 70 km á klst. Hann kveðst að öðru leyti ekkert muna um ferðir þeirra félaga og ekkert muna eftir slysinu. Hann kveðst eigi hafa komist til meðvitundar fyrr en í sjúkrahúsi í Reykjavík og hafi hann legið þar nokkra daga, uns hann var fluttur heim.

Kristján J. Kristjánsson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði, hefur þann 5. desember 1977 gert skýrslu um ástand Ólafs R. Ingibjörnssonar í tengslum við umferðarslysið á bifreiðinni K 1802, er henni var ekið út af Eyrarvegi 10. júní 1977. Þar segir m. a., að er komið var að Ólafi heima hjá Indriða

Guðmundssyni þessa nótt, hafi hann legið þar á dívan, sjáanlega ölvaður og af honum hafi lagt áfengisþef. Var farið með manninn í sjúkrahúsið. Þar var læknir, sem tók á móti Ólafi og Sigurgeiri sagt frá grun um ölvun þeirra við akstur. Ekki var beðið eftir töku blóðs úr mönnunum, og varð ekki úr henni. Í skýrslunni segir enn fremur, að Ólafur hafi sagt Sigurgeir hafa ekið bifreiðinni, þegar slysið varð.

Indriði Guðmundsson, sem skaut skjólshúsi yfir Ólaf Róbert eftir slysið, hefur í skýrslu, sem lögreglan tók af honum, ekki treyst sér til að segja um það, hvort Ólafur var ölvaður, þegar hann kom til Indriða um nóttina, en segir hann hafa verið miður sín og niðurbrotinn.

Nokkur vitni hafa komið fyrir sakadóm Ísafjarðar út af máli þessu, og skal hér á eftir greint frá vætti þeirra:

Kristján Friðbjarnarson leigubifreiðarstjóri, fæddur 22. júní 1936, til heimilis í Hnífsdal, hefur kannast við og staðfest skýrslu sína, sem lögreglan tók 10. júní 1977. Hann segir, að maður sá, sem stöðvaði bifreið hans, hafi verið blautur og vankaður og virst hálfruglaður. Vitnið kveðst ekki geta um það borið, hvort maðurinn var ölvaður eða ekki.

Kristján Rafn Guðmundsson lögregluvarðstjóri, fæddur 28. maí 1944, til heimilis á Ísafirði, var ræstur út um nótt vegna máls þessa af Kristjáni Kristjánssyni varðstjóra, og hittust þeir í sjúkrahúsinu, og var þá verið að bera Sigurgeir Bjarna þangað inn. Vitnið var með Kristjáni varðstjóra, þegar farið var til Indriða Guðmundssonar að sækja þangað slasaðan mann, sem var stefndi Ólafur Róbert. Segir vitnið, að Ólafur Róbert hafi verið ölvaður, og segir jafnframt, að þessi maður hafi ásamt fleirum verið á fylliríi næstu daga á undan og hafi lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum hópi. Vitnið kveður Ólaf ekki hafa virst hafa lent mikið í sjónum. Vitnið segir hafa verið áfengisþef af Ólafi eins og af mönnum, sem lengi hafa verið á fylliríi, og lyktin inni í húsinu hafi verið greinileg.

Einar Valur Guðmundsson sjómaður, fæddur 24. ágúst 1958, til heimilis á Ísafirði, var ölvaður umrædda nótt með 2 öðrum mönnum, Bjarnþóri Sverrissyni og Jóni Steinari Ragnarssyni. Kveður hann þá hafa séð þá stefnda Ólaf og réttargæslustefnda Sigurgeir í gulum Volkswagen og hafi Þorgrímur nokkur Guðnason ekið bifreiðinni út í Bolungarvík og aftur inn eftir. Leið svo nokkur tími og hafi vitnið og félagar verið í leigubifreið á Hnífsdalsvegi, eftir að slysið gerðist, sem hér um ræðir. Þar sáu þeir Ólaf Róbert slaga eftir veginum. Hafi Ólafur sagt þeim, að bifreið sín hafi farið út af veginum og væri Sigurgeir enn í henni. Fóru þeir þá honum til hjálpar, eins og áður er fram komið. Vitnið telur Ólaf hafa verið ölvaðan, þar eð hann hafi látið annan mann aka fyrir sig fyrr um nóttina, en þó kveðst vitnið eigi geta af eigin raun um það borið, hvort Ólafur hafi verið ölvaður, þar eð vitnið var sjálft í ölvunarástandi.

Bjarnþór Sverrisson sjómaður, fæddur 3. september 1957, til heimilis á Ísafirði, kveður réttargæslustefnda Sigurgeir Bjarna hafa beðið sig kvöldið 9. júní 1977 að vera ökumann Volkswagen bifreiðar, sem hann var farþegi í, en vitnið neitaði að taka það starf að sér, þar eð það var byrjað drykkju. Vitnið var þá nótt með áðurgreindum Einari Vali og kom á slysstað, eins og áður greinir. Vitnið kveðst ekki geta um það sagt, hvort Ólafur Róbert hafi þá verið ölvaður, þegar það hitti hann á Hnífsdalsvegi eftir slystið, enda þá hlaupið frá Ólafi og á slysstaðinn. Hins vegar kveðst vitnið telja, að Ólafur muni hafa verið ölvaður, þar eð hann hafi áður verið að falast eftir bílstjóra.

Indriði Guðmundsson, Hnífsdalsvegi 35, Ísafirði, fæddur 9. desember 1901, sem skaut skjólshúsi yfir Ólaf Róbert eftir slysið, hefur staðfest áðurgreinda skýrslu sína og kveðst ekkert hafa að segja um meint ölvunarástand Ólafs og vill ekkert láta eftir sér hafa þar um. Hann kveður ekkert áfengi hafa verið í sínum húsum. Vitnið kveðst eigi hafa rætt við Ólaf og eigi hafa haft þá aðstöðu að hafa getað fundið, hvort áfengisþefur hafi verið af andardrætti Ólafs.

Þorgrímur Guðmundsson sjómaður, fæddur 17. september 1933, til heimilis á Ísafirði, staðfestir það, sem Einar Valur segir í skýrslu sinni, að vitnið hafi verið fengið til að aka umræddri bifreið kvöldið 9. júní 1977, þar eð Ólafur Ingibjörnsson hafi sennilega ætlað að „fá sér að drekka." Vitnið kveðst hafa ekið m. a. út í Bolungarvík og aftur til baka. Vitnið kveður þá nefnda Ólaf og Sigurgeir báða hafa verið undir áhrifum áfengis. Vitnið man ekki, hvort þeir félagar hafi drukkið í bílnum, en kveðst telja víst, að svo hafi verið. Þó telur vitnið Ólaf ekki hafa verið ölvaðan, þegar hann tók við akstrinum. Vitnið kveðst hafa skilið við bifreiðina hjá hótel Eddu milli kl. 2 og 3 um nóttina og afhent Ólafi býllyklana eftir að hafa tekið af honum loforð um, að hann mundi fara að sofa.

Kristján Jón Kristjánsson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði, fæddur 28. febrúar 1926, hefur staðfest skýrslu sína, sem áður er um getið. Vitnið kveðst muna það vel, að þegar lögreglumennirnir komu og sóttu Ólaf Róbert heim til Indriða, hafi verið ljóst, að Ólafur var ölvaður. Þó varð ekki úr því, að blóðsýni væri tekð úr Ólafi í sjúkrahúsin, þó að lögreglan ætlaðist til þess. Vitnið tekur sérstaklega fram, að Ólafur hafi borið „öll merki ölvunar, bæði í útliti og lykt." Þá segir vitnið, að Ólafur hafi tjáð sér, að Sigurgeir hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, er þeir lögreglumennirnir sóttu hann á Hnífsdalsveginn. Enn fremur kveðst vitnið daginn eftir hafa hitt Matthías Guðmundsson, sem hafi tjáð sér, að þeir hafi verið að aka fyrr um kvöldið, bílnum hafi verið lagt fyrir framan Eddu-hótelið og Ólafur síðan farið í óleyfi á bílnum. Matthías hafi sagt vitninu, að Ólafur hafi verið orðinn ofurölvi.

Bifreiðin K 1802 er talin eftir slysið gerónýt að dómi lögreglu, og er þessu eigi mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda.

Bifreiðin var tryggð lögmæltri ábyrgðartyggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en hún var eigi húftryggð (kaskótryggð).

Ríkissaksóknari hefur ákveðið að krefjast eigi frekari aðgerða af hálfu ákæruvaldsins gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni út af framangreindu umferðarslysi og í tengslum við það ætluðu broti gegn áfengis- og umferðarlögum.

Þess ber að geta, að lögmaður stefnanda hefur spurst fyrir um það hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, hvort fram komi í skýrslum sjúkrahússins, hvort Ólafur Róbert hafi verið í ölvunarástandi, þegar hann var lagður inn í sjúkrahúsið af lögreglunni 10. júní 1977. Þessari fyrirspurn hefur yfirlæknirinn, Úlfur Gunnarsson, svarað þannig, að því aðeins geti sjúkrahúsið gefið umbeðnar upplýsingar, að Ólafur Róbert Ingibjörnsson samþykki. Eigi verður séð þrátt fyrir áskoranir, að slíkt samþykki hafi verið veitt. Umsögn sjúkrahússins um þetta liggur eigi fyrir í málinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Ólafur Róbert Ingibjörnsson og réttargæslustefndi, Sigurgeir Bjarni Árnason, hafi báðir verið undir áhrifum áfengis, þegar bifreiðinni K 1802 var ekið út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977. Hann beinir kröfum sínum gegn stefnda Ólafi Róbert, en gerir eigi dómkröfu á hendur réttargæslustefnda að svo stöddu. Stefnandi bendir á, að tveir lögreglumenn hafi borið um það vætti, að stefndi Ólafur Róbert hafi sýnilega verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið átti sér stað. Telur stefnandi því sannað, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar, og beri hann því eftir almennum reglum og einnig skv. leigusamningnum ábyrgð á tjóni því, sem hlotist hafi af akstri hans. Sama gildir, þótt réttargæslustefndi hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, þar eð hann þá var undir áhrifum áfengis og var einnig óheimill akstur bifreiðarinnar skv. leigumálanum.

Stefnandi hefur gert grein fyrir kröfum sínum sem hér segir:

Aðalkrafa:	
Verð bifreiðar	4.000.000
Flutningskostnaður (áætl.)	20.000
Leigugjald 180 daga, kr. 2.500 á dag, að frádregnum kr. 20.000	430.000
Alls kr.	4.450.000
Varakrafa:	
Verð bifreiðar	kr. 1.461.614

Flutningskostnaður (áætl.)	kr.	20.000
Leigugjald (nettó)	—	430.000
Alls	kr.	1.911.614

Aðalkröfuna telur stefnandi reista á verði slíkrar bifreiðar, sem hér um ræðir, á stefnudegi skv. upplýsingum frá Heklu h/f.

Varakrafan gerir ráð fyrir sannanlegu verði bifreiðarinnar á slysdegi auk vaxta frá þeim degi að telja.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi átt að vera kaskótryggð skv. 5. gr. leigumála um hana og sé slík trygging alger forsenda fyrir leigunni. Stefndi telur stefnanda því eiga að beina kröfum sínum að vátryggjendum bifreiðarinnar.

Þá er því haldið fram, að stefndi hafi eigi verið með áhrifum áfengis, þegar óhappið gerðist, og beri hann því eigi ábyrgð á tjóninu af þeim sökum. Hann bendir á, að lögregla hafi vanrækt að láta fara fram blóðrannsókn vegnar grunar um ölvun við akstur og því bresti sönnun fyrir ætluðu ölvunarástandi stefnda.

Stefndi heldur því og fram, að stefnandi hafi glatað hugsanlegum rétti með aðgerðarleysi sínu um að gera kröfur um langan tíma. Stefndi hefur boðist til að greiða stefnanda kr. 57.500, og er sú fjárhæð út reiknuð þannig:

5 leigudagar á kr. 2.500 á dag	kr.	12.500
5 leigudagar á ca 200 km á 25 pr. km	—	25.000
Eigin áhætta skv. 5. gr. leiguskilmála	—	40.000
Samtals	kr.	77.500
Frá dregst innborgað geymslufé	—	20.000
Niðurstaða verður því	kr.	57.500

Í málflutningi hefur lögmaður stefnda breytt framangreindu tilboði úr kr. 57.500 í kr. 17.500, þ. e. 12.500 + 25.000, að frádregnum kr. 20.000, og eru þar með felldar niður úr tilboðinu kr. 40.000 vegna eigin áhættu, sbr. framanritað.

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, er svo að sjá sem bifreiðin K 1802 sé ónýt eftir umferðaróhappið 10. júní 1977, enda eigi mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, og verður gengið að því sem gefnu, að svo sé.

Þegar stefndi tók bifreiðina á leigu 8. júní 1977, gerði hann um þá leigu samning við stefnanda í venjulegu formi. Á bakhlið samningisins eru prentaðir leiguskilmálar. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að bifreiðin skuli vera

húftryggð (kaskótryggð). Það ákvæði getur eigi firrt stefnda ábyrgð á ökutækinu, ef hann m. a. lætur annan ökumann aka bifreiðinni án samþykkis leigusala eða ef hann ekur ógætilega eða ef um er að ræða tjón af völdum árkestra eða óhappatilviljana, sem ekki fæst bætt af vátryggingarfélagi bifreiðarinnar. Sama gildir, ef ökumaður er undir áhrifum áfengis við akstur.

Þó að Kristján Jón Kristjánsson lögregluvarðstjóri hafi það í staðfestri skýrslu sinni eftir stefnda, að réttargæslustefndi hafi ekið bifreiðinni, þegar hún fór út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977, svo sem um ræðir í málinu, verður samt að leggja samhljóða framburð þeirra stefnda og réttargæslustefnda til grundvallar og gera ráð fyrir, að stefndi hafi verið ökumaður bifreiðarinnar.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi eigi verið undir áhrifum áfengis við téðan akstur, en hann kveðst hafa verið syfjaður og þreyttur, þegar hann lagði af stað frá Ísafirði til Bolungarvíkur í bifreiðinni K 1802 aðfaranótt 10. júní 1977. Hins vegar hafa lögreglumennirnir Kristján Jón Kristjánsson varðstjóri og Kristján Rafn Guðmundsson varðstjóri borið það fyrir sakadómi Ísafjarðar, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum, þegar þeir í tengslum við vettvangsaðgerðir vegna téðs umferðaróhapps sáu og höfðu afskipti af stefnda. Kristján Jón segir í skýrslu sinni, að stefndi hafi „borið með sér öll einkenni ölvunar, bæði í útliti og af lykt." Kristján Rafn segir m. a., að stefndi hafi verið „ölvaður," og enn fremur: „Það hafi verið af honum áfengislykt eins og af mönnum, sem lengi hafi verið á fylliríi, lyktin inni í húsinu hafi verið greinileg." Einnig segir hann stefnda hafa verið á „fylliríi" ásamt fleirum næstu daga á undan og hafi lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum hópi, þótt eigi hafi þurft að handtaka neinn úr hópnum.

Vitnið Einar Valur Guðmundsson sjómaður var einn þeirra 3 farþega, sem voru í leigubifreið og komu fyrstir á slysstað 10. júní 1977. Vitnið kveðst telja stefnda hafa verið ölvaðan, þar eð hann hafi áður sömu nótt látið annan mann aka bifreiðinni fyrir sig, en samt kveðst vitnið eigi geta borið um það af eigin raun, að stefndi hafi verið ölvaður. Í sömu átt hnígur vætti Bjarnþórs H. Sverrissonar, sem kom á vettvang með Einari Vali á sama tíma. Vitnið Indriði Guðmundsson, Hnífsdalsvegi 35, Ísafirði, sem hýsti stefnda eftir óhapp hans 10. júní 1977, kveður sig eigi hafa orðið vart við áfengislykt af stefnda og ekkert hafa að segja um ölvunarástand hans. Hins vegar kveður vitnið ekkert áfengi hafa þá verið í sínum húsum.

Þar sem ekkert hefur komið fram, sem gerir skýrslur framangreindra lögreglumanna ósennilegar, og þeim hefur á engan hátt verið hnekkt og fremur fengið stuðning af vætti annarra, ber að telja það sannað, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum, þegar hann var við stjórn bifreiðarinnar K 1802 og hún fór út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977 og ónýttist. Með því hefur

stefndi brotið gegn leiguskilmálum um bifreiðina, sbr. 5., 9. og 11. tl. þeirra, og bakað sér ábyrgð af tjóni því, sem hlaust á bifreiðinni. Ber því að dæma hann til að bæta það tjón. Þar sem bifreiðin er talin ónýt eftir slysið og því hefur eigi verið mótmælt, verður reiknað með fullum bótum fyrir algert tjón á bifreiðinni.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að miða við verð bifreiðarinnar á slysdegi og að taka til greina þá fjárhæð, sem stefnandi nefnir í varakröfu sinni, eins og að framan greinir, enda hefur þeirri fjárhæð eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, en um var að ræða nýja bifreið, sem aðeins hafði verið ekið 6.680 km, er leigan hófst. Verð fyrir bifreiðina skv. varakröfu stefnanda, kr. 1.461.614, verður því tekið til greina. Sama er um áætlaðan flutningskostnað bifreiðarinnar til Sauðárkróks, kr. 20.000. Stefnandi hefur krafist 180 daga, eða 6 mánaða, leigugjalds fyrir bifreiðina, og hefur leigu fyrir svo langan tíma verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda. Rétt þykir að miða hæfilega leigu í þessu sambandi við 3 mánuði, og nemur sú fjárhæð, reiknuð með kr. 2.500 á dag, kr. 225.000. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 1.706.614. Frá dragast innborgaðar kr. 20.000 í geymslufé. Mismunurinn, kr. 1.686.614, eða nýjar krónur 16.866.00, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda með vöxtum, eins og að framan er krafist.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn nýjar kr. 7.000.00.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, greiði stefnanda, Guðmundi Tómassyni, nýjar krónur 16.866.00 með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. júní 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og nýjar krónur 7.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 219/1981. **Herjólfur h/f**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Eðvarð Jónssyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Verksamningur. Sjómannalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefndu 15. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann gerir aðallega þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 8.130.30 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir, og verði málskostnaðarákvörðun héraðsdóms þá staðfest og áfrýjunarkostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 16. nóvember 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 24.932.92 krónur með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu héraðsdóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Krafist er viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Herjólfi TFVB fyrir öllum dæmdum kröfum.

Gagnáfrýjandi réðst til starfa sem bryti á m/s Herjólf á árinu 1976 og tók í fyrstu laun samkvæmt kjarasamningi bryta. Hinn 1. júní 1977 gerðu málsaðiljar með sér verksamning. Með honum tók gagnáfrýjandi að sér þjónustu við skipshöfn og farþega og að láta

skipshöfn í té fæði fyrir eigin reikning. Þá tók hann að sér að sjá um greiðasölu í skipinu á eigin ábyrgð, þannig að hann tæki hagnað af sölunni, en greiddi skatta og skyldur, sem henni væru samfara. Aðaláfrýjandi lét gagnáfrýjanda í té aðstöðu og áhöld til eldunar og afnot af kaffiteríu skipsins ásamt tækjum, og skyldi enn fremur greiða honum tiltekna fjárhæð mánaðarlega. Þessi samningur var framlengdur með nokkrum breytingum 25. janúar 1978, og 27. janúar 1979 gerðu málsaðiljar nýjan samning, er var í grundvallaratriðum samhljóða fyrri samningum. Skyldi samningurinn gilda til 31. maí 1979, en framlengjast síðan 6 mánuði í senn, nema annar hvor aðilja segði honum upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningurinn framlengdist samkvæmt þessu fyrst til 30. nóvember 1979 og síðan til 31. maí 1980, en hinn 28. mars 1980 sagði aðaláfrýjandi honum upp miðað við 31. maí sama ár, og þann dag lauk starfi gagnáfrýjanda á skipinu.

Samkvæmt gögnum málsins var gagnáfrýjandi allan tímann lögskráður sem bryti á skipið. Við skráningu voru kaup og kjör talin eiga að fara eftir samningum viðkomandi stéttarfélags. Gagnáfrýjandi er talinn hafa verið félagsmaður í Brytafélagi Íslands síðan 1976. Samkvæmt 9. gr. V. kafla kjaradóms um kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum, uppkveðnum 31. júlí 1979, skal, er bryti hefur starfað eitt ár hjá útgerð, gilda þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.

Líta verður svo á, að eftir 1. júní 1977 hafi réttarsamband aðilja máls þessa ráðist af áðurnefndum verksamningum, svo sem hér hagar til, en eigi af úrlausn kjaradómsins frá 31. júlí 1979 né samningum þeim um kjör bryta, er gilt höfðu áður. Þykir það eigi geta breytt þessari niðurstöðu, þótt lögskráningu gangáfrýjanda væri hagað svo sem áður segir. Verður eigi fallist á það með gagnáfrýjanda, að við lok samningsins frá 27, janúar 1979, sem sagt var upp með umsömdum fyrirvara miðað við 31. maí 1980, hafi raknað við á ný vinnuréttarsamband það, sem gilti milli aðiljanna fyrir 1. júní 1977. Mátti gagnáfrýjandi eigi gera ráð fyrir því, að hann héldi áfram brytastörfum á skipinu eftir 31. maí 1980. Samkvæmt þessu ber að taka til greina sýknukröfu aðaláfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Herjólfur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eðvarðs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel lagaákvæði ekki standa því í vegi, að verksamningur sem sá, er hér um ræðir, sé gerður um suma þætti í rekstri skips. Til þess að inna af hendi skyldur verksala þarf menn. Þeir menn skulu skráðir skipverjar, er skip er á siglingu, og bera skyldur og njóta réttinda gagnvart útgerð og skipi samkvæmt sjómannalögum.

Stefndi var skráður skipverji á m/s Herjólf með ákvæði um kaup og kjör samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags.

Svo sem í héraðsómi greinir, átti stefndi rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti. Með uppsögn á verksamningnum mátti stefnda vera ljóst, að skiprúmssamningi hans væri einnig slitið. Var ráðningartíma hans sem sjómanns því lokið hinn 30. júní 1980.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til röksemda héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda laun júnímánaðar 1980, 8.130.30 krónur, en sú fjárhæð er í samræmi við varakröfu áfrýjanda. Af fjárhæð þessari greiði áfrýjandi vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 13.000.00 krónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um viðurkenningu á sjóveðrétti í m/s Herjólfi fyrir hér dæmdum kröfum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Herjólfur h/f, greiði stefnda, Eðvarð Jónssyni, 8.130.30 krónur með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36%

ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983 og með 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 13.000.00 krónur.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Herjólfi til handa stefnda fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Vestmannaeyja 18. júní 1981.

Mál þetta er höfðað hér fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 27. ágúst sl., birtri 1. september sl., af Eðvarð Jónssyni bryta, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, á hendur Herjólfi h/f til heimtu bóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar sem bryta á m/s Herjólfi TFVB hinn 1. júní 1980, kr. 24.932.92 (gkr. 2.493.292) ásamt með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. júní 1980 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar, að hann eigi sjóveðrétt í m/s Herjólfi TFVB fyrir öllum framangreindum kröfum.

Við munnlegan málflutning þann 11. þ. m. og sömuleiðis áður þann 8. apríl sl. breytti stefnandi dómkröfum á þá leið, að nú var krafist 46% ársvaxta frá 1. júní 1980 til uppsögu héraðsdóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma (dómvöxtum), til greiðsludags, en að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Mál þetta var upphaflega dómtekið 8. apríl sl., en endurupptekið þann 7. maí sl. og þá lagt fyrir lögmenn að afla frekari gagna í málinu. Málið var síðan dómtekið að nýju þann 11. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

I. Málavextir.

Málsatvikum þykir mega lýsa þannig: Á árinu 1976 var stefnandi ráðinn bryti á m/s Herjólf, og telur stefnandi, að sér hafi þá þegar verið greitt kaup í samræmi við kjarasamning Félags bryta. Hefur stefnandi að nokkru lýst, hvernig starfskjörum og rekstri veitingasölunnar var háttað fyrstu árin,

er hann starfaði í þjónustu stefnda. Kom það m. a. fram, að stefnandi lagði þá út fyrir kaupum á aðföngum, en fékk það síðan endurgreitt hjá stjórn Herjólfs h/f við framvísun reiknings. Þá greiddi stjórn Herjólfs h/f stefnanda kaup og stefnandi síðan aftur starfsfólkinu.

Á fundi stjórnar Herjólfs h/f 1. febrúar 1977 var rekstur veitingasölunnar til umræðu, og var þar samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ræða við stefnanda um málið og hugsanlega breytingu á fyrirkomulagi, og í fundargerð stjórnarinnar frá 7. apríl 1977 stendur, að formaður hafi lagt fram drög að samningi milli stefnda og stefnanda, þar sem gert sé ráð fyrir, að stefnandi sjái um allar veitingar og ræstingu um borð í skipinu fyrir tiltekið verð á mánuði, sem enn liggi ekki fyrir. Framantalið gerði Eðvarð fyrir eigin reikning, eins og segir í fundargerðinni.

Þann 27. janúar 1979 var gerður svofelldur samningur, dskj. nr. 7, með stefnanda og stefnda.

„*Samningur*

Við undirritaðir, Herjólfur h.f., í samningi þessum nefndur verksali, og Eðvarð Jónsson, matsveinn, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, hér nefndur verktaki, gerum með okkur svofelldan

Samning:

1. gr.

Verktaki tekur að sér fyrir eigin reikning að láta skipshöfn m.s. Herjólfs í té fæði, sem henni ber samkvæmt samningum miðað við vinnutíma frá kl. 8 f. h. til kl. 17 e. h., þ. e. morgunmat, hádegismat, miðdegiskaffi og molakaffi í vinnutíma eins og tíðkast um borð í sambærilegum skipum. Í þeim tilfellum, að skipið fari úr heimahöfn eftir hádegi, komi til kvöldverður og kvöldkaffi í stað morgunmatar og hádegisverðar.

Í þeim tilfellum, að framkvæmdastjóri Herjólfs h.f. telji, að reiða þurfi fram aukamáltíðir umfram það, sem að ofan er nefnt, greiðist það aukalega með kr. 1.100 fyrir máltíðina, kr. 700 fyrir morgunverð og kr. 500 fyrir kaffi.

2. gr.

Verktaki sér um að skipta á rúmum farþega í Þorlákshöfn auk nauðsynlegrar ræstingar þar. Einnig sér verktaki um, að skipt sé á rúmum skipshafnar. Verksali sér um að greiða kostnað vegna ræstingar í heimahöfn (skipta á rúmum farþega, ræsta farþegaklefa, ganga, snyrtiklefa og salarkynni). Að öðru leyti annast verktaki ræstingu skipsins á sinn kostnað skv. verksamningi og eins og venja hefur skipast um.

3. gr.

Verktaki tekur að sér að sjá farþegum og áhöfn fyrir þjónustu á ferðum skipsins, og skal verktaki hlíta fyrirmælum skipstjóra og framkvæmdastjóra, að því er framkvæmd þessa liðs lýtur, og skulu heilbrigðisyfirvöld í Vestmannaeyjum skera úr, ef til ágreinings kemur, að því er varðar hreinsun og hreinlæti um borð í skipinu.

4. gr.

Verktaki tekur að sér að selja miða fyrir afnot af svefnklefum, og skal hann halda skrá yfir nöfn farþega, sem svefnpláss kaupa í hverri ferð og gera skil á þeim daglega til framkvæmdastjóra. Fyrir framangreind störf og þjónustu, sem tilgreind er í liðum 1 til 4, greiðir verksali með eftirfarandi:

A. Lætur í té alla aðstöðu til eldunar og framleiðslu á fæðu áhafnar og afnot af öllum tækjum, sem í skipinu eru og ætluð eru til slíkra nota. Ennfremur afnot af kæli- og frystigeymslum og öðrum geymslum, sem fyrir hendi eru og ætluð eru til afnota í þessu skyni, allt án þess að greiðsla komi fyrir, og skal verktaki einn hafa lyklavöld að umræddum geymslukæli- og frystiklefum. Tekur verktaki við tækjum öllum eins og þau eru í dag og skilar þeim að samningstíma loknum í sama ástandi, að undanskildu eðlilegu sliti. Tæki öll, sem í skipinu eru eða kunna að verða sett upp farþegum til afþreyingar, eru öll á vegum verksala, og hirðir hann arð af þeim og annast viðhald þeirra í samræmi við samninga hans þar um.

B. Afnot af kaffiteríu og söluaðstöðu, sem í skipinu er, og tækjum öllum, sem kaffiteríunni fylgja, ber verktaki alla ábyrgð á, verslun í kaffiteríunni og sölu allri í skipinu, hirðir hagnað af sölunni, en ber hinsvegar að greiða alla skatta og skyldur, sem versluninni eru samfara og fylgja því að hafa fólk í vinnu. Heimilt skal framkvæmdastjóra Herjólfs h.f. að fylgjast með brúttó-sölu í kaffiteríu, og er verktaka skylt að láta stimpla alla sölu inn í peningakassa teríunnar.

C. Verksali greiði verktaka, auk afnota af söluaðstöðu, tækjum og geymslurými, sem áður er talið, kr. 1.930.000 á mánuði, og er það fullnaðargreiðsla alls kostnaðar samkvæmt greinum 1 — 4 hér að framan, þar með talin laun og launatengdur kostnaður. Auk þess greiðir verksali verktaka vegna hækkana, sem orðið hafa á kaupgjaldi og verðlagi frá 1. júní 1978, sem hér segir: Frá 1. júní til 31. ágúst 1978 greiði verksali mánaðarlega kr. 1.773.000. Frá 1. sept. til 30. nóv. 1978 greiði verksali mánaðarlega kr. 1.936.000.

Framlengist samningur þessi sjálfkrafa (sbr. 6. gr.), endurskoðast þessi liður á 3ja mánaða fresti, þ. e. 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert.

Aðilar eru sammála um, að af mánaðargreiðslum verksala til verktaka sé launaliður 51% og matvöruliður 49% og taki greiðsla verksala breytingum í samræmi við þá skiptingu, verði breytingar á kaupgjaldi og verðlagi matvöru.

5. gr.

Stöðvist rekstur skipsins af óviðráðanlegum ástæðum, skal verksali þó aðeins greiða verktaka beinan útlagðan kostnað, svo sem kaup starfsfólks og hans eigið kaup samkv. gildandi samningum þar um. Ef lengri stöðvun yrði, áskilur verksali sér rétt til að krefjast þess, að verktaki segi upp starfsfólki sínu í samræmi við gildandi kjarasamninga, og rofnar þá einnig gildi þessa samnings með sama fyrirvara.

Ef annarhvor aðili brýtur samninginn, skal dómkveða 3 óvilhalla menn til að meta tjón, sem sá aðili, er brotið hefur verið á, kann að hafa orðið fyrir.

6. gr.

Gildistími samningsins er frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979. Verði samningnum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með tveggja mánaða fyrirvara, framlengist hann í 6 mánuði í senn.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Vestmannaeyjum 27. janúar 1979.

F. h. verksala, Herjólfs h.f.
Ólafur Runólfsson

Verktaki
Eðvarð Jónsson.“

Hugtakabrengl virðist hafa átt sér stað við gerð samningsins, þar sem verksali og verktaki eru þar nefndir sitt hvor aðilinn, þótt tíðast sé í slíkum samningum um sama aðilja að ræða, en gagnaðili þá nefndur verkkaupi.

Af dskj. nr. 20 til 23 má enn fremur ráða, að svipaður samningur hafi gilt með stefnanda og stefnda frá 1. júní 1977, og rak stefnandi eins og eftir 1. des. 1978, eða eftir gerð hins nýja samnings, dskj. 7, veitingasölu o. fl. um borð í m/s Herjólfi fyrir eigin reikning, en þó með nánar tilteknu endurgjaldi vegna kostnaðar, er rekstrinum væri samfara, þ. m. t. launum og launtengdum gjöldum.

Eins og fram kemur í 6 gr. samningsins hér að framan, var gildistími

samningsins frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979, en framlengdist í 6 mánuði í senn, ef annar hvor aðili hafði eigi sagt honum upp með tveggja mańaða fyrirvara. Þannig framlengdist samningurinn sjálfkrafa til 30. nóv. 1979 og hefði gilt áfram eftir 31. maí 1980 og þá til 30. nóv. 1980, hefði stefndi ekki notað sér heimild í uppsagnarákvæði 6. gr. samningsins í marsmánuði 1980. Uppsagnarbréf stefnda til stefnanda (dskj. 8) hljóðaði þannig:

„Vestmannaeyjum 28. marz 1980.

Hr. Eðvarð Jónsson,
Hrauntúni 61,
Vestmannaeyjum.

Efni: Uppsögn samnings.

Með tilvísan til 6. gr. samnings milli yðar og Herjólfs h.f. frá 27. jan. 1979 samþykkti stjórn Herjólfs h.f. á fundi sínum í gær að segja upp samningi þessum með tveggja mánaða fyrirvara frá og með 31. marz n. k.

Jafnframt var samninganefnd félagsins falið að ræða við yður um endurnýjun eða gerð nýs samnings.

Það eru því vinsamleg tilmæli vor, að þér hafið sambandi við framkvæmdastjóra félagsins um, hvort og hvenær þér eruð tilbúnir til slíkra viðræðna.

Virðingarfyllst,
F.h. Herjólfs h. f.
Georg Hermannsson."

Einhverjar samningaumleitanir fóru fram milli stefnanda og aðilja innan stjórnar Herjólfs h/f eftir þetta um endurnýjun eða gerð nýs samnings, en ekki varð samkomulag með aðiljum, og kom uppsögnin til framkvæmda, eins og nánar greinir í aðiljaskýrslu stefnanda, sem hann gaf hér fyrir dóminum, og skýrslu Ólafs Runólfssonar framkvæmdastjóra og vitnisins Lárusar Gunnólfssonar, er einnig hafa komið hér fyrir dóminn. Áður en gerð er frekari grein fyrir framburðum þessum, þykir rétt að greina frá, hvernig aðiljar lýsa málavöxtum, stefnandi annars vegar í stefnu, en stefndi hins vegar í greinargerð.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þessa leið: „Stefnandi kveður skipstjóra, er þá var með m.s. Herjólf, Lárus Gunnólfsson, hafa sagt sér upp brytastarfi á m. s. Herjólfi, sem stefnandi hafi gegnt og verið lögskráður til, frá því er skipið fyrst kom til Vestmannaeyja 1976 í júlí, hinn 1. júní 1980.

Eitthvað um viku áður kveður stefnandi framkvæmdastjóra Herjólfs h.f. hafa lesið fyrir sig upp úr fundargerð stjórnar Herjólfs h.f., að hún samþykkti að segja honum upp starfi sem bryta á m. s. Herjólfi frá 1. 6. 1980. Sá fundur hafði verið haldinn eftir 20. maí 1980. Þessu hafi hann ekki sinnt, enda talið uppsögnina ólöglega. Meðan stefnandi var í þjónustu Herjólfs h.f., annaðist hann meira en brytastarfið og fékk kaup samkvæmt verksamningi þar um, síðast dags. 27. janúar 1979. Þeim samningi sagði stefndi upp með bréfi 28. mars 1980, en bauð upp á endurnýjun og gerð nýs samnings, sem ekki varð af, og því féll sá sérsamningur úr gildi 31. maí 1980."

Í greinargerð stefnda er málavöxtum hins vegar lýst á þessa leið: „Saga þessa máls er sú, að 1976 var stefnandi ráðinn bryti á m. s. Herjólf stuttan tíma, eða þar til brytastarfið ásamt rekstri veitingasölu og fleiri störfum var boðið út á frjálsum markaði vegna sérstaks eðlis starfsins, sbr. ummæli kjaradóms í dskj. nr. 12. *„Undir rekstri málsins kom fram af hálfu málsaðila, að hin svonefndu ferjuskip, þ. e. Akraborg og Herjólfur, eru rekin með öðrum hætti en farskip almennt, og er því þörf sérákvæða, er varða vinnutilhögun og fleira á þeim skipum. Málsaðilar eru hins vegar sammála um, að eðlilegt sé, að þeir semji um þetta sérstaklega og hafa lýst sig reiðubúna til þess."*

Stefnandi gerði tilboð í brytastarfið, veitingareksturinn og það, sem því fylgdi, og var gerður verksamningur við hann um verk þau, er hann tók að sér, og síðar framhaldssamningur, dags. 27. janúar 1979, sem er dskj. nr. 7, en samningur þessi gilti til 31. maí 1980 miðað við, að honum væri sagt upp með 2ja mánaða fyrirvara, svo sem gert var, sbr. dskj. nr. 8, en samningurinn hafði framlengst samkvæmt ákvæðum í 6. gr. fyrst til 31. nóvember 1979 og síðan til 31. maí 1980, sbr. ofansagt."

Kjaradómur sá, sem hér er vitnað til í greinargerð stefnda, var settur á fót með lögum nr. 70 frá 19. júní 1979, og skyldi verkefni Kjaradómsins vera að ákvarða kaup og kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum vegna þá yfirstandnandi verkfalls yfirmanna á farskipum og undirmanna innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðilja innan Vinnuveitendasambands Íslands. Sömuleiðis vegna þá þegar boðaðs víðtæks verkbanns Vinnuveitendasambands Íslands, en sáttatilraunir höfðu reynst árangurslausar, og engar horfur voru taldar á lausn deilnanna, svo og vegna tjóns þess, er verkbann þetta og verkfall hafi þegar valdið, eins og nánar greinir í lögum þessum. Hin tilvitnuðu ummæli í greinargerð stefnda er að finna í úrskurði Kjaradómsins frá 31. júlí 1979, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 12, eins og fram er tekið í greinargerð stefnda. Af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í greinargerðinni, tók Kjaradómurinn ekki afstöðu til þessara sératriða ferjuskipanna.

Stefnandi, Eðvarð Þór Jónsson, 36 ára matsveinn, til heimilis að Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, kvaðst vera sammála málsatvikum, eins og þeim var lýst í stefnu. Hann kvaðst þó vilja gera eina athugasemd að því er tæki til þáttar skipstjóra í málinu, því þannig hafi málum verið háttað, að hann sjálfur hafi neitað að skila lyklum, nema skipstjóri bæði um þá, en framkvæmdastjóri, Ólafur Runólfsson, hefði verið búinn að biðja sig um að skila þeim til þess, er tæki við starfinu um borð. Þessu hafi hann hins vegar neitað, enda talið, að sér væri ekki heimilt lögum samkvæmt að skila öðrum lyklunum en skipstjóra. Í framhaldi af því hafi Lárus Gunnólfsson stýrimaður sem staðgengill hins reglulega skipstjóra kallað hann heim til sín sunnudaginn 1. júní og sagt sér það, að búið væri að skrá hann úr skiprúmi, sem þýddi brottvikningu, og þá segist hann hafa skilað Lárusi lyklunum, enda kvaðst hann hafa litið á Lárus sem skipstjóra í umrætt sinn.

Stefnandi kvaðst ekki hafa réttindi sem bryti (matreiðslumaður), en hafi sótt námskeið í Reykjavík 1972 og 1973. Hann kvaðst ekki muna greinilega eftir, hvernig starfskjörum hafi verið háttað fyrstu árin, og hafi sér virst það vera í mjög lausum skorðum. Taldi hann þó, að sér hafi verið ætlað kaup í samræmi við kjarasamninga Félags bryta og svo hafi einnig verið um starfsfólk í mötuneyti, það hafi fengið greitt kaup í samræmi við kjarasamning viðkomandi stéttarfélags. Hann sagði, að sú tilhögun hafi verið á greiðslu kaups til starfsfólks í mötuneyti á þessum tíma, að stjórn Herjólfs h/f hafi greitt sér kaup þess og hann síðan aftur starfsfólkinu.

Stefnandi kvaðst ekki muna, hvort það var sérstaklega skv. ósk annars aðiljans en hins, að samningurinn, dskj. 7, hafi verið gerður og hafi það eflaust verið gert skv. vilja beggja aðilja, sín sjálfs og stjórnar Herjólfs h/f. Eftir gerð þessa samnings hafi hann verið með reksturinn á eigin ábyrgð og hafi aðstaða sín breyst í samræmi við það og hann nú t. d. greitt sjálfum sér laun. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki vera viss um, hvort hann hafi verið í einhverju stéttarfélagi, á meðan hann starfaði á m/s Herjólfi, en kvaðst þó alltaf hafa verið í Félagi matreiðslumanna og greitt til þess félags, en ekki kvaðst hann hafa verið í félagi vinnuveitenda eftir gerð samningsins, dskj. nr. 7. Kvað hann nú einungis hafa verið greitt eftir launalið samningsins og ekki hafi verið gerður annar samningur við hann eftir gerð þessa samnings. Þá kvaðst hann ekki vita til þess, að sambærilegur samningur væri í gildi annars staðar, að minnsta kosti ekki á sambærilegu skipi. Hann kvaðst þó halda, að á sínum tíma hafi verið í gildi á gömlu Akraborginni samningur sambærilegur við þennan samning.

Stefnandi sagði, að enginn sérstakur aðdragandi hafi verið að því, að stefndi sagði samningnum upp, né hafi til þess legið nokkrar ástæður. Hann sagði, að Ólafur Runólfsson, framkvæmdastjóri Herjólfs h/f, hefði afhent

sér uppsagnarbréfið og hefði hann skilið það þannig, að eftir 1. júní væri verksamningurinn úr gildi fallinn. Hins vegar hafi það verið einhliða ákvörðun stjórnar Herjólfs h/f, að samninganefndin var sett á fót. Einn samninganefndarfundur hafi verið haldinn og átt hafi að halda annan, en ekki hafi af því orðið, og Ólafur Runólfsson síðan tilkynnt sér endanlega ákvörðun stjórnar Herjólfs í málinu. Á samninganefndarfundinum kvaðst hann hins vegar hafa verið búinn að lýsa vilja sínum til þess að halda áfram störfum um borð í m/s Herjólfi eftir 1. júní 1980, og þar sem samningurinn var fallinn úr gildi, þá skv. kjörum gildandi kjarasamnings bryta, miðað við 4 ára starf. Þannig hefði hann, ef hann hefði ekki verið afskráður, mætt til starfa eins og venjulega, en eftir að Ólafur hafi verið búinn að tilkynna sér ákvörðun stjórnarinnar, hafi hann gert sér ljóst, að þeir óskuðu ekki lengur eftir þjónustu hans, og kvaðst hann hafa tekið allt, er honum tilheyrði, úr skipinu 31. maí. Stefnandi kvaðst loks hafa fengið útreikning á launum frá Brytafélagi Íslands, en kjarasamninginn frá Vinnuveitendafélaginu.

Ólafur Helgi Runólfsson, 48 ára framkvæmdastjóri hjá stefnda, Fjólugötu 11, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa starfað hjá stefnda frá 6. febrúar 1977. Hann kvaðst yfirleitt sitja stjórnarfundi, þó hann væri ekki aðili að stjórninni. Þannig hafi hann setið stjórnarfundinn 27. mars sl., þar sem ákvörðun var tekin um að segja samningnum við stefnda (sic) upp, sbr. dskj. nr. 8. Skýrði hann ástæðuna fyrir uppsögninni á þá leið, að það hefði verið eflaust af því, að stjórnin hafi ekki verið ánægð með samninginn, enda komi það fram í fundargerðinni, að stjórnin segi samningnum upp, en í fundargerðinni standi aðeins um þetta atriði: „Stjórnin ákvað að segja upp samningnum við bryta og samninganefnd falið að ræða við hann um endurnýjun á samningnum.“ Hann kvað það rétt vera, að það heyrði til starfssviðs síns að fylgjast með því, að stefnandi stæði við skyldur sínar skv. samningnum. Hann kvað stefnanda hafa staðið við starfsskyldur sínar skv. samningnum svo langt sem það hafi náð, en kassarnir hafi alltaf verið í ólagi og aldrei hafi virst vera hægt að leggja fram daglegt uppgjör.

Hann staðfesti, að stefnandi hafi verið lögskráður sem bryti á skipið, og hann kvað það rétt vera, að hann hefði afskráð stefnanda þann 31. maí. Samninganefndina kvað hann ekki hafa verið skipaða sérstaklega vegna þessa máls, heldur hafi stjórninni á sínum tíma verið skipað niður í einstakar undirnefndir með ákveðnu verksviði, sbr. byggingarnefnd o. fl., og viðkomandi nefnd, sem hér hafi komið til, sé rekstrar- og samninganefnd. Hann kvað það hafa verið ætlun samninganefndarinnar að semja við stefnanda á þeim tíma, er fundurinn 9. maí var haldinn, enda hafi það verið hlutverk nefndarinnar. Hins vegar kvaðst hann ekki geta svarað því, hvenær horfið hafi verið frá því að semja við stefnanda, en hann væri ekki

í samninganefndinni, þó hann sæti fundi hennar. Hann vísaði til liða 1 — 5 á dskj. 11 um, hvað hefði efnislega komið fram á samninganefndarfundinum 9. maí, þar sem standi: „Einnig hafa nefndarmönnum og framkvæmdastjóra borist margar kvartanir vegna óstjórnar í rekstri teríunnar, og eru þessar helstar:

1. Umtalsverður skortur á háttvísi starfsfólks í samskiptum við farþega, er viðskipti eiga við teríu.
2. Klæðnaður starfsfólks í teríu ekki í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda um meðferð matvæla.
3. Óeðlilegur og óþarfur umgangur óviðkomandi aðila um teríuna.
4. Lítið úrval veitinga í teríu.
5. Slælegt eftirlit með þeirri starfsemi, sem fram fer í teríu og veitingasal.“

Samninganefndin hafi beint þessu að stefnanda og óskað eftir því við stefnanda, að úrbót yrði gerð á þessum atriðum. Hann kvað samninganefndina hafa verið með tillögur til breytinga í samræmi við þessar kvartanir. Stefnandi hafi tekið þessum aðfinnslum vel og tillögum þeim, sem þeim voru samfara. Hafi hugmyndin verið sú að vinna að þessum breytingum, en af því hafi því miður ekki orðið. Hann kvaðst ekki geta skýrt, af hverju ekki hafi orðið af því, að öðru leyti en því, að er farið hafi verið að fylgjast með þessu, þá hafi það komið í ljós, að ekkert hafi verið gert af hálfu stefnanda af því, sem samninganefndarmenn hafi farið fram á. Kvaðst hann hafa fylgst með þessu atriði og hafi stjórnin einnig gert það.

Vitnið Lárus Gunnólfsson, 43 ára stýrimaður, til heimilis að Heiðarvegi 41, Vestmannaeyjum, sem gegndi störfum skipstjóra á m/s Herjólfi 1. júní sl., kvað framkvæmdastjórann hafa tjáð sér, að búið væri að afskrá stefnanda, og kvaðst vitnið þá hafa hringt í stefnanda og beðið hann um að skila til sín lyklunum, sem stefnandi hafi síðan gert, án þess að nokkuð frekar hafi farið á milli vitnisins og stefnanda.

Þannig væri það ekki rétt, sem í stefnu stæði, að það hefði vikið stefnanda úr starfi, því eins og fram sé komið, þá hafi það hringt í stefnanda og sagt honum í samræmi við beiðni framkvæmdastjórans að skila til sín lyklunum, eftir að framkvæmdastjórinn var búinn að segja sér, að búið væri að afskrá stefnanda. Vitnið staðfesti, að stefnandi hefði verið lögskráður sem bryti á skipið, og kvað vitnið þann hátt hafðan á, að 1. stýrimaður sæi um framkvæmd á lögskráningu og afskráningu. Eftir að stefnandi hafi farið af skipinu, hafi ekki verið skráður bryti á skipið, þar sem fyrirmæli hafi komið um það frá skrifstofu, að sá, sem nú yrði skráður, yrði skráður sem matsveinn. Spurningu um það, hver hefði afskráð stefnanda, svaraði vitnið á þá leið, að framkvæmdastjórinn hefði hringt í sig

og sagt sér, að búið væri að afskrá stefnanda, kvaðst vitnið hafa fengið fullvissu um það hjá lögskráningarstjóra þann sama dag, að svo var, en vitnið kvaðst að öðru leyti ekki geta svarað spurningunni.

Vitnið Angantýr Arngrímur Elíasson, 64 ára, starfsmaður lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, til heimilis að Ásavegi 18, Vestmannaeyjum, sagði, að ekki væri nærri alltaf gengið úr skugga um við lögskráningu, að lögskráðir sjómenn væru ráðnir skv. samningum viðkomandi stéttarfélags, þó stimpill sá, sem vitnið þó kvaðst alltaf nota við lögskráninguna, vísaði til slíkra samninga. Hins vegar væri gengið út frá því, að ráðið væri samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags, nema sérstaklega væri beðið um annað. Að því er tæki til stefnanda sérstaklega, þá hefði aldrei verið farið fram á það, hvorki af hálfu skipstjóra né útgerðar Herjólfs h/f, að hann yrði skráður eftir sérsamningum eða á annan hátt en í lögskráningarvottorði fyrir stefnanda kæmi fram. Ekki kvaðst vitnið hins vegar hafa spurt sérstaklega um það við lögskráninguna, hvort skráð væri eftir sérsamningi, enda ítrekaði vitnið, að ef ekki væri sérstaklega um annað getið, þá væri skráð eftir samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og kjör,

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig: „Brytalaun frá 1. júní — 31. ágúst 1980

júní 1980 30 dagar laun á dag 27.101	
21 virkur dagur x 27.101	569.121
9 laugar- og sunnudagar x 27.101	243.909
júlí 31 dagur	
23 virkir dagar x 27.101	623.323
8 laugar- og sunnudagar x 27.101	216þ808
ágúst 31 dagur	
21 virkur dagur x 27.101	569.121
10 laugar- og sunnudagar x 27.101	271.010
samtals kr.	2.493.292.-

(Gamlar krónur, innskot dómarans).“

Útreikningur þessi væri í samræmi við kjarasamning bryta í Félagi bryta og væri útreikningurinn fenginn hjá Brytafélagi Íslands, eins og fram komi í framburði stefnanda. Lögskráningarskjalið, dskj. nr. 14, sýni, að stefn-

andi hafi verið ráðinn á skipið skv. samningi viðkomandi stéttarfélags og taki því laun skv. þeim samningi í upphafi ráðningartímans, þ. e. upp á gildandi kjarasamning bryta. Þetta komi enn fremur fram í vitnaframburði Angantýs Elíassonar, þar sem vitnið segi, að almennt sé skráð skv. samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og kjör og aldrei hafi verið farið fram á það varðandi stefnanda, hvorki af hálfu skipstjóra né útgerðar Herjólfs h/f, að hann yrði skráður eftir sérsamningum eða á annan hátt en í lögskráningarvottorðinu komi fram. Á ráðningartímanum sé hins vegar gerður sérsamningur við stefnanda og hafi sá samningur m. a. falið í sér laun stefnanda í samræmi við 9. gr. brytasamningsins, en 1. mgr. 9. gr. hljóði þannig: „Þegar bryti hefur unnið eitt ár hjá útgerð, skoðast hann sem fastur starfsmaður hennar, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.“ Þess sé hér enn fremur að geta, að farið hafi verið fram á það, að leitt yrði í ljós, til hvaða stéttarfélags stefnandi teldist, frá hvaða tíma, hvort hann nyti þar fullra réttinda sem faglærður maður eða ófaglærður. Í vottorði (símskeyti), sem Eggert Eggertsson gjaldkeri hafi gefið út, segi, að það vottist hér með, að Eðvarð Þór Jónsson, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, hafi verið fullgildur meðlimur í Brytafélagi Íslands frá árinu 1976. Ekki hafi verið bornar brygður á af hálfu gagnaðilja, að vottorð þetta komi frá réttum aðilja, og hafi því verið óþarfi að leita eftir sérstakri staðfestingu á vottorðinu. Öll rök hnígi þannig að því, að samningur bryta eigi að gilda varðandi kaup og kjör stefnanda, enda sé bótakrafa stefnanda við það miðuð.

Ekki verði á það fallist, að uppsögnin, sbr. dskj. 8, feli í sér uppsögn á brytastarfinu. Ef meiningin hafi verið að segja stefnanda upp brytastarfinu með uppsögninni, dskj. nr. 8, hafi þurft að gera það skriflega, svo óyggjandi væri. Í þessu sambandi sé rétt að vekja athygli á því, að í forsendum kjaradóms, dskj. nr. 12, komi fram, að gert sér ráð fyrir sérsamningi, en hins vegar sé ljóst, að ef sérsamningur er ekki í gildi, þá sé það brytasamningurinn, sem gildi. Ef stefnandi hefði verið lögskráður upp á sérsamninginn, dskj. 7, þá hefði málið horft allt öðruvísi við. Stefnandi hafi hins vegar ávallt tekið laun sem launþegi og eftir kjarasamningi bryta, sem liggi fyrir í málinu, dskj. 12. Það sé hins vegar alveg ljóst, að stefndi hafi staðið í þeirri meiningu, að það væri nægilegt að segja stefnanda upp með því að segja sérstamningnum, þ. e. kjarasamningnum, dskj. 7, upp, en dskj. 7 sé kannski frekar verksamningur. Þetta komi m. a. fram í dskj. nr. 16, sem sé ljósrit fundargerðar stjórnar Herjólfs h/f, fundur haldinn 31. maí 1980, þar sem segi, að stefnandi hafi verið afskráður 31. maí 1980 með tilvísun til sérsamnings, sem sagt hafi verið upp með samningsbundnum fyrrivara. Þá sé hins vegar jafnvíst, að stefnanda sé ekki endanlega vikið úr starfi, fyrr en skipstjóri tilkynni honum, að það væri búið að af-

skrá hann, enda væri þá frekara starfi hans um borð í skipinu hafnað. Þá hafi skipstjóri krafist þess, að stefnandi afhenti honum lyklana, en í þessu sé uppsögnin fólgin. Þannig hafi stefnandi átt rétt á að líta svo á, að eftir að sérsamningnum hafði verið sagt upp, sem ekki sé vinnusamningur, þá hafi hann mátt reikna með að halda áfram starfi sínu sem bryti á skipinu og þá upp á gildandi kjarasamning bryta, sem hann hafi verið lögskráður til. Uppsögn hans á brytastarfinu hafi hins vegar verið fyrirvaralaus og ástæðulaus, en ljóst sé, að 13. gr. sjómannalaga, laga nr. 67/1963, eigi við um stefnanda, en skv. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaganna sé um þriggja mánaða uppsagnarfrest að ræða og eigi það við um stefnanda, eins og áður segi. Um bótarétt sinn til hinnar fyrirvaralausu og ástæðulausu uppsagnar vísi stefnandi aftur á móti til 2. mgr. 3. gr. laga 67/1963 per analogiam og séu í dómasafni Hæstaréttar margir dómar um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipstjóra, vélstjóra og stýrimanna og sama gildi um bryta, eins og áður segi, þó ekki sé að finna í dómasafninu dóm um uppsögn bryta.

Stefndi byggir dómkröfur sínar til sýknu aftur á móti á því, að stefnandi hafi alla tíð verið sjálfstæður atvinnurekandi, eins og reyndar fram komi í framburði stefnanda sjálfs. Aðalreglan í sjómannalögunum sé sú, að hægt sé að semja um uppsagnarfrestinn, eins og fram komi í 13. gr. sjómannalaganna. Eins og fram komi í framburði stefnanda sjálfs, þá sé stefnandi ekki bryti. Hins vegar sé það staðreynd, að hann hafi verið lögskráður sem bryti. Tilgangurinn með lögskráningunni sé hins vegar sá að veita sönnun fyrir því, hverjir séu um borð í skipi. Ekki séu nein tengsl milli lögskráningarinnar sem slíkrar og þess, sem samið er um. Það, sem aðiljar hafi samið um, sé að finna í samningi, sem lagður hafi verið fram í málinu sem dskj. nr. 7. Af framansögðu fái það með engu móti staðist, að stefnandi hafi verið ráðinn skv. kjarasamningi bryta, enda sé sá samningur allt annars eðlis og öðruvísi en sá samningur, sem gerður var við stefnanda, dskj. nr. 7. Í venjulegum kjarasamningi bryta sé gert ráð fyrir, að hann sé á launum sem launþegi svo og aðstoðarfólk hans hjá útgerðinni og að útgerðin hafi sjálf á hendi sölu um borð á fæði og öllum veitingum, sbr. 3. gr. kjarasamningsins. Í 2. mgr. 3. gr. kemur enn fremur fram, að bryti megi enga verslun hafa fyrir aðra en útgerð sína og ekki heldur reka verslun fyrir eigin reikning. Þannig sé tekinn af allur vafi um sérstöðu starfs og verkefnda stefnanda, enda hafi verið gerður við hann verksamningur um brytastarfið og allan annan rekstur, sem hann hafði með höndum fyrir eigin reikning og rak með starfsfólki, sem hann greiddi laun sem hver annar verktaki og atvinnurekandi, sbr. dskj. nr. 7. Kjaradómur hafi enn fremur staðfest þörf á slíkum sérsamningum, þar sem hjá Kjaradómi, dskj. nr. 12, komi fram, að ferjuskipin Akraborg og Herjólfur séu rekin með öðrum hætti en farskip

almennt og því sé þörf sérákvæða að því er varði vinnutilhögun og fleira á þeim skipum. Þá komi enn fremur fram í forsendum kjaradóms, að málsaðiljar fyrir Kjaradómi séu hins vegar sammála um, að þeir semji um þetta sérstaklega og hafi lýst sig reiðubúna til þess. Kjaradómurinn hafi því ekki tekið afstöðu til þessara sératriða ferjuskipanna. Stefnandi staðfesti reyndar sjálfur í framburði sínum hér fyrir dóminum, að brytasamningurinn sé ekki annað en hugarfóstur við mál þetta. Þannig segi stefnandi í svari sínu við því, hvort stefnandi hafi fengið sérstaklega greitt fyrir störf bryta skv. launataxa Félags bryta eða annars stéttarfélags, að eftir gerð samningsins (dskj. 7) hafi ekki verið sérstaklega greitt fyrir það skv. launataxta Félags bryta, heldur hafi verið farið eftir launlið samningsins.

Á sama hátt og stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda samkvæmt kjarasamningi bryta þá eigi hann heldur ekki kröfur á hendur stefnda samkvæmt sjómannalögum, því samkvæmt sjómannalögum sé einmitt gert ráð fyrir því, að samið sé á ýmsa vegu um kaup og kjör og uppsagnarfrest og annað eftir atvikum. Þetta sjáist best á 13. gr. sjómannalaganna, en í 1. mgr. þeirrar greinar segi m. a.: „Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, ...“ og í 2. mgr. segi enn fremur m. a.: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, ...“ Alveg sé ljóst, hvað í lagagreininni standi, nefnilega að uppsagnarfresturinn sé þrír mánuðir, nema öðruvísi sé um samið og á það verði að leggja áherslu, því í samningi stefnanda við stefnda hafi einmitt verið samið um annað. Aðrar greinar sjómannalaganna hnígi í sömu átt. Þannig geri 14. gr. sjómannalaganna ráð fyrir, að skipverji geti verið ráðinn um ákveðinn tíma, og 12. gr. tali um, að skipverji geti verið ráðinn um ákveðinn tíma eða með tilteknum uppsagnarfresti. Í sjómannalögunum sé enn fremur að finna ákvæði um það, hvernig ráðningarsamningurinn skuli úr garði gerður. Þannig segi í 11. gr., 2. mgr., að hann skuli vera skriflegur, eins og samningurinn á dskj. nr. 7 sé einmitt. Í samningnum skuli greina stöðu skipverja á skipi, tímabil, sem skipverji sé ráðinn til, og uppsagnarfrest, sé um það samið, svo og umsamið kaup fyrir aukavinnu, hlunnindi m. a. Þá geti stefnandi ekki sannað, að Lárus skipstjóri hafi sagt honum upp störfum. Af öllu þessu megi þannig vera ljóst, að stefnandi geti ekki reist skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á sjómannalögum, hvorki 13. gr. né öðrum greinum laganna, þar sem einsýnt sé, að lögin komi aðallega til álita, þegar ekki sé öðruvísi samið, og stefnandi hafi einmitt gert samning við stefnda, sem sé á engan hátt andstæður ákvæðum sjómannalaga eða ákvæðum kjarasamnings bryta miðað við eðli verksins, sem stefnandi hafi tekið að sér með samningnum. Stefnandi hafi þannig tekið að sér verkið sem eina reksturseild fyrir ákveðna mánaðar-

lega þóknun, sem miði af verðbreytingum, og í þessari þóknun hafi verið laun stefnanda sem bryta, laun aðstoðarfólks, rekstursgjöld og skattar og skyldur, sem greiða varð af rekstri stefnanda.

Enginn annar samningur hafi verið gerður með aðiljum. Stefndi hafi sagt samningnum við stefnanda upp með umsömdum fresti og hafi starfsemi stefnanda og brytastarfi lokið 31. maí 1980 samkvæmt samningnum. Það sé aftur á móti samhljóða ákvæðum 18. gr. sjómannalaga, þar sem segi: „Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur eða ef hann er afskráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum," en stefnandi hafi einmitt verið afskráður 31. maí 1980. Stefnanda hafi verið greitt kaup til 31. maí 1980 og eigi hann því ekkert kaup inni hjá stefnda og sé kröfugerð stefnanda því með öllu tilefnislaus. Dskj. nr. 19 sé ekki mótmælt sem slíku, en lagt sé á vald dómsins að meta sönnunargildi þess, en skjalið sé óstaðfest.

III. Niðurstaða dómsins.

Ekki er deilt um það með aðiljum, að samningi þeim, sem stefnandi gerði við stefnda, dskj. 7, var löglega sagt upp af stefnda, og aðiljar eru sammála um, að samningurinn hafi verið niður fallinn eftir 31. maí 1980. Aðalágreiningsefnið með aðiljum virðist hins vegar vera þetta: Stefndi byggir á því, að þar sem hann sagði samningnum við stefnanda upp með umsömdum fresti, hafi starfsemi stefnanda um borð í m/s Herjólfi og brytastarfi lokið 31. maí 1980, en stefnandi virðist aftur á móti byggja á því, að lögskráning hans sem bryta og vinna hans um borð í skipinu eigi sér sjálfstæða tilvist, eftir að samningurinn er niður fallinn og þessu starfi hans, sem sé varið að lögum bæði af kjarasamningi bryta og af sjómannalögum, verði stefndi að segja sérstaklega upp.

Dómurinn lítur svo á, að ef tilætlun aðilja hafi verið sú, að starfi stefnanda um borð í skipinu lyki, um leið og samningurinn, dskj. nr. 7, félli úr gildi fyrir tilverknað annars eða beggja aðilja, hefði það átt að koma skýrt fram í samningnum sjálfum. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í umræddum samningi.

Þá þykir mega fallast á það sjónarmið stefnanda, að sérstaklega hafi þurft að segja upp starfi stefnanda sem áhafnarmeðlims. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 67 frá 31. desember 1963 er enn fremur ljóst, að skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum. Ekki er um það deilt, að stefnandi var skráður úr skiprúmi 31. maí sl., og honum var sérstaklega tilkynnt um þá afskráningu af skipstjóra 1. júní sl., enda leit stefnandi svo á, að frekara starfi hans um borð í skipinu væri með því hafnað. Bréf það, sem stefnandi fékk sent frá stefnda, dskj. nr. 8, fól í

sér uppsögn á samningi þeim, sem aðiljar gerðu með sér á rekstri veitingastofu o. fl. um borð í skipinu, en hvergi er þar að finna yfirlýsingu um, að stefnanda sem áhafnarmeðlimi væri sagt upp störfum, enda var það hlutverk skipstjóra að segja því starfi upp, eins og að framan greinir. Þykir þannig verða að fallast á það með stefnanda, að þessu starfi hans hafi þurft að segja upp skriflega, svo óyggjandi væri. Gögn málsins virðast enn fremur leiða til þess, að líta verði svo á, að með því að skrá stefnanda úr skiprúmi 31. maí sl. og krefjast þess, að stefnandi skilaði lyklum, er tilheyrt hefðu starfi stefnanda, hafi stefndi vikið stefnanda fyrirvaralaust úr starfi, sem gefur stefnanda rétt til að krefja stefnda um bætur í samræmi við ákvæði sjómannalaga, enda hafa ekki komið fram í málinu neinar þær ávirðingar í starfi stefnanda, er leitt gætu til þess, að hann yrði að þola hina fyrirvaralausu brottvikningu bótalaust.

Telja verður, að stefnandi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga 67/1963, enda kemur fram í lögskráningarvottorði, að hann hafi verið skráður sem bryti á skipið. Gögn málsins bera enn fremur ekki með sér, að stefnandi hafi við lögskráningu eða á annan óyggjandi hátt verið skráður á skipið skv. sérsamningum.

Um samninginn, dskj. nr. 7, var þannig ekki getið í skipshafnarskránni, enda hann ekki lagður fyrir lögskráningarstjóra, er lögskráning fór fram. Lögskráningarstjóri hafði þannig ekki tök á að benda stefnanda á þau ákvæði í samningnum, sem kynnu að fara í bága við gildandi kjarasamning og sjómannalög, sbr. 11. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna. Þá kemur fram í vætti Angantýs Elíassonar, starfsmanns lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, að þar sem ekki hafi verið getið um annað við lögskráninguna, þá hafi vitnið gengið út frá því, að skráð væri eftir samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og kjör, og stimplaði vitnið „samkv. samn. viðk. stéttarfél." í reitinn kaup og kjör við nafn stefnanda í skipshafnarskrána. Þykir eðlilegt, að stefndi beri hallann af allri vanrækslu í þessum efnum, enda lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi ekki þrátt fyrir uppsagnarákvæði samningsins, dskj. 7, við lögskráningu samið um verri kjör að þessu leyti en hann átti skv. gildandi kjarasamningi og sjómannalögum.

Stefnandi hefur lagt fram skjal, (skeyti) dskj. 28, sem ber með sér, að hann hafi verið fullgildur meðlimur í Brytafélagi Íslands frá árinu 1976.

Af hálfu stefnda hefur því ekki verið mótmælt, að skeytið sé frá gjaldkera Brytafélags Íslands, Eggerti Eggertssyni, komið, og verður því að líta svo á, að það hafi sönnunargildi í þessu máli. Óvissa stefnanda sjálfs, sem ávallt greiddi til Félags matreiðslumanna, til hvaða stéttarfélags hann taldist, á meðan hann starfaði á m/s Herjólfi, þykir ekki verða látin leiða til þess, að litið verði svo á, að stefnandi geti ekki hafa talist til Brytafélags

Íslands. Dskj. nr. 29 þykir enda benda til þess, að Brytafélag Íslands hafi litið á stefnanda sem fullgildan félagsmann sinn, á meðan hann var lögskráður sem bryti á m/s Herjólf. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi, þótt stefndi hafi trassað að leita eftir undanþágu fyrir stefnanda, sem hafði ekki brytaréttindi, og þá verður stefnandi ekki látinn bera hallann af vangæslu lögskráningarstjóra að þessu leyti. Þykir þannig mega líta svo á með stefnanda, að við útreikning á skaðabótum til hans vegna hinnar fyrirvaralausu brottvikningar verði miðað við brytalaun tímabilið 1. júní til 31. ágúst 1980, enda var stefnandi í samræmi við það, sem að ofan segir, í stéttarfélagi bryta og átti þriggja mánaða uppsagnarfrest að lögum. Tölulegum útreikningi, sem stefnandi setur fram í þessu sambandi, hefur stefndi ekki mótmælt, að sé réttur, og verður við þennan útreikning miðað.

Vextir af kröfu þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, skulu fara eftir reglum um dómvexti, eins og stefnandi hefur gert kröfu um, og ber því m. a. að miða upphafstíma vaxta við birtingardag stefnu í málinu, sbr. lög nr. 56/1979.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi Herjólfur h/f greiði stefnanda kr. 24.932.92 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, en þá með 42% ársvöxtum til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir atvikum og með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þá er í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 viðurkenndur sjóveðréttur í m/s Herjólfi TFVB til tryggingar hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum (dómsformaður), kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Friðrik Ásmundssyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Herjólfur h/f, greiði stefnanda, Eðvarði Jónssyni, kr. 24.932.92 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, en þá með 42% ársvöxtum til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Herjólfi TFVB fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 5. desember 1983.

Nr. 214/1983. **Þórður Þórðarson**
gegn
Hafdísi Magnúsdóttur.

Kærumál. Krafa um ógildingu hjúskapar. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málsaðiljar hafa báðir skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sóknaraðili hinn 14. nóvember sl., en varnaraðili hinn 16. nóvember sl. Bárust kærurnar ásamt málsgögnum til Hæstaréttar hinn 25. s. m.

Varnaraðili svo og héraðsdómari hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og, að sér „verði tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði fyrir þennan þátt málsins, en mál þetta er gjafvarnarmál. Þá er og gerð krafa um, að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál."

Varnaraðili krefst þess einnig, að frávísunardómur bæjarþingsins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um stefnukröfurnar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Eftir uppsögu hins kærða frávísunardóms hefur varnaraðili hinn 18. nóvember sl. gefið skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur. Í sama þinghaldi kom og fyrir dóm Ólöf Pétursdóttir, deildarsstjóri í dóms-

og kirkjumálaráðuneytinu, til vitnisburðar um erindi varnaraðilja í ráðuneytið 24. nóvember 1982 og um orðaskipti hans við vitnið.

Í aðiljaskýrslu varnaraðilja kom fram, að hann hefði ekki getað trúað, að rétt væri frá hermt, er starfsmaður Hagstofu Íslands tjáði honum, að hjónavígsla aðilja teldist lögleg hjónavígsla.

Samkvæmt vætti deildarstjórans var erindi varnaraðilja í ráðuneytið að leita eftir því, að af ráðuneytisins hálfu yrði hlutast til um, að leiðrétt yrði skráning í þjóðskrá um, að málsaðiljar hefðu gengið í hjúskap. Hafi varnaraðili ekki virst trúa því, að um gilda hjúskaparstofnun gæti verið að ræða.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að rekja umræddar skýrslur í einstökum atriðum.

Framangreindar skýrslur fá ekki haggað því, að 6 mánaða frestur sá, er varnaraðili hafði samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972 til að höfða mál til ógildingar á hjúskap aðilja á grundvelli 2. tl. 1. mgr. sömu greinar verður, hvað sem öðru líður, ekki talinn frá síðari tíma en 16. nóvember 1982, er varnaraðilja var gerð grein fyrir því, að hjúskaparstofnunin hefði verið skráð í þjóðskrá. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. maí 1983, af Hafdísi Magnúsdóttur, nnr. 3492 - 8444, Efstalandi 6, Reykjavík, gegn Þórði Þórðarsyni, nnr. 9532 - 1429, Frakkastíg 12, Reykjavík, til ógildingar á hjúskap þeirra, sem stofnað var til þann 7. nóvember 1982. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati réttarins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1983.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hjónaband stefnanda og stefnda, sem stofnað var til þann 7. nóvember 1982, verði ógilt, til vara,

að stefndi fái lögskilnað frá stefnanda, en til þrautavara, að stefndi fái leyfi til skilnaðar að borði og sæng frá stefnanda. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar að mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk leyfi til gjafvarnar með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 1983.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning mótmælt því, að varakrafa og þrautavarakrafa stefnda verði teknar til greina.

Sættir voru reyndar án árangurs.

Stefnandi kveður málsatvik hafa verið með þeim hætti, að stefnandi hafi farið ásamt vinkonu sinni og stefnda Þórði á veitingahúsið Óðal við Austurvöll í Reykjavík skömmu eftir hádegi sunnudaginn 7. nóvember 1982. Er þau hafi verið þar skamma stund, hafi Þórður bent henni þar á mann, Sveinbjörn Beinteinsson allsherjargoða, og spurt hana, hvort þau ættu ekki að láta hann gifta þau. Hafi Þórður farið þessa á leit við Sveinbjörn, er hafi tekið því vel og beðið þau að koma út fyrir. Hafi þau síðan gengið út á Austurvöll ásamt Hönnu Eyvindsdóttur og Oddi Pétri Haukssyni. Hafi þau staðið við styttu Jóns Sigurðssonar, er „athöfnin" fór fram, og hafi stefnandi verið flissandi allan tímann og ekki tekið vel eftir því, er fram fór. Hafi Sveinbjörn innt þau eftir því, hvort þau hafi áður verið í hjónabandi, en það hafi hvorugt þeirra verið. Sveinbjörn hafi síðan spurt stefnanda, hvort hún vildi eiga þann mann, er stæði við hlið hennar, og hafi hún játað því. Hafi Sveinbjörn síðan spurt Þórð að hinu sama, en stefnandi minnist þess ekki, að þau hafi verið lýst hjón.

Að þessu loknu hafi Svenbjörn tekið niður nöfn þeirra og svaramanna og sagst mundu hafa samband við þau síðar.

Sveinbjörn hafi komið viku síðar á heimili Þórðar með könnunarvottorð og umsóknareyðublað um inngöngu í Ásatrúarsöfnuðinn. Hafi hann skilið gögn þessi eftir hjá Þórði og ætlað að ná í þau síðar. Hafi stefnandi síðar þetta kvöld komið á heimili Þórðar og hafi hann þá verið undir áhrifum áfengið. Hafi Þórður beðið hana um að undirrita könnunarvottorðið, sem hún hafi neitað að gera. Þórður hafi þá beðið hana að undirrita, til þess að hann gæti átt það til minningar um athöfnina á Austurvelli, en hann hafi tekið fram, að hann mundi ekki afhenda Sveinbirni plaggið. Hafi hún síðan undirritað könnunarvottorðið með því skilyrði, að það yrði ekki afhent Sveinbirni.

Stefndi Þórður hafi síðan sagt stefnanda, að Sveinbjörn hefði komið daginn eftir og viljað fá plöggin afhent, en Þórður hafi neitað. Hafi Sveinbjörn ekki sætt sig við það og Þórður afhent honum könnunarvottorðið og gengið í söfnuðinn með undirritun yfirlýsingar þar að lútandi. Hafi Sveinbjörn síðan farið á Hagstofu Íslands og tilkynnt vígsluna.

Kröfu sína um ógildingu á hjúskap stefnanda og stefnda byggir stefnandi

á því, að það hafi ekki verið ætlun hennar að ganga í hjónaband með Þórði Þórðarsyni. Stefnandi hafi talið, að Sveinbjörn Beinteinsson hefði enga heimild til þess að gefa saman hjón, og talið, að einungis væri um fíflalæti að ræða, enda hafi bæði stefnandi og stefndi verið undir áhrifum áfengis og svo hafi hún einnig talið vera með Sveinbjörn.

Telji stefnandi því hjúskapinn ógildanlegan, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972. Þá telji stefnandi einnig, að til þess að hjónavígsla geti farið fram, þurfi ákveðnum formskilyrðum að vera fullnægt, svo sem að könnun á hjónavígsluskilyrðum hafi farið fram, sbr. II. kafla laga nr. 60/1972.

Þá hafi hvorugt þeirra verið í trúfélagi Ásatrúarmanna, þegar vígslan fór fram, en dagsetningar undir öll vottorð hafi verið falsaðar.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar stefndi til rökstuðnings stefnanda um, að athöfn sú, er Sveinbjörn Beinteinsson allsherjargoði framkvæmdi, hafi í augum viðstaddra, þ. á m. stefnanda og stefnda, verið markleysa, enda enginn löglegur undirbúningur hjónabands farið fram og sé ógildingarkrafan reist á 25. gr. laga nr. 60/1972, einkum 2. tl.

Varakröfu sína byggir stefndi á 39. gr. laga nr. 60/1972 og tekur sérstaklega fram í því sambandi, að stefnandi og stefndi hafi aldrei tekið upp hjúskaparsambúð, aldrei átt sameiginlegt lögheimili eða á nokkurn hátt lifað í samræmi við lög nr. 20/1923.

Þrautavarakrafa sé reist á 31. og 32. gr laga nr. 60/1972.

Vara- og þrautavarakrafa séu settar fram með heimild í 73. gr. laga nr. 60/1972.

Aðiljar málsins hafa lýst því yfir, að um enga sameiginlega eignamyndun sé að ræða milli þeirra og að þau geri hvorugt fjárkröfur á hendur hinu.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972 verður mál til ógildingar á hjúskap eigi höfðað, eftir að sex mánuðir eru liðnir, frá því að ástandi lauk, sem lýst er í 1. tl. greinarinnar, eða frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu skv. 2. eða 3. lið greinarinnar.

Hjónavígsla sú, sem ógildingar er krafist á, var framkvæmd þann 7. nóvember 1982. Í skýrlsu, er tekin var af stefnanda í dómsmálaráðuneytinu þann 24. nóvember 1982 og stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, skýrir stefnandi frá því, að hinn 16. nóvember 1982 hafi hún hringt á Hagstofu Íslands og þar hafi henni verið tjáð, að hún væri löglega gift.

Verður því að líta svo á, að stefnanda hafi í síðasta lagi þann 16. nóvember 1982 verið kunn sú ógildingarástæða, er hún byggir dómkröfu sína á, enda hefur öðru eigi verið haldið fram af hálfu stefnanda.

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 20. maí 1983. Samkvæmt framansögðu var þá sá frestur til málshöfðunar liðinn, sem ákveðinn er með 2. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1972.

Ber því þegar af þeim sökum að vísa kröfu aðilja um ógildingu á hjúskap þeirra frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Kröfu aðilja um ógildingu á hjúskap þeirra, er til var stofnað þann 7. nóvember 1982, er vísað frá dómi ex officio.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í máli þessu.

Mánudaginn 5. desember 1983.

Nr. 225/1981. **K**

(Svala Thorlacius hdl.)

gegn

M

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.).

Hjón. Búskipti. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Hún gerir þær kröfur, „að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og við skipti á búi málsaðila verði lagður til grundvallar kaupmáli þeirra, dags. 2. apríl 1979, þannig að kjallaraíbúð að ..., Reykjavík, ásamt því, sem henni fylgir og fylgja ber, verði talin séreign áfrýjanda og haldið utan við skiptin.“ Hún krefst einnig málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti,

eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. janúar 1982.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrkurði er gerð grein fyrir aðdragandanum að gerð kaupmálans.

Undirrituðu aðiljar kaupmálann, og var hann skrásettur skv. 38. gr. laga nr. 20/1923. Öðlaðist kaupmálinn þá gildi.

Fallast ber á úrlausn skiptaráðanda um málsástæður stefnda, er lúta að því, að kaupmálinn verði ekki lagður til grundvallar skiptum á búi málsaðilja vegna þess, að svikum eða misneytingu hafi verið beittt við gerð hans. Þá verður eigi talið, að óheiðarlegt sé af áfrýjanda að bera fyrir sig kaupmálann. Eigi girðir það fyrir, að kaupmálinn verði lagður til grundvallar skiptum, þótt stefndi kunni að hafa haft rangan skilning á lagagildi þess löggernings. Verður krafa áfrýjanda samkvæmt þessu tekin til greina, svo sem segir í dómsorði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Örn Clausen hæstaréttarlögmaður var skipaður talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en Svala Thorlacius héraðsdómslögmaður flutti málið sem prófmál í umboði hans. Gjafsóknarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmannsins, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Við skipti á búi málsaðilja, K og M, ber að leggja til grundvallar kaupmála þeirra, dags. 2. apríl 1979, þannig að kjallaraíbúð að ... hér í borg ásaamt því, sem henni fylgir, skuli talin séreign áfrýjanda K.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000.00 krónur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. júlí 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 24. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, krefst sóknaraðili M, Reykjavík, þess, að við skipti á félagsbúi málsaðilja vegna hjónaskilnaðar verði tveggja herbergja íbúð í kjallara hússins ... við ... í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum talin hluti félagsbúsins. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðili K, Reykjavík, krefst þess, að kaupmáli málsaðilja, gerður 2. apríl 1979, verði lagður til grundvallar við skipti félagsbúsins og að sóknaraðilja verði gert að greiða henni málskostnað að mati réttarins, þó aldrei lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Aðdragandi meðferðar máls þessa hér fyrir rétti er sá, að þann 10. ágúst 1979 krafðist varnaraðili skilnaðar að borði og sæng frá sóknaraðilja við embætti yfirborgardómara í Reykjavík. Kvað hún ástæðu fyrir skilnaðarkröfunni vera ósamlyndi. Sóknaraðili mótmælti skilnaðarkröfunni í heild, og var hún send dómsmálaráðuneytinu til meðferðar. Með bréfi til skiptaréttarins, dagsettu 7. september s. á., krafðist varnaraðili þess, að félagsbú málsaðilja yrði tekið til opinberra skipta. Við uppskrift félagsbúsins benti sóknaraðili á áðurnefnda íbúð að ... sem eign búsins, en varnaraðili mótmælti því á grundvelli kaupmála málsaðilja, sem kveður svo á, að íbúðin sé séreign varnaraðilja. Var ágreiningur þessi tekinn til meðferðar í sérstöku skiptaréttarmáli, en með úrskurði, uppkveðnum 29. febrúar 1980, var málinu vísað sjálfkrafa frá skiptarétti. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar, sem felldi hinn kærða úrskurð úr gildi að því leyti, að lagt var fyrir skiptaráðanda að leggja efnisúrskurð á þær málskröfur, sem aðiljar hafa uppi í máli þessu. Var málið tekið á ný til meðferðar hér fyrir rétti þann 21. maí 1980. Málið var upphaflega munnlega flutt 21. maí sl., en með úrskurði, uppkveðnum þann 29. sama mánaðar, var aðiljum málsins gefinn kostur á að koma á ný fyrir réttinn til frekari skýrslugjafar. Skýrslur voru af þeim teknar 24. júní sl., og var málið flutt munnlega á ný að því loknu og tekið til úrskurðar. Aðiljum málsins var af dómsmálaráðuneytinu veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng 10. desember 1979 og lögskilnaðarleyfi 27. janúar 1981.

Sátta hefur verið leitað með málsaðiljum án árangurs.

II.

Aðiljar máls þessa gengu í hjúskap 21. desember 1974. Þann 21. janúar 1975 festu þau kaup á íbúð að ... í Reykjavík, og voru þau bæði aðiljar að kaupunum.

Sóknaraðili skýrir svo frá málavöxtum í greinargerð sinni, að þann 2. apríl 1979 hafi málsaðiljar undirritað kaupmála þess efnis, að umrædd íbúð

ásamt hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum var gerð að séreign varnaraðilja, en að öðru leyti færi um fjármál þeirra að lögum. Kaupmáli þessi hafi verið skrásettur 3. apríl s. á.

Aðdragandinn að gerð kaupmálans hafi verið sá, að nokkru áður hafi varnaraðili fært það í tal við sóknaraðilja, að nauðsynlegt væri fyrir þau að gera íbúðina að séreign varnaraðilja, þar sem sóknaraðili átti börn utan hjónabands, en málsaðiljar áttu ekki börn saman. Hafi varnaraðili sagt, að á þennan hátt væri tryggður réttur hennar, ef sóknaraðili félli frá. Varnaraðili hafi síðan komið með kaupmálann, fullbúinn og vélritaðan, og sóknaraðili undirritað hann án umhugsunar, enda hafi varnaraðili sótt málið fast. Sóknaraðili kveður sig ekki hafa haft hugmynd um, hvað kaupmáli í rauninni væri. Varnaraðili hafi ætíð annast fjárreiður þeirra hjóna og hafi sóknaraðili borið fullt traust til hennar í þeim efnum. Sóknaraðili segist ekki fyrr hafa verið búinn að undirrita kaupmálann en að varnaraðili hafi gerbreyst í viðmóti og sambúðarháttum. Hafi ekki verið um samlíf með þeim að ræða eftir þann tíma og hafi varnaraðili farið mikið að sækja skemmtanir ein síns liðs. Hafi hún meðal annars komist í félagsskap fólks, sem hafi svo til sest að á heimili málsaðilja. Sóknaraðili kveðst hafa haft andúð á fólki þessu, það hafi enga vinnu haft og ástundað neyslu áfengis og eiturlyfja á heimilinu.

Kveður sóknaraðili varnaraðilja oft hafa talað um skilnaðaráform eftir gerð kaupmálans, en hann hafi þráast við í þeirri von, að hún sæi að sér og breytti lifnaðarháttum sínum. Hafi þetta engan árangur borið.

Um málavexti segir varnaraðili í greinargerð sinni, að á árinu 1978 hafi fyrst borist í tal með aðiljum málsins að gera umrædda íbúð að séreign hennar með kaupmála. Kveðst varnaraðili telja, að það hafi verið í febrúar 1979 sem sóknaraðili beindi þeirri ósk til hennar, að hún léti lögfræðing annast samningu kaupmála þess efnis.

Síðan hafi varnaraðili leitað til systur sinnar B, sem á þeim tíma starfaði sem ritari á skrifstofu D héraðsdómslögmanns, og beðið hana um að annast samningu kaupmálans. Hafi B gert þetta og málsaðiljar síðan undirritað kaupmálann á heimili sínu 2. apríl 1979.

Varnaraðili kveður ósamlyndi hafa orðið svo mikið með málsaðiljum, að hún hafi ekki lengur getað unað samvistum við sóknaraðilja. Hafi hún því leitað leyfis til skilnaðar að borði og sæng þann 10. ágúst 1979.

III.

Aðiljar málsins og nokkur vitni hafa gefið skýrslur við meðferð málsins hér fyrir rétti. Verða hér rakin þau atriði úr skýrslunum, sem þýðingu þykja hafa.

Sóknaraðili skýrði frá því í fyrri aðiljaskýrslu sinni, að hann starfi sem bifreiðasmiður, en hann hafi tekið unglingapróf og einnig stundað nám við iðnskóla einn vetur.

Hann kvað kaupmála málsaðilja hafa verið gerðan, til þess að börn hans utan hjónabands tækju ekki arf eftir hann, en hann hafi talið, að kaupmáli hefði aðeins áhrif við skipti dánarbús. Oft hefðu þau hjónin rætt um kaupmálagerð og varnaraðili ávallt tilgreint þessa ástæðu fyrir gerð hans. Sóknaraðili gat þess sérstaklega, að hann hefði ekki beðið varnaraðilja um að láta semja kaupmála fyrir þau.

Sóknaraðili sagði, að kaupmáli þeirra hjóna hefði verið undirritaður að loknum vinnudegi þann 2. apríl 1979 að þeim hjónum einum viðstöddum. Hafi hann aðeins lauslega litið yfir kaupmálann, áður en hann undirritaði hann.

Sóknaraðili sagði, að annað veifið hefðu þau hjónin minnst á skilnað í deilum sín á milli, en hann hefði aldrei tekið slíku tali af alvöru.

Varnaraðili skýrði frá því í fyrri aðiljaskýrslu sinni, að hún hefði hætt námi eftir fullnaðarpróf frá barnaskóla.

Varnaraðili kvaðst hafa gert sér grein fyrir, að kaupmáli hefði þýðingu við skipti dánarbús, en hún hefði, er kaupmáli þeirra hjóna var gerður, ekki gert sér grein fyrir áhrifum hans við búskipti vegna skilnaðar. Hafi hún fyrst rætt um gerð kaupmála við sóknaraðilja í febrúar 1979 og aftur í næsta mánuði, en í seinna sinnið hafi hún ekki átt frumkvæði að umræðunum. Sóknaraðili hafi þá sagt henni að láta semja kaupmálann hjá lögfræðingi og hafi hún leitað til systur sinnar B sem vélritaði kaupmálann, en D héraðsdómslögmaður hafi samið hann. Hún hafi einungis sagt systur sinni frá því, hvers efnis kaupmálinn átti að vera, en sjálf kvaðst hún ekki hafa hitt D.

Um aðdraganda þess, að hún sótti um skilnað að borði og sæng, sagði varnaraðili, að á árunum 1976 til 1977 hefði sambúð málsaðilja tekið að versna, einkum vegna drykkjuskapar mannsins. Hafi drykkjuskapurinn leitt til deilna og skilnaður komið til tals. Oft hefði sóknaraðili rætt um að skilja, en hún kvaðst ekki hafa tekið það alvarlega. Sóknaraðili hafi drukkið um hverja helgi, oft hafi hann hafið áfengisneyslu á föstudögum og ekki hætt fyrr en á sunnudagskvöldum. Alvarlega hafi hún farið að huga að skilnaði á árinu 1978, en þá kvaðst hún hafa leitað til félagsráðgjafa, sem ráðlagði henni að fara að sinna áhugamálum sínum og að athuga, hvort ekki vaknaði áhugi sóknaraðilja á samsvarandi efnum. Um svipað leyti hafi hún kvatt sóknaraðilja til að leita til AA samtakanna, en hann hafi engu þessu sýnt áhuga. Árangursleysi þessara tilrauna til að bæta sambúðina hafi valdið henni vonbrigðum, en loks hafi mælirinn fyllst í febrúar 1979, er ofan á annað bættist, að sóknaraðili atyrti hana í áheyrn gesta

á heimili þeirra. Eftir þetta hafi þau þó rætt um, hvernig mætti bæta sambúðina, en endanlega sagðist varnaraðili hafa gefið upp alla von í ágúst 1979 og leitað skilnaðar.

Systir varnaraðilja B skýrði svo frá, að hún minntist þess ekki að hafa rætt við systur sína um réttaráhrif kaupmála, en kvaðst sjálfri vera um þau kunnugt (sic). Gerð kaupmála hafi borist í tal með þeim systrum, er B gerði sjálf kaupmála. Varnaraðili hafi síðan beðið hana um að annast samningu kaupmála fyrir málsaðilja og skýrt frá, hvers efnis hann ætti að vera. Hafi hún að ábendingu vinnuveitanda síns D vélritað kaupmálann eftir fyrirmynd í formálabók, en D hafi síðan lesið yfir skjalið. Framburður B er í samræmi við framburð D hér fyrir rétti um, hvernig var staðið að samningu kaupmálans.

Vitnið E kvaðst lengi hafa verið í vinfengi við málsaðilja og komið talsvert á heimili þeirra. Sagðist hún oft hafa heyrt þau minnast á skilnað, varnaraðilja þó oftar en sóknaraðilja. Hún kvaðst ekki hafa tekið tal þetta alvarlega fyrr en í febrúar 1979. Kvað hún varnaraðilja hafa skýrt sér frá kaupmála þeirra hjóna nokkru eftir gerð hans og hafi þá varnaraðili sagst hafa hvatt til kaupmálagerðar að ábendingu systur sinnar og að öruggara væri fyrir hana að hafa gert kaupmála, eins og á stæði, enda væri hún sjúklingur í baki og aflahæfi mannsins væri meira en hennar.

Vitnið F kvaðst hafa verið viðstaddur samtal þetta, og var framburður hans sama efnis og vitnisins E, nema að því leyti að hann hafði eftir varnaraðilja, að systir hennar hafi sagt, að öruggara væri að gera kaupmála, enda hefði systir varnaraðilja sjálf átt í skilnaðarmáli og samband málsaðilja væri ótryggt. Vitnið taldi samtal þetta hafa átt sér stað í apríl eða maí 1979.

G, hálfsystir sóknaraðilja, sagðist oft hafa heyrt varnaraðilja minnast á skilnað, áður en kaupmáli málsaðilja var gerður. Hún kvaðst þó telja, að sóknaraðili hafi ekki tekið mark á þessum ummælum. Fyrst hafi hún heyrt um kaupmálagerð rætt í apríl 1979 og hafi varnaraðili þá sagt, að hann væri gerður til að tryggja sig, en vitnið kvaðst ekki vita, við hvað varnaraðili átti með þessum orðum. Nokkru síðar hafi varnaraðili aftur rætt um kaupmálann og þá hafi hún sagst eiga íbúðina að ... ein.

H, hálfsystir sóknaraðilja, sagði málsaðilja oft hafa átt í deilum sín á milli. Í kjölfar deilna hafi nokkuð borið á tali varnaraðilja um að leita skilnaðar. Fyrst kvaðst vitnið hafa heyrt um kaupmála málsaðilja í apríl 1979, en þá hafi varnaraðili sagt, að búið væri að gera kaupmála til að tryggja hana, og kvaðst H hafa skilið þessi orð á þann veg, að varnaraðili hafi þá haft í huga, að hún gæti leitað skilnaðar.

Vitnið I, sambýlismaður hálfsystur sóknaraðilja, kvaðst hafa heyrt varnaraðilja ræða um að leita skilnaðar, og var honum einkum minnistætt

eitt tilvik í kjölfar þess, að sóknaraðili sagði varnaraðilja „vaða úr einu í annað og ekki hægt að halda uppi samræðum við hana." Hafi sóknaraðili sagt þetta í samkvæmi og varnaraðili brugðist þannig við, að hún sagðist ætla að leita skilnaðar og flytja til móður sinnar. I sagðist fyrst hafa heyrt á kaupmálann minnst nokkru eftir gerð hans, en þá hafi varnaraðili farið að ræða um hann og gildi hans. Hafi hún sagt, að kaupmálinn væri trygging hennar, ef sóknaraðili félli frá, því þá héldi hún eignum þeirra og börn sóknaraðilja gætu ekkert tilkall gert til þeirra.

Vitnið J, mágur sóknaraðilja, sagðist hafa heyrt varnaraðilja minnast stöku sinnum á skilnaðaráform, í fyrsta sinn á árinu 1978. Hann kvaðst tvívegis hafa heyrt varnaraðilją ræða um kaupmálann eftir gerð hans. Í síðara skiptið, í maí 1979, hafi varnaraðili sagst vera ákveðinn að sækja um skilnað og jafnframt hafi hún sagt, að engin búskipti færu fram vegna skilnaðarins, þar sem íbúðin að ... væri séreign hennar. Hefði hún getið þess, að hún hefði leitað ráða hjá lögfræðingi og að fullvíst væri, að hún „héldi íbúðinni." Þá gat vitnið þess, að einhverju sinni hafi varnaraðili sagt, að systir hennar hafi hvatt hana til að gera kaupmála sér til tryggingar.

Í síðari aðiljaskýrslu sinni sagði varnaraðili, að B hefði gert kaupmála í fyrri hjúskap sínum, sem lyktaði með skilnaði. Hún sagðist ekki vita, hvers efnis kaupmáli sá var, en hann hefði haft þau áhrif við búskipti vegna skilnaðarins, að B „hélt íbúðinni." Enn fremur skýrði hún frá því, að náið samband hefði verið með þeim B bæði í æsku og á seinni árum, þar á meðal er B var í fyrri hjúskap sínum. Varnaraðili kvaðst hafa talið, að gagnkvæmur vilji hafi verið af hendi málsaðilja til að gera kaupmála, en hún kvaðst ekki minnast þess, að kaupmáli B hafi orðið til að hvetja málsaðilja eða hana eina til að gera sjálf kaupmála. Varnaraðili sagðist ekki hafa sérstaklega rætt við B um réttaráhrif kaupmála, áður en kaupmáli málsaðilja var gerður, en henni hafi þó verið kunnugt um, að íbúðin að ... yrði séreign hennar, þótt hún hafi ekki vitað um áhrif þess við búskipti vegna skilnaðar. Henni hafi fyrst orðið kunnugt um áhrif kaupmálans að þessu leyti löngu eftir gerð hans, en upplýsingar þess efnis hefði hún þá fengið hjá B. Varnaraðili var að því spurð, við hvað hún hafi átt með þeim ummælum, sem vitni hafa eftir henni, að kaupmálinn hafi verið gerður til þess að tryggja hana. Kannaðist hún ekki við að hafa viðhaft þau orð og heldur ekki, að B hafi hvatt hana til að gera kaupmála af þeim ástæðum, er greinir í framburðum vitnanna E og F.

Sóknaraðili sagði í síðari aðiljaskýrslu sinni, að varnaraðili hafi, áður en kaupmáli þeirra var gerður, sagst hafa kynnt sér, að hann hefði áhrif á búskipti, ef sóknaraðili félli frá. Ekki hefði hann þá vitað um áhrif kaupmála við búskipti vegna skilnaðar, en um það bil viku eftir gerð kaupmála málsaðilja hafi varnaraðili sagt honum, að hún ætti íbúðina að ... ein og

að hún gæti vísað honum á dyr, hvenær sem væri. Hann hefði þó ekki trúað þessu, fyrr en hann leitaði lögfræðilegrar aðstoðar vegna skilnaðarkröfu varnaraðilja í ágúst 1979. Sóknaraðili kvaðst þekkja B lítillega, en sagðist ekki vita til þess, að kaupmáli hafi verið gerður með B og fyrri eiginmanni hennar. Hann hefði heyrt einhvern ávæning af skilnaði þeirra og búskiptum vegna hans, en ekki minntist hann þess, hvenær skilnaður sá átti sér stað. Sóknaraðili kvaðst einungis hafa hitt fyrri eiginmann B, sem væri lögfræðingur að mennt, vegna viðgerðar á bifreið hans, en sóknaraðili sagðist ekki minnast þess að hafa rætt við hann fremur en aðra um lögfræðilega þýðingu kaupmála, áður en kaupmáli málsaðilja var gerður.

IV.

Meðal framlagðra gagna í málinu er að finna afrit bréfa lögmanna aðilja, sem send voru dómsmálaráðuneytinu í tengslum við afgreiðslu ráðuneytisins á skilnaðarkröfu varnaraðilja. Í bréfi lögmanns varnaðilja kemur sú staðhæfing fram, að sóknaraðili hafi átt við áfengisvandamál að stríða og miklir fjármunir hafi farið í óreglu hans. Sambúðarörðugleikar af þessum sökum hafi gengið nærri heilsu varnaraðilja. Varnaraðili áréttaði þetta við skýrslutöku í ráðuneytinu 25. september 1979, en endurrit skýrslunnar hefur verið lagt fram í máli þessu. Þar er haft eftir varnaraðilja, að sóknaraðili hafi nokkru áður minnst á skilnað, en ekkert aðhafst frekar. Síðan er haft eftir varnaraðilja: „Hins vegar hafi hann brugðist ókvæða við, þegar hún fór sjálf að gera ráðstafanir til þess að fá skilnað. Konan kvaðst telja, að það sé fyrst og fremst kaupmálinn, sem geri manninn mótfallinn skilnaði, en samkvæmt honum þá er tveggja herbergja íbúð þeirra hjóna séreign hennar."

Í bréfi lögmanns sóknaraðilja til ráðuneytisins er mótmælt staðhæfingum varnaraðilja um áfengisvandamál sóknaraðilja, og hafa verið lögð fram í málinu afrit vottorða, er sóknaraðili sendi ráðuneytinu, þar sem vinnuveitandi sóknaraðilja og þrír aðrir menn bera vott um rólyndi hans og reglusemi, þeirra á meðal J og I, sem báðir hafa mætt sem vitni í máli þessu. Í bréfi sóknaraðilja kemur einnig fram, að hann álíti ekki sambúðarörðugleika málsaðilja vera með þeim hætti, að skilnaðar sé þörf. Um það sé að ræða, að varnaraðili hafi lent í slæmum félagsskap, sem hafi haft þau áhrif á hana, að hún krefjist skilnaðar. Kveður sóknaraðili sig bjartsýnan um, að hægt væri að leysa ágreining aðilja, ef þau fengju frið til þess.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Jóns Guðgeirssonar tryggingalæknis til lögmanns varnaraðilja, en þar segir meðal annars: „Örorka K, f. 17.05. 1944, var metin yfir 75% þ. 23.05.1961 af þáverandi tryggingayfirlækni,

Stefáni Guðnasyni, vegna greindarskerðingar (defectus mentalis, Morosis frá fæðingu).

Örorkumat þetta fór fram skv. læknisvottorði Jakobs Jónssonar geðlæknis. Í vottorði hans kemur fram, að skv. prófun sálfræðings (Sigurjón Björnsson) hafði K greindaraldur 9.6 og greindarvísitölu 63 (Skv. TERMAN-MERILL-prófi (Matthíass Jónassson)).“ Við rekstur málsins hafa ekki komið fram upplýsingar um, að örorkumat þetta hafi sætt endurskoðun.

Þá hefur verið upplýst, að B og fyrri eiginmanni hennar var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng 22. mars 1977 og lögskilnaðarleyfi 17. apríl 1978.

V.

Sóknaraðili heldur því fram, að bersýnilegt sé, að varnaraðili hafi löngu fyrir gerð kaupmálans ákveðið að leita skilnaðar, en hún hafi á sviksamlegan hátt þagað um þennan ásetning. Hún hafi veitt sóknaraðilja villandi og rangar upplýsingar um áhrif kaupmála, sem leitt hafi til þess, að hann taldi kaupmálann einungis hafa áhrif, ef hann félli frá. Hafi sóknaraðili trúað þessu, þar sem hann treysti varnaraðilja í hvívetna varðandi fjármál þeirra hjóna. Bendir sóknaraðili á, að varnaraðilja hljóti að hafa verið kunnugt um áhrif kaupmálans við skilnað, enda viðurkennt, að hún hafi rætt við B um kaupmálann, og var B kunnugt um áhrif hans. Leiði þetta til þess, að telja verði kaupmálann ógildan samkvæmt 30. gr. laga nr. 7/1936, beint eða með lögjöfnun. Jafnframt, að með því að varnaraðilja var kunnugt um ávinning sinn og réttarstöðu, ef gerður yrði kaupmáli, og var einnig kunnugt um fákunnáttu sóknaraðilja á þessu sviði, auk þess að hann var á þeim tíma háður varnaraðilja í efnum sem þessum, þá sé ljóst, að hún hafi blekkt sóknaraðilja til að undirrita kaupmálann. Hafi hún á þennan hátt fært sér í not fákunnáttu hans, einfeldni og traust í hennar garð. Sé tilurð kaupmálans þannig andstæð 7. gr. laga nr. 58/1960.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að óheiðarlegt sé af hálfu varnaraðilja að bera fyrir sig kaupmálann, þar sem hún hafi ekki fullnægt þeirri upplýsingaskyldu, sem á henni hvíldi, er hún þagði um skilnaðarásetning sinn, er kaupmálinn var gerður. Sé því kaupmálinn ógildanlegur samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, beint eða með lögjöfnun. Jafnframt styðjist ógildanleiki kaupmálans við þetta ákvæði, ef sviksamlegur ásetningur varnaraðilja telst ekki sannaður, á grundvelli þeirra málsástæðna, er sóknaraðili telur leiða til ógildingar samkvæmt 30. gr. sömu laga. Þá telur sóknaraðili, að ógildi kaupmálans eigi stoð í reglum um brostnar forsendur, þar sem hann hefði aldrei gert kaupmálann, ef honum hefði verið kunnugt um skilnaðarásenting varnaraðilja. Megi telja það eðlilega forsendu kaupmálagerðar af

hálfu sóknaraðilja, að íbúð málsaðilja yrði áfram sameiginlegt heimili þeirra og búskapur þeirra héldist.

Sóknaraðili kveðst telja framferði varnaraðilja á þeim skamma tíma, er leið frá undirritun kaupmálans, til þess tíma, er skilnaðarkrafa kom fram af hennar hálfu, benda til þess, að gerð kaupmálans hafi verið saknæmt atferli hennar í auðgunarskyni. Varnaraðili hafi skapað upplausn í heimilislífi aðilja með hátterni sínu og megi draga af því þá ályktun, að hún hafi verið að reyna að koma málum þannig fyrir, að sóknaraðili þyldi ekki lengur við í sambúð þeirra og stigi fyrsta skrefið til skilnaðar.

Af hálfu sóknaraðilja var því sérstaklega mótmælt við munnlegan flutning málsins, að unnt væri á nokkurn hátt að styðjast við vottorð Jóns Guðgeirssonar tryggingalæknis um greindarskort varnaraðilja. Um 20 ára gamla rannsókn væri að ræða og fullvíst væri, að varnaraðili hefði öðlast nægilegan andlegan þroska síðan. Bent var á framburð vitnisins F í þessu sambandi þess efnis, að ekki væri af framkomu varnaraðilja unnt að merkja neitt óvanalegt í fari hennar.

Þá var þess sjónarmiðs getið af hálfu sóknaraðilja við munnlegan flutning, að þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 7/1936 væri unnt að beita ógildingarreglum III. kafla laganna, annað hvort beint eða með lögjöfnun. Ættu sjónarmið þessi stoð í fræðikenningum, þar sem talið væri, að hægt væri í ríkara mæli á sviði sifjaréttar að styðja ógildingu löggernings við huglæga afstöðu þeirra, er að honum standa, en í fjármunarétti.

Varnaraðili heldur því fram, að kaupmáli málsaðilja sé gerður í samræmi við lagaákvæði um þessi efni. Hafi hann að geyma afdráttarlaust og samstundis framkvæmt eignaafsal. Sé í þessu tilviki um gjöf sóknaraðilja til varnarðailja að ræða, og eins og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 20/1923 ráðgerir, var gerður kaupmáli um gjöfina. Kaupmálinn varð, þegar er hann var gerður, bindandi fyrir sóknaraðilja, hvernig sem ráðist hefði um hjúskap þeirra. Vísað er á bug staðhæfingum um svik, blekkingar eða misneytingu sem ósönnuðum með öllu.

Af hálfu varnaraðilja er bent á þann framburð hennar, að kaupmálinn hafi átt að verða henni trygging, ef sóknaraðili félli frá. Sé um algenga ástæðu að ræða til kaupmálagerðar og víðs fjarri, að þessi hvati til kaupmálagerðar eigi að leiða til ógildingar kaupmálans, þótt búskipti fari fram vegna hjónaskilnaðar.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilja hafi verið ljós hinn langi aðdragandi að skilnaði málsaðilja og að hann hafi að sama skapi og varnaraðili haft orð á hugsanlegum skilnaði þeirra. Ekkert sé fram komið um, að varnaraðili hafi leitað ráða hjá lögfræðingi, áður en kaupmálinn var gerður, en þó hún hefði gert það, breyti það engu í þessu máli, þar sem sóknaraðilja var kleift að gera hið sama og hljóti það því að vera á hans

ábyrgð, ef vanþekking hans hefur leitt hann til að haga gerðum sínum á annan hátt en ella hefði orðið.

Þá er á það bent, að sóknaraðili naut skólagöngu fjórum eða fimm árum lengur en varnaraðili, sem að auki er metin 75% öryrki vegna greindarskorts. Sé því af og frá, að hægt sé að styðja ógildingarkröfu við misneytingu af hennar hendi.

Varnaraðili vitnar til 40. gr. laga nr. 7/1936 um, að ákvæði þeirra laga gildi ekki á sviði sifjaréttar. Eigi því málsástæður sóknaraðilja, sem studdar eru ákvæðum þeirra laga, ekki lagastoð.

VI.

Ályktа verður af dómi Hæstaréttar í máli þessu, uppkveðnum 10. apríl 1980, er felldi úr gildi úrskurð réttar þessa um frávísun málsins af sjálfsdáðum, að rétturinn sé bær til að skera úr um, hvort eign sú, er kaupmáli málsaðilja tekur til, sé séreign varnaraðilja eða hjúskapareign, sem telst til eigna búsins. Verður því að telja, að úrlausn málsins sé undir því komin, hvort kaupmálinn og það eignaafsal, sem í honum felst, sé bindandi í lögskiptum málsaðilja sín á milli. Kröfugerð málsaðilja í málinu er í samræmi við úrlausnarvald réttarins að þessu leyti, en skoða verður rökstuðning kröfugerðar og málsástæður, eins og orðalagi þeirra er háttað af hendi aðilja og reifað er hér á undan, í ljósi þessarar athugasemdar.

Því var lýst yfir af hálfu beggja málsaðilja við munnlegan flutning málsins, að ekki væri vefengt, að kaupmálinn fullnægði lögákveðnum formskilyrðum.

Sóknaraðili hefur stutt kröfur sínar við ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 um ógildi löggerninga, enda ekki fyrir hendi almennar reglur um ógildi löggerninga á sviði sifjaréttar eða sérreglur um ógildi kaupmála. Varnaraðili hefur mótmælt þessu með vísan til 40. gr. laganna, þar sem fyrir er mælt, að ákvæði laganna gildi ekki um löggerninga, er lúta að málefnum, sem reglur sifjaréttarins gilda um. Sóknaraðili hefur hins vegar lýst því áliti, að fræðikenningar styðji, að ógildisákvæðum þeim, er hann hefur vísað til, verði beitt við úrlausn um réttaráhrif kaupmála málsaðilja, beint eða með lögjöfnun.

Telja verður, að ákvæðum laga nr. 7/1936 sé ætlað að taka til löggerninga um málefni á sviði fjármunaréttar og að þau séu einkum sniðin að þörfum viðskiptalífs, ekki síst III. kafli laganna. Í fræðikenningum er að því vikið, að efni reglna þess kafla byggist á svonefndum traustskenningum um ógildi löggerninga, sem hafa að markmiði, að grandlaus viðtakandi löggernings megi að öðru jöfnu treysta á gildi hans og vinni hann þannig rétt í skjóli grandleysis síns, þótt annmarki sé á löggerningnum, sem gert hefði að verkum, að grandsamur viðtakandi gæti ekki borið hann fyrir sig. Að

þessu marki sé því ekki litið til vitundar eða vilja þess, sem löggerningur stafar frá. Álitið hefur verið á hinn bóginn, að þessi sjónarmið gildi ekki um löggerninga um málefni, sem reglur sifjaréttarins gilda um, og bera til dæmis 25. og 28. gr. laga nr. 60/1972, þar sem fjallað er um ógildingu hjúskapar, þess vott, að á þessu réttarsviði sé byggt í ríkara mæli á vilja eða vitund þess, sem að löggerningi stendur, og hafi grandleysi viðtakanda hans ekki þau víðtæku réttaráhrif, sem fyrir hendi eru á vettvangi fjármunaréttarins. Er samt sem áður um hliðsettar ógildingarástæður að öðru leyti að ræða á báðum réttarsviðum. Af þessu verður að álíta, að 40. gr. laga nr. 7/1936 girði orðan sinni samkvæmt fyrir, að beitt sé reglum III. kafla laganna óbreyttum um löggerninga á sviði, sem reglur sifjaréttarins gilda um. Hins vegar verður að telja, að ákvæðið sé því ekki í vegi, að unnt sé að beita meginreglum um ógildisástæður, sem lögfestar eru varðandi löggerninga á sviði fjármunaréttar í ívitnuðum kafla um löggerninga um sifjaréttarleg málefni, þar á meðal kaupmála, að gættum þeim mismunandi réttaráhrifum, sem fylgja samkvæmt framansögðu grandleysi þess, er löggerningi er beint að.

Sóknaraðili hefur meðal annars stutt kröfur sínar við, að bersýnilegt sé, að varnaraðili hafi löngu fyrir gerð kaupmálans verið búinn að ákveða að leita skilnaðar, en hafi á sviksamlegan hátt þagað um ásetning þennan. Ótvírætt kemur fram af skýrslum aðilja og vitna, að málsaðiljar hafi lengi átt við sambúðarörðugleika að stríða og báðum hafi þeim orðið tíðrætt um skilnað. Vitni hafa getið þess, að þau töldu ljóst, að alvara væri komin í skilnaðarumtal hjónanna í febrúar 1979, eða nokkru fyrir gerð kaupmálans. Eins og málið liggur fyrir, verður ekki annað séð en að sóknaraðilja hafi að minnsta kosti ekki mátt dyljast að undangengnum samtölum þessa efnis um árabil og atvikum, sem utanaðkomandi gátu merkt sem alvarlega bresti á framtíðarhorfum hjúskaparins, að til skilnaðar kynni að stefna með þeim. Ekkert er heldur fram komið, sem staðfest getur, að varnaraðili hafi verið búinn að taka afgerandi ákvörðun um að leita skilnaðar, er kaupmálinn var gerður. Þegar af þessum ástæðum verður því ekki á þetta sjónarmið sóknaraðilja fallist.

Sóknaraðili heldur því fram, að varnaraðili hafi veitt honum villandi og rangar upplýsingar um réttaráhrif kaupmála, sem leiddu til þess, að hann taldi þá einungis hafa þýðingu við skipti dánarbúa. Varnaraðili hafi hins vegar búið við fullkomna vitneskju um ávinning sinn og réttarstöðu við skilnað, ef kaupmálinn yrði gerður. Stríði því þetta athæfi varnaraðilja gegn meginreglu 30. gr. laga nr. 7/1936.

Sóknaraðili staðhæfir í aðiljaskýrslum sínum, að honum hafi ekki verið kunnugt um þýðingu kaupmála við búskipti vegna skilnaðar, er kaupmáli málsaðilja var gerður. Af hálfu varnaraðilja hefur sannleiksgildi þessarar

staðhæfingar ekki verið vefengt. Ekkert er heldur fram komið í málinu, sem gefur tilefni til að ætla annað. Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að hún hafi heldur ekki vitað um þýðingu kaupmála að þessu leyti, er kaupmáli þeirra var gerður. Sóknaraðili hefur bent á ýmis atriði, sem hann telur gefa til kynna, að staðhæfing þessi eigi ekki við rök að styðjast. Telur hann óhjákvæmilegt, að sú staðreynd, að lögum samkvæmt hafi kaupmáli áhrif við búskipti vegna skilnaðar, hafi borist í tal í samræðum varnaraðilja við B, áður en kaupmálinn var gerður.

Það verður að telja, að það styðji sjónarmið sóknaraðilja, að samkvæmt framburði varnaraðilja hefur verið náið samband með henni og B og að B hafi sjálf gert kaupmála í fyrri hjúskap sínum, er lyktaði með skilanði, og hafi kaupmálinn haft þau áhrif á búskipti vegna skilnaðarins, að B „hélt íbúðinni", eins og varnaraðili komst að orði í síðari aðiljaskýrslu sinni. Þá hafi vitni haft eftir varnaraðilja, að B hafi hvatt hana til að gera kaupmála, og einnig ber að líta til þess, að B semur kaupmála málsaðilja að beiðni varnaraðilja.

Á hinn bóginn verður að telja, að staðhæfingar varðaraðilja eigi nokkurn stuðning í framburði vitna, sem, þrátt fyrir að tímasetningar séu ekki með öllu nákvæmar, benda til, að fyrst, eftir að kaupmáli málsaðilja var gerður, hafi varnaraðilji rætt um, að hann væri henni til tryggingar, ef sóknaraðili félli frá. Framburður vitnanna gefur einnig til kynna, að fyrst nokkru síðar hafi farið að koma fram það sjónarmið varnaraðilja, að íbúðin að .... kæmi ekki til skipta, ef til skilnaðar drægi, vegna kaupmálans. Þá lýsti B því yfir, að hún minntist þess ekki, að málefni þetta hefði komið til tals með þeim systrum. Þegar leyst er úr þessu atriði, verður enn fremur að hafa í huga, að þrátt fyrir að almennt mætti álíta, að aðili í sporum varnaraðilja með vitneskju um hagi B og atvik við búskipti vegna skilnaðar hennar ætti búa við meiri vitneskju um réttaráhrif kaupmála en varnaraðili hefur viljað í veðri láta vaka, þá sé varasamt að leggja mat á hæfni varnaraðilja til að draga ályktanir af þessum atriðum vegna þess, er getur í framlögðu vottorði Jóns Guðgeirssonar tryggingalæknis.

Að gættum þessum atriðum þykir ekki unnt að telja, að sóknaraðili hafi stutt nægum líkum, að varnaraðili hafi, er kaupmáli málsaðilja var gerður, verið kunnugt um eða gert sér fyllilega grein fyrir, að kaupmálinn hefði lögum samkvæmt áhrif á búskipti vegna skilnaðar. Af þessari ástæðu verður því ekki á það fallist með sóknaraðilja, að meginsjónarmið 30. gr. laga nr. 7/1936 leiði til þess, að málskröfur hans verði teknar til greina.

Í ljósi þess, að leggja verður til grundvallar, að varnaraðilja hafi ekki verið kunnugt um áhrif kaupmálans við búskipti vegna skilnaðar, er hann var gerður, verður heldur ekki á það fallist með sóknaraðilja, að kaupmál-

inn hafi orðið til á hátt, sem brýtur í gegn meginreglu 7. gr. laga nr. 58/1960.

Með vísan til þess, er áður greinir um, að ósannað þyki, að varnaraðili hafi búið við ásetning um um að skilja við sóknaraðilja, er kaupmáli þeirra var gerður, er hvorki unnt að fallast á málskröfur sóknaraðilja á grundvelli málsástæðna hans, sem styðjast við meginsjónarmið 32. gr. laga nr. 7/1936, né með stoð í meginreglum um brostnar forsendur.

Þótt nú hafi verið leyst úr þeim málsástæðum, sem aðiljar hafa haft uppi í málinu, þykir ekki verða hjá því komist að taka til álita, hver áhrif það hafi á niðurstöðu málsins, að ósannað sé annað en að hvorugum málsaðilja hafi verið kunnugt um réttaráhrif kaupmála þeirra við búskipti vegna skilnaðar, er hann var gerður. Úrlausn þessa máls lýtur sem fyrr segir að því, hvort kaupmálinn sé bindandi milli aðilja málsins við skipti félagsbús þeirra. Það hefur verið stutt rökum, að er metið er skuldbindingargildi löggerninga um efni, sem reglur sifjaréttarins gilda um, verði í ríkara mæli en á sviði fjármunaréttar að taka tillit til ætlunar aðilja með löggerningi sínum. Í máli þessu verður að leggja til grundavallar, að þegar málsaðiljar gerðu kaupmála sín á milli, hafi það verið markmið þeirra að tryggja hagsmuni varnaraðilja, ef til skipta dánarbús sóknaraðilja kæmi að henni lifandi, og að hvorugu þeirra hafi verið um víðtækari áhrif kaupmálans að lögum kunnugt. Verður því við það að miða, að inntak samnings þeirra, sem gerður var í formi kaupmála, hafi verið það eitt að haga málum svo, að fasteign þeirra kæmi ekki til skipta milli varnaraðilja og stjúpbarna hennar, félli sóknaraðili frá, og að við gerð kaupmálans hafi ekki verið hugað að víðtækari lögfylgjum löggerningsins. Áhrif kaupmála málsaðilja eru því að lögum önnur og meiri en þau hafa sannanlega ráðgert, og hefur því löggerningur þessi orðið annars efnis en ætla verður, að hafi verið sameiginlegt markmið þeirra. Það verður því að álíta, að það væri óheiðarlegt af hálfu varnaraðilja að bera fyrir sig lögfylgjur löggerningsins við skipti félagsbús málsaðilja, sem lengra ganga en þau ætluðust til. Samkvæmt grunnrökum 31. og 32. gr. laga nr. 7/1936 verður því ekki komist hjá þeirri niðurstöðu, að kaupmáli málsaðilja hafi ekki áhrif á skipti félagsbús þeirra vegna skilnaðar, og verða því málskröfur sóknaraðilja teknar til greina. Það þykir einnig styðja niðurstöðu þessa, að samkvæmt gagnályktun frá 2. ml. 29. gr. laga nr. 20/1923 hefði kaupmáli, sem áskilið væri, að hefði einungis áhrif við skipti dánarbús sóknaraðilja, ógildur (sic). Þótt málsástæðu þeirri, sem niðurstaða þessi byggist á, hafi ekki verið hreyft af hálfu sóknaraðilja, þykir fullnægt skilyrðum 113. gr. laga nr. 85/1936 til þess að leggja hana til grundvallar.

Með því að telja verður, að veruleg vafaatriði hafi verið í máli þessu,

og með hliðsjón af þeim röksemdum, sem niðurstaða í því byggist á, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málið frá 1. mars 1981.

Úrskurðarorð:

Við skipti á félagsbúi M og K telst tveggja herbegja íbúð í kjallara hússins að .... í Reykjavík ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum hluti félagsbúsins.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. desember 1983.

Nr. 157/1981. **Ragnhildur Helgadóttir**
vegna dánarbús Samúels Jónssonar
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Hirti Kristjánssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Fasteignakaup. Afsláttur að tiltölu. Matsgerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi Samúel Jónsson lést hinn 11. apríl 1983. Ekkju hans, Ragnhildi Helgadóttur, var hinn 19. apríl 1983 veitt leyfi til setu í óskiptu búi með börnum þeirra. Hefur hún tekið við rekstri málsins.

Af hálfu áfrýjanda var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1981. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur fyrir Hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu einni, að vextir af hinni tildæmdu fjárhæð verði ákveðnir 39% ársvextir frá 1. júní 1981 til uppsögu héraðsdóms, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að svokölluð matsgerð í málinu verði ekki lögð til grundvallar dómi.

Húseignin Bjarg við Seljalandsveg 6, Ísafirði, var rösklega hálfrar aldar gömul, er stefndi festi kaup á henni. Hann gat því búist við því, að leiðslur og lagnir væru teknar að láta sig. Allt að einu verður þó að telja, að hann hafi ekki mátt ætla, að rafmagnsleiðslur væru orðnar svo lélegar, að af þeim stafaði hætta, svo sem síðar kom í ljós. Af þessum sökum þykir stefndi eiga kröfu til nokkurs afsláttar af kaupverði hússins úr hendi áfrýjanda. Þykir sá afsláttur eftir atvikum hæfilega ákveðinn 2.500.00 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Að öðru leyti ber að hafna kröfum stefnda á hendur áfrýjanda vegna húsakaupa þessara.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 8.500.00 krónur. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ragnhildur Helgadóttir vegna dánarbús Samúels Jónssonar, greiði stefnda, Hirti Kristjánssyni, 2.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvem-

ber 1983 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og áframhaldandi dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um það, að fallast beri á það með héraðsdómi, að svokölluð matsgerð í málinu verði ekki lögð til grundvallar dómi.

Þá tel ég, að einnig megi fallast á niðurstöðu héraðsdóms um það, hver af atriðum þeim, sem greindi í dómkvaðningarbeiðni 24. júlí 1975, skuli teljast þess eðlis, að greiðsluskyldu varði af hálfu áfrýjanda, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Meiri hluti dómenda dæmir málið með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Á þetta sjónarmið get ég ekki fallist.

Samkvæmt ákvæðum reglugerða, sem gilda í Ísafjarðarkaupstað, þ. e. reglugerðar um raforkuvirki nr. 264/1971 (landsreglugerð) og reglugerðar fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 230/1973, getur rafmagnseftirlit Rafveitu Ísafjarðar stöðvað raforkusölu til einstakra kaupenda raforku, ef raforkuvirki þeirra fullnægja ekki settum skilyrðum og úrbætur ekki framkvæmdar samkvæmt fyrirmælum rafmagnseftirlits, en reglugerðarákvæði þessi byggjast á öryggissjónarmiðum.

Gallar þeir, sem leitt hefur verið í ljós, að voru á raflögnum, voru ekki nema að litlu leyti sýnilegir, svo sem greinir í héraðsdómi, en telja verður, að kaupandi húss, sem er í notkun, eigi að geta treyst því, nema annars sé getið, að huldar rafmagnsleiðslur fullnægi ávallt öryggisskilyrðum án tillits til aldurs þess eða útlits. Ég lít því svo á, að a. m. k. að þessu leyti hafi verið um áskilda eiginleika hins keypta að ræða af hálfu stefnda og beri því að dæma málið

með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, þ. e. með skaðabótagreiðslu.

Svo sem að framan greinir, verður svokölluð matsgerð ekki lögð til grundvallar um fjárhæðir bóta. Þrátt fyrir þann galla á málatilbúnaði, sem í þessu felst, tel ég mega leggja mat héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, til grundvallar um fjárhæðir, en því mati hefur ekki verið hnekkt. Verður að telja fjárhæðir hóflegar miðað við framlögð gögn um kostnað við viðgerðir.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms tel ég rétt að staðfesta niðurstöðu hans, þó þannig, að vextir verði eins og segir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir mér hann hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 3. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Hjörtur Kristjánsson, Seljalandsvegi 6, Ísafirði, með stefnu, birtri 24. september 1975, gegn Samúel Jónssyni, Silfurgötu 7, Ísafirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 8.930.00 (gkr. 893.000) auk 13% ársvaxta frá 1. júlí 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Með framhaldsstefnu, dagsettri 11. júní 1981, voru gerðar þær endanlegu dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 8.930.00 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. júlí 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldsrká Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og tildæmds málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda. Leitast hefur verið við að sætta mál þetta án árangurs.

Mál þetta var þingfest 3. október 1975. Þáverandi lögmaður stefnanda fékk þá 6 vikna frest til gagnaöflunar. Málið var síðan tekið fyrir 26. og 27. apríl 1976 og því síðan frestað óákveðið. Hinn 7. janúar 1977 var málið síðan tekið fyrir á ný og dómtekið hinn 8. janúar 1977 og kveðinn upp

efnisdómur hinn 31. janúar s. á. af Gunnari Aðalsteinssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Kristjáni Reimarssyni og Jósef Vernharðssyni. Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefndu 23. febrúar 1977. Með dómi Hæstaréttar í málinu hinn 26. september 1978 var hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá og með þinghaldi 8. janúar 1977 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar, þar sem tengsl samdómarans Kristjáns Reimarsson við sakarefnið voru þess konar, að hann mátti eigi gegna dómarastarfi í málinu, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Með bréfi, dags. 16. maí 1980, var málið vakið á ný í héraði og óskað lögmætrar meðferðar sem allra fyrst. Vegna sumarorlofs og embættisanna undirritaðs dómsformanns var málinu frestað til hausts. En vegna ýmissa orsaka, er vörðuðu lögmenn aðilja og búsetu þeirra, var málið ekki tekið fyrir fyrr en 12. júní sl. og málið þá flutt og dómtekið að nýju.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 14. júní 1975, gerðu stefndi sem seljandi og stefnandi sem kaupandi með sér samning um kaup á fasteigninni nr. 6 við Seljalandsveg (Bjarg) hér í bæ.

Í kaupsamningi eru m. a. svofelld ákvæði:

„Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa fasteignina nr. 6 við Seljalandsveg (Bjarg) hér í bæ. Hið selda er tvílyft timburhús, nánar tilgreint stofa, borðstofa, baðherbergi, eldhús, bakinngangur og forstofa á 1. hæð, fjögur herbergi á rishæð, kjallari undir öllu húsinu, sem er u. þ. b. 72 m² að grunnfleti, ásamt bílageymslu og tilheyrandi lóðarréttindum."

„Söluverð eignarinnar er kr. 7.000.000.00, kr. ---"

„Eignin selst með öllu múr- og naglföstu, þvottapotti, eldavél, bökunarofni og öllu, sem fylgir og fylgja ber. Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er í, kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti."

Stefnandi fékk húsið afhent 30. júní 1975. Skömmu síðar fékk stefnandi bréf, dagsettt 7. júlí 1975, frá Rafveitu Ísafjarðar, þar sem honum er gert að framkvæma umfangsmikla viðgerð á raflögn hússins, sem reyndist brjóta í bága við reglur um raforkuvirki.

Bréf Rafveitu Ísafjarðar er svohljóðandi:

„Athugasemdir við raforkuvirki, skoðun gerð 4.7. 1975. Allt virkið skal varið með lekastraumrofum, marklekastraumur mest 30 mA. Endurnýja skal lagnir og búnað, þar með taldar töflur, að því marki, sem núgildandi reglur um raforkuvirki segja fyrir um, og tilkynna síðan rafmagnseftirliti Rafveitu Ísafjarðar allt virkið til úttektar.

Skýrslan skal endursend rafmagnseftirliti Rafveitu Ísafjarðar, Ísafirði,

strax að viðgerð lokinni. Skýrslan skal undirrituð af rafvirkja, þeim er annast viðgerðina. Viðgerð skal lokið 18.7. 1975." Stimpill.

Bréf Rafveitu Ísafjarðar er undirritað af Magnúsi J. Kristinssyni rafmagnseftirlitsmanni.

Þá hafi og farið að koma í ljós margvíslegir aðrir gallar. Miðstöðvarofn í eldhúsi hafi ekki hitnað, en aðrir ofnar misjafnlega. Rör í miðstöðvarlögn hafi reynst lek. Kalt vatn rynni ekki úr krönum á baði og salerniskassi væri lekur. Krani og rör í eldhúsi hafi lekið. Lekaskemmd hafi verið í kompugólfi á efri hæð og í baðlofti fyrir neðan kompuna. Þá hafi verið brunagöt á teppi í stofu, sem motta hafi verið lögð yfir, þegar stefnandi skoðaði húsið, og því ekki sést, enn fremur brunagöt inni í skáp í borðstofu.

Hinn 24. júlí 1975 óskaði lögmaður stefnanda eftir dómkvaðningu þriggja matsmanna með þekkingu á raflögnum, pípulögnum og húsasmíði til þess að meta til fjár galla á húseigninni nr. 6 við Seljalandsveg á Ísafirði.

Í matsbeiðni segir svo:

„Það, sem meta skal, leyfi ég mér að skilgreina svo:

1. Hver kostnaður yrði af því að koma rafkerfi hússins í það lag, sem lög krefjast og þarf til að hafa af því fullvenjuleg not.
2. Hver kostnaður yrði að því að koma pípulögnum hússin í það horf, að hægt sé að hafa af henni fullkomin not, þ. m. t. not af öllum vatnshönum hússins og að komið sé í veg fyrir hættu á lekaskemmdum.
3. Hver kostnaður yrði af að koma miðstöðvarkerfi hússins í fullkomið horf hvað notagildi snertir, þ. m. t. að allir ofnar hússins starfi eðlilega og koma í veg fyrir hættu á lekaskemmdum.
4. Hver kostnaður yrði af því að gera við vatnsskemmdir í lofti baðherbergis á aðalhæð hússins, gat á teppi í miðri stofu á sömu hæð hússins og brunagöt á skáp í borðstofu á sömu hæð."

Í matsbeiðni var þess enn fremur óskað, að lögmanni stefnanda og stefnda væri tilkynnt, hvenær matið færi fram.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dagsett 7. ágúst 1975. Er hún á þremur blaðsíðum, ein af hendi hvers matsmanns, en matsmaðurinn Guðni Ásmundsson húsasmíðameistari ritar nafn sitt undir mat hinna tveggja, þeirra Ásgeirs Jóhannessonar pípulagningameistara og Björns M. Egilssonar rafvirkjameistara.

Matsgerðin er svohljóðandi:

„Hefi í dag framkvæmt mat það á húseigninni Seljalandsvegur 6, Ísafirði, er ég var dómkvaddur til af bæjarfógeta Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt bréfi hans, dagsettu 5. ágúst 1975. Heildarniðurstaða mats míns er

kr. 303.000.00, þrjúhundruðogþrjúþúsund oo/100. Sundurliðast þannig samkvæmt framkominni matsbeiðni.

Liður 1.	Kr.	195.000.00
Liður 2.	—	70.000.00
Liður 3.	—	20.000.00
Liður 4.	—	18.000.00
	Alls kr.	303.000.00

Ísafirði, 7. ágúst 1975
Guðni Ásmundsson, húsamíðameistari.

Aths. Eigi reyndist gerlegt að ná til annars aðila, Samuels Jónssonar, þar eð hann og kona hans eru erlendis. Eigi náðist heldur í aðstandendur, sem hefðu getað komið í hans stað.

Guðni Ásmundsson"

„ 7. ágúst 1975.
Sýslumannsembættið Ísafirði.

Þar sem ég undirritaður hef verið skipaður til að meta rafkerfi hússins Bjarg við Seljalandsveg, tel ég eftirfarandi athugavert. Skipta þyrfti um allan gamlan vír í húsinu. Ennfremur skipta um töflu og töflubúnað samkvæmt reglugerð. Endurleggja lögn að ljósi í norðurstofu. Setja jarðsamband, þar sem við á skv. reglugerð. Fittingslögn og blýkapal ætti að fjarlægja. Ofanrituð lagfæring tel ég að kosta muni ca. 250.000 krónur.

Virðingarfyllst,
Björn M. Egilsson
rafvirki.

Er samþykkur ofangreindu mati, sem ég átti hlut að, en til viðbótar því komi liður 1 í matsgjörð minni, dags. í dag.

Ísafirði, 7. ágúst 1975.
Guðni Ásmundsson"

„Bæjarfógetinn á Ísafirði.

Samkvæmt tilkvaðningu hef ég undirritaður gert könnun á pípulögn hússins nr. 6 við Seljalandsveg, og sýnist mér ástand pípulagnar ekki verra en gerist og gengur í svo gömlu húsi. En samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru í dag til húslagna, standast þær ekki. Og sem svar við lið nr. 2 „Hver kostnaður yrði að koma pípulögn hússins í það horf, að hægt sé að hafa af henni fullkomin not, þ. m. t. not af öllum vatnshönum hússins og að komið sé í veg fyrir hættu af lekaskemmdum." Um kostnað við endurnýjun á vatnslögn, sem samkvæmt nútímakröfum yrði eirlögn, áætla ég fjögurra daga vinnu fyrir tvo menn. Það er sem næst 80.000 kr. Um lið nr. 3 „Hver kostnaður yrði að koma mistöðvarkerfi hússins í fullkomið horf hvað notagildi snertir, þ. m. t. að allir ofnar hússins starfi eðlilega og koma í veg fyrir hættu á lekaskemmdum." Þann kostnað ætla ég þriggja daga vinnu fyrir tvo menn, eða ca. 60.000 kr. Samanlagður vinnukostnaður yrði þá 140.000 kr. og áætlaður efniskostnaður um 100.000 kr., eða samtals 240.000 kr. Þó að ekki komi fram í matsbeiðni kostnaður við endurnýjun skólplagnar, verður ekki hjá því komist að betrumbæta hana. Efni og vinnukostnaður við endurnýjun hennar myndi ég áætla um 100.000 kr.

Ísafirði 7. 8. 1975.
Ásgeir Jóhannesson

Er samþykkur ofangreindu mati, sem ég átti hlut að, en til viðbótar því komi liður 2 og 3 í matsgjörð minni, dags. í dag.

Ísafirði, 7. ágúst 1975.
Guðni Ásmundsson "

Matsmennirnir hafa allir komið fyrir dóm og staðfest efni matsgerðarinnar. Fyrir dómi bar matsmaðurinn Björn Magnús Egilsson rafvirkjameistari, að hann hefði farið að Seljalandsvegi 6 7. ágúst 1975 ásamt matsmönnunum Guðna Ásmundssyni og Ásgeiri Jóhannessyni. Hafi þeir allir unnið saman að skoðuninni, en unnið úr henni hver í sínu lagi. Í einu tilviki hafi hann og Guðni Ásmundsson haft samráð um það, sem rífa þyrfti frá vegna viðgerða á rafmagni, en sitt mat sé miðað alfarið við úrbætur á rafkerfi. Mat hans sé miðað við efni og vinnu við endurnýjun rafkerfis í húsinu miðað við þær kröfur og gildandi reglur, sem hann vinni eftir. Sé matið miðað við lágmarkskröfur og enga ónauðsynlega hluti. Matsmaðurinn taldi, að það, sem athugavert hafi verið, hafi verið þess eðlis, að ósérfróður maður hefði ekki átt að sjá það við skoðun. Hægt hafi verið að hafa full not af rafmagni í húsinu, en það hafi jafnframt verið hættulegt. Matsmaðurinn kvaðst ekki hafa tekið eftir því sérstaklega, hvort ástand raflagnarinnar hafi

sett miklar eða litlar hömlur á notkun hennar burt séð frá hættueiginleikum hennar. Matsmaðurinn vissi ekki, hvort reynt var að ná til stefnda, Samúels Jónssonar, áður en matið fór fram.

Fyrir dómi bar matsmaðurinn Ásgeir Einar Jóhannesson pípulagningameistari, að hann hefði skoðað miðstöðvarlögn, vatnslögn og skolplögn í húsinu. Hafi hann ekkert séð athugavert við framangreint miðað við aldur hússins, en kostnaður sá, sem hann áætli í matsgerð, sé miðaður við að koma þessu í það horf, sem tíðkist í dag. T. d. tíðkist nú einungis að leggja vatn í eirrörum. Matsmaðurinn taldi, að not hefði mátt hafa af framangreindu, utan að ein handlaug hafi verið stífluð og skóplögn innanhúss hafi mátt vera betri. Vatnsleysi í krönum í baðherbergi taldi matsmaðurinn stafa af því, að vatnslögnin væri orðin gróin, þ. e. a. s. úrfelli hafi myndast í rörum og sé það alþekkt á Ísafirði og stafi af því, að neysluvatnið sé yfirborðsvatn, sem hafi þessa eiginleika. Af þessum sökum sé nú hætt að leggja vatnslagnir úr galvaniseruðuum rörum, heldur séu nú notuð eirrör. Því sé óumflýjanlegt, að slíkt úrfelli sé í allri vatnslögn hússins af fyrrgreindum ástæðum. Matsmaðurinn taldi, að ósérfróður maður hefði getað áttað sig á framangreindu úrfelli með því að opna krana, en þetta úrfelli sé alþekkt staðreynd hér. Hámarksendingartími röra af ½ tommu sverleika sé hér 25 ár. Ekki sé unnt að ná úrfelli úr vatnslögnum með því að blása í rörin. Ekki kvaðst matsmaðurinn minnast þess, að salerniskassi hafi lekið, en rámaði í, að krani hafi lekið í eldhúsi. Ofn í eldhúsi hafi ekki hitnað eins vel og aðrir ofnar og muni það að líkindum stafa af því, að ofni þessum hafi verið bætt við kerfið, og megi búast við því, að slíkir ofnar verði út undan, en úr því sé stundum bætt með því að setja dælu á kerfið. Leki hafi verið á einum stað með hné á miðstöðvarlögn, en það hafi verið smávægilegt. Mak hafi verið sett í göt í rörum í kjallara. Hafi verið búið að tjasla við þetta þannig, að ekki hafi lekið. Hafi það átt að vera hverjum manni ljóst við skoðun, að tjaslað hafði verið við rör í kjallara. Tjasla megi við það, sem ábóta sé vant, en slíkt mundi þó ekki borga sig, þegar litið er til lengri tíma. Matsmaðurinn kvaðst ekki hafa séð neitt athugavert við miðstöðvardælu. Skolplögnin innanhúss sé nokkuð gróf, en þó nothæf og sé eins og búast megi við í svo gömlu húsi. Matsmaðurinn kvaðst ekki vita til þess, að reynt hafi verið að ná sambandi við stefnda, Samúel Jónsson, áður en matið var framkvæmt.

Matsmaðurinn Guðni Ásmundsson húsasmíðameistari kom fyrir dóm. Hann kvaðst hafa ásamt þeim Birni Egilssyni og Ásgeiri Jóhannessyni unnið að skoðunargerð að Seljalandsvegi 6 hinn 7. ágúst 1975. Hafi þeir Björn og Ásgeir greint honum frá, hvað þeir teldu, að gera þyrfti varðandi raflagnir og pípulagnir og hann hafi síðan áætlað kostnað við trésmíðavinnu, sem af þessum endurbótum mundi leiða. Hann hafi þó verið einn

um að áætla viðgerðarkostnað vegna brunagats í skáp og gats á teppi í stofu. Matsmaðurinn kveðst hafa skrifað undir og samþykkt matsgerðir þeirra Björns og Ásgeirs, en matskostnaður hans vegna smíðaverks komi síðan matsupphæðum þeirra Björns og Ásgeirs til viðbótar. Hafi hann undirritað matsgerðir hinna vegna þess, að þeir þrír hafi haft samráð um, hvernig best væri og hagkvæmast að framkvæma endurbæturnar og hinir beðið hann að undirrita matsgerðir sínar. Enn fremur hafi hann undirritað matsgerðir hinna vegna þeirrar sameiginlegu vinnu, sem sé óhjákvæmileg í þessu sambandi. Hann hafi hins vegar ekki séð ástæðu til að biðja hina matsmennina að undirrita matsgerð sína. Til þess að endurnýja raflagnir hafi þurft að rífa frá úr loftinu á neðri hæð hússins, á gangi uppi og í herbergi í norðurhlið uppi til að koma fyrir raflögnum. Í sambandi við lið 2 í matsgerð hans sé kostnaðurinn aðallega á baðherbergi, við ofn á gangi uppi og ofn í eldhúsi. Matsmaðurinn kvaðst hafa reynt að gera stefnda, Samúel Jónssyni, viðvart um framkvæmd matsins í síma, en fengið þau svör, að Samúel væri erlendis og sonur hans hafi verið úti á sjó og því ekki náðst til hans heldur.

Hér fyrir dómi skýrði stefnandi máls þessa svo frá, að hann hafi komið til að skoða húsið Bjarg að Seljalandsvegi 6, Ísafirði, í fyrsta sinn 8. maí 1975 og síðan aftur 20. maí og þá með kaup í huga. Með sér hafi verið í bæði skiptin eiginkona sín, Ingibjörg Hjörleifsdóttir. Þá hafi verið rætt um húsið og spurt um ýmsa hluti, svo sem rafmagn, miðstöðvarkerfi og vatnslögn og hvort húsið læki. Kvaðst stefnandi ásamt eiginkonu sinni hafa talið sig spyrja um allt, sem hann taldi skipta miklu máli. Kvaðst hann hafa fengið greið svör. Hafi stefndi, Samúel Jónsson, og eiginkona hans, Ragnhildur Helgadóttir, sagt, að allt hafi verið lagt nýtt niðri viðkomandi rafmagni, þegar Samúel sonur þeirra fermdist, og hafi hann skilið það svo, að raflagnir niðri væru um 10 ára gamlar. Kvaðst stefnandi hafa skilið það svo, að með því hafi verið átt við neðri hæð hússins og kjallara. Á efri hæð hafi raflögn verið endurnýjuð, þegar skipt var um glugga. Taldi stefnandi það hafa verið rétt fyrir árið 1970. Við skoðunina á húsinu kvað stefnandi þau hjónin hafa komist að því, að ágætis kraftur hafi verið á vatni í krana í eldhúsi og eins í garðslöngu. Þá hafi þeim og verið sagt, að allt væri í lagi með alla ofna og nógur hiti. Þá hafi einnig verið rætt hugsanlega um 4.000.000 kr. útborgun. Hinn 27. maí hafi kaupin síðan verið staðfest og orðið að samkomulagi, að stefnandi keypti húsið fyrir 7.000.000 kr. og greiddi út kr. 4.000.000. Um þetta leyti hafi þeim hjónum síðan verið boðið að vinna í garðinum við húsið. Hafi kona stefnanda þá fengið að fara á salerni og þá orðið þess áskynja, að ekkert vatn kom úr krana á salerninu. Hafi stefndi sagst mundu bæta úr því. Húsið átti að afhenda 1. júlí og hafi lyklarnir verið afhentir 30. júní. Að kvöldi þessa dags kvað

stefnandi þau hjónin hafa farið í húsið og hafi þá komið í ljós, að vatn var á gólfi í kjallara og gat á röri, sem lekið hafi út um. Kvað stefnandi einhvers konar mak hafa verið sett yfir gatið á rörinu og síðan málað yfir það. Stefnandi hafi komið í kjallarann áður og þá ekki tekið eftir neinu óeðlilegu, enda var þá ekki vatn á gólfinu. Kvaðst stefnandi hafa fengið pípulagningamann til að líta á rörin og hafi hann fundið fleiri slíka „makbletti," sem stefnandi kvaðst ekki hafa vitað um. Þau hjón hafi síðan hafið flutninga í húsið og á fimmtudeginum eftir 1. júlí hafi þau fengið rafvirkja til að setja upp fyrir sig ljósastæði. Hafi rafvirkinn sagt, eftir að hann hafði aðeins unnið í stutta stund, að hann yrði að kalla á meistara sinn, Óskar Eggertsson, sem hann og gerði. Hafi þá Óskar komið og sagt: „Hér verður ekkert unnið nema kalla á rafmagnseftirlitsmanninn." Hafi svo verið gert og hafi Magnús Kristinsson rafmagnseftirlitsmaður komið og tjáð stefnanda síðar um daginn, að allt rafmagn í húsinu væri meira og minna ónýtt og frá því stafaði íkveikjuhætta. Hafi Magnús og sagt stefnanda, að hann fengi bréf frá sér fljótlega. Kveður stefnandi sér hafa verið settur stuttur frestur til að bæta úr ágöllum. Stefnandi kvaðst síðan hafa hringt í Samúel Jónsson og tilkynnt honum, hvernig komið væri. Hafi stefnandi reynt að fá rafmagnsmenn úr Straumi h/f og hafi þeir komið í byrjun ágúst og þá unnið í tæpan hálfan mánuð, þannig að hægt væri að kveikja í stofunni. Á þessum tíma hafi verið takmörkuð not af rafmagni í húsinu. Þá hafi og orðið vart við, að sumir miðstöðvarofnar í húsinu hitnuðu ekki eðlilega og ofn í eldhúsi alls ekki nema bláhorn neðst. Á salerni hafi rétt dreitlað úr kaldavatnskrana í vaski á baðinu og hafi verið skrúfað frá krananum í baðkerinu, þá hafi ekkert vatn komið úr hinum. Í vetur hafi tvívegis frosið kalda vatnið á baðinu. Heita vatnið á baðinu hafi verið þolanlegt. Þá hafi salerniskassi og lekið, en frá því hafi þeim hjónunum ekki verið sagt. Gólf í geymslu uppi á lofti hafi verið skemmt. Hafi skemmd verið á gólfinu og eins í loftinu á baðinu, sem sé undir geymslu þessari. Kvaðst stefnandi hafa tekið eftir þessum skemmdum að kvöldi 1. júlí. Þá hafi borð í kringum vask í eldhúsi verið ónýtt vegna leka úr krana. Komið hafi einnig í ljós, að talsverður hávaði var frá miðstöðvardælu. Kvað stefnandi pípulagningamenn hafa sagt sér, að dælan væri slitin og mundi þurfa að endurnýja hana. Þegar hér var komið, hafi verið reynt að leita sátta og m. a. boðið til fundar í því sambandi, en án árangurs. Stefnandi kvað það aldrei hafa komið til greina af sinni hálfu að greiða meira en 7.000.000 kr. fyrir húsið. Stefnandi kvað þau hjónin hafa komið u. þ. b. 5 sinnum til að líta á húsið, áður en kaup gerðust, og þar af líklega skoðað húsið þrisvar sinnum. Stefnandi kvað þau kjónin ekki hafa orðið vör við gat á teppi, fyrr en þau höfðu tekið við húsinu, og hafi lítil motta verið yfir því. Stefnandi neitaði því, að hjá sér hefði vaknað tortryggni, eftir að kona hans varð vör við vatns-

leysi í krana á salerni, enda hefði stefndi lofað að bæta úr því. Þegar stefnandi skoðaði og spurði um raflögn, miðstöðvarkerfi og vatnslögn í húsinu, hafi honum ekki verið bent á neitt athugavert. Stefndi hafi sagt: „Hér eru engir leyndir gallar." Stefnandi sagði, að þeim hafi verið sagt, að í verstu veðrum af suðvestri læki með lausu fagi í suðurglugga.

Stefndi í máli þessu kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hann hefði auglýst húseignina Bjarg við Seljalandsveg 6 til sölu í blöðum vorið 1975, líklega í maí. Hafi stefnandi sýnt mestan áhuga á kaupunum. Hafi stefndi tjáð öllum, sem um húsið spurðu, að hann léti það ekki fyrir minna en 7.000.000 kr., en sagðist helst vilja fá 8.000.000 kr. Kvaðst stefndi hafa lofað Brynjólfi syni sínum, að hann mætti ganga inn í hæsta boð. Stefndi kvað stefnanda hafa boðið kr. 8.000.000, en að lokum hafi verið sæst á kr. 7.000.000, eftir að sonur stefnda hafði hafnað forkaupsréttinum miðað við 8.000.000 kr. Hafi stefndi lækkað verðið um 1.000.000 kr., þart sem hann var kominn í eindaga með húsakaup í Reykjavík og hafi átt að gera kaupsamning þar 20. júní 1975. Ástæðan fyrir lækkun á kaupverði hússins hafi ekki verið sú, að hann hafi haft einhverja tiltekna galla í huga. Kvaðst hann hafa talið húsið ógallað, en vitað, að það þyrfti viðhald. Eftir að stefnandi var fluttur inn, hafi hann stuttu síðar haft samband við stefnda og kvartað yfir göllum á húsinu. Hafi samningafundur átt sér stað, en stefndi að lokum hafnað því að taka þátt í kostnaði við viðgerð á húsinu, þar sem hann hafði slegið kr. 1.000.000 af upphaflegu tilboðsverði hússins. Stefndi taldi, að stefnandi hefði líklega tvisvar sinnum farið með stefnda um allt húsið og skoðað það, en allmiklu oftar hafi hann haft samband við stefnda vegna húsakaupanna. Stefndi kvaðst hafa skýrt kaupendum frá endurbótum á rafmagni, m. a. í suðurstofu uppi, borðstofu og kjallara og setustofu niðri. Hafi sumt af þessu verið unnið árið 1963 og sumt árið 1970. Rafvirki hafi unnið að þessu og gert þær endurbætur, sem þurfti. Stefndi kvaðst hafa sagt stefnanda frá leka, sem væri á miðstöðvarkerfi, og að bæta þyrfti vatni á kerfið við og við, því annars væri hætt við, að loft kæmist inn á ofnana, og ofnar, einkum á efri hæðinni, hitnuðu þá ekki. Hafi þeir stefndi og stefnandi þá verið staddir tveir einir niðri í kjallara. Hafi leki þessi verið á einum stað í kjallara. Taldi stefndi sig ekki hafa bent stefnanda á, að fleira væri að miðstöðvarkerfinu. Þá kvaðst stefndi ekki hafa bent stefnanda á galla á vatnslögn, enda ekki vitað um neina galla. Þá kannaðist stefndi ekki við, að salerniskassi hafi lekið. Stefndi kannaðist ekki við, að ofn í eldhúsi hafi ekki hitnað, og mundi ekki til þess, að stefnandi hefði kvartað undan því, að ofninn hitnaði ekki. Stefndi kannaðist ekki við, að hafa rætt við stefnanda um, að dæla við miðstöð væri gömul og slitin, enda hafi hún verið í lagi, en komið geti fyrir, að heyrist í henni, þegar hún fari í gang. Þá sagði stefndi, að ekki

hafi verið rætt um leka á krana í eldhúsi. Kraninn hafi hins vegar getað lekið, ef þéttihringur, sem auðvelt hafi verð að herða með hendinni, hafi losnað. Stefndi sagði, að ekki hafi verið rætt um skemmdir á geymslugólfi fyrir ofan baðið enda hafi skemmdirnar í loftinu á baðinu verið vel sýnilegar. Skemmdir þessar séu gamlar, og kvaðst stefndi ekki hafa vitað til þess, að neinn leki hafi verið þarna, þegar húsið var selt. Varðandi gat á teppi sagði stefndi, að það hafi verið undan blómsturpotti út við vegg og hafi verið skilin eftir bót þannig, að gera mætti við skemmdina, en ekki hafi verið samið um, að teppin skyldu fylgja kaupunum.

Ingibjörg Sigríður Hjörleifsdóttir, eiginkona stefnanda, kom fyrir dóm og skýrði svo frá varðandi krana á baðherbergi, að eftir að kaupin voru staðfest, hefðu þau hjónin fengið að vinna í garðinum og hafi hún þá fengið að fara á salerni og komist að raun um, að ekkert vatn kom þar úr krana. Hafi stefnda verið skýrt frá þessu og hafi hann lofað að bæta úr því. Eftir að kaupendur voru fluttir inn í húsið, tóku þau eftir, að rétt seitlaði úr þessum krana. Þegar skrúfað hafi verið frá krana í baðkeri hafi ekkert vatn komið úr krana í handlaug. Um veturinn hafi svo frosið í vatnsleiðslum, þannig að ekkert vatn fékkst úr krönum í baðherbergi. Ingibjörg kvað það aldrei hafa komið til greina af kaupenda hálfu, að greiða meira en 7.000.000 kr. fyrir húsið. Verð hússins taldi hún nokkuð hátt, en kaupendur töldu sig vera að kaupa ógallaða eign. Hún taldi, að seljendur hefðu búið að Bjargi í um 30 ár.

Fyrir dómi bar Brynjólfur Samúelsson, sonur stefnda, að honum hefði verið lofaður forkaupsréttur að húsinu, en hann hefði hafnað honum, þegar honum var tjáð, að hæsta tilboð væri 8.000.000 kr. og þar af helmingur á borðið. Hafi hann skilið það svo, að útborgunin, kr. 4.000.000, hafi átt að greiðast í einu lagi, án þess að henni væri skipt. Hafi þessi misskilningur orðið til þess, að hann féll frá kaupunum.

Óskar Eggertsson rafvirkjameistari kom fyrir dóm og bar að hann hefði sent starfsmann sinn að Bjargi til þess að setja upp ljósakrónu. Hafi starfsmaðurinn kallað á sig til þess að líta á rafmagnið. Hann kvaðst hafa farið að Bjargi og séð strax, að vírar, þar sem setja átti upp ljóskrónuna, voru trosnaðir, rafmagnsleiðslur bersýnilega gamlar og ekki jarðtaug að hverju ljósastæði, eins og áskilið er í reglugerð.

Hann kvaðst síðan hafa gengið um húsið og litið á rafmagnsleiðslur. Hafi hann farið upp á aðra hæð og opnað þar tengil og hafi honum virst leiðslur þar gamlar og einangrun hörð. Hafi þetta verið í hjónaherbergi. Í suðurherbergi uppi hafi rafleiðslur verið þokkalegar og enn fremur í suðurstofu niðri að hluta. Að öðru leyti hafi sér virst raflögn gömul og hugsanlega frá árinu 1930. Hann taldi, að hann hefði opnað þrjá tengla á efri hæð, í suðurstofu niðri og borðstofu. Sér hafi virst endurnýjun á raflögn í suður-

stofu vera með þeim hætti, að nýjar raflagnir hafi verið tengdar við gamlar, þannig að það myndaði ekki eina heild. Hafi því verið nauðsynlegt að skipta um allar rafleiðslurnar. Í suðurstofu uppi hafi rafmagn hins vegar verið í þokkalegu ástandi og þar ekki verið þörf á viðgerð. Hann kvað það algengt, að jarðsamband væri ekki í húsum þetta gömlum.

Að lokum kom Jón Ólafur Þórðarson lögfræðingur fyrir dóm. Hann kvaðst hafa annast samningsgerð við kaup og sölu á Bjargi við Seljalandsveg. Hafi hann síðan reynt að koma á sáttum milli kaupenda og seljanda, en það ekki tekist. Hann kvað stefnda í fyrstu hafa viljað ræða við kaupendur um bætur eða afslátt, en síðar hafi stefnda snúist hugur. Hann áleit, að kaupverð hússins hafi verið nokkuð hátt.

Lagðir voru fram í málinu reikningar frá ýmsum aðiljum á hendur stefnanda vegna raflagna, pípulagna, trésmíði og málningarvinnu. Reikningarnir eru fyrir efni og vinnu vegna Seljalandsvegar 6, Ísafirði.

Lögð hafa verið fram vottorð, þar sem segir m. a.:

„Við undirrituð MARGRÉT JÓNSDOTTIR 6373-4090 og MAGNÚS JÓHANNSSON 6267-5748, til heimilis að Smiðjugötu 6, Ísafirði, höfum fylgst með viðhaldi og endurbótum í alla staði á húsinu Bjarg v/Seljalandsveg 6, Ísafirði, frá árinu 1946 til 29. júní 1975 og vorum við hreingerningu og frágang hússins til afhendingar hinum nýju eigendum þ. 30. júní 1975, — vottum hér með, að vatn kom úr öllum krönum til allra þarfa og rafmagn eðlilegt til notkunar við öll heimilistæki og til ljósa allsstaðar í húsinu og urðum ekki vör við, að handlaug, WC skál eða að baðkar væri stíflað né önnur tæki til losunar á skolpi eða að nokkur tregða væri á frárennsli. Húsinu var skilað ný-hreingerðu til hinna nýju eigenda að morgni þess 30. júní 1975, og leit það vel út í alla staði."

„Ég undirritaður BÖÐVAR SVEINBJARNARSON 1499-5331, Túngötu 7, Ísafirði, þekki húsið Bjarg v/Seljalandsveg 6, Ísafirði, frá því að það var reist árið 1922, og hefi fylgst með því síðan og er kunnugur viðhaldi þess, breytingum og endurbótum til 30. júní 1975, að það var afhent nýjum eigendum. Hefi aldrei orðið var við, að vatnslögn eða skólplögn væri ekki í lagi, né að rafmagnsbúnaði væri ekki haldið við og endurnýjaður eftir kröfum Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Í húsinu var notaður 10kw rafmagnsþvottapottur frá Rafha, í eldhúsi var auk allra vernjulegra rafmagnstækja, fasttengd við vatnsleiðslu sjálfvirk Bosch uppþvottavél, og í baðherbergi var tengd við vatnsleiðslu þar sjálfvirk A.E.G. þvottavél, og aldrei varð ég var við, að þessi tæki gætu ekki unnið sökum lélegs aðstreymis vatns.

Var staddur í húsinu að kvöldi 29. júní 1975 og get vottað með bestu sannfæringu, að þar var allt í góðu lagi og nýlokið við hreingerningu."

„Ég undirrituð RUTH TRYGGVASON 7442-2241, til heimilis að Brunn-

götu 7, Ísafirði, er vel kunnug húsinu Bjarg v/Seljaveg 6, Ísafirði, frá árinu 1955 til 30. júní 1975 og hefi fylgst með breytingum og endurbótum og viðhaldi þess allan tímann.

Aldrei hefi ég orðið vör við vatnsleysi í krönum á baði, eldhúsi eða við vökvun garðs miðað við þann vatnsþrýsting, sem yfirleitt er hjá Vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar. Þá hefi ég ekki heldur orðið vör við, að skolpleiðslur hússins skiluðu ekki sínu hlutverki, né að rafmagn til allra nota væri ekki í lagi eða að af því stafaði hætta á nokkurn hátt. Var stödd í húsinu að kvöldi 29. júní 1975, þegar að húsið hafði gert hreint verið í hólf og gólf til afhendingar þeim, sem höfðu gert samning um yfirtöku þess. Þetta votta ég með glöðu geði."

„Ég undirrituð GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR 3267-8491, Engjavegi 3, Ísafirði, fædd 09.07.1914, hefi á undanförnum árum annast og litið eftir húseigninni Bjarg v/Seljalandsveg 6, Ísafirði, í fjarveru eigenda og seinustu 7 ár hjálpað húsmóðurinni Ragnhildi Helgadóttur í veikindum hennar við hreingerningar vikulega og við þau störf notað alla vatnskrana og rafmagnsáhöld og aldrei orðið vör við, að vatn vantaði í krana eða að hætta stafaði af rafmagni né útleiðslu þess.

Rafmagnsöryggi í töflu voru aldrei skrúfuð laus eða tekin úr, þegar húseigendur voru fjarverandi. Skolpleiðslur tæmdust eðlilega frá handlaug, WC skál og baðkari.

Er kunnugt um, að húsinu var skilað mjög vel hreinu, þegar það var afhent hinum nýju eigendum þ. 30. júní 1975, þetta er mér ljúft að staðfesta."

Lagt hefur verið fram afsal, dags. 15. maí 1976, undirritað af stefnda og eiginkonu hans, þar sem segir m. a.:

„Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er í, kaupandi hefur kynnt sér með notkun síðan 1. júlí 1975 og sætt sig við að öllu leyti."

Stefnandi undirritaði eigi afsalið.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður stefnanda eru þær, að gallar þeir, sem stefnt er út af, séu leyndir manni við venjulega skoðun. Stefndi hafi gerst sekur um svik, en jafnvel þótt ekki takist að sanna svik á stefnda, hafi hann vanrækt upplýsingaskyldu sína, en sú skylda nái jafnt til þeirra atriða, sem kaupandi spyr gagngert um, og þeirra, sem hann spyr ekki um, ef seljanda má vera það ljóst, að þau skipti kaupanda máli. Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um gallana, þar sem hann hafi búið í húsinu í 30 ár. Stefnandi hafi talið sig kaupa húseignina í fullkomnu ástandi og kaupverðið hafi verið algert hámarksverð

fyrir eignina. Stefnandi byggir bótakröfu sína aðallega á matsfjárhæð, þar sem matsgerðin sé gild. Matsmaðurinn Guðni Ásmundsson hafi reynt að ná símasambandi við stefnda til þess að tilkynna honum um málið. Matsmenn séu ekki ósammála á neinn hátt og hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu. Til vara megi byggja á framlögðum reikningum, sem séu til orðnir vegna viðgerða á hinum stefndu göllum. Vaxtakröfu sína í framhaldssök styður stefnandi við umtalsverðar vaxtahækkanir, sem orðið hafa frá þingfestingu máls þessa.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á, að í fyrsta lagi sé máltilbúnaði stefnanda áfátt, og vísar þar til 88. gr. laga nr. 85/1936 um, að í stefnu skuli greina kröfur svo skýrt sem unnt sé, og 105. gr. sömu laga, að sækjanda beri þegar eftir þingfestingu að leggja fram í dómi þau skjöl, er málatilbúnað hans varða, og þær, er hann byggir kröfur sínar á, en ekki sé minnst á, að styðjast eigi við reikninga til vara fyrr en í greinargerð við framhaldsstefnu.

Krafa í stefnu og framhaldskrafa sé byggð á áliti matsmanna.

Matsgerðin sé stórlega gölluð og ekki sé fært að nota hana sem sönnunargagn. Dómkvaðningum svo og framkvæmd matsins mótmælir stefndi sem markleysu, sbr. 139. gr. og 140. gr. laga nr. 85/1936. Stefnda eða umboðsmanni hans hafi ekki verið gefinn kostur á að vera við skoðunargerð. Fullyrðing eins matsmanna, að eigi hafi náðst til stefnda eða aðstandenda hans, sé órökstudd og ósönnuð og matsgerðin sjálf sé óljós og ófullkomin. Reikningar þeir, sem fram hafa verið lagðir í málinu, rangir, óstaðfestir, þýðingarlausir og málinu óviðkomandi.

Stefndi byggir í öðru lagi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi grandskoðað húsið, áður en kaupin voru gerð. Stefnandi hafi vitað, að húsið var gamalt og ýmislegt í svo gömlu húsi uppfyllti ekki þær kröfur, sem gerðar séu til nýrra húsa, enda þótt af húsinu hafi mátt hafa öll venjuleg not. Það sé ósannað, að um nokkra leynda galla hafi verið að ræða, þvert á móti sýni vottorð manna, er þekktu vel til, að full not hafi mátt hafa af vatni og rafmagni. Varðandi raflagnir í húsinu heldur stefndi því fram, að aldrei hafi borið á því, að rafbúnaður væri ekki í lagi og í húsinu hafi verið notuð öll venjuleg heimilistæki. Stefnda hafi aldrei borist bréf frá eftirlitsmönnum rafveitunnar um, að einhverju væri ábótavant við rafbúnað í húsinu eða hann uppfyllti ekki kröfur gildandi reglugerðar hverju sinni. Varðandi galla á pípulögnum, sem stefndi væri krafinn bóta fyrir, hafi þeir verið augljósir við skoðun og stefndi því ekki bótaskyldur af þeim sökum. Vegna gats á teppi sé stefndi ekki bótaskyldur, þar sem ekki sé getið um það í kaupsamningi, að teppi ættu að fylgja. Enn fremur er því mótmælt af hálfu stefnda, að kaupverð hússins hafi verið yfir markaðsverði. Hér sé um eftirsóttann stað að ræða.

Niðurstöður.

Er dómendur gengu á vettvang hinn 12. júní sl., var viðgerð með öllu lokið á húsinu.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að umrædd húseign sé sennilega frá árinu 1922 og að stefndi bjó í húsinu í rúm 30 ár.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framkvæmd matsins sé ólögmæt, þar sem stefnda hafi ekki verið gefinn kostur á að vera við skoðunargerðina. Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr: 83/1936 verður að fallast á það, að matsgerðin sé af þessum sökum ófullkomin sem sönnunargang og því eigi unnt að leggja hana til grundvallar dómi.

Stefnandi hefur hins vegar lagt fram reikninga varðandi viðgerð á húsinu, og hafa hinir sérfróðu meðdómsmenn og dómurinn í heild yfirfarið þá og lagt til grundvallar dómi.

Ósannað er, að söluverð fasteignarinnar hafi verið yfir markaðsverði.

Stefnandi hefur krafið stefnda um bætur vegna lekaskemmda á kompugólfi á efri hæð og af þeim sökum skemmmdum á baðlofti fyrir neðan á fyrstu hæð vegna leka úr krana í eldhúsi, leka úr salerniskassa á baði, leka úr miðstöðvarröri í kjallara og vegna þess, að miðstöðvarofn í eldhúsi hitnaði ekki, en aðrir ofnar misjafnlega.

Dómendur telja, að sumir þessara galla séu augljósir við skoðum, en aðrir séu þess eðlis, að þeir fari ekki fram úr því, sem búast mátti við, miðað við aldur hússins og augsýnilegt ástand þess. Hvorki hefur verið sýnt fram á, að svikum hafi verið beitt í sambandi við áðurgreind atriði né að þau hafi verið sérstaklega áskilin.

Gallar vegna gats á teppi í setustofu og smávægilegs brunagats í skáp í borðstofu verða ekki taldir þess eðlis né svo verulegir, að stefndi sé bótaskyldur þeirra vegna.

Dómurinn telur sannað, að gæðafrávik á raflögnum í húsinu séu meiri en búast hafi mátt við. Enda þótt húsið sé mjög gamalt og því viðbúið, að ýmislegt sé farið að ganga úr sér, og ósannað, að seljandi hafi gert sér grein fyrir nefndum göllum á rafmagni, telja dómendur, að menn megi almennt treysta því, að unnt sé að hafa full venjuleg not af rafmagni í húsum, án þess að hætta stafi af, þótt gömul séu. Þegar litið er tl þess, að stefndi selur stefnanda umrætt hús fyrir fullt verð gallalausrar eignar, þykir verða að leggja bótaskyldu á stefnda af þessum sökum. Bætur við lagfæringu á þeim göllum, bæði hvað varðar nýja raflögn og lagfæringu við óhjákvæmilegt rask, sem varð vegna endurbótarinnar, þykja hæfilega ákveðnar kr. 2.620.00, og er þá tillit tekið til þess, að sums staðar voru rafleiðslur í þokkalegu ástandi, og eins var rafmagnstafla vel sýnileg við skoðun.

Telja verður sannað, að vatnslagnir í baðherbergi hafi verið stíflaðar vegna úrfellis og því ekki komið vatn úr krönum með eðlilegum hætti. Það

er álit dómenda, að seljanda hafi verið um það kunnugt, þar sem slíkt úrfelli í rörum myndast á löngum tíma, þannig að vatnsrennsli minnkar smátt og smátt, uns leiðslur stíflast alveg, og er þá engin viðgerð, sem kemur að haldi, nema endurnýjun á vatnsleiðslum. Með tilliti til þess, að seljandi bjó í húsinu í rúm 30 ár, hlaut honum að vera kunnugt um nefndan galla á vatnslögnum í baðherbergi og bar því að vekja athygli kaupanda á þeim.

Stefndi telst bera bótaábyrgð á þessum galla samkvæmt grundvallarreglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, og þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 880.00.

Reikningar þeir, er lagðir eru til grundvallar dómi þessum, bera með sér að vera greiddir af stefnanda síðast á árinu 1975 og fyrri hluta árs 1976. Rétt þykir því, eins og mál þetta liggur fyrir, að reikna beri vexti af tildæmdri fjárhæð frá 1. júní 1976. Ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 3.500.00 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. júní til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febr. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.200.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, ásamt meðdómsmönnunum Hallgrími Axelssyni verkfræðingi og Jósef Vernharðssyni rafvirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samúel Jónsson, greiði stefnanda, Hirti Kristjánssyni, kr. 3.500.00 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. júní 1976 til 21. nóv. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febr. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.200.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1983.

Nr. 172/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Pálmari Magnússyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 29. júní 1983. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó svo, að refsing verði þyngd.

Fallið er frá vísun í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar refsingar.

Ágrip máls barst Hæstarétti 28. október 1983.

Ákærði var umráðamaður bifreiðarinnar V 1248, en eigi eigandi hennar, hinn 25. nóvember 1978. Læknir sá, er tók blóðsýni úr ákærða og gerði það kl. 0730, en eigi kl. 0800 hinn 26. nóvember 1978, svo sem mishermt er í héraðsdómi.

Ákærði er samkvæmt sakargögnum sannur að sök um að hafa ekið framangreindri bifreið undir áfengisáhrifum, svo sem í ákæru greinir. Varðar þetta atferli ákærða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Í ákæru er krafa gerð um, að ákærða verði refsað samkvæmt 6. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga. Í ákæruskjali er ekki verknaðarlýsing, er svari ótvírætt til þessara ákvæða, og verður ákærða ekki refsað að því leyti.

Auk þeirra refsinga ákærða, sem greinir í héraðsdómi, sætti hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 21. júní 1983 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot á 217. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 8.000.00

króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmar Magnússon, sæti 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en í stað sektarinnar komi 10 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 31. desember 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dagsettri 15. júní 1979, á hendur Pálmari Magnússyni, þá til heimilis að Foldahrauni 39 F í Vestmannaeyjum, en síðast, þegar vitað var, til heimilis að Bondegärdet 11, Hjällbo, Gautaborg, Svíþjóð, fæddum 30. ágúst 1955 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. nóvember 1978 bifreið sinni V 1248, neyta áfengis við aksturinn og vera undir áhrifum þess við hann, vítt og breitt um götur Vestmannaeyjakaupstaðar til skiptis við bróður ákærða, Friðrik Erlingsson Karlsson, þótt sá væri bæði undir áhrifum og ökuréttindalaus, allt þar til akstrinum lauk við Vestmannabraut 53, og var ákærði þá við stjórn bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málið var upphaflega tekið til dóms hinn 9. janúar 1980 og í því kveðinn upp dómur 15. janúar s. á. Með dómi Hæstaréttar 19. janúar 1981 var fyrri málsmeðverð ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 25. nóvember 1978, kl. 0625, hafði Arndís Egilson, Bárustíg 14 B, Vestmannaeyjum, símleiðis samband við lögregluna þar í kaupstaðnum frá heimili sínu. Kvaðst Arndís vilja láta vita af grunsamlegum akstri rauðrar bifreiðar af gerðinni Ford Cortina.

Tveir lögreglumenn fóru þegar að svipast um eftir bifreiðinni. Óku þeir frá lögreglustöðinni og vestur Vestmannabraut. Er þeir komu að gatnamótum þeirrar götu og Skólavegar, sáu þeir, hvar bifreið var ekið austur Vestmannabraut og lagt í stæði framan við húsið nr. 53 við þá götu. Óku þeir þegar að bifreið þessari, sem reyndist vera rauð Ford Cortina og bar skráningarnúmerin V 1248. Um leið og þeir óku að bifreiðinni, sáu þeir mann undir stýri hennar, sem þeir þekktu fyrir ákærða í máli þessu. Bifreiðin var ekki í gangi, er þeir komu að henni, en vél hennar reyndist mjög heit viðkomu. Maður sat í farþegasæti við hlið ákærða, og sá annar lögreglumaðurinn ákærða taka kveikjuláslykla bifreiðarinnar og afhenda þá manni þessum.

Færðu þeir mennina á lögreglustöðina svo og bifreiðina. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni, sem hann kvaðst vera eigandi að, Sagði hann, að maður sá, sem með honum var, hefði ekið bifreiðinni og væri hann bróðir hans. Hefðu þeir skipt um sæti, er þeir sáu, að lögreglan nálgaðist. Einnig sagði ákærði við sama tækifæri, að tveir menn aðrir hefðu verið með þeim í bifreiðinni, en ekki gat hann nafngreint þá. Hefðu þeir verið farnir úr bifreiðinni, er lögreglan kom á staðinn. Aðspurður kvað ákærði þá hafa hafið aksturinn á Básaskersbryggju og ekið síðan vítt og breitt um bæinn. Hann kvaðst hafa verið við drykkju frá því um kl. 19 um kvöldið og hefði hann m. a. verið í hófi í Kiwanishúsinu við Strandveg.

Ekki vissi ákærði, hve mikils magns áfengis hann hafði neytt.

Allur var framburður ákærða ruglingslegur og erfitt að henda reiður á honum.

Kl. 0800 kom læknir á lögreglustöð til að taka blóðsýni úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Maður sá, sem var í för með ákærða, kvaðst heita Friðrik Erlingsson og vera fæddur 20. júlí 1962. Hann var mjög ölvaður, og var framburður

hans mjög ruglingslegur. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni neðan frá Básaskersbryggju og vítt og breitt um bæinn, þar til hann hitti lögregluna. Var á honum að skilja, að ákærði hefði ætlað að taka sökina á sig. Ekki kannaðist hann við, að fleiri hefðu verið í bifreiðinni, þegar þeir stönsuðu á þeim stað, þar sem lögreglan kom að þeim. Aftur á móti sagði hann, að þeir hefðu tekið Guðmund Elíasson, Ásavegi 20, upp í bifreiðina á Heiðarvegi og ekið honum heim. Hefðu þeir hitt hann, er þeir komu neðan af Básaskersbryggju.

Tekið var blóðsýni úr Friðriki til alkóhólákvörðunar, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða, reyndist alkólhólmagnið 1.91‰, en hjá Friðriki reyndist magn alkólhóls 1.51 ‰.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 20 í húsi Kiwanis við Strandveg. Kvaðst hann hafa neytt þar töluverðs áfengis og af mörgum tegundum. Ákærði kvaðst ekki vita, hvað klukkan var orðin, þegar hann yfirgaf Kiwanishúsið. Sagði ákærði, að eiginkona hans hefði ekið þeim í áðurnefnt hóf í bifreið þeirra, V 1248.

Ákærði neitaði því eindregið að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en kvaðst ekki muna, hver ók henni. Þó kvaðst hann muna, að fyrst eftir dansleikinn hefði hann farið heim til sín og þá hefði eiginkona hans ekið. Ákærði kvaðst muna, að bifreið hans var ekið eftir þetta, en fullyrti, að alltaf hefði verið ódrukkinn maður við stýri.

Varðandi aðdraganda handtökunnar skýrði ákærði svo frá, að það hefði verið á Vestmannabraut, sem lögreglan kom að bifreiðinni, og hefði bróðir hans Friðrik verið með honum. Ekki gat ákærði gert grein fyrir því, hver ók bifreiðinni á þann stað, þar sem þeir voru handteknir. Sagði hann, að þegar lögreglan kom að bifreiðinni, hefði hann verið kominn út úr henni, en hann hefði ekki verið með kveikjuláslykla hennar. Neitaði ákærði ítrekað aðspurður að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt.

Friðrik Erlingsson Karlsson skýrði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 2130 umrætt kvöld. Síðar um kvöldið hefði hann farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

Að afloknum dansleik hefði hann staldrað við fyrir utan danshúsið, en því næst farið í leigubifreð með tveimur félögum sínum. Hefðu þeir farið í samkvæmi í húsi við Illugagötu. Fyrir utan það hús hefðu þeir hitt ákærða og hefði hann verið á bifreiðinni V 1248. Hefði ákærði boðið honum upp í bifreiðina og því næst ekið um götur bæjarins. Sagði Friðrik, að m. a. hefði ákærði ekið niður á bryggju þá, sem v/s Herjólfur liggur við. Þar hefði ákærði leyft honum að aka bifreiðinni og hefði hann ekið 5 — 10 metra spöl eftir bryggjunni, en þá hefði ákærði tekið við stjórn hennar á nýjan leik.

Friðrik kvaðst hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa við aksturinn. Eftir að ákærði hafði tekið við stjórn bifreiðarinnar á ný á bryggjunni, sagði Friðrik, að þeir hefðu farið í áðurnefnt hús við Illugagötu og hefði ákærði einnig komið inn.

Kvaðst hann hafa farið úr gleðskap þessum einhvern tíma um morguninn ásamt ákærða. Hefðu þeir farið burt í bifreið ákærða, sem jafnframt hefði verið ökumaður. Hefði ákærði ekið sem leið liggur frá Illugagötu niður á Vestmannabraut, en þar hefði hann stöðvað bifreiðina. Skömmu síðar hefði lögreglan komið að og fært þá á lögreglustöðina.

Þá sagði hann, að þegar þeir fóru úr gleðskapnum, hefðu þeir tekið með tvo farþega, Guðmund og Björn, og hefði þeim verið ekið heim til þeirra.

Vitnið Guðmundur Elíasson skýrði svo frá, að það hefði farið í samkvæmi í húsi austur í bæ og hefðu þeir ákærði og Friðrik verið þar. Eftir að hafa verið í húsi þessu um stund hefði það farið í hús við Illugagötu. Hefði það farið þangað í bifreið ákærða, en ökumaður hefði verið piltur, sem kallaður sé Stebbi. Sagði vitnið, að ákærði og Friðrik hefðu einnig verið í bifreiðinni í umrætt sinn og hefðu þeir einnig farið inn í áðurnefnt hús við Illugagötu.

Vitnið kvaðst hafa farið úr húsi þessu einhvern tíma um nóttina og hefði það fengið far með bifreið ákærða. Kvaðst það muna, að með því í bifreiðina hefðu farið þeir ákærði og Friðrik, en ekki kvaðst vitnið muna, hver ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Kvaðst vitnið helst halda, að því hefði verið hleypt úr bifreiðinni á horni Kirkjuvegar og Ásavegar og gengið þaðan heim.

Vitnið Unnur Lilja Elíasdóttir, eiginkona ákærða, skýrði svo frá, að það hefði verið með ákærða í hófi því, er haldið var í húsi Kiwanis við Strandveg, og hefðu þau komið þangað í bifreið þeirra. Kvaðst vitnið hafa verið þarna, meðan hófið stóð. Að því loknu hefði það ekið fólki úr hófinu, en ekið heim skömmu síðar. Vitnið kvaðst hafa orðið viðskila við ákærða, þegar það fór að aka áðurnefndu fólki. Vitnið kvaðst hafa vaknað við það, að ákærði og Friðrik voru komnir í íbúðina ásamt fleirum, sem það vissi ekki deili á, enda ekki farið á fætur. Sagði vitnið, að allir þessir menn hefðu staðið stutt við, en ekki vissi það, hvort þeir fóru akandi eða gangandi frá húsinu. Einhvern tíma fyrir hádegi kvaðst vitnið síðan hafa hringt á lögreglustöðina og þá verið sagt, að ákærði og Friðrik væru þar svo og bifreiðin.

Vitnið Ómar Garðarsson lögreglumaður skýrði svo frá, að frá því að þeir lögreglumennirnir sáu bifreið ákærða og þar til þeir komu að henni, hefði aðeins liðið örstutt stund og vegalengdin einnig verið mjög stutt. Einnig kvað vitnið það gersamlega útilokað, að ökumaður og farþegi bifreiðarinnar V 1248 hefðu getað skipt um sæti á þeim örstutta tíma, sem

leið, frá því að þeir lögreglumennirnir urðu bifreiðarinnar varir og þar til þeir voru komnir upp að henni, þar sem hún var komin í stæðið framan við húsið nr. 53 við Vestmannabraut, enda hefðu þeir aldrei séð neina hreyfingu á mönnunum í bifreiðinni. Kvaðst vitnið því ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði verið ökumaður bifreiðarinnar V 1248, þar sem henni var ekið austur Vestmannabraut laugardagsnóttina 25. nóvember 1978. Loks sagði vitnið, að enginn hefði farið út úr bifreiðinni V 1248, frá því hún stöðvaði og þar til lögregluna bar að.

Vitnið Ófeigur Óskar Sigurpálsson lögregluvarðstjóri sagði, að það og Ómar Garðarsson lögreglumaður hefðu farið út af lögreglustöðinni, jafnskjótt og tilkynning barst um akstur bifreiðarinnar V 1248. Hefðu þeir ekið vestur Vestmannabraut og stöðvað við gatnamót þeirrar götu og Skólavegar. Kvaðst vitnið þá hafa séð til ferða bifreiðar, sem ekið var á móti lögreglubifreiðinni, og hefði bifreið þessi þá verið þar sem Vestmannabraut er hæst. Hefðu þeir ekið á móti bifreið þessari, en henni verið ekið að gangstéttarbrún í þann mund sem bifreiðarnar mættust. Hefði það þá séð, að tveir menn voru í framsæti bifreiðarinnar. Sagði vitnið það vera útilokað, að menn þessir hefðu getað skipt um sæti, meðan þeir lögreglumennirnir sáu til ferða bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Loks sagði vitnið, að Ómar Garðarsson hefði gengið að bifreiðinni ökumannsmegin, en það hefði farið að henni farþegamegin og hefði það þá séð, að ákærði rétti Friðriki kveikjuláslykla bifreiðarinnar.

Vitnið Arndís Egilson sagði, að atvik þetta væri því í fersku minni. Staðfesti vitnið, að það hefði hringt á lögreglustöðina og hefðu tildrög þess verið þau, að útidyrabjöllu heimilis þess hefði verið hringt, og hefðu tveir ölvaðir menn verið á tröppunum. Kvaðst það hafa borið kennsl á mennina og hefðu þeir verið ákærði í máli þessu og bróðir hans. Hefði það vísað mönnum þessum burt og séð, að þeir fóru út í rauða Cortinu bifreið. Friðrik hefði sest undir stýri, en ákærði við hlið hans. Sá fyrrnefndi hefði reynt að aka bifreiðinni áfram, en það ekki tekist vegna þess, að hún var föst í snjó. Hefði ákærði þá tekið við, en bróðir hans ýtt og hefði þá tekist að mjaka bifreiðinni úr sjónum. Sá sem ýtti hefði komist upp í bifreiðina og henni hefði þá verið ekið vestur Vestmannabraut, og kvaðst vitnið ekki hafa séð til ferða bifreiðinnar eftir það. Vitnið kvaðst hafa hringt í lögregluna, meðan verið var að losa bifreiðina úr snjónum. Þá sagði vitnið, að það hefði séð, að ákærði hefði fengið sér að drekka úr vínflösku, meðan hann sat undir stýri bifreiðarinnar. Loks kvaðst vitnið hafa séð, þegar það fór til dyra, að í aftursæti bifreiðarinnar hefði legið maður, og er það hefði spurt þá, hver það væri, hefði því verið svarað, að þetta væri Guðmundur Elíasson.

Niðurstaða.

Svo sem atvikum máls þessa hefur verið lýst hér að framan, þykja vætti vitnanna Ómars Garðarssonar, Ófeigs Óskars Sigurpálssonar og Arndísar Egilson, sem jafnframt fá stoð í framburði Friðriks Erlingssonar Karlssonar, þrátt fyrir neitun ákærða veita lögfulla sönnun þess, að í greint sinn hafi ákærði ekið bifreiðinni V 1248 undir áhrifum áfengis.

Hálfbróðir ákærða, Friðrik Erlingsson Karlsson, hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa í sama skipti ekið bifreiðinni V 1248 undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuréttindi, en um bæði atriðin gat ákærði ekki velkst í vafa.

Öll framangreind háttsemi ákærða er færð til réttra refsiákvæða í ákæru.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

1973 14/12 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1973 14/12 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1974 16/1 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

1974 11/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 15/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið.

1976 25/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1977 5/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.

1977 17/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 4/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 10/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 15/1 í Vestmannaeyjum: Dómur: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24/1 1980.

1981 19/1 Dómur Hæstaréttar: Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, þ. e. vegna dóms 15/1 1980.

1981 22/1 í Vestmannaeyjum: Dómur: 30 daga fangelsi, skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1981 17/7 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 217. gr. og 218. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði auk refsingar dæmdur til ökuleyfissviptingar. Samkvæmt hinum heimvísaða dómi var ákærði sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu, en hún fór fram hinn 24. janúar 1980. Með því að sá dómur var ómerktur, svo sem áður er að vikið, verður nú að dæma ákærða til sviptingar ökuleyfis í 1 ár frá 24. janúar 1980.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Sá óhæfilegi dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, skrifast að mestu leyti á reikning dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmar Magnússon, greiði 6.000.00 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24. janúar 1980.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1983.

Nr. 182/1981. **Vinnustofan Klöpp h/f**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Volta h/f
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Fasteign. Hönnun. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1981. Hann krefst þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 10.289.40 krónur með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp með sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta niðurstöðu hans að því er varðar áfrýjanda, en um vexti fer eins og í dómsorði segir.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 15.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vinnustofan Klöpp h/f, greiði stefnda, Volta h/f, 46.750.00 krónur með 46% ársvöxtum af 41.758.00 krónum frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum af 46.750.00 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa

og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms gagnvart áfrýjanda skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. maí sl., hefur Volti h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. júní 1980, á hendur Vinnustofunni Klöpp h/f, Laugavegi 26, Reykjavík, og Byggingafélaginu Reyni h/f, Smiðjuvegi 18, Kópavogi, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.637.58 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 50.647.58, en af kr. 56.637.58 frá þeim tíma til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þ. á m. verkfræðikostnaðar og matskostnaðar (sjá dómskj. 22).

Þing er sótt í máli þessu f. h. stefnda Vinnustofunnar Klappar h/f og þær kröfur gerðar endanlega, að Vinnustofan verði aðeins dæmd til að greiða stefnanda, Volta h/f, kr. 10.289.40 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til greiðsludags og að stefnandi verði dæmdur til að greiða Vinnustofunni málskostnað að mati réttarins.

Þing er einnig sótt af hálfu stefnda Byggingafélagsins Reynis h/f og þær kröfur gerðar, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða því málskostnað að mati dómsins, þó ekki lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefndi Vinnustofan Klöpp h/f gerði útboðs- og verklýsingu og teikningar af byggingu Volta h/f að Vatnagörðum 10 í Reykjavík. Útboðs- og verklýsingin liggur frammi á dskj. nr. 8, og hluti teikninga liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 9.

Á dskj. nr. 8 er í hluta 3.2.5. lýst frágangi á þaki. Þar er m. a. tekið fram í 6. lið, að loftræsting þaks sé sýnd á teikningum arkitekts. Á teikningum á dskj. nr. 9 kemur fram, að gert er ráð fyrir 7.5 cm glerullareinangrun í þakinu og síðan loftbili 2.5 cm ofan við einangrunina. Á tveimur teikninganna er loftstreymi inn í loftbilið táknað með örvum. Að sögn fyrirsvarsmanna Vinnustofunnar var nauðsynlegt til að framkvæma þá útfærslu á loftræsingu þaks, sem fram kemur á teikningunum á dskj. nr. 9, að bora göt með vissu millibili á tréása (2" × 4"), sem setja átti ofan á járn-

bita, og einnig að setja raufar í klossana undir þakskeggi. Við útreikning verkfræðinga, sem starfa hjá stefndu Vinnustofu, á burðarþoli þessara undirstaða fyrir þakklæðningu var ekki gert ráð fyrir ofangreindum götum í ásana, þannig að nauðsynlegt hefði verið að treysta ásana, ef götin hefðu verið boruð.

Byggingafélagið Reynir h/f bauð í byggingu Volta h/f að Vatnagörðum 10 í Reykjavík, og þann 31. október 1978 var gerður verksamningur milli Volta h/f og byggingafélagsins um bygginguna. Verksamningurinn náði til byggingar hússins að fokheldu byggingarstigi, sem nánar er skilgreint í verklýsingu og útboðsgögnum. Vinnustofan Klöpp h/f hafði f. h. verkkaupa eftirlit með framkvæmd þessa hluta verksins. Volti h/f tók þó einangrun og frágang þaksins að innan að öðru leyti út úr verkinu og lét framkvæmda það á eigin vegum. Þessi atriði eru þó inni í útboðs- og verklýsingu. Forsjármenn Vinnustofunnar Klappar h/f telja sig ekkert eftirlit hafa haft með þessum síðasta hluta verksins og hafi reyndar ekkert vitað um framkvæmd hans. Forsjármaður Byggingafélagsins Reynis h/f, Kristján Guðmundsson, var skrifaður byggingameistari að byggingunni, og stóð svo enn, þegar þessi síðastnefndi hluti verksins var framkvæmdur, en skv. framburðum hans hér fyrir dóminum og á skoðunarfundi matsmanna kom hann ekkert nálægt honum eða var til hans leitað varðandi eftirlit með þeirri framkvæmd. Þessum síðari hluta framkvæmdar við þakið var lokið í desember 1979. Í janúar 1980 fór að bera á leka úr þakinu í litlum mæli. Við nánari athugun kom í ljós, að þakið sjálft lak ekki, heldur hafði gleymst að loftræsa þakið með þeim afleiðingum m. a., að raki, sem myndaðist í þakinu, þéttist og lak niður í dropadali.

Volti h/f hafði nú samband við Vinnustofuna Klöpp h/f um leiðir til úrbóta. Töldu starfsmenn Vinnustofunnar vel framkvæmanlegt að gera úrbætur á þakinu alfarið innan frá með því að taka plötur og einangrun niður, festa trélista neðan á þakása og ganga síðan frá þakinu á nánar útfærðan hátt (sbr. dskj. nr. 16). Volti h/f virðist ekki hafa gert sig ánægðan með þessar tillögur og leitaði álits Leifs Benediktssonar verkfræðings. Leifur skilaði áliti 2. apríl 1980 (dskj. nr. 10), þar sem hann taldi m. a. nauðsynlegt að lyfta þakklæðningarlögnum frá þakásnum og koma þar fyrir grind. Þessi leið er til muna dýrari heldur en sú, er Vinnustofan Klöpp hafði lagt til. Volti h/f hafði leitað til beggja stefndu og óskað eftir því, að þeir tækju þátt í kostnaði við endurbætur þaksins. Samkomulag náðist ekki um það, og óskaði þá Volti h/f eftir dómkvaðningu matsmanna, sbr. dskj. nr. 4, og fór dómkvaðning fram 22. maí 1980, sjá dskj. nr. 3. Matsmenn skiluðu matsgerð 2. júní 1980 og gerðu þá m. a. ráð fyrir því, að nauðsynlegt væri að lyfta ytra byrði þaks, og mátu heildarkostnað við úrbætur gkr. 7.593.000, sjá dskj. nr. 11.

Á skoðunarfundi að Vatnagörðum 10, Reykjavík, 27. maí 1980 bóka matsmenn eftirfarandi: „Ljóst varð, að miðað við þann frágang, sem nú er á þakinu, er nær engin loftræsting í gegnum það ofan við einangrun eins og vera þarf. Á masoniti mátti sjá, að það hafði blotnað, en ekki virtist það hafa lagst mikið niður á milli ásanna. Aðilar voru sammála um, að leka hefði borið þannig að, að auðsætt væri, að um rakaþéttingu hefði verið að ræða, en ekki leka í gegnum þekjuefnið."

Í niðurstöðu matsmanna, sem fram kemur í matsgerð og þeir hafa staðfest fyrir dómi, segir:

„Niðurstöður matsmanna.

Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að núverandi frágangur þaksins sé í öllum meginatriðum í samræmi við teikningar og verklýsingu.

Eftir skoðun á þakinu eru matsmenn þeirrar skoðunar, að sums staðar á þakinu geti rigningarvatn komist niður úr þekjuefninu meðfram nöglum. Þetta kann að vera það lítið vatnsmagn, að þess yrði ekki vart inni. Með hliðsjón af matsbeiðni munum við ekki fjalla frekar um þetta atriði.

Í Byggingarsamþykkt Reykjavíkur, sem gilti til ársins 1979, segir m. a.:

„Öll þök skal loftræsa milli einangrunar og ystu klæðningar, og skal þverskurðarflatarmál loftrása vera 9—17 cm² á hvern m² loftflatar. Einnig skal ávalt setja gufuþéttan pappa eða málmþynnur innan einangrunar í þökin, þar sem vænta má nokkurs loftrakastreymis gegnum einangrunina."

Í Byggingarreglugerð, sem gildir hvarvetna á landinu, útgefin árið 1979, segir m. a.:

„7.5.12.3. Stærð útloftunarraufa séu 500—1500 mm² á hvern m² þaks. Neðri mörkin gilda, ef þak er klætt með borðum og undirlagspappa undir báruðum málmplötum. Efri mörkin gilda, ef þak er þéttklætt með rakaþolnum plötum með eða án undirlagspappa undir báruðum málmplötum eða fyrir pappaklædd þök. Útloftunarraufar skulu þannig úr garði gerðar, að ekki geti skafið snjó um þær inn undir þakið."

Af þessu verður að ætla, að stærð útloftunaropa eigi að vera 900—1500 mm² á hvern m² þaks eftir því, við hvora reglugerðina er stuðst.

Sé útloftun þvert í gegnum þakið (þ. e. a. s. út úr langhliðum þess) myndu op á lengdarmeter vera 80—130 cm² — eða rauf að endilöngu 0,8—1,3 cm breið.

Ef útloftun er aftur á móti eftir þakinu endilöngu, yrði op á hvern lengdarmeter gafls 160—270 cm² eða 1,6—2,7 cm breið rauf eftir stöfunum.

Hugsanlegt væri að stytta útloftunarleiðina, t. d. með því að gera loftop þvert yfir þakið um miðju þess. Þó þetta yrði gert, þyrfti að mati okkar að gera sérstakar ráðstafanir við gaflana til að hindra hugsanlegt snjófok inn á þakið.

Að öllu þessu athuguðu eru matsmenn þeirrar skoðunar, að best sé að loftræsta þakið milli langhliða og betrumbæta vörn gegn rakastreymi með því að nota sérstaka málningu í loftum hússins.

Í stuttu máli hafa matsmenn gengið út frá eftirfarandi: Ytra byrði þaks yrði lyft um 6,5 cm. Þetta yrði gert með því, að allt járn yrði tekið af þakinu svo og pappi og masonite. Þá yrði vindpappi settur ofan við einangrun. Klossar um borð, 2,5 cm þykk, yrðu negldir ofna á þakása og þvínæst 4 cm þykkar lektur þar fyrir ofan, samsíða og fyrir ofan ásana. Ofan á þetta yrði sett mosonite og asfaltpappi og þakjárnið því næst neglt á aftur. Hettur á göflum yrðu endurbeygðar og bætt við þær vegna vanhalda, en þær þvínæst festar á sama hátt og áður. Útloftun á norðurhlið yrði í gegnum stokk þann, sem er undir þakbrúninni, en á suðurhlið er gengið út frá gerð sérstaks stokks, sem á yrðu gerð loftop þakin fínriðnu neti.

Eins og áður er sagt, er gengið út frá notkun sérstakrar málningar (þykkhúð) á loftin að innan.

Við metum kostnað við ofangreindar framkvæmdir á kr. 7.593.000 — Sjömilljónirfimmhundruðníutíuogþrjúþúsundkrónur —"

Þrátt fyrir þetta tók Volti h/f þann kostinn að bjóða út viðgerð á þakinu eftir útboði, sem Vinnutofan Klöpp h/f hafði gert og miðað var við tillögur Vinnustofunnar, sbr. dskj. nr. 16. Endurbætur voru síðan unnar á þessum grundvelli skv. tilboði að upphæð gkr. 4.616.000. Forsjársmenn Vinnustofunnar Klappar h/f rituðu Volta h/f bréf þann 20. maí 1980 (dskj. nr. 19), þar sem boðist var til að taka nokkurn þátt í kostnaði við endurbætur, ef það gæti stuðlað að lausn málsins. Auk þess hafði áður verið haldinn sáttafundur með Volta h/f og báðum stefndu. Þesar tilraunir munu ekki hafa leitt til sátta um lausn málsins, fyrst og fremst vegna afstöðu Byggingafélagsins Reynis h/f.

Volti sundurliðar kröfur sínar þannig, sbr. dómskj. 22:

Viðgerðarkostnaður skv. dómskj. 23	kr. 50.647.58
Áætlaður kostnaður við lokafrágang	— 5.990.00
Samtals nemi því kostnaður stefnanda	kr. 56.637.58

Verkfræðikostnaðar og matskostnaðar, sbr. dómskj. 23, er krafist með málskostnaði.

Af hálfu Volta h/f er málshöfðunin byggð á því, að ástæður fyrir göllunum á þakinu megi rekja til margra samverkandi þátta, svo sem að teikning Vinnustofunnar Klappar h/f sé mjög óskýr og óljós. Verklýsing þeirra vísi til mjög óljósra teikninga. Verktakinn, Byggingafélagið Reynir h/f, geri síðan engar athugasemdir við óljósar teikningar þrátt fyrir yfirlýsingu í

verklýsingu um teikningar af loftræsingu þaks, en sem góðir og gegnir byggingamenn hefðu þeir átt að sjá þennan galla á teikningunni. Þessir aðiljar séu því sameiginlega ábyrgir gagnvart sér vegna galla þaksins.

Af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f er viðurkennt, að misræmis og ónákvæmni hafi gætt í útboðsgögnum að því er varði loftræsingu þaksins. Af þeirra hálfu er hins vegar talið ljóst, að engum hæfum byggingamanni hefði átt að dyljast þetta misræmi við framkvæmd á þakfrágangi að innan. Forsjármenn Volta h/f hafi tekið þennan verkþátt út úr verkinu og látið framkvæma hann og verði því Volti h/f að bera áhættuna af því, enda hafi ekki verið óskað eftir eftirliti Vinnustofunnar á þeim hluta verksins. Forsjármenn Vinnustofunnar Klappar telja ástæðu þess, að raki komst upp í einangrun þaksins, vera þá, að óforsvaranlega hafi verið gengið frá álfólíunni, sem varna eigi rakaflæði upp, auk þess sem að áhættunni hafi verið boðið heim með því að hafa húsið lokað, á meðan stóð á múrhúðun innanhúss, og kynda mikið. Í þessu sambandi benda forsvarsmenn Vinnustofunnar sérstaklega á, að víða erlendis sé alls ekki gert ráð fyrir loftræsinu þaka, þó að hér á landi sé mælt fyrir um slíkt í byggingarsamþykktum til ýtrasta öryggis.

Þrátt fyrir ofanritað kveðast forsjármenn Vinnustofunnar ekki skorast undan þátttöku í tjóni stefnandans, þó auðveldlega hefði mátt komast hjá því nær öllu. Þeir viðurkenna sem tjón stefnanda kr. 36.670.00 af þriðja lið dómskj. 23 og alla síðustu fjóra liðina. Þannig telja þeir heildartjón stefnanda nema kr. 41.157.58. Þeir slepptu úr tilboðsskrá, sbr. dómskj. 16, vindpappa, trélistaefni, rakavarnarlagi og efniskostnaði við breytingu á þakkanti. Þeir gera þetta, þar sem þeir telja um kostnaðarlið að ræða, sem til hefði fallið frá upphafi, hefði verið gert ráð fyrir þeim frágangi, sem nú hefur verið framkvæmdur. Hér sé því ekki um tjón að ræða. Þeir telja Volta h/f verða að bera hluta tjónsins vegna þeirra tjónsorsaka, sem fyrirtækið beri áhættuna af og lýst er hér að framan. Telja þeir þann hluta eiga að nema helmingi og fallast á, að þeir ásamt stefnda Byggingafélaginu Reyni h/f beri helming tjóns stefnanda. Áætluðum kostnaði við lokafrágang, sbr. dskj. 22, 24 og 25, mótmæla þeir alfarið. Dómskjali 24, þar sem upphæðin sé inni í viðgerðinni, og dómskjali 25, þar sem ósannað sé, að fokgildran sé ekki í lagi.

Ábyrgð Byggingafélagsins Reynis h/f telja þeir byggjast á því, að forsjármaður þess sé skráður byggingameistari hússins. Þeir telja bótaábyrgð þeirra og Byggingafélagsins Reynis vera „prórata" að jöfnum hlutum og tjónþolinn verði að sækja þessa samningsaðilja sína hvorn í sínu lagi um þá greiðslu, sem hvorum beri að greiða, eftir að tjónsábyrgðinni hafi verið skipt (sic).

Niðurstaða forsjármanna Vinnustofunnar Klappar h/f er þannig, að þeir

eigi að bera 1/4 hluta heildartjónsins, eða kr. 10.289.40, til vara er því haldið fram af þeirra hálfu, að gagnvart stefnanda verði þeir aldrei taldir bera meira en fjórðungsábyrgð vegna þeirra tjónsatvika, sem stefnandi sjálfur beri ábyrgð á. Málskostnaðarkröfu sína byggja þeir á því, að málssókn þessi hafi verið óþörf. Á dskj. nr. 19 komi fram, að þeir hafi verið reiðubúnir til að taka sanngjarnan þátt í tjóninu, en boði þeirra hafi aldrei verið svarað. Stefnandi hefði vel getað gert upp þátt þeirra, þótt ekki semdist með honum og Byggingafélaginu Reyni h/f. Þá er því sérstaklega mótmælt, að Volti h/f geti krafist greiðslu á reikningum Leifs Benediktssonar verkfræðings með málskostnaði. Fyrirtækið verði sjálft að bera kostnaðinn af því, að álits verkfræðingsins var leitað. Sérstaklega er bent á, að ráð hans hafi ekki leitt til neins í málinu, þar sem sú úrbótaleið hafi verið framkvæmd, sem þeir lögðu til frá upphafi, áður en álits Leifs var leitað. Greiðslu matskostnaðar er sérstaklega mótmælt, þar sem ekki hafi verið þörf á matinu.

Af hálfu Byggingafélagsins Reynis h/f er á því byggt, að starfsmenn þess hafi ekki séð um endanlegan frágang á þakinu, enda hafi verksamningur ekki gert ráð fyrir því. Starfsmenn byggingafélagsins hafi unnið verk sitt skv. teikningum og verklýsingu og sé það reyndar staðfest í matsgerð. Þá sé ljóst, að þakið allt sé ein heild, í fyrsta lagi sá þáttur, sem starfsmenn byggingafélagsins hafi framkvæmt, og í öðru lagi lokafrágangur við þakið að innan, þ. e. einangrun og neðra lag þaksins, sem forsjármenn Volta h/f hafi látið gera, án þess að starfsmenn byggingafélagsins hafi fengið að fylgjast með því verki. Þar sem af hálfu byggingafélagsins hafi ekki verið lokið við frágang þaksins, hafi ekki mátt ætlast til af starfsmönnum þess, að þeir gerðu sérstakar ráðstafanir vegna loftræsingar. Mikil vinna hafi verið eftir við þakið, þegar þætti byggingafélagsins lauk. Eftir það hafi allar leiðir verið færar til að koma við loftræsingu án nokkurs eða lítils kostnaðar. Þeir aðiljar, sem settu upp neðri hluta þaksins, hefðu átt að sjá, að ekki var um eiginlega loftræsingu að ræða, og gera nauðsynlegar ráðstafanir. Þá sé neðri hluti þaksins ekki settur upp eins og teikningar sýni. Glerull fylli bilið frá neðri klæðningu og upp í masonitlagið, en bil hafi átt að vera við masonitlagið skv. teikningum og illa hafi verið gengið frá álþynnu neðan á einangrun, sem hafi valdið því, að raki komst upp í þakið.

Í útboðsgögnum á dskj. nr. 8 og í verksamningi, dskj. nr. 5, 8. gr., sé tekið fram, að meistarar séu ekki bundnir verkkaupa fram yfir þau verk, sem gögn þessi kveði á um, þ. e. meistarar Byggingafélagsins Reynis hafi ekki verið bundnir fram yfir það verk, sem verksamningur segi, og beri byggingafélagið því ekki frekari ábyrgð.

Teikningar og útboðslýsingar sýni ekki, hvernig loftræsing skuli vera. Á

teikningum komi að vísu fram ör, sem geti átt við loftræsingu, en engin skýring sé á ör þessari. Hafi loftræsing átt að vera, þar sem þessi ör sé sýnd, hefði þurft að taka úr bitum og það hefði veikt þá verulega, að öllum líkindum að því marki, að óforsvaranlegt hefði verið. Hvorki forsjármenn Volta h/f né þeir aðiljar, sem höfðu eftirlit með verkinu fyrir hans hönd, hafi gert athugasemdir við frágang Byggingafélagsins Reynis á þakinu.

Af hálfu Byggingafélagsins Reynis eru sömu athugasemdir gerðar við kröfugerð stefnanda, sem fram koma af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f.

Fyrir dóminn hafa komið auk matsmanna forsjármenn aðilja og Leifur Benediktsson verkfræðingur.

Álit dómsins:

Samkvæmt verksamningi, dómskj. 5, tekur Byggingafélagið Reynir h/f að sér að vinna verkið samkvæmt uppdráttum og verklýsingu Vinnustofunnar Klappar h/f. Vinnustofan sá einnig um eftirlit með verkinu. Í útboðs- og verklýsingu 3.2.5. er fjallað um þak. Segir þar í 6. lið, að loftræsing þaks skuli sýnd á teikningum arkitekts. Samkvæmt matsgerð, dómskj. 11, eru matsmenn þeirrar skoðunar, að frágangur þaksins hafi í öllum aðalatriðum verið í samræmi við teikningar og verklýsingu. Þessu áliti matsmanna hefur ekki verið hnekkt.

Aðiljar eru sammála um, að gleymst hafi að loftræsa þakið. Viðurkennt er af hálfu Vinnustofunnar Klappar h/f, að sérteikningar hafi ekki verið gerðar af loftræsingu þaksins og gleymst hafi að gera ráð fyrir henni við gerð annarra teikninga og útreikninga á burðarþoli þaksins. Nægjanlega þykir þannig komið fram, að Vinnustofan beri höfuðábyrgð á því, hvernig til tókst, þar sem mistök starfsmanna hennar verða talin undirrót vanbúnaðar þaksins.

Í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, sem í gildi var á verktímanum, segir í niðurlagi 55. gr., að öll þök skuli loftræsa milli einangrunar og ystu klæðningar. Einmitt þarna urðu skil í verkinu, Byggingafélagið Reynir h/f hætti og aðrir tóku við. Kristján Guðmundsson byggingameistari, sem er stafsmaður Reynis, var þó enn skráður byggingameistari hússin, meðan á einangrun þaksins stóð.

Byggingafélagið Reynir h/f hafði til athugunar allar verklýsingar og teikningar varðandi þakið, en viðurkennt er, að pílur gáfu óljóst til kynna hugmyndir um útfærslu loftræsingar. Samkvæmt útboðs- og verklýsingu 2.2.7 skyldi verktaki þrátt fyrir eftirlit verkkaupa ábyrgur fyrir vinnu- og efnisgæðum og að húsið væri rétt byggt samkvæmt uppdráttum og í samræmi við gildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Þegar greint ákvæði byggingarsamþykktar Reykjavíkur er skoðað og haft í huga, að loftræsing þaks er grundvallaratriði í gerð þess, verður að telja, að þeir starfsmenn

Byggingafélagsins Reynis h/f, sem ábyrgð báru á verkinu, hefðu átt að hreyfa athugasemdum og leita skýringa eftirlitsmanns um, hvernig skyldi framkvæma loftræsinguna, þar sem teikningar voru óljósar um þetta atriði, en 2.2.7 útboðs- og verklýsingar, sem samkvæmt verksamningi er hluti hans, leggur þeim slíka skyldu á herðar. Þar sem ósannað er, að byggingameistarinn eða byggingastjórinn hafi leitað þessara skýringa eða hreyft athugasemdum, þykir rétt, að Byggingafélagið Reynir beri hér hluta af tjóni Volta h/f vegna þakgallans. Þá er í þessu sambandi einnig til þess að líta, að starfsmaður byggingafélagsins, byggingameistari hússins, Kristján Guðmundsson, skráði sig ekki af verkinu, eins og honum bar samkvæmt 8. gr. verksamnings, dómskj. 5, og í samræmi við byggingarsamþykkt þá, sem í gildi var. Þá hreyfði hann ekki athugasemdum við framkvæmd annarra á innri hluta þaksins. en af henni mátti hann vita.

Stefnandi lét haida áfram gerð þaksins, og í ljós er leitt, að þykkt þeirrar einangrunar, sem hann lét setja í þakið, var ekki í samræmi við teikningar. Þetta verður þó ekki talið breyta neinu um loftræsingu þaksins, eins og hér stóð á, þar sem stefndu höfðu ekki gert ráð fyrir loftræsingunni. Þykir því ekki ástæða til, að stefnandi beri hluta af tjóni sínu.

Þar sem stefndu höfðu hvor um sig sjálfstæðan verksamning við stefnanda og ekkert samningssamband var þeirra í milli, þykir eðlilegt að skipta tjóni Volta h/f á milli þeirra þannig, að Byggingafélagið Reynir h/f beri 1/6 hluta tjónsins en Vinnustofan Klöpp h/f 5/6 hluta.

Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra hluta af kostnaði við lagfæringu þaksins, sem Volta h/f hefðu orðið dýrari, ef í upphafi hefði verið gert ráð fyrir þeirri loftræsingu, sem lagfæringin fól í sér, þykir tjón stefnanda réttilega metið kr. 56.100.00. Hefur þá einnig verið tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við að ljúka lagfæringunni.

Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt, og vaxtakröfu í hóf stillt, og ber að taka hana til greina af tildæmdum fjárhæðum, en dómvextir voru 46% á ári frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% frá þeim tíma til 1. júní 1981, en eru nú 39%.

Rétt þykir í samræmi við niðurstöðu að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar í sömu hlutföllum og að ofan greinir. Þar með þykir eiga að dæma krafinn verkfræðikostnað Volta h/f og matskostnað, þar sem Volti h/f styður málssókn sína við álit verkfræðingins og matsgerð matsmanna, og ekki má ætlast til þess af forsjármönnum fyrirtækisins, að þeir reiði sig eingöngu við álit stefndu. Málskostnaður þykir þannig réttilega metinn á kr. 16.867.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og Stefáni Hermannsyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi Vinnustofan Klöpp h/f greiði stefnanda, Volta h/f, kr. 46.750.00 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 41.758.00, en af kr. 46.750.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 14.056.00 í málskostnað.

Stefndi Byggingafélagið Reynir h/f greiði stefnanda, Volta h/f, kr. 9.350.00 með dómvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. júní 1981 af kr. 8.352.00, en af kr. 9.350.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr 2.811.00 í málskostnað.

Stefndu greiði ofangreindar upphæðir innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. desember 1983.

Nr. 128/1981. **Orlofsheimilasjóður múrara**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sýsluvegasjóði Árnessýslu
(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí 1981 samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi haft uppi þá málsástæðu, að öll vegagerð um orlofssvæðið í Öndverðarnesi frá Biskupstungnabraut svo og viðhald þeirra vega hafi verið framkvæmd á kostnað landeig-

enda og þeir hafi ekki fengið neitt framlag úr sýsluvegasjóði. Skattlagning sú, sem um er fjallað í máli þessu, skapi áfrýjanda engan rétt, heldur sé hún til hagsbóta öðrum fasteignaeigendum í sýslufélaginu. Fái slík skattlagning ekki samrýmst ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Áfrýjandi hreyfði þessari málsástæðu ekki fyrir fógetaréttinum. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, til að hún komi til álita fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður kröfu sína þeim rökum, að hús það, sem um er fjallað í máli þessu, sé félagsheimili og því undanþegið vegaskatti samkvæmt 24. gr. laga nr. 6/1977.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, er hús þetta orlofshús, sem leigt er félagsmönnum í Múrarafélagi Reykjavíkur til vikudvalar í senn. Slíkt hús verður ekki talið felagsheimili, er sé undanþegið vegaskatti samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.0 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Orlofsheimilasjóður múrara, greiði stefnda, Sýsluvegasjóði Árnessýslu, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 27. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í þinghaldi 13. þ. m., varðar lögmæti þess að gera lögtak í eignum Orlofsheimilasjóðs múrara vegna ógreidds vegaskatts ársins 1979 af sumarbústað sjóðsins nr. 5 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi, álögðum skv. 23. gr. vegalaga nr. 6 frá 25. mars 1977, en þar segir:

„Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja

landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7.000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt."

Í 24. gr. sömu laga eru eftirtaldar eignir undanskildar vegaskatti skv. 23. gr.: allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Samkvæmt framansögðu krafði sýsluvegasjóður Orlofsheimilasjóð múrara um vegaskatt 1978 og 1979 með útsendum gíróseðlum.

Þann 19. ágúst 1980 kvað sýslumaðurinn í Árnessýslu upp svohljóðandi lögtaksúrskurð: „Ógreidd sýsluvegagjöld samkvæmt 23. grein vegalaga nr. 6/1977, álögð í Árnessýslu fyrir árið 1979, skulu ásamt dráttarvöxtum tekin lögtaki að liðnum átta dögum frá lögbirtingu þessa úrskurðar á kostnað gjaldenda sjálfra, en á ábyrgð innheimtumanns." Lögtaksúrskurður þessi var birtur í Ríkisútvarpinu þrem sinnum dagana 19. og 20. ágúst 1980.

Með bréfi 9. febrúar sl. var orlofsheimilasjóðurinn krafinn um vegaskatt ársins 1978, kr. 114.00, og ársins 1979, kr. 163.00, auk áfallins kostnaðar, kr. 50.00, og jafnframt var tilkynnt, að hafist yrði handa um lögtök vegna ógreiddra gjalda strax að liðnum þeim mánuði.

Mánudaginn 2. þ. m. var það fyrir tekið í fógetarétti Árnessýslu, háðum við sumarbústað nr. 5 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi að gera lögtak fyrir vegaskatti ársins 1979, kr. 163.00, ásamt áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði (lögtaksréttar fyrir vegaskatti ársins 1978 var ekki krafist, enda mun lögtaksréttur fyrir því gjaldi fyrndur). Í því þinghaldi mætti af hálfu gerðarþola héraðsdómslögmaður Gunnar Sæmundsson og mótmælti framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafðist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Fógeti leitaði sátta, en án árangurs. Að beiðni talsmanns gerðarþola var málinu frestað til 13. þ. m.

Í þinghaldi 13. þ. m. skýrði talsmaður gerðarbeiðanda, Sýsluvegasjóðs Árnessýslu, dráttarvaxtakröfu sína þannig, að krafist væri hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 1. janúar 1981 til greiðsludags. Í sama þinghaldi lagði talsmaður gerðarþola fram skrifleg mótmæli. Í framhaldi af ákvörðun fógeta um skriflegan málflutning var málið tekið til úrskurðar í umræddu þinghaldi.

Talsmaður gerðarþola mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar á þeirri forsendu, að umrædd eign sé félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga og því undanþegin greiðslu vegaskatts skv. 23. gr. þeirra laga. Í greinargerð talsmanns gerðarþola kemur fram, að tilgangur Orlofsheimilasjóðs múrara, sem er einn sérsjóða Múrarafélags Reykjavíkur, er að koma upp orlofsheimilum fyrir múrara, eiga þau og reka. Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og stjórn. Sumarhús það, sem mál þetta varðar, er eitt slíkra orlofsheimila

og er leigt félagsmönnum í Múrarafélagi Ryekjavíkur til vikudvalar í senn gegn vægri leigu.

Þeirri skoðun sinni til stuðnings, að skoða verði umrætt sumarhús sem félagsheimili, bendir talsmaður gerðarþola á þá meginreglu lögskýringar, að er ekki verði leitað til laganna sjálfra, greinargerðar með lögunum eða umræðna á Alþingi um skýringu á ákveðnum hugtökum, skuli skýringar leitað í ríkjandi málvenju. Talsmaður gerðarþola hefur bent á með stoð m. a. í orðabók Menningarsjóðs, að skv. almennri málvenju hafi orðið félagsheimili tvær skýringar, aðra þrönga, þ. e. „samkomuhús," en hina rýmri, þ. e. „bækistöð fyrir starfsemi félaga (ákveðinna hópa)." Lögmaðurinn heldur því fram með vísan m. a. í 40. grein stjórnarskrárinnar, að skýra beri undantekningar frá skattaákvæðum rúmt og því verði að styðjast við rýmri skýringarkostinn við úrlausn máls þessa. Umrætt sumarhús, sem er bækistöð fyrir þann þátt í starfsemi Múrarafélags Reykjavíkur að skapa félagsmönnum aðstöðu til orlofsdvalar, verði því að teljast félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga.

Að áliti fógeta er ágreiningurinn í máli þessu fyrst og fremst um það, hvernig skýra beri hugtakið félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga. Ekki virðist það skipta máli, hvort stuðst er við rýmri eða þrengri skýringarkostinn. Því jafnvel þótt stuðst sé við rýmri skýringarkostinn, hlýtur með orðinu félagsheimili að vera átt við húsnæði, sem notað er sem bækistöð fyrir starfsemi félags, og það, sem skilur slíkt húsnæði frá öðru í eigu félaga, er, að þar er aðstaða fyrir félagsmenn að koma saman til þess að rækja félagsskapinn.

Sumarhús það, sem hér um ræðir, er leigt félagsmönnum í Múrarafélagi Reykjavíkur til vikudvalar í senn. Það leiðir af almennri notkun slíkra húsa, að þau eru ætluð notendum til afþreyingar og sem hvíld frá venjubundnu og oft erilsömu umhverfi þeirra.

Sumarhús þetta er í skipulögðu hverfi sumarhúsa, sem flest eru í einkaeign. Það virðist því auðsætt, að húsið muni vera ætlað sem einkasumarhús notenda, meðan á leigutíma stendur, og því alls ekki ætlað sem bækistöð, þar sem félagsmenn geta komið saman til að rækja félagsskapinn eða vinna félagsstörf. Ekki verður því á það fallist, að umrætt sumarhús falli undir undanþáguákvæði 24. gr. vegalaga.

Vegaskattur af umræddu sumarhúsi fyrir árið 1979, kr. 163.00, hefur verið löglega á lagður skv. skýru ákvæði 23. gr. vegalaga nr. 6/1977, og því fylgir lögtaksréttur skv. sömu lagagrein. Almennur lögtaksúrskurður fyrir sýsluvegagjöldum ársins 1979 hefur verið upp kveðinn og réttilega birtur. Af hálfu gerðarþola var við upphaf gerðarinnar mætt og með því samþykkt fyrirtaka á þeim stað. Ekkert hefur því fram komið, sem hamli því, að hin umbeðna gerð fari fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli

niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. desember 1983.

Nr. 129/1981. **Jón Ólafsson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sýsluvegasjóði Árnessýslu
(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Synjað um lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins 21. maí 1981 samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af skrá þeirri frá Fasteignamati ríkisins frá 26. nóvember 1978, sem er grundvöllur að álagningu vegaskatts þess, sem um er fjallað í máli þessu.

Samkvæmt gíróseðli þeim, sem sendur var áfrýjanda og frá er greint í hinum áfrýjaða úrskurði, var hann krafinn um vegaskatt af fasteign, sem auðkennd var: „Fasteign nr. 9600 — 0560 ÖNDVERÐARNES 1 NR. 56 GRÍMSNESHREPPUR.“ Þar var fast-

eignamat lands skráð 524 þúsund krónur en húss 3.870 þúsund krónur. Samkvæmt fyrrgreindri skrá er Grímsneshreppur skráður eigandi lands þessa, en áfrýjandi skráður eigandi hússins.

Gögn máls þessa sýna, að áfrýjandi hefur á leigu landspildu frá félögum múrara og múrarameistara í Reykjavík í landi Öndverðarness I. Hann hefur hins vegar ekki neina landspildu á leigu þar frá Grímsneshreppi og hefur ekki reist þar hús. Samkvæmt þessu þykir ljóst, að álagning vegaskattsins sé byggð á röngum grundvelli. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefndi, Sýsluvegasjóður Árnessyslu, greiði áfrýjanda, Jóni Ólafssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 27. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., er þannig til komið, að 2 þ. m. var það fyrir tekið í fógetarétti Árnessýslu, háðum á lóð nr. 56 í Öndverðarneslandi í Grímsneshreppi, að gera lögtak fyrir vegaskatti af þeirri lóð, álögðum skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977 fyrir árið 1979, kr. 163.00. Af hálfu Jóns Ólafsson var mættur héraðsdómslögmaður Gunnar Sæmundsson, sem mótmælti lögtakinu, krafðist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og óskaði eftir fresti til að leggja fram skrifleg mótmæli. Í þinghaldi 13. þ. m. lagði talsmaður gerðarþola fram skrifleg mótmæli. Í sama þinghaldi skýrði talsmaður gerðarbeiðanda dráttarvaxtakröfu sýsluvegasjóðs þannig, að krafist væri hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 1. jan. 1981 til greiðsludags.

Fógeti reyndi sættir, en án árangurs. Í framhaldi af ákvörðun fógeta um skriflegan málflutning var málið tekið til úrskurðar í umræddu þinghaldi 13. þ. m.

Málavextir eru þeir, að umrædd lóð nr. 56, eign Múrarafélags Reykjavíkur, var leigð Jóni Ólafssyni til 10 ára frá 15. júní 1971 að telja með forleigurétti að þeim tíma liðnum. Snemma á árinu 1980 var Jón Ólafsson með útsendum gíróseðli krafinn um vegaskatt af umræddri lóð, álögðum fyrir árið 1979 skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977. Enginn ágreiningur er um það atriði, að umrædd lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi er eign Múrarafélags Reykjavíkur, en seld gerðarþola á leigu sem sumarbústaðalóð, og að umrædd lóð er án mannvirkja.

Talsmaður gerðarþola mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar á þeirri forsendu, að á lóðinni séu enginn mannvirki og að lóðin sé ekki eign gerðarþola og að Jón Ólafsson sé því ekki vegaskattsskyldur skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977, en þar segir m.a.

„Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð."

Í 23. gr. vegalaga er kveðið svo á um, að vegaskattur skuli nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja landa og lóða, þó aldrei lægri upphæð en lágmarksgjald, er ákvarðast skv. 21. gr. laganna og var fyrir árið 1979 kr. 163.00. Þar sem ákvörðun vegaskatts skv. 23. gr. er á fasteignamati byggð, er að áliti fógeta ekki óeðlilegt að líta svo á, að við innheimtuna megi styðjast við lög um skráningu og mat fasteigna um fasteignahugtak það, sem skattskyldan miðast við.

Í 2. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna er hugtakið fasteign skilgreint þannig:

„Fasteign skv. lögum þessum telst annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar— eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind." Umrædd lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi hefur verið afmörkuð og leigð gerðarþola til hér greindra afnota, þ. e. til að reisa þar sumarhús skv. leigusamningi þar um, sem liggur frammi í málinu. Samkvæmt því hefur lóðin verið færð sem sérstök fasteign á fasteignaskrá og skráð þar á nafn Jóns Ólafssonar. Lóðin verður því að teljast fasteign í skilningi 23. gr. vegalaga, og er því rétt að leggja á þá eign vegaskatt. Ekki breytir það því niðurstöðunni hvorki um gjaldskylduna né um upphæð skattsins, hvort hafist hafi verið handa um byggingu mannvirkja á lóðinni, því lágmarksgjald ársins 1979, kr. 163.00, er ríflega 3.0 af þúsundi fasteignamatsverðs, jafnvel glæsilegustu sumarhúsa skv. fasteignamati því, sem innheimtunni er lagt til grundvallar.

Nú segir í 23. gr. vegalaga, að eigandi fasteignar skuli greiða vegaskatt af eign sinni. Þinglýstur eigandi lóðarinnar er Múrarafélag Reykjavíkur,

leigutaki hefur hins vegar verið krafinn um vegaskattinn. Byggist þetta á því sjónarmiði að jafna lóðaleiguréttindum til eignarhalds og leggja því gjaldið á leigutaka. Slík sjónarmið hafa verið lögfest að því er varðar fasteignaskatt til sveitarfélaga. Í 4. gr. laga nr. 68/1973 (sic) um tekjustofna sveitarfélaga segir í 2. mgr. um greiðslu fasteignaskatta: „Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðaafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda."

Þetta er enn fremur í samræmi við leigusamning aðilja um lóðina, en þar segir í 4. gr.: „Leigutaki greiðir skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð."

Það er því rökrétt og eðlilegt að beina innheimtu vegaskatts af lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I að leigutaka, Jóni Ólafssyni. Vegaskattur af umræddri lóð hefur verið á lagður skv. skýru ákvæði 23. gr. vegalaga nr. 6/1977, því fylgir lögtaksréttur skv. sömu lagagrein. Almennur lögtaksúrskurður fyrir vegaskatti ársins 1979, álögðum í Árnessýslu, hefur verið upp kveðinn og löglega virtur. Af hálfu gerðarþola var við upphaf gerðarinnar mætt og því samþykkt fyrirtekt á umræddum stað. Ekkert hefur því fram komið, sem hamli því, að hin umbeðna gerð fari fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. desember 1983.

Nr. 130/1981. **Múrarafélag Reykjavíkur**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Sýsluvegasjóði Árnessýslu
(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefndu 12. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí s. á. samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi haft uppi þá málsástæðu, að öll vegagerð um orlofssvæðið í Öndverðarnesi frá Biskupstungnabraut, svo og viðhald þeirra vega, hafi verið framkvæmd á kostnað landeigenda og að þeir hafi ekki fengið neitt framlag úr sýsluvegasjóði. Skattlagning sú, sem um er fjallað í máli þessu, skapi áfrýjanda engan rétt, heldur sé hún til hagsbóta öðrum fasteignaeigendum í sýslufélaginu. Fái slík skattlagning ekki samrýmst ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Áfrýjandi hreyfði þessari málsástæðu ekki fyrir fógetaréttinum. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, til að hún komi til álita fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður kröfu sína þeim rökum, að bygging sú, sem um er fjallað í máli þessu, sé félagsheimili og því undanþegin vegaskatti samkvæmt 24. gr. laga nr. 6/1977. Bygging þessi er sundlaug ásamt búningsklefum. Slík bygging verður ekki talin vera félagsheimili í merkingu þess orðs í fyrrgreindu lagaákvæði og því ekki undanþegin vegaskatti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Múrarafélag Reykjavíkur, greiði stefnda, Sýsluvegasjóði Árnessýslu, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 22. febrúar 1981.

Mál þetta,sem tekið var til úrskurðar í þinghaldi 13. þ. m., er þannig til komið, að mánudaginn 2. þ. m. var það fyrir tekið í fógetarétti Árnessýslu, háðum við sundlaugarmannvirki í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi, eign Múrarafélags Reykjavíkur, að gera lögtak fyrir ógreiddum vegaskatti af þeirri eign, álögðum fyrir árið 1979 samkvæmt 23. gr. vegalaga, kr. 985.20. Í því þinghaldi mætti fyrir hönd gerðarþola héraðsdómslögmaður Gunnar Sæmundsson og mótmælti framgangi gerðarinnar á þeirri forsendu, að sundlaugarmannvirkin séu félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga nr. 6/1977 og því undanþegin vegaskatti skv. 23. gr. vegalaga. Hann krafðist enn fremur málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Fógeti leitaði sátta, en án árangurs. Að ósk lögmanns gerðarþola var málinu frestað til 13. þ. m. Í þinghaldi 13. þ. m. skýrði talsmaður gerðarbeiðanda, Sýsluvegasjóðs Árnessýslu, dráttarvaxtakröfu sjóðsins þannig, að krafist væri hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 1. jan. 1981 til greiðsludags. Í sama þinghaldi lagði talsmaður gerðarþola fram skriflega greinargerð, og skv. ákvörðum fógeta um skriflegan málflutning var málið tekið til úrskurðar þann dag.

Þeirri skoðun sinni til stuðnings, að líta beri á umrædd sundlaugarmannvirki sem félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga, bendir talsmaður gerðarþola á, að samkvæmt almennri málvenju, eins og hún kemur fram m. a. í orðabók Menningarsjóðs, sem út kom árið 1963, hafi orðið félagsheimili tvær merkingar, aðra þrönga, þ. e. „samkomuhús," en hina rýmri, þ. e. „bækistöð fyrir starfsemi félaga (ákveðinna hópa)." Hann bendir enn fremur á, að þar sem ekki komi fram í vegalögum, greinargerð með þeim né í umræðum á Alþingi við setningu vegalaga, hvernig skýra beri orðið félagsheimili, verði að styðjast við almenna málvenju um skýringu þess orðs. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram með vísan í 40. grein stjórnarskrárinnar, að skýra beri undanþáguákvæði skattalaga rúmt og að sundlaugarmannvirki þau, sem hér um ræðir, falli undir rýmri skýringarkostinn, þar sem umrædd mannvirki eru bækistöð fyrir einn þáttinn í starfsemi Múrarafélags Reykjavíkur, þ. e. þann þátt í starfsemi félagsins að skapa félagsmönnum í orlofsdvöl aðstöðu til hollrar tómstundaiðju og líkams-

þjálfunar. Samkvæmt þessu verði því að telja sundlaugarmannvirkin félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga.

Ekki verður á þá skoðun lögmannsins fallist, að skýra beri undanþáguákvæði 24. gr. vegalaga rúmt. Að áliti fógeta er réttara að líta svo á, meðal annars með tilliti til undirstöðuraka stjórnarskrárinnar um jafnrétti þegnanna, sem fram kemur t. d. í 78. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir: „Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög," að skýra beri undanþágur frá álagningu, sem stoð á í skýru og ótvíræðu ákvæði 23. greinar vegalaga, þröngri lögskýringu. Það sjónarmið, að skýra beri ákvæði, er lúta að skattaundanþágum þröngt, kemur einnig fram, t. d. í Hrd. XVI, 197.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki rétt að skýra orðið félagsheimili í undanþáguákvæði 24. gr. vegalaga það rúmt, að það verði talið til sundlaugarmannvirkja þeirra, sem mál þetta varðar.

Vegaskattur af umræddum sundlaugarmannvirkjum er á lagður með heimild í skýru og ótvíræðu ákvæði 23. greinar vegalaga nr. 6/1977. Skattinum fylgir lögtaksréttur samkvæmt sömu lagagrein. Almennur lögtaksúrskurður vegna sýsluvegagjalda, álögðum í Árnessýslu fyrir árið 1979, var upp kveðinn 19. ágúst sl. og birtur þrem sinnum í Ríkisútvarpinu 19. og 20. ágúst sl. Við byrjun gerðarinnar var af hálfu gerðarþola mætt og með því samþykkt að hefja gerðina á eigninni sjálfri. Ekkert hefur því komið fram, sem hamli því, að hið umbeðna tögtak fari fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan,

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. desember 1983.

Nr. 206/1981. **Theodóra h/f**
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn
Gústaf Þór Tryggvasyni hdl.
f. h. Top Coat Ltd.
og gagnsök
(Othar Örn Petersen hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefndu 30. september 1981. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 14% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðr í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist með aðaláfrýjanda, sem ekki hafði uppi frávísunarkröfu fyrir héraðsdómi, að mál þetta sé svo vanreifað af hendi gagnáfrýjanda, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Verður frávísunarkrafa hans því ekki tekin til greina.

Vörur þær, er málið fjallar um, telur gagnáfrýjandi sig hafa sent aðaláfrýjanda til efnda á vörupöntun, sem aðaláfrýjandi hafi gert hjá honum samkvæmt óundirrituðum pöntunarseðli 4. júní 1979. Hafi hinar pöntuðu vörur verið afgreiddar í þrennu lagi og afhentar

til flutnings 1. ágúst, 30. ágúst og 19. september 1979. Varðar ágreiningur málsaðilja aðeins hinar tvær síðari sendingar.

Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi pantað vörur hjá gagnáfrýjanda áðurgreindan dag. Hann veitti viðtöku fyrstu sendingunni frá gagnáfrýjanda og greiddi hana án athugasemda að því er best verður séð. Eins og hér hagaði til, hlaut honum að vera ljóst, að einnig hinar síðari sendingar voru af hendi gagnáfrýjanda ætlaðar til efnda á umræddri vörupöntun frá 4. júní. Bar honum þá að tilkynna gagnáfrýjanda án tafar, ef hann vildi synja vörunum viðtöku vegna þess, að þær væru umfram pöntunina eða í ósamræmi við hana að gæðum. Slíka tilkynningu sendi hann ekki í tæka tíð, svo að séð verði. Getur hann því ekki synjað greiðslu á kaupverði varanna.

Í málflutningi hafa aðiljar ekki miðað við annað en að um sakarefnið skuli að öllu leyti dæmt að íslenskum lögum, þar á meðal um dráttarvexti.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti, sem ekki verða dæmdir frá fyrri tíma en afhendingardegi vörunnar, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt þessu, auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., þeim er í gildi hafa verið á þeim tíma, er hér skiptir máli, svo og kröfugerð gagnáfrýjanda verða vextirnir ákveðnir þeir, er í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir verði 15% ársvextir af £ 538.40 frá 30. ágúst 1979 til 19. september 1979 og af £ 906.40 frá þeim degi til 1. júní 1980, en frá þeim degi til 21. apríl 1982 eiga vextir af dæmdri fjárhæð að vera 6% hærri ársvextir og frá 21. apríl 1982 til greiðsludags 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í enskum sterlingspundum, eins og þeir hafa verið á hverju tíma.

Aðaláfrýjandi, Theodóra h/f, greiði gagnáfrýjanda, Gústaf

Þór Tryggvasyni héraðsdómslögmanni f. h. Top Coat Ltd., 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðagðri aðför aðlögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., hefur Gústaf Þór Tryggvason héraðsdómslögmaður f. h. Top Coat Ldt., London, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. október 1980, á hendur Theodóru h/f, Skólavörðustíg 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. reikningi eða mati dómsins.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður skuldina vera vegna kaupa stefndu á dömukápum frá stefnanda, sbr. reikninga nr. 9438, dags. 20. mars 1979, að fjárhæð £ 606.04, og nr. 9585, dags. 11. september 1979, að fjárhæð £ 368.00, en að frádreginni innleggsnótu nr. 4351, dags. 5. júní 1979, að fjárhæð £ 68.00. Vörurnar hafi komið flugleiðis til landsins. Stefnda hafi ekki fengist til að veita vörum þessu móttöku eða greiða andvirði þeirra.

Svala Kristine Wigelund, stjórnarformaður stendu, hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hafi ekki pantað umræddar vörur. Hún hafi ekki pantað annað en það, sem hún hafi leyst út hjá fyrirtæki stefnanda. Hún hafi leyst út tvær gerðir af jökkum, sem hún hafði pantað „af illri nauðsyn" hjá stefnanda, vegna þess að sumarið áður hafi þeir sent henni bleika og græna jakka, sem hún hafði aldrei pantað. Hún hafi þá farið út með fulla stóra ferðatösku af þessum jökkum og skilað þeim, en hún hafi verið búinn að greiða þá í banka. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi neitað að greiða henni til baka jakkana, en hafi samt viðurkennt, að hún hafi aldrei pantað þá. Þeir hafi sagt henni, að hún yrði að panta eitthvað fyrir veturinn og þá skyldu þeir draga 5—6 £ frá hverjum jakka. Hún hafi síðan pantað tvær gerðir, sem hún leysti út, sennilega í nóvember. Sú sending hafi að meira og minna leyti verið frábrugðin því, sem hún hafi pantað.

Stefnda kvaðst ekki kannast við að hafa pantað vöru þá, sem mál þetta

snýst um, að öðru leyti en því, að með sendingunni hafi komið nokkrir jakkar, sem hún hafði pantað áður og sem vantaði upp á þá sendingu, þeim hafi verið bætt við þessa sendingu, sem hún hafði ekki pantað. Hún hafi ekki leyst út þann hluta sendingarinnar, það væri ekki hægt. Varan hafi að öðru leyti verið stórgölluð, allt öðruvísi en hún hafði pantað, gulir jakkar í staðinn fyrir bláköflótta. Hún hafi skoðað vöruna uppi í Flugfrakt. Stefnda kvaðst hafa gert síðustu pöntun sína hjá stefnanda í júní 1979, þegar hún kom til að skila jökkunum.

Stefnda kvað ákaflega misjafnt að því staðið, hvernig pöntun væri gerð. Pöntunin væri skrifuð niður og oft væri viðskiptavinurinn látinn kvitta fyrir. Hún kvaðst ekki muna, hvernig það var í þessu tilviki, en taldi fyrirsvarsmenn stefnanda hljóta að vita það.

Stefnda kvaðst hafa skoðað sýnishorn af þeirri vöru, sem hún pantaði, og með henni hafi verið Svanhildur Jakobsdóttir söngkona og hafi hún mátað fyrir sig jakka í fyrirtækinu. Þetta hafi verið í „show room hjá þeim í Polland street". Stefnda kvaðst yfirleitt fá afrit af öllum pöntunum, sem hún geri hjá stefnanda, en hún hafi annað hvort aldrei fengið afrit það, sem varðaði umrædda pöntun, eða þá að hún væri búin að týna því.

Stefnda kvaðst hafa fengið tilkynningu um vöruna í október eða nóvember, og kveðst hún hafa hringt mjög fljótlega í stefnanda og tilkynnt, að hún mundi ekki leysa út vöruna, auk þess sem hún hafi skrifað þeim bréf um miðjan desember. Það hafi ekki liðið meira en hálfur mánuður eða mánuður, frá því að hún fékk tilkynningu um, að varan væri komin til landsins, og þar til hún lét stefnanda vita, að hún mundi ekki leysa vöruna út. Hún kvaðst versla við 10—12 fyrirtæki í London, en það kæmi ekki fram á tilkynningum frá Flugfrakt, frá hverjum hver og ein sending væri. Hún kvaðst taka tilkynningarnar eftir hendinni og fara svo niður í Flugfrakt og athuga. Hún hafi orðið alveg hissa, þegar hún sá, að það var komið meira frá Top Coat, en hún hafi ekkert gert þá alveg í hvelli, en hún hafi síðan hringt í þá og skrifað út líka.

Stefnda kvaðst aldrei hafa séð dómskjöl nr. 6 og 7 fyrr á ævi sinni eða skjöl samsvarandi þeim. Hún kvaðst ekki vita, hvað það væri.

Stefnda kvaðst hafa boðið stefnanda að greiða fyrir þá geymslugjald á vörunni til þess að losna við málaferli, það hafi ekki verið svo dýrt, en hún kvað það rangt eftir sér haft, að hún hefði boðist til að greiða sendingarkostnað vörunnar.

Stefnda kvaðst hafa greitt vörur skv. tveimur efstu númerum á dskj. nr. 14, þ. e. nr. 9002 og 9081.

Vitnið Svanhildur Jakobsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hefði farið með stefndu Svölu til London sumarið 1979. Hún hafi verið í skemmtiferð, en Svala hafi átt viðskiptaferð til London. Hún

hafi farið með Svölu í fyrirtæki stefnanda og þar hafi Svala pantað einhverjar flíkur, sem vitnið kvaðst hafa skoðað með henni, en hún hafi ekki fylgst með, hvernig pöntunin var gerð. Hún kvaðst hafa unnið hjá Svölu tíma og tíma, en hún hafi verið hætt störfum þar, þegar sendingin kom til landsins, en Svala hafi tjáð sér, að um ranga sendingu hefði verið að ræða.

Stefnda hefur lagt fram ljósrit af bréfi til stefnanda, dags. 15. desember 1979, og hefur lögmaður hennar upplýst, að bréfið hafi verið sent stefnanda í almennum pósti.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefnda Svala hafi pantað umræddar vörur og beri henni að greiða þær skv. reikningi. Hún hafi gert pöntunina í sýningarherbergi í fyrirtæki stefnanda í London, en engin skrifleg staðfesting hafi verið gerð af hennar hálfu. Pöntunin hafi verið gerð í júní 1979 og hafi varan verið send í þremur áföngum í júlí, ágúst og september skv. beiðni stefndu. Stefnda hafi viðurkennt að hafa pantað vörur hjá stefnanda á þessum tíma. Hluti af pöntuninni hafi þó aldrei verið sendur vegna óhagræðis í framleiðslu, sem hafi stafað af of lítilli eftirspurn. Stefnda hafi aldrei tilkynnt stefnanda, að hún mundi ekki leysa út vöruna, og beri henni því að ábyrgjast greiðslu hennar, en því sé mótmælt, að stefnandi hafi fengið í hendur tilkynningu stefndu á dskj. nr. 11. Lit og efni vöru sé aldrei breytt án samráðs við kaupanda og hafi alls ekki verið um slíkt að ræða í þessu tilviki.

Stefnda styður kröfur sínar þeim rökum, að hún hafi ekki pantað umræddar vörur. Hún hagi greitt og leyst til sín allar þær vörur, sem hún hafi pantað hjá stefnanda, og sé viðskiptum hennar og stefnanda lokið. Hún hafi aldrei skrifað undir þá pöntun, sem stefnt sé út af, og sér sé óskiljanlegt, hvers vegna henni sé send þessi vara. Hún hafi aldrei pantað umrædda vöru og þar af leiðandi hafi hún enga skyldu við stefnanda að tilkynna honum samstundis, að hún ætli ekki að leysa vöruna til sín, enda þótt hún hafi í raun gert það innan hæfilegs frests. Boð hennar um að greiða geymslugjald hafi ekki verið skuldbindandi yfirlýsing hennar um, að hún ábyrgðist vöruna, heldur einungis gert í greiðaskyni við stefnanda og til þess að losna við málaþref. Stefnda beri ekki ábyrgð á mistökum stefnanda. Dskj. nr. 3 og 4 sé mótmælt sem stefndu óviðkomandi. Enn fremur dskj. nr. 16. Stefnda hafi aldrei undirritað það skjal, auk þess sem stefnandi hafi ekki getað lagt það fram í frumriti og sé því alfarið mótmælt sem röngu.

Enda þótt stefnda kynni að hafa pantað fleiri vörur en þær, sem hún

leysti út, þá séu það allavega ekki þær vörur, sem sendar voru og um er deilt.

IV.

Ósannað er, að stefnda hafi pantað umdeildar vörur að undanskildum nokkrum jökkum, sem komu með sendingunni og stefnda hefur viðurkennt að hafa pantað. Stefndu var því rétt að synja um viðtöku vörunnar. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um viðskipti stefndu og stefnanda á þessum tíma, verður að líta svo á, að um viðskipti þeirra hafi átt að fara skv. almennum reglum um verslunarviðskipti og að stefndu hafi borið að tilkynna stefnanda þegar í stað, að hún ætlaði ekki að leysa til sín vöruna. Gildir þá einu í þessu sambandi, hvort um ranglega afgreidda pöntun hafi verið að ræða eða sendingu, sem aldrei var pöntuð.

Samkvæmt framlögðum gögnum voru vörurnr sendar til stefndu í ágúst og september 1979, og kveðst hún hafa fengið um þær tilkynningu í október eða nóvember það ár. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að stefnda hafi tilkynnt honum innan hæfilegs frests, að hún mundi ekki leysa út vöruna, en ekki er upplýst í málinu, hvenær stefnandi fékk fyrst sannanlega um það vitneskju.

Samkvæmt framansögðu ber að telja stefndu ábyrga fyrir greiðslu vörunnar, og þar sem stefnufjárhæðin hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Pétri Sigurðssyni kaupmanni og Ægi Ólafssyni kaupmanni, en uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna forfalla annars meðdómandans.

Dómsorð:

Stefnda, Theodóra h/f, Skólavörðustíg 5, Reykjavík, greiði stefnanda, Gústaf Þór Tryggvasyni héraðsdómslögmanni f. h. Top Coat Ltd., London, £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá uppkvaðningu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1983

Nr. 216/1982. **Verslunarfélag Austurlands s.v.f.**
gegn
Garðari Rúnari Sigurgeirssyni
vegna Borgarkjörs.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1983 samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Barst kæran Hæstarétti 28. nóvember 1983.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um dráttarvaxtakröfuna, svo sem henni er lýst í greinargerð í héraði.

Í stefnu krafðist sóknaraðili dráttarvaxta af hinum umstefndu víxilfjárhæðum án þess að marka kröfuna nánar með því að tilgreina ákveðinn vaxtafót eða með öðrum ótvíræðum hætti. Sú kröfugerð fullnægði ekki skilyrðum c liðar 88. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 22. grein laga nr. 28/1981. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. sept. 1983, af Verslunarfélagi Austurlands s.v.f., Fellahreppi, nnr. 9173-4044, gegn Garðari Rúnari Sigurgeirssyni, Hjallabraut 76, Hafnarfirði, nnr. 2524-0472, eiganda firmans Borgarkjörs í Reykjavík, nnr. 1380-3412, til greiðslu skuldar skv. fjórum víxlum, samtals að fjárhæð kr. 81.967.73 auk dráttarvaxta af víxlum þessum frá gjalddaga þeirra til greiðsludags, banka- og stimpilkostnaðar, kr. 328.00, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. fjórum víxlum, sem séu allir út gefnir af stefnanda og framseldir til greiðslu af stefnda sem hér segir:

Útgáfudagur	*Gjalddagi*	*Fjárhæð*	*Greiðslustaður*
30.12.82	28.02.83	20.000.00	Landsb. Ísl., Seyðisf.
24.01.83	18.03.83	14.540.00	Búnaðarb. Ísl. Egilsst.
30.12.82	30.03.83	25.000.00	Verzlunarb. Ísl., Rvík.
10.02.83	13.04.83	22.427.73	Búnaðaðarb. Ísl. Egilsst.

Stefnandi kveður stefnda hafa marglofað að greiða víxla þessa, en staðið hafi á efndum.

Á reglulegu bæjarþingi þann 18. október sl. var máli þessu vikið til venjulegrar meðferðar, og stefnandi skilaði síðan greinargerð þann 25. okt. sl.

Í greinargerðinni kemur fram, að í stefnukröfum sé átt við hæstu lögleyfðu dráttarvexti (vanskilavexti), eins og þeir séu ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, sbr. 33. gr., svo og ákvæði 7. kafla laga nr. 13/1979 með áorðnum breytingum skv. 2. og 3. gr. laga nr. 10/1981, og breytir stefnandi kröfugerðinni í samræmi við það.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Eins og fram hefur komið, krefur stefnandi í stefnu um dráttarvexti af framalögðum víxlum frá gjalddaga þeirra til greiðsludags. Vaxtakrafan þannig fram sett verður að teljast vanreifuð, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Úrbætur á kröfugerð, sem gerðar eru í greinargerð, hafa ekki heimild í stefnu, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að vísa vaxtakröfunni frá dómi ex officio.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms.

Dóminn kvað upp Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Vaxtakröfu stefnanda er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms.

Fimmtudaginn 15. desember 1983.

Nr. 228/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. þ. m., sem barst Hæstarétti 12. s. m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. desember 1983.

Ár 1983, laugardaginn 10. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 17. okt. sl., kl. 0420, höfðu tollverðir á Grandagarði við Reykjavíkurhöfn afskipti af Sæmundi Auðunssyni, fæddum 7. febrúar 1954, skipverja á b/v Karlsefni, RE 24. Sæmundur þessi var að koma frá borði úr siglingu frá Cuxhaven í Vestu-Þýskalandi og reyndist hafa í sínum fórum liðlega 11.3 kg af ætluðum hassefnum.

Nefndan dag og þann næsta voru yfirheyrðir hjá lögreglu 15 skipverjar af ofangreindum togara, án þess að séð verði, að varpað hafi ljósi á mál þetta.

Sæmundur Auðunsson var hér við embætti þann 17. okt. úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald og sat í því til 16. nóv. sl.

Fyrir uppkvaðningu úrskurðar lýsti nefndur Sæmundur hér fyrir dómi að hafa í Cuxhaven af sér kunnum, en ónefndum, sölumanni þýskum keypt liðlega 11.8 kg af svonefndu Libanonhassi og greitt fyrir 47.500 þýsk mörk að jafnvirði nálægt 475.000 ísl. kr. Kvaðst Sæmundur hafa af eigin fé lagt til kaupa 170.000 ísl. kr. og fyrir það átt að fá í sinn hlut nálægt 3.0 kg.

Einnig taldi margnefndur Sæmundur sig í sinn hlut hafa fengið 2.5 kg. gegn gjaldfresti, en 10 — 12 aðiljar hérlendir hafi lagt fram liðlega 300.000 ísl. kr. og því átt afgang efna, en mismikinn hlut hver og að frádregnum 10% efnishlut Sæmundar sem flutningsþóknun. Við ítarlega lögregluyfirheyrslu 18. okt. sl. endurtók Sæmundur Auðunsson efnislega þennan framburð, en bætti við ýmsum skýringum. Þann 20. október hélt Sæmundur Auðunsson í lögregluyfirheyrslu við ofangreint, en jók við framburð um meinta fjármögnun sína til efniskaupa ytra.

Í lögregluyfirheyrslu 26. okt. sl. lýsti Sæmundur Auðunsson rangar sínar fyrri skýringar á efnisútvegun og skiptingu, en bar um meint samskipti við Kristján Örn Kristjánsson, fæddan 11. desember 1952, eftirfarandi:

1. Að hafa eftir ráðagerðir og undirbúning þann 12. sept. sl. í Cuxhaven frá Kristjáni Erni móttekið 2.3 kg af hassefnum í útleigubifreið að viðstaddri Ólöfu Ástu Þorsteinsdóttur, sambýliskonu Kristjáns, en óvíst, að sú síðastnefnda hafi í raun gert sér grein fyrir þessari afhendingu.

Sæmundur Auðunsson kvaðst hafa komið með umrætt efnismagn hingað til lands 16. sept. sl. og afhent það næsta dag Kristjáni Erni að undanskildum þó 170 gr.

2. Að hafa eftir fyrirfram gerðu samkomulagi og í útleigubifreið skammt utan við Cuxhaven þann 12. okt. sl. frá Kristjáni Erni móttekið um 11.3 kg af hassefnum og síðar flutt hingað til lands.

Að sögn Sæmundar átti hann af þessu efnismagni 2.6 kg auk ráðgerðra allt að 15% af mismun sem flutningsþóknun.

Margnefndur Sæmundur hélt að meginstefnu við þennan framburð í lögregluyfirheyrslum 2., 16., 22. og 25. nóv., en jók við ýmsu um meinta atburðarás.

Kristján Örn Kristjánsson var handtekinn vegna þessa 27. okt. sl. og sama dag gerð leit í vistarverum hans að Bankastræti 6 hér í borg. Hann var enn sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald hér við embætti, en afmarkaði tími rennur út á morgun. Kristján Örn lýsti hér fyrir dómi margnefndan handtökudag fimm utanferðum sínum á þessu ári, oftast í viðskiptaerindum, en einnig „til að kynnast löndum og þjóðum." Ekki komu fram neinar skýringar á eðli meintra viðskipta né tekjuöflun eða fjármálum Kristjáns Arnar.

Hann kvaðst saklaus af hvers konar tengslum við það magn fíkniefna, er fannst við komu togarans Karlsefnis hingað til lands þann 17. okt. sl.

Gögnum samkvæmt hefur Kristján Örn verið yfirheyrður í einangrunarvist eða tilraunir til slíks gerðar sem hér segir:

Hjá lögreglu 1) 27. okt. sl. 2) 1. nóv. sl. 3) 7. nóv. sl. 4) 9. nóv. sl. 5) 21. nóv. sl. 6) 6. des. sl. 7) 7. des. sl. 8) Hér fyrir dómi 9. des.

Að því er efnislega framburði varðar virðist Kristján Örn einkum hafa verið að ræða og svara spurningum varðandi tvær utanferðir, sem að hans sögn og öðrum gögnum samkvæmt stóðu yfir 10. — 18. sept. sl. og 8. — 15. okt. sl.

Kristján Örn hefur haldið fast við að hafa farið einn síns liðs í báðar þessar ferðir, en í hvorugri átt viðdvöl í Cuxhaven.

Áðurnefnd Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir hefur verið yfirheyrð hjá lögreglu tvívegis þann 27. okt. sl., einu sinni þann 28. okt. sl., tvívegis þann 24. nóv. sl. og einu sinni þann 9. des. sl.

Hefur Ólöf Ásta þar ítrekað kannast við að hafa verið með Kristjáni Erni í utanferðinni 10. — 18. sept. og þau í Cuxhaven hitt Sæmund Auðunsson og þar reykt með honum hassefni.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður hefur öðrum fremur yfirheyrt margnefndan Kristján Örn Kristjánsson.

Í skýrslu 28. nóv. sl. kveðst nefndur Rúnar þrívegis hafa rætt einslega við Kristján án formlegrar skýrslutöku, en sá síðarnefndi þá ítrekað viðurkennt sína aðild að svonefndu Karlsefnismáli. Nefndur Rúnar staðfesti í gær ofangreint hér fyrir dómi.

Þessi atriði voru þá einnig fyrir dómi kynnt Kristjáni Erni. Kvaðst hann hvorki vilja játa né neita sannleiksgildi yfirlýsinga nefnds lögreglumanns.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og Kristján Örn Kristjánsson í því sambandi borinn stórfelldum sökum. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað Kristján Örn Kristjánsson fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi.

Ráðið verður af gögnum, að lögreglurannsókn sækist seint, en jafnframt að hún sé nú á mjög viðkvæmu stigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að verða við framkominni kröfu lögregluyfirvalda og framlengja áður ákvarðaða gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Arnar Kristjánssonar frá 10. desember 1983, kl. 1800 að telja, til jafnlengdar þann 10. janúar 1984.

Úrskurðarorð:

Framlengd er áður ákvörðuð gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Arnar Kristjánssonar, fædds 11. desember 1952, til heimilis að Bankastræti 6, Reykjavík, frá 10. desember 1983, kl. 1800 að telja, til jafnlengdar þann 10. janúar 1984.

Föstudaginn 16. desember 1983.

Nr. 169/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birgi Björnssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí sl. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Fallið hefur verið frá tilvitnun í ákæruskjali til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat, og verður ákærða refsað samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem þar greinir. Refsing ákærða verður ákveðin 8.000.00 króna sekt, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Vararefsing skal vera 10 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns. 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Björnsson, greiði 8.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. júní 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 23. júní, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarasýslu, sem haldið var á skrifstofu dómsins að Bjarnarbraut 2 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Birgi Björnssyni, sem tekið var til dóms 13. júní sl.

Með ákæru, dags. 10. júní 1982, var opinbert mál höfðað á hendur Birgi Björnssyni verkamanni, til heimilis að Helgugötu 1 í Borgarnesi, fæddum 23. september 1941 í Borgarnesi, fyrir að aka sunnudaginn 21. mars 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi að Borgarbraut 58 þar í þorpinu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakakostnaðar.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 22/3 í Reykjavík: Sátt, 150. kr. sekt fyrir ölvun.
1963 8/3 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1965 12/4 í Hafnarfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 21. gr. áfengislaga.
1965 26/11 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur kr. 1.324.00.

1967 11/1 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 2/5 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 22/10 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Dómur: 6 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 1/11 1968).

1971 24/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1974 13/3 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1976 30/6 á Eskifirði: Dómur: 45.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 4/2 1976.

Málavextir.

Sunnudaginn 21. mars 1982, kl. 1420, hringdi Kristvin Ómar Jónsson, lögreglumaður í Borgarnesi, á lögreglustöðina og tilkynnti um, að ákærði, Birgir Björnsson, hefði þá skömmu áður ekið bifreið sinni, M 3127, hratt og ógætilega frá fjölbýlishúsinu að Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi. Kvaðst Kristvin Ómar vera þess fullviss, að ákærði væri ölvaður. Lögregluþjónn, sem fór á vettvang til að athuga málið, sá þó ekki til ferða bifreiðarinnar fyrst í stað, en er hann ók fram hjá Bílasölu Vesturlands að Borgarbraut 58, þá sá hann, hvar bifreiðin M 3127 stóð þar mannlaus fyrir utan. Lögreglumaðurinn ók síðan áfram um kauptúnið og um kl. 1450, er hann ók austur Skúlagötu, þá sá hann til ferða M 3127 og stöðvaði akstur hennar. Ákærði í máli þessu sat þá í fremra farþegasæti bifreiðarinnar, en ökumaður hennar þá var Leifur Dagur Ingimundarson. Voru þeir færðir til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Ákærði virtist nokkuð ölvaður að sjá og var ekki fáanlegur til að gera viðhlítandi grein fyrir ferðum sínum og bifreiðarinnar M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58. Var þá tekið blóðsýni úr ákærða til alkóhólrannsóknar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu síðar um daginn neitaði ákærði sakargiftum og neitaði því jafnframt, að hann hefði verið á Kveldúlfsgötu 24 þá um morguninn.

Er ákærði kom fyrir sakadóm morguninn eftir, hélt hann fast við fyrri framburð sinn um, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 í umrætt sinn og að hann hefði aldrei komið að Kveldúlfsgötu 24 á þeim tíma. Kvaðst ákærði hafa verið að skemmta sér þá um nóttina á Hótel Borgarnesi til kl. 0300, en þá hefði hann farið

heim til sín að Helgugötu 1 í Borgarnesi. Kvaðst ákærði hafa drukkið nokkuð áfengi á dansleiknum og orðið nokkuð ölvaður. Er hann kom heim, þá hafi hann lagst til svefns og sofið einhverja stund. Hann hafi svo vaknað líklega undir morgun og hafi hann þá líklega gengið út og farið eitthvað niður í bæ. Kvaðst ákærði þó muna þetta allt mjög óglöggt. Kvaðst hann hafa fengið pilt, sem hann hafi hitt, til að aka sér á bifreið sinni, M 3127. Hafi hann ekkert þekkt pilt þennan, en hann muni heita Steinþór Páll Garðarsson. Hafi Steinþór Páll ekið sér um götur Borgarness og um nágrannasveitir, en síðan hætt akstrinum við Bílasölu Vesturlands við Borgarbraut og skilið sig þar eftir með bifreiðina. Þar á staðnum kvaðst ákærði svo hafa hitt annan pilt, sem hann hefði fengið til að aka sér áfram um götur Borgarness, og hafi þeir ekið saman, allt þar til lögreglan stöðvaði aksturinn.

Ákærði kveðst ekki hafa neytt neins áfengis, eftir að hann fór af dansleiknum að Hótel Borgarnesi umrædda nótt, allt þar til lögreglan hafði afskipti af honum.

Vitnið Kristvin Ómar Jónsson lögregluþjónn, Kveldúlfsgötu 24, Borgarnesi, hefur skýrt svo frá í sakadómi og staðfest þann framburð með eiði, að hann hafi verið staddur í svefnherberginu heima hjá sér að Kveldúlfsgötu 24, 3. hæð, þegar hann hafi séð út um gluggann, hvar ákærði steig upp í bifreið sína, M 3127, sest undir stýri hennar og ekið af stað eftir Kveldúlfsgötunni svo langt sem hann sá. Kvaðst vitnið ekki vera í neinum vafa um, að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn og undir áhrifum áfengis. Hafi hann séð ákærða greinilega, þegar hann settist undir stýri bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið og hafa haft vitneskju um ölvun ákærða, því vitnið hafi verið við dyravörslu á Hótel Borgarnesi þá um nóttina og hafi þá veitt því athygli, er ákærði var að yfirgefa staðinn um kl. 0300, en ákærði hafi þá sýnilega verið undir verulegum áhrifum áfengis. Einnig kvaðst vitnið hafa séð til ferða ákærða, er hann kom í fylgd Steinþórs Páls að Kveldúlfsgötu 24 um kl. 1230 umræddan dag, en þá hafi ákærði sýnilega verið ölvaður. Hafi Steinþór Páll þá ekið bifreiðinni M 3127 og síðan lagt henni fyrir framan Kveldúlfsgötu 24, en að því loknu gengið heim til sín að Kveldúlfsgötu 18. Ákærði hafi hins vegar haldið til vitnisins Ásgeirs Jenssonar, þar sem hann hafi svo verið í gleðskap, þar til hann yfirgaf staðinn um kl. 1420. Vitnið tók og fram, að akstur ákærða í umrætt sinn hefði verið sérlega ógætilegur miðað við aðstæður, því að á bílastæðinu og þar í kring hefðu börn verið að leik og ákærði hefði ekið hratt og gáleysislega fram hjá þeim.

Vitnið Ásgeir Jensson, Kveldúlfsgötu 24, Borgarnesi, skýrði svo frá, að ákærði hefði komið heim til sín að Kveldúlfsgötu 24 um hádegisbilið í umrætt sinn. Hefði ákærði verið nokkuð drukkinn og hefðu þeir drukkið

saman á staðnum kaffi með brennivíni út í. Taldi vitnið, að ákærði hefði líklega drukkið um tvo tvöfalda sjússa þann tíma, sem hann dvaldi á staðnum. Ekki vissi vitnið, hvernig ákærði kom á staðinn né hvernig hann fór þaðan.

Vitnið Guðrún Þórisdóttir, eiginkona Ásgeirs, hefur og staðfest, að ákærði hafi komið að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn. Sagði hún ákærða hafa verið allnokkuð drukkinn á þeim tíma.

Vitnið Steinþór Páll Garðarsson, Kveldúlfsgötu 18, Borgarnesi, hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða síðla nætur í umrætt sinn og hafi hann þá beðið sig um að aka sér heim í bifreiðinni M 3127. Ákærði hafi síðan beðið vitnið að aka sér áfram, og kveðst vitnið hafa ekið ákærða um götur Borgarness og vegi í nágrenninu með viðkomu á a. m. k. tveimur stöðum, allt þar til vitnið hafi hætt akstrinum við Kveldúlfsgötu 24, en þá hafi ákærði ætlað að heimsækja Ásgeir Jensson. Sagði vitnið, að ákærði hefði verið allnokkuð drukkinn, er þeir hittust um nóttina. Ákærði hefði síðan drukkið nokkuð áfengi, á meðan á ökuferð þeirra stóð, og hefði ákærði verið augljóslega drukkinn, er þeir skildu. Vitnið kvaðst hafa að beiðni ákærða afhent honum lyklana að bifreiðinni, er þeir skildu að Kveldúlfsgötu 24.

Vitnið Leifur Dagur Ingimundarson, Gillastöðum, Reykhólasveit, hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða á Bílasölu Vesturlands í umrætt sinn. Hafi ákærði þá borið þess greinileg merki að vera ölvaður. Hafi ákærði beðið vitnið að aka fyrir sig bifreið ákærða, M 3127, og hafi vitnið fallist á það, en lögreglan hafi svo stöðvað akstur þeirra að stuttri stund liðinni. Kvaðst vitnið ekki geta sagt neitt um það, hvort ákærði hefði neytt einhvers áfengis, eftir að þeir hófu aksturinn. Ekki gat vitnið heldur fullyrt neitt um það, hvernig ákærði kom að Bílasölu Vesturlands, áður en vitnið hóf að aka honum, og hefði ákærði ekkert minnst á að hafa ekið bifreið þá fyrr um daginn. Hins vegar hefði ákærði sagst hafa vaknað þá um morguninn í blokk þar á staðnum.

Vitnið Þórður Sigurðsson yfirlögregluþjónn, Böðvarsgötu 11, Borgarnesi, hefur staðfest lögregluskýrslu, sem hann gerði vegna máls þessa (dskj. IV — 1) og varðstjóraskýrslu (dskj. IV — 2) sem réttar.

Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað því að hafa ekið bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi að Borgarbraut 58 sunnudaginn 21. mars 1982. Heldur hann því fram, að vitnið Steinþór Páll Garðarsson hafi ekið sér að Borgarbraut 58 og skilið þar við sig. Vitnið Steinþór Páll heldur því hins vegar fram, að hann hafi stöðvað bifreið ákærða að Kveldúlfsgötu 24 og skilið þar við ákærða og jafnframt afhent honum þar lyklana að bifreiðinni. Vitn-

ið Kristvin Ómar Jónsson hefur og staðfest að hafa séð, er ákærði kom ásamt Steinþóri Páli að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn. Hefur dvöl ákærða að Kveldúlfsgötu 24 og verið staðfest af vitnunum Ásgeiri Jenssyni og Guðrúnu Þórisdóttur. Vitnið Kristvin Ómar Jónsson kveðst síðan hafa séð tæpum tveimur klukkustundum síðar, er ákærði steig upp í bifreiðina M 3127, settist undir stýri hennar og ók af stað eftir Kveldúlfsgötu. Hefur vitnið staðfest þetta með eiði.

Þegar framangreint er virt, verður að telja fullsannað, að ákærði hafi komið með vitninu Steinþóri Páli að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn og að nefndur Steinþór Páll hafi þar hætt akstri bifreiðarinnar M 3127. Þegar hafður er í huga rangur framburður ákærða að þessu leyti og að ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem skýrir á annan hátt för bifreiðarinnar M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 eða veikir á annan máta skýran og afdráttarlausan framburð vitnisins Kristvins Ómars Jónssonar lögregluþjóns, þá þykir verða að telja fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, M 3127, frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 í umrætt sinn. Þá þykir og sannað með framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og þykir verða að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í málinu, þar sem ekkert hefur komið fram um, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk að Borgarbraut 58.

Atferli ákærða þykir vera réttilega fært til refsiákvæða í ákæru.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Björnsson, greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1983.

Nr. 45/1982. **Friðrik Friðriksson og**
Sigurður B. Karlsson
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Guðmundi Rósmundssyni
Benedikt Guðmundssyni
Páli Guðmundssyni og
Hólmsteini Guðmundssyni
og gagnsök
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1982. Þeir krefjat sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1982. Þeir gera þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim in solidum 58.420.64 krónur með 46% ársvöxtum frá 1. janúar 1981 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu héraðsdóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var í upphafi höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur, en var vikið til bæjarþings Reykjavíkur eftir gildistöku laga nr. 28/1981, sbr. 42. gr. þeirra.

Í skýrslu skoðunarmanna til Siglingamálastofnunar ríkisins frá 9. júní 1979 segir m. a. svo: „Við skoðun kom í ljós: Að efsti planki miðskipa (bjargsúð) er gegnrifinn, ennfremur aftasti planki stb.m. (bjargsía). Aftasti planki bakb.m. er þverbrotinn og mikið skemmdur vegna ákomu. Ofangreinda planka þarf að endurnýja við

fyrsta tækifæri, ofangreint er ekki hættulegt skipinu eins og er ...“

Í yfirmatsgerð segir m. a. svo: „Nauðsynlegar úrbætur felast annarsvegar í endurnýjun bolviða samkvæmt kröfu Siglingamálastofnunar ríkisins (2) og hinsvegar í endurbótum á loftræstingu vélarrúmsins til þess að koma í veg fyrir frekara tjón vegna ofhitunar. Þar eð Siglingamálastofnunin hefur ákvörðunarvald varðandi fyrra atriði, munum við einungis fjalla um hið síðarnefnda.“ Við flutning málsins fyrir Hæstarétti vitnaði lögmaður gagnáfrýjenda til framangreinds fyrirvara í yfirmatsgerð til stuðnings þeirri skoðun sinni, að yfirmatsmenn hefðu aðeins metið kostnað vegna bolviðgerða samkvæmt því, sem greinir í skýrslunni til Siglingamálastofnunar frá 9. júní 1979, auk kostnaðar við viðgerð á loftræstikerfi og slippkostnaðar, en ekki viðgerð vegna slits af núningi undir toggálga, sem merkt er b í yfirmatsgerð. Hann kveður dómkröfur byggðar á niðurstöðum yfirmats og hafi þessi kostnaður því aldrei verið innifalinn í málinu. Fallast ber á þessa skoðun. Á úrlausn héraðsdóms varðandi þennan lið því ekki rétt á sér, og verður lækkun fjárhæða frá yfirmatsgerð eigi á þessu byggð. Í héraðsdómi er einnig höfð hliðsjón af því, að kostnaður vegna vinnu við setningu bátsins sé ofmetinn, og í yfirmatsgerð segir, að hugsanlegt sé, að bolviðgerð yrði framkvæmd samhliða öðrum erindum bátsins í slipp. Sé því ósanngjarnt, að allur slippkostnaður komi á þessa bolviðgerð. Slippkostnaður er samtals metinn á gkr. 486.800, eða 4.868.00 krónur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um bótaskyldu. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, eru ekki rök til þess að lækka bótafjárhæð sökum viðgerða á súð vegna slits undir toggálga, merkt b í yfirmatsgerð, en með skírskotun til þess, sem fram kemur í yfirmatsgerð og álitsgerð hinna sérfróðu meðdómenda í héraði, þykir rétt að lækka slippkostnað nokkuð og dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða gagnáfrýjendum in solidum 56.000.00 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjendur in solidum til þess að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 40.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Friðrik Friðriksson og Sigurður B. Karlsson, greiði in solidum Guðmundi Rósmundssyni, Benedikt Guðmundssyni, Páli Guðmundssyni og Hólmsteini Guðmundssyni 56.000.00 krónur með 35% ársvöxtum frá 1. janúar 1981 til 4. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með áframhaldandi dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. janúar sl., höfðuðu Guðmundur Rósmundsson, Skólastíg 11, Bolungarvík, Benedikt Guðmundsson, sama stað, Páll Guðmundsson, sama stað, og Hólmsteinn Guðmundsson, Tunguseli 7, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. mars 1981, gegn Friðrik Friðrikssyni, Garðavegi 25, Hvammstanga, og Sigurði B. Karlssyni, Hvammstangabraut 7, Hvammstanga, til greiðslu in solidum á kr. 58.420.64 ásamt 46% ársvöxtum frá 1. janúar 1981 til greiðsludags svo og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, þar með töldum matskostnaði. Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnenda og að þeim verði til dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Sáttatilraunir dómsins hafa reynst árangurslausar.

II.

Með afsali, dags. 27. desember 1978, dskj. 3, seldu stefndu stefnendum vélbátinn Rósu, HU 294, skipaskrárnúmer 1502. Bátur þessi var smíðaður í Hafnarfirði 1977. Kaupverðið var kr. 95.000.000. Í afsalinu er m. a. tekið fram, að báturinn skuli fullnægja öllum þeim kröfum, sem Siglingamála-

stofnun ríkisins geri til báts og búnaðar, kaupanda að kostnaðarlausu. Fyrir afhendingu bátsins 15. október 1978 var framkvæmd skoðun á bol skipsins af Skipaeftirliti ríkisins á Siglufirði 12. október 1978, dskj. 21, og heimiluð útgáfa haffærisskírteinis, sem gilti í eitt ár.

Um veturinn munu stefnendur hafa stundað netaveiðar á bátnum. Hinn 9. júní 1979 var báturinn skoðaður af skipaskoðunarmönnum, þar sem hann var við bryggju í Bolungarvík, dskj. 4. Við skoðun þessa kom eftirfarandi í ljós: „Efsti planki miðskipa (bjargsúð) er gegnrifinn, ennfremur aftasti planki stb.m. (bjargsía). Aftasti planki bakb.m. er þverbrotinn og mikið skemmdur vegna ákomu". Jafnframt er tekið fram, að ofangeinda planka þurfi að endurnýja við fyrsta tækifæri, en þetta sé ekki hættulegt skipinu eins og er. Sumarið 1979 gerðu stefnendur skipið út á trollveiðar og urðu þá varir við galla í loftræstibúnaði í vélarúmi. Í bréfi til Siglingamálastofnunar ríkisins, dskj. 5, kemur fram, að 28. jan. 1980 hafi verið gerð skoðun á loftræstibúnaðinum. Ein rafdrifin vifta, sem staðsett sé aftast í vélarúminu stjórnborðsmegin, sé gagnslaus. Innviðir bátsins í vélarúmi séu farnir að springa vegna mikils hita. Einnig svelti aðalvél vegna loftleysis. Loftræstibúnaður fyrir vélarúm sé algerlega gagnslaus. Til að bæta úr þessu verði að fá öfluga og sterka viftu, sem blási fersku lofti til vélarúms.

Með bréfi, dags. 11. júní 1980, dskj. 6, gerðu Básar h/f, Hafnarfirði, tilboð að fjárhæð kr. 6.725.000 í viðgerð á bol bátsins.

Á dskj. 11 er matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 9. sept. 1980, og á dskj. 13 yfirmatsgerð, dags. 19. janúar 1981. Matsmenn og yfirmatsmenn virðast vera sammála um, hvaða gallar séu á bátnum og orsakir þeirra. Rétt þykir að rekja nokkuð það, sem fram kemur í yfirmatsgerð, en þar er eftirfarandi upptalning:

„a) Aftasti bjargsíuplanki b.b. megin þverbrotinn rétt við skutstefni. b) Ákoma er á byrðingi undir toggálga b.b. megin. Síur núnar milli hlífðarjárna. c) Bjargsíur miðskipa b.b. megin og aftast s.b. megin gegnrifnar."

Í yfirmatsgerðinni kemur fram, að ekki sé sýnileg nein ákoma, er gefi vísbendingu um upphaf brots þess, sem lýst er í a). Vegna þessa og staðsetningar brotsins, þ. e. þar sem krappinn er mestur á plankann, telja yfirmatsmenn langlíklegast, að brotið hafi orðið til við ísetningu plankans, þótt það hafi e. t. v. opnast meira síðar. Ekki var kannað, hvort plankinn væri gegnbrotinn. Slit samkv. b) er staðsett beint undir toggálga og sé vafalítið orsakað af núningi toghlera við byrðinginn milli hlífðarjárnanna. Einnig virðist ljóst, að rifur, sem um getur í c), megi rekja til óeðlilega hás hitastigs í vélarúmi bátsins, sem valdið hafi innþornun og rifnun viðanna. Auk rifa á þeim plönkum, sem þegar er um getið, hafi víða verið hægt að sjá merki þornunar og samdráttar á innviðum í og við vélarúmið. Þannig hafi til

dæmis myndast bil á milli bita og bjálkasúða og á milli bitaenda og langstykkja undir vélarreisn.

Orsök hás hitastigs í vélarúmi sé tvímælalaust ófullnægjandi loftræsting í vélarúminu. Við uppsetningu hafi viftunni, sem sé af „axial" gerð verið komið þannig fyrir í stokknum, að aðstreymisskilyrði að henni sé algerlega óviðunandi. Yfirmenn telja, að erfitt sé að gefa önnur tímamörk um ákomu undir lið b) en þau, að hún hafi orðið á tímabilinu, er báturinn stundaði togveiðar. Útilokað sé að gefa nákvæm tímamörk í sambandi við rifnun þá, sem lýst er í lið c). Hafi smíðaviðurinn, sem notaður var í bátinn, verið mjög rakur, sé hugsanlegt, að plankar þeir, sem um er rætt, hafi þornað svo strax á smíðatímanum, að rifnun hafi byrjað þá þegar og rifur síðan smám saman gleikkað vegna sífelldrar þurrkunar frá vélarúminu.

Yfirmatsmenn telja, að þótt miðað væri við ástand viðanna, eins og það var við skoðun yfirmatsmanna 20. desember 1980, hafi þurft ítarlegri athugun en venjulega skoðun væntanlegs kaupanda til þess að gera sér grein fyrir göllum þeim, sem upp eru taldir í dskj. 4. Ekki verði heldur talið, að gallarnir á loftræstingu vélarúmsins hefðu átt að vera augljósir kaupanda við skoðun á búnaði í vélarúmi.

Yfirmatsmenn hafa sundurliðað kostnað við útbætur miðað við verðlag í desember 1980 þannig:

„Bolviðgerð:

Vinna við frárif, smíði og uppsetningu, samt. 44 dagsverk á 71.360 Gkr.	3.139.840 Gkr.
Verkstjórn, 15% af vinnu	470.976 —
Efni, þ. m. t. eik, naglar, boltar, hampur, bik, súr, gas, rafsuðuvír	530.000 —
Vélavinna o. fl.	100.000 —
	4.240.816 Gkr.

Slippkostnaður:

Uppsátur og hliðarfærsla	112.000 Gkr.
Dagleiga í 12 daga	105.600 —
Vinna við setning, 5 dagsverk á 53.856	269.280 —
	486.800 Gkr.

Loftræsting:

Vinna við smíði og uppsetningu á viftu, stokkum, lofttúðum og raflögn, samt. 7 dagsverk á 71.360	499.520 Gkr.
Verkstjórn, 15% af vinnu	74.928 —

Ný vifta, efni í stokka og túður, kassi fyrir viftu, raflangaefni o. fl.	490.000 Gkr.
Vélavinna o. fl.	50.000 —
	1.114.448 Gkr.
Samtals	5.842.064 Gkr.“

Tekið er fram, að hugsanlegt sé, að bolviðgerðin yrði unnin samhliða öðrum erindum bátsins í slipp og væri þá ósanngjarnt að skrifa slippkostnaðinn óskiptan á bolviðgerðina.

Á dskj. 22 er haffærisskírteini fyrir m/s Pál Helga, ÍS 142, útgefið í Bolungarvík 2. mars 1981. Í skírteini þessu, sem gildir til 31. maí 1981, er svohljóðandi athugasemd: „Samkvæmt fyrirmælum frá Siglingamálastofnun ríkisins í Rvk. skal gefa bátnum haffærisskírteini til 31.05. 1981, en þá verði skipið tekið í slipp til skoðunar og að þá fari fram viðgerð á þeim göllum, sem komið hafa fram í loftblásturskerfi skipsins svo og skemmdum því viðkomandi.“

Undir rekstri málsins hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu stefnendurnir Guðmundur, Benedikt og Páll, báðir stefndu og vitnið Guðmundir Helgi Þórarinsson vélstjóri. Við yfirheyrslur þessar kom fram, að það muni hafa verið í maí eða júní 1979, sem stefnendur urðu fyrst varir við galla þá á bátnum, sem taldir eru á dskj. 4. Eftir að stefnendur hófu trollveiðar á skipinu sumarið 1979, komu gallar á loftræstikerfi vélarúms í ljós. Stefnandinn Guðmundur hafði þá sambandi við lögfræðinginn, sem annaðist sölu á bátnum, Jónas Haraldsson, og skipasmiðinn, Bárð Auðunsson í Básum. Á meðan skipið var í eigu stefndu, voru stundaðar neta- og rækjuveiðar á skipinu, en ekki venjulegar togveiðar. Stefndu urðu ekki varir við of mikinn hita í vélarúmi bátsins. Fram kom hjá stefnda Friðrik, að það hafi verið vorið eða sumarið 1979, sem kvartað hafi verið yfir göllum á bátnum.

III.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að gallarnir á bátnum hafi verið til staðar, er stefnendur tóku við bátnum, og að þeir hafi ekki getað við þeim búist. Gagnvart stefnendum sé hér um leynda galla að ræða, sem stefndu beri fjárhagslega ábyrgð á. Ábyrgð stefndu byggist á öðru hvoru eftirfarandi: a) Stefndu hafi vitað um gallana við söluna, en leynt þeim fyrir stefnendum, annað hvort óvart eða vísvitandi. Leiði af því skaðabótaábyrgð skv. kaupalögum. b) Ef ekki verði á skaðabótaskyldu stefndu skv. ofangreindu fallist, sé stefnukrafan byggð á rétti stefnenda til afsláttar af kaupverði bátsins. Báturinn hafi við kaupin verið haldinn umræddum göll-

um og stefnendur eigi að fá úrbætur, hvort sem stefndu hafi vitað um gallana eða ekki. Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnenda m. a. rökstuddar með vísan til 42. gr. laga. nr. 39/1922 svo og samningsbundins ákvæðis um gallalausan bát.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að þeir beri ábyrgð á göllum þeim, sem stefnendur byggja málatilbúnað sinn á. Stefndu hafi keypt bátinn nýjan af Bás h/f. Báturinn hafi verið smíðaður undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins. Hönnun bátsins hafi verið sanþykkt af stofnuninni og stranglega hafi verið fylgst með því, að báturinn væri rétt byggður. Á hinum ýmsu stigum hafi báturinn og búnaður hans verið tekinn út af tæknimönnum stofnunarinnar. Við móttöku bátsins hafi fylgt haffærisskírteini, þar sem hann hafi verið talinn að öllu leyti eðlilegur. Þann 12. október 1978 hafi báturinn enn verið skoðaður af Siglingamálastofnuninni og engin athugasemd gerð.

Stefndu hafi hvorki orðið varir við galla né hafi þeir mátt vita um neitt slíkt. Stefndu geti því ekki talist bótaskyldir vegna þeirra galla, sem stefnendur telji hafa fylgt bátnum. Stefnendur virðast byggja mat sitt á hönnunargalla, og telja stefndu, að kröfum vegna þessa verði að beina til hönnuða sjálfra, byggingaraðilja og eftirlitsmanna, en stefndu geti ekki undir neinum kringumstæðum talist bótaskyldir vegna hugsanlegra galla við hönnun og eða vegna skorts á eftirliti. Stefndu telja mótmæli stefnenda of seint fram komin, þar sem þau hafi ekki verið höfð frammi fyrr en næstum fullum átta mánuðum frá afhendingu. Stefndu hafi hvorki vitað um galla í bátnum né vísvitandi eða óvart leynt þeim fyrir kaupendunum. Skorað var á stefnendur að leggja fram skoðunarbók fyrir bátinn.

Með sömu rökum og hér að framan eru rakin er kröfu stefnenda um afslátt af kaupverði mótmælt. Tölulegum niðurstöðum matsmanna er mótmælt.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram, að það hafi fyrst verið sumarið 1980, sem stefnendur hafi tilkynnt stefndu, að stefnendur ætluðu að bera gallana fyrir sig, enda þótt þeir hafi tilkynnt um gallana sumarið 1979.

IV.

Niðurstaða.

Fram er komið, að gallar þeir, sem málið er af risið, komu fram sumarið 1979. Viðurkennt er, að stefnendur tilkynntu stefndu um gallana sumarið 1979. Verður því við það miðað, að kvörtun stefnenda hafi verið nægjanleg skv. 52. gr. laga nr. 39/1922. Enda verður að telja þá málsástæðu stefndu, sem fyrst var höfð uppi við munnlegan málflutning, að stefnendur hafi, þá er þeir tilkynntu um gallana, ekki tilkynnt, að þeir ætluðu að bera gall-

ana fyrir sig, of seint fram komna. Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið úr yfirmatsgerð, var báturinn haldinn göllum þeim, sem taldir eru undir liðum a) og c), þá er kaupin voru gerð. Gallar þessir eru leyndir gallar, og ber stefndu að bæta stefnendum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir vegna þessara galla. Eins og málið liggur fyrir, er ósannað, að báturinn hafi við kaupin verið haldinn galla þeim, sem talinn er undir lið b) í yfirmatsgerð, og verða stefndu því sýknaðir af kröfum vegna þessa galla.

Við mat á kostnaði við úrbætur á göllum þeim, sem stefndu ber að bæta stefnendum, þykir mega hafa hliðsjón af kostnaðaráætlun yfirmatsmanna á dskj. 11, enda þótt hinir sérfróðu meðdómendur telji vinnu við setningu bátsins í slipp of metna. Kostnaður þessi þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00. Fjárhæð þessa ber stefndu að greiða stefnendum með vöxtum, sem ákveðast 35% ársvextir frá 1. janúar 1981 til 1. júní 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, kr. 12.365.00, ákveðst kr. 20.000.00.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ragnar Bjarnason vélstóri.

Dómsorð:

Stefndu, Friðrik Friðriksson og Sigurður B. Karlsson, greiði in solidum stefnendum, Guðmundi Rósmundssyni, Benedikt Guðmundssyni, Páli Guðmundssyni og Hólmsteini Guðmundssyni, kr. 40.000.00 með 35% ársvöxtum frá 1. janúar 1981 til 1. júní 1981, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 20.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1983.

Nr. 190/1983. **Gunnar H. Pálsson**
Sigrún S. Pálsdóttir
Brynjólfur Ámundason
Guðrún Ámundadóttir
Sigmundur Ámundason og
Ingimar Ámundason
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Jóni Skaftasyni,
skiptaráðanda í Reykjavík
(enginn).

Kærumál. Erfðamál. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar kærðu mál þetta til Hæstaréttar með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Barst kæran Hæstarétti 11. október sl. Dómendur ákváðu með heimild í 2. mgr. 31. gr. nefndra laga, að málið skyldi munnlega flutt, og var það tekið fyrir á dómþingi 12. þessa mánaðar. Þing var sótt af hálfu sóknaraðilja, en ekki af hálfu varnaraðilja. Hefur því verið farið með málið eftir 40. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili krefst þess, að „einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógilt og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka til opinberra skipta dánar- og félagsbú Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur."

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borist.

Í 7. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 er fjallað um erfingjaskipti. Í kafla þessum er m. a. svofellt ákvæði, sem er hluti 71. gr. laganna: "...Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sé tekið til opinberra skipta ..." Af sambandi ákvæðisins við aðrar reglur 7. kafla verður ráðið, að því sé aðallega ætlað að taka til þess, ef erfingjar gefa sig fram, áður en einkaskiptum

er lokið. Því hefur engu að síður verið beitt, þó að skiptum hafi verið lokið, og samræmist það almennum reglum íslensks réttar um endurskoðun ákvarðana skiptaréttar, ef nýjar upplýsingar koma fram. Verður því ekki fallist á röksemdir þær, er fram koma í forsendum hins kærða úrskurðar.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði, var hagsmuna bréferfingjans Önnu Norris ekki gætt fyrir skiptarétti, þegar þar var fjallað um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar.

Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað hina sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur, konu hans, frá 2. febrúar 1933, er hann leyfði einkaskipti og tók við erfðafjárskatti. Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru líkur til, að sóknaraðiljar hafi, þegar Þormóður andaðist, átt rétt til að krefjast hluta eigna hans, en þörf er á frekari könnun málsins.

Þegar framanskráð er virt, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. september 1983.

I.

Þann 29. ágúst 1983 var í skiptarétti Reykjavíkur tekin til úrskurðar krafa Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns fyrir hönd Gunnar H. Pálssonar, Hágörðum 24, Seltjarnarnesi, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Stórageröi 6, Reykjavík, Brynjólfs Ámundasonar, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, Guðrúnar Ámundadóttir, Eyjabakka 9, Reykjavík, Sigmundar Ámundasonar, Hjarðarholti 11, Selfossi, og Ingimars Ámundasonar, Melum, Svarfaðardal, um, að kveðinn verði upp úrskurður um, hvort opinber skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur, sem síðast var til heimilis á Bárugötu 22, Reykjavík, og lést þann 6. apríl 1962, eigi fram að fara eða ekki.

II.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru málsatvik þau, að þann 2. febrúar 1933 gerðu hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, en þau munu ekki hafa látið eftir sig niðja. Samkvæmt erfðaskránni átti hið langlífara þeirra að erfa hið skammlífara að öllum eignum, en að því langlífara þeirra látnu skyldi búinu skipt, „eins og það er þá, að jöfnu milli lögerfingja okkar beggja eftir lögunum, eins og engin arfleiðsluskrá hefði verið gerð." Var erfðaskrá þessi notarialstaðfest.

Jónína Hansdóttir lést, sem fyrr segir, þann 6. apríl 1962. Þann 5. október 1964 gerði Þormóður Guðmundsson erfðaskrá, þar sem hann arfleiddi fósturdóttur sína, Önnu Norris, Bárugötu 22, Reykjavík, að innbúi sínu og íbúð á fyrstu hæð fasteignarinnar að Bárugötu 22 í Reykjavík, en þau Gunnar H. Pálsson og Sigrún S. Pálsdóttir skyldu erfa íbúð á annarri hæð sömu fasteignar ásamt útigeymslu. Að öðru leyti áttu skipti búsins að fara að lögum. Var erfðaskrá þessi notarialstaðfest.

Þann 3. janúar 1979 gerði Þormóður Guðmundsson enn erfðaskrá, en samkvæmt henni átti fyrrnefnd Anna Norris að erfa allar eigur hans, og er tekið fram, að erfðaskrá gerð 5. október 1964 sé felld úr gildi. Er erfðaskrá þessi eins og hinar fyrri notarialstaðfest. Hins vegar er hvorki í erfðaskrá þessari né í þeirri frá árinu 1964 vikið að niðurfellingu erfðaskrárinnar frá 1933.

Þormóður Guðmundsson andaðist þann 15. ágúst 1980.

Þann 12. febrúar 1982 veitti skiptaráðandinn í Reykjavík Önnu Norris leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs, en fram kemur í beiðni hennar um umrætt leyfi, að hún styðji arfstilkall sitt við erfðaskrá. Þann 23. september 1982 greiðir síðan Anna Norris erfðafjárskatt vegna arftöku sinnar úr búinu, en samkvæmt erfðafjárskýrslu, dagsettri þann 22. sama mánaðar, eru einu eignir búsins tvær íbúðir að Bárugötu 22, Reykjavík, og nefnd Anna einkaerfingi í búinu.

Með bréfi, dagsettu 28. mars 1983, leitaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður upplýsinga skiptaráðanda um, hvort dánarbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar hafi verið skipt. Í svarbréfi skiptaráðanda, dagsettu 6. apríl 1983, er vísað um skipti dánarbús Þormóðs Guðmundssonar til einkaskiptaleyfis og erfðafjárskýrslu Önnur Norris, en um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur segir: „Erfðafjárskýrsla eða önnur gögn varðandi skipti dánarbús Jónínu Hansdóttur hafa ekki fundist, og í dánartilkynningabók embættisins frá 1962 er þess ekki getið, að frá skiptum hafi verið gengið."

Með bréfi, dagsettu 19. apríl, óskaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður eftir því fyrir hönd þeirra Gunnars H. Pálssonar, Sigrúnar S. Páls-

dóttur, Brynjólfs Ámundasonar, Guðrúnar Ámundadóttur, Sigmundar Ámundasonar og Ingimars Ámundasonar, að dánarbú Jónínu Hansdóttur yri tekið til opinberra skipta, en aðilja þessa kvað hann vera lögerfingja Jónínu. Með bréfi, dagsettu þann 30. júní 1983, tilkynnti skiptaráðandi lögmanninum, að ekki væri unnt að verða við beiðni þessari, þar sem „fyrir liggur, að eignum búsins hefur verið skipt, sbr. meðfylgjandi ljósrit erfðafjárskýrslu nr. 202/1982, dags. 22. september 1982, í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, nafnnúmer 9702 - 8664, ekkils Jónínu Hansdóttur, en hann lést hinn 15. ágúst 1980."

Með bréfi sínu, dagsettu 5. ágúst 1983, krafðist lögmaðurinn þess, að kveðinn yrði upp úrskurður um, hvort opinber skipti eigi að fara fram eða ekki á dánarbúinu. Var honum gefinn kostur á að leggja fram greinargerð um kröfu þessa, og var hún tekin til úrskurðar eftir framlagningu greinargerðar þann 29. ágúst 1983.

III.

Kröfur sínar í máli þessu styðja lögerfingjar Jónínu Hansdóttur þeim rökum, að Anna Norris hafi ekki getið sameiginlegrar og gagnkvæmrar erfðaskrár Jónínu og Þormóðs Guðmundssonar, er hún fékk leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs og greiddi erfðafjárskatt vegna þeirrar arftöku. Benda þau einnig á, að í gögnum þessum sé innbúsmuna dánarbúsins að engu getið. Taka þau fram, að Gunnar H. Pálsson hafi farið á fund skiptaráðanda skömmu eftir lát Þormóðs og fengið afrit erfðaskrárinnar frá 1933 og jafnframt tilkynnt munnlega, að lögerfingjar Jónínu mundu gæta réttar síns við skiptameðferð. Er og fullyrt, „að Anna Norris vissi um sameiginlegu erfðaskrána og jafnframt að lög stóðu ekki til þess, að hún fengi meira en sem nam helmingi dánar- og félagsbús þeirra Þormóðs og Jónínu."

Telja umræddir aðiljar, að samkvæmt því, sem fram er komið, hafi skipti ekki farið fram í dánarbúi Jónínu Hansdóttur og beri því að taka búið til skipta. Með því að það bú sé sameiginlegt dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, sé jafnframt óhjákvæmilegt að taka upp þau skipti. Segir síðan í lok greinargerðar lögmanns lögerfingja Jónínu Hansdóttur, að „Kröfugerð umbjóðenda minna í máli þessu er því sú, að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild og að dánar- og félagsbú Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta."

IV.

Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson hafi verið í hjúskap, er Jónína lést þann 6. apríl 1962,

og hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að sameiginleg og gagnkvæmt erfðaskrá þeirra, sem dagsett er þann 2. febrúar 1933, hafi áður verið fallin úr gildi. Hefur ekki í máli þessu verið vefengt, að Þormóður Guðmundsson hafi verið einkaerfingi Jónínu Hansdóttur. Fyrirliggjandi gögn þykja gera að verkum, að leggja verði til grundvallar, að Þormóður Guðmundsson hafi ekki formlega tekið við arfi úr dánarbúi Jónínu Hansdóttur með skiptum og greiðslu lögboðins erfðafjárskatts. Breytir það þó ekki því, að lögerfingjar Jónínu Hansdóttur gátu hvorki að Þormóði Guðmundssyni lifandi né látnum krafist skipta á dánarbúi hennar, enda ráðgert í erfðaskránni frá 2. febrúar 1933, að hið langlífara hjónanna væri einkaerfingi hins skammlífara, en síðan, að lögerfingjar hins skammlífara þeirra ættu arfstilkall í búi hins langlífara að því látnu. Þykir því ljós, að krafa lögerfingja Jónínu Hansdóttur um, að dánarbú hennar einnar verði tekið til opinberra skipta, geti hvorki sótt stoð í þeim gögnum, sem þeir bera fram til stuðnings kröfum sínum, né í ákvæðum laga um lögerfðarétt. Það hefur hins vegar komið fram að nokkru leyti í málatilbúnaði lögerfingja Jónínu Hansdóttur, að þeir krefjist þess, að dánar- og félagsbú hennar og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta, og „ að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild." Þykir því rétt að leggja þann skilning í framkomna kröfugerð, að verið sé að krefjast þess, að bú Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta, til þess að arfstilkall lögerfingja Jónínu Hansdóttur í skjóli erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933 geti komið til úrlausnar.

Sem fyrr greinir var Önnu Norris þann 12. febrúar 1983 veitt leyfi skiptaráðanda til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, og greiddi hún erfðafjárskatt vegna arftökunnar þann 23. september 1982. Liggur fyrir, að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá frá 2. febrúar 1933 var skiptaráðanda ókunn, er ráðstafnir þessar áttu sér stað. Þykir engu breyta í þessu tilliti, þótt lögerfinginn Gunnar H. Pálsson kunni að hafa eftir andlát Þormóðs Guðmundssonar aflað sér myndrits þessarar erfðaskrár hjá skiptaráðanda og gert munnlega grein fyrir því, að lögerfingjar Jónínu Hansdóttur mundu gæta réttar síns við skiptin, enda neyttu þeir ekki heimildar 4. gr. laga nr. 3/1878 til þess að krefjast töku búsins til opinberra skipta fyrr en nærri þremur árum eftir andlát Þormóðs Guðmundssonar. Litið er svo á með stoð í ákvæðum þriðja þáttar laga nr. 3/1878 og ákvæðum laga um erfðafjárskatt nr. 30/1921, að einkaskiptum dánarbús sé lokið, er greiddur hefur verið erfðafjárskattur samkvæmt erfðafjárskýrslu, sem samþykkt hefur verið af skiptaráðanda, enda hafi áður verið veitt leyfi til einkaskipta. Liggur því fyrir, að skiptum á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar hafi verið lokið þann 23. september 1982. Er hvorki í lögum nr. 3/1878 né í öðrum lögum að finna því stoð, að heimilt sé eða skylt að

endurupptaka skipti dánarbús eftir lok þeirra, þótt fyrir liggi ástæða til að ætla, að rangur aðili hafi að einhverju eða öllu leyti tekið arf. Telja verður, að þeir, sem álíta, að ranglega hafi verið fram hjá sér gengið við skipti dánarbús, eigi ekki annarra kosta völ en að framfylgja kröfum sínum með málssókn fyrir almennum dómstóli á hendur þeim, sem við arfi hefur tekið.

Samkvæmt framansögðu brestur lagastoð fyrir framkominni kröfu, og ber því af sjálfsdáðum að hafna henni.

Það athugast, að við meðferð þessa máls hefur skiptaráðanda ekki þótt ástæða til þess að gefa Önnu Norris kost á að lýsa afstöðu sinni til framkominnar kröfu, enda í úrskurði þessum, sem kveðinn er upp samkvæmt lögjöfnun frá 2. ml. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1949, áréttuð áður gerð réttarneitun við sömu kröfugerð jafnframt því að ljóst þykir, að óheimil sé endurupptaka skipta af umræddu tilefni og hefði samþykki Önnu Norris til slíks, þótt veitt væri, ekki getað leitt til þess, að skiptaráðanda væri heimil endurupptaka skiptanna.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum Gunnars H. Pálssonar, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Brynjólfs Ámundasonar, Guðrúnar Ámundadóttur, Sigmundar Ámundasonar og Ingimars Ámundasonar í máli þessu.

Mánudaginn 19. desember 1983.

Nr. 220/1983. **Petra J. Aradóttir**
Ragnheiður Aradóttir
Guðrún Aradóttir
Sjöfn Marta Haraldsdóttir og
Eygló Haraldsdóttir
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík.

Kærumál. Skipti. Mat lausafjármuna. Erfðafjárskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðiljar hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember 1983, sem barst Hæstarétti 2. desember, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn 11. nóvember 1983. Þeir krefjast þess, að úrskurður skiptaréttarins verði felldur úr gildi. Þeir krefjast einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með bréfi 5. maí 1983 tilkynnti Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, sóknaraðiljum, að hann hefði ákveðið að „framreikna matsverð innbús og bóka með vísitölu vöru og þjónustu." Jafnframt tilkynnti hann þeim, hvernig matsverð þessarar verðmæta breyttist samkvæmt því. Á skiptafundi 27. maí var þessari ákvörðun skiptaráðanda mótmælt af hálfu sóknaraðilja, erfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur, og krafist úrskurðar um þessa ákvörðun. Hinn kærði úrskurður varðar eingöngu þennan ágreining.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/1921, sbr. 6. gr. laga nr. 50/1972, skal skiptaráðandi, ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjarmunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals nánar tiltekinni fjárhæð. Fasteignir skal hins vegar telja á fasteignamati. Samkvæmt þessu þykir bresta lagastoð til að umreikna eftir vísitölu verðmæti lausafjár í dánarbúinu. Ber

því að taka kröfu sóknaraðilja til greina og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er ekki ágreiningur með sóknaraðiljum um skiptingu verðmæta þeirra, er þeir eiga að taka í arf. Varðar hinn kærði „úrskurður" eingöngu þá fyrirætlun skiptaráðanda, sem falin er innheimta erfðafjárskatts, að virða með þeim hætti, er þar greinir, lausafjármuni dánarbúsins sem gjaldstofn erfðafjárskatts, er til ákvörðunar hans kemur. Ekki er heldur alveg ótvírætt af kröfugerð sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, hvernig þeir telja, að fjármuni þá, er þeir taka í arf, skuli verðleggja sem gjaldstofn erfðafjárskatts. Samkvæmt þessu er sakarefni og kröfugerð þannig vaxin, að ekki verður lagður dómur á málið, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Tel ég því að vísa beri kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, en kærumálskostnaður eigi að falla niður.

Meiri hluti dómenda hefur komist að annari niðurstöðu. Ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls. Og þar sem ég er samþykkur því, að ekki sé næg lagaheimild til að reikna erfðafjárskatt sóknaraðilja af erfðafé þeirra virtu með þeirri aðferð, sem skiptaráðandi hefur beitt, fellst ég á dómsorð þeirra. Er þá ekki að öðru leyti tekin afstaða til þess, hvernig ákveða eigi verðmæti erfðafjárins, þegar erfðafjárskattur verður ákveðinn og greiddur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 10. nóvember 1983.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag, gerir Guðmundur Markússon hæstaréttarlögmaður þá kröfu fyrir hönd lögerfingja Önnu Sigurbjarg-

ar Aradóttur, þeirra Petru J. Aradóttur, Ragnheiðar Aradóttur, Guðrúnar Aradóttur, Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur og Eyglóar Haraldsdóttur, að „fyrirhugaður framreikningur á matsverði innbús, bóka og höndunarréttinda, eins og fram kemur í bréfi skiptaráðanda, dags. 5. maí 1983, fari ekki fram." Krefst hann þess enn fremur, að umbjóðendum hans verði úrskurðaður málskostnaður að óskiptu úr dánarbúinu.

Aðrir erfingjar að dánarbúi Önnu Sigurbjargar Aradóttur og Stefáns Jónssonar hafa ekki látið kröfugerð þessa til sín taka.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá, að þann 25. ágúst 1978 var tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur dánarbú hjónanna Önnu Sigurbjargar Aradóttur, er lést 24. ágúst 1978, og Stefáns Jónssonar, er lést 14. maí 1966. Uppskrift búsins fór fram þann 22. september 1978. Eignir, sem þá voru upp skrifaðar, voru í meginatriðum eftirtaldar:

1. Efri hæð húseignarinnar að Hamrahlíð 9, Reykjavík.
2. Bankainnstæður, samtals að fjárhæð kr. 62.438.83.
3. Verðbréf, samtals að nafnverði kr. 1.550.00.
4. Peningar og ávísanir, samtals að fjárhæð kr. 1.051.09.
5. Innbúsmunir, metnir af virðingarmönnum á samtals kr. 13.675.00.
6. Bókasafn, metið af virðingarmönnum á kr. 32.000.00.
7. Höfundaréttindi, metin af virðingarmönnum á kr. 61.000.00.

Við skipti búsins komu fram tvær erfðaskrár, annars vegar sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá hjónanna, sem gerð var 5. janúar 1950, en hins vegar erfðaskrá, sem Anna Sigurbjörg gerði eftir lát Stefáns, þann 5. mars 1976. Ágreiningur um arftökurétt kom fram við búsmeðferð milli tveggja lögerfingja Önnur Sigurbjargar annars vegar og bréferfingja hennar hins vegar, er átti arfstilkall samkvæmt síðastenfndri erfðaskrá. Um þann ágreining var rekið sérstakt skiptaréttarmál, og var úrskurður réttarins um ágreininginn upp kveðinn þann 7. mars 1980. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, sem kvað upp dóm í málinu þann 22. febrúar 1983, þar sem málsúrslit urðu í meginatriðum þau, að erfðaskrá Önnu Sigurbjargar frá 5. mars 1976 yrði ekki lögð til grundvallar skiptum búsins, heldur fyrrnefnd sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá hjónanna. Þann tíma, sem rekstur máls þessa stóð yfir, lá skiptameðferð dánarbúsins niðri.

Með bréfi, dagsettu 5. maí 1983, boðaði skiptaráðandi erfingja til skiptafundar í dánarbúinu til umfjöllunar, meðal annars um skiptingu innbúsmuna. Í bréfi þessu segir nánar svo:

„Skiptaráðandi hefur ákveðið að framreikna matsverð innbús og bóka

með vísitölu vöru og þjónustu. Samkvæmt því breytist matsverð ertirtalinna verðmæta sem hér segir:

„Innbú í skrifstofu Stefáns Jónssonar" verður kr. 3.382.00 (var upphaflega metið á kr. 1.245.00).

„Annað innbú" verður kr. 47.958.00 (var upphaflega metið á kr. 12.430.00).

„Bækur í skrifstofu Stefáns Jónssonar" verður kr. 83.740.00 (var upphaflega metið á kr. 32.000.00.)

„Höfundarréttindi" verður kr. 159.630.00 (var upphaflega kr. 61.000. 00)."

Á skiptafundi af þessu tilefni þann 27. maí 1983 andmælti umboðsmaður lögerfingja Önnu Sigurbjargar því, að matsverð þessara verðmæta yrði framreiknað með greindum hætti, og krafðist þess, að kveðinn yrði upp úrskurður um ákvörðun þessa. Aðrir erfingjar í búinu létu ekki í ljós afstöðu sína til þessa málefnis. Greinargerð af hálfu lögerfingja Önnu Sigurbjargar um málsefni þetta var síðan lögð fram í þinghaldi 21. október sl.

III.

Lögerfingjar Önnu Sigurbjargar Aradóttur rökstyðja kröfur sínar í máli þessu með því, að lagastoð skorti til þess, að matsverð umræddra muna verði framreiknað. Sé slíks ekki getið í lögum nr. 30/1921, sbr. lög nr. 50/1972, en 11. gr. laga nr. 30/1921 heimili hins vegar beitingu dagsekta.

Er á það bent, að dráttur á greiðslu erfðafjárskatts í tilviki þessu eigi rætur að rekja til rekstrar ágreiningsmáls í héraði og fyrir Hæstarétti, en búið hafi þann tíma verið í opinberum skiptum. Í dómi Hæstaréttar hafi verið fallist á skoðun lögerfingja Önnu Sigurbjargar um, hvernig búskiptum skuli hagað, og geti dráttur á búskiptum því ekki talist þeim til sakar. Sé þannig ekki fært að beita þá dagsektum. Hafi skiptaráðandi enn fremur haft með höndum alla fjármuni búsins frá upphafi opinberra skipta og hafi þeir rýrnað talsvert, þar sem ekki hafi verið unnt að ávaxta þá með viðunandi hætti. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/1921, sbr. 6. gr. laga nr. 50/1972, sé kveðið svo á, að fari ekki fram opinbert uppboð á fjármunum dánarbús öðrum en fasteignum, skuli skiptaráðandi kveða til óvilhalla menn til þess að meta munina til peningaverðs. Fasteignir skuli hins vegar meta á fasteignamatsverði. Í dánarbúi þessu liggi fyrir mat, er fullnægi framangreindum fyrirmælum laga, og beri því við greiðslu erfðafjárskatts að leggja mat það til grundvallar, Sé skoðun þessi í samræmi við 15. gr. og 16. gr. laga nr. 3/1878, er gera ráð fyrir virðingargerð á eignum dánarbús.

Málskostnaðarkröfu sína rökstyðja lögerfingjar Önnu Sigurbjargar með því, að verði á það fallist, að framreikningi verði ekki beitt, hagnist dánar-

búið af þeim sökum, og vísa þeir til 40. og 41. gr., sbr. 32. gr. laga nr. 3/1878 þar um.

IV.

Að ábendingu umboðsmanns lögerfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur í þingahdli þann 21. október 1983 um, að ósamræmis virtist gæta í framreikningi skiptaráðanda í áður ívitnuðu bréfi frá 1. maí 1983, hefur komið fram, að reikningsskekkja hafi orðið við framreikning á matsverði á „innbúi í skrifstofu Stefáns Jónssonar," sem í bréfinu segir, að umreiknist til kr. 3.382.00. Framreikningur sá, sem í máli þessu um ræðir, er nánar tiltekið reiknaður sem breyting á vísitölu vöru og þjónustu, frá því er virðing lausafjárins fór fram, til dagsetningar bréfs skiptaráðanda, en á því tímabili mun vísitalan hafa tekið hækkunum um 261.69%. Með þeirri hækkun á framreiknað matsverð umræddra muna réttilega að vera kr. 4.503.00.

Við skiptameðferð dánarbúsins hafa komið fram yfirlýsingar af hálfu erfingja um, að þeir óski þess að fá að skipta sjálfir með sér innbúsmunum og öðrum þeim gæðum, sem í máli þessu er deilt um matsverð á. Við skiptagerð í búinu mun því að öðru óbreyttu verða að líta svo á, að hver erfingja taki hlut í gæðum þessum eftir erfðahlutfalli. Samkvæmt þessu og eins og kröfugerð lögerfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur er framsett í máli þessu, varðar úrlausn þess eingöngu matsverð umræddra gæða sem gjaldstofn til erfðafjárskatts. Þótt lög nr. 30/1921 ráðgeri slíkt ekki, þykir rétt með stoð í 1. ml. 35. gr. laga nr. 3/1878 að fella úrskurð á þessu stigi skiptameðferðar á framkomnar kröfur, enda ljóst, að við lok skipta dánarbúsins verði erfðafjárskattur hvers erfingja dreginn af útborgun hlutdeildar viðkomandi í peningaeign dánarbúsins.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/1921, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 50/1972, er svo fyrir mælt, að ef eignum bús öðrum en fasteignum er ekki komið í verð á opinberu uppboði skuli skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta þær til peningaverðs sem gjaldstofn til greiðslu erfðafjárskatts. Gjaldstofn erfðafjárskatts vegna fasteigna, er falla í arf, skal hins vegar vera fasteignamatsverð. Að ákvæði þessu slepptu er eigi í lögum að finna fyrirmæli um ákvörðun gjaldstofns til erfðafjárskatts.

Virðing annarra eigna en fasteigna til ákvörðunar gjaldstofns til erfðafjárskatts fer með stoð í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 30/1921 og venju samkvæmt fram með því markmiði, að eignir séu metnar til þess verðs, er þyki sennilegt söluverð þeirra á opinberu uppboði. Virðing á þeim gæðum, sem fjallað er um í máli þessu, fór fram á árunum 1978 og 1979, og má ljóst vera, að upphaflegt virðingarverð þeirra sé í engu samræmi við það verð, er nú fengist fyrir þau á opinberu uppboði. Í lögum nr. 30/1921 er þó ekki vikið að því beinum orðum, hvort erfðafjárskatt skuli greiða af and-

virði eigna dánarbús, eins og það er við andlát arfleifanda eða eins og það er við greiðslu skattsins. Við ákvörðun gjaldstofns erfðafjárskatts vegna fasteigna hefur málum hins vegar verið hagað svo, að frá gildistöku laga nr. 50/1972 hefur erfðafjárskattur án undantekninga verið greiddur með það fasteignamatsverð að gjaldstofni, sem gildandi er á greiðsludegi skattsins, en samkvæmt 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 er fasteignamatsverð framreiknað þann 1. desember ár hvert með sérstökum framreikningsstuðli. Séu verðbréf bundin verðtryggingu fyrir hendi í dánarbúi, hefur að sama skapi verið litið svo á, að gjaldstofn vegna þeirra til erfðafjárskatts sé uppfært andvirði þeirra með verðbótum til greiðsludags erfðafjárskattsins. Er og engum vafa háð, að verðbætur eða vextir, sem falla á peningaeign dánarbús fram til greiðsludags erfðafjárskatts, séu andlag skattlagningar. Af framangreindri framkvæmd þykir mega leiða þá meginreglu, að erfðafjárskattsstofn sé matsverð, hið ætlaða raunvirði, þeirra eigna, er til arfs koma á þeim tíma, sem erfðafjárskattur greiðist. Þykja ekki efni til að undanþiggja frá þeirri meginreglu einstakar tegundir eigna eins og þær, er fjallað er um í máli þessu. Samkvæmt þessu þykir því verða að leggja til grundvallar, að ekki sé unnt að telja upphaflegt matsverð margnefndra gæða gjaldstofn til erfðafjárskatts, heldur verði að nota sem gjaldstofn það verðmæti, er þau teljast hafa við greiðslu skattsins.

Í máli þessu varða andmæli lögerfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur gegn umræddum framreikningi eingöngu það, að lagastoð bresti til hækkunar erfðafjárskattstofns frá virðingarverði. Hafa þeir hins vegar ekki andmælt því sérstaklega, að beitt sé vísitölu vöru og þjónustu til framreiknings, og hafa heldur ekki krafist þess, að ný virðing fari fram á umræddum eignum fremur en að virðingarverð þeirra verði fram reiknað, enda liggur ekkert fyrir í máli þessu, er bendir til, að raungildi eignanna hafi rýrnað frá því, er virðing átti sér stað.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður það því niðurstaða máls þessa, að hafnað er kröfum lögerfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur um, að við skipti á dánarbúi hennar og Stefáns Jónssonar verði ekki framreiknað með fyrrgreindum hætti matsverð innbúsmuna, bókasafns og höfundaréttinda, er tilheyra búinu, til ákvörðunar á gjaldstofni til erfðafjárskatts. Verður krafa þeirra um málskostnað að óskiptu úr búinu vegna máls þessa ekki tekin til greina.

Í tilefni af ummælum í greinargerð lögerfingja Önnu Sigurbjargar Aradóttur um, að fjármunir dánarbúsins hafi rýrnað talsvert í höndum skiptaráðanda, meðan á skiptum hefur staðið, vegna verðbólgu, „þar sem ekki hefur tekist að ávaxta eignir búsins með viðunandi hætti," þykir rétt að fram komi, að jafnframt því að fé búsins hafi verið varðveitt við innlánsstofnanir, meðan á skiptum hefur staðið, með þeim hætti, sem hverju sinni

hefur gefið hæstu ávöxtun, hefur ekki af hálfu erfingja að búinu komið fram fyrr en í greinargerð í máli þessu það álit, að ávöxtun fjárins hafi ekki verið „með viðunandi hætti."

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með málefni dánarbúsins frá 14. október 1983.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum Petru J. Aradóttur, Ragnheiðar Aradóttur, Guðrúnar Aradóttur, Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur og Eyglóar Haraldsdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1983.

Nr. 203/1982. **Ágúst G. Breiðdal**
gegn
Kristni Sigurðssyni

Vextir. Málskostnaður. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. maí s. á. Málssókn áfrýjanda féll niður 1. október 1982, er málið skyldi þingfest. Skaut áfrýjandi málinu þá að nýju til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1982 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Var málið þingfest 1. nóvember 1982. Af hálfu stefnda var sótt þing í málinu við þingfestingu þess og við fyrirtekt 2. mars 1983, en við fyrirtektir 2. maí 1983 og 1. júní s. á. var eigi sótt þing af hálfu stefnda. Er málið var tekið fyrir á dómþingi 3. október 1983, var heldur eigi sótt þing af hálfu stefnda. Að kröfu umboðsmanns áfrýjanda var málið dómtekið í þinghaldi þann dag.

Fyrir Hæstarétti krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að dráttarvextir verði 4.75% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 367.52 krónum frá 18. ágúst 1980 til 15. október 1980, af 2.376.52 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 20. apríl 1982, með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur af hálfu stefnda hafa eigi borist Hæstarétti.

Mál þetta er dæmt samkvæmt 40. gr. laga nr. 75/1973.

Máli þessu er áfrýjað til breytinga á ákvæðum héraðsdóms um vexti og málskostnað. Ber að staðfesta dóminn um önnur atriði.

Stefnda ber að greiða áfrýjanda dráttarvexti, eins og segir í dómsorði.

Stefnda ber að greiða áfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Ágústi Breiðdal, 2.376.50 krónur með dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð sem hér segir: 4.75% af 376.50 krónum frá 18. ágúst til 15. október 1980 og af 2.376.50 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en síðan af sömu upphæð 4.5% frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 5% frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983 og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 3.000.00 krónur í málskostnað í héraði.

Staðfest er löghald það, sem gert var 11. ágúst 1981 í jörðinni Leysingjastöðum, Hvammshreppi, Dalasýslu, fyrir höfuðstól, vöxtum og málskostnaði, sem dæmd eru með dómi þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómsþings Dalasýslu 2. nóvember 1981.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. ágúst 1981. Munnlegur málflutningur fór fram 7. október sl., og var málið dómtekið að honum loknum. Stefnandi máls þessa er Ágúst Breiðdal, til heimilis að Sogavegi 118, Reykjavík. Stefndi er Kristinn Sigurðsson, bóndi að Leysingjastöðum, Hvammshreppi, Dalasýslu. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 18. ágúst 1980 af kr. 376.52 til 15. október sama ár eða af kr. 2.376.52 frá þeim degi til 1. júní sl., en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim mánuði til greiðsludags. Jafnframt hefur stefnandi krafist staðfestingar á löghaldi, sem fram fór 11. ágúst 1981 í fógetarétti Dalasýslu fyrir dæmdum kröfum og málskostnaði.

Stefndi gerði upphaflega þá aðalkröfu, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að umrædd löghaldsgerð yrði numin úr gildi. Til vara gerði stefndi þá kröfu, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða kr. 2.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt var þess krafist, að fyrrgreint löghald yrði fellt úr gildi umfram þá fjárhæð, sem í varakröfu greinir.

Til þrautavara gerði stefndi þá kröfu, að hann yrði einungis dæmdur til greiðslu skuldar að kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 376.52 frá 15. september 1980 til 15. október sama ár, en af kr. 2.376.52 frá þeim degi til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags. Þess var jafnframt krafist, að margnefnt löghald yrði fellt úr gildi umfram þá fjárhæð, sem í þrautavarakröfu þessari greinir.

Í öllum tilvikum hefur stefndi gert kröfur um bætur til handa stefnda vegna ólögmætrar löghaldsgerðar að mati dómsins svo og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara niðurfellingu kostnaðar. Við munnlegan málflutning gerði stefndi þær breytingar á kröfugerð sinni, að hann einskorðar nú kröfugerð sína við þrautavarakröfu. Samkvæmt henni býðst stefndi til þess að greiða kr. 376.52 og kr. 2.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að kyrrsetningin verði úr gildi felld umfram þá fjárhæð, sem hér um ræðir. Kröfur stefnda um bætur og málskostnað eru þær sömu og áður.

Málavextir eru þeir, að í sambandi við kaup stefnda á jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi í Dalasýslu samþykkti stefndi 5 víxla fyrir hluta af andvirði jarðarinnar. Víxlarnir voru með gjalddaga 15. október ár hvert,

í fyrsta sinn 15. október 1977, hver um sig að fjárhæð kr. 200.000. Stefndi greiddi fyrsta víxilinn 15. október 1977 á gjalddaga, en 3 næstu víxlarnir hafa orðið tilefni málssóknar þessarar.

Hinir umdeildu víxlar bera það með sér, að þeir eru allir út gefnir 9. apríl 1976 af stefnanda, en samþykktir af stefnda til greiðslu í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Búðardal, á gjalddögum 15. október 1978, 15. október 1979 og 15. október 1980, svo sem fyrr sagði. Víxlar þessir hafa hvorki verið ábaktir né afsagðir.

Ljóst er af málavöxtum, að fyrstu tveir víxlarnir voru ekki greiddir á tilgreindum gjalddaga þeirra. Þann 16. júlí 1980 ritaði umboðsmaður stefnanda bréf til stefnda svohljóðandi: „Undirrituðum hefur verið falið að innheimta hjá yður tvo víxla samtals að fjárhæð kr. 400.000. Víxlar þessir eru tilkomnir vegna kaupa yðar á jörðinni Leysingjastaðir og voru á gjalddögum 15. október 1978 og 15. október 1979. Skuld yðar samkvæmt ofangreindum víxlum sundurliðast:

Höfuðstóll	kr. 400.000
Dráttarvextir til dags dato	— 289.670
Innheimtulaun	— 103.000
Samtals	kr. 792.670

Hafi greiðsla ekki borist skrifstofu undirritaðs innan viku frá dagsetningu bréfs þessa, verður skuldin innheimt með málssókn án frekari fyrirvara, yður til stóraukins kostnaðar."

Ljóst er af málavöxtum, að stefndi fékk umrætt bréf í hendur. Hann greiddi síðan þann 11. ágúst 1980 inn á reikning lögmanns stefnanda kr. 270.000 og stuttu síðar, eða þann 18. ágúst 1980, kr. 522.670 til sama aðilja.

Ljóst er, að stefndi fékk ekki fullnaðarkvittun frá lögmanni stefnanda vegna fyrrgreindra greiðslna, enda taldi lögmaður stefnanda, að fyrrgreind skuld væri enn ekki að fullu greidd miðað við þann kostnað, sem á væri fallinn.

Stefnandi höfðaði mál í fógetarétti Dalasýslu með beiðni, dags. 11. ágúst sl. Krafðist hann þess, að löghald færi fram í eigum stefnda fyrir öllum þremur víxlunum (þ. e. einnig fyrir víxli, sem bar gjalddaga 15. október 1980) að fjárhæð samtals kr. 6.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en að frádregnum kr. 2.700.00, eins og fyrr er rakið.

Fógetaréttarmál þetta var tekið fyrir samdægurs, og var löghald gert í jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi, Dalasýslu. Stefnandi byggir kröfur sínar á umræddum þrem víxlum, hverjum að fjárhæð gkr. 200.000

með gjalddögum 15. október 1978, 15. október 1979 og 15. október 1980, en víxla þessa hafi stefndi samþykkt. Greiðslur 11. ágúst 1980 og 18. ágúst sama ár að fjárhæð samtals gkr. 792.670 hafi ekki verið fullnaðargreiðsla á þeim tveim víxlum ásamt kostnaði, sem þá voru í gjalddaga fallnir, og síðan hafi bæst við þriðji víxillinn.

Kröfur stefnda eru á því reistar, að einungis þrautavarakrafa hans sé í vanskilum. Málskostnaðarkröfu og málskostnaðarreikningi stefnanda er mótmælt sem allt of háum, og bent er á, að löghaldsgerðin hafi verið óþörf og tilefnislaus með öllu.

Við úrslit máls þessa ber að hafa í huga, að umræddir víxlar voru ekki afsagðir lögum samkvæmt. Ósannað er því, að sýning víxlanna hafi farið fram með þeim hætti, sem 38. gr. laga 93/1933 áskilur. Er því óljóst, hvenær víxlarnir með gjalddögum 15. október 1978 og 15. október 1979 lentu í vanskilum.

Með hliðsjón af þessu verður því að telja, að greiðslur þær, sem stefndi sendi á grundvelli kröfubréfs stefnanda 16. júlí 1980, hafi verið fyllilega nægjanlegar.

Að því er varðar víxil með gjalddaga 15. október 1980 verður að miða við, að hann hafi fyrst verið sýndur þann 11. ágúst 1981, er hann var lagður fram í fógetamáli gegn stefnda vegna beiðni stefnanda um löghald. Eftir þessum sjónarmiðum ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hann hefur fallist á að greiða í þrautavarakröfu, þ. e. til greiðslu kr. 2.376.52 með 4.75% dráttarvöxtum af kr. 2.000.00 frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að staðfesta löghaldsgerð, sem fram fór í eigum stefnda þann 1.. ágúst 1981 í jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi, Dalasýslu, fyrir framangreindum fjárhæðum. Löghaldsaðgerðir stefnanda voru hins vegar tilefnislausar miðað við þau málsatvik, sem að framan er lýst. Í heild er rétt, að málskostnaður milli aðilja, þar með talinn löghaldskostnaður, falli alveg niður. Kröfu stefnda til sérstakra bóta verður ekki sinnt, með því að hún hefur ekki verið sett fram í því formi, að hún fullnægi formkröfum réttarfars.

Í munnlegum málflutningi gerði umboðsmaður stefnanda kröfu til þess, að stefnda yrði með dómi gert að greiða sekt fyrir brot á ákvæðum 4. tl. 188. gr. einkamálalaga vegna staðhæfingar í greinargerð, svohljóðandi: „Neitaði lögmaðurinn greiðslu höfuðstóls, vaxta og eðlilegs innheimtukostnaðar við þingfestingu málsins."

Eigi hafa verið færðar sönnur fyrir því, að umrædd lagaheimild eigi við í máli þessu. Er því ekki unnt að verða við kröfu umboðsmanns stefnanda um réttarfarssektir.

Pétur Þorsteinsson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Sigurðsson, greiði stefnanda, Ágústi Breiðdal, kr. 2.376.50 með 4.75% dráttarvöxtum af kr. 2.000.00 frá 15. október 1980 til 15. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður. Staðfest er löghald, sem fram fór 11. ágúst 1981 í stefnda, jörðinni Leysingjastöðum í Hvammshreppi, Dalasýslu, til tryggingar tilæmdum fjárhæðum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Dalasýslu 11. ágúst 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 11. ágúst, er fógetaréttur Dalasýslu settur að sýsluskrifstofunni í Búðardal og haldinn með undirrituðum vottum af Pétri Þorsteinssyni sýslumanni.

Fyrir er tekið fógetamálið: Ágúst Breiðadal gegn Kristni Sigurðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 — 4 víxla, nr. 5 innheimtubréf og nr. 6 innborgunarkvittun.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 600.000 með 3% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af gkr. 200.000 frá 1. okt. 1978 til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. okt. 1979, en af gkr. 400.000 frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 15. okt. 1980, en af gkr. 600.000 frá þeim degi til greiðsludags, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostaði við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál (sic), allt á abyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádreginni innborgun 11. ágúst 1980, gkr. 270.000. Gerðarþoli er viðstaddur.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til löghalds. Mætti neitar að benda á nokkrar eignir og kveðst mótmæla réttmæti kröfunnar.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda er gert löghald í jörðinni Leysingjastöðum, og lýsir fógeti yfir löghaldi í eign gerðarþola, jörðinni Leysingajstöðum í Hraunhreppi Dalasýlsu.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m. a. fyrir honum, að ekki megi ráðstafa hinni kyrrsettu eign á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið staðfest. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 20. desember 1983.

Nr. 143/1981. **Bílafell h/f**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Jóni Haraldssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Þóknun fyrir arkitektastörf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1981. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á dæmdri fjárhæð og málskostnaði svo og að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um það, sem skráð hefur verið á hlutafélagaskrá um áfrýjanda, Bílafell h/f. Þá hefur enn fremur verið lögð fram gjaldskrá Arkitektafélags Íslands frá 13. desember 1974.

Í héraðsdómi eru rakin atvik að því, að stefndi hófst handa í janúar 1978 um vinnu sína við teikningar að byggingu, er áfrýjandi hugðist reisa. Enn fremur eru þar rakin gögn um samband og samskipti forráðamanna og hluthafa í Bílafelli h/f við stefnda svo og gögn um það, að stefndi lagði í fyrirspurnarformi teikningar fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöld Reykjavíkur sumarið 1978 og fékk svar við því erindi. Héraðsdómari reifar og gögn, er við nýtur um stjórnarfundi og hluthafafundi í Bílafelli h/f, og gerir grein fyrir því, hvenær stefndi sendi áfrýjanda reikning um þóknun fyrir verkið.

Í fundargerð frá stjórnarfundi í Bílafelli h/f hinn 2. október 1978 segir, að gagnrýnd hafi verið „ákvörðun hluthafafundar um þá ákvörðun að taka framkomnum teikningum, þar sem ekki hefðu

allir hluthafa verið viðstaddir.“ Fundargerð þess hluthafafundar, sem hér er vísað til, hefur ekki fundist að því er áfrýjandi telur. Í endurritum af fundargerðum hluthafafunda í félaginu 12. október og 28. október 1978 eru teikningarnar enn ræddar og gagnrýndar, og á síðari fundinum er samþykkt ályktun þess efnis, að stjórn félagsins sé óheimilt „að gera bindandi samninga við verkfræðinga eða aðra um teikningar, er samþykkja þarf í bygginganefnd borgarinnar.“ Á þessum fundi var ákveðið „að slá striki yfir allt, sem búið er að aðhafast í teiknimálum, og byrja frá grunni.“

Eigi eru bornar brigður á það af hálfu áfrýjanda, að rétt sé hermt í framangreindri fundargerð, ritaðri 2. október 1978, um ákvörðun hluthafafundar „að taka framkomnum teikningum...“ Áfrýjandi hefur að öðru leyti eigi lagt fram gögn, er veiti fræðslu um fund þennan. Þegar þetta er virt og það, sem segir í fundargerðum 12. og 28. október 1978, og svo það, sem leitt er í ljós um samskipti forráðamanna og hluthafa Bílafells h/f við stefnda, verður að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þeir hafi bakað félaginu greiðsluskyldu að því er varðar starf stefnda að teikningum þeim, er mál þetta snýst um.

Krafa stefnda er reist á gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Er því haldið fram raunar til vara af hálfu áfrýjanda, að stefndi hafi lagt of mikla vinnu í teikningar þessar og beri því að lækka fjárhæð þá, sem dæmd er í héraðsdómi.

Af hálfu áfrýjanda hafa þó eigi verið lögð fram nein gögn, sem marki grundvöll að endurmati á þessari þóknun af hendi dómstóla. Verður því, eins og málið horfir við, að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárhæð. Um vexti fer svo sem greinir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 28.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bílafell h/f, greiði stefnda, Jóni Haraldssyni, 62.389.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá

þeim degi til 26. s. m., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 31% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 28.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að verksamningur hafi ekki komist á með áfrýjanda og stefnda um hönnun húss fyrir áfrýjanda. Viðræður þær, sem fóru fram milli stefnda og þáverandi formanns áfrýjanda í ölteiti sunnudaginn 15. janúar 1978, voru vitaskuld enginn grundvöllur til þess, að stefndi hæfist þegar í stað handa um hönnum húss fyrir áfrýjanda, þó svo að hann teldi sig ráðinn til starfans, sbr. svar hans í aðiljayfirheyrslu: „Magnús var jú formaður félagsins og réði mig að ákveðnu verki." Samkvæmt framburði Bjarna Hólm Frímannssonar, framkvæmdastjóra Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, hófst stefndi handa næsta virkan dag eftir ölteiti það, sem að ofan greinir.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að stefndi hafi, eftir að hann hófst handa um verkið, gert neins konar verksamning við þá, sem með lögmætum hætti gátu skuldbundið hlutafélagið. Spurningalisti sá, sem sendur var hluthöfum, sem einnig voru væntanlegir notendur húsnæðis, var fylgiskjal bréfs, sem ritað var á bréfsefni Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, sem áfrýjandi hafði þá stuttu áður samið við um frumhönnun. Svör einstakra hluthafa hvers í sínu lagi við fyrirspurnum þessum skuldbinda hlutafélagið ekki fjárhagslega.

Hinn 14. janúar 1978 var samþykkt á stjórnarfundi áfrýjanda,

að samið skyldi við Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f um gerð frumskissa og kostnaðaráætlunar að ýmsum verkþáttum, og skyldu þessar áætlanir gerðar áfrýjanda að kostnaðarlausu. Á stjórnarfundi sama hinn 2. október 1978 kom fram gagnrýni á ákvörðun hluthafafundar um að „taka framkomnum teikningum," þar sem ekki hefðu allir hluthafar verið viðstaddir. Fundargerð hluthafafundar þess, sem vísað er til í fundargerð þessari, hefur ekki verið lögð fram, og engar upplýsingar eru í málinu um þann fund eða hvort hann hefur yfirleitt verið haldinn. Á hluthafafundi 28. október 1978 er samþykkt, að stjórn áfrýjanda skuli óheimilt að gera bindandi samninga við verkfræðinga eða aðra um teikningar, er samþykkja þarf í byggingarnefnd borgarinnar.

Ég tel það, sem fram hefur komið í málinu um afskipti hluthafa af hönnunarvinnu stefnda í framhaldi af orðræðum hans við þáverandi stjórnarformann áfrýjanda hinn 15. janúar 1978, ekki sanna neitt um verksamning milli málsaðilja, heldur aðeins gefa vísbendingu um afstöðu hluthafa til þess, hvort teikningar þær, sem fyrir þá voru lagðar, fullnægðu þörfum þeirra, en af gögnum málsins má ráða, að hluthafar töldu stefnda vinna á vegum verkfræðistofu þeirrar, sem samið hafði verið við. Ég tel ekkert í ljós leitt að þessu leyti um samskipti stjórnar áfrýjanda og stefnda, en hún ein gat skuldbundið hlutafélagið auk lögmæts hluthafafundar.

Samkvæmt framansögðu tel ég stefnda ekki eiga rétt á launagreiðslum úr hendi áfrýjanda, sem byggðar verði á samningi milli þeirra eða samningsígildi.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi lagði fram allmikið starf við undirbúning að hönnun húss þess að Réttarhálsi 2 í Reykjavík, sem fjallað er um í málinu. Hús hefur ekki verið reist samkvæmt teikningum þeim, sem stefndi gerði, en hins vegar sést af gögnum málsins, að teikningar, sem stefndi gerði, voru sendar með fyrirspurn til byggingarnefndar Reykjavíkur og einnig notaðar sem grundvöllur að gerð frumáætlunar um kostnað byggingarframkvæmda. Ég tel, að nokkur hluti af vinnu stefnda hafi nýst áfrýjanda að þessu leyti. Tel ég stefnda því eiga að fá umbun fyrir þann hluta vinnu sinnar, sem þannig nýttist áfrýjanda. Fjárhæð greiðslu fyrir þennan þátt verksins verður að ákveða að álitum, og þykir mér hún með hliðsjón af verðlagi á þeim tíma, umfangi og hags-

munum hæfilega ákveðin 20.000.00 krónur. Ég tel, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð með vöxtum af henni, eins og segir í dómsorði meiri hluta dómenda.

Þá tel ég, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Jón Haraldsson arkitekt, Mýrargötu 2, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum gegn Bílafelli h/f, Reykjavík, til greiðslu þóknunar fyrir arkitektastörf auk vaxta og málskostnar.

Þann 15. janúar 1978 hittust þeir að máli stefnandi og Magnús Eymundsson, þáverandi stjórnarformaður stefnda. Magnús skýrði stefnanda þá frá því, að stefndi hefði þá daginn áður gert samkomulag við Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f vegna fyrirhugaðrar stórbyggingar stefnda um, að verkfræðistofan gerði frumskissur og kostnaðaráætlun að ýmsum verkþáttum, stefnda að kostnaðarlausu, ef ekki yrði af frekara samstarfi varðandi bygginguna. Þeir stefnandi og Magnús fóru saman á skrifstofu stefnda, og skoðaði stefnandi þar gögn viðvíkjandi fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum stefnda. Næsta dag tilkynnti stefnandi fyrirsvarsmanni Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, að hann hefði tekið að sér arkitektastörf við bygginguna. Stefnandi hóf síðan störf í samvinnu við verkfræðistofuna og í samráði við Magnús Eymundsson. Hann byrjaði á að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá opinberum aðiljum. M. a. útbjó hann spurningaskemu, sem voru send hluthöfum í Bílafelli h/f af stefnanda og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f sameiginlega þann 6. febrúar 1978. Hluthafarnir útfylltu þessa spurningalista samviskusamlega og skiluðu þeim inn aftur. Fram kom, að stefndi vildi fullnýta byggingarrétt sinn á lóðinni að Réttarhálsi 2, þar sem nefndar byggingar skyldu rísa, og stefnandi gerði tillöguteikningar að skipulagi lóðar og nýtingu hennar svo og teikningar af byggingum. Þann 19. júní 1978 komu hluthafar stefnda á teiknistofu stefnanda og kynntu sér þar teikningar og gögn. Á fundi þessum komu fram athugasemdir og gagnrýni, sem leiddu til breytinga á tillögum stefnanda. Í júnímánuði 1978 gerði stefnandi byggingarnefndarteikningar, og þann 15. júní 1978 gerði Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar frumáætlun um byggingarkostnað, byggða á frumuppdráttum stefnanda. Þann 27. júlí voru teikningarnar lagðar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur með fyrirspurn um, hvort skipulags- og byggingaryfirvöld hefðu eitthvað við þær að athuga, en skv. bréfi byggingarfulltrúa, dags. 29. ágúst, taldi hvorug nefndin, skipulagsnefnd eða bygginganefnd, sig hafa nokkuð við erindið

að athuga. Að þessu búnu hófst stefnandi handa um að teikna hluta af verkefninu upp í stærri mælikvarða.

Þann 2. október var haldinn stjórnarfundur í Bílafelli h/f. Í fundargerð segir svo: „Ritari gagnrýndi ákvörðun hluthafafundar um þá ákvörðun að taka framkomnum teikningum, þar sem ekki hefðu allir hluthafar verið viðstaddir." Fundargerðin er undirrituð af fundarritara, Helga Veturliðasyni. Þann 3. október 1978 gerði verkfræðistofan í samráði við stefnanda áætlun um kostnað við hönnun fyrsta áfanga byggingar II til útboðs, miðað við verðlag í september 1978, fyrir stefnda. Skv. áætluninni er kostnaður við arkitektaþjónustu talinn kr. 7.867.893 (gkr.). Þann 24. janúar 1980 sendi stefnandi stefnda reikning að fjárhæð 11.442.762 kr. (gkr.), dags. 18. janúar 1980. Af þessu tilefni urðu nokkur erindaskipti milli aðilja, og kom skýrt fram af hálfu stefnda, að félagið taldi sig ekki greiðsluskylt við stefnanda.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðallega kr. 125.065.37 með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 26. júní 1980 til greiðsludags, en til vara kr. 114.427.62 með 31% ársvöxtum frá 1. febrúar 1980 til 31. maí 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 25. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til þrautavara kr. 62.388.93 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 25. júní 1980 og loks dómvöxtum frá 26. júní 1980 til greiðsludags. Jafnframt er í öllum tilvikum krafist málskostnðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þrautavarakrafan er miðuð við verðlag í september 1978, en varakrafa og aðalkrafa eru framreiknaðar miðað við byggingarvísitölu, varakrafan við byggingarvísitölu 398 stig, sem gilti í mars 1980, en aðalkrafa virðist vera miðuð við málshöfðunartíma.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að í upphafi hafi komist á samningur milli aðiljanna um verk það, sem stefnandi vann, eða að eftirfarandi framkvæmd hafi a. m. k. leitt til samningssambands. Skv. samkomulagi aðilja hafi stefnda borið að greiða stefnanda skv. gjaldskrá Arkitektafélags Íslands fyrir þjónustu hans. Því er haldið fram, að framreikningur dómkrafna byggist á gjaldskrá Arkitektafélagsins, sem ekki hefur verið lögð fram í málinu.

Af stefnda hálfu er því í fyrsta lagi haldið fram, að aldrei hafi verið samið um þjónustu stefnanda, samningssamband hafi aldrei komist á milli aðiljanna; hafi Magnús Eymundsson gert einhverja samninga f. h. stefnda, þá hafi hann verið umboðslaus; stefnandi hafi skv. þessu engan rétt átt

til greiðslu úr hendi stefnda. Við munnlegan málflutning var útreikningi aðalkröfu og varakröfu sérstaklega mótmælt og því haldið fram, að þær væru ekki í samræmi við réttan skilning á gjaldskrá Arkitektafélagsins. Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að mótmæli þessi væru of seint fram komin.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dóminum svo og Magnús Eymundsson, sem var stjórnarformaður stefnda á verktímanum. Af öðrum hluthöfum hafa þeir gefið skýrslur Bragi Stefánsson bifvélavirki, Helgi Stefán Veturliðason málarameistari og Rafn Wich Bjarnason málarameistari. Loks hafa þeir borið vitni fyrir dóminum Þorgrímur Eiríksson verkfræðingur og Bjarni Hólm Frímannsson tæknifræðingur, framkvæmdastjóri Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f. Af þessum skýrslum virðist mega ráða eftirfarandi:

Stefnandi og Magnús Eymundsson hittust í upphafi af tilviljun í veitingasalnum á Hótel Borg um kl. 1400 sunnudaginn 15. janúar 1978, en þeir voru áður kunnugir. Þeir fóru síðan á skrifstofu stefnda, og var haft áfengi um hönd á báðum stöðunum. Stefnandi heldur því fram, að samkomulag hafi orðið um, að hann tæki að sér verkið á þessum fundi, en Magnús synjar fyrir, að svo hafi verið, og telur sig ekki hafa haft umboð til að binda félaga sína. Ljóst er, að Magnús hefur sagt stefnanda frá samningnum við verkfræðistofuna. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi gert Magnúsi ljóst, að hann ynni ekki á sömu kjörum.

Bjarni Frímannsson segir, að verkfræðistofan hafi tekið að sér að kanna nýtingarmöguleika lóðar og gera frumdrög að kostnaðaráætlun ásamt nægilegum uppdráttagerðum vegna þeirrar áætlunar. Þegar þessu verki væri lokið, hafi verið ætlunin, að séð yrði til, hvort af samningum yrði, og ef ekki, að þá mundi þessi þjónusta verða veitt endurgjaldslaust. Bjarni telur, að þáttur í þessu tilboði hafi verið á sviði arkitektúrs, þ. e. nánar tiltekið að marka frumdrætti bygginga, stilla upp valkostum og kanna nýtingu lóðar. Þorgrímur segir, að þeir hafi tekið að sér að gera forathuganir miðað við, að þeir mundu vinna verkið, ef úr yrði. Hann telur, að engin arkitektaþjónusta hafi verið innifalin í tilboðinu, en segir, að lýsing á samkomulagi aðiljanna í fundargerð stefnda frá 14. janúar 1978 sé nokkurn veginn rétt, það er að þeir gerðu frumskissur að húsi og kostnaðaráætlun að ýmsum verkþáttum, Bílafelli að kostnaðarlausu. Hann áréttaði, að þar sem hann talaði um, að þetta væri nokkurn veginn rétt, ætti hann við, að ónákvæmt væri að tala um, að þeir hafi tekið að sér að gera frumskissur af húsi, þar sem slíkt geri arkitektar venjulega, en sjaldgæft sé, að verkfræðingar vinni slík störf. Hann segir, að þeir hafi fyrst og fremst tekið að sér að gera kostnaðaráætlun, en að til þeirrar áætlunargerðar hafi frum-

skissur verið nauðsynlegar. Hann segir, að í reynd hafi þeir hjálpað stefnanda við að gera frumskissurnar.

Fram kemur, að hluthafarnir telja sig hafa staðið í þeirri meiningu, að stefnandi ynni á vegum verkfræðiskrifstofunnar. Þorgrímur segist hafa litið svo á, að stefnandi ynni á vegum stefnda, en Bjarni segir, að stefnandi hafi skýrt sér frá því í upphafi, að hann hefði hitt Magnús, sem hefði lýst áhuga á, að hann mundi geta leyst störf arkitekta við byggingarframkvæmdir stefnda. Bjarni segist hafa skýrt fyrir stefnanda, hvernig verkfræðistofan liti á málið og hvaða samninga þeir hefðu gert. Hann segist telja, að hann hafi líka sagt honum, að Bílafellsmenn teldu sig óbundna af þeim störfum, sem hann væri að vinna. Hann segir, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann tæki ekki að sér verk á þennan hátt. Aðspurður kvað hann þetta eflaust hafa komið fljótt upp, og hann segist telja sig hafa útskýrt það fyrir Bílafellsmönnum, að stefnandi hefði þessi sjónramið. Nánar aðspurður kvaðst hann telja sig hafa kynnt Magnúsi Eymundssyni þessi sjónarmið, en orðið áskynja um, að Bílafellsmenn töldu sig ekki hafa ráðið stefnanda sem stjálfstæðan arkitekt, heldur að þeir litu svo á, að hann ynni í samstarfi við verkfræðistofuna á sömu kjörum. Bjarni segir, að stefnandi hafi skýrt Magnúsi frá þessari afstöðu sinni í síma að sér áheyrandi. Hann segir, að á meðan á verkinu stóð, hafi fyrst og fremst verið rætt um það, hvernig stefnandi væri ráðinn, en ekki sérstaklega um greiðslur. Hann telur, að stefnandi hafi ekki farið að gera kröfur um uppgjör fyrr en upp úr því, að gerð var áætlun um þóknunarkostnað.

Ekki kemur fram, að hið stefnda hlutafélag hafi sérstaka viðvarandi atvinnustarfsemi með höndum, heldur virðist helst mega ráða af gögnum, að að því standi nokkrir sjálfstæðir atvinnurekendur á sviði bifreiðaþjónustuiðnaðar, sem hafi hugsað sér að nota fyrirhugaðar byggingar til að hýsa marvíslega starsemi, sem þeir hafa með höndum, og væntanlega að koma á einhvers konar samvinnu og verkaskiptingu. Hluthafarnir, sem hafa komið fyrir dóminn, aðrir en Magnús, virðist telja sig nánast engin samskipti hafa haft við stefnanda önnur en að útfylla spurningalista, sem þeir töldu stafa frá verkfræðistofunni, og að mæta á teiknistofu stefnanda einu sinni til að skoða verk hans, en Magnús kannast við að hafa oft átt viðræður við stefnanda, meðan á verkinu stóð. Stefnandi heldur því fram, að Magnús hafi sagt sér á einu stigi, að náðst hefði samkomulag hluthafa um að taka teikningum hans. Magnús var spurður, hvort hann hefði tilkynnt stefnanda, að upphaflega samþykktar teikningar uppfylltu þarfir stefnda. Hann sagðist ekki muna það. Aðspurður sagði hann, að vel mætti vera, að hann hefði hringt og sagt, að teikningarnar væru í lagi, en nánar aðspurður sagðist hann ekki minnast þess, að hann hefði sagt, að þær væru

samþykktar. Stefnandi heldur því fram, að teikningar hafi verið sendar byggingarnefnd í samráði við Magnús, og hann fær stuðning í skýrslu Bjarna Frímannssonar fyrir þeirri staðhæfingu. Magnús Eymundsson var spurður, hvort hann hefði óskað eftir, að teikningar yrðu lagðar fyrir byggingarnefnd. Hann sagðist ekki muna það. Aðspurður sagði hann, að stefnandi hefði alltaf verið að senda teikningar og að stefndi hafi greitt fyrir þær jafnóðum, þ. e. ljósritunarkostnað og þess háttar. Þá sagði hann stefnanda alltaf hafa verið að tala um, að hann vantaði peninga. Hann kveðst jafnan hafa svarað því til, að ekkert væri hægt að gera, fyrr en búið væri að samþykkja, að hann ynni verkið.

Þá virðist það vera skoðun hluthafanna, að fundur sá, þar sem samþykkt var að taka teikningum stefnanda, hafi ekki uppfyllt skilyrði samþykkta félagsins um hluthafafundi.

Stefnandi hefur lagt fram útdrátt úr dagbrók teiknistofu sinnar, þar sem segir m. a., að Rafn Bjarnar hafi spurt um stefnanda 6. apríl og aftur 7. apríl og tilkynnt komu sína. Þá segir, að hann hafi komið 13. apríl á skrifstofuna og spurt um stefnanda. Hér fyrir dómi sagðist Rafn ekki hafa hringt og ekki komið á skrifstofu stefnanda, aðeins útfyllt spurningalista, sem hafi verið sendur verkfræðistofunni. Þegar honum var tilkynntur dagbókarúrdrátturinn, kannaðist hann við að hafa farið og spurt eftir stefnanda, sem ekki hafi verið við, en neitaði að hafa nokkurn tíma hringt.

Þegar virtar eru framangreindar staðhæfingar og gögn, þykir verða að leggja til grundvallar, að samningaumræður um, að stefnandi tæki að sér arkitektastörf fyrir stefnda, hafi hafist sunnudaginn 15. janúar 1978 og að þær umræður hafi leitt til þess, að stefnandi vann þau störf fyrir stefnda, sem lýst hefur verið, í samráði við forráðamenn stefnda. Telja verður, að stefnda hafi ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi tekið að sér að vinna verk þetta án greiðslu, og þykir því verða að fallast á, að hann eigi rétt á þóknun úr hendi stefnda. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hann eigi rétt á verðtryggingu kröfu sinnar, og verður því niðurstaða dómsins byggð á þrautavarakröfu hans. Skv. þessu þykir stefndi eiga að greiða stefnanda kr. 62.389.00 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppkvaðningar, en hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 11.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bílafell h/f, greiði stefnanda, Jóni Haraldssyni, kr. 62. 389.00 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppkvaðningardags, en hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. desember 1983.

Nr. 189/1981. **Friðrik Þórðarson**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Jón Sigursteinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Álitsgerðar dómkvaddra manna um það, hvort meðferð stefnda á bifreiðinni A 6586, slík sem vitnið Reynir Örn Leósson lýsir í vætti sínu, gæti hafa orsakað skemmdir á vél bifreiðarinnar, og ef svo er, þá hverjar.

2. Annarra þeirra gagna, er framangreind gagnaöflun gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Aðiljum er veittur kostur á að afla framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 21. desember 1983.

Nr. 36/1982. **Sigurður Þorvaldsson og Hagtrygging h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Guðmundi Jónassyni h/f
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar yfirlýsingar nokkurra vátryggingarfélaga um, að þau hafi um árabil fallist á að miða afnotamissi hópferðabifreiða við ¼ hluta svonefnds daggjalds slíkra bifreiða, eins og það er hverju sinni. Sé þetta jafnaðargjald, sem notað sé allt árið án tillits til þess, hvort verkefni séu fyrir bifreiðina á þeim tíma, sem viðgerð fer fram.

Meðan fram fór viðgerð á bifreið stefnda, þeirri er skemmdist við áreksturinn, þurfti hann að vísu hvorki að taka á leigu bifreið frá öðrum aðilja né taka eigin bifreið úr öðrum akstri, til þess að hann gæti haldið áfram ferðum á þeirri leið, sem hin skemmda bifreið ók. Þetta var honum þó því aðeins unnt vegna þess, að hann átti tiltækar í atvinnurekstri sínum aðrar bifreiðar til að grípa til, eftir því sem aðstæður leyfðu, meðan viðgerðir fóru fram á bifreiðum, sem skemmdust. Þegar þetta er virt og litið til þeirra óþæginda, sem ætla má, að af því hafi leitt fyrir stefnda, að bifreiðin, er hann tók í notkun, var þá til viðgerðar, þykir rétt að dæma honum nokkrar fébætur vegna afnotamissis bifreiðar sinnar. Verður þá miðað við, að viðgerð hafi tekið 20 daga. Þykir eftir atvikum mega

láta sitja við ákvörðun héraðsdómara á bótafjárhæð. Verður héraðsdómurinn því staðfestur að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 5. febrúar 1981 og eiga að vera þeir, er í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð eiga að vera 35% ársvextir frá 5. febrúar 1981 til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 16. júní 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur, Sigurður Þorvaldsson og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Guðmundi Jónassyni h/f, 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Guðmundur Jónasson h/f, Borgartúni 34 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. júní sl., á hendur Sigurði Þorvaldssyni, Stórageröi 9, og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, báðum hér í borg, til óskiptrar greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 9.770.00 með 35% ársvöxtum frá 16. desember 1980 til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júní s. á. og með dómvöxtum, hæstu innlánsvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. desember 1980 varð árekstur milli bifreiðanna R 5700, eign stefnda Sigurðar, og R 924, eign stefnanda, á Reykjanesbraut. Var bifreið stefnanda á leið suður á Keflavíkurflugvöll með flugfarþega, þegar áreksturinn varð. Varð áreksturinn með þeim hætti, að R

5700 var ekið utan í R 924, um leið og þeirri bifreið var ekið fram úr. Ábyrgðartryggjandi R 5700, stefndi Hagtrygging h/f, gekkst við fullri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af árekstrinum. Var kostnaður við viðgerð bifreiðar stefnanda greiddur hinn 5. febrúar sl. Ágreiningur varð hins vegar um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar R 924, sem er 58 farþega langferðabifreið. Viðgerð bifreiðarinnar fór fram á verkstæði stefnanda. Krefst stefnandi afnotamissis bifreiðarinnar í 20 daga, kr. 488.50 á dag, eða samtals kr. 9.770.00.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi Hagtrygging h/f, hafi gengist við fullri bótaábyrgð á tjóni stefnanda. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna afnotamissis bifreiðarinnar, á meðan unnið var að viðgerð á henni. Kostnaður við viðgerðina hafi ekki sætt andmælum og hafi verið greiddur. Sú venja hafi myndast í skiptum vátryggingarfélaga við tjónþola við uppgjör á tjónum á bifreiðum að greiða fyrir afnotamissi bifreiðar svokallaðar „taxtabætur," þ. e. ákveðna fjárhæð á dag fyrir þann tíma, sem eigandi verður af notum bifreiðar, á meðan viðgerð fer fram. Sé ekki krafist sönnunar tjóns í hverju tilviki. Ákvörðun bóta fyrir afnotamissi með þessum hætti eigi sér einnig stoð í dómvenju. Um bifreiðina R 924 sé það að segja, að hún sé með stærstu farþegaflutningabifreiðum og mjög fullkomin. Hafi hún verið í samfelldri notkun við flutning flugfarþega til og frá Keflavíkurflugvelli á vegum Flugleiða h/f. Hafi stefnandi með höndum umfangsmikinn rekstur langferðabifreiða og hafi í því sambandi skyldum að gegna. Það sé því mikið og tilfinnanlegt tjón, þegar slík bifreið hverfi úr notkun. Breyti það ekki neinu um tjón stefnanda, þótt hann hafi átt aðra bifreið, sem hann hafi getað tekið í notkun í stað R 924. Ljóst hafi verið af reikningi þeim, sem stefnandi sendi stefnda Hagtryggingu h/f, að stefnandi reiknaði með afnotamissi í 20 daga og kr. 488.00 á dag, en það sé ¼ hluti svokallaðs daggjalds fyrir svona bifreiðar. Mótmæli stefndu gegn þessum dagafjölda, sem fyrst hafi komið fram við munnlegan flutning málsins, komi því fram of seint. Þá er því haldið fram, að ekki eigi að koma til álita að lækka bætur til handa stefnanda, þótt hann hafi látið gera við bifreiðina á eigin verkstæði og hafi fengið greitt fyrir það.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að ekki hafi verið lögð fram nein gögn, sem leiði líkur að því, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni en stefndi Hagtrygging h/f hefur þegar bætt. Bætur fyrir afnotamissi séu byggðar á því, að eigandi bifreiðar verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess, að hann getur ekki notað hana vegna skemmda, sem á henni hafa orðið við tjónsatburð. Þótt vátryggingarfélög hafi tekið upp þann hátt að greiða svokallaðar „taxtabætur", mismunandi háar fyrir einkabifreiðar og hina ýmsu flokka bifreiða, sem notaðar eru í atvinnurekstri, þá sé það einungis gert að uppfylltum skilyrðum um líkur fyrir tjóni vegna afnotamissis. Í máli

þessu liggi fyrir, að stefnandi reki stóran flota bifreiða. Þótt ljóst sé, að bifreiðin R 924 hafi verið óökufær um nokkurt skeið, þá hafi það verið á þeim tíma árs, er minnst var að gera. Verði að telja, að stefnandi hafi getað notað aðra bifreið úr bifreiðaflota sínum til flutninga þeirra, sem R 924 var notuð til, án nokkurs umframkostnaðar. Einnig er því haldið fram, að við mat á tjóni stefnanda beri að líta til þess, að meginskemmdir á bifreiðinni hafi verið á lestarlúgu og hefði átt að vera hægt að taka hana af og gera við hana, en hafa full not af bifreiðinni þrátt fyrir það. Þá er því einnig haldið fram, að taka beri tillit til þess, að Hagtrygging h/f hafi greitt reikning stefnanda fyrir viðgerð á bifreiðinni og hafi reikningurinn verið með fullri álagningu, þótt viðgerðin færi fram á verkstæði stefnanda. Verði krafa stefnanda tekin til greina, beri að lækka hana um hagnað þann, sem stefnandi hefur haft af því að fá reikninginn greiddan með álagningunni.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram sérstaklega, að krafist væri afnotamissis fyrir of marga daga, þar sem viðgerðin hafi ekki átt að þurfa að taka svo langan tíma.

Það kemur fram á reikningi þeim, sem stefnandi gerði fyrir kostnaði við viðgerð á bifreiðinni, að hún hefur verið fólgin í því, að smíðuð var lestarlúga, önnur var rétt, skipt var um klæðningu, hliðin við afturhjól hafi verið rétt og síðan hafi þessir hlutar bifreiðarinnar verið undirbúnir undir málningu. Kemur fram, að þessi viðgerð hafi tekið 76 klst. Þá kemur einnig fram, að eftir að þessari vinnu var lokið, hafi þessir hlutar bifreiðarinnar verið málaðir í tveimur litum með rönd á milli, en einnig hafi lestarlúgurnar verið málaðar að innan.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Gunnar Guðmundsson, kveður bifreiðina R 924 hafa verið notaða til að flytja flugfarþega til og frá Keflavíkurflugvelli. Eftir áreksturinn hafi ekki verið hægt að nota bifreiðina til þessara flutninga vegna skemmda þeirra, sem á henni urðu. Hann kveður stefnanda eiga um 20 bifreiðar af mismunandi stærðum og sé þetta ein sú stærsta þeirra. Bifreiðarnar séu svona margar vegna þess, að stefnandi hafi samninga um að annast ýmsa flutninga, sem að vísu fari nokkuð eftir árstíma, og hann þurfi einnig að tryggja sig gegn óhöppum. Það geti alltaf komið fyrir, að bifreið bili, og þurfi þá að vera hægt að taka aðra í notkun. Í stað R 924 hafi þurft að taka aðra bifreið af sambærilegri stærð, en hún hafi verið á verkstæði. Viðgerð þeirrar bifreiðar hafi verið hraðað, en henni hafi þó ekki verið lokið að fullu. Gunnar kveður nokkurn aukakostnað alltaf fylgja atburðum eins og þessum, en ekki sé gott að reikna hann út nákvæmlega. Hafi sú regla myndast í uppgjörum tjóna við tryggingarfélög, er bifreiðar stefnanda hafi skemmst, þar á meðal í uppgjörum tjóna við Hagtryggingu h/f, að í bætur fyrir afnotamissi bifreiða stefnanda af svipaðri stærð og

R 924 sé greiddur ¼ hluti daggjalds samkvæmt gjaldskrá Póst- og símamálastjórnarinnar. Sé þar miðað við 200 km akstur og 9 klst. vinnu bifreiðarstjóra.

Gegn mótmælum stefnanda er ekki unnt að byggja á þeim mótmælum stefndu, er fram komu við munnlegan flutning málsins, að krafist sé afnotamissis í of marga daga. Ekki þykir heldur grundvöllur til að taka tillit til þess, þótt stefnandi hafi fengið reikning sinn fyrir viðgerðarkostnað greiddan að fullu.

Það verður að telja fram komið, að sú dómvenja hafi myndast, að dæmdar séu bætur fyrir afnotamissi bifreiða, án þess að fyrir liggi full sönnun um fjárhagslegt tjón. Með hliðsjón af því, grunnreglum skaðabótaréttar og atvikum málsins verður stefndu gert að greiða stefnanda bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar R 924, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 7.000.00. Þá verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda vexti af fjárhæðinni, eins og krafist er, þar með dómvexti, sem nú eru 39% ársvextir, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 3.200.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Þorvaldsson og Hagtrygging h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Jónassyni h/f, óskipt kr. 7.000.00 ásamt 35% ársvöxtum frá 16. desember 1980 til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júní s. á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. desember 1983.

Nr. 152/1983. **Gríma Guðmundsdóttir**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Danielle Somers Jónsson og
Ólafi Rafni Jónssyni
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Aðför. Útburðargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1983. Hún krefst þess, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu gerð með því að bera stefndu út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri. Þá er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndu gera þá aðalkröfu, „að birting dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 150/1980 verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda." Til vara gera þau þá kröfu, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda."

Krafa stefndu fyrir fógetadómi var sú, að synjað væri um útburð. Var það meðal annars stutt þeim rökum, að birting dóms Hæstaréttar 25. mars sl. í máli aðilja hefði verið ófullnægjandi. Þessa málsástæðu má hafa uppi fyrir Hæstarétti til stuðnings kröfu um staðfestingu hins áfrýjaða úrskurðar, þótt málinu hafi ekki verið gagnáfrýjað.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að birting hæstaréttardómsins frá 25. mars sl. hafi verið fullnægjandi, enda viðurkennt af hálfu stefndu, að þau fengu afrit dómsins í hendur á þeim stað og tíma, sem segir í vottorði stefnuvotta.

Í dóminum 25. mars er stefndu dæmt skylt að flytjast á tilteknum tíma úr íbúð sinni að Þingvallastræti 22 á Akureyri að viðlagðri aðför að lögum. Er því ljóst, að hér er um aðfarardóm að ræða.

Í 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 segir: „Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.“ Í máli því, sem hér er til úrlausnar, hafa stefndu verið dæmd til að víkja af fasteign. Útburði verður við komið. Dómhafinn, áfrýjandi í þessu fógetamáli, á ekki rétt á innsetningu, en það er ekki skilyrði útburðarins eftir orðum 12. gr. aðfararlaga eða eðli máls. Halda stefndu gerðarþolar umráðum íbúðarhúsnæðisins, þótt þeim sé óheimilt að búa þar sjálfum. Hugsanlegar aðgerðir þeirra eftir útburð og viðbrögð áfrýjanda við þeim varða ekki þann ágreining, sem hér er til úrlausnar.

Þegar framanskráð er virt, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburð eftir kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 20.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma útburð eftir kröfu áfrýjanda.

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, greiði áfrýjanda, Grímu Guðmundsdóttur, 20.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst, hvernig staðið var að birtingu dóms Hæstaréttar í málinu nr. 15/1980 laugardaginn 9. apríl 1983. Samkvæmt þeirri lýsingu birti stefnuvotturinn Jón Benediktsson

ekki dóminn fyrir dómþolum. Birting dómsins fór því ekki fram með lögformlegum hætti, sbr. 89. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu tel ég ekki vera fullnægt því skilyrði 7. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, að fullnægingarfrestur dóms Hæstaréttar sé liðinn, og því eigi útburðargerðin ekki að ná fram að ganga. Ég tel því, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að þessu leyti, en málskostnaður ætti að falla niður.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 15. ágúst 1983.

Ár 1983, mánudaginn 15. ágúst, er í fógetarétti Akureyrar, sem háður er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Sigurði Eiríkssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Gerðarbeiðandi er Gríma Guðmundsdóttir til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Gerðarþolar eru Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Málið er nr. 291/1983.

Lögmaður gerðarbeiðanda er Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður.

Lögmaður gerðarþola er Gissur Kristjánsson héraðsdómslögmaður.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. ágúst 1983.

Fjárnámskrafa í gerðarbeiðni er óumdeild.

Kröfur.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær kröfur, að dómsorði dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 150/1980 verði fullnægt, þannig að gerðarþolar, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, verði borin út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau hafa ekki hlýtt dómsorðinu né nokkur merki sjáist þess, að þau séu á förum. Jafnframt hefur gerðarbeiðandi krafist alls kostnaðar við útburðinn, þ. á m. sérstaks málskostnaðar við þetta úrskurðarmál og verði þá höfð hliðsjón af málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 10.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu gerð (útburð) og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþolum ríflegan málskostnað fyrir fógetaréttinum, og hafa gerðarþolar lagt fram málskostnaðarreikning.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. mars 1983 var í Hæstarétti Íslands í málinu nr. 150/1980 kveðinn upp svohljóðandi dómur

„Dómsorð:

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, er skylt að flytjast innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú ...“

Laugardaginn 9. apríl 1983 fóru tveir stefnuvottar Akureyrar, þeir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson, að Þingvallastræti 22, og í framhaldi af því voru af þeirra hálfu rituð svofelld birtingarvottorð á dóminn: „Ár 1983, laugardaginn 09.04. kl. 17.50 birtum við stefnuvottar Akureyrar framanritaðan hæstaréttardóm fyrir Danielle Somers Jónsson sjálfri á heimili hennar Þingvallastræti 22 og afhentum henni þar endurrit af dóminum.

Ár 1983, laugardaginn 09.04. kl. 17.50 birtum við stefnuvottar Akureyrar framanritaðan hæstaréttardóm fyrir Ólafi Rafni Jónsson sjálfum á heimili hans Þingvallastæri 22 og afhentum honum þar endurrit af dóminum.

Þetta vottast samkv. stefnuvottaheiti okkar og staðfestist með eiginhandar nöfnum.

D.U.S.
Jón Benediktsson.
Gísli Ólafsson.

Gjald:

Birting	kr. 190
Bílk.	— 232
Sending	— 50
	Alls kr. 472

Greitt.
JB. GÓ.“

Af hálfu gerðarþola hefur því verið haldið fram, að þrátt fyrir birtingarvottorð þetta þá hafi dómurinn ekki verið réttilega birtur af þeim sökum, að stefnuvotturinn Gísli Ólafsson hafi einn framkvæmt birtinguna og að aðrir en hann hafi ekki birt dóminn, en samkvæmt 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 28/1981, sé sú ein birting lögmæt, sem tveir stefnuvottar framkvæmi. Af þessum sökum telja gerðarþolar, að aðfararfrestur sá, sem greindur er í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar hafi ekki byrjað að líða hinn 9. apríl 1983, sbr. 3. mgr. 194.

gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og beri þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Gerðarþolar hafa haldið því fram, að samkvæmt 92. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði beri stefnuvottum að votta um það: a) Hvar stefnan var birt. b) Hverjum stefna hafi verið birt. c) Hvenær stefna hafi verið birt. d) Ef birting er að hyggju stefnuvotta áfátt að einhverju, en stefndi lýsi því fyrir þeim, að hann láti þá birtingu nægja, þá geta þeir þess í vottorði sínu, og er skýrsla þeirra þar um jafngild sem önnur atriði, sem liggja í verkahring þeirra. Stefnuvottar geta vottað um hinar tilteknu staðreyndir, sem þeim er falið að gefa skýrslu um, en ekki almennt, að stefna sé löglega birt, þ. e. verk dómara að skera úr því. Í fyrrgreindri 92. gr. laga nr. 85/1936 i. f. segir: „Vottorðum stefnuvotta um framangreint atriði verður ekki hnekkt, nema full sönnun komi á móti þeim.“ Gerðarþolar halda því fram, að þegar dómur sá var birtur, sem hér er lagður til grundvallar fyrir gerðarbeiðninni, hafi verið viðstaddir blaðamenn frá Morgunblaðinu og fleiri blöðum og skrifi þeir frétt í blöð sín um birtinguna þann 12. apríl 1983. Á dskj. nr. 4 sé mynd af því, er Gísli Ólafsson stefnuvottur birtir gerðarþolum dóm Hæstaréttar. Á myndinni sé aðeins einn stefnuvottur, Gísli Ólafsson, og í fréttinni með myndinni komi ekki fram, að aðrir en Gísli Ólafsson hafi birt. Á dskj. nr. 5 sé svipuð mynd og undir þeirri mynd sé frétt, sem segi „sl. laugardag færði Gísli Ólafsson“ o. s. frv. Í fréttatexta á dskj. nr. 6 komi fram: „Þá um daginn, kl. 6 að kvöldi, birti Gísli Ólafsson, fyrrum yfirlögregluþjónn á Akureyri, þeim dóm hæstaréttar“ o. s. frv. Af þessum frásögnum og myndum verði ekki dregin önnur ályktun en Gísli Ólafsson, stefnuvottur á Akureyri, hafi einn mætt til þess að birta gerðarþolum greindan hæstaréttardóm. Auk blaðamanna hafi verið staddur í greint sinn á heimili gerðarþola Baldur Halldórsson og hafi hann horft á, er Gísli Ólafsson birti einn greindan dóm og afhenti gerðarþolum bréfsarkir, sem síðar kom í ljós, að á voru rituð dómsorð greinds hæstaréttardóms. Samkvæmt þessu telja gerðarþolar, að fyrir liggi lögfull sönnun fyrir því, að greint dómsorð hafi aðeins verið birt af einum stefnuvotti fyrir gerðarþolum og þar með vanti lögmæt skilyrði til aðfarar, þar sem dómurinn var aldrei nægilega birtur, en samkæmt 7. gr. aðfararlaga nr. 19 frá 1887 verði aðfararfrestur að vera liðinn, áður en aðför má gera eftir dómi, en aðfararfrestur byrji ekki að líða fyrr en við löglega birtingu dóms. Samkvæmt þessu beri þegar í stað að synja um framgang umbeðinnar gerðar, enda verði ekki krafist aðfarar á grundvelli þeirra skjala, er fyrir liggja í máli þessu og lögð hafa verið fram af hálfu gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli Ólafur Rafn Jónsson kom fyrir dóminn hinn 13. ágúst 1983 og skýrði þá svo frá, að Gísli Ólafsson stefnuvottur hafi fyrrgreindan dag birt þeim hjónum, gerðarþolum í máli þessu, hæstaréttardóm þann, sem

er til grundvallar í máli þessu. Jafnframt hefur Ólafur Rafn lýst því, að í greint sinn hafi bifreið Gísla Ólafssonar stefnuvotts staðið fyrir utan hús gerðarþola, en gerðarþoli hefur tekið fram, að hann hafi engan mann séð inni í bílnum, og hann segist ekki hafa orðið var við, að annar stefnuvottur en Gísli Ólafsson hafi birt dóminn. Þá hefur Ólafur Rafn lýst því, að frá þeim stað, þar sem hann stóð, þegar dómurinn hafi verið birtur, hafi vel mátt sjá inn í bílinn, en þar hafi enginn maður verið.

Baldur Halldórsson, fæddur 15. janúar 1924, til heimilis að Hlíðarenda, Akureyri, hefur sem vitni fyrir réttinum lýst því, að hann hafi verið staddur á heimili gerðarþola fyrrgreindan dag og hann hafi séð Gísla Ólafsson stefnuvott afhenda Ólafi Rafni pappíra. Þá kveðst þetta vitni hafa séð, þegar Gísli Ólafsson gekk að bifreið sinni, sem er að gerðinni Volvo, bláleitur, en bifreiðin hafi staðið við gangstéttarbrún við innkeyrsluna að húsinu, en bíllinn hafi snúið framenda til vesturs. Ekki gat vitnið fullyrt um það, hvort einhver annar en Gísli var inni í bílnum, en vitnið kveðst ekki hafa veitt því neina sérstaka athygli. Þá veitti vitnið því ekki athygli, hvort rúða í hægri framhurð bifreiðarinnar var skrúfuð niður eða ekki.

Vitnið Gunnar Berg Gunnarsson, fæddur 1. desember 1936, til heimilis að Skarðshlíð 2 G, Akureyri, kveðst hafa verið statt við heimili gerðarþola fyrrgreindan dag, þegar dómur Hæstaréttar var birtur, en það kveðst þá hafa verið fréttaritari Morgunblaðsins á Akureyri og hefði fengið veður af því, að birting dómsins ætti að fara fram þennan dag. Vitnið kveður bifreið Gísla Ólafssonar stefnuvotts hafa komið þarna að húsinu, Gísli hafi komið út úr bílnum, en vitnið tók ekki eftir því, hvort fleiri voru í bílnum. Þá kveðst vitnið hafa ætlað að taka myndir af birtingu dómsins og þess vegna hafi það beint athygli sinni að því, þegar Gísli Ólafsson gekk upp í miðjar tröppur að íbúð gerðarþola og afhenti þeim einhver skjöl, sem vitnið reiknaði með, að hefði verið dómur Hæstaréttar.

Vitnið sagði, að þegar Gísli Ólafsson hefði lokið við að afhenda skjölin, hefði hann stigið að nýju upp í bifreið sína og ekið brott, en þá kveðst vitnið heldur ekki hafa tekið eftir því, hvort einhver annar en Gísli var í bílnum, enda kveðst vitnið ekki hafa veitt því sérstaka athygli.

Stefnuvottarnir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson komu fyrir dóminn sem vitni og gáfu svofellda yfirlýsingu: „Að gefnu tilefni varðandi birtingu dóms Hæstaréttar að Þingvallastræti 22 laugardaginn 9. apríl s. l. viljum við undirritaðar taka þetta fram:

Um kl. 17.50 nefndan dag ókum við undirritaðir stefnuvottar Akureyrarkaupstaðar í bifreiðinni A-1060 að Þingvallastræti 22 og stöðvuðum við vesturenda hússins beint fram af tröppum að íbúð þeirra Danielle Somers og Ólafs Rafns Jónssonar.

Fór ég undirritaður Gísli Ólafsson upp í tröppurnar og afhenti þeim hjón-

um birtingarskjölin þar, en undirritaður Jón Benediktsson fylgdist með úr hægra framsæti bifreiðarinnar, en hún sneri til vesturs.

Að öðru leyti vísum við til birtingarvottorðs okkar.

Akureyri, 11. ágúst 1983.

Gísli Ólafsson.

Jón Benediktsson."

Þessa yfirlýsingu hafa þeir báðir staðfest fyrir réttinum. Vitnið Jón Benediktsson kveðst aðspurt hafa séð ljósmyndara og fólkið í tröppunum, þegar það tók við dómsbirtingunni. Vitnið neitaði að svara því, hvort það hefði heyrt orðaskipti á milli Gísla Ólafssonar og dómþolanna. Vitnið kveðst hafa setið í hægra framsæti bifreiðarinnar og hafi það haft meðferðis minnismiða og skrifað niður, hverjir tóku við birtingunni, á hvaða tíma og eftir því hafi birtingarvottorðið verið ritað, en vitnið kveðst hafa undirritað það eigin hendi. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa talað við dómþolana og ekki þekkja þá í sjón. Vitnið gat aðspurt ekki svarað því, hvort rúðan í hægri framhurð bifreiðarinnar hafi verið skrúfuð niður í greint sinn, þar sem svo langt væri um liðið, en vitnið gerði ráð fyrir, að svo hafi verið, og tók fram, að þetta atriði hafi ekki haft áhrif á það, sem það sá. Vitnið kvaðst aðspurt hafa góða sjón og lesi og skrifa án gleraugna. Þá kvað vitnið heyrn sína bilaða á vinstra eyra, en fullkomna á hægra eyra, og ekki kvaðst vitnið nota heyrnartæki. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í munnlegum málflutningi haldið því fram, að vottorð stefnuvottanna beri það með sér, að dómurinn hafi verið löglega birtur bæði að formi og efni, enda sé óumdeilt, að dómurinn hafi komist til skila til beggja gerðarþola. Þá hafi það ekki verið hrakið með vætti vitna eða á annan hátt, að stefnuvotturinn Jón Benediktsson hafi fylgst með dómsbirtingunni úr hægra framsæti bifreiðarinnar, og vottorð stefnuvottanna hafi því ekki verið hrakið, sbr. 92. gr. i. f. laga nr. 85/1936.

Lögmaður gerðarþola hefur í munnlegum málflutningi sagt, að óumdeilt sé, að dómur Hæstaréttar hafi komist til skila til gerðarþola greindan dag, en þar sem vitni hafa aðeins séð einn stefnuvott, þá sé birtingin ólögmæt samkvæmt 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936. Þá hélt lögmaðurinn því fram, að atbeini Jóns Benediktssonar stefnuvotts hefði valdið ógildi birtingarinnar vegna þess, að hann hafi lýst því fyrir dómi, að hann vildi ekki setja staðsetningu bifreiðarinnar inn á uppdrátt, hann hafi lýst því, að hann þekkti gerðarþola ekki í sjón og hefði ekki talað við þá, hann hafi ekki getað sagt til um það, hvort gluggi bifreiðarinnar var opinn eða lokaður, og hann sé heyrnarsljór á vinstra eyra.

Niðurstaða.

Varðandi þennan þátt málsins er óumdeilt, að dómur Hæstaréttar komst til skila til gerðarþola hinn 9. apríl 1983. Þá verður lagt til grundvallar, að þegar birting dómsins fór fram, hafi það atvikast þannig, að þeir stefnuvottar Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson hafi í greint sinn ekið í bifreiðinni A 1060 að vesturenda hússins Þingvallastrætis 22 og þar hafi bifreiðin verið stöðvuð þannig, að vel sá upp í tröppurnar að íbúð gerðarþola. Stefnuvotturinn Gísli Ólafsson hafi farið út úr bifreiðinni og gengið upp í fyrrgreindar tröppur með endurrit af dómi Hæstaréttar og afhent báðum gerðarþolum þar þetta endurrit, enda er þetta viðurkennt af gerðarþola Ólafi Rafni Jónssyni.

Hvorki vætti vitnanna Baldurs Halldórssonar og Gunnars Berg Gunnarssonar né skýrsla gerðarþola Ólafs Rafns né önnur gögn, svo sem ljósmyndir og blaðafréttir, hrekja það, að stefnuvotturinn Jón Benediktsson hafi fylgst með birtingunni úr hægra framsæti bifreiðarinnar, en líta verður svo á, að sá atbeini, sem Jón Benediktsson stefnuvottur léði til birtingarinnar, hafi verið fullnægjandi, enda ekki tíðkað að lesa stefnur eða dóma upp við birtingu, heldur er látið við það sitja að afhenda afrit eða endurrit. Með hliðsjón af þessu og 2. mgr. 92. gr. i. f. laga nr. 85/1936 verður talið, að vottorði stefnuvottanna varðandi birtinguna 9. apríl sl. hafi ekki verið hnekkt, og er því fyrir hendi í máli þessu lögmætur grundvöllur til aðfarar, enda voru þrír mánuðir liðnir frá birtingunni, þegar gerðarbeiðni kom fram hinn 11. júlí 1983.

12. gr. aðfararlaga.

Lögmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að þegar útburður fer fram, beri að beita 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, en hún er svohljóðandi: „Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetningu dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.“ Lögmaðurinn heldur því fram, að þegar útburður fer fram, þá sé það algert skilyrði samkvæmt tilvitnuðu ákvæði, að dómhafi geti tekið við umráðum eigna þeirra, sem dómþolum sé gert að víkja af. Í þessu máli hafi dómur Hæstaréttar ekki svipt gerðarþola neinum umráðum eignarinnar og ekki fengið þau í hendur neinum öðrum en þeim sjálfum. Af þessari ástæðu geti hvorki dómhafi né fógeti tekið umráðin af gerðarþolum og því sé óheimilt að beita útburði. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að orðalagið „á annan hátt því líkan“ í hinni tilvitnuðu 12. gr. aðfararlaga merki, að útburði megi beita. Þá varpaði lögmaðurinn fram þeirri spurningu, hvernig hægt væri að fullnægja dóminum nema með útburði. Lögmaðurinn taldi, að það væri ekki skilyrði, að dóm-

hafi fengi umráð eignarinnar. Þá lýsti lögmaðurinn þeirri skoðun sinni, að dómar væru til að framfylgja þeim.

Niðurstaða.

Þegar útburður, eins og hér er krafist, fer fram, ber að beita hinni tilvitnuðu reglu í 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Við það verður að miða, að það sé skilyrði fyrir útburði samkvæmt greininni, að dómhafi fái þau umráð eignarinnar, sem gerðarþolar eru sviptir. Dómhafi, Gríma Guðmundsdóttir, á engan rétt til að taka við umráðum húseignar gerðarþola að útburði loknum. Útburður samkvæmt þessu tilvitnaða lagaákvæði getur því ekki farið fram, og verður dómi að þessu leyti ekki fullnægt eftir efni sínu.

Rétt er, eins og mál þetta er í pottinn búið, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Birting dómsins hinn 9. apríl 1983 var lögmæt.

Aðför, sem miðar að því, að gerðarþolar, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, verði borin út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri, nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. desember 1983.

Nr. 233/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1983, sem barst Hæstarétti 22. s. m. Hann krefst þess

aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Samkvæmt því, sem skráð er í þingbók sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, var hinn kærði úrskurður ekki birtur varnaraðilja fyrr en kl. 1710 hinn 21. þ. m. Var þá liðinn sá tími, sem gæsluvarðhaldsvist hans var markaður með úrskurðinum 6. nóvember sl. Hefði verið eðlilegast, eins og á stóð, að varnaraðili hefði verið færður á dómþing til að hlýða á uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, er samkvæmt skráningu í þingbók virðist hafa farið fram kl. 1205, eða áður en gæsluvarðhaldstími samkvæmt hinum fyrri úrskurði rann út.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. des., var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kl. 0600 að morgni laugardagsins 5. nóv. sl. handtóku lögreglumenn á bifreiðastæði verslunarinnar Suðurvers við Stigahlíð hér í borg Árna Árnason, fæddan 2. október 1953, skipverja á m/s Lagarfossi, og tvo nafngreinda félaga hans af sama skipi.

Eftir yfirheyrslu í framhaldi af þessu fylgdi Árni Árnason lögreglumönnum um borð í m/s Lagarfoss í Straumsvíkurhöfn og vísaði á meint fíkniefni, falin í lest skips.

Vigtun samkvæmt reyndist þarna um að ræða:

1) 5143.4 gr af ætluðum hassefnum.
2) 242.5 gr af ætluðu amfetamíni.
3) 17.0 gr af ætluðu kókaíni.

Árni Árnason var úrskurðaður í gæsluvarðhald 6. nóv. sl., en látinn laus þann 29. nóv. sl. Hann var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. nóv., en hjá lögreglu 5., 7., 18., 21., 29. nóv. og 9. des. sl.

Nefndur Árni hélt frá fyrstu yfirheyrslu fast við að hafa flutt ofangreind efni hingað til lands á vegum Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóv. 1957, og tekið við þessum efnum nokkrum dögum fyrr í bifreið í Rotterdam að viðstöddum fyrrgreindum Kristjáni, en auk þess Sigurði Hauki Engilbertssyni, fæddum 9. júlí 1958.

Nefndur Árni Árnason lýsti ítarlega meintum aðdraganda þessara flutninga, sammælum og stefnumótum við Kristján Aðalsteinsson hérlendis og síðar í Rotterdam.

Þá nafngreindi nefndur Árni tvo aðilja, sem orðið hefðu vitni að samfundum hans við Kristján Aðalsteinsson og Sigurð Hauk Engilbertsson, en áðurnefnd ætluð afhending fíkniefna orðið í beinu framhaldi þar af.

Nýnefndir aðiljar tveir staðfestu efnislega, að fundum allra ofangreindra aðilja hefði borið saman í Rotterdam þann 26. okt. sl. Kristján Aðalsteinsson fyrrnefndur var handtekinn þann 5. nóv. sl. og úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag allt til kl. 1320 í dag að telja.

Nefndur Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. nóv. sl. og öðru sinni í gærkveldi.

Kristján var yfirheyrður hjá lögreglu 5. og 6. nóv. sl., en þess utan 31. okt. sl. við komu flugleiðis hingað til lands frá Amsterdam. Í gæsluvarðhaldi var margnefndur Kristján yfirheyrður eða honum sinnt 8., 15., og 18. nóv. sl. Auk þess 2. og 15. des. sl.

Kristján kvaðst hafa haldið til Rotterdam þann 25. okt. sl. og dvalið þar í borg næstu 3 sólarhringa, en þá haldið einn síns liðs til Amsterdam og þaðan komið flugleiðis hingað til lands 31. okt. sl. sem fyrr er að vikið.

Kristján Aðalsteinsson kannaðist við að hafa í Rotterdam fyrir tilviljun hitt áðurnefndan Sigurð Hauk Engilbertsson, enda sá þar líklega dvalið á sama hóteli og Kristján.

Hafi þeir tveir síðar einnig fyrir tilviljun hitt Árna Árnason ofangreindan og í fylgd þess síðastnefnda þá verið tveir Íslendingar.

Kristján Aðalsteinsson hefur staðfastlega neitað, að nefnd utanför hans hafi með nokkrum hætti tengst fíkniefnamisferli. Hann hefur einnig neitað að hafa í margnefndri för séð fíkniefni í fórum nokkurs ofangreindra manna.

Áðurnefndur Sigurður Haukur Engilbertsson var handtekinn 29. nóv. sl. og sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann enn sætir, en markaður var hámarkstími til kl. 1615 föstudaginn 13. jan. nk.

Sigurður Haukur var yfirheyrður hjá lögreglu 30. nóv. sl., en auk þess 13. des. sl. Hann kvaðst hafa haldið flugleiðis til Luxemburg 26. okt. sl.,

en komið aftur hingað til lands þann 4. nóv. sl. Nefndur Sigurður Haukur kvaðst hafa dvalið í Rotterdam dagana 26. — 28. okt., en neitaði að hafa þar hitt Kristján Aðalsteinsson eða aðra aðilja áðurnefnda.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 og Kristján Aðalsteinsson í því sambandi borinn verulegum sökum. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað nefndan Kristján fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi. Magn meintra fíkniefna og mjög verulegt söluverðmæti þykir benda til, að margir aðiljar bendlist máli þessu.

Rök þykja fyrir athugasemdum réttargæslumanns, að rannsókn hafi miðað hægar en skyldi og þar með prófunum vissra rannsóknarþátta ytra..

Lögregluyfirvöld hafa að hluta rakið þessar tafir til óróa á hollenskum vinnumarkaði, en lýst ráðagerðum að senda bráðlega rannsóknarlögreglumann héðan að knýja á um úrlausn nefndra þátta.

Þykir brýnt, að svo verði gert hið fyrsta, en óvarlegt að fullyrða, að til skamms tíma hafi verið á valdi hérlendra lögregluyfirvalda að ráða við áðurnefndar meintar óvenjulegar aðstæður ytra.

Fram undan verður að telja vandasamar samprófanir grunaðra, en ekki fullyrt, að enn séu tímabærar.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að verða við framkominni kröfu lögregluyfirvalda og gera Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta enn gæsluvarðhaldi, nánar frá kl. 1320 miðvikudaginn 21. desember 1983 og allt til jafnlengdar sunnudagsins 15. janúar 1984.

Úrskurðarorð:

Framlengt er gæsluvarðhald Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóv. 1957, til heimilis að Njalsgötu 22, Reykjavík, frá kl. 1320 miðvikudaginn 21. desember 1983 og allt að jafnlengd sunnudaginn 15. janúar 1984.

Þriðjudaginn 27. desember 1983.

Nr. 234/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Gunnari Lunddal Friðrikssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1983, sem barst Hæstarétti 22. s. m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. des., var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Síðastliðna nótt var handtekinn hér í borg Hörður Gunnar Ingólfsson, og fannst í fórum hans verulegt magn af hassi. Hörður bar við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík að hafa síðastliðna tvo daga keypt alls 160 til 170 grömm af hassi af Gunnari Lunddal Friðrikssyni.

Gunnar Lunddal Friðriksson var handtekinn í morgun og yfirheyrður í framhaldi þar af og neitaði þá öllu fíkniefnamisferli. Gerð var húsleit á heimili Gunnars eftir úrskurði, uppkveðnum hér við embætti í morgun, og fundust við þá húsleit 211.1 gr af hassi. Þá fundust hassreykingarpípur og

fjármunir. Þá fundust efni og áhöld, er benda til misferlis með önnur fíkniefni en hass.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi viðurkenndi Gunnar Lunddal að hafa um mánaðamót ágúst/sept. sl. keypt í Amsterdam um 340 grömm af hassi. Kvaðst mætti (sic) Gunnar hafa geymt efnið á heimili sínu, síðan hann kom úr framangreindri ferð, eða í um 3½ mánuð, og loks í gærdag hafa selt Herði Gunnari Ingólfssyni 100 grömm af efninu og hafa notað sjálfur 20 — 30 grömm. Gunnar neitaði frekari sölu eða afhendingum á hassefnum.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Gunnars Lunddal Friðrikssonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974. Getur meint sök Gunnars, ef sönnuð þætti, varðað hann fengelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar málsins.

Rannsókn málsins er á frumstigi og á eftir að yfirheyra hugsanleg vitni og/eða samseka. Gunnar Lunddal hefur margsinnis komið við sögu við rannsókn fíkniefnamála, og er m. a. vegna þess mjög ósennilegt, að hann hafi geymt fíkniefni á heimili sínu á fjórða mánuð án þess að reyna sölu þeirra. Munir og áhöld, er fundust á heimili hans við húsleit, benda og til frekari fíkniefnamisferlis.

Með vísan til alls framanritaðs svo og með vísan til gagna málsins og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir Gunnari Lunddal Friðrikssyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt að 21 degi frá því kl. 1315 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Gunnar Lunddal Friðriksson, fæddur 6. apríl 1958, til heimilis að Breiðagerði 13 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 21 degi frá því kl. 1315 miðvikudaginn 21. desember 1983 að telja.

